1.

Frumvarp

til

laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1878 og 1879.

(Lagt fyrir alþingi 1883.)

		Fjárveiting.	Reikningur.
	I. Tekjur.	kr. a.	kr. a.
1.	Tekjur af ljenssýslum	10,640.	7,660.
2.	Lögþingisskrifaralaun	128. 06	80. 92
3.	Tekjur af umboðssýslu-gjöldum	3,660.	2,056. 39
4.	Konungstíundir	15,292.	14,175.
5.	Lögmannstollur	1,908.	1,229. 47
6.	Nafnbótaskattur	400.	92.
7.	Erfðafjárskattur	4,242.	5,479. 56
8.	Gjöld af fasteignarsölum	1,188.	1,598. 23
9.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	1,200.	2,583. 50
10.	Spítalagjald	12,000.	16,800. 80
11.	Gjöld af verzlun á Íslandi	71,668.	101,354. 67
12.	Aðflutningsgjald	196,000.	252,386. 25
13.	Tekjur af póstferðunum	19,000.	18,574. 14
14.	Óvissar tekjur	1,200.	6,336. 27
15.	Tekjur af fasteignum landsjóðsins	64,326.	78,785. 99
16.	Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn	45,415. 20	49,022. 43
	Borgað uppí lán, veiting: 15,281 kr. 60 a.; reikningur: 17,924 kr. 03 a.		
17.	Tekjur af hinum íslenzka styrktarsjóði, veiting 3,532 kr. reikningur 4,495 kr. 35 a.		
18.	Borguð lán og skyndilán	1,562.	1,131. 70
19.	Aukatekjur eptir lögum 14. des. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta sbr. fjárlögin, 18. gr.	•	21,592. 21
20.	Vitagjald eptir lögum 14. apríl 1878, sbr. fjárlögin 18. gr.	•	6,250. 95
21.	Skattur af ábúð og afnotum jarða og á lausafje eptir lögum 14. des. 1877, sbr. fjárl. 18. gr.	•	45,684. 04
22.	Húsaskattur eptir lögum 14. des. 1877, sbr. fjárl. 18. gr.	•	1,940. 95
23.	Tekjuskattur eptir lögum 14. des. 1877, sbr. fjárl. 18. gr.	•	11,632. 02
24.	Tillag úr ríkissjóði	188,332.	184,958.
	Samtals...	638,161. 26	831,405. 49

II. Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800.	26,800.
2. Til kostnaðar við alþingi 1879	32,000.	36,817. 47
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina:		
A. Umboðstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	48,200.	49,716. 27
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	44,112.	130,160. 72
C. Ýmisleg útgjöld	102.344. 66	103.061. 32
4. Til útgjalda við læknaskipunina	80.148.	72,226. 23
5. Við póststjórnina	28,989.	32,406. 24
6. Til kirkju- og kennslumálefna:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	32,264.	33,901. 49
B. Kennslumálefni	106,576.	102,773. 89
C. Ýmisleg útgjöld	31,000.	31,600.
7. Eptirlaun og styrktarfje	47,500.	49,269. 89
8. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	10,000.	11,472. 50
9. Til útgjalda, sem uppá kunna að koma	8,000.	7,509. 06
10. Til að reisa skólahus á Möðruvöllum, sbr. lög 7. nóv. 1879	•	27,564. 50
11. Afgangur	40,227. 60	116,125. 91
Samtals...	638,161. 26	831,405. 49

Innstæðufje viðlagasjóðsins var 31. desbr. 1879 ..... 677,693 kr. 32 a.

Útistandandi eptirstöðvar af tekjum landssjóðs ..... 27,003 — 72 -

Ógoldin útgjöld ..... 674 — 69 -

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1878 og 1879, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1881, samþykkti þingið með slíkum breytingum, að það náði ekki staðfestingu, sjá stjórnarráðsbrjef 7. nóvember 1881, sem er prentað í stjórnartíðindum fyrir 1881 B, 147. síðu. Einsog þar er sagt, var ástæðan til þess, að neitað var um

allrahæstu staðfesting á lagafrumvarpinu, sú, að þingið hafði fellt úr reikningsfrumvarpinu bæði 500 króna útgjald, sem var styrkur, er stórnarráðið hafði veitt umsjónarmanni Feilberg árið 1878 af fje því, er veitist eptir 15. gr. fjárlaganna, til þess að ferðast til Noregs og kynna sjer landbúnað þar, og 100 króna upphæð, er af fje því, sem veitt er í 16. gr. fjárlaganna, var útborguð háskólakennara K. Gíslasyni sem þóknun fyrir að halda próf það í íslenzku máli, er fyrir skipað er með allrahæsta úrskurði 27. mai 1857.

Um ferðastyrk þann, er veittur var Feilberg umsjónarmanni, er svo ástatt, sem nú segir. Um vorið 1876 lofaði stjórnarráðið eptir uppástungu hins konunglega danska landbúnaðarfjelags að borga helming kostnaðar af ferð þeirri til Íslands, er fjelagið, eptir að hafa talað sig saman við stjórnarráðið, hafði fengið Feilberg til að takast á hendur um sumarið 1876 í þeim tilgangi að rannsaka landbúnað Íslands. Kostnaðurinn var áætlaður að nema mundi 2,000 kr. og hafði landbúnaðarfjelagið tekið að sjer hinn helming hans. En er Feilberg hafði lokið ferðinni, skýrði hann svo frá, að hann hefði eigi neytt meiru en 1,000 kr. til ferðakostnaðar, svo að tillag landsjóðsins varð aðeins 500 kr. en eigi 1,000 kr., svo sem áætlað var. Feilberg hafði um sumarið 1876 aðeins náð að ferðast um suðurhluta Íslands, og þareð það var álitið æskilegt, að rannsókn hans næði einnig til norðurlandsins, kom landbúnaðarfjelagið og stjórnarráðið sjer saman um, að fá hann til að takast nýja ferð á hendur til Íslands um sumarið 1877. Til þessarar ferðar galt landbúnaðarfjelagið honum 2,000 kr, og skyldi helmingur þess fjár endurgoldinn fjelaginu af fje því, er stjórnarráðið hefur til umráða. En er Feilberg hafði lokið ferðinni, vildi hann ekki einu sinni halda fje því, er hann í raun og veru hafði varið til ferðarinnar, þareð hann, eptir því sem hann sagði, mundi hafa getað ferðast um allt Ísland á einu ári og án meiri kostnaðar en 2,000 kr., og vildi því eigi þyggja meir en þessar 2,000 kr. fyrir báðar ferðirnar; en hann bauðst til, ef æskilegt þætti, að takast á hendur fyrir þær 1,000 kr., er honum hefðu verið ætlaðar, að rannsaka búnaðarástandið í norðurhluta Noregs og kynna sjer fyrirkomulag allt við hinn verklega skóla á Stend í nánd við Björgvin, er hann hugði, að sjer sem ráðanaut landbúnaðarfjelagsins í þeim málum, er varða landbúnað Íslands, mundi gefast kostur á að verja þeirri þekking, er hann áynni sjer með þeirri ferð, í Íslands þarfir. Bæði landbúnaðarfjelagið og stjórnarráð Íslands fjellust á uppástungu þessa, og Feilberg fór því ferð þessa um Noreg sumarið 1878, og fjekk í ferðastyrk hinar umtöluðu 1,000 kr., og var helmingur þess fjár, 500 kr., sem er sú upphæð, er alþingi 1881 felldi úr reikningnum, í október 1878 endurgoldinn landbúnaðarfjelaginu af fje því, sem stjórnarráðinu var veitt til umráða í fjárlögunum fyrir 1878 og 1879, 15. gr., án þess að upphæðin færi fram úr fjárveiting fjárlaganna. Af því, er nú hefur sagt verið, sjest, að stjórnarráðið hefur veitt styrk þenna í þeim tilgangi, að það væri í þágu hins íslenzka landbúnaðar, og þareð enginn efi getur á því leikið, að stjórnarráðið hefur haft heimild í fjárlögunum til að greiða gjald þetta, væntir það þess, að alþingi vilji ekki lengur halda fram þeirri skoðun, er það hafði á málinu 1881, og með því koma til leiðar, að frekari bið verði á, að landsreikningnum fyrir 1878 og 1879 verði lokið svo, sem til er ætlast í stjórnarskránni.

Þareð heimild er fyrir því í stjórnarreglum, er hingað til hafa verið látnar óefaðar, og sem styðjast við allrahæsta úrskurð 27. mai 1857, smbr. brjef dómsmálastjórnarinnar til kennslumálastjórnarinnar 16. júní s. á. (Lovsamling for Island, 17. bindi, s. 121 og 172), að þóknun sú, er veitt er fyrir að halda hið fyrirskipaða próf í íslenzku yfir þeim Dönum, er sækja um embætti á Íslandi, greiðist af fje því, er í fjárlögum Íslands er ætlað til óvissra útgjalda, þá væntir stjórnarráðið, að þingið felli eigi úr reikningnum hinar umtöluðu 100 kr., er á fjárhagstímabilinu eru útborgaðar til háskólakennara K. Gíslasonar,

svo að það eigi hindri staðfesting reikningslaganna. Að öðru leyti hefur stjórnarráðið svo fyrirsjeð, til þess að verða við ósk alþingis, að útgjöld þau, er hjer ræðir um, falli eigi lengur á landssjóð.

Auk þessara tveggja framangreindu atriða er aðeins fjárupphæð sú, sem stendur útgjaldamegin í 3 B. frábrugðin í lagafrumvarpi því, ar hjer liggur fyrir, frá því, er alþingi samþykkti 1881. Þessi breyting, sem er falin í því, að útgjöldin til dómgæzlu og lögreglumála eru færð upp um 97 kr. 81 a., er orðin til við það, að gjöra varð breyting á fjárupphæðum þeim, er eptir tillögum landsyfirskoðunarmanna höfðu settar verið í frumvarp það til reikningslaga, er lagt var fyrir þingið 1881, og sem áttu að leiðrjetta fjárupphæðir þær, er borgaðar höfðu verið til embættismanna og settra embættismanna fyrir þjónustu á Reykjavíkur bæjarfógetaembætti og sýslumannaembættunum í Gullbringu og Kjósar, Mýra og Borgarfjarðar sýslum (sjá athugasemdir við framangreint lagafrumvarp 14. síðu). Nákvæmari upplýsingar hjerum má sjá í brjefi stjórnarráðsins til landshöfðingja 22. júlí 1881, er meðfylgir.

Fylgiskjal.

Brjef stjórnarráðsins fyrir Ísland til landshöfðingja

dags. 22. júlí 1881.

Í þóknanlegu brjefi 18. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, borið undir úrskurð stjórnarráðsins nokkur atriði viðvíkjandi launum embættismanna, er snerta landsreikninginn fyrir árið 1878, útaf því, að dómari í landsyfirrjettinum, L Sveinbjörnsson, hafði verið settur bæjarfógeti í Reykjavík og sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu á tímabilinu frá 1. maí til 6. júní 1878, og bæjarfógeti Th. Jónassen hafði verið látinn gegna embætti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu í septembermánuði s. á. Útaf þessu læt jeg ekki undanfalla að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og framkvæmda það, er hjer segir:

Stjórnarráðið er yður samdóma um, að laun þau, er dómara Sveinbjörnssyni ber fyrir ofangreind embættisstörf, skuli ákveðast samkvæmt reglum þeim, er getur um í launalögum 15. október 1875 4. gr., og að eigi geti verið spursmál um, að í þessu efni hafi gjörður verið nokkur samningur, sem sje þessum reglum frábrugðinn, þareð eigi verður ætlað, að þjer hafið haft þann ásetnig, nje heldur vald til að víkja frá ákvæðum laganna, enda þótt skoðun yðar á þessum ákvörðunum hafi verið frábrugðin þeirri skoðun, er stjórnarráðið hefur látið í ljósi í brjefum frá 26. ágúst og 6. nóvember f. á. Eptir þessu verður Sveinbjörnssyni ekki reiknuð hærri þóknun en helmingur launa þeirra, er ætluð eru bæjarfógeta Reykjavíkur og sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu, og þareð hann auk helmings hinna föstu launa bæjarfógetaembættisins hefur fengið hinar óvissu tekjur tjeðra embætta, þá verður hann að borga inn í landssjóð það, sem eptir reikningi, sem gjörður er samkvæmt 4. gr. launalaganna, smb. 3. gr. í end., sannast að hann hafi fengið ofborgað. Til þess að finna út upphæð þá, er Sveinbjörnsson eigi að svara, hafið þjer, hr. landshöfðingi, fylgt uppgjörð þeirri, er landsyfirskoðunarmenn hafa sett í athugagreinum sínum við landsreikninginn fyrir 1878, en hafið jafnframt getið þess, að þjer álítið rjettast að finna út upphæðina með því, að leggja til grundvallar meðalupphæð hinna óvissu tekja

hin 5 síðustu árin á undan og að draga útgjöldin við embættin frá tekjuupphæðinni, áður en þóknunin verði ákveðin með því að deila með 2 tekjuupphæð þeirri, sem þá verður eptir; hefðuð þjer, þegar er þjer svöruðuð hinum ofangreindu athugagreinum yfirskoðunarmannanna, látið þessa skoðun yðar í ljósi, þarsem þeir höfðu lagt til grundvallar meðalupphæð tekjanna á árunum 1871 - 75 án þess að draga útgjöldin frá; en þjer hefðuð skilið brjef stjórnarráðsins 6. nóvember f. á. á þá leið, að það eigi hefði aðhyllst skoðan yður í þessu efni. En, einsog stjórnarráðið í enda nefnds brjefs hefur látið í ljósi, að það hefði eigi neitt að athuga við svar yðar uppá athuganir landsyfirskoðunarmanna, að undanteknum þeim breytingum eða viðbótum við svarið, er með berum orðum voru teknar fram í brjefinu, hefur það verið skoðan stjórnarráðsins, að upphæð fjár þess, er Sveinbjörnson ætti að endurgjalda landssjóði, skyldi ákveðast á þann hátt, er þjer, hr. landshöfðingi, hjer að framan hafið álitið rjettast vera. Af fje því, er landsyfirrjettardómari, Sveinbjörnsson, hefur tekið við í óvissum tekjum, meðan hann var settur bæjarfógeti í Reykjavík og sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, á hann því að greiða í landssjóð það, er hann hefur fengið fram yfir þann hluta af helmingi meðalupphæðar hinna óvissu tekja embættanna um 5 hin síðustu árin o: 1873—77, að frádregnum kostnaði, er svarar til þess tíma, er hann sem settur þjónaði embættunum; og, ef yfirdómari, Sveinbjörnsson, er honum hefur tilkynntur verið þessi úrskurður, skyldi færast undan að endurgjalda hið þannig ákveðna fje, þá verðið þjer þóknanlega að sjá um, að því verði haldið eptir af launum hans.

Er því næst kemur til hins annars embættismanns, Jónassens bæjarfógeta, þá hafið þjer gefið upplýsing um, að honum hafi goldnar verið úr landssjóði 2208 kr. 13 aur. fyrir tímann frá 6. júní 1878 til ársloka, auk endurgjalds fyrir skrifstofukostnað.

Þareð Jónassen hafði þjónað sýslumannsembætti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu í september 1878, en hans eigin embætti hafði verið stjórnað af landshöfðingjaritara J. Jónssyni, er landshöfðingi hafði sett til þess á eigin ábyrgð, þá var rjett samkvæmt lögum 15. október 1875, 4. gr. að greiða honum embættislaun fyrir septembermánuð, mót því að hann ljeti af hendi þau laun, er lögð eru embætti hans. Fje það, er hann á tilkall til úr landssjóði fyrir þjónustu sína á nefndu tímabili, nemur 2119 kr. 42 aur., og reiknast upphæðin þannig út:

laun fyrir sýslumannsembætti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu fra 6. júní til 31. ágústmánaðar	1,077 kr. 73 aur.
laun hans sem setts sýslumanns sama staðar í sept. mánuði ($^1/_{12}$ af 3,500 kr.)	291 — 67 —
laun hans fyrir bæjarfógetaembætti í Reykjavík frá 1. október til 31. desember 1878	750 — 00 —
samtals...	2,119 kr. 42 aur.

hefur því eptir þessum reikningi Jónassen tekið á móti 88 kr. 71 eyri meiru en vera skyldi, og eruð þjer, hr. landshöfðingi, hjermeð beðnir um, að krefja hann um fje þetta, um leið og þjer skýrið honum frá reikningi þesssum, og ef hann skyldi færast undan borgun, þá að halda fjenu eptir af launum hans. Þareð ákveðið er hjer að framan, að laun þau úr landssjóði til embættismanna þeirra, er hjer ræðir um, skuli ákveðast á annan hátt en þann, er lagður er til grundvallar við samning á frumvarpi því til laga um samþykkt á reikningnum yfir tekjur og útgjöld Íslands á árunum 1878 og 1879, þá er yður hjermeð þjónustusamlega veitt heimild til að koma fram með þær breytingaruppástungur til nefnds lagafrumvarps, er nauðsynlegar sjeu í því tilliti.

2.

Frumvarp

til

laga um, að aðflutningsgjald af skipum, er frá útlöndum flytjast til Íslands, sje úr lögum numið.

(Lagt fyrir alþingi 1883.)

Aðflutningsgjald það, sem samkvæmt tilskipun um tolla og skipagjald í Danmörku 1. maí 1838, 48 gr. og fl., hingað til hefur greitt verið af skipum, er þau flytjast frá útlöndum til Íslands, er úr lögum numið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt tilskipun um tolla og skipagjöld í Danmörku 1. maí 1838, 48. gr. og fl., smbr. tilskipun um skrásetning skipa 25. júní 1869, 9. gr., nr. 1, hefur hingaðtil verið heimtað aðkaupsgjald af skipum þessum, er þau fluttust til Íslands. Þareð það er áríðandi fyrir framfarir í fiskiveiðum á Íslandi, er aðeins skip, sem heimilt er að hafa danskt flagg, verða notuð við, að svo miklu leyti sem þær framfara í landhelgi, að gjöra það svo kostnaðar lítið, sem unnt er fyrir landsbúa, að fá sjer fiskiveiðaskip frá útlöndum, hefur stjórninni þótt rjett að koma fram með lagafrumvarp það, er hjer liggur fyrir, og skal þess um leið getið, að gjald þetta hefur hingaðtil eigi haft neina verulega fjárhagslega þýðingu, og að eigi sýnist samkvæmni í því, að halda þessu gjaldi, eptir að gjald það, er í lestagjaldinu óbeinlínis lá á öllum aðflutningum til Islands, er fallið burt við það, að lestagjaldið var afnumið með lögum 7. nóvember 1879.

3.

Frumvarp

til

laga um breyting á opnu brjefi 27. maí 1859 um, að ráða útlenda menn á dönsk skip, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi.

(Lagt fyrir alþingi 1883.)

Ákvörðunin í opnu brjefi 27. maí 1859 um, að helmingur skipshafnar á dönskum skipum, er gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi, skuli vera menn, er eigi heima í hinu danska konungsveldi, er úr lögum numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvörðunin í lögum 13. september 1855, er lögleidd er á Íslandi með opnu brjefi 27. mai 1859, um, að helmingur skipshafnar á dönsku skipi skuli vera menn, er heima eigi í hinu danska konungsveldi, er með lögum 23. janúar 1862 afnumin að því, er snerti skip, er eiga heima í Danmörku. Þareð æskilegt virðist, að reglurnar um, að ráða menn á dönsk skip, sjeu hinar sömu, hvort heldur skipin eru gjörð út frá Danmörku eða frá Íslandi, og þareð það getur verið áríðandi, sjerstaklega með tilliti til skipa, er eiga heima á Íslandi, og gjörð eru út til fiskiveiða, að nema burt úr lögunum fyrirstöðuna fyrir því, að geta ráðið à þau útlenda menn, er þekkja til hinna beztu veiðiaðferða, er tíðkast annarsstaðar, þá álítur stjórnin það hentugt, að taka upp í lög Íslands àkvörðun samhljóða þeirri, er lög Danmerkur hafa; og til þessa miðar framanritað lagafrumvarp.

4.

Frumvarp

til

fjáraukalaga fyrir 1878 og 1879

(lagt fyrir alþingi 1883).

Sem viðbót við fjárupphæðir þær, er í fjárlögunum fyrir 1878 og 1879, 15. gr. og fjáraukalögunum 4. nóvember 1881, 7. gr. eru veittar til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, veitast 500 kr. fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I frumvarpi því til fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879, er lagt var fyrir alþingi 1881, var meðal annars farið fram á, að veittar yrðu 1472 kr. 50 aur. sem viðbót við fjárupphæð þá, er í fjárlögunum fyrir 1878 og 1879 var ætlað til vísindalegra og verklegra fyrirtækja; og var í ástæðunum fyrir nefndu lagafrumvarpi tekið fram, að þessi upphæð væri goldin fram yfir fjárveitinguna af þeim helmingi, er landshöfðingi hefur til umráða af nefndu fje. Alþingi færði fjárveitingu þá, er farið var fram á, niður um 500 kr.; stóð það í sambandi við það atvik, að þingið felldi úr frumvarpi því til reikningslaga fyrir 1878 og 1879, er lagt hafði verið fyrir þingið, þær 500 kr., er veittar höfðu verið umsjónarmanni Feilberg 1878 í ferðastyrk af fje því, er hjer ræðir um. En, einsog skýrt er frá í athugasemdum við frumvarp til reikningslaga fyrir 1878 og 1879, sem af nýju verða lögð fyrir þingið, verður stjórnarráðið enn að halda því fram, að gjald þetta hafi löglega greitt verið samkvæmt fjárveiting fjárlaganna, og þarsem eptir því öll sú upphæð, er útborguð hefur verið fram yfir fjárveitinguna, nemur 1,472 kr. 50 a., en fjáraukalög 4. nóvember 1881 aðeins veita 972 kr. 50 a, þá hefur stjórnarráðið álitið, að því bæri að leita samþykkis þingsins um, að þær 500 kr., sem ávanta, verði veittar.

5.

Frumvarp

til

laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

(Lagt fyrir alþingi 1883.)

---

1. gr.

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, sem að minnsta kosti nemur þeirri upphæð, er tilfærð er við hverja þeirra:

1) Vík í Dyrhólahreppi	fyrir	7,370	kr.
2) Þverá í Kleifahreppi	—	2,027	—
3) Hlíð í Leiðvallahreppi	—	2,360	—
4) Arnarnes í Eyjafjarðarsýslu	—	3,200	—
5) Hrísakot í Húnavatnssýslu	—	900	—
6) Miðhóp í sömu sýslu	—	5,000	—
7) Kornsá í sömu sýslu	—	5,400	—
8) Kringlu í sömu sýslu	—	1,800	—
9) Orrastaði í sömu sýslu	—	3,000	—
10) Grund í Svínadal í sömu sýslu	—	4,500	—
11) Haga í sömu sýslu	—	2,450	—
12) Spítalaeignina Kaldaðarnes í Árnesýslu með hjáleigunum:			
a. Höskuldsstöðum,			
b. Mosastöðum,			
c. Magnúsfjósum,			
d. Valdastöðum,			
e. Móakoti,			
f. Hreiðurborg og			
g. Miðhúsum			
og með Kaldaðarneskirkjujörðunum:			
a. Kálfhaga og			
b. Lambastöðum	—	17,000	—
13) Heiði með Breiðstöðum í Sauðárhreppi	—	5,000	—
14) Hjaltastaði í Skagafjarðarsýslu með 2 hjáleigum	—	6,200	—
15) Pálfastaði í sömu sýslu	—	3,000	—
16) Litlu-Gröf í sömu sýslu	—	1,800	—
17) Þórðarstaði í Hálshreppi	—	1,625	—

2. gr.

Landshöfðinginn gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum, og ákveður kaupverð það, er jarðirnar megi seljast fyrir, en lætur áður 2 dómkvadda menn virða hverja jörð fyrir sig. Kostnaðurinn við það greiðist af landssjóði.

3. gr.

Helmingur kaupverðsins má standa í hinni seldu jörð, en kaupandi gefur út fyrir honum skuldabrjef með fyrsta veðrjetti í jörðinni og 4 af hundraði í vöxtu árlega, og skal það samið einsog skuldabrjef, sem gefin eru út fyrir lánum af ómyndugra fje, en eigi skal landssjóður eiga rjett á að segja upp láninu, meðan kaupandi eða ekkja hans ógipt eiga jörðina og halda skilmála þá, sem settir eru í skuldabrjefinu. Af hinum helmingi kaupverðsins greiðist helmingur um leið og kaupbrjef er gefið út, og af því, sem þá er eptir, $^1/_5$ á ári í næstu 5 ár, og stendur hin selda jörð einnig sem veð fyrir þessum hluta kaupverðsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í brèfi frá hinu íslenzka stjórnarráði til landshöfðingja, dags. 31. marz f. á., sem prentað er í stjórnartíðindunum fyrir árið 1882, deildinni B, blaðsíðu 81, er ítarlega skýrt frá, hverjar ástæður væru til þess, að stjórnarráðið eigi gat ráðið til þess að frumvarp það, sem alþingi samþykkti 1881 um sölu á nokkrum þjóðjörðum, yrði staðfest, og er einkum tekið fram í brèfinu, að stjórnin enn sem fyrri verði að halda fram þeirri aðalreglu, sem tekin hefði verið upp í stjórnarfrumvarpið 1881 um sölu nokkurra þjóðjarða, og sem einnig væri í samhljóðan við ályktun alþingis 1879 um hvernig undirbúa skyldi sölu þjóðjarða, en eptir þeirri aðalreglu ætti aðeins að selja jarðirnar ábúendunum og auka með því sjálfseign í landinu. Þessi aðalsetning er einnig tekin upp í frumvarp þetta, og álítur stjórnarráðið það nægja, að vísa til ofangreinds brèfs um ástæðurnar fyrir henni, því að þar er það atriði ítarlega skýrt.

Einsog sjá má á frumvarpinu er það jafn yfirgipsmikið og frumvarp það, er alþingi samþykkti, þarsem allar jarðir þær, er á alþingis frumvarpinu voru, eru teknar upp í það. Stjórnin hefur þó tekið það atriði til íhugunar, hvort eigi væri ástæða til þess að fá með lögum þessum almenna heimild til þess að selja allar þjóðjarðir ábúendum þeirra; mundi það bæði flýta fyrir sölunni, og koma því til leiðar að hin sama aðferð yrði við höfð við sölu allra jarðanna, svo að enginn ójöfnuður gæti átt sjer stað. En bæði er það, að það mundi vera torvelt að setja með lögum fastar reglur um söluaðferðina, einkum af því að á Íslandi eru virðingargjörðir eigi eins tryggjandi og þarsem skipaðir eru fastir virðingarmenn, og auk þess álítur stjórnin mjög mikið i það varið, að alþingi geti haft betri gætur á sölunni, þegar því gefst kostur á að dæma um það, hvort lægsta kaupverð hverrar jarðar sje rjett sett. Að vísu mun fyrir það standa lengur á sölunni, og stundum getur það verið óþægilegt fyrir þann, sem vill eignast ábýlisjörð sína, að verða að bíða þangaðtil alþingi kemur saman, en stjórnin álítur að þetta geti eigi ráðið úrslitum málsins, einkum af því að landsjóður hefur meiri hag af sölu jarðanna smátt og smátt, en af hraðsölu þeirra.

Viðvíkjandi hinum einstöku greinum frumvarpsins skal því næst viðbætt því, er nú kemur:

Við 1. grein.

Kaupverð jarðanna 1—5 og 10—12 er sett með sömu upphæðum og í frumvarpi alþingis, en aptur á móti er verð jarðanna 6—9 og 13—16 eptir uppástungu landshöfðingja hækkað um 50—600 kr. fyrir hverja jörð, eða samtals um 2,334 kr., og skal þess

getið, að landshöfðingi í því efni hefur farið eptir því hæsta verði sem jörðin var metin til af hlutaðeigandi umboðsmanni eða sveitarstjórnum þeim, er alþingi 1881 hafði fyrir sèr álit þeirra, og hefur landshöfðingi ætlað, og sjálfsagt haft rjett fyrir sér í því, að lægsta verð jarðanna eigi væri of hátt sett af neinum af þessum virðingarmönnum. Að endingu hefur landshöfðingi getið þess, með tilliti jarðarinnar þórðarstaða í Hálshreppi, sem talin er undir 17. lið í frumvarpinu, og sem alþingi hefur stungið uppá að látin verði í makaskiptum gegn jörðinni Brekku í sama hreppi, að eptir þeim upplýsingum, sem fyrir hendi sjeu, verði kaupverð hennar sett 1,625 kr., en um verð Brekku sjeu engar upplýsingar fyrir hendi, og með því að eigi getur sem stendur verið spursmál um að hafa makaskipti á jörðum þessum, en vel getur verið að ábúandi þórðarstaða vilji kaupa hana, þá hefur það verið álitið rett að taka hana upp á frumvarpið, en ef hann enn vill ná makaskiptum á jörðunum, og það við nákvæmari rannsókn reynist einnig aðgengilegt fyrir landssjóð, þá má leyfa þá sölu með sérstökum lögum.

Við 2. grein.

Í frumvarpinu er ábúandanum eigi gefinn neinn rjettur til að fá jörðina fyrir þá upphæð, sem þar er nefnd, og sem ekki er annað en sú lægsta upphæð, sem jörðin má seljast fyrir, og er því umboðsvaldinu heimilt að krefjast hærra kaupverðs, ef það álítst að vera í hag landssjóðs. Til þess að tryggja landssjóð sem bezt í þessu efni, er það, að álíti stjórnarinnar, réttast að láta lögvenjulega virðingargjörð fram fara um hverja jörð fyrir sig, áður en fullnaðar ályktun verði gjörð um kaupverð það, er jörðin megi seljast fyrir landssjóði að skaðlausu. Að vísu gæti umboðsvaldið af sjálfu sjer látið slíka virðingargjörð fram fara, en það mun þó vera rjettara að taka það beint fram í lögunum, að svo skuli ávallt gjört og eigi nokkurn tíma útaf brugðið. Þessi aðferð hefði sjálfsagt verið við höfð, ef jarðirnar hefði átt að selja við uppboð, en stjórnin álítur að af sömu ástæðum eigi að við hafa hana, þegar jarðirnar eru seldar ábúendunum undir hendinni. Annars er sjálfsagt að virðingin getur eigi haft þá þýðingu, að eigi megi ákveða verð jarðarinnar öðruvísi en eptir henni, og er hún aðeins ætluð til leiðbeiningar við verðsetninguna. Af því að það er í þarfir landssjóðs að virðingargjörð sje framin, er það álitið sanngjarnt að kostnaður sá, sem þaraf leiðir, greiðist úr landssjóði.

Við 3. grein.

Það er í samhljóðan við frumvarp alþingis (3. gr.), að helmingur kaupverðsins megi standa í hinni seldu eign; aptur á móti var svo kveðið á í alþingisfrumvarpinu, að þessum helmingi mætti upp segja af beggja hálfu með hálfs árs fyrirvara. Mun ákvörðun þessi hafa gjörð verið landssjóði í hag, til þess að koma í veg fyrir, að fjárveiting hans væri bundin um lengri tíma, en hún virðist eigi að vera heppileg, því að það mundi að líkindum fæla marga frá því að kaupa ábýlisjarðir sínar, ef þeir ættu á hættu, að fjenu yrði sagt upp á óhentugum tíma. Sanngirni virðist einnig mæla með því, að þessi hluti kaupverðsins megi standa í hinni seldu eign meðan kaupandinn eða kona hans eru á lífi, og þetta fyrirkomulag mun einnig verða landssjóði í hag, þarsem vænta má, að með því móti geti fengist hærra kaupverð en annars, og landssjóður á hinn bóginn fær fulla trygging með veðinu í eigninni.

Í 4. grein í frumvarpi alþingis er svo ákveðið, að lögin aðeins skuli gilda fyrir fjárhagstímabilið, en það sýnist ekki vera nein ástæða til að setja nein tímatakmörk fyrir gildi laganna, því að bæði er það, að landssjóði ríður ekki á neinu að flýta sölunni, enda mun viðunanlegum boðum tekið þegar er þau fást.

6.

Frumvarp

til

landbúnaðarlaga fyrir Ísland.

(lagt fyrir alþingi 1883).

I. kap.

Almenn landrjettindi.

1 grein.

Hverri jörð fylgir land allt innan ákveðinna ummerkja, nema einhver hluti þess sje með lögum frá kominn, og allar landsnytjar, svo sem eru: gróði jarðar og ávöxtur, allar ár, lækir og vötn, steinar og málmar, sem í því landi finnast, allar veiðar fugla, fiska og dýra þeirra, sem eigi eru friðhelg, og allur reki, enda sjeu engar landsnytjar frá komnar að lögum. Þó er þetta þeim takmörkum bundið, sem síðar segir.

2. grein.

Nú skilur á lönd manna, og á þá hver þeirra, sem land á að ánni, út í miðjan árfarveg, þegar áin er sem minnst. Brjóti áin af öðruhvoru landi, skulu landamerki haldast sem áður, og hver landeigandi eiga út í miðjan hinn forna árfarveg, en því landinu, sem af brýtur, skal fylgja það af ánni, sem upp á það gengur. Nú brýtur áin öll upp á annaðhvort land, og á þá sá alla ána, sem land á. Brjóti á landskika af landi manns, svo hólmi verði af, þá á hann landið sem áður. Heimilt er þeim, sem land eiga að ánni, að veita henni aptur í sinn forna farveg án leyfis þeirra, sem land eiga á móti.

3. grein.

Ef tvær jarðir eða fleiri liggja að stöðuvatni, þá á hver þeirra svo langt út í vatnið frá sínu landi, að land annarar jarðar sje eigi nær. Rjett er, að eyjar þær, hólmar og sker, sem í vatninu liggja, eigi eins lagt út frá sjer.

4. grein.

Netlög er hluti lands í sjó. Það eru netlög í sjó, sextíu faðma beint út frá landi, og skal mæla frá því, er fjarar mest út með stórstraum. Netlög fylgja og eyjum, hólmum og skerjum í sjó svo sem á meginlandi.

5. grein.

Jörð hver, er að sjó liggur, á fiskhelgi fyrir landi sínu, en þá er í fiskhelgi, er eigi er fjær landi en 1000 faðma að mæla frá stórstraums-fjörumáli, og fylgia henni þau rjettindi, sem segir í 14. og 15. gr.

6. grein.

Á landi og í vötnum skulu veiði ráða rjett landamerki hverrar jarðar, og í sjó á landeigandi alla veiði í netlögum jarðar sinnar. Svo skulu og veiði-ítök þau, er menn hafa fengið að lögum fyrir utan landeign sína, standa óröskuð að öllu.

7. grein.

Nú eiga tvær jarðir eða fleiri land að firði, vík eða sundi, og á þá hver þeirra netlög eða fiskhelgi að eins svo langt frá landi, að land annarar jarðar sje eigi nær. Á afrjettum, sem fleiri menn eiga saman, eiga allir jafna tiltölu til veiði, sem þann afrjett eiga. Á almenningum er veiði jafnheimil öllum landsmönnum.

8. grein.

Enginn jarðeigandi má skilja að veiðirjettinn og lóðina, og skal veiðirjetturinn fylgja jörðum, þá þær eru byggðar, sem notkunarrjettur, er eigi verður frá jörðunni skilinn. Leiguliði má ekki láta aðra nota veiði á ábýlisjörð sinni að staðaldri án leyfis landsdrottins, nema það sje heimilað með byggingarskilmálunum.

9. grein.

Hvervetna þar er æður, endur eða aðrir varpfuglar verpa í landi manns, þá á landeigandi varpið, og getur hann látið friðlýsa eggveri sínu á hverju ári á því manntalsþingi sem jörð hans á sókn að.

10. grein.

Selalátrum og selalögnum skal friðlýsa sem eggverum.

11. grein.

Ef við rekur á fjöru manns, getur hann helgað sjer hann með viðarmarki sínu og hafi hann áður látið þinglýsa því á því manntalsþingi, er hann á sókn að, ella er viðarmark hans ógilt. Rjett er, að einn maður hafi reka, en annar land, ef svo hefur verið um samið milli þeirra. Nú hefur maður eignazt reka á landi annars manns að lögum, og er eigi ákveðið, hvað hver skal hafa af rekanum, á þá landeigandi öll álnarlöng kefli og smærri, en rekamaður allan við annan, og hvali þá, er þar reka upp, án þess menn valdi. Landeigandi á þar á móti allan reka annan, svo sem fugla, fiska, þara, og svo hlut í hvölum þeim, er þar eru fluttir á land, eða reknir upp af mönnum.

12. grein.

Ef hval rekur á fjöru manns, þá skal hann festa hvalinn þeim festum, sem hann má traustastar til fá. Skal hann leiða skilríki vitni til að sjá, að hann hefur hvalinn festan, svo sem honum var framast unnt, og er þá hvalurinn eign þess, er reka á. Nú tekur hvalinn út og rekur upp á annars manns fjöru, og á þá sá hvalinn eigi að síður, er þar átti reka, er hann var fyrst festur, ef leidd verða að því tvö skilrik vitni, að hvalurinn hafi verið festur, sem áður er sagt, þó skal eigandi fjöru þeirrar, er hvalinn rak síðar upp á, eignast sjöttung hans, hafi hann fest hann tryggum festum áður en eigandi kom sjálfur til.

13. grein.

Nú rekur hval á land manns, sem skot er í með þinglýstu marki, og á þá sá helminginn, sem skot á, en rekaeigandi helminginn. Þekki rekaeigandi, hver skotið á, skal hann þegar senda til skotmanns, ef hann er eigi lengra burtu en þingmannaleið, til að láta hann vita um hvalrekann. Sje skotmaður í meiri fjarlægð, skal rekaeigandi hirða hlut hans og koma í fullt verð, og gjöra honum skil fyrir svo fljótt sem verða má, en fulla borgun skal han fá af hvalverðinu fyrir ómök sín og tilkostnað. Nú þekkist skotið eigi, eða skotmaður verður eigi fundinn, þá skal rekaeigandi segja lögreglustjóra

eða hreppstjóra til skotmannshlutar, sem þá hirðir hann, eins og áður segir um rekaeiganda, og skal þá lýsa skotinu hið fyrsta í því blaði, sem venjulegt er að birta í lögboðnar auglýsingar. Hafi enginn leitt sig að skotinu á 3 árum frá því að hvalinn rak, fellur skotmannshlutur til rekaeiganda.

14. grein.

Ef hvalur finnst dauður fyrir utan fiskhelgi og er fluttur utanborðs á land, þá eignast landeigandi helming þess hvals, en flytjendur hinn helminginn. Ef skot finnst i þeim hval. sem þinglýst mark er á, þá á skotmaður einn þriðjung, landeigandi annan og flytjendur hinn þriðja. Nú finnst hvalur í fiskhelgi, og skal flytja hann skemmstu leið til lands, þar sem óhætt sje að festa hann. og á þá landeigandi tvo hluti þess hvals, en flytjendur þriðjung. Ef skot finnst í þeim hval, sem tekinn er í fiskhelgi, á landeigandi að eins helming hans, en skotmaður og flytjendur fjórðung hvorir. Svo er og um hvað annað dautt, sem finnst í fiskhelgi, og flutt er á einhvern hátt til lands, að landeigandi á tvo hluti, en flytjendur þriðjung, sje það ekki annara manna eign.

15. grein.

Ef menn reka hvali á land, þá eignast landeigandi þriðjung, en þeir, sem að rekstri standa, tvo hluti. Sjeu hvalir teknir í fiskhelgi og unnir eða reknir á land, þá eignast landeigandi helming þeirra hvala, en þeir, sem unnu, hinn helminginn.

16. grein.

Ef vogrek ber að landi, þá skal sá, er gæta skal reka á þeim stað, bjarga því og skýra þegar hreppstjóra frá, og tilkynnir hann það lögreglustjóra, svo sem fyrir er mælt í lögum. Nú hefur eigandi vogreksins eigi spurzt upp eptir að því hefur verið lýst, og að öðru leyti verið farið með það á lögskipaðan hátt, þá eignast rekaeigandi vogrekið eða andvirði þess.

Ákvörðun þessi nær ekki til þeira vogreka, sem getið er í opnu brefi 4. mai 1778 1. grein, og skal framvegis með þau fara, eins og fyrir er mælt i tjeðri lagagrein og lögum um skipaströnd 14. jan. 1876, 22.—25. gr.

II. kap.

Um sameiginleg rjettindi jarða.

17. grein.

Nú vill maður veita á eða læk, sem sprettur upp í landi hans, eða rennur um það, úr farvegi sínum á engi sitt eða til einhverrar annarar notkunar, og skal hann þá leita um það samþykkis granna sinna, þeirra, er neðar búa með ánni eða læknum, enda eigi hann ekki einn allt vatnið. Synji þeir honum samþykkis, eða þeir binda það þeim skilyrðum, sem honum þykja óaðgengileg, má hann beiðast þess, að óvilhallir menn sjeu kvaddir til þess, að rannsaka málefnið og kveða á um, hvort vatnsveitingin verði leyfð, og ef svo er, á hvern hátt hana skuli framkvæma. Kostnaðinn við þetta greiðir beiðandi. Gjöri nokkur vatnsveiting á annan hátt en hjer er sagt, skal hann skyldur að veita vatninu aptur í sinn forna farveg, ef því verður við komið og nágrannar hans krefjast þess, og hvernig sem fellur gefa þeim, er hlut eiga að máli, fullt endurgjald eptir mati óvilhallra manna fyrir þann skaða, er þeir hafa beðið af vatnsveitingu hans.

Sama er og ef á skilur land manna, og nokkur þeirra, sem land á að ánni, vill veita henni á sitt land, en hinir, er land eiga á móti, synja honum um það.

18. grein.

Nú eiga fleiri menn á saman, þá má hver þeirra veiða fyrir sínu landi út í miðjan árfarveg, þegar á er sem minnst.

19. grein.

Hver maður má gjöra veiðivjel í á sinni, og gjöra þó svo, að fiskur megi fara upp að á hverri. Nú hefur einhver þvergirt á eða lagt garð eða fasta veiðivjel lengra en út í miðja á, og á hann eigi einn alla veiði í ánni, og er þá öll sú umbúð óhelg. Sjeu kvíslar fleiri í einni á, má enga þeirra þvergirða nema óvilhöllum mönnum þyki líklegt ár hvert, að þar sje minni fiskiför en í hinum kvíslunum, eða sá, er þvergirðir, eigi einn alla veiði í ánni. Ef móti þessu er brotið, er sú þvergirðing óhelg.

Að öðru leyti fer um veiðar í ám eptir því, sem ákveðið er í sjerstökum lögum.

20. grein.

Ef hvalur kemur á merki það, er skilur fjörur manna, þá á hálfan hvor þeirra, ef sumur liggur á merkinu, þó meiri sje öðru megin. Sama er og um annan reka, flutninga og allt annað, er kemur á fjörumark.

III kap.

Um lögkvaðir á jörðum.

21. grein.

Nú stendur kirkja, þinghús, sæluhús, fjárrjettir eða aðrar byggingar, sem ætlaðar eru til almenningsþarfa, á jörðu manns, og er landeigandi þá skyldur að leyfa að taka torf og grjót á jörð sinni, svo sem með þarf, þessum byggingum til viðhalds og endurbyggingar; en ef efni þau, sem nú voru nefnd, eru eigi að fá nema á engi eða túni eða þar sem landeiganda eða ábúanda er mein að, þá skal það sveitarfjelag, sem í hlut á, bæta það að fullu, eptir samkomulagi eða óvilhallra manna mati. Nú eru kirkjur, þinghús, sæluhús, fjárrjettir eða aðrar þær byggingar, sem ætlaðar eru til almenningsþarfa, fluttar af einni jörð á aðra, eða ef þörf krefur, að þær sjeu byggðar að nýju á einhverjum stað, þá er landeigandi skyldur að leggja þar land til; en spilli það túni hans, engjum eða skógi, eða það að öðru leyti er honum til meins, þá skal bæta honum það, svo sem áður segir.

22. grein.

Skyldur er hver, að leggja land sitt til undir alfaravegi, er þar á yfir að leggja, og eins efni í þá og til viðhalds þeirra. En sje vegur lagður yfir engjar eða skóg eða svo nærri, að það valdi skemmdum, þá skal bæta landeiganda það að fullu, eptir óvilhallra manna mati.

23. grein.

Heimilt er hverjum manni, að lenda skipi þar, sem eigi eru friðlýst varplönd eða selalátur, bera þar farm á land og búa svo um, að hvorutveggja sje óhætt. En bæta skal skiprándi ábúanda að fullu og eptir óvilhallra manna mati, ef hann eða skipverjar hans gjöra þar nokkurn usla eða átroðning, og að auki sektir allt að 50 kr., ef lent er í friðlýstu varplandi eða selalátrum, nema brýn nauðsyn beri til.

24. grein.

Enginn getur meinað ferðamönnum að æja hrossum í landi ábýlisjarðar sinnar, nema þar sem er tún eða engi Nú er jörð í þjóðbraut og verður fyrir tjóni af ágangi ferðamanna, og er þá ábúanda heimilt, að bera sig upp um það við hlutaðeigandi sýslunefnd. Virðist sýslunefnd umkvörtun hans á rökum byggð, skal hún ákveða hæfilegt hagagjald af ferðamönnum fyrir hvert það hross, sem áð er í landi jarðarinnar, og til taka, hvernig það skuli greiða.

IV. kap.

Um ítök í annara manna lönd.

25. grein.

Ítök í annara manna lönd skulu haldast með þeim hætti, sem lög hafa verið. Það eru ítök, er menn eiga í annars manns landi: engi, skógur, hrísrif, mótak, veiði, rekar, selstaða, beit, vatnsveiting eða hve jar aðrar landsnytjar sem eru, en eiga þar þó eigi land undir.

26. grein.

Nú á maður engja-ítak á annars manns landi, og má landeigandi eigi beita þangað peningi frá því 3 vikur eru af sumri og þar til búið er að slá það og hirða að öllu, en alla beit á hann þar aðra tíma árs. Ítakseigandi skal láta vinna ítakið næst á eptir túnaslætti, nema öðruvísi um semji með honum og landeiganda. Heimilt er ítakseiganda að veita á það vatni, ef hann fær því við komið, og má hann taka torf og grjót í ítakinu sjálfu í þær stíflur og girðingar, er með þurfa til að koma vatni yfir það, en bæta skal hann landeiganda jarðarspjöll þau, er kunna að verða af vatnsveitingu hans, eptir óvilhallra manna mati.

27. grein.

Þegar ítakseigandi flytur heyið á burt af ítakinu, er honum heimilt að fara þangað til og frá með hross sín, en eigi skal hann beita þeim þar meira en þörf er á. Heimilt er honum og að setja heyið saman í ítakinu, ef hann vill, en þá skal han flytja það á burtu hinn næsta vetur, ef hann fær því við komið. Eigi má hann rista torf á heyið í ítakinu og engin jarðarspjöll gjöra, þau er landeiganda verði mein að, nema hann leyfi.

28. grein

Ef maður á skógarítak í annars manns landi, skal hann nota það eins og fyrir er mælt um þá, er skóg eiga á sinni eigin jörðu. Afkvisti og kalvið má hann flytja á burtu og nota sjálfur, en eigi má hann láta skógaraffall liggja vetrarlangt í ítakinu, nema landeigandi leyfi. Landeigandi á alla beit í ítakinu, þegar fjenaður bítur meira gras en við, en þegar hann bítur meiri við en gras, má eigi beita skóginn.

29. grein.

Hyervetna, þar sem menn eiga önnur ítök í lönd annara manna, skal það vera aðalregla, að ítakseigandi má ekki gjöra þar nokkur þau jarðarspjöll, sem landeiganda verði mein að, nema hann leyfi Nú synjar landeigandi leyfisins, og skal þá ítakseigandi láta kveðja óvilhalla menn til að álíta, hvort hann þurfi að vinna jarðarspjöll í ítakinu, til að geta ræktað það eða notað, og verði svo metið, má hann láta vinna verkið, en bæta skal hann þá landeiganda að fullu fyrir jarðarspjöllin.

V. kap.

Brot á landrjettindum.

30. grein.

Ef maður vinnur einhver spjöll á landi annars manns, svo sem gjörir þar jarðrask, skemmir hús, girðingar eða önnur mannvirki o. s. frv., þá skal hann bæta ábúanda jarðarinnar skaðann að fullu eptir óvilhallra manna mati og greiða að auki allt að 50 króna sekt, eptir málavöxtum. En ef brotið varðar þyngri hegningu, fer um það, sem segir í sakalögum.

31. grein.

Ef maður tekur á annars manns landi og fjenýtir sjer nokkurn afgróða eða ávöxt jarðar, eða nokkur þau auðæfi, sem finnast í jörð eða á, og landi eiga að fylgja, enda varði brotið eigi hegningu eptir sakalögum, þá skal hann skila landeiganda því aptur, eða ef hann hefur eytt því, borga það fullu verði eptir óvilhallra manna mati. Auk þess skal hann greiða allt að 50 króna sekt eptir málavöxtum.

32. grein.

Sama er og, ef maður spillir veiði fyrir öðrum í ám eða vötnum, eða veitir vatni inn á annars manns land, svo skaði verði að, eða tekur frá öðrum vatn, framar en hann hefur heimild til, eða ef maður veiðir eða lætur veiða meira en að sínum hluta í þeim ám eða vötnum, er hann á í sameiningu við aðra menn, þá skal hann bæta það að fullu þeim, sem fyrir skaða verður, og gjalda sektir að auki, svo sem áður segir.

33. grein.

Eigi má maður reka pening sinn til beitar fast að landi annars manns, nema setið sje yfir peningnum, eða vatnsföll, gil, girðingar, eða einhverjar aðrar fyrirstöður greini lönd manna, sem hamli því, að peningurinn gangi inn yfir landamerki. Enginn má heldur byggja nær annars manns landamerkjum en 200 faðma: sel, beitarhús, fjárborgir, fjárrjettir, eða nokkur önnur peningshús, nema það hafi staðið þar áður, eða sá, sem land á á móti, leyfi, eða landslagi eða landsmegni sje svo háttað, að nauðsyn ber til.

34. grein.

Enginn má bótalaust láta skepnur sínar ganga á landi annars manns, nema hann leyfi; þetta gildir þó eigi frá vordögum til rjetta um þann pening, er rekinn hefur verið á afrjett; heldur eigi um sauðfjenað þann tíma vor og haust, sem vant er að hann gangi sjálfala í heimalöndum eptir því, sem hlutaðeigandi sveitastjórnir nákvæmar til taka. Nú gengur sá peningur, sem hjer er eigi undanskilinn, á landi manns, og á hann þá rjett á að setja hann inn.

35. grein.

Hvervetna, þá er fjenaður er þannig settur inn, á eigandi eða umráðamaður þann kost, að leysa hann út aptur, og skal hann þá greiða 3 aura fyrir hverja sauðkind og geitkind, en 30 aura fyrir hvern stórgrip, fyrir hvern sólarhring, sem peningurinn er inni. Heimilt er þeim, sem pening hefur inn sett, að halda honum, eða svo miklu af honum, er útlausnargjaldinu nemur, þar til því er lokið að fullu.

36. grein.

Nú hefur maður sett fjenað inn, og skal hann þá, svo fljótt sem unnt er, gjöra eiganda eða umráðamanni aðvart um það. Hann skal ætla fjenaðinum nóg húsrúm, og

skal hann ábyrgjast að hvorki falli hús á fje, nje það troðist undir fyrir húsþröng, nje hryssur verði klumsa, en eigi varðar honum við lög, þó skepnur stangi hver aðra til bana, eða farist af þeim orsökum, sem honum verður eigi gefin sök á. Sje málnytupeningur settur inn, skal mjalta hann á hverju máli, og eignast sá málnytuna, sem inn setti; einnig skal gefa honum hey, af meðþarf. Hafi eigandi eigi vitjað penings síns á 3 daga fresti, frá því hann fjekk vitneskju um það, er þeim, er inn setti, heimilt að selja hann fram til uppboðs eða svo mikinn hluta hans, að hann fái allan kostnað sinn endurgoldinn, ásamt útlausnargjaldinu. Hinn peninginn, sem eptir er, skal færa eiganda heim, og borgar hann þá endurgjald fyrir heimreksturinn. Nú hefur maður sett fjenað inn, og veit ekki hver eigandi hans er, og ber þá að álíta hann sem annan óskilapening samkvæmt fyrirmælum í 92. grein hjer á eptir.

37. grein.

Ef maður tekur pening sinn, sem inn hefur verið settur, úr vörzlum annars manns að honum fornspurðum, og án þess að hafa greitt útlausnargjald fyrir, varðar það allt að 50 kr. sektum. Eigi má maður reka annars pening úr sjálfs hans landi, svo til ógreiða verði eða skaða. Gjöri nokkur þetta, varðar það allt að 10 kr. sekt auk skaðabóta.

38. grein.

Ef nokkur tekur pening annars manns eða setur hann inn, þegar eigi er heimild til þess, skal hann greiða fullt endurgjald fyrir þann skaða, er af því hlýzt, og að auki allt að 10 kr. sekt.

39. grein.

Þegar brotin eru landsrjettindi manns í öðrum tilfellum en þeim, er hjer hafa verið nefnd, skal sá, er það hefur gjört, bæta skaðann að fullu, og ef hann hefur gjört það vísvitandi, greiða að auki allt að 50 krónur í sekt.

40. grein.

Til að meta skaðabætur fyrir brot á landrjettindum, nefnir kærandi einn mann og kærði annan, en ef þeir verða eigi ásáttir um, hverja nefna skal, útnefnir sýslumaður þá báða fyrir rjetti, og vinna þeir eið að gjörð sinni, ef krafizt verður.

VI. kap.

Um bygging jarða og skyldur og rjettindi landsdrottins og leiguliða.

41. grein.

Hver maður, sem á jörð og nýtir eigi sjálfur, skal selja hana öðrum á leigu, enda skal hún leigufær vera. Rjett er, að sami maður búi á tveimur jörðum eða fleirum, hvort er hann á þær sjálfur, eða leigir þær af öðrum, en inna skal hann gjöld öll bæði af útijörðunum og heimajörðinni.

42. grein.

Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það brjef gjöra, og er það byggingarbrjef fyrir jörðunni. Í byggingarbrjefi skal skýrt taka fram, hve langur ábúðartími sje. Ef þetta er eigi gjört, skal svo álíta, sem jörð sje byggð æfilangt, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið. Ekkja heldur ábúðarrjetti manns síns; en giptist hún aptur, missir hún hann þegar.

43. grein.

Í byggingarbrjefi skal greina landamerki jarða og geta þeirra ítaka, er hún á í annara manna lönd; svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur liggja á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbrjefinu, hverja landskuld greiða skal eptir jörðina, og í hverjum aurum. Í því skal og ákveða, hver innstæðukúgildi fylgja jörðu og hvílík, svo og hverja leigu skuli greiða af þeim. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal svo álíta, sem jörð hafi verið byggð með leigumála þeim, er leiguliði kannast við að áskilinn hafi verið, nema landsdrottinn sanni, að annar hafi verið.

44. grein.

Gjöra skal tvö samhljóða frumrit af byggingarbrjefi hverju, og rita landsdrottinn og leiguliði nöfn sín undir þau ásamt 2 vottum. Hefur landsdrottinn annað brjefið en leiguliði hitt.

45. grein.

Ef landsdrottinn byggir tveimur mönnum sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyr tók; en landsdrottinn fái hinum jafngott jarðnæði sem hitt var, ella bæti honum allan þann skaða, er hann bíður af því, að hann komst ekki að jörðu, hvorttveggja eptir mati óvilhallra manna.

46. grein.

Eigi er jörð leigufær, nema henni fylgi öll nauðsynleg íbúðarhús, geymsluhús og fjenaðarhús þau, er henni hafa áður fylgt. Um stærð og tölu húsa fer eptir jarðarmagni og því, sem venja er í hverri sveit, eptir mati úttektarmanna; en jafnan skal afhenda leiguliða hús í gildu og góðu standi eða með fullu álagi.

47. grein.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörðu, má viðtakandi taka til voryrkju, þá er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru þá, er sex vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, nje umboðsmaður hans, þá hefur hann fyrirgjört ábúðarrjetti sínum, og lúki landsdrottni eins árs landskuld og leigur, sem áskilið var; en landsdrottinn má nýta sjer jörð, sem hann vill, eða byggja hana öðrum.

48. grein.

Fárfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörðu hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. Heimil skal honum húsavist með viðtakanda, og þar má hann hafa fjenað sinn til síðasta fardags, en hvorki má hann beita tún nje engjar.

Rjett er að fráfarandi skilji eptir, þar sem viðtakanda eigi er mein að, það af búslóð sinni, er hann eigi má burt flytja þegar; en það skal hann hafa burt flutt fyrir næstu veturnætur. Sjeu búsmunir eigi fluttir burt að veturnóttum, skal búandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá, sem fje í vanhirðingu.

49. grein.

Eigi má fráfarandi af jörðu flytja hey, áburð eða eldsneyti, sem sú jörð gaf af sjer. Ef fráfarandi á fyrningar heys eða eldsneytis, þá skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni, ef hann eða umboðsmaður hans er viðstaddur, kaup á því eptir mati úttekt-

armanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sjer eða selja öðrum, en burt skal hann hafa flutt það af jörðu fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji.

50. grein.

Nú á fráfarandi hús á jörðu, og skal hann bjóða jarðareiganda þau til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta. Ef jarðeigandi vill ekki kaupa þau, skal fráfarandi bjóða viðtakanda að kaupa þau, og vilji hann heldur ekki kaupa þau, þá er honum rjett að taka þau ofan, og flytja af jörðu, eða selja þau hverjum, er hann vill, til burtflutnings. Skal hús rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu, ef leiguliði vill gjöra hús þar, er hin voru, en burt flytja viði og húsaefni fyrir veturnætur. Hús skal að öðru leyti rjúfa svo, að viðtakanda sje sem minnst mein að.

51. grein.

Flytja skal fráfarandi áburð á tún allt, ef til er, áður en hann fer frá jörðu, og skal hann hafa gjört það í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús sem á jörðu eru, heygarða og heytóptir. Vanræki fráfarandi þetta, þá bæti hann viðtakanda það, sem úttektarmenn meta. Ekki má fráfarandi vinna meira á jörðu það vor, er hann flytur sig frá henni, en til búþarfa, og eigi svo, að viðtakanda sje mein að. Ef hann vinnur meira, eignast viðtakandi það. Nú fylgir eggver jörðu, og á viðtakandi öll afnot þess það vor, er hann flytur sig að jörðu. Fylgi reki leigulandi, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

52. grein.

Ábúandi skal hafa öll leiguliðanot af jörðu sinni, nema öðruvísi sje um samið; en það eru leiguliðanot, að hann hafi til notkunar öll þau hús og mannvirki, innstæðukúgildi og öll þau rjettindi, sem jörðu fylgia.

Nú er leiguliðarjettur brotinn og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir eigi, á landsdrottinn sókn þess máls, enda skal leiguliði gjöra landsdrottni aðvart, er leiguliðarjettur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir það mál eða ekki.

53. grein.

Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, nje húsmenn taka, nema landsdrottinn leyfi. Eigi má hann heldur án leyfis landsdrottins ljá öðrum nokkuð af hlunnindum þeim og landsnytjum, er leigulandi hans fylgja. Hann má og eigi selja áburð af jörðu, nje farga honum á annan hátt. Eigi má hann heldur láta burtu hey, sem hann hefur aflað af jörðunni, nema því að eins að hann fái aptur jafngildi í heyi eða beit, eða að hann í harðindum hafi látið heyið gegn öðru endurgjaldi eptir áskorun hreppsnefndar. Ef móti þessu er brotið, varðar það útbyggingu, og skal leiguliði að auki greiða landsdrottni endurgjald fyrir skaða þann, er hann hefir beðið af hinni heimildarlausu notkun á jörðunni.

54. grein.

Ef reki fylgir jörðu, og er hann undanskilinn leiguliðanotum, þá skal leiguliði hirða við þann, er rekur, fyrir landsdrottin, og marka viðarmarki hans. Skal hann gjöra þetta sem sjálfur hann ætti, og draga við úr flæðarmáli, svo eigi taki út aptur. Leiguliði skal eiga af fjöru þeirri álnarlöng kefli og þaðan af smærri. Nú rekur hval, og skal leiguliði festa hann þeim festum og að öllu bjarga sem lög ákveða. Gjöra skal hann og landsdrottni orð, sje hann eigi fjær, en segir í 65. grein, en umboðsmanni hans ella. Rjett er leiguliða að skera þegar hval, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann

hval, er hann sker. Leiguliði skal hafa fullt endurgjald af hvalnum fyrir starf sitt og átroðning.

55. grein.

Skyldur er maður að halda uppi húsum þeim öllum, er þá voru, er hann kom til jarðar og jörðu fylgja, og ábyrgjast fyrning þeirra, svo skal hann og við halda öðrum nytsömum mannvirkjum, sem jörðu fylgja, svo sem túngörðum, vörzlugörðum, matjurtagörðum, fjenaðarrjettum, heygörðum, stíflugörðum og hverju öðru, og endurbæta það á ári hverju, svo að nýtilegt sje, og byggja upp af nýju, ef fallið hefur. Ábyrgjast skal leiguliði innstæðukúgildi jarðar sinnar, að ávallt sjeu til og leigufær. Nú flytur leiguliði sig frá jörðu, eða deyr, og ekkja hans bregður búi, og skal hann eða bú hans skila öllu, er jörðu fylgir, fullgildu, eða með fullu álagi

56. grein.

Ef skriða fellur á hús leigujarðar eða þau verða á annan hátt fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði eða jarðskjálfta, eða þau farast fyrir eldsvoða, sem leiguliða eigi verður sök á gefin, þá skulu landsdrottinn og leiguliði, ef eigi er öðruvísi um samið, gjöra hús aptur í sameiningu. Leiguliði leggi til torfverk allt, en landsdrottinn allt annað, er húsagjörðin útheimtir.

57. grein.

Ef land jarðar spillist af vatnságangi, skriðum, sandfoki, eða öðru því, er leiguliða verður eigi sök á gefin, þá gjöri hann landsdrottni orð, eða umboðsmanni hans, og er honum heimilt að krefjast skoðunar á skemmdunum. Nú þarf eigi meiri kostnað til að bæta skemmdirnar en nemur eins árs landskuld, og bætir þá landsdrottinn og leiguliði þær að helmingi hvor, nema leiguliði vilji næsta ár frá jörðu fara. Verði jörð fyrir meiri skemmdum, eða þeim skemmdum, að hún rýrni til langframa, skal meta, hve miklum hluta landskuldar það nemi ár hvert um ákveðinn tíma, og á þá leiguliði heimting á, að landskuld sje sett niður um helming þess, er skemmdir eru metnar til ár hvert.

58. grein.

Leiguliði skal vinna upp tún og venjulegt engi leigujarðar sinnar, svo að hún sje í fullri rækt. Bregði hann af þessu lengur en eitt ár í senn, missir hann ábúðarrjett sinn.

59. grein.

Nú eru kveðnar jarðabætur á leiguliða, og greinir byggingarbrjef, hverjar sjeu og hve miklar ár hvert, en leiguliði vinnur eigi slíkar, sem tilskilið var, eitt ár í senn, og á landsdrottinn heimting á endurgjaldi fyrir þær eptir óvilhallra manna mati, ef leiguliði vinnur þær eigi þegar. Vinni leiguliði eigi jarðabætur, sem til var skilið, fleiri ár en eitt í senn, missir hann og ábúðarrjett sinn.

60. grein.

Nú vill leiguliði gjöra sjerstaka jarðabót, sem eigi verður talin að eins til þess, að jörðin sje í góðri rækt og yfirhöfuð vel setin, enda sje hún eigi ákveðin í byggingarbrjefi hans, þá skal hann leita um það samkomulags við landsdrottin, en nái hann eigi samkomulagi við hann, þá er rjett, að hann fái óvilhalla menn á sinn kostnað til að meta, hvort þeir ætla varanleg not muni verða að jarðabótinni og tilvinnandi að gjöra hana, og skulu þeir jafnframt gjöra nákvæma áætlun um kostnaðinn við jarðabótina og hversu mikið eptirgjald eptir jörðina megi hækka fyrir hana til frambúðar. Landsdrottni

skal bjóða, að vera við mat þetta. Leiguliði skal þá bjóða, að landsdrottinn láti gjöra jarðabótina og borga jafnframt hálfan kostnaðinn við matið, en að leiguliði skuli svo halda henni við og greiða þá hækkun á eptirgjaldinu, sem metin var. Vilji landsdrottinn það eigi, þá er rjett að leiguliði gjöri jarðabótina á sinn kostnað. Við úttekt jarðarinnar af hans hendi skal þá meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eptirgjaldi fyrir jarðabótina, og hvern kostnað hafi þurft til að gjöra hana, enda sje hún í góðu standi eða fullt álag gjört á hana Kostnaðinn skal fráfarandi þá fá endurgoldinn, en þó aldrei með hærri upphæð en þeirri, sem er 12 sinnum meiri en hækkun eptirgjaldsins.

61. grein.

Nú vill landsdrottinn gjöra jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða, en nái hann því eigi, þá er rjett, að hann láti gjöra jarðabótina eigi að síður, en bæti honum fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans, og er jarðabótinni er lokið, þá getur hann látið óvilhalla menn skoða hana og meta, hversu mikið jörðin megi hækka að eptirgjaldi fyrir jarðabótina; jarðabótina getur hann því næst afhent leiguliða og ber honum upp frá því að halda henni vel við, og svara henni ásamt jörðunni í góðu standi eða með fullu álagi; enn fremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eptirgjaldinu, sem metin var fyrir jarðabótina.

62. grein.

Ef leiguliði situr illa leigujörð sína, svo að tún og engi fara í órækt, eða hún á annan hátt bíður varanlegar skemmdir af hans völdum, innstæðukúgildi falla og hús hrörna um skör fram, og því um líkt, missir hann ábúðarrjett sinn, nema hann lofi að bæta úr því hæsta ár, og setji tryggingu fyrir. Rjett er að landsdrottinn láti gjöra skoðun á jörðunni, hvort er leiguliði fer frá henni eða ekki, og meta til verðs skemmdir þær, er á henni hafa orðið fyrir þessar sakir, og bæti leiguliði þær að fullu.

63. grein.

Er meta skal skemmdir, jarðabætur eða jarðaníðslu, skulu úttektarmenn það gjöra. Landsdrottinn og leiguliði borgi skoðunargjörð að helmingi hvor, nema þegar svo á stendur, er segir í 62. grein; borgar þá leiguliði einn skoðunargjörð, ef hún verður á móti honum, en landsdrottinn ella.

64. grein.

Leiguliði skal greiða alla þá skatta og skyldur, sem á leigujörðu hans liggja, og halda uppi öllum lögskilum af henni, landsdrottni kostnaðarlaust að öllu. Eindagi á kúgildaleigum er fyrir höfuðdag ár hvert, en á landskuld í hvers árs fardögum Nú greiðir eigi leiguliði jarðargjöld á næsta missiri eptir eindaga og hefur hann fyrirgjört ábúðarrjetti sínum.

65. grein.

Skyldur er leiguliði að færa leigur og landskuld á heimili landsdrottins ókeypis, ef eigi er fjær, en þingmannaleið nemi, ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðargjöldum.

66. grein.

Þá er landsdrottinn vill neyta rjettar síns að byggja leiguliða út af jörðu sinni, skal hann það gjört hafa fyrir jól; en leiguliði skal af jörðu fara í næstu fardögum á eptir. Útbygging skal brjefleg vera og við votta, enda sje svo skýrt að kveðið í henni, að leiguliði hafi að vísu að ganga, að hann eigi af jörðu að fara.

67. grein.

Nú vill maður flytja sig af leigujörð sinni áður en ábúðartími hans er liðinn, og skal hann hafa sagt jörðu lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála brjeflega og við votta.

68. grein.

Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörðu sinni eptir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni leigur næsta ár og landskuld. Má landsdrottinn nýta sjer jörð sem hann vill, eða byggja öðrum. Nú hefur leiguliði sagt jörðu lausri í tækan tíma, en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann landsdrottni skaða þann, er jörð bíður af burtför hans, eptir mati óvilhallra manna.

69. grein.

Nú hefur landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, svo sem fyr er sagt, og vill leiguliði eigi flytja sig af jörðu, eða beitir þrásetu, og er landsdrottni rjett að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það eptir almennum rjettarfarsreglum.

VII. kap.

Um úttektir jarða.

70. grein.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargjörð. Úttektarmenn skulu vera tveir, og fer úttekt fram um fardagaleyti. Skal þá gjöra fráfaranda og viðtakanda aðvart með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti til úttektar komið.

71. grein.

Sýslumaður skipar úttektarmenn í hrepp hverjum, svo marga, sem þurfa þykir, eptir tillögum hreppsnefnda. Úttektarmenn skulu eið sverja fyrir sýslumanni. Sjeu úttektarmenn eigi fleiri en tveir í hrepp, skal hinn þriðja til nefna til vara, er úttekt gjöri í forföllum annarshvors hinna, eða með þeim, ef þá greinir á, og ræður þá atkvæðafjöldi. Avallt þar, er úttektarmenn greinir á, skal hinn þriðja til kveðja.

Úttektarmenn skulu hafa starfa sinn á hendi eigi skemmri tíma, en um sex ár.

72. grein.

Uttektarmenn skulu bók hafa, er borgist af sveitarsjóði og sýslumaður löggildir; skal rita í hana allar úttektir jarða. Eigi er úttekt lokið fyr, en svo er gjört. Skulu úttektarmenn því næst rita nöfn sín undir hverja úttekt henni til staðfestingar. Þeir, sem við úttekt eru staddir, fráfarandi, viðtakandi og jarðareigandi, eða umboðsmaður hans, ef hann eigi mætir sjálfur, skulu og rita nöfn sín undir úttekt. Nú skorast þeir undan að rita nöfn sín undir úttekt, og skulu úttektarmenn láta þess við getið í úttektabókinni.

Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eptirrit af úttektum, ef þeir eru þess beiddir, og eiga þeir 50 aura fyrir hverja örk eptirrits.

73. grein.

Úttektarmaður hver skal hafa 2 krónur fyrir hvern dag, sem þeir eru við úttekt hverja. Fráfarandi og viðtakandi kosti úttekt, sinn helming úttektar hvor.

74. grein.

Úttektarmenn skulu taka fyrst út hús þau, er jörðu fylgja, og lýsa þeim greinilega. Lýsa skal göllum, ef á húsum eru, og kveða á hæfilegt álag fyrir þeirra sakir, er frafarandi gjaldi, nema öðruvísi sje um samið.

75. grein.

Næst á eptir jarðarhúsum skal taka út önnur mannvirki, þau er jörðu fylgja, svo sem eru túngarðar, vörzlugarðar, matjurtagarðar, fjenaðarrjettir, heygarðar, stíflugarðar og annað þess konar. Skal lýsa því nákvæmlega og gjöra álag fyrir þeim göllum, sem á því eru.

76. grein.

Rjett er, að úttektarmenn skoði tún, engi og haga, skóg, eggver og aðrar landsnytjar, og meti spjöll á þeim, ef orðið hafa af völdum frafaranda, til álags eptir atvikum.

77. grein.

Úttektarmenn skulu skoða innstæðukúgildi jarða, og meta álag á þau, ef eigi eru leigufær.

78. grein.

Ef einhver, sem hlut á að máli, eigi vill hlíta úttekt, sem gjörð er á jörðu, er honum rjett að krefja yfirúttektar. Skal sýslumaður innan mánaðar vera búinn að fá beiðni hans um, að nefna fjóra menn til yfirúttektar, og skulu þeir haga yfirúttekt svo, sem segir um úttektir. Yfirúttektarmenn eigi sömu laun fyrir starfa sinn, sem úttektarmenn, er krefjandi gjaldi, ef álagsupphæð eigi er breytt, ella fer um gjaldið, sem segir í 73. grein.

VIII. kap.

Um afrjettir, fjallskil, fjármörk, melrakkaveiðar o. fl.

79. grein.

Alstaðar þar sem menn eiga upprekstur á afrjett fyrir geldpening og hross, skal fara um upprekstur þangað, eins og venja hefur verið, eptir því sem sýslunefnd skipar fyrir. En þar sem einstakir hreppar eða einstakar jarðir eiga ekkert upprekstrarland, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd (bæjarstjórn) eða sýslunefnd útvega upprekstrarleyfi fyrir þá hreppa eða þær jarðir, þar sem þess er kostur.

80. grein.

Um rekstur geldfjenaðar, geldneyta og stóðhrossa til afrjettar sem og annað, er afrjettarpeningi viðvíkur, fer eptir því, sem hlutaðeigandi sýslunefnd skipar fyrir um.

81. grein.

Enginn má reka geldpening sinn eða hross í óleyfi í annars manns afrjett; gjöri hann það, þá gjaldi hann afrjettareiganda tvöfaldan afrjettartoll. Gjalda skal hver maður, sem fje á á afrjett, afrjettartoll, nema hann eigi sjálfur rjett til að reka á afrjett borgunarlaust. Afrjettartollur fer eptir því, sem venja hefur verið í hverju byggðarlagi, eða eptir því, sem afrjettareiganda og fjáreiganda kemur saman um, en verði ágreiningur milli þeirra, skulu þeir hlíta úrskurði hlutaðeigandi sýslunefndar.

82. grein.

Nú þykir einhverjum þeirra, er upprekstur eiga í afrjett, eða upprekstrarleyfi hafa fengið, að hún sje ofsett af peningi þeim, er þar á að ganga. Er honum þá heimilt, að snúa sjer til hlutaðeigandi sýslunefndar, og þyki henni kæra hans á rökum byggð, og geti hún annarstaðar útvegað upprekstur fyrir meiri eða minni hluta upprekstrarfjelagsins, þá skal hún gjöra þær ráðstafanir, er í því tilliti eru nauðsynlegar.

83. grein.

Hvervetna þar, sem það svæði er ákveðið, sem reka skal til hverrar afrjettar, má afrjettareigandi eigi taka pening annarstaðar að, en gjöri hann það, missir hann allt að helmingi afrjettartollsins, eptir því sem sýslunefud nákvæmar ákveður.

84. grein.

Ekki má afrjettareigandi nje nokkur annar beita búsmala sínum í afrjett eða verja þar nokkrar slægjur, frá því 8 viknr eru af sumri og til þess 4 vikur lifa sumars. Ekki má heldur hafa selför í afrjett, og eigi setja þar nokkurt grasbýli. Brjóti nokkur á móti þessu, er bygging hans rjetttæk, og hann verður sekur að auki um allt að 50 krónum.

85. grein.

Ef fje gengur úr afrjett í húsjárhaga manna á sumrum, þá fer um rekstur á því, svo sem hlutaðeigandi sýslunefnd skipar fyrir um.

86. grein.

Um fjallskil á haustum og um það, hvernig fjárrjettir skuli vera þar, sem fjenu er safnað saman, o. s. fr., fer eptir því, sem sýslu- og hreppanefndir skipa fyrir, samkvæmt því, er hverju bygðarlagi hæfir. Færist nokkur undan að gjöra það, er honum í þessum efnum verður lagt á herðar, verður hann um það sekur allt að 20 krónum.

87. grein.

Hver maður skal einkenna fje sitt glöggu marki á eyrum, og ef sorамarkað er eða eyrun skemmd, með brennimarki á hornum eða klaufum. Eitt mark skal hver maður hafa á fje sínu og eigi fleiri, nema hlutaðeigandi sýslunefnd leyfi Eigi má maður hafa þjófamark á fje sínu, en þá er þjófamark, ef afeyrt er, eða numið svo báðum megin af eyrum, að undirmörk hverfi með öllu. Rjett er að hafa eitt mark á sauðfje, og annað á hrossum. Eigi þarf að marka annan pening fremur en vill.

88. grein.

Nú vill maður taka upp fjármark, eða breyta því marki, sem hann á, og er honum það heimilt, ef enginn á það mark áður, svo nálægt, að samgöngur megi verða milli fjenaðar þeirra. Sá, sem vill taka upp mark að nýju, eða breyta marki sínu, skal á manntalsþingi lýsa fyrir sýslumanni markinu, og skal þá sýslumaður athuga, hvort nokkur á sama mark í þeirri sýslu, eða svo nálægt, að samgöngur megi verða milli fjenaðar þeirra. Ef það ekki er, þá ritar sýslumaður markið þegar í markaskrá sýslunnar, og lætur hlutaðeiganda vita, að honum sje markið heimilt, annars sendir hann það til baka, og lætur þann, er hlut á að máli, vita, að honum sje markið óheimilt.

89. grein.

Ef menn eiga sammerkt, og á annar erfðamark, en hinn kaupamark eða gjörðarmark, þá skal sá halda markinu, sem erfðamark á, en hinn af bregða Ef annar á

kaupamark, en annar gjörðarmark, þá skal sá af bregða, sem gjörðarmark á; ef tveir menn taka upp sama gjörðarmark, þá skal sá af bregða, sem færra fje á.

Sýslunefud skal heimilt að ákveða eitt brennimark fyrir hvern hrepp í sýslunni, og enn fremur eitt aðal-yfirmark á hægra eyra fyrir sýsluna og á vinstra eyra fyrir hvern hrepp í henni, og eru þá hlutaðeigandi fjáreigendur skyldir að leggja niður þau mörk, er fara í bága við þetta.

90. grein.

Ef maður flytur búnað sinn úr einni sýslu í aðra, þá skal hann fyrir jónsmessu senda sýslumanni fjármark sitt, og beiðast, að það sje innfært í markaskrá sýslunnar. Skal þá sýslumaður athuga, hvort nokkur á sammerkt í sýslunni, og ef það er ekki, þá ritar hann markið þegar í markaskrána, og lætur hlutaðeiganda vita, að honum sje markið heimilt. Annars kostar sendir hann honum markið aptur, og lætur hann vita, að hann verður að bregða út af því.

91. grein.

Hver sýslumaður skal halda eina markaskrá fyrir sína sýslu, og ritar hann árlega í hana öll ný mörk, og markabreytingar í sýslunni. Skrá yfir öll hin nýju mörk í sýslunni skal hann sjá um að prentuð sje nokkru fyrir haustrjettir ár hvert, svo að hún geti verið til afnota í rjettunum. Markaskrána skal prenta upp á 5 ára fresti, og út býta henni svo, að hver fjáreigandi í sýslunni geti fengið hana. Um kostnað við prentun markaskrárinna fer eptir því, sem hlutaðeigandi sýslunefnd ákveður.

92. grein.

Sá peningur, er finnst á haustum á afrjettum eða í heimahögum, og sem enginn finnst eigandi að, skal ganga til þeirrar hreppsnefudar, þar sem lögrjett eða skilarjett er, eða til þess manns í hreppsnefndinni, sem hefur á hendi fjallskilamálefni hreppsins. Skal gjöra lýsing á þeim peningi með mörkum, lit, aldri og einkenni, og senda þá lýsingu næstu hreppsnefndum, og svo langt sem því verður við komið. Nú hafa eigendur leitt sig að sumu fjenu, en ekki að sumu, og skal þá það, sem óútgengið er að næstu veturnóttum, seljast á lögmætu söluþingi. Lýsa skal fjenu enn í blöðunum, og hafi enginn leitt sig eiganda að því að missiri liðnu frá því auglýsingin kom út, fellur andvirði þess í sjóð sveita þeirra, er safna fje að hlutaðeigandi rjett, að frádregnum uppboðskostnaði, og einum sjöttungi af verðinu, sem hreppsnefndinni ber fyrir ómök sín og hirðingu á fjenu, og skiptist það milli sveitarsjóðanna eptir þelm fjárfjölda, er safna skal að rjettinni úr hverri sveit. Nefnt endurgjald fær hreppsnefndin, þó eigendur leiði sig að öllu fjenu.

93. grein.

Ef ómerkingar koma fyrir á afrjettum eða í heimalöndum, og fylgja þeir eigi mörkuðum mæðrum, þá skal selja þá við uppboð. og fer um andvirði, svo sem áður er sagt um andvirði óskilakinda. Á sama hátt skal fara með afeyrðar kindur og þær kindur, sem mark er svo óljóst eða skemmt á, að því verður eigi lýst.

94. grein.

Nú hyggur einhver, að hann eigi kind, sem er ómörkuð eða markið óljóst eða skemmt á, og skal hann þá fara til þess manns, sem kindina hefur í vörzlum sínum, og lýsa fyrir honum þeim einkennum, er á kindinni eiga að vera. Þyki hreppsnefnd þeirri, er hlut á að máli, líklegt eptir lýsingunni, að hann muni kindina eiga, þá getur hún

fengið honum hana í hendur, eða verð hennar, að frádregnum einum sjöttungi, er fellur til hreppsnefndarinnar, svo sem áður segir.

95. grein.

Ákvarðanir þær, sem settar eru um sauðpening í undanfarandi greinum, skulu einnig gilda um stóð. og geldan nautpening, að því leyti, sem þær geta átt þar við.

96. grein.

Um grenjaleitir, grenjavinnslu og aðrar ráðstafanir til að eyða refum, fer eptir því, sem hlutaðeigandi sýslunefnd ákveður.

IX. kap.

Um nýbýli.

97. grein.

Ef maður vill stofna nýbýli á afrjett eða almenningi, þá ber honum að senda bónarbrjef um það til sýslunefndarinnar í þeirri sýslu, sem afrjett eða almenningur liggur undir. Skal sýslunefndin síðan birta í því blaði, sem löggilt er til almenra auglýsinga, að beðið hafið verið um leyfi til að stofna nýbýli á greindum stað, og skora á þá, er mótmæli kynnu að hafa fram að færa gegn nýbýlisbyggingunni, að koma fram með þau brjeflega innan fjögra mánaða, frá því auglýsingin kom út í blaðinu. Síðan skal sýslunefndin ákveða á næsta fundi sínum, eptir að sá 4 mánaða frestur er liðinn, sem þegar var getið, hvort leyfi skuli veitast til nýbýlisbyggingarinnar, að yfirveguðum öllum kringumstæðum.

98. grein.

Nú hefur maður fengið leyfi til að stofna nýbýli, og skal hann þá innan árs frá því að hann fjekk leyfið, beiðast þess af sýslumanni, að sjer verði útmælt land til nýbýlisins. Skal þá sýslumaður með 4 valinkunnum mönnum, er hann til þess nefnir, ríða á landið, ákveða takmörk þess, og meta það til dýrleika og afgjalds. Jafnan skal sýslumaður aðvara landeigendur, eða ef það er almenningur, er stofna skal á nýbýli, þá hlutaðeigandi hreppsnefnd, um að vera við áreiðargjörðina, og skal hann ætla þeim nægan frest til að mæta þar. Á sama hátt skal hann og aðvara þá, er lönd eiga að landi því, er nýbýlið skal stofna á. Þessa gjörð skal senda amtmanni, og frá honum aptur landshöfðingja til staðfestingar, og skal rita hana í þingbók sýslunnar, og láta nýbýlingnum í tje endurrit af henni. Fyrir starfa sinn fær sýslumaður 4 krónur dag hvern, sem hann er við gjörðina, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað eptir reikningi, en hver af áreiðarmönnum fær 2 krónur á dag. Allan kostnað, sem af áreiðargjörðinni leiðir, greiðir nýbýlingur.

99. grein.

Sá, sem hefur fengið land útmælt til nýbýlis á þennan hátt, skal hafa byggt þar bæ og stofnað þar reglulegt býli innan 2 ára, eptir að landið var honum útvísað; ella hefur hann fyrirgjört rjetti sínum til nýbýlisins, og skal þá svo álíta, sem honum hafi eigi verið veitt leyfið.

100. grein.

Nú flytur nýbýlingur að nýbýli sínu og fer að nota það, byggir þar hús o. s. frv., þá skal hann ekkert eptirgjald greiða eptir það hin 2 fyrstu fardagaár, eptir að honum var það útvísað. Frá þeim tíma skal hann greiða eptirgjaldið eigendum landsins, hvort

sem eru einstakir menn eða sveitir, og fer þar eptir um nýbýlið, sem um hverja aðra leigujörð.

101. grein.

Nú deyr nýbýlingur eða flytur burtu af nýbýli sínu, og er þá landeigandi skyldur að kaupa af honum þau hús, sem jörðunni þurfa að fylgja samkvæmt 46. gr. laga þessara fyrir það verð, sem úttektarmenn ákveða.

102. grein.

Sá, sem tekur upp nýbýli og byggir það á eiginn kostnað, skal hin fyrstu 5 ár, er hann býr þar, vera laus við alla þá skatta og gjöld til landssjóðsins, sem ábúanda ber að greiða af jörð sinni, eða þeim peningi, er hann fram fleytir á henni. Deyi nýbýlingur á þessu tímabili, og ekkja hans heldur áfram ábúðinni eptir hann, nýtur hún hins sama rjettar fyrir þann tíma, sem á vantar að nýbýlingurinn hafi notið gjaldfrelsisins svo lengi, sem nú var sagt.

103. grein.

Stofnun nýbýla í heimalöndum er komin undir samningi við landeiganda, og fer um þau býli, sem um hjáleigur, þó skal nýbýlingur, ef hann byggir býlið upp að öllu á sinn kostnað, njóta þess gjaldfrelsis, sem um er rætt í næstu grein á undan.

X. kap.

Ýmislegt um búnaðarmálefni.

104. grein.

Ef tveir menn eða fleiri eiga parta í hinni sömu jörð, þá skal þó ávallt einn maður ráða fyrir byggingu allrar jarðarinnar, og yfir höfuð ganga í landsdrottins stað, nema eigandi vilji sjálfur búa á parti sínum, enda sje sá partur eigi minni en 5 hndr. Komi eigendum eigi ásamt um, hver ráða skal fyrir byggingunni, þá skal atkvæðafjöldi ráða, en ef ekki eru fleiri en 2 hlutareigendur, skal sá ráða, sem meira á í jörðunni, og eigi þeir háðir jafn mikið, skulu óvilhallir menn kveða á um, hver hafa skal byggingarráðin. Sá sem fyrir byggingu ræður, skal tilkynna það sýslumanni; hann ábyrgist og eigendum eptirgjald jarðar og álag.

105. grein.

Leggja má hjáleigu, er eigi hefur ákveðin landamerki og dýrleika, undir höfuðjörðina, ef eigandi álítur það hentugt og hlutaðeigandi sýslunefnd samþykkir það. Amtmanni skal skýra frá um sameininguna.

106. grein.

Nú vill eigandi gjöra sjálfstæða jörð úr slíkri hjáleigu, er talað er um 105. grein, og skall hann þá snúa sjer til hlutaðeigandi sýslunefndar. Ef hún mælir fram með málinu og landshöfðingi veitir samþykki sitt til þess, þá er honum heimilt að krefjast þess, að óvilhallir menn skipti landinu, ákveði glögg landamerki millum hjáleigunnar og höfuðjarðarinnar og meti hina útskiptu jörð til dýrleika.

107. grein.

Nú vill maður leggja eina jörð til annarar, og skal hann þá, ef sýslunefndin mælir með því, leita um það samþykkis landshöfðingja; verði sameiningin veitt, skal lýsa því á manntalsþinginu.

108. grein.

Sama er um það, er maður vill leggja hjáleigu, er eigi hefur verið skilin frá höfuðjörðinni eða landspart eða ítak eða þesshättar frá einni jörð til annarar. Auk þess skulu ákveðin glögg takmörk landspartsins, og kveðið á um, hvernig dýrleika jarðanna skuli skipt milli þeirra.

109. grein.

Ef tveir menn eða fleiri búa á einni jörð, þá eiga þeir hver um sig rjett á að fá óvilhalla menn til að skipta milli þeirra til notkunar túni og engjum, skógi, húsum og innstæðukúgildum, svo að hver fái sinn part út af fyrir sig. Beitilandi, hlunnindum og ítökum skal einnig skipta til notkunar, ef hlutaðeigendur koma sjer saman um það, en sje það eigi, þá hafa þeir afnot þeirra í sameiningu, eptir því, sem hver á tiltölu til, eða sinn tímann hver, ef svo þykir betur fara. Landsdrottni skal ávallt bjóða að vera við, þegar jörðu er þannig skipt til afnota.

110. grein.

Ef skógur fylgir jörðu, hvort sem maður á hann sjálfur eða hefur hann á leigu, skal eigi brúka hann nema til brýnustu heimilisþarfa, eptir því sem hreppsnefnd ákveður. Eigi má brúka til eldsneytis nema kalvið. Aldrei má höggva nýgræðing eða skóg þann, er eigi er fullvaxinn. Eigi má rífa hrís, víði, fjalldrapa eða lyng nema með leyfi hreppsnefndar. Brot mót grein þessari varða sektum allt að 50 krónum, og ef leiguliði á í hlut, þá hefur hann fyrirgjört ábúðarrjetti sínum, og gjaldi landsdrottni þess utan fullar skaðabætur eptir óvilhallra manna mati.

111. grein.

Ef sjór, vötn eða vindur ber hey saman á annars manns land, þá er þeim, sem heyið á, heimilt að hirða það, þar sem það er komið, en flytja skal hann það burtu, þegar það er þurrt orðið, nema landeigandi eða ábúandi leyfi, að hann setji það þar saman. Ef hey tveggja manna eða fleiri rekur eða flæðir saman, og verða þeir eigi ásáttir um skipti á því sín á milli, skal sá, er býr á því landi, sem heyið hefur rekið upp á, skipta heyinu með þeim, og kveður hann 2 óvilhalla menn til þess starfa með sjer.

112. grein.

Heim að hverju byggðu býli skal vegur liggja frá alfaravegi; þar sem hann liggur í gegnum tún, skal vera gata glögg og greið; svo skulu og, þar sem vegurinn þarf að liggja yfir engjar, skýr vegamerki sýna, hvar fara skuli yfir þær, enda sje þar vel fært. Ríði nokkur að nauðsynjalausu, þá jörð er þíð, út fyrir hinn lagða eða einkennda veg, skal hann bæta ábúanda allt að 10 krónum.

113. grein.

Nú tekur maður pening af öðrum til fóðurs, og skal hann þá ábyrgjast þann pening fyrir megurð og fóðurskorti, sem og að hann farist eigi fyrir vangeymslu sakir, en bæta eiganda fullum bótum, ef ástæða er til, að óvilhallra manna áliti. Eigi er fóður fullgilt, nema fóðurpeningur sje með fullum þrótti að áliti óvilhallra manna, og ef það er sauðpeningur, þá skal hann vera í allri ullu. Fóðurtími skal talinn frá 6. október á haustin til 10. mai á vorin.

XI. kap.

Almennar ákvarðanir.

114. grein.

Hvervetna þar sem í lögum þessum er nefnt mat óvilhallra manna og eigi öðruvísi ákveðið, þá skulu þeir vera tveir, kvaddir af sýslumanni, og greiðir beiðandi kostnaðinn við matið.

115. grein.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvörðunum í VIII. kap. og í 110. grein laga þessara, skal fara sem opinber lögreglumál, en með mál út af brotum gegn öðrum ákvörðunum í lögum þessum sem einkamál.

116. grein.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

XII. kap.

Eldri lagaákvarðanir felldar úr gildi.

117. grein.

Lagaboð þau, er hjer greinir, skulu úr gildi falla:

Jónsbókar landsleigubálkur og rekabálkur; úr landabrigðabálki 3., 4., 5. og 7. kap., og úr kaupabálki 15., 16., 17. og 20. kap.; tilskipun 29. nóvbr. 1622 um lögboð, þrætukaup, rjettarspjöll og húsahrörnun, 4. gr.; tilsk. 15. maí 1705 um, að koma af ýmsum óreglum á Íslandi; tilskipun 15. apríl 1776 um rjettindi fyrir þá, sem vilja taka upp eyðijarðir eða óbyggð pláss á Íslandi; opið brjef 4. maí 1778 um rekarjett á Íslandi, 4. og 5. grein; tilskipun 22. júlí 1791 um tryggingu á ábúðarrjetti leiguliða; tilsk. 20. júní 1849 um veiði á Islandi, 1.—4. gr., og sömuleiðis 9., 10. og 15. gr. að því leyti þar er ákveðið, að sýslumenn skuli ótilkvaddir af eiganda lýsa friðhelgi þeirra staða, sem þar er getið, og opið brjef 2. apríl 1853 um breyting á opnu brjefi 4. maí 1778 um rekarjett á Íslandi, 1. gr., að því leyti sem ákveðið er, að landeigandi skuli eignast vogrek þau, sem þar eru nefnd. Svo skal og úr gildi falla allt það, sem annars kann að koma í bága við efni þessara laga í þeim lögum og tilskipunum, sem hingað til hafa verið gild.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við tilbúning frumvarps þessa hefur stjórnarráðið lagt lagafrumvarp það til grundvallar, er neðri deild alþingis samþykkti 1881. Stjórnarráðið hefur því heldur álitið, að svo skyldi að fara, sem frumvarp þetta bæði að því er fyrirkomulagið snertir, og í hinum verulegustu aðalákvörðunum er lagað eptir frumvarpi því til landbúnaðarlaga fyrir Ísland, er lagt var fyrir alþingi það ár, jafnvel þótt því hafi verið breytt í ýmsum atriðum við meðferð málsins á þinginu.

Þareð hið stutta nefndarálit alls eigi fer neinum orðum um hinar einstöku ákvarðanir stjórnarfrumvarpsins, og eigi hafa gjörðar verið breytingaruppástungur við hinar einstöku greinir þess — er þó mátti vænta, og sem skýlaust er gjört ráð fyrir í þingskaparlögun-

um, — en skýringar þær, er framsögumaður nefndarinnar ljet í tje við umræður málsins, og sem færa áttu ástæður fyrir frumvarpi því, er nefndin hafði búið til, eigi eru fullnægandi til þess að geta fengið ljósa hugmynd um ástæðurnar fyrir breytingum þeim, er gjörðar hafa verið við stjórnarfrumvarpið, hefur veitt erfitt að fá fulla vissu um, hvort breytingar þessar mætti álítast hentugar eður eigi; en að því leyti efi hefur á því leikið, verður þess getið síðar við hinar einstöku greinir. Að öðru leyti skal þess getið, að eigi hefur þótt nauðsynlegt í athugasemdum þeim, er hjer fara á eptir, að minnast sjerstaklega á þær ákvarðanir í lagafrumvarpi þessu, sem stjórnin ekki hefur haft neitt sjerstaklegt að athuga við, — hvort sem þær eru teknar upp úr hinu fyrra stjórnarfrumvarpi, eða það eru nýjar átkvarðanir, er deildin hefur samþykkt eptir tillögum nefndarinnar, — og hefur því þótt nægja að gjöra að umtalsefni þær ákvarðanir í frumvarpi deildarinnar, sem stjórnarráðinu hefur annað hvort eigi þótt eiga við í landbúnaðarlögum, eða þótt óaðgengilegar eður ónauðsynlegar, eða sem nauðsynlegt hefur verið að koma öðruvísi fyrir, eða gjöra tilbreytingar við, eða fella úr og setja aðrar í staðinn

Samkvæmt þessu skal nú um hinar einstöku ákvarðanir þess efnis gjöra þær athugasemdir, er hjer fara á eptir:

Eptir stjórnarfrumvarpinu, 1. kap. 1. gr., er jörð hvert það býli, er land fylgir, er nemur 1 hundraði að jarðardýrleika. Minni býli eru kölluð þurrabúðir, og leiddi þá af sjálfu sjer að ákvarðanir þær, er gjörðar eru um jarðir í lagafrumvarpinu, yrðu eigi heimfærðar upp á þær. Eptir frumvarpi deildarinnar þarf býlinu að fylgja land, er eigi sje minna en 5 hundruð. ef jörð skal vera, en býli með minna landi kallast smábýli. Við þetta er ákvörðunin orðin óljós, og verður að ráða bót á því. Það sýnist nefnilega að leiða af mótsetning orðanna „jörð“ og „smábýli“, að eigi beri að telja smábýli með jörðum, en á hinn bóginn verður eigi álitið, að frumvarpið hafi ætlast til, að lögin skuli eigi ná til annara býla, en þeirra, er eiga 5 hundruð í landi; því að þá kæmist frumvarpið í bága við það, sem bæði jarðabókin frá 1861 og löggjöf Íslands yfir höfuð hefur gengið út frá, með tilliti til notkunar slíkra býla, byggingar þeirra, sölu, gjalda til hins opinbera, kosningarrjettar, er þeim fylgir o fl., og kæmist með því glundroði á það rjettarástand, sem nú er. Segja má ef til vill, að eigi sje það heldur allskostar rjett að hafa orðið „þurrabúð“ um þau býli, er nokkuð land fylgir, þótt lítið sje, en það liggur þó í sjálfri hugmyndinni, að slíkt býli verður eigi talið til jarða, og ef nokkur vafi skyldi á því leika, þá hefði mátt komast hjá því með því að breyta orðunum „minni býli eru þurrabúðir“ í: „býli með minna landi teljast eigi með jörðum, og ná ákvæði laga þessara því eigi til þeirra“, eða því um líkt. Þarsem ennfremur uppí greinina er tekin ákvörðun um, að land það, er býlinu fylgir, megi ekki vera partur úr annari jörð, er stjórnarráðinu eigi ljóst, að hverju það lítur, því eigi ákvörðunin við ítak í annari jörð, þá leiðir slíkt af sjálfu sjer. Loks er viðtætirinn í enda greinarinnar, þar sem segir, að „hjáleigur megi gjöra að jörðum“ eigi allskostar rjettur, því að nú þegar eru til hjáleigur, er verða að skoðast sem sjálfstæðar jarðir, þareð þær hafa sjerstök landamerki og dýrleika, og þurfa því eigi að gjörast til sjálfstæðra jarða. Viðbætirinn um „óværueignir“ í 1. kap. 2. gr. virðist ekki vera til neins gagns, þareð orð þetta nú á dögum er allsendis óþekkt, og verður eigi skilið nema farið sje til þess tíma, er fyrir löngu er liðinn. Orðabreytingin í seinustu setning greinarrinnar (um almenninga) er líka óþörf, því hið sama er nógu greinilega tekið fram í stjórnarfrumvarpinu.

Eptir því, sem sagt hefur verið, hefur stjórnarráðinu eigi þótt ástæða vera til að aðhyllast neina af breytingum þeim, er neðri deild alþingis hefur gjört á þessum greinum stjórnarfrumvarpsins. En því verður ekki neitað, að þær útskýringar, er greinir

þessar innihalda, hafa í raun og veru litla þýðingu, þarsem kafli þessi stendur eigi í neinu nánara sambandi við hinar aðrar ákvarðanir lagafrumvarpsins; og þareð ólíkar skoðanir virðast hafa komið fram á alþingi um það, hvernig rjettast sje að ákveða hugmyndina um jörð, en þeirri reglu mun hingað til hafa fylgt verið, að telja með jörðum sjerhverja byggða lóð, án tillits til stærðar hennar, og löggjafinn hefur fylgt sömu skoðun, þá hefur stjórnarráðinu þótt rjett, að fella þenna kafla algjörlega úr lagafrumvarpinu.

I. kap. (II. kap. í frumvarpi deildarinnar).

Almenn landrjettindi.

Við 5. grein. Þareð eigi þarf lengur að óttast, eins og greinin nú er orðuð, að orðið „fiskhelgi“ geti valdið misskilningi, hefur eigi þótt ástæða til að hafa ámóti því, að hún sje tekin upp í frumvarpið, þótt hún í rauninni sje óþörf sem sjerstök grein, þarsem eðlilegast er, að fjarlægðar-ákvörðunin sje sett í samband við þær greinir frumvarpsins, er tala um flutninga og hvalreka, nefnilega 14. og 15. grein. Heldur eigi hefur þótt ástæða til að hafa á móti því, að fiskhelgin eptir frumvarpi deildarinnar nær lengra út frá landi, en hið fyrra stjórnarfrumvarp fór fram á, enda er það að nokkru leyti komið undir álitum, hvar takmörkin eigi að setja. Greinin er því hjer ábreytt tekin upp úr deildarfrumvarpinu.

Við 8. grein. Þessi grein stóð í frumvarpi nefndarinnar, en var við 3. umræðu deildarinnar felld, þó aðeins með 10 atkvæðum. Grein þessi er komin frá frumvarpi landbúnaðarnefndarinnar, og var sú ástæða færð til fyrir henni, að hún væri í samhljóðan við áþekkar ákvarðanir um veiðirjettinn í tilsk. 20. júní 1849, 4. gr., og að hún mætti þykja hentug og eiga vel við á Íslandi, og hefur því þótt rjett að taka hana upp aptur.

Við 16. grein. Einsog þegar er skýrt frá í athugasemdum við hið fyrra frumvarp stjórnarinnar, er hún á þeirri skoðun, að landssjóður eigi að eignast vogrek það (rekin skip og góz), er getur um í opnu brjefi 4. maí 1778, 1. gr., og lögum um skipaströnd 14. janúar 1876, 22 og 23. gr. Fyrir því hefur hjer að lútandi ákvörðun á nýverið bætt aptan við greinina.

II. kap.

Um sameiginleg rjettindi jarða.

Í frumvarp þetta eru ekki uppteknar hinar nýju greinir, 19. og 20. gr., sem voru settar í deildarfrumvarpið, þareð stjórnarráðinu þótti í þeim gengið of nærri eignarrjetti nágrannanna. Það verður nefnilega eigi álítið rjett, að neyða megi nokkurn til þess að láta af hendi við annan óviðkomandi mann notkun jarðar sinnar, jafnvel þótt maður sá geti með því bætt sína eigin jörð; og þótt slíkt sje þeim skilmála bundið, að eigandi skuli engann skaða líða, er rjettar hans þó eigi með því nægilega gætt, þareð þetta er komið undir áliti virðingarmanna. Þau hjer umræddu sjerstöku tilfelli virðast heldur ekki svo mikils virði, að nauðsyn beri til, að skipa fyrir um það með lögum, virðist því rjettast að menn með frjálsum samningum komi sjer saman um þessi atriði, einsog hingað til hefur átt sjer stað.

III. kap.

Um lögkvaðir á jörðum.

Við 22. grein. Orðinu „tún“, er ekki stóð í hinu fyrra stjórnarfrumvarpi, er hjer sleppt, þareð eigi á ráð fyrir því að gjöra, að nýr alfaravegur verði lagður um tún manna.

Í deildarfrumvarpið 27. grein var tekin upp ákvörðun um skyldu til að láta þurfandi ferðamanni í tje húsaskjól. Áþekk ákvörðun var áður eptir landbúnaðarnefndarfrumvarpinu tekin upp í hið fyrra stjórnarfrumvarp. Framsögumaður nefndarinnar hefur samt sem áður gjört þá athugasemd um þessa ákvörðun, að eptir því, sem venja væri til á Íslandi, mundi mjög sjaldan þurfa á henni að halda, og þareð engin ástæða er til að efast um hina alkunnu gjestrisni á Íslandi, og því eigi verður neitað, — einsog líka sagt hefur verið á alþingi — að ákvörðun þessi á ekki heima á þessum stað, þá hefur rjettast þótt, að fella greinina úr þessu frumvarpi.

IV. kap.

Um ítök í annara manna lönd.

Þessi kafli er í heild sinni samhljóða deildarfrumvarpinu.

V. kap.

Brot á landrjettindum.

I 42. grein deildarfrumvarpsins var tekin upp hin sjerstaklega ákvörðun, að ef maður vill koma í veg fyrir, að skepnur hans verði settar inn, þá geti hann fyrir hvert fardagaár fyrir fram boðið nágranna sínum að gjalda ágangsbætur, er óvilhallir menn meta eptir á. Ef svo er, sem sýnist, að skilja eigi ákvörðun þessa á þann veg, að hlutaðeigandi sje skyldur að taka boði nágrannans, þá skerðir hún um of samningsfrelsi manna, en sje ekki svo, er hún með öllu óþörf; því að auðvitað er, að hlutaðeigendur geta samið svo með sjer, sem getur um í greininni. Greininni er því slept hjer, einsog líka tilvísuninni til hennar í 38. gr. deildarfrumvarpsins í endanum.

VI. kap.

Um byggingu jarða og skyldur og rjettindi landsdrottins og leiguliða.

Við 41. grein. Þessi grein svarar til 46. gr. í deildarfrumvarpinu, er í mörgum og merkilegum atriðum hafði breytt 43. gr. í hinu fyrra stjórnarfrumvarpi, en miður heppilega að skoðun stjórnarráðsins. Þannig fór stjórnarfrumvarpið fram á, að sá, er notar útijörðina, skyldi við halda öllum húsum og mannvirkjum á henni, en í deildarfrumvarpinu eru hús með berum orðum undantekin, og finnst ekki næg ástæða til þess. Hið sama er að segja um, að deildin hefur fellt úr ákvörðun stjórnarfrumvarpsins um, að sá, er notar útijörðina, skuli inna skatta alla og gjöld af henni.

Aptur á móti var í deildarfrumvarpinu bætt við hegningar-ákvörðun um það, ef notandi vanrækir viðhaldsskylduna, sem getið er um í greininni, eða lætur jörðina spillast

fyrir vanhirðing. En um slíka hegningarákvörðun getur eptir hlutarins eðli ekki verið spursmál; þar á móti ætlar stjórnarráðið, að sleppa megi sem ónauðsynlegri þessari ákvörðun um viðhalds-skylduna, einsog gjört hefur verið í frumvarpi því, er efri deildin samþykkti 1879. Samkvæmt þessu er greininni breytt, og skal auk þess vísað til 105.—108. greina hjer á eptir um ákvörðun þá um hjáleigur og smábýli, er getur um í enda greinarinnar (í deildar-frumvarpinu).

Hinum 2 nýju greinum deildar-frumvarpsins, 47. og 48. gr., er sleppt, þareð þær ekki eiga heima í landbúnaðarlögum, en í sveita- og fátækra löggjöf, og auk þess verður eigi fallist á síðari greinina að efninu til, einsog skýrt er frá í athugasemdum við frumvarp það, er stjórnin lagði fyrir alþingi 1881.

Við 53. grein. Aptan við greinina er bætt hegningarákvörðun, sem virðist öldúngis nauðsynleg; var hún og í hinu fyrra stjórnarfrumvarpi, en henni sleppt úr frumvarpi deildarinnar.

Við 56. grein. Seinni hluta 63. greinar deildarfrumvarpsins er sleppt. þareð eigi verður sjeð, hvernig úttektarmennirnir geti með nokkurri vissu dæmt um, hvernig þau hús, sem farizt hafa, hafi verið á sig komin áður en þau eyðilögðust.

VII. kap.

Um úttektir

er í heild sinni samhljóða deildarfrumvarpinu.

VIII. kap.

Um afrjettir, fjallskil, fjármörk, melrakkaveiðar o. fl.

Við 80. grein. Orðunum í tilsvarandi 87. grein deildarfrumvarpsins: „og fjallskil á haustum“ er hjer sleppt, en þau eru tekin upp í 86. gr. hjer á eptir.

82. grein er með lítilli orðabreyting að niðurlagi samhljóða 89. grein deildarfrumvarpsins.

Við 86. grein. Rjettast þykir að hafa í sjerstakri grein almenna ákvörðun um fjallskil á haustum, og um fyrirkomulag á fjárrjettum o. fl. (smbr. frumv. stjórn. frá 1881, 91. og 93. gr.).

IX. kap.

Um nýbýli.

Við 97.—103. grein. Eptir uppástungu meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar var í hið fyrra stjórnarfrumvarp tekinn upp sjerstakur kapítuli (X. kap.) um nýbýli; og voru þar settar nákvæmar reglur um stofnun nýbýla á afrjettum og almenningum, en jafnframt því ákveðið, að stofnun þeirra í bygðum skyldi komin undir samningi við hlutaðeigandi jarðeigendur. Neðri deild hefur aptur á móti sleppt öllum kaflanum að undantekinni greininni um býbýli í bygðum. Færði framsögumaður það til, að nýbýli,

einkum á afrjettum, væri eigi æskileg, þareð afrjettirnar væru fremur of litlar en of stórar, og væri eigi ástæða til að hvetja menn til að stofna þau með því að veita þeim þau hlunnindi, er stjórnarfrumvarpið færi fram á.

Að því, sem kunnugt er, kemur það nú sjaldan fyrir að nýbýli sjeu stofnuð, og þareð það, eptir frumvarpi stjórnarinnar, er öldungis komið undir hlutaðeigandi sýslunefnd, hvort samþykki fæst til þess, sýnist alls eigi hætt við, að nýbýli verði stofnuð á þeim stöðum, er þau gætu orðið til skaða, en vel má ætla, að á einstöku stöðum sje svo ástatt, að það gæti verið til gagns fyrir hlutaðeigandi sveit, að kostur væri á að stofna þar nýbýli.

Af nefndum ástæðum hefur stjórnarráðið haldið, að rjett væri að taka hjer upp aptur ákvarðanir hins fyrra stjórnarfrumvarps um þetta efni, þó með þeirri breytingu, að rjettur sá, er nýbýlingur og ekkja hans eptir frumvarpinu (108. gr.) áttu að hafa til að búa lífstíð sína á nýbýlinu við sama leigumála, sem frá upphafi var ákveðinn, falli burt, og að skattfrelsið í 110. grein sje fært niður í 5 ár. Aptur á móti virðist sanngjarnt, að nýbýlingurinn sje laus við að greiða eptirgjald af jörðinni hin fyrstu 2 árin (smbr. stjórnarfrumvarpið, 108. gr.), þar þess er eigi að vænta, að not þau, er hann hefur af býlinu þessi árin, hrökkvi til fyrir kostnað þann, er hann hefur haft af byggingum og ræktun jarðarinnar.

X. kap.

Ýmislegt um búnaðarmálefni.

Við 105.—108. grein. Þessar greinir koma í stað 105.—109. greina deildarfrumvarpsins, sem þóttu yfir höfuð vera miður heppilega samdar, og mun það einkum hafa komið til af því, að deildin hefur gengið út frá þeirri, að ætlan stjórnarinnar, röngu skoðun, að hjáleigur verði eigi taldar með sjálfstæðum jörðum, jafnvel ekki þótt þær sjeu skildar frá annari jörð, og hafi sín eigin landamerki og dýrleika, og af því, að greint var millum smábýla og stærri jarða.

110. grein deildarfrumvarpsins er sleppt, þareð bannið gegn lengri en 50 ára leigumála virðist bæði í sjálfu sjer ósanngjarnt, og auk þess allsendis óþarft, þarsem svo langur leigumáli á sjer ekki stað á Íslandi, og ólíklegt, að hann verði tekinn upp þar.

Í 112. grein deildarfrumvarpsins var sett hin sjerstaklega ákvörðun, að hver maður sje skyldur að hafa nægilegt húsrúm fyrir pening þann allan, er hann setur á vetur, og sæti ella sektum allt að 50 krónum. En auk þess, sem það sýnist vera gengið allt of nærri eigandanum, er honum er lögð slík skylda á herðar, og hann með því settur undir umsjón, er þaraf leiðir, verður þess að geta, að það er sumstaðar venja að láta peninginn, einkum fjenað og að nokkru leyti hesta, ganga úti allan veturinn, án þess honum sje ætlað hús eða hey, sem heldur eigi verður fengið á sumum stöðum.

Þegar svo er ástatt, yrði slíku boði eigi fullnægt og eigandinn yrði þá neyddur til að farga pening sínum, sem þó ekki mun hafa verið ætlast til. Greininni er því sleppt.

Eptir uppástunga landbúnaðar-nefndarinnar voru teknar upp í stjórnarfrumvarpið, 117. og 118. gr., nákvæmar ákvarðanir, er miðuðu til þess að koma í veg fyrir, að beitilöndunum yrði ofþyngt með miklum fjenaði, er svo var ákveðið að hver, er hlut átti að máli mætti krefjast ítölu fjár í haga, og skyldu óvilhallir menn til þess kvaddir. Ákvörðun um þetta efni var og tekin upp á frumvarp það um byggingu jarða og úttektir, er efri deildin samþykkti 1879, þótt hún ætti þar alls eigi við, og sýnist það að benda á, að slíkar ákvarðanir þættu mikils verðar.

Framsögumaður hefur aptur á móti eindregið mælt á móti þessum ákvörðunum, þar mjög erfitt mundi veita að beita þeim, og þær yfir höfuð væru óhentugar, og hefur neðri deildin því fellt þær úr frumvarpinu; og með því stjórnarráðið einnig verður að álíta, að ráða megi þessum sjerstaklegu málum til lykta eins og hingað til með frjálsum samningum þeirra, er hlut eiga að máli, og, ef með þarf, fyrir millumgöngu hlutaðeigandi hreppsnefndar, þá hefur eigi þótt næg ástæða til að taka þessar ákvarðanir upp í lagafrumvarp það, er hjer liggur fyrir.

110. grein er samljóða 113. grein deildarfrumvarpsins, að öðru leyti en því, að setningunni: „Sje leiguliðanot — — — skyldur að hlíta því“, er sleppt sem sjálfsagðri.

Hin sjerstaklega ákvörðun í 115. grein deildarfrumvarpsins er ekki til þess fallin, að takast upp í lögin; og sama er að segja um það, sem fyrir er mælt í 117. grein frumvarpsins; þykir bezt henta, að hrepps- og sýslunefndir komi því fyrir með reglugjörðum. Þessum greinum er því sleppt í frumvarpi því, er hjer liggur fyrir.

XI. kap.

Almennar ákvarðanir.

114. grein er samhljóða fyrri hluta 119. greinar deildarfrumvarpsins. Síðari hluta greinarinnar er þar á móti sleppt, þareð það mundi hafa óþarfa töf og kostnað í för með sjer, ef menn gætu fengið yfirmat hvervetna þar, er virðing skal fram fara eptir frumvarpinu, en yfirúttekt á jörðum er heimiluð í 78. grein.

XII. kap.

Eldri lagaákvarðanir felldar úr gildi.

Við 117. grein. Setningin: „aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna — — — óskilafje“ er felld úr, smbr. lög um borgun handa hreppstjórum o. fl. 13. febr. 1882, 14. grein.

7.

Frumvarp

til

laga um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland

(lagt fyrir alþingi 1883).

---

1. grein.

Fiskiveiðar í landhelgi skulu aðeins vera heimilar dönskum þegnum, eins og hingað til. Þó er hlutafjelögum heimilt að reka fiskiveiðar þessar, þótt eigi sjeu allir

fjelagsmenn danskir þegnar, ef að minnsta kosti helmingur fjelagsfjárins er eign slíkra fjelagsmanna, og stjórn fjelagsins hefur aðsetur sitt á Íslandi eða í Danmörku.

2. grein.

Áður en fjelagið tekur til starfa, skulu samþykktir þess sýndar lögreglustjóra þar á staðnum; skal hann gæta þess, að þær sjeu lögum samkvæmar, og yfir höfuð hafa umsjón með fyrirtækjum fjelagsins. Að öðru leyti er fjelagið að því, er fiskiveiðarnar snertir, háð hinum almennu lögum um fiskiveiðar í landhelgi.

3. grein.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10—200 kr., er greiðast í landssjóð. Hið opinbera sækir slík mál, og skal með þau fara, sem með opinber lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eptir að stjórnarráðið hafði komist að raun um, að ákvæðum laganna um, að fiskiveiðar í landhelgi aðeins eru heimilaðar dönskum þegnum, eigi hafði fylgt verið við síldarveiðar, sem hin síðustu árin hafa verið stundaðar, einkum á fjörðum austan og norðan lands, þarsem veiðar þessar höfðu mestmegnis reknar verið af Norðmönnum, er eigi gátu álitist að hafa tekið sjer fast heimili á Íslandi, þótti stjórnarráðinu ástæða til í brjefi til utanríkisstjórnarinnar 7. febrúar 1882 að fara þess á leyt, að bæði þessi lagaregla, og önnur lagaboð, er snerta fiskiveiðar í landhelgi, er efast mátti um, að fram væri fylgt, yrði gjörð Norðmönnum kunnug af hinum dönsku konsúlum í Noregi, og jafnframt þessu var skorað á landshöfðingja, að brýna fyrir bæjarfógeta og sýslumönnum, að gæta þess nákvæmlega, að ekki væri brotið ámóti lögunum um þetta efni, eða farið í kring um þau. Að öðru leyti skal um þetta vísað til stjórnartíðindanna 1882 B. blaðsíðu 77—79, þar sem brjef þessi standa.

Það getur nú enginn efi á því leikið, að lagaregla sú um útilokun útlendinga frá fiskiveiðum í landhelgi, sem getur um í tilskipun 13. júní 1787 I. kap. 2. grein, og endurtekin er í tilskipun 12. febrúar 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland, hafa hina mestu þýðingu fyrir einn af aðalatvinnuvegum landsbúa, og að eigi getur komið til greina að afnema hana eða leiða hjá sjer að framfylgja henni, þótt aðeins væri um eina tegund fiskiveiða að ræða, eða um fiskiveiðar einstakrar útlendrar þjóðar, þarsem slíkt brot á höfuðreglunni mundi hafa í för með sjer miklar afleiðingar og hættulegar fyrir fiskiveiðar Íslands. Þar á móti hefur stjórnin eptir tilmælum landshöfðingja tekið til íhugunar, hvort eigi mundi vera ástæða til að gefa aðrar, ákveðnari og ítarlegri reglur, en nú eru, um það, með hverjum hætti útlendir geti orðið danskir þegnar, og með því fengið að taka þátt í fiskiveiðunum, þareð menn, einsog komið hefur fram, ýmist hafa misskilið eða beitt misjafnlega reglum þeim, er kveða á um, að fast heimili í landinu sje skilyrði fyrir því að geta orðið aðnjótandi hinna umtöluðu rjettinda. En nú er svo, að spursmálið um, hver sjeu skilyrðin fyrir því, að geta orðið danskur þegn, hefur hina mestu þýðingu í mörgum öðrum greinum en þeim, er snerta rjettin til fiskiveiða, og hjer getur því aðeins komið til greina, að kveða nákvæmar á um, hvernig heimilistaka útlendra skuli vera lögð, til þess að þeir fái aðgang til fiskiveiða. En nákvæmari ákvörðun um þetta mundi, ef ekki ætti að sleppa hugsuninni í þeirri reglu, er nú gildir, að öllum líkindum aðeins leiða til

þess, að kröfurnar í þessu tilliti yrðu strangari en nú á sjer stað. Þetta mundi einkum koma fram, ef fara ætti fram á að krefjast þess, að útlendingar skyldu hafa dvalið vissan tíma í landinu, áður þeim yrðu heimilar fiskiveiðar, en þessi krafa liggur þó beint við, ef setja á glögg takmörk til að fara eptir, og er þetta einmitt gjört í frumvarpi því til laga um fiskiveiðar, er lagt var fyrir hið síðasta danska ríkisþing, þarsem farið er fram á, að 5 ára dvöl sje skilyrði fyrir þessum rjetti. En þótt nú, ef sett yrði föst tímatakmörk fyrir dvöl þeirri, er skyldi vera skilyrði fyrir aðgangi til fiskiveiða, við það ynnist, að þá yrði hægar um að dæma, hvort útlendur maður í raun og veru hafi eignast fast heimili, þá hefur stórnarráðinu þó ekki þótt ráð að koma fram með uppástungu um slík tímatakmörk, er takmarka mundi svo aðgang þann, er nú er svo hægur fyrir útlendinga, er ná vilja þessum rjettindum, að það mundi aptra mörgum frá að búsetja sig á Íslandi; og þarsem erfitt veitir, að gefa neina aðra reglu, er skeri úr um, hvort fast heimili sje fengið eður eigi, hefur þótt bezt henta að halda óbreyttri ákvörðun þeirri, er nú gildir, og eptir henni verður þá, er dæma skal um, hvort útlendingur hafi eignast fast heimili, og um leið heimild til að stunda hinn umrædda atvinnuveg, að taka tillit til allra málsatvika, og þá sjerstaklega til þess, hve lengi hann hefur dvalið í landinu.

Aptur á móti hefur stjórnarráðið álitið, að ástæða gæti verið til að verða við óskum þeim, er, að því sem stjórnarráðinu er kunnugt, eru mjög almennar á Islandi, og fara fram á, að landsmönnum verði leyft að nota útlendinga til hjálpar sjer við stundun fiskiveiðanna.

Svo sem kunnugt er, hafa Íslendingar og Norðmenn á seinni árum gengið í hlutafjelög til þess að reka síldarveiðar við Ísland. Þarsem nú slíkar veiðar hafa áður verið nálega ókunnar á Íslandi, er eðlilegt, að menn hafi tileinkað það dugnaði og reynzlu Norðmanna og miklu þekking þeirra á veiðarfærum þeim, er hjer þurfa, að veiðar þessar hafa heppnast svo vel, og ætlað, að hluttekning þeirra í fiskiveiðum Íslendinga sje nauðsynlegt skilyrði fyrir framförum í þeim.

En eptir gildandi lögum landsins (opnn. brjefi 7. marz 1787 og tilsk. 13. júní s. á.), er stjórnin verður að framfylgja, er þessi hluttekning útlendinga í fiskiveiðunum óleyfileg, og ber því nauðsyn til að breyta þessum lögum, ef útlendingar eiga eigi að vera byrgðir úti frá allri hluttekning í fiskiveiðum í landhelgi. Lagafrumvarp það, er hjer liggur fyrir, miðar að því, að skipa þessu fyrir á þann hátt, er helzt má álíta, að sje samkvæmur þörfum og óskum Íslendinga, án þess þó að brjóta aðalreglu þá, er allar þjóðir fylgja fram, og sem aðeins heimilar ríkisþegnunum fiskiveiðar í landhelgi; því að þess kyns hlutafjelag, er lagafrumvarpið talar um, mun, þótt allir hlutar þess sjeu eigi í höndum innlendra, samt bera það með sjer, að það er innlendt, ef stjórn þess hefur aðsetur á Islandi eða í Danmörku, og þeir, er í stjórn eru, eru danskir þegnar.

Eptir þessar almennu athugasemdir skal nú við hinar einstöku greinar bæta því við, er hjer segir:

Við 1. grein.

Breyting sú, er til er ætlast að gjörð sje á gildandi lögum með grein þessari, á aðeins við fiskiveiðar hlutafjelaga; þ. e. þeirra fjelaga, þar sem fjelagsmenn aðeins eru hluttakandi með fje því, er þeir leggja til þarfa fjelagsins, en takast eigi sjálfir (persónulega) á hendur aðrar skuldbindingar fyrir fjelagið. Önnur fjelög en hlutafjelög hafa þannig enn sem fyr eigi rjett á að reka fiskiveiðar í landhelgi, nema allir fjelagsmenn sjeu danskir þegnar — þarsem það er gjört að skilyrði fyrir því, að hlutafjelag megi stunda fiskiveiðar í landhelgi, að að minnsta kosti helmingur fjelagsfjárins sje eign Íslendinga eða Dana, þá skal þess getið, að nauðsyn ber til, að setja takmörk fyrir því, hve mikill hluti fjelags-

fjárins geti verið eign útlendra, af maður á eigi að eiga það á hættu, að veiðarnar komist að mestu í hendur þeirra, en af því mundi leiða, að hagnaður sá, er Islendingar ættu að hafa af hlutekning útlendra fjelagsmanna, yrði mjög lítils virði, og sambandið við þá ef til vill verða fremur til skaða en gagns fyrir fiskiveiðar Íslendinga.

Til þess að fullnægja hinu öðru skilyrði í greininni, að stjórn fjelagsins hafi aðsetur á Íslandi eða í Danmörku, er eigi nóg, að fjelagið hafi heimili á öðrum hvorum staðnum, heldur verða líka þeir, er í stjórninni eru, að búa þar.

Við 2. grein.

Skylda sú, er grein þessi getur um, að fjelagið skuli, áður en fiskiveiðarnar byrja, sanna fyrir lögreglustjóranum þar, er fiskiveiðarnar eiga fram að fara, að fullnægt sje skilyrðunum fyrir hluttekning þess í fiskiveiðum í landhelgi, hvílir á öllum hlutafjelögum, þarsem útlendingar eru fjelagsmenn, ef þau vilja veiða í landhelgi.

Það hefur verið álitið nægja að fjelagið, áður en það í fyrsta skipti tekur til starfa, sanni rjett sinn til fiskiveiða fyrir lögreglustjóra þar, sem fiskiveiðarnar eiga að fram fara; en að öðru leyti er það sjalfsagt, að lögreglustjóri getur, hvenær sem vera skal, heimtað þær upplýsingar, er hann álítur nauðsynlegar til framkvæmdar umsjóninni.

Við 3. grein.

Hegningarákvarðanir þær, er greinin fer fram á, eiga við, þegar hlutafjelag, er aðsetur hefur á Íslandi eða í Danmörku, og því er svo varið, sem getur um í lögum þessum, stundar fiskiveiðar í landhelgi án þess að fullnægja skilyrðunum í 1. grein laganna, eða það eigi skeytir fyrirmælum 2. greinar um að tjá sig fyrir lögreglustjóra, eða þar brýtur ámóti hinum almennu fiskiveiðalögum. Aptur er það sjálfsagt, að hegningarákvæðin í tilskipum 12. febrúar 1872 eiga við þá, er útlend hlutafjelög veiða í landhelgi.

8.

Frumvarp

til

laga um breyting á 1. grein, 2. lið í tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní 1869.

(Lagt fyrir alþingi 1883.)

Til þess að skip, sem er eign hlutafjelags, geti með skrásetning á Íslandi öðlazt rjett til að hafa danskt flagg, verður hlutafjelagið að vera háð íslenzkum eða dönskum lögum. Auk þess verður stjórn þess að hafa aðsetur á Íslandi eða í Danmörku, og vera skipuð fjelagsmönnum, er fullnægi skilyrðum þeim, er sett eru í tilskipun 25. júní 1869 1. grein, 1. lið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sökum þess að 1. gr. 2. lið. í hinum dönsku skrásetningarlögum 13. marz 1867 var ógreinilega samin, hafa, þegar tjeð lög voru lögleidd á Íslandi, hinar tilsvarandi ákvarðanir í hinum íslenzka texta, er setja skilyrðin fyrir því, að skip, sem er eign hlutafjelags, geti með skrásetning öðlazt heimilisrjett á Íslandi, orðið þannig orðaðar, að til þess að skipið geti orðið skrásett á Íslandi, verða allir fjelagsmenn að vera danskir þegnar; en eptir hinum dönsku lögum nægir, að allir þeir, er í stjórn fjelagsins eru, uppfylli þenna skilmála. Þótt stjórnarráðið hafi ástæðu til að ætla, að, þá sjaldan að það hefur komið fyrir, að skip hlutafjelaga hafa skrásett verið sem íslenzk, hafi aðeins verið heimtað, að þeir, er í fjelagsstjórninni voru, skyldu vera danskir þegnar, hefur það þó álitið, að það ætti að reyna að fá með lögum burtnumda þessa óviljandi ósamkvæmni laganna, er það hafði orðið vart við hana. Þareð ætla má, ef frumvarp það til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland, er lagt verður fyrir alþingi í sumar, nær samþykki þingsins, að hjer á eptir verði optar spursmál um að skrásetja skip hlutafjelaga á Íslandi, þá mun æskilegt vera, að hin umrædda lagfæring á lögunum komist á þegar, því að öðrum kosti verða lögin því til fyrirstöðu, að þau hlutafjelög, þarsem útlendingar eru fjelagsmenn, geti á eignum skipum stundað þessar fiskiveiðar, þarsem til þeirra aðeins má nota dönsk skip samkvæmt tilskipun 13. júní 1787, I. kap., 10. grein.

9.

Frumvarp

til

laga um bæjarstjórn á Akureyri

(lagt fyrir alþingi 1883.)

---

1. grein.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru, kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; er hann oddviti stjórnarinnar og hefur atkvæðisrjett á fundum.

2. grein.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gjörir, og bæjarmálefna yfir höfuð, er á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur, að framkvæma sjerstök bæjarstörf eptir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sjer saman um.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur.

3. grein.

Fulltrúar kaupstaðarins skulu vera 6, þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gjörist, eptir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

4. grein.

Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum eitt ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er eigi lagt af sveit, eða hafi þeir fengið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp; en greitt skulu þeir hafa að minnsta kosti 4 kr. í bein bæjargjöld síðasta árið. — Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna, og í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, sem kosningarrjett hefur.

5. grein.

Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 6 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fer helmingur frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara eptir fyrstu 3 árin, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 6 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 6 ár, er frá fór.

6. grein.

Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosning undir búa, að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjet hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sje of eða van talinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina.

7. grein.

Formaður kjörstórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing almennt eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarrjettar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa yfir því, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á ólokuðum seðli, hvern þeir vilji kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal.

Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

8. grein.

Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests, anna, eða annars því um líks hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem gegnt hefur fulltrúastörfum í 6 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma, og hann hafði áður verið fulltrúi.

9. grein.

Sá, sem hefur eittvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan viku eptir að kosning hefur farið fram, eigi umkvörtum hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður um það leitað álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja, skal kæran send amtmanni innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var uppkveðinn.

Þegar almennar kosningar (þriðja hvert ár) hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

10. grein.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, sem svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja kans, bera kæru sína undir landshöfðingja á þann hátt, sem sagt er fyrir um í næstu grein hjer á undan.

11. grein.

Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sje jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyrandi hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

12. grein.

Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða að hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.

13. grein.

I öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

14. grein.

Bæjarstjórnin kýs þá 4 menn, er samkvæmt opnu brjefi 6. janúarm. 1857 eiga sæti í byggingarnefnd Akureyrar með bæjarfógeta. Skulu 2 þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

15. grein.

Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd, skal annar þeirra ávallt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

16. grein.

Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun. Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild.

17. grein.

Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eptir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna,

18. grein.

Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Síðan skal til eiginlegra bæjarþarfa jafna 20 aurum á hvern ferhyrningsfaðm í húsagrunnum, og 1/3 eyris á hvern ferhyrningsfaðm í óbyggðri útmældri lóð í kaupstaðnum. Því sem ávantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku-millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis um hálfan mánuð.

Án samþykkis landshöfdingja má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi við bættum.

19. grein.

Niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur i kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en fjóra mánuði kemur ekki til greina.

Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

20. grein.

Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Um kosningarrjet og kjörgengi til þessarar niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjet og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi à komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti til skiptis 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosning í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosning í bæjarstjórnina, getur skorazt undan að taka móti kosning í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni, er og undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og í bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (11. grein.)

21. grein.

Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermánuði samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok annaðhvort á bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir eru að greiða skatt samkvæmt 18. grein. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi til greina teknar.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefur verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða kækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

22. grein.

Ef ágreiningur verður milli Akureyrar og annars íslenzks sveitarfjelags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli Akureyrar og sveitarfjelags í Danmörku, skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

23. grein.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum innan nýárs, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, er fer í hönd. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlímánaðar.

24. grein.

Bæjarstjórnin og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje, og eptir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum kaupstaðarins.

25. grein.

Gjaldkeri skal, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirskrifaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

26. grein.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt.

27. grein.

Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

28. grein.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

29. grein.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda bæjarfógetanum fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 21. grein um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 4. grein hafa kosningarrjett; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 3 ár. Skoðunarmaður skal kafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (2. grein). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

30. grein.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi við haft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

31. grein.

Landshöfðingi gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlazt fullt gildi 1. dag janúarmán. 1885, og skal frá þeim degi tilskipun um stjórn bæjarmálefna á Akureyri 29. ágúst 1862 vera úr lögum numin. Hann setur og ákvarðanir þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að breyting reikningsársins geti verið komin í kring þann dag.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Af ástæðum þeim, er getur um í brjefi stjórnarráðsins 23. maí 1882, sem prentað er í stjórnartíðindum fyrir 1882 B. 96. bls. var synjað um allrahæstu staðfesting á frumvarpi því til laga um bæjarstjórn á Akureyri, er þingið hafði samþykkt, eins og það líka hafði upptök sín þaðan. En í enda brjefsins var þess jafnframt getið, að stjórnin hefði í hyggju að leggja fyrir alþingi í sumar frumvarp um þetta efni. Sam-

kvæmt þessum ummælum leggur þá stjórnin, er hún hefur áður fengið álit hlutaðeigandi bæjarstjórnar, frumvarp þetta fyrir þingið, og er það samhljóða frumvarpi þingsins, að undanteknum þeim fáu breytingum, er nú skal greina.

Við 4. grein.

Eptir 4. grein alþingisfrumvarpsins höfðu konur með vissum skilyrðum eigi aðeins kosningarrjett, heldur voru þær og kjörgengar. En bæði var svo, að skilyrðin fyrir kosningarrjetti kvenna voru ekki allsendis hin sömu sem þau, er sett voru í frumvarpi því, er líka hafði upptök sín frá þinginu, og sem var samþykkt 12. maí 1882, enda kom og ákvörðunin um kjörgengi kvenna í bága bæði við lög þessi og hina aðra sveitalöggjöf landsins, og þareð eigi verður sjeð nein ástæða til at veita konum á Akureyri slíka sjerstaka stöðu, þá er gjörð sú orðabreyting á grein þessari, að hún í þessu efni er í samhljóðan við hina aðra sveitalöggjöf, og hefur bæjarstjórn Akureyra lýst því yfir, að hún hafi eigi neitt á móti þessari breytingu.

Þess skal enn getið, að í stað orðanna: „sem eru eigi vistráðin vinnuhjú annara“ eru sett orðin: „sem eru eigi öðrum háðir“, og er það samkvæmt þeirri reglu, er á sjer stað við kosningar til annara nefnda í sveitamálum, og til alþingis, og sýnist engin ástæða til að breyta frá þeirri reglu fyrir einstaka sveit.

Við 9. grein.

Í 9. grein alþingis-frumvarpsins var svo ákveðið, er menn kærðu um kosningargjörðir eða kjörstjórnar úrskurði, að þá skyldi bæjarstjórnin leggja þar á fullnaðarúrskurð. En þarsem það er aðalregla í allri sveitalöggjöf landsins, sem og mun vera á góðum rökum byggð, að eigi beri að fela hlutaðeigandi stjórnarnefndum fullnaðarúrskurð slíkra mála, (sjá tilsk. 20. apr. 1872, 9. gr., og tilsk. 4. maí 1872, 8., 31. og 47. gr.), þá hefur verið bætt inn í greinina ákvörðun um, að skjóta megi úrskurði bæjarsjórnar til landshöfðingja, þó þannig, að kæran sje innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn, send amtmanni áleiðis til landshöfðingja.

Við 10. grein.

Þareð stjórnin álítur það mjög óhentugt, sem ákveðið er í 10. grein alþingis-frumvarpsins, að láta almennan bæjarfund leggja endilegan úrskurð á um það, hvort víkja skulu einhverjum úr bæjarstjórn fyrir sakir skyldu vanræktar, þá er hjer farið fram á að fela landshöfðingja slíkt vald á hendur, eins og gjört er í tilsk. 20. apríl 1872, 10. gr. með tilliti til Reykjavíkurbæjar.

Við 15. grein.

Eptir að stjórnin í brjefi 29. sept. 1882 (stjórnartíð. B. 175. bls.) hefur gjört ráðstafanir til þess að setja hafnarnefnd á Akureyri, er eðlilegt að taka upp í frumvarpið grein sama efnis og 15. grein í tilsk. 20. apríl 1872.

Við 31. grein.

Í grein þessa, sem svarar til 30. greinar alþingis-frumvarpsins, er tekin upp ákvörðun, er beinlínis fellir úr lögum tilsk. 29. ágúst 1862 frá þeim tíma, er hin nýja sveitarstjórnarskipun fær gildi, og er farið fram á, að það verði 1. janúar 1885.

10.

Frumvarp

til

laga um breyting á tilskipun um prestaköll á Íslandi 15. des. 1865 1. og 2. gr.

(lagt fyrir alþingi 1883).

---

1. grein.

Flokkaskipting sú á prestaköllum, er getur um í 1. grein í tilskipun 15. des. 1865 um prestaköll á Íslandi, er úr lögum numin.

Konungur veitir brauð þau, sem áætlað er að hafi meiri tekjur en 1,800 kr. eptir brauðamati því, sem er í gildi, þá er brauðin skal veita. Öll önnur brauð skal landshöfðingi veita eptir tillögum biskups.

2. grein.

Lög þessi öðlazt gildi undireins og nýtt brauðamat hefur náð staðfesting konungs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eptir að komin er á alveg ný skipun á prestaköllunum eptir lögum 27. febrúar 1880, á ekki lengur við skipting þeirra í flokka, sem ákveðin er í tilsk. 15. des. 1865 1. gr. þarsem nefnilega eptir síðasta brauðamati frá 1870 aðeins 24 brauð teljast til fyrsta flokks, hafa eptir hinni nýju skipun hjerumbil 47 brauð tekjur, er nema 1400 kr. og meiru, og mega því teljast til fyrsta flokks; og þarsem lög 27. febr. 1880 hafa náð gildi frá fardögum 1881, að því er þau brauð snertir, er síðan hafa losnað, þá er sú ósamkvæmni komin inn í lögin, að landshöfðingi veitir brauð, er miklu meiri tekjur hafa en sum þeirra, er konungur enn veitir eptir því, sem fyrir er mælt í tilsk. 15. des. 1865, 2. grein.

Fyrir þessar sakir og svo einnig til þess að flýta fyrir hinni endilegu skipun á prestaköllunum, er verða skyldi 1883 samkvæmt tilsk. 15. des. 1865, og sem er orðin enn nauðsynlegri eptir að lög 27. febr. 1880 eru komin út, lagði stjórnin fyrir alþingi 1881 frumvarp til laga um breyting á 1. og 2. grein tilskipunarinnar. Frumvarp þetta fór fram á, bæði að koma á nýrri flokkaskipting brauða, er ætti við ástandið einsog það var orðið um breytt, — og sem eigi aðeins veitingar-rjettur brauðanna, heldur einnig eptirlauna-heimild prestekkna eptir reglum þeim, er nú gilda, stendur í sambandi við, — og líka að veita stjórnarráðinu heimild til að koma á hinni endilegu brauða-skipun, svo fljótt sem verða mætti. En frumvarpið var fellt af þinginu, er hugði, að fresta ætti brauðamatsgjörðinni nýju til þess tíma, er tilsk. 15. des. 1865 hafði tiltekið. Sá tími er nú kominn, og stjórnarráðinu hefur því þótt nauðsyn bera til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um breyting á þeim ákvörðunum í nefndri tilskipun, er hjer ræðir um.

Frumvarp þetta er, eins og á því sjest, frábrugðið hinu fyrra í því, að það eigi skiptir brauðunum í flokka. Slík flokkaskipting er nefnilega ekki nauðsynleg til að byggja á ákvörðun, er svarar til þeirrar, er nú gildir, um að brauð, er hafi tiltekna stærð, veitist af konungi, en hin af landshöfðingja, og var henni í frumvarpi því, er lagt var fyrir þingið 1881, aðeins haldið af þeirri ástæðu, að í samband við hana var sett frumvarp það tillaga um skyldu presta, að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, er stjórnin jafnframt hinu lagði fyrir þingið. En þarsem alþingi einnig felldi þetta frumvarp, og frumvarp það til laga um eptirlaun prestekkna, er jafnframt frumvarpi þessu verður lagt fyrir þingið, alls eigi byggir á þessari flokkaskipting brauðanna, er eigi lengur nein ástæða til að halda henni.

Að því, er snertir stærð brauða þeirra, er konungur skuli veita, þá er farið fram á, að hafa takmörkin hin sömu, sem í frumvarpi stjórnarinnar frá 1881, nefnilega 1800 kr. Eptir þessu verður konungsveiting á hjerumbil 20 brauðum (af 141), þarsem hún er á 24 brauðum (af 171) eptir brauðamati því, er nú gildir, og hlutfallið verður þá hið sama sem hingaðtil, nefnilega þannig, að konungur veitir hjerumbil $^1/_7$ brauðanna.

11.

Frumvarp

til

laga um eptirlaun prestekkna.

(lagt fyrir alþingi 1883.)

---

1. grein.

Þær konur, er hjer á eptir verða ekkjur presta, er rjett höfðu til eptirlauna, eða þegar nutu þeirra, skulu, að undanteknum þeim, er getur um í 5. grein, hafa rjett til að fá í eptirlaun $^1/_{10}$ hluta af tekjum brauðanna, eins og þær eru ákveðnar í því brauðamati, sem þá er í gildi; þó mega eptirlaunin aldrei nema minnu en 100 krónum.

2. grein.

Þá er tekjur brauðsins nema 1,000 kr. eða meiru, greiðast eptirlaunin af brauðinu, en að öðrum kosti úr landssjóði.

3. grein.

Ef fleiri en ein ekkja er á brauði, greiðist þó aðeins af brauðinu eptirlaun einnar, en eptirlaun hinna úr landssjóði.

4. grein.

Ef kona sóknarprests, er ekkja verður, eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, hefur eptir reglum þeim, er áður giltu, fengið rjett til að fá hærri eptirlaun en þau, er lög þessi heimila henni, þá heldur hún þessum rjetti. Mismunurinn á stærð eptirlaunanna greiðist úr landssjóði.

5. grein.

Þær ekkjur hafa ekki rjett til eptirlauna, er hafa gipzt eldra manni en 60 ára, eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti, eða ef hjónabandinu var algjörlega slitið á undan dauða mannsins.

6. grein.

Þá missast eptirlaun ekkna, 1) er ekkjan giptist aptur, — 2) er hún sezt að í útlöndum án leyfis konungs, — 3) er hún í 3 ár eigi hefur hirt eptirlaunin, enda getur hún eigi á síðan sannað lögleg forföll, — 4) er hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er svívirðileg. Þá er eptirlaun tapast af því, að ekkjan hefur gipzt aptur, á hún rjett á að nýju að fá hin sömu eptirlaun, er hún aptur verður ekkja.

7. grein.

Ekkjur presta, er í embætti sínu deyja, eiga rjett á samkvæmt konungsbrjefi 5. júní 1750 að fá hjá stiftsyfirvöldunum eina af kirkjujörðum brauðsins til ábúðar fyrir vanalegt eptirgjald.

8. grein.

Skylda sú, er samkvæmt konungsbrjefi 5. júní 1750 og tilsk. 3. maí 1743 hvílir á þeim, er fá veitingu fyrir vissum brauðum til að greiða þóknun til fátækra prestekkna og hins lærða skóla, er úr gildi numin.

9. grein.

Þessi lög öðlazt gildi undir eins og nýtt brauðamat hefur náð staðfesting konungs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Framfærsla prestekkna hvílir nú sumpart á brauðunum og sumpart á landssjóði, þarsem svo er ákveðið í tilsk. 15. des. 1865, 5. grein, að ekkjurnar skuli fá í eptirlaun $^1/_8$ af vissum tekjum aðalbrauða, $^1/_{10}$ af vissum tekjum betri meðalbrauða og $^1/_{12}$ af vissum tekjum lakari meðalbrauða, en ekkert af tekjum brauða er minni sje en 700 kr.; og í fjárlögunum er fje, sem styrkur er veittur af til fátækra prestekkna, einkum slíkra, er eigi eiga tilkall til eptirlauna. Til þess að ljetta af eða draga úr byrði þeirri, er þannig hvílir á brauðunum, samþykkti alþingi 1879 frumvarp til laga um skyldu presta til að sje ekkjum sínum borgið eptir sinn dag með fjárstyrk af landssjóði, gegn endurgjaldi úr lífsábyrgðarsjóði, og var það frumvarp borið upp af þingmönnum. En þessu fyrirkomulagi varð eigi komið á, og þarsem þingið 1881 felldi frumvarp það, er stjórnin það ár hafði fyrir það lagt, og sem fór fram á, að útvega ekkjunum eptirlaun af sjerstökum prestekknasjóði, er landssjóður ábyrgðist, er fyrirkomulagið enn hið sama og áður hefur verið.

En nú er það auðsætt, að gjöra þarf mikla breytingu á eptirlauna ákvörðununum í tilsk. 15. des. 1865, sem standa í sambandi við flokkaskipting brauðanna, er þar er ákveðin, ef þær eiga að geta átt við hina nýju brauðaskipun, sem að nokkru leyti nú þegar er komin á við lög um skipun prestakalla 27. febr. 1880, en nú verður leidd til lykta við endurskoðun þá á brauðamatinu, er í ár á fram að fara, því að öllum líkindum mun afleiðingin af þessari brauðaskipun verða sú, að hjer á eptir verði aðeins eitt brauð, er

hafi minni tekjur en 700 kr., en eptir hinu núgildandi brauðamati eru þau 70. Ef þá flokkaskiptingin eptir tilsk. 15. des. 1865 yrði lögð til grundvallar fyrir eptirlaunum ekkna framvegis, yrði aðeins eitt brauð í 4. flokki, og mundu þá allar prestekkjur, með þessari einu undantekning, fá rjett til eptirlauna af brauðunum. En það mundi að líkindum verða of þung byrði fyrir minnstu brauðin, ef eptirlaun ætti af þeim að greiða, og mun því eigi verða hjá því komist, að jafna byrði þessari niður á hin betri brauð og landssjóð, einsog hingað til hefur átt sjer stað, og einsog líka er ákveðið í lögum 27. febr. 1880 að því, er eptirlaun presta snertir, þó það yrði á annan hátt en áður. Samkvæmt því, er bæði frumvarp alþingis frá 1879 og stjórnarfrumvarpið frá 1881 gekk út frá, álítur stjórnin, að, er koma skal nýju skipulagi á í þessum efnum, eigi að veita öllum þeim, er hjer á eptir verða ekkjur eptir presta, rjett til eptirlauna, og að þær einnig að því leyti skuli settar jafnhliða ekkjum annara embættismanna, að eptirlaunin skuli greidd eigi aðsins af hinum föstu tekjum brauðsins, eins og hingað til hefur átt sjer stað, heldur af öllum tekjum þess, og heldur eigi lengur með mismunandi tekjuhluta (kvota) eptir því, hvert brauðið var í betra eða lakara flokki, heldur með sama tekjuhluta af öllum brauðum án tillits til stærðar þeirra. Eptir þessu verður þá flokkaskipting brauða eptirleiðis þýðingarlaus, og er því í frumvarpi því til laga um breyting á tilsk. 15. des. 1865, er jafnframt þessu frumvarpi verður lagt fyrir þingið, farið fram á, að hún verði úr lögum numin.

Hvernig ætlast sje til að eptirlaunabyrðinni verði jafnað niður nákvæmar á brauðin og landssjóð, og hve mikinn hluta af tekjum brauðanna ekkjurnar eigi að hafa, sjest af hinum einstöku greinum frumvarpsins, og skal nú um þær sagt þetta:

Við 1. grein.

Samkvæmt gildandi löggjöf (tilsk. 31. maí 1855) er það hin almenna regla, er um eptirlaun embættismannaekkna er að ræða, að þeim er veittur $^1/_8$ hluti af tekjuupphæð mannanna, eins og hún er talin, þá er ákveða skal þeirra eigin eptirlaun. Þarsem hjer er farið fram á, að eptirlaunin skuli tekin af öllum tekjum brauðsins, og skuli greiðast af brauðinu, ef tekjur þess aðeins nema 1,000 kr., er hætt við, að smærri brauðin þoli ekki, að tekinn verði $^1/_8$ hluti af tekjum þeirra, og er því hjer farið fram á $^1/_{10}$ hluta, sem eptir núgildandi löggjöf er meðalvegurinn, þó þannig, að eigi megi eptirlaun neinnar ekkju vera minni en 100 kr., og var líka svo tiltekið í alþingis-frumvarpinu og frumvarpi stjórnarinnar, sem áður er getið.

Við 2. grein.

Eptir lögum 27. febr. 1880 eru öll brauð, er minni tekjur hafa en 1,200 kr. undanþegin þeirri skyldu að gjalda eptirlaun til uppgjafapresta. Ef sömu reglu ætti að fylgja með tilliti til eptirlauna prestekkna, þá mundi á landssjóði hvíla sú byrði að greiða eptirlaun frá 77 brauðum, og yrði það of mikið fyrir landssjóð, jafnvel þótt litið sje til þess, að landssjóður smámsaman mundi losast við að greiða styrk þann til fátækra prestekkna, er nú á sjer stað, ef skipulag það, er hjer ræðir um, kæmist á. Ef 1,000 kr. þar á móti eru settar sem takmark, þá verða þau brauð, er landssjóður greiðir eptirlaun fyrir, aðeins 42 að tölu, þarsem þau brauð, er hafa tekjur frá 1,000—1,200 kr., eru 35 að tölu eptir hinu nýja brauðamati. Það verður ekki betur sjeð, en að brauð þessi (er áður voru talin betri meðalbrauð) geti nú þolað, að greiða eptirlaun til ekknanna, eptir að lög 27. febr. 1880 hafa losað þau við að greiða eptirlaun til uppgjafapresta, og sje því með öllu áhætt að setja takmörkin þar, sem gjört er í frumvarpinu.

Við 3. grein.

Ef fleiri en ein ekkja sitja í brauði, skiptast eptirlaunin samkvæmt tilsk. 15. des. 1865 5. grein millum þeirra. Mismun þann á kjörum ekkna, er af þessu leiðir, ætti að nema burt, en þá mundi, er svo er ástatt, eptirlaunabyrðin verða of þung fyrir það einstaka brauð, er ætti að bera hana, en þar á móti mundi lítið muna um það fyrir landssjóð, og er því farið fram á, að á brauði skuli aldrei hvíla meir en ein eptirlaun, en að hin önnur eptirlaun greiðist úr landssjóði.

Við 4. grein.

Þarsem eptirlaunin eptir frumvarpi þessu eru talin af öllum tekjum brauðsins, en þau hingað til aðeins hafa talist af föstum tekjum þess, mun það að líkindum sjaldan koma fyrir, að prestekkja, er fengið hefur rjett til eptirlauna, byggðan á núgildandi reglum, mundi fá minni eptirlaun eptir þeim reglum, er hjer er farið fram á. En þetta er þó hugsanlegt, þarsem eptirlaunin eru færð niður frá $^1/_8$ til $^1/_{10}$ hluta tekjanna, og er því í frumvarpinu áskilið þeirri ekkju, er þetta kynni að henda, að hún við breytinguna einskis megi í missa, en að mismunurinn á eptirlauna-upphæðunum skuli greiðast úr landssjóði.

Við 5. og 6. gr.

Reglur þær, er í þessum greinum er farið fram á, eru samhljóða hinum almennu ákvörðunum um eptirlaun embættismanna-ekkna (tilsk. 31. maí 1855, 9. og 10. grein). Hefur þótt rjettast, að fá fullkomin eptirlaunalög fyrir prestekkjur, er kæmi í stað hinna núgildandi eptirlauna-regla, og er því í lagafrumvarp þetta safnað saman öllum hjer að lútandi ákvörðunum.

Við 7. og 8. gr.

Um það, er segir í þessum greinum, skal vísað til þess, er segir í 14. og 15. gr. frumvarps þess til laga um skyldu presta til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, er lagt var fyrir þingið 1881.

12.

Frumvarp

til

laga um breyting á 1. grein í lögum 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla

(lagt fyrir alþingi 1883).

---

1. grein.

Saurbæjar prestakall sje Saurbæjar, Möðruvalla, Hóla og Míklagarðs sóknir.
Frá þessu prestakalli greiðast landssjóði 200 kr.

2. grein.

Grundar prestakall sje Grundar og Munkaþverár sóknir Til Grundar sóknar leggist 11 fremstu bæirni úr Akureyrar sókn.

3. grein.

Akureyrar prestakall sje Akureyrar og Kaupangs sóknir. I Kaupangi sje þriðjungakirkja. Til þessa prestakalls leggist $^3/_4$ hlutar prestskyldarinnar af Munkaþverár kirkju og 400 kr. úr landssjóði.

4. grein.

Glæsibæjar prestakall sje Glæsibæjar, Lögmannshlíðar og Svalbarðs sóknir. Prestakalli þessu leggjast 200 kr. úr landssjóði.

5. grein.

Laufáss prestakall sje aðeins Laufáss sókn. Af brauðinu greiðast 400 kr. í landssjóð.

6. grein.

Þykkvabæjar og Langholts sóknir, er sameinaðar eru í eitt prestakall, sem sje Þykkvabæjarklausturs prestakall, skulu, eins og áður hefur verið, hvor um sig vera prestakall út af fyrir sig, nefnilega Þykkvabæjarklaustur, er nær yfir Þykkvabæjar sókn, og Meðallandsþing, er nær yfir Langholts sókn. Þessu síðar nefnda brauði leggjast 200 kr. úr landssjóði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breyting þeirri, er í frumvarpi þessu er farið fram á að gjörð verði á skipun brauða þeirra, er getur um í 122. og 124.—127. tölulið 1. greinar í lögum 27. febr. 1880, hefur hjeraðsfundur Eyjafjarðar prófastsdæmis stungið uppá, og hefur bæði biskup mælt með henni og landshöfðingi, er hefur getið þess, að skipum sú, er farið er fram á, breyti verulega til batnaðar skipun þeirri, er heimiluð er í lögum 27. febr. 1880. En breytingin á 6. gr. miðar til þess að afnema sameining þá á hinum fyrrum sjálfstæðu prestaköllum Þykkvabæjarklausturs og Meðallandsþinga, er skipuð er fyrir með lögum 27. febr. 1880 1. gr. 24. tölulið.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skal þess getið, er hjer segir:

Við 1. grein.

Nefnd sú, er sett var af hjeraðsfundi, hefur getið þess, að Miklagarðs söfnuður og sóknarnefnd vilji heldur, að kirkja þeirra verði fjórðunga-kirkja í Saurbæjarkalli, en að

hún verði fráskilin því, eins og ákveðið er í lögum 27. febr. 1880 1. grein 125. tölul. Nefndin er að vísu á þeirri skoðun, að eigi ætti að vera meir en 3 kirkjur í sömu sókn, en ætlar, að sóknarfólkið í Miklagarðs og Saurbæjar sókn muni koma sjer saman um, að sækja um að önnur hvor af kirkjum þeirra verði lögð niður.

Við 2. grein.

Einsog getur um í 1 gr., legst Miklagarðs sókn til Saurbæjar prestakalls, en hjer er farið fram á, að leggja suður hluta Akureyrar sóknar undir Grundar sókn, og er það samkvæmt óskum hlutaðeigandi sóknarfólks. Nefnd sú, er áður var getið, hefur skýrt svo frá, að, ef frumvarpið yrði gjört að lögum, verði takmörk Grundar og Akureyrar sóknar miðs vegar milli kirknanna, sem sje mjög heppilegt.

Við 3. grein.

Auk þeirrar breytingar, er leiðir af næstu grein á undan um, að 11 syðstu bæirnir úr Akureyrar sókn verði lagðir til Grundar sóknar, hefur grein þessi í för með sjer, að suður hluti Lögmannshlíðar sóknar, sem lög 27. febr. 1880 höfðu lagt til Akureyrar sóknar, verður skilin fra henni. Er tilfærð sú ástæða fyrir þessu, að það sje einlæg ósk Lögmannshlíðar sóknarmanna, að sókn þeirra fylgi öll Glæsibæjar sókn, eins og áður hefur verið. Fyrir tekjumissi þann, er Akureyrar kall líður við þetta, er farið fram að leggja því $^3/_4$ hluta prestskyldarinnar af Munkaþverár kirkju og 400 kr. úr landssjóði.

Við 4. grein.

Grein þessi fer fram á, að halda Glæsibæjarkalli óbreyttu, eins og það hingað til hefur verið myndað af Glæsibæjar Lögmannshlíðar og Svalbarðs sókn, og er það ósk sjálfra sóknarbúa, en lög 27. febr. 1880 hafa ákveðið, að brauðið leggist niður. Auk þess er farið fram á að leggja því 200 kr. úr landssjóði.

Við 5. grein.

Breytingin á þessari grein frá því, sem ákveðið er í lögum 27. febr. 1880 1. gr. 127. tölul. leiðir af því, er farið er fram á í 4. grein. Þareð nefnd sú, er sett var 1877 til þess að skipa niður brauðunum, hefur getið þess, að aðeins lítil tekjuhækkun fyrir Laufás mundi af því leiða, að Svalbarðs sókn yrði lögð til þessa brauðs, en tekjur þess voru taldar 2188 kr. 36 a. án þess að taldar væri með tekjur Svalbarðs, þá hefur eigi þótt vera næg ástæða til að fara fram á nokkra breyting á því, er snertir þær 400 kr., er frá brauðinu skulu greiddar landssjóði samkvæmt lögum 27. febr. 1880.

Við 6 grein.

Ráðstöfun sú, er greinin fer fram á, er álitin auðsynleg af hlutaðeigandi sóknarmönnum, af hjeraðsfundi Vesturskaptafells prófastsdæmis, hjeraðprófasti og biskupi, og landshöfðingi hefur því lagt það til, að fá hana samþykta með lögum. Orsökin til þess, að það er mjög óheppilegt eða ómögulegt, að halda fram sameiningu þykkvabæjar og Langholts brauða, er sú, að Kúðafljot skilur sóknir þessar, og er því hægt að sjá fram á, að presturinn aðeins muni verða fær um, að gegna tilhlýðilega skyldum þeim, er á honum

hvíla, í þeirri sókn, er hann býr í. Brauði þessu var slegið upp lausu sumarið 1881, en enginn hefur enn sótt um það, og mun hinn mikli erfiðleiki á að þjóna brauðinu, eins og það nú er, vera orsökin til þess. En ef brauðinu verður aptur skipt í tvö brauð, hlýtur landssjóður að styrkja Meðallands prestakallið með minnst 200 kr. tillagi, þarsem nefnd sú, er sett var 1877, mat tekjur þess þá 488 kr. 3 aura.

13.

Frumvarp

til

laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1880 og 1881

(lagt fyrir alþingi 1883).

		Fjárveiting		Reikningur	
	I. Tekjur:	kr.	a.	kr.	a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	100,000.		94,658.	04
2.	Húsaskattur	3,000.		4,072.	26
3.	Tekjuskattur	28,000.		29,707.	84
4.	Aukatekjur	28,000.		34,973.	31
5.	Vitagjald	10,000.		8,688.	35
6.	Metorðaskattur	80.		84.	16
7.	Erfðafjárskattur	5,000.		5,750.	24
8.	Gjöld af fasteignar sölum	1,200.		1,180.	83
9.	Leyfisbrjefagjöld	2,000.		3,124.	73
10.	Spítalagjald	14,000.		39,334.	26
11.	Gjöld af verzlun á Íslandi	74,312.		6,110.	93
12.	Aðflutningsgjald	200,000.		249,698.	83
13.	Tekjur af póstferðum	20,000.		22,705.	60
14.	Óvissar tekjur	1,200.		4,634.	56
15.	Tekjur af fasteignum landssjóðs	71,578.		68,169.	67
16.	Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn ..... Borgað upp í lán, veiting: 16,762 kr. 67 a., reikningur: 29,419 kr. 82 a.	49,275.	20	59,633.	80
17.	Borguð lán og skyndilán	10,792.		16,979.	32
18.	Tillag úr ríkissjóði	159,388.		171,700.	
19.	Borgað frá brauðum, samkv. lögum $^{27}/_{2}$ 1880, f. l. 18. gr.	.....		654.	03
	alls...	777,825.	20	821,860.	76

	II. Gjöld:	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1.	Til alþingis 1881 og til borgunar fyrir endurskoðun landsreikninganna	36,800.	37,070. 46
2.	Til umboðsstjórnar, gjaldheimtu og reikningsmála, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn:		
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimta og reikningsmál	50,016. 66	51,510. 02
	B. Dómgæzla og lögreglumál	156,744. 08	157,308. 97
	C. Ýms útgjöld	109,510.	112,247. 65
3	Til læknaskipunarinnar	79,948.	72,336. 42
4.	Til póststjórnarinnar	31,820.	36,856. 68
5.	Til kirkju- og kennslumálefna:		
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	41,490. 38	41,549. 68
	B. Til kennslumálefna	108,496.	104,871. 82
	C. Ýms útgjöld	19,200.	22,505. 41
6.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabyrgða-lána	10,000.	22,165. 41
7.	Eptirlaun og styrktarfje	48,700.	46,019. 81
8.	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	6,000.	6,574. 25
9.	Til óvissra útgjalda	6,000.	8,391. 40
10.	Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum (l. 7. nóv. 1879 og fjáraukal. 4. nóv. 1881)	.....	22,395. 44
11.	Til eptirlauna handa prestum (l. 27. febr. 1880 um eptirlaun presta)	.....	1,080. 02
12.	Tillag til brauða (l. 27. febr. 1880 um skipun prestakalla)	.....	2,108. 33
13.	Til byggingar á alþingishúsi og húsbúnaðar í alþingissölunum (fjáraukal. 4. nóv. 1881)	.....	25,928. 79
14.	Afgangur	73,100. 08	50,940. 20
	alls...	777,825. 20	821.860. 76

Eigur viðlagasjóðsins voru 31. des. 1881	809,570 kr. 50 a.
Tekjueptirstöðvar landssjóðs	52,003 — 60 —
Útgjalda eptirstöðvar	9,669 — 78 —

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í sama formi og hið tilsvarandi frumvarp til laga um samþykkt á reikningnum fyrir 1878 og 1879, er lagt var fyrir alþingi 1881, og fylgir einnig frumvarpi þessu eins og því fyrra sundurliðað yfirlit, er lið fyrir lið þræðir fjárlögin, og er þar að auki í athugasemdum þeim, er hjer fara á eptir, vísað til þeirra tekju- og gjaldagreina, er í yfirlitinu standa undir sama tölulið.

Í athugasemdunum eru greindar allar þær skýringar, er ætla má að alþingi þurfi að hafa við meðferðina á frumvarpi reikningslaganna; einkum er í þeim gjörð grein fyrir tekjum og gjöldum þeim, sem fallið hafa í hverri tekju og gjalda grein á fjárhagstímabilinu, að því viðbættu, að hve miklu leyti og hvernig tekjur og gjöld hafa jafnast á hvorju reikningsári, og hversu mikil upphæð var ógoldin við lok fjárhagstímabilsins. Ennfremur er í þeim skýrt frá breytingum þeim á ársreikningnum, er gjörðar hafa verið samkvæmt áliti yfirskoðunarmanna og tillögum þeirra, og frá upphæðum þeim, sem samkvæmt tillögum þeirra hefur þótt ástæða til að taka upp í frumvarpið til fjáraukalaga fyrir það fjárhagstímabil, er hjer ræðir um. En að því, er snertir þær tillögur yfirskoðunarmannanna, er eigi hefur orðið fallist á, ætlaði stjórnarráðið að það gæti leitt hjá sjer, að geta um þær sjerstaklega — að fáeinum undanteknum; og skal um þær skírskotað til svara landshöfðingja uppá þær athuganir, sem þar að lúta, um hvern ársreikning fyrir sig.

I. Tekjur.

1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, smbr. fjárlögin 2 gr. 1.

Skattur þessi hefur eptir reikningnum 1880 numið alls		48,995 kr. 17 aur.
og 1881		51,848 — 98 —
eptirstöðvar 1879		7,147 — 55 —
	alls...	107,991 kr. 70 aur.
Af þessu er borgað 1880	47,543 kr. 27 aur.	
og 1881	47,114 — 77 —	
		94,658 — 04 —
	Eptirstöðvar...	13,333 kr. 66 aur.

2. Húsaskattur, smbr. fjárlögin 2. gr. 2.

Þessar tekjur hafa eptir reikningnum fyrir 1880 numið	2,178 kr. 01 aur.	
og 1881	2,318 — 50 —	
eptirstöðvar 1879	108 — 50 —	
	alls...	4,605 kr. 01 aur.
Af þessu er borgað 1880	2,039 kr. 35 aur.	
og 1881	2,032 — 91 —	
		4,072 — 26 —
	Eptirstöðvar...	532 kr. 75 aur.

3. Tekjuskattur, smbr. fjárlögin 2. gr. 3.

Eptir reikningnum hafa þessar tekjur 1880 numið	14,989 kr. 75 aur.	
1881	13,230 — 75 —	
Eptirstöðvar 1879	3,061 — 48 —	
	alls...	31,281 kr. 98 aur.
Af þessu er borgað 1880	16,835 — 01 —	
og 1881	12,872 — 83 —	
		29,707 — 84 —
	Eptirstöðvar...	1,574 kr. 14 aur.

4. Aukatekjur, smbr. fjárlögin 2. gr. 4.

hafa numið eptir reikningnum 1880	16,234 kr. 70 aur.	
Frá þessari upphæð dragast eptir tillögum yfirskoðunarmanna 5. fyrir 1880 og legst til 7	35 — 66 —	
	16,199 kr. 04 aur.	
og 1881	19,423 — 82 —	
Eptirstöðvar 1879	79 kr. 51 aur.	
Frá þessari upphæð dragast samkvæmt úrskurði um þann reikning, er hjer að lýtur	38 — 99 —	
	40 — 52 —	
	alls...	35,663 — 38 —
	flutt...	35,663 kr. 38 aur.

	flutt...	35,663 kr. 38 aur.
Af þessu er borgað 1880	16,035 kr. 94 aur.	
og 1881	18,973 — 03 —	
	35,008 kr. 97 aur.	
En af þessari upphæð legst til 7.....	35 — 66 —	
		34,973 — 31 —
	Eptirstöðvar...	690 kr. 07 aur.

5. Vitagjald, smbr. fjárlögin 2. gr. 5. og lög um vitagjald af skipum 10. okt. 1879, þessar tekjur hafa eptir reikningnum numið

1880.....		3,750 kr. 47 aur.	
og 1881		4,827 — 72 —	
Eptirstöðvar 1879.....	292 kr. 72 aur.		
Af þessari upphæð verður tekið, samkv. ársreikningi 1881 og tillögum endurskoðunarmauna 4. fyrir 1881	18 — 21 —		
		274 — 56 —	
		alls...	8,852 — 75 —
Af þessu er borgað 1880		4,025 — 03 —	
og 1881		4,663 — 32 —	
			8,688 — 35 —
		Eptirstöðvar...	164 kr. 40 aur.

6. Metorðaskattur, smbr. fjárlögin 2. gr. 6.

hefur eptir reikningi numið 1880.....	40 kr. „ aur.	
og 1881	70 — 16 —	
Eptirstöðvar 1879.....	40 — „ —	
		150 kr. 16 aur.
Af þessu er borgað 1880	32 — „ —	
1881.....	52 — 16 —	
		84 — 16 —
	Eptirstöðvar...	66 kr. „ aur.

7. Erfðafjárskattur, smbr. fjárlögin 2. gr. 7.

hefur numið eptir reikningi 1880	3,847 kr. 91 aur.	
og 1881	2,413 — 89 —	
Eptirstöðvar 1879, smbr. fylgiskjal 7. við reikn. fyrir 1880	54 — 37 —	
Hjervið bætist, smbr. 4. hjer að framan ...	35 — 66 —	
alls...		6,351 kr. 83 aur.
Af þessu er borgað 1880	3,249 — 92 —	
1881	2,464 — 66 —	
og áðurnefnd upphæð frá 4.....	35 — 66 —	
		5,750 — 24 —
Eptirstöðvar...		601 kr. 59 aur.

smbr. svar uppá 6. athugagrein 1881; talið í ársreikningnum 601 kr. 07 aur.

8. Gjald af fasteignar sölum, smbr. fjárl. 2. gr. 8.

hefur eptir reikningnum numið 1880.....	570 kr. 24 aur.	
1881	669 — 23 —	
alls...		1,239 kr. 47 aur.
Af þessu er borgað 1880	538 — 24 —	
1881	642 — 59 —	
		1,180 — 83 —
Eptirstöðvar...		58 kr. 64 aur.

9. Leyfisbrjefagjald, smbr. fjárl. 2. gr. 9.

hefur eptir reikningi 1880 numið	1,471 kr. 73 aur.	
og 1881	1,653 — „ —	
alls...		3,124 — 73 —
Af þessu er borgað 1880	1,471 — 73 —	
1881	1,653 — „ —	
		3,124 — 73 —

10. Spítalagjald, smbr. fjárl. 2. gr. 10.

hefur eptir reikningi numið 1880.....	8,113 kr. 30 aur.	
1881.....	33,628 — 82 —	
Eptirstöðvar 1879.....	1,417 — 94 —	
	alls...	43,160 kr. 06 aur.
Af þessu er greitt 1880.....	7,834 — 31 —	
1881.....	31,499 — 95 —	
		39,334 — 26 —
	Eptirstöðvar...	3,825 kr. 80 aur.

11. Gjöld af verzlun á Íslandi, fjárl. 2. gr. 11.

Þessi gjöld eru afnumin með lögum 7. nóv. 1879 um breyting á eldri lögum um sigling og verzlun á Íslandi, 1. gr., og eru því hjer engar tekjur á árunum 1880 og 1881. Þar á móti eru gamlar eptirstöðvar goldnar.....	6,110 kr. 93 aur.

12. Aðflutningsgjald, fjárl. 2. gr. 12.

hefur eptir reikningnum numið 1880:			
a. af áfengum drykkjum.	106,403 kr. 22 aur.		
b. af tóbaki.....	17,226 — 77 —		
		123,629 kr. 99 aur.	
og 1881:			
a. af áfengum drykkjum.	126,078 — 34 —		
b. af tóbaki.....	16,977 — 15 —		
		143,055 — 49 —	
Eptirstöðvar 1879.....		4,639 — 89 —	
		alls...	271,325 — 37 —
Af þessu er borgað 1880.....		26,428 — 95 —	
1881.....	123,271 kr. 70 aur.		
en þarfrá dragast eptir tillögum yfirskoðunarmanna 9.....	1 — 82 —		
		123,269 — 88 —	
			249,698 — 83 —
		Eptirstöðvar...	21,626 kr. 54 aur.

13. Tekjur af póstferðunum, fjárl. 2. gr. 13.,

hafa eptir reikningnum numið 1880.....	11,152 kr. 12 aur	
1881.....	11,553 — 48 —	
alls...		22,705 kr. 60 aur.

14. Óvissar tekjur, fjárl. 2. gr. 14.,

hafa eptir reikningnum 1880 numið.....	2,762 kr. 49 aur.	
Frá þessari upphæð dragast, samkv. svörum landshöfðingja uppá athugagreinir yfirskoðunarmanna 15. 2. b. og 2. B., 3., smbr. tillögur þeirra 15. 2. b.....	„ — 50 —	
	2,761 kr. 99 aur.	
og 1881 ..... 1,574 kr. 80 aur.		
Eptir tillögum yfirskoðunarmanna 8. frá dragast 10 — 54 —		
	1,564 — 26 —	
Eptirstöðvar 1869.....	338 — 39 —	
		4,664 — 64 —
Af þessu er borgað 1880 2,991 — 63 —		
÷ ofangreindir ..... „ — 50 —		
	2,991 — 13 —	
og 1881 ..... 1,653 — 97 —		
÷ ofangreindar ..... 10 — 54 —		
	1,643 — 43 —	
		4,634 — 56 —
Eptirstöðvar...		30 kr. 08 aur.

15. Tekjur af klaustur- og umboðsjörðum, fjárl. 3. gr 1.,

hafa eptir reikningnum 1880 numið.....	38,979 kr. 86 aur.	
Hjervið bætast, eptir atkugunum yfirskoðunarmanna og svörum landshöfðingja:		
a. Tekjur af Kirkjubæjar og Þykkvabæjar klausturs jörðum.....	1 — „ —	
b. Tekjur af Barðastrandar og Álptafjarðar jörðum.....	195 — 29 —	
	39,176 kr. 15 aur.	
flytt...	39,176 kr. 15 aur.	

flutt...	39,176 kr. 15 aur.	
Gjöld hafa verið.....	9,372 — 95 —	
verða þá eptir...	29,803 kr. 20 aur.	
og eptir reikningnum 1881 40,762 kr. 66 aur. gjöldin ..... 9,552 — 57 —	31,210 — 09 —	
Eptirstöðvar 1879	7,507 — 56 —	
alls...		68,520 kr. 85 aur.
Af þessu er borgað 1880.....	34,235 — 06 —	
og 1881.....	27,047 — 11 —	
		61,282 — 17 —
Eptirstöðvar...		7,238 kr. 68 aur.

Meðal eptirstöðvanna eru taldar 221 kr. 18 a., er eptir þingsályktan eru teknar upp í þær, án þess að fyrir liggi skýrslur um, hvaðan þessar eptirstöðvar eru komnar, nje um, hvar þeirra skuli krefjast, og skal um þetta efni vísað til svara landshöfðingja uppá athuganir yfirskoðunarmanna 1880 16. og 1881 12 b.

16. Tekjur af öðrum jörðum landssjóðs, fjárl. 3. gr. 2.

Eptir reikningnum 1880.....	1,443 kr. 86 aur.	
að viðbættum 45 kr., samkv. svörum landshöfðingja uppá athuganir yfirskoðunarmanna, 17. 2.....	45 — „ —	
	1,188 kr. 86 aur.	
og eptir reikningi 1881	985 — 67 —	
alls...		2,174 kr. 53 aur.
Hjerí eru ekki taldar tekjur af spítalaeigninni Hallbjarnareyri, þareð ársreikningar þeirra var eigi kominn, þá er saminn var ársreikn. fyrir 1881; tekjur þessar numdu 1880.....	152 — 44 —	
Af þessu er borgað 1880.....	1,135 — 86 —	
og 1881.....	993 — 67 —	
		2,129 — 53 —
Eptirstöðvar...		45 kr. „ aur.

auk tekja af Hallbjarnareyri 1881.

17. Leigugjöld af Lundey og brennisteinsnámunum í Þingeyjar sýslu, fjárl. 3. gr. 3..

voru 1880	2,005 kr. „ aur.	
og 1881	2,005 — „ —	
alls...		4,010 kr. „ aur.

18. Tekjur af kirkjum, fjárl. 3. gr. 4.

Þessar tekjur voru 1880	467 kr. 62 aur.	
og 1881	262 — 29 —	
Eptirstöðvar 1879	51 — 26 —	
alls...		781 kr. 17 aur.
Af þessu er borgað 1880	433 — 68 —	
1881	314 — 29 —	
		747 — 97 —
Eptirstöðvar...		33 kr. 20 aur.

19. Leigur af fje viðlagasjóðsins, fjárl. 4. gr. 1.

Tekjur þessar hafa eptir reikningnum numið 1880	28,880 kr. 79 aur.	
og 1881	30,490 — 13 —	
Eptirstöðvar 1879	172 — 72 —	
og af eignum hins fyrra styrktarsjóðs	170 — 56 —	
alls...		59,714 kr. 20 aur.
Af þessu er borgað 1880	28,762 — 53 —	
og 1881	30,456 — 07 —	
		59,218 — 60 —
Eptirstöðvar...		495 kr. 60 aur.

en af þeim eru 8 kr. ófáanlegar.

Í athugasemdum við frumvarp það til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1878 og 1879 er lagt var fyrir alþingi 1881, eru eptirstöðvar 1879 taldar ..... 272 kr. 72(92) aur.
en hjer eigi orðnar meiri en ..... 172 — 72 —
mismunur... 100 kr. (20) aur.

og hafa yfirskoðunarmenn lagt það til, að eptirstöðvarnar við lok ársins 1880 verði látnar hækka um þá upphæð. Útaf þessu skal vísað til svara landshöfðingja uppá athuganir 1879 18. (hið prent. yfirlit 228. s.), þar sem bæði er tekið fram, að eptir því, hvernig reikningurinn yfir tekjur viðlagasjóðsins er saminn í sambandi við jarðarbókarsjóðs reikninginn, þá hafi eigi verið unnt að gjöra nákvæmlega upp hina einsöku launaliði, fyrr en hin umboðslega endurskoðun á reikningi jarðarbókarsjóðsins og fylgiskölum hans hafi fram farið, og beinlínis áskilinn sjettur til að gjöra nauðsynlegar leiðrjettingar á umtöluðum lið í landsreikningnum, er leigureikningurinn væri endurskoðaður, og samkvæmt þessu var stungið upp á að telja lið þenna:

„tekjur viðlagasjóðsins af skuldabrjefum með afborgunum, sem 1879 voru“ ..... 4,413 kr. 73 aur

þannig:

Tekjur reikningsársins	4,391 kr. 73 aur	
Eptirstöðvar frá fyrra ári	190 — 72 —	
		4,582 — 45 —
	Eptirstöðvar...	168 kr. 72 aur

En eptir þeirri uppgjörð á þessum lið, er hin umsboðslega endurskoðun hefur samið, áður en landsreikningurinn fyrir 1880 varð til, hefði átt að telja hann þannig:

Borgað alls		4.413 kr. 73 aur
tekjur reikningsársins	4,391 kr. 73 aur	
Eptirstöðvar frá fyrra ári	90 — 72 —	
		4,482 — 45 —
	Eptirstöðvar...	68 kr. 72 —

og er þessi leiðrjetting, samkvæmt því, er áskilið hafði verið, gjörð á landsreikningnum fyrir 1880, þar sem allar eptirstöðvarnar eru taldar: ..... 172 kr. 72 —

sem sje af uppsegjanlegum skuldabrjefum	104 kr. „ aur	
og af skuldabrjefum með afborgun ..	68 — 72 —	
		172 — 72 —

Að því, er snertir ástand viðlagasjóðsins við lok fjárhagstímabilsins, þá skal um það vísað til þess, er síðar verður sagt um „afganginn“.

20. Leigur af andvirði seldra jarða, fjrl. 4. gr. 2, hafa samkvæmt reikningunum árlega numið 207 kr. 60 a., alls..... 415 kr. 20 aur

21. Tekjur af styrktarsjóðnum; fjrl. 4. gr. 2, eru samkvæmt konungsúrskurði 24. okt. 1879 taldar í 19: leigur af fje viðlagasjóðsins.

22. Borgað upp í lán, veitt Möðruvalla klausturs kirkju, smbr. fjl. 5. gr. 1.

árið 1880 er borgað	117 kr. 30 áur	
— 1881 —	190 — 36 —	
	alls...	307 kr. 66 aur

23. Borgað upp í lán til kirkjunnar á Eyri, fjl. 5 gr. 2

hið ákveðna gjald er ár hvort greitt með 216 kr., alls .... 432 kr. „ aur

24. Endurgjald skynðilána til embættismanna smbr. fjrl. 5. gr. 3;

1880 endurborgað	1,158 kr. 34 áur	
og 1881.....	1,171 — 87 —	
	alls...	2,330 kr. 21 aur

25. Endurgjald á bráðabyrgðagreiðslum, smbr. fjrl.

1880 endurborgað.....	1,678 kr. 30 aur	
1881.....	12,231 — 15 —	
	alls...	13,909 kr. 45 aur

26. Tillag úr ríkissjóðnum; smbr. fjrl. 6. grein, hefur samkvæmt lögum 2. janúar 1871:

numið 1880.....	100,000 kr.	
þar frá dragast til hinnar æðstu innlendu stjórnar .	12,400 —	
		87,600 kr. „ —
og 1881.....	98,500 kr.	
þar frá dragast til hinnar æðstu innlendu stjórnar og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi.....	14,400 —	
		84,100 — „ —
	alls...	171,700 kr. „ —

Að því, er snertir þá tillögu landsyfirskoðunarmanna 16, við reikninginn fyrir 1881, að þessi liður verði færður upp um 2,000 kr., þá skal þessa getið:

Í frumvarpi því til fjárlaga fyrir 1880 og 1881, er 1879 var lagt fyrir alþingi, samkvæmt úrskurði konungs, voru útgjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1881, samkvæmt 25. gr. stjórnarskárinnar, sett 2,000 kr. En á þinginu var komið fram með þá skoðun, að það þyrfti sjerstakan konungs úrskurð til þess að segja mætti, að gjöld þessi væri ákveðin af konungi, og samkvæmt þessu samþykkti þingið fjárlögin í því formi, að hvergi kom fram í þeim gjald þetta. þótt stjórnin gæti eigi fallist á þá skoðun, er þingið þannig hafði sett fram, þá var þó, til þess að útiloka allan efa um þetta efni, umleið og leitað var allra hæstu staðfestingar á frumvarpi til fjárlaga fyrir 1880 og 1881, fenginn sjerstakur konungs úrskurður, er ákvað, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1881 skyldu vera 2,000 kr., og var alþingi gefið þetta til kynna í athugasemdum við frumvarpið til fjáraukalaga fyrir fjárhagstímabilið, og þess þar getið, að upphæðin mundi samkvæmt hinum allra hæsta úrskurði 24. okt. 1879 verða útborguð á fjárhagstímabilinu. þótt þinginu með þessu hafði verið gefinn kostur á, ef það hefði viljað, að taka þessi gjöld upp í frumvarpið, sem stjórninni að visu þótti óþarft, en mundi þó eigi hafa haft á móti, gjörði þingið enga breytingu, er hjer að lyti, í frumvarpinu til fjáraukalaga, eins og það heldur ekki kom fram með neina mótbáru mót því að fjeð yrði útborgað, og eptir þeirri þýðing, er vant er að leggja í slíkar athugasemdir í frumvörpum, er snerta fjárveitingar, hefur stjórnin haft rjett til að draga þá ályktan af þessum aðgjörðum þingsins, að það með henni hefði viðurkennt, að næg heimild væri fyrir greiðslu gjaldsins — þótt sú viðurkenning reyndar væri óþörf. Stjórnin verður því að halda því fram, að borgunin á gjaldinu til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1881, er í reikningnum er fyrir fram dregið frá tillaginu úr ríkis sjóði á því ári, sje fullkomlega samkvæm ekki aðeins stjórnarskránni, heldur einnig þeim grundvallarskoðunum, er alþingi hefur byggt á í meðferð sinni á frumvarpi til fjárlaga fyrir 1880 og 1881 og frumvarpi til fjaraukalaga fyrir sama tímabil.

27. Tillög frá brauðum, samkvæmt lögum 27. febr. 1880 1. grein, smbr. fjrl. 18. grein.
hafa orðið á árinu 1881 ..... 654 kr. 03 aur.

Eptirstöðvar... 1,695 kr. 97 aur.

II. Gjöld.

1. Kostnaður við alþingi 1881, fjárlögin 8. gr.
Í reikningnum fyrir 1880 er til þessa gjaldliðs fært:

Útgjalda eptirstöðvar fyrir 1879	1,530 kr. 12 aur.
Árið 1881 hefur kostnaðurinn við alþingi verið.....	33,740 — 34 —
alls...	35,270 kr. 46 aur.

hjerí er talin upphæð uppá 1,128 kr. 60 aur., sem er kostnaður við samning og prófarkalestur, svo og við prentun og innfesting á yfirliti því yfir reikninginn fyrir 1878 og 1879, er landsyfirskoðunarmenn sömdu, ásamt með tilheyrandi athugunum yfirskoðunarmanna, svörum og tillögum, er lagt var fyrir alþingi 1881, og sem rjettar virðist að færa til á þessum stað, en í útgjöldum, er snerta landsreikninginn, eins og gjört er í ársreikningnum.
Vegna einnar athugasemdar á fylgiskjali 26, er landshöfðingi hefur samið, og sem snertir árið 1881, hafa yfirskoðunarmenn lagt það til, að daglauna og ferðakostnaðar upphæð sú, er forsetar beggja deilda hafa ávísað, verði

lækkuð um	254 kr. 15 aur.
og hækkuð um.....	12 — „ —
	242 kr. 15 aur.

þareð nefnd útgjöld eru ávísuð af forsetum þingsins, og eigi hafa verið rannsökuð af hinum umboðslega yfirskoðara, skal því vísað til ályktunar þingsins, hvort þau eigi að standa í reikningnum.

2. Endurskoðun landsreikninganna, fjrl. 8. gr.

Útgjöldin í þessum lið eru 1880.....	1,300 kr. „ aur.	
og 1881 (smbr. hjer að framan).....	500 — „ —	
alls...		1,800 kr. „ aur.

3.—5. Útgjöld við umboðsstjórnina og gjaldheimtur og reikningsmál, smbr fjl. 9. gr. A. 1—
Útgjöldin í þessum liðum eru:

		árið 1880. kr. a.	árið 1881. kr. a.	samtals. kr. a.
A. 1.	laun.....	19,100. „	19,716. 66.	38,816. 66.
2.	endurgjald fyrir skrifstofu kostnað m. m.....	3,944. 08.	3,985. 61.	7,929. 69.
		763. 67.	„ „	763. 67.
3.	þóknun fyrir hina umboðslegu endurskoðun.....	2,000. „	2,000. „	4,000. „
	alls..	25,807. 75.	25,702. 27.	51,510. 02.
Eptirstöðvar eptir reikningnum fyrir 1881				„ 02.

6.—9. Utgjöld við dómgæzluna og lögreglustjórnina, fjl. 9. gr. B. 1—4.
Til gjalda þessara hefur gengið:

	árið 1880. kr. a.	árið 1881. kr. a.	samtals. kr. a.
6. B. 1. laun	70,480. 72.	71,246. 56.	141,727. 28.
Eptirstöðvar frá fyrra ári	311. 26.	1,474. 19.	1,785. 45.
alls...	70,791. 98.	72,720. 75.	143,512. 73.

Ut af tillögum yfirskoðunarmanna við reikninginn fyrir 1880, 30, er áhræra 209 kr. 07 aura, er virðast vera ofgoldnar sýslumanni Norðurmúla sýslu, hefur embættismanni þessum, núverandi hjeraðsfógeta í Thyrsting-Braðs hjerðum, Böving, verið skrifað um endurborgun á fje þessu.
Eptirstöðvar eptir reikningnum 1881 ..... „ kr. 08 aur.

7. B. 2. Endurgjald á skrifstofukostnaði til bæjarfógetans í Reykjavík, 1,000 kr. á ári ..... 2,000 kr. „ aur.

8. B. 3. Til hegningarhússins og fangelsanna hafa borgaðar verið:

1880	2,928 kr. 16 aur.	
1881	3,463 — 61 —	
alls...		6,391 kr. 77 aur.

9. B. 4. Önnur útgjöld hafa verið borguð þannig:

1880	2,523 kr. 44 aur.	
1881	2,881 — 03 —	
alls...		5,404 kr. 47 aur.

10.—18. Ýmisleg útgjöld, smbr. fjárlögin 9. grein, c. 1—9, og fjáraukalög 4. nóv. 1881 2. gr.
Þessi útgjöld hafa verið:

		árið 1880. kr. a.	árið 1881. kr. a.	samtals. kr. a.
10. C. 1.	til útgáfu stjórnartíðindanna.....	1,162. 82.	1,322. 98.	2,485. 80.
11. C. 2.	endurgjald til embættismanna fyrir burðareyri undir embættisbrjef	1,119. 74.	1,165. 89.	2,285. 63.
	yfirum...	2,282. 56.	2,498. 87.	4,771. 43.

	handan að...	2,282. 56.	2,498. 87.	4,771. 43.
12. C. 3.	brunabótagjald fyrir ýmsar apinberar byggingar.....	526. 47.	1,014. 81.	1,855. 64.
	eptirstöðvar frá fyrra ári	156. 89.	157. 47.	
13. C. 4.	styrkur til eflingar búnaði	10,000. „	9,999. 99.	19,999. 99.
14. C. 5.	til að bæta fjallvegi.....	20,000. „	19,402. 25.	39,402. 25.
15. C. 6.	til gufuskipsferða	18.000. „	10,000. „	40,304. 50.
	Eptirstöðvar 1879.....	12,304. 50.	— „	
	Eptirstöðvar fyrir 1881 8,000 kr.			
16. C. 7.	til vitans á Reykjanesi	2,197. 41.	2,454. 63.	4,652. 04.
	Eptirstöðvar fyrir 1881 200 kr.			
17. C. 8.	til embættisferða	207. „	54. 80.	261. 80.
18. C. 9.	þóknun til landshöfðingjaritara J. Jónssonar í fjárkáðamálinu ...	1,000 „	— „	1,000. „
	alls...	66,674. 83.	45,572. 82.	112,247. 65.

19.—20. Utgjöld við læknaskipunina, smbr. fjárlögin 10. grein.

19. 1.	laun hafa verið 1880	33,688 kr. „ aur.	
	og 1881	33,438 — „ —	67,126 kr. „ aur.
	Eptirstöðvar 1881 350 kr.		
20. 2.	Önnur útgjöld 1880.....	3,117 kr. 24 aur.	
	1881.....	2,093 — 18 —	5,210 kr. 42 —

Það sem farið er fram úr fjárupphæðinni fyrir 1880, sem nemur 869 kr. 24 aur., er tekið upp á frumvarp til fjaraukalaga fyrir 1880 og 1881. Eptir tillögum yfirskoðunarmanna er upphæð, er nemur 35 kr., tekin upp í 16. gr.

21.—23. Útgjöld við póststjórnina, smbr. fjárlögin 11. gr. smbr. 2. gr. 13.

Eins og sjest á tekjudálki reikningsins 13, hafa tekjur af póstferðunum verið alls ..... 22,705 kr. 60 aur.

Gjöldin hafa verið þessi:

		1880. kr. a.	1881. kr. a.	samtals. kr. a.
1.	laun	4,225. 58.	4,306. „	8,531. 58.
2.	flutningur pósta	11,626. 30.	12,199. 04.	23,825. 34.
3.	önnur útgjöld.....	2,484. 32.	2,015. 44.	4,499. 76.
	alls...	18,336. 20.	18,520. 48.	36,856. 68.

Samkvæmt svörum landshöfðingja uppá athuganir yfirskoðunarmanna á reikningnum fyrir 1880 og 1881 35 er á fjáraukalaga frumvarpið teknar upp þessar upphæðir: 1) Laun til póstafgreiðslumanna fyrir 1880 31 kr. 25 aurar, 2) til póstferðanna 1880 1,926 kr. 30 aurar, fyrir 1881 2,499 kr. 4 aurar, og 3) til annara útgjalda fyrir 1880 584 kr. 32 aurar og fyrir 1881 115 kr. 44 aurar.

24—66. Til kirkju og kennslumálefna, smbr. fjárlögin 12. gr.

A. í þarfir andlegu stjettarinnar.

		1880. kr. a.	1881. kr. a.	samtals: kr. a.
24. a.	laun	8,032. „	8,332. „	16,364. „
	b. önnur útgjöld:			
25. 1.	til fátækustu brauða	7,000. „	7,000. „	14,000. „
26. 2.	til nokkurra brauða í fyrrverandi Hólastifti	600. 05.	659. 25.	1,259. 30.
	Eptirstöðvar frá 1878 21 kr. 60 aurar frá 1880 70 — 80 —			
27. 3.	til prestaekkna og barna og styrkur handa fátækum uppgjafa prestum	2,500. „	2,500. „	5,000. „
28. 4.	endurgjald fyrir skriftofu kostnað handa biskupi	1,000. „	1,000. „	2,000. „
29. 5.	endurgjald fyrir tekjumissi handi prestinum á Vestmannaeyjum	1,443. 19.	1,443. 19.	2,886. 38.
30. 6.	sömuleiðis handa prestinum í Goðdölum	20. „	20. „	40. „
		20,595. 24.	20,954. 44.	41,549. 68.

B. til kennslumálefna.

I. Prestaskólinn.

		1880. kr. a.	1881. kr. a.	samtals. kr. a.
31. a.	laun	9,916. „	10,116. „	20,032. „
	b. önnur útgjöld:			
32. 1.	húsaleigur á 80 kr. hver	720. „	640. „	1,360. „
33. 2.	1 ölmusa á 200 kr.	200. „	200. „	400. „
34. 3.	til tímakennslu	100. „	100. „	200. „
35. 4.	til bókakaupa	300. „	300. „	600. „
36. 5.	til eldiviðar og ljósa	79. 22.	93. 40.	178. 62.
37. 6.	til umsjónar	100. „	100. „	200. „
38. 7,	til ýmislegra útgjalda	201. 62.	66. 33.	267. 95.
	alls...	11,616. 84.	11,621. 73.	23,238. 57.

Ofborgunin á 38. lið fyrir 1880, sem er 101 kr. 62 aurar, er eptir tillögum yfirskoðunarmanna tekin úpp á frumvarpið til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881.

II. Læknaskólinn.

	1880. kr. a.	1881. kr. a.	samtals. kr. a.
39. a. laun	3,200. „	3,200. „	6,400. „
b. önnur útgjöld:			
40. 1. 3 ölmussur á 200 kr. hver	600. „	600. „	1,200. „
41. 2. til eldiviðar, ljósa og ræstingar	94. 65.	99. 15.	193. 80.
42. 3. til bókakaupa og áhalda	300. „	300. „	600. „
43. 4. til ferðastyrks handa læknaefnum	150. „	300 „	450. „
44. 5. húsaleigustyrkur handa 3 lærisveinum.	240. „	240. „	480. „
45. 6. til ýmsra útgjalda	75. „	78. „	153. „
alls...	4,659. 65.	4,817. 15.	9,476. 80.

III. Hinn lærði skóli.

	1880. kr. a.	1881. kr. a.	samtals. kr. a.
46. a, laun	18,200. „	18,200. „	36,400. „
47. b. aðstoðarfje	2,100. „	2,300. „	4,400. „
c. önnur útgjöld:			
48. 1. til bókakaupa	600. „	600. „	1,200. „
49. 2. til eldiviðar og ljósa	1,047. 69.	1,171. 33.	2,219. 02.
50. 3. til skólahússins utanstokks og innan	1,531. 18.	1,014. 87.	2,546. 05.
51. 4. til tímakennslu	1,337. 23.	1,468. 02.	2,805. 25.
52. 5. ölmusur	9,000. „	9,000. „	18,000. „
53. 9. þóknun handa lækni	100. „	100. „	200. „
54. 7. ýmisleg útgjöld	1,200. 10.	1,090. 03.	2,290. 13.
55. 8. fyrir prestsverk	48. „	48. „	96. „
alls..	35,164. 20.	34,992. 25.	70,156. 45.

Ofborgunin undir lið C. til aðstoðarfjár fyrir árið 1880 240 kr. og 1881 240 kr., alls 480 kr., er eptir tillögum yfirskoðunarmanna tekin upp á frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881. Einnig er og eptir tillögum yfirskoðunarmanna og samkvæmt svari landshöfðingja uppá athuganir í 3. c. 1880, leitað fjárveitingar fyrir ofborganir 1880 undir lið C. 3. 31 kr. og 18 aurar og C. 7. 10 aurar.

56. til launa handa kennara í söng og organslætti, og organsleikara við Reykjavíkur dómkirkju er á árí goldið 1,000 kr. ..... 2,000 kr. „ aur.

57. C. 1. til stiftsbókasafnsins, smbr. fjáraukalög 4. nóv. 1881 3. gr. er borgað 1880 ..... 600 kr. „ aur.
1881 ..... 3,407 — 41 —
4,007 — 41 —

yfir um... 4,007 kr. 41 aur.

	handan að...		4,007 kr. 41 eyr.
58. 2.	Til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi 400 kr. á ári		800 — „ —
59. 3.	Til kvennaskólans í Reykjavík 900 kr. á ári		1,800 — „ —
60. 4.	— — í Eyjafirði 1,000 kr. á ári		2,000 — „ —
61. 5.	— — í Skagafirði 700 kr. á ári.....		1,400 — „ —
62. 6.	— — í Húnavatns sýslu 200 kr. á ári ..		400 — „ —
63. 7.	— barna- og alþýðuskóla er 1880 borgað	2,500 kr. „ aur	
	1881 —	2,498 — „ —	
			4,998 — „ —
64. 8.	Til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík 2,000 kr. á ári.....		4,000 — „ —
65. 9.	Til forngripasafnsins, smbr fjáraukalög 4. nóv. 1881 3. gr., er borgað 1880....	800 kr. „ ári	
	1881....	1,300 — „ —	
			2,100 — „ —
66. 10.	Til þjóðvinafjelagsins, til að borga eptirstöðvar af útgjöldum við þúsundárahátíðina		1,000 — „ —
	alls...		22,505 kr. 41 eyr.
67.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabyrgðalána er borgað 1880	8,658 kr. 81 aur	
	1881.....	13,506 — 60 —	
	alls...		22,165 — 41 —
68.	Til eptirlauna og styrktarfjár, smbr. fjárl. 14. gr. er borgað 1880 ..	23,501 kr. 87 aur	
	1881 ..	22,105 — 07 —	
	Eptirstöðvar 1879	412 — 87 —	
	alls. .		46,019 — 81 —
69.	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, smbr. fjárl. 15. gr. og fjáraukal. 4. nóv. 1881 4. gr. er borgað 1880	4,025 kr. „ aur	
	1881	2,549 — 25 —	
	alls...		6,574 — 25 aur.
70.	Til óvissra útgjalda, smbr. fjárl. 16. gr. og fjáraukalög 4. nóv. 1881 5. gr. er borgað 1880	5,304 kr. 36 aur	
	yfir um...	5,304 kr. 36 aur	

	handan að...	5,304 kr. 36 aur	
	Eptir tillögum yfirskoðunarmanna færast yfir á þessa grein (smbr. 20. hjerað framan)	35 — „ —	
	og 1881.....	3,052 — 04 —	
	alls...		8,391 — 40 —
	Það, sem hjer er ofborgað, og sem með þessum 35, sem færðar eru undir þessa grein, nemur .... er tekið upp í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881.		503 — 05 —
71.	Til Gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, samkv. lögum 7. nóv. 1879, smbr. 19. grein fjárl. og fjáraukalög 4. nóv. 1881 6. grein.		
	Til hans er 1880 borgað	6,009 kr. 69 aur	
	og 1881 —	16,385 — 75 —	
	alls...		22,395 — 44 —
72.	Í eptirlaun handa prestum samkvæmt lögum 27. febr. 1880, smbr. fjárlögin 18. gr, er borgað 1880.....	241 kr. 66 aur	
	1881....	838 — 36 —	
	alls...		1,080 — 02 —
	Eptirstöðvar eru þá.....		377 — 28 —
73.	Tillag til prestakalla, samkv. lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, smbr. fjárlögin 18. gr.		
	Til þessa er borgað 1881.....		2,108 — 33 —
74.	Til að reisa hús handa alþingi og söfnum landsins, smbr. fjáraukalög 4. nóv. 1881 7. grein og fjarlögin 4. gr. 1.		
	Til þess er borgað á árinu 1881..... og eptirstöðvar 500 Kr.		20,665 — 47 —
	Ofborgaðar 1,165 kr. 47 aurar eru teknar upp á frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881.		
75.	Til húsbúnaðar í alþingissölunum, smbr. fjáraukalög 4. nóv. 1881 7. gr, er borgað 1881		5,263 — 32 —
	Eptirstöðvar voru 150 kr.		
	Ofborgaðar 413 kr. 33 aurar eru teknar upp á frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881.		
76.	Afgangur, smbr. fjárlögin 17. gr.		
	Eptir reikningunum voru tekjurnar		
	1880 alls.....	403,838 kr. 10 aur	
	og 1881 alls.....	418,035 — 52 —	
	samtals...		821,873 — 62 —
	yfir um...		821,873 kr. 62 aur

handan að...		821,872 kr. 62 aur
En frá þessu dragast (sjá að framan I. 12.)	1 kr. 82 aur	
og (sjá I. 14.) 50 aurar + 10 kr. 54 a.	11 — 04 —	
		12 — 86 —
tekjur alls...		821,860 kr. 76 aur
Útgjöldin voru 1880 alls	359,022 kr. 91 aur	
og 1881 —	411,897 — 65 —	
		770,920 — 56 —
er þá afgangurinn...		50,940 kr. 20 aur

Samkvæmt fjárlögunum 17. grein skal leggja afganginn til viðlagasjóðsins, sem sumpart er fólginn í innstæðum, er gefa leigur, sumpart því, sem er til í peningum í landssjóði. Af þessari ástæðu, er í reikningi þessum fyrir fjárhagstímabilið skýrt frá fjárhagi viðlagasjóðsins bæði við byrjun fjárhagstímabilsins og við lok þess, og skal hjer bætt við þeim athugasemdum, er hjer fara á eptir.

Samkvæmt frumvarpi til laga um samþykkt á reikningnum yfir tekjur og útgjöld Íslands árin 1878 og 1879, er lagt var fyrir alþingi 1881, og sem alþingi samþykkti í því formi, er varnaði þess að það yrði staðfest, en sem í því atriði, er hjer ræðir um, var óbreytt samþykkt, var innstæðufje viðlagasjóðsins 31. desember 1879 677,693 kr. 32 aur

Samkvæmt konungsúrskurði 24. okt. 1879 eru inn í viðlagasjóðinn runnar eignir styrktarsjóðsins, sem áður var..... 47,370 — 29 —

Auk þess bættust viðlagasjóðnum 1880 þessir fjármunir:

1.	Lánað gegn veðskuldabrjefi og uppsögn með hálf árs fyrirvara.....	42,000 kr. „ aur	
	En endurborgað var.....	2,400 — „ —	
			39,600 — „ —
2.	Lánað með árlegri afborgun.....	25,027 kr. 90 aur	
	En endurborgaðar voru áskildar	15,339 — 07 —	
			9,668 — 83 —
			774,352 kr. 44 aur

Aptur á móti verður dregið frá á árinu 1880:

a.	selt kon. skuldabrjef.....	2,000 kr. „ aur	
b.	innborgað af leigulausi láni til fjárkláðans	781 — „ —	
			2,781 — „ —
	yfir um...		771,571 kr. 44 aur

hándan að...		771,571 kr. 44 aur
Á árinu 1881 bættust viðlagasjóði þessir fjármunir:		
1. lán gegn veðskuldabrjefi og uppsögn með hálfs árs fyrirvara.....	33,666 kr. 90 aur	
en endurborgaðar urðu	11,766 — „ —	
		21,900 — 90 —
2. lánað gegn veðskuldabrjefi með árlegri afborgun	18,900 kr. „ aur	
en endurborgaðar urðu áskildar	14,080 — 75 —	
		4,819 — 25 —
3. lánað, samkv. lögum 27. febr. 1880 um brúargjörð á Skjálfandafljót		8,900 — „ —
		807,191 kr. 59 aur
4. Samkvæmt lögum 4. nóv. 1881 um endurborgun á skuldakröfum landssjóðs, teljast kröfur styrktarsjóðsins, sem var, hjá nokkrum hreppum í Snæfellsnes sýslu til arðberandi eigna viðlagasjóðsins.....		3,835 — 82 —
		811,027 kr. 41 aur
En frádregið verður:		
a. selt kon. skuldabrjef	1,106 kr. 62 aur	
b. borgað af láni til fjárkláðans.....	280 — „ —	
c. peningar í styrktarsjóðnum.....	70 — 29 —	
		1,456 — 91 —
		809,570 kr. 50 —
sem er arðberandi eign viðlagasjóðsins 31. des. 1881, þó þannig að í fjárupphæð þessari eru taldar með þær 265 kr. 58 aur, er eptir eru af láni því, er veitt var til að útryðja fjárkláðanum, og hafa með samþykki alþingis hingað til eigi verið áskildar leigur af því fje.		
Borin saman við fjárhag viðlagasjóðsins 1. jan. 1880..		677,693 — 32 —
hefur hann á fjárhagstímabilinu aukist um...		131,877 kr. 18 aur

En hjer er þó að athuga, að af fjárupphæð þeirri, 100,000 kr., er í fjárlögunum, 4. gr. var veitt til að byggja alþingishús, eru á fjárhagstímabilinu aðeins færðar til útgjalda þær 1,083 kr. og 32 aurar, er komu inn við söluna á kon. skuldabrjefi uppá 1,106 kr. 62 aur.

Hinar áður nefndu arðberandi eigur viðlagasjóðsins eru þær, er nú skal greina:

1. Innskriptarskírteini.....	407,900 kr. „ aur	
2. Veðskuldarbrjef með hálfs árs uppsagnar fresti.....	235,370 — „ —	
3. Skuldabrjef, sem árlega er goldið upp í..	160,844 — 92 —	
4. Andvirðis eptirstöðvar	5,190 — „ —	
5. Skyndilán sakir fjárkláðans	265 — 58 —	
		809,570 — 50 —

Landssjóður átti í sjóði í peningum 31. des. 1879, samkvæmt hinu áður nefnda frumvarpi til laga um samþykkt á reikningnum yfir tekjur og útgjöld Íslands 1878 og 1879, er 1881 var lagt fyrir þingið	75,897 kr. 04 aur	
Afgangur fyrir fjárhagstímabilið, er einsog áður talið	50,940 — 20 —	
		126,837 kr. 24 aur
Af þessu fje er varið til að auka áður nefndar eignir viðlagasjóðsins:		
1880 49,288 kr. 83 aur. ÷ 2,706 kr. „ aur.	46,582 kr. 83 aur	
1881 35,620 — 15 — ÷ 305 — 29 —	35,269 — 86 —	
		81,852 — 69 —
Til í peningum 31. des. 1881...		44,984 kr. 55 aur.
Auk þess urðu samkvæmt reikning þessum 31. des. 1881 tekjueptirstöðvar		52,003 — 60 —
I þeim eru ekki taldar þær 8 kr., er nefndar eru hjer að framan I. 19., og sem eru ófáanlegar. og útgjaldaeptirstöðvar.....		9,669 — 78 —

Yfirlit

yfir

tekjur og útgjöld Íslands á árunum 1880 og 1881.

No.	Tekjur:	Fjárveiting. kr.	a.	Reikningur. kr.	a.
1.	Skattur í ábúð og afnotum jarða og á lausafje	100,000	»	94,658	04
2.	Húsaskattur	3,000	»	4,072	26
3.	Tekjuskattur	28,000	»	29,707	84
4.	Aukatekjur	28,000	»	34,973	31
5.	Vitagjald	10,000	»	8,688	35
6.	Meturðaskattur	80	»	84	16
7.	Erfðafjárskattur	5,000	»	5,750	24
8.	Gjöld af fasteignar sölum	1,200	»	1,180	83
9.	Leyfisbrjefa-gjöld	2,000	»	3,124	73
10.	Spítalagjald	14,000	»	39,334	26
11.	Gjöld af verzlun á Íslandi	74,312	»	6,110	93
12.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum og tóbaki, að frádregnum 2% í gjaldheimtulaun	200,000	»	219,698	83
13.	Tekjur af póstferðum	20,000	»	22,705	60
14.	Óvissar tekjur	1,200	»	4,634	56
15.	Afgjöld af umboðs og klausturjörðum, að frádregnum umboðslaunum og prestsmötu m. fl.	64,000	»	61,282	17
16.	Afgjöld af öðrum jörðum landssjóðs	2,368	»	2,129	53
17.	Leigugjöld af Lundey og brennisteisnámunum í þingeyjarsýslu	4,010	»	4,010	»
18.	Tekjur af kirkjum	1,200	»	747	97
19.	Leigur af fje viðlagasjóðsins	45,000	»	59,218	60
	borgað upp í lán, fjarveiting: 16,762 kr. 67 aur., reikningur: 29,419 kr. 82 aur.				
20.	Leigur af andvirði seldra jarða	415	»	415	20
21.	vextir af styrktarsjóðnum	3,860	»		
22.	Borgað upp í lán til Möðruvalla klausturkirkju	360	»	307	66
23.	Borgað upp í lán til kirkju á Eyri	432	»	432	»
24.	Endurborgun á skyndilánum til embættismanna	6,000	»	2,330	21
25.	Endurgjald á bráðabyrgðar greiðslum	4,000	»	13,909	45
26.	Tillag úr ríkissjóði	159,388	»	171,700	»
27.	Greitt frá brauðum (l. 27. febr. 1880 1. gr. fjárlögin 18. gr.)			654	03
	Samtals...			821,860	76

No.	Gjöld:	Fjárveiting. kr.	a.	Reikningur. kr.	a.
1.	Til alþingis 1881	35,000	»	35,270	46
2.	Til endurskoðunar á landsreikningnum	1,800	»	1,800	»
	A. Umboðstjórn, gjaldheimta og reikningsmál:				
3.	1. Laun	38,816	66	38,816	66
4.	2. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað m. m.	7,200	»	8,693	36
5.	3. Þóknun fyrir hina umboðslega endurskoðun	4,000	»	4,000	»
6.	B. Dómgæzla- og lögreglumál. 1. laun	140,744	08	143,512	73
7.	2. Endurgjald á skrifstofnkostnaði fyrir bæjarfógetan í Reykjavík	2,000	»	2,000	»
8.	3. Til hegningarhússins og fangelsanna	7,600	»	6,391	77
9.	4. Önnur útgjöld	6,400	»	5,404	47
10.	C. Ýms útgjöld: 1. Til útgáfu á stjórnartíðindunum	2,900	»	2,485	80
11.	2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	2,000	»	2,285	63
12.	3. Brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	1,410	»	1,855	64
13.	4. Til eflingar búnaði	20,000	»	19,999	99
14.	5. Til að bæta fjallvegi	40,000	»	39,402	25
15.	6. Til gufuskipsferða	36,000	»	40,304	50
16.	7. Til vitans á Reykjanesi (fjáraukal. 4. nóv. 1881)	5,000	»	4,652	04
17.	8. Til ferðakostnaðar	1,200	»	261	80
18.	9. Þóknun handa landshöfðingjaskrifara Jóni Jónssyni fyrir störf hans í fjárkláðamálinu	1,000	»	1,000	»
19.	Til læknaskipunarinnar: 1. Laun	75,452	»	67,126	»
20.	2. Önnur útgjöld	4,496	»	5,210	42
21.	Til póststjórnarinnar: 1. Laun	8,620	»	8,531	58
22.	2. Póstflutningur	19,400	»	23,825	34
23.	Önnur útgjöld	3,800	»	4,499	76
24.	A. Til andlegu stjettarinnar: a. Laun	16,364	»	16,364	»
25.	b. 1. Til bráðabyrgðaruppbóta fátækum brauðum	14,000	»	14,000	»
26.	2. Til nokkurra brauða í fyrveranda Hólastifti	1,200	»	1,259	30
27.	3. Til prestaekkna og barna, og til fátækra uppgjafapresta	5,000	»	5,000	»
28.	4. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa biskupi	2,000	»	2,000	»
29.	5. Endurgjald fyrir tekjumissi handa Vestmanneyja presti	2,886	38	2,886	38
30.	6. Endurgjald fyrir tekjumissi handa Goðdala presti	40	»	40	»
31.	B. Til kennslumálefna: 1 Prestaskólinn. a. Laun	21,600	»	20,032	»
32.	b. Önnur útgjöld: 1. húsaleiga handa 12 lærisveinum á 80 kr. hver	1,920	»	1,360	»
33.	2. 1 ölmusa	400	»	400	»
34.	3. Til tímakennslu	200	»	600	»
	yfir um...	.....		530,871	88

No.	Gjöld.	Fjárveiting. kr.	a.	Reikningur. kr.	a.
	handan að...	.....		530,871	88
35.	B. I. b. 4. Til bóka kaupa.....	600	»	600	»
36.	5. Til eldiviðar og ljósa	280	»	178	62
37.	6. Til umsjónar.....	200	»	200	»
38.	7. Ýms útgjöld	200	»	267	95
39.	II. Læknaskólinn. a. Laun.....	6,400	»	6,400	»
40.	b. Önnur útgjöld: 1. 3 ölmusur á 200 kr. hver ...	1,200	»	1,200	»
41.	2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar.....	200	»	193	80
42.	3. Til bóka kaupa og áhalda.....	600	»	600	»
43.	4. Ferðastyrkur til læknaefna	600	»	450	»
44.	5. Húsaleiga handa 3 lærisveinum	480	»	480	»
45.	6. Ýms útgjöld	200	»	153	»
46.	III. Hinn lærði skóli. a. Laun	36,400	»	36,400	»
47.	b. Aðstoðar fje: handa söngkennara 600 kr., fimleikakennara 700 kr., dyraverði 760 kr. á ári	4,120	»	4,400	»
48.	c. Önnur útgjöld: 1. Til bókakaupa.....	1,200	»	1,200	»
49.	2. Til eldiviðar og ljósa.....	3,000	»	2,219	02
50.	3. Til skólahússins utanstokks og innan.....	3,000	»	2,546	05
51.	4. Til tímakennslu	3,000	»	2,805	25
52.	5. Ölmusur	18,000	»	18,000	»
53.	6. Þóknun handa lækni	200	»	200	»
54.	7. Ýmisleg útgjöld	2,400	»	2,290	13
55.	8. Fyrir prestverks.....	96	»	96	»
56.	IV. Til kennara í söng- og organslætti og organsleikara við Reykjavíkur dómkirkju	2,000	»	2,000	»
57.	C. 1. Til Stiptsbókasafnsins (fjáraukal. 4. nóv. 1881 3. gr. 4,000 kr.)	1,000	»	4,007	41
58.	2. Til Amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi	800	»	800	»
59.	3. Til kvennaskólans í Reykjavík.....	2,000	»	1,800	»
60.	4. Til kvennaskólans í Eyjafirði.....	2,000	»	2,000	»
61.	5. Til kvennaskólans í Skagafirði.....	1,400	»	1,400	»
62.	6. Til kvennaskólans í Húnavatnssýslu	400	»	400	»
63.	7. Til barna- og alþýðaskóla.....	5,000	»	4,998	»
64.	8. Til deildar hins ísl. bókmenntafjelags í Reykjavík.	4,000	»	4,000	»
65.	9. Til forngripasafnsins: a. til forngripa kaupa 400 kr. b. til umsjónar 400 kr. á ári (smbr. fjáraukal. 4. nóv. 1881 + 500 kr.).....	1,600	»	2,100	»
66.	10. Til þjóðvinafjelagsins.....	1,000	»	1,000	»
67.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögákveðinna bráðabyrgðalána	10,000	»	22,165	41
68.	Til eptirlauna og styrktarfjár	48,700	»	46,019	81
69.	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja (smbr. fjáraukal. 4. nóv. 1881, 4 gr.).....	6,000	»	6,574	26
	yfir um...	.....		711,016	58

No.	Gjöld.	Fjárveiting. kr.	a.	Reikningur. kr.	a.
	handan að...	.....		711,016	58
70.	Til óvissra útgjalda (smbr. fjáraukal. 4. nóv. 1881, 5. gr. + 188 kr. 35 a.)	6,000	»	8,391	40
71.	Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, samkv. lögum 7. nóv. 1879 (smbr. fjáraukal. 4 nóv. 1881, 6. gr.)	.....		22,395	44
72.	Til eptirlauna handa prestum, samkv. lögum 27. febr. 1880 um eptirlaun presta	.....		1,080	02
73.	Tillag til brauða, samkv. lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla	.....		2,108	33
74.	Til byggingar á húsi fyrir alþingi og söfn landsins (fjáraukal. 4. nóv. 1881, 7. gr., smbr. fjáraukal. 4. gr. 1.) ...	.....		20,665	47
75.	Til húsbúnaðar í alþingissölunum, samkv. fjáraukalögum 4. nóv. 1881, 7. gr.	.....		5,263	32
76.	Afgangur	.....		50,940	20
	Samtals...	.....		821,860	76

14.

Frumvarp

til

laga. er breyta hegningar-akvörðununum í tilskipun 5. september 1794 5. gr.

(lagt fyrir alþingi 1883).

Í stað þeirra hegninga, er getur um í tilskipun um skottulækningar 5. september 1794 5. grein, skal eptirleiðis beita sektum alltað 100 kr. eða einföldu fangelsi alltað 4 mánuðum, og þá brot er ítrekað, skal annaðhvort þessum hegningum beitt, eður fangelsi við vatn og brauð, ef mjög miklar sakir eru.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I brjefi frá 23. maí f. á., sem prentað er í stjórnartíðindum s. á., B., 96. og 97. síðu, er skýrt frá því, hverjar ástæður hefði verið til þess, að synjað var allrahæstu

staðfestingar á frumvarpi því til laga um lækningar þeirra, er eigi hafa tekið próf í læknisfræði, er alþingi samþykkti 1881. Í nefndu brjefi var þess þó getið, að hegningarákvörðunin í tilskipun 5. september 1794 ætti eigi lengur við, og hefði því stjórnarráðið í hyggju að leggja fyrir alþingi 1883 frumvarp til laga um breyting á henni.

Lög 3. marz 1854, er í Danmörku breyta hegningar-ákvörðun þeirri, er tilskipun 5. september 1794 setur fyrir það, er menn óleyfilega fást við lækningar, voru árið 1855 lögð fyrir alþingi; en þingið rjeð þá frá að lögleiða þau á Íslandi, einkum fyrir þá sök, að tilskipun 5. sept. 1794 var eigi álitin gildandi á Íslandi.

En þarsem þingið sýnist nú að hafa breytt þessari skoðun, er dómstólarnir á Islandi hafa viðurkennt, að tilskipunin væri í gildi þar, og engin ástæða virðist vera til að halda þessari sjerstaklegu hegningar-ákvörðun á Islandi, eptir að henni hefur breytt verið í konungsríkinu, og umræðurnar á síðasta þingi einnig virðast fara í þessa stefnu, þá hefur stjórnráðinu þótt rjett að leggja frumvarp þetta fyrir alþingi, og er það samhljóða áðurgreindum lögum 3. marz 1854, að undanteknu því einu, að sektin er lækkuð í samhljóðan við hin íslenzku hegningarlög.

Þar sem drepið var á í enda hins áðurnefnda brjefs stjórnarráðsins, að það mundi verða tekið til nákvæmari yfirvegunar, hvort vera kynni ástæða til að veita þeim, er eigi hefðu tekið próf, takmarkaðan rjett til lækninga sumpart upp á eigið umdæmi, sumpart þannig, að þeir væri einskonar aðstoðarlæknar embættislækna, þá skal þess getið, að landlækninum, sem nú er, hefur verið gefinn kostur á að láta álit sitt í ljósi um þetta efni, og hefur hann lýst því yfir, að hann ætli það vera óráðlegt, að veita mönnum, er eigi hafa tekið próf, rjett til að fást við vissa sjúkdóma eða hafa með höndum viss lækningarmeðöl uppá eigið umdæmi, nema það væri sem einber undantekning og mjög sjerstaklegar kringumstæður mæltu með því; rjeð hann einnig frá, nú sem stendur að minnsta kosti, að leyfa þeim mönnum, sem eigi hafa tekið próf, að vera aðstoðarlæknar með tillögn embættislækna, enda ætti stjórnin, hvernig sem fellur, aldrei að veita þeim umboð til þessa; og með því landshöfðingi hefur fallizt á þessar tillögur, hefur stjórnarráðinu eigi þótt vera ástæða til að gjöra meira í þessu máli.

15.

Frumvarp

til

fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881.

(Lagt fyrir alþingi 1883).

---

1. grein.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögum fyrir 1880 og 1881 veitast 8,720 kr. 33 eyrir til að greiða gjöld þau, er hjer fara á eptir í 2.—6. grein.

2. grein.

Sem viðbót við útgjöldin í 10. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, 2. lið (önnur gjöld) veitast 869 kr. 34 a. fyrir 1880.

3. grein.

Sem viðbót við útgjöldin í 12. grein fjárlaganna til póststjórnarinnar veitast:

undir 1. lið (laun)	31 kr. 30 a.
fyrir 1880.	
undir 2. lið (póstflutningar):	
1880	1,926 — 30 -
1881	2,499 — 04 -
undir 3. lið (önnur gjöld):	
1880	584 — 32 -
1881	115 — 44 -
	5,156 kr. 35 a.

4. grein.

Sem viðbót við útgjöldin í 12. gr. fjárlaganna til kirkju- og kennslumálefna veitast:

1. undir B. I., b. ýms útgjöld við prestaskólann 1880.....	101 kr. 62 a.
2. undir B. III. b. aðstoðarfje við lærða skólann 1880.....	240 — » -
1881.....	240 — » -
3. undir B. III. c. 3. til skólahússins utan og innan.....	31 — 18 -
og c. 7. ýms útgjöld við hinn lærða skóla 1880	» — 10 -
	612 kr. 90 a.

5. grein.

Sem viðbót við óviss útgjöld í 16. grein fjárlaganna veitast 503 kr. 5 a. fyrir fjárhagstímabilið.

6. grein.

Auk þeirrar aukafjárveitingar, er í fjáraukalögum fyrir 1880 og 1881 4. nóv. 1881 var veitt til byggingar á húsi fyrir alþingi og söfn landsins, og til húsbúnaðar í alþingissölunum, veitast enn fremur 1,578 kr. 79 a.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landsyfirskoðunarmenn hafa í tillögum sínum, er snerta 1881, haldið því fram, að rjettast sje, að leita nýrrar fjárveitingar á fje því, er veitt var í fjáraukalögum fyrir árið 1880 og 1881 4. nóv. 1881, sökum þeirra galla er höfðu komið fram við meðferð þessara laga á alþingi.

En stjórnin verður að vera á þeirri skoðun, að villa sú, sem komst inn í lagafrumvarpið á þinginu, geti eigi haft áhrif á gildi laganna, og sje því eigi nein ástæða til að taka tillögu þessa til greina, og skal í þessu efni skýrskotað til þess, er landshöfðingi hefur sagt í inngangsorðum sínum til svara á athugunum yfirskoðunarmanna við reikninginn fyrir 1882. Um fjárupphæðir þær, er taldar eru í hinum einstöku greinum frumvarps þessa, má sjá það, sem viðþarf, bæði á athugasemdum við frumvarpið til reikningslaga, og á svörum landshöfðingja uppá athuganir yfirskoðunarmanna.

16.

Frumvarp

til

fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883.

(Lagt fyrir alþingi 1883.)

---

1. grein.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögum fyrir 1882 og 1883 veitast 4770 kr. 54 a. til útgjalda þeirra, er getur um í 2.—7. grein hjer á eptir.

2. grein.

Af tekjum þeim af kirkjum landssjóðs, er taldar eru í fjárlögunum 3. gr. 4. má borga 160 kr. til þess að kaupa fyrir altarisklæði handa Munkaþverárklausturs kirkju.

3. grein.

Vextir upp á 360 kr. 45 a. af skulda krófum þeim, er fjáraukalög 4. nóv. 1881 geta um að landssjóður eigi hjá nokkrum hreppum í Snæfellsness sýslu og hjá sýslunefndinni í Borgarfjarðar sýslu, verða gefnar eptir fyrir fjárhagstímabilið, og dragast því frá tekjum þeim, er snerta viðlagasjóðinn, er taldar eru í 4. grein.

4. grein.

Sem viðbót við launa-útgjöld þau, er talin eru í fjárlögunum 10. gr. B. 1. og snerta dómgæzlu og lögreglumál, veitast 100 kr.

5. grein.

Sem viðbót við fjárupphæð þá, er í fjárlögunum 12. gr. 3. er talin til „annara útgjalda“ er snerta póstsjórnina, veitast 150 kr.

6. grein.

Sem viðbót við útgjöldin í 13. gr. til kirkju- og kennslumálefna, veitast:

1. A. b. 2. til bráðabyrgða uppbótar fátækum brauðum 3,000 kr., og
2. B. IV. b. 1. til bókakaupa og ákalda við kennsluna í Möðruvallaskóla 500 kr.

7. grein.

Stjórninni veitist heimild til að greiða fyrverandi sýslumanni Þorsteini Jónssyni, settum málsfærslumanni við landsyfirrjettinn, 500 kr. í þóknun fyrir störf hans sem setts málsfærslumanns við landsyfirrjettinn frá 1. oktb. 1880 til 31. desbr. 1881.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 2. grein.

Hið umbeðna fje til að kaupa altarisklæði handa Munkaþverár klausturs kirkju er ætlað til útgjalda, er umboðsmaður hefur gjört eptir að aðfinning var um það gjörð af prófasti við eptirlit hans.

Við 3. grein.

Af lánum þeim, er hjer ræðir um, hafa hvorki verið goldnar leigur 1882, nje heldur nokkuð borgað upp í þau, og þarsem orsökin til þess liggur í óári því, er komið hefur yfir landið, og afleiðingar þess einnig munu gjöra það að verkum, að skuldunautarnir heldur eigi 1883 verða færir um að standa í skilum, þá er hjer farið fram á að gefa eptir leigur fyrir allt fjarhagstímabilið, eins og líka er farið fram á í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1884 og 1885 að fresta fyrsta endurgjalds degi á lánum þessum, sem tiltekinn er í lögum 4 nóv. 1881, til 1. janúar 1884.

Við 4. grein.

Meðan sýslumannsembættið í Dala sýslu stóð óveitt 1881, var því stýrt af sýslumanni S. Sverrissyni í Stranda sýslu sem settum. Fyrir þenna starfa naut hann, samkvæmt lögum 15. okt. 1875, helmings launa embættisins um $2^1/_2$ mánuð, eða 260 kr. 40 a.; en af því að þingaferðirnar urðu einmitt um þenna tíma, og hafa kostað hann um 126 kr.. þá hefur borgun sú, er hann í rauninni hefur fengið, eigi staðið í rjettu hlutfalli við starfa hans. Til þess að nokkru leyti að endgjalda honum kostnað þenna, er farið fram á að fá veittar 100 kr., og er það samkvæmt beiðni hans, er hingað hefur komið, og landshöfðingi mælt með.

Við 5. grein.

Hið umbeðna fje á að vera til að nokkru leyti að endurgjalda póstunum á aðal póstleiðinni milli Reykjavíkur og Ísafjarðar og milli Eskifjarðar og Prestsbakka skaða þann, er þeir hafa orðið fyrir vegna hinnar erfiðu samgöngu vorið 1882. Menn þessir hafa eigi eptir samningnum milli þeirra og póststjórnarinnar neina heimting á þessum skaðabótum, en sanngirni virðist mæla með, að landssjóður, eins og landshöfðingi hefur lagt til, veiti hinum fyrrnefnda, er misst hefur 4 hesta, 270 kr. virði alls, 100 kr. og hinum síðarnefnda 50 kr.

Við 6. grein.

1) I frumvarpi til fjárlaga fyrir 1884 og 1885 er farið fram á að veittar verði 7,000 kr. fyrir hvort árið á þessum gjaldlið af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í athugasemdunum við frumvarpið. En hinar sömu ástæður mæla og með því, að fjárveitingin fyrir 1883, er nemur 4,000 kr., verði aukin með 3,000 kr., og hefur stjórninni því þótt hlýða, að bera upp tillögu um aukafjárveiting þessa.

2) Hið umbeðna fje er ætlað til áhalda fyrir leikfimis kennsluna við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum. Þess skal getið, að til að reisa fimleika og geymsluhús við skólann, er með fjáraukalögum fyrir 1880 og 1881 voru veittar 5,500 kr. til, hafði eigi verið varið meiru en 4,000 kr., og hefði því ef til vill getað verið spursmál um að verja afgangnun til þessara útgjalda. En rjettar hefur þótt að fara fram á, að útgjöldin til þessa, er hinn fyrverandi landshöfðingi hefur ætlað að nema mundi 500 kr., yrðu beinlínis veitt sem viðbót við fjárupphæð þá, er á fjárlögunum fyrir 1882 og 1883 er veitt til bókakaupa og áhalda við kennsluna.

Við 7. grein.

I fjárlögunum fyrir 1882 og 1883 er heimild fyrir því, að meðan hinn fyrverandi sýslumaður, Þ. Jónsson, er settur málsfærslumaður við landsyfirrjettinn, og nýtur þeirrar þóknunar, er veitt er fyrir það, 800 kr. á ári, skuli af eptirlaunum hans aðeins dregnar 400 kr. á ári. En af því að hann þegar áður en fjárlögin komu út, hafði verið settur í $1^1/_4$ árs eða frá 1 okt. 1880 til 31. des. 1881, þá er, eptir beiðni hans, sem landshöfðingi hefur mælt með, farið fram á að fá heimild fyrir, að borga honum þóknun, er nemi jafnmiklu því, sem honum er veitt frá 1. jan. 1883, sem sje 500 kr.

17.

Frumvarp

til

fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885.

(Lagt fyrir alþingi 1883.)

---

1. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1884 og 1885 telst svo til, að tekjur Islands verði 849,838 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 520,732 kr.

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje	35,000.	35,000.	70,000.
2. húsaskattur	2,300.	2,300.	4,600.
3. tekjuskattur	14,000.	14,000.	28,000.
4. aukatekjur	17,800.	17,800.	35,600.
5. vitagjald	4,200.	4,200.	8,400.
6. nafnbótaskattur	16.	16.	32.
7. erfðafjárskattur	2,500.	2,500.	5,000.
8. gjöld af fasteignarsölum	650.	650.	1,300.
9. gjöld fyrir leyfisbrjef	1,400.	1,400.	2,800.
10. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	32,000.	32,000.	64,000.
11. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	122,500.	122,500.	245,000.
flyt...	232,366.	232,366.	464,732.

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	232,366.	232,366.	464,732.
12. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	16,000.	16,000.	32,000.
13. tekjur af póstferðunum	11,000.	11,000.	22,000.
14. óvissar tekjur	1,000.	1,000.	2,000.
samtals...	260,366.	260,366.	520,732.

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðsins og fl. eru taldar 67,606 kr.:

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af umboðs- og klausturjörðum, alls — 39,600 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls..... 9,600 —	30,000.	30,000.	60,000.
2. afgjöld af spítalajörðum og fl.....	1,198.	1,198.	2,396.
3. leigugjöld af Lundey og af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu.....	2,005.	2,005.	4,010.
4. tekjur af kirkjum.....	600.	600.	1,200.
samtals...	33,803.	33,803.	67,606.

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að 60,000 kr.:

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	30,000.	30,000.	60,000.
Uppí lán verður borgað: á árinu 1884 11,136 kr. 73 a. - — 1885 10,885 — 72 - 22,022 kr. 45 a.			
samtals...	30,000.	30,000.	60,000.

Upp í lán það, er 1879 var veitt Reykjavíkur dómkirkju, og sem upprunalega nam 16,000 kr., borgast hjeðan af árlega 400 kr.; en leigur gjaldast eigi af því.

Stjórninni veitist heimild til að gefa eptir leigur af lánum þeim, er veitt hafa verið ýmsum sýslum 1882 og 1883 til þess að sporna við hungursneyð, til ársloka 1888,

mót því að frá þeim tíma greiðist af þeim 4 % í leigur, og að 1/10 hluti þeirra endurgreiðist síðan á ári hverju

Sömuleiðis veitist stjórninni heimild til at láta afborgun upp í lán þau, er getur um í lögum 4. nóvember 1881 um endurborgun á skuldakröfum landssóðs, og sem veitt höfðu verið ýmsum hreppum í Snæfellsnessýslu og Borgarfjarðarsýslu, hefjast 1884.

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 18,500 kr.:

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. það, sem greitt er frá prestaköllum, samkvæmt lögum 27. febr. 1880	4,000.	4,500.	8,500.
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	3,000	3,000.	6,000.
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000.	2,000.	4,000.
samtals	9,000.	9,500.	18,500.

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 183,000 kr.:

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000.	60,000	120,000.
Aukatillag	32,500.	30,500.	63,000.
samtals	92,500.	90,500.	183,000.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1884 og 1885 veitast til útgjalda 849,838 kr. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—18. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1884: 12,400 kr., og árið 1885: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi 1885 veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 347,772 kr. 38 a.

	1884.	1885.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. Laun embættismanna	19,300.	19,300.	38,600.
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl. ..	3,800.	3,800.	7,600.
3. þóknun fyrir hina umboðslegu endurskoðun.....	3,000.	3,000.	6,000.
	26,100.	26,100.	52,200.
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun.....	71,736. 19	71,736. 19	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,000.	1,000.	
3. til hegningarhússins og fangelsanna.....	4,000.	4,000.	
4. önnur útgjöld.....	3,200.	3,200.	
	79,936. 19	79,936. 19	159,872. 38
C.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur.....	1,800.	1,800.	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.....	1,200.	1,200.	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	1,170.	1,170.	
4. styrkur til eflingar búnaði.....	20,000.	20,000.	
Landshöfðingi úthlutar helmingi til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda, og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða. Hinum helmingi fjárins úthlutar landshöfðingi eptir tillögum amtsráðanna, að hálfu milli búnaðarfjelaga og búnaðarsjóða.			
flyt...	24,170.	24,170.	212,072. 38

	1884.	1885.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	24,170.	24,170.	212,072. 38
5. til vegabóta:			
a. til að bæta fjallvegi, einkanlega póstvegi	14,000.	14,000.	
b. til að styrkja að helmingi sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum.....	6,000.	6,000.	
6. til gufuskipsferða.....	18,000.	18,000.	
7. til vitans á Reykjanesi.....	3,000.	3,000.	
8. til vörðu vita.....	500.	500.	
9. til ferðakostnaðar samkvæmt lögum 2. nóvbr. 1877, 3. gr.....	600.	600.	
10. til þess að gefa út „Lovsamling for Island“.....	.....	.....	1,960.
11. til að endurbæta Vestmanneyja-kirkju...	.....	.....	1,200.
	66,270.	66,270.	132,540.
samtals...	.....	.....	347,772. 38

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 81,948 kr.:

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	37,726.	37,726.	75,452.
2. önnur útgjöld.....	4,248.	2,248.	6,496.
samtals...	41,974.	39,974.	81,948.

12. gr.

Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 39,000 kr.:

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	5,050.	5,050.	10,100.
2. póstflutningur	12,400.	12,400.	24,800.
3. önnur útgjöld.....	2,050.	2,050.	4,100.
samtals...	19,500.	19,500.	39,000.

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 214,198 kr. 38 a.:

	1884.	1885.	alls.
A.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun	8,432.	8,432.	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla, samkvæmt lögum 27. febr. 1880 1. gr.	6,500.	6,500.	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	7,000.	7,000.	
3. til nokkurra brauða í fyrveranda Hólastipti	600.	600.	
4. viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafapresta og prestaekkna, samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 6. gr.	2,000.	2,000.	
5. viðbót við eptirlaun 3 uppgjafa-presta, er hafa fengið lausn, eptir að lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta komu út	240.	240.	
6. til prestaekkna og barna	2,500.	2,500.	
7. endurgjald handa biskupi fyrir skriftstofukostnað	1,000.	1,000.	
8. endurgjald handa prestinum í Vestmannaeyjum fyrir tekjumissi	1,443. 19	1,443. 19	
9. endurgjald handa prestinum að Goðdölum fyrir tekjumissi	20.	20.	
10. bráðabyrgðar-uppbót á Dvergasteinsbrauði.	300.	300.	
	30,035. 19	30,035. 19	60,070. 38
B.			
Kennslumálefni:			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	10,316.	10,316.	
b. önnur útgjöld:			
1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum, 80 kr. handa hverjum (1884. 1,200 kr. — 1885. 1,200 kr.)			
2. 3 ölmusur (1884. 600 — 1885. 600 —)			
3. til tímakennslu (1884. 100 — 1885. 100 —)			
4. til bókakaupa (1884. 300 — 1885. 300 —)			
flyt... 1884. 2,200 kr. 1885. 2,200 kr.	10,316.	10,316.	60,070. 38

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
	1884. 1885.		
fluttar...	2,200 kr. 2,200 kr.	10,316.	10,316.	60,070. 38
5. til eldiviðar og ljósa.....	140 — 140 —			
6. til umsjónar...	100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld	150 — 150 —			
		2,590.	2,590.	
		12,906.	12,906.	25,812.
II. Til læknaskólans:				
a. laun		3,200.	3,200.	
b. önnur útgjöld:				
	1884. 1885.			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hver.....	400 kr. 400 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting	100 — 100 —			
3. til bókakaupa og verkfæra	600 — 300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum ...	300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 2 lærisveinum..	160 — 160 —			
6. ýmisleg útgjöld.	100 — 100 —			
		1,660.	1,360.	
		4,860.	4,560.	9,420.
III. Til hins lærða skóla:				
a. laun		18,200.	18,200.	
b. aðstoðarfjje:				
handa söngkennaranum	600 kr.			
— fimleikakennaranum ...	700 —			
— dyraverði	1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	300 —			
		2,600.	2,600.	
	flyt...	20,800.	20,800.	95,302. 38

		1884.	1885.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar...	20,800.	20,800.	95,302. 38
c. önnur útgjöld:				
1. til bókasafns skolans.....	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa.....	1,200 —			
3. til skólahússins utan og innan.....	1,500 —			
4. til tímakennslu.....	1,600 —			
5. ölmusur.....	8,000 —			
6. þóknun handa lækni.....	100 —			
7. ýmisleg útgjöld.....	1,500 —			
8. fyrir prestsverk.....	48 —			
		14,548.	14,548.	
		35,348.	35,348.	70,696.
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun.....		6,600.	6,600.	
b. önnur útgjöld:				
1. til bóka- og áhalda kaupa við kennsluna.....	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa.....	600 —			
3. til skólahússins utan og innan.....	400 —			
4. ýmisleg útgjöld.....	500 —			
		1,900.	1,900.	
		8,500.	8,500.	17,000.
V. Til annarar kennslu:				
a. til kvennaskóla.....		3,000.	3,000.	
b. til barnaskóla.....		2,000.	2,000.	
c. til alþýðuskóla.....		4,000.	4,000.	
Styrkur eptir staflið b. og c. veitist með því skilyrði, að skólar þessir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrk úr landssjóði.				
d. til kennara í organslætti og söngli, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....		1,000.	1,000.	
		10,000.	10,000.	20,000.
	flyt...	.....	.....	202,998. 38

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
fluttar...	.....	.....	202,998. 38
C.			
1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga	2,800.	2,800.	
2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi	400.	400.	
3. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík.....	1,000.	1,000.	
4. til forngripasafnsins:			
a. til forngripakaupa ..... 400 kr.			
b. til umsjónar ..... 200 —			
c. til rannsóknar fornmenja..... 800 —			
	1,400.	1,400.	
	5,600.	5,600.	11,200.
samtals...	.....	.....	214,198. 38

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 10,000 kr.

15. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 50,000 kr.

16. gr.

Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast 12,000 kr.

17. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

18. gr.

Afganginn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 28,519 kr. 24 aur., skal leggja í viðlagasjóðinn.

Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884—1885.

1. kafli.

Tekjur.

Við 2. grein.

1. Skattinn á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, er áætlað var, að nema mundi 49,000 kr. 1882 og 45,000 kr. 1883, og sem árið 1880 varð um 49,000 kr. og 1881 um 52,000 kr., er, samkvæmt tillögum landshöfðingja, farið fram á að færa niður í 35,000 kr. hvort fjárhagsárið, fyrir því að ætla má, að einkum lausafjárskatturinn verði nokkru minni en áður, fyrir sakir rýrnunar á fjárstofnum manna eptir gróðurskortinn síðast liðið sumar.

2. Húsaskatturinn, sem 1880 varð um 2,200 kr. og 1881 um 2,300 kr., og sem mun fara vaxandi hvert ár, er hjer talinn 2,300 kr.

3. Tekjuskatturinn er talinn með sömu upphæð og í fjárlögunum fyrir 1882 og 1883. Tekjurnar hafa verið nokkru meiri árin 1880 og 1881, en búast má við, að þær verði nokkru minni nú, þó það verði eigi að mun, vegna óársins 1882.

4. Aukatekjurnar voru 1880 16,200 kr. og 1881 19,400 kr.; eru þær hjer taldar 17,800 kr., sem er meðalupphæðin.

5. Vitagjaldið, er árið 1880 varð um 3,750 kr, og 1881 um 4,600 kr., er talið hjer 4,200 kr. á ári, sem er meðaltalan.

6. Nafnbótarskattur nemur, eptir lát kansellíráðs Arasonar, aðeins 16 kr.

7. Erfðafjárskattur er talinn 2,500 kr. á ári, eptir því, sem hann hefur verið að meðaltali á árunum 1877—1881.

8. Gjöld af fasteignarsölum eru talin 650 kr. á ári eptir meðaltalinu þessi 5 ár.

9. Gjöld fyrir leyfisbrjef eru líka eptir meðaltölu þessara 5 ára talin 1,400 kr. á ári.

10. Í þenna lið er sett útflutningsgjald af fiski og lýsi í stað spítalagjaldsins, sem afnumið var með lögum 4. nóvember 1881, þareð enn vantar reynslu fyrir því, hve hátt setja megi gjald þetta, þá hefur það verið talið 32,000 kr. hvort árið eptir tillögum landshöfðingja, er svo hefur talizt til eptir ágizkan, að í meðal ári megi telja gjaldið af

síld (80,000 tunnur)	um	20,000 kr.
öðrum fiskitegundum	„	10,000 —
og lýsi	„	3,000 —
samtals...	um	33,000 kr.
en frá þessu dragast 2 % í innheimtulaun		660 —
alls...		32,340 kr.

11. Áður hefur aðflutningsgjaldi af áfengum drykkjum og tóbaki verið slengt saman; en það hefur þótt eiga við, að greina gjöld þessi sundur í fjárlögunum. Gjaldið af áfengum drykkjum er, einsog í fjárlögunum fyrir 1882 og 1883 (smbr. athugasemdirnar við það), talið á ári ..... 125,000 kr.
að frádregnum 2 % í innheimtulaun ..... 2,500 —

alls... 122,500 kr.

12. Aðflutningsgjald af tóbaki er talið 16,000 kr., og er það meðaltala gjaldsins á árunum 1877–81, að frádregnu innheimtugjaldinu.

13. Tekjurnar af póstferðunum voru 1880 11,152 kr. 12 a. og 1881 11,553 kr. 48 a., en að meðaltölu á árunum 1877–81 10,437 kr. 20 a., og eru þær hjer taldar 11,000 kr. á ári.

14. Óvissar tekjur eru taldar einsog í fjárlögunum fyrir 1882 og 1883.

Við 3. grein.

1. Tekjur af umboðs- og klaustur-jörðum eru hjer eptir meðatali þeirra á árunum 1877–81 áætlaðar alls ..... 39,600 kr.
en þar frá dragast umboðssölulaun, talin ..... 9,600 —

eru þá eptir... 30,000 kr.

og er sú upphæð sett hjer.

2. Þessi gjöld eru talin einsog á yfirstandandi fjárhagstímabili, sem sje
afgjöld af jörðum þeim, sem læknasjóðurinn fyrrum átti ..... 1,000 kr.
afgjöld af jörðunum Belgsholti og Belgsholtskoti ..... 160 —
afgjöld af ýmsum jarðarpörtum ..... 38 —

alls... 1,198 kr.

3. Þessi gjöld eru eptir tillögum landshöfðingja talin einsog á yfirstandandi fjárhagstímabili.

4. Eins er með þessi gjöld.

Við 4. grein.

Hjer skal sett eptirfylgjandi yfirlit yfir tekjur þær, er ætlazt er á, að landsjóðurinn muni hafa af viðlagasjóðnum 1884 og 1885.

Viðlagasjóðurinn á nú sem stendur:

I. Ríkisskuldabrjef:

innskriptarskírteini G. fol. 1238 uppá ..... 270,000 kr.
G. fol. 3408, uppá ..... 37,800 —

307,800 kr.

Svo stendur á mismuninum á þessari upphæð og þeirri, sem talin er í fjárlögunum fyrir 1882 og 1883, sem var 407,900 kr., að skuldabrjef uppá 100,100 kr. hafa seld verið til að borga kostnaðinn við byggingu húss fyrir alþingi og söfn landsins, er ákveðið var í fjárlögunum fyrir 1880 og 1881.

Leigurnar af þessum 307,800 kr. eru.....

II. skuldabrjef, som goldið er uppí:

					kr.	a.
1.	Reykjavíkur kaupstaður,	skuldabr. dags.	7. ágúst 1873,	upphafl.	8,271.	10
2.	Suðurumdæmið,	— —	15. septbr. 1873,	—	6,542.	22
3.	Vestmannaeyjar,	— —	25. oktbr. 1876,	—	1,122.	33
4.	Vesturumdæmið,	— —	1. septbr. 1876,	—	19,380.	
5.	Norður- og austurumdæmið,	— —	28. septbr. 1876,	—	31,870.	
6.	Akureyrar kaupstaðar,	— —	26. septbr. 1876.	—	1,000.	
7.	Reykjavíkur kaupstaður,	— —	13. jan. 1875,	—	4,000.	
8.	Sami,	— —	20. ágúst 1875,	—	6,000.	
9.	Sami,	— —	11. desbr. 1872,	—	1,800.	
10.	Dr. philos. Gr. Thomsen,	— —	4. ágúst 1876,	—	1,000.	
11.	Hítardals og Staðarhrauns prestakall,	— —	22. oktbr. 1877,	—	1,200.	
12.	Prentari Einar Þórðarson,	— —	29. desbr. 1878,	—	14,000.	
13.	Prestsbakka prestakall,	— —	10. júní 1874, / 14. júní 1876, / 8. maí 1878,	—	2,000.	
14.	Saurbæjar prestakall,	— —	4. júní 1878,	—	1,000.	
15.	Hjarðarholts prestakall,	— —	19. júní 1878,	—	500.	
16.	Kalkofninn við Reykjavík,	— —	18. maí 1878,	—	2,000.	
17.	Stykkishólms kirkja,	— —	5. ágúst 1878,	—	2,000.	
18.	Sama,	— —	27. nóvbr. 1879,	—	1,000.	
19.	Kálfatjörns kirkja,	— —	7. nóvbr. 1865 1,600 kr., 30. nóvb. 1876 500 kr.	—	2,100.	
20.	Höskuldstaða kirkja,	— —	20. maí 1873,	—	1,200.	
21.	Arnarbælis prestakall,	— —	1. maí 1876,	—	1,200.	
22.	Stafholts kirkja,	— —	8. apríl 1876,	—	600.	
23.	Sanda kirkja,	— —	8. septbr. 1876,	—	800.	
24.	Ólafsvalla prestakall,	— —	11. desbr. 1876,	—	440.	
25.	Akureyri,	— —	3. desbr. 1878,	—	4,000.	
26.	Kálfholts kirkja,	— —	25. marz 1879,	—	800.	
27.	Reykjavíkur dómkirkja,	— —	11. desbr. 1879,	—	16,000.	
28.	Hjarðarholts prestakall,	— —	16. maí 1879,	—	500.	
29.	Lundarbrekku prestakall,	— —	26. ágúst 1879,	—	2,000.	
30.	Reykholts prestakall,	— —	18. júlí 1879,	—	1,200.	
31.	Kvamms prestakall;	— —	16. septbr. 1879,	—	600.	
32.	Skagafjarðar sýsla *),	— —	18. septbr. 1879,	—	800.	

yfir um...

*) smbr. 42, afborgast með 100 kr. á árunum 1884–88.

afborgast	eptirstöðvar 31. desbr. 1881.	afborganir 1884.	afborganir 1885.	leigur 1884.	leigur 1885.
.....				kr. a. 12,312.	kr. a. 12,312
	kr. a.	kr. a.	kr. a.		
1/15 á ári	2,757. 99	551. 41	551. 41	110. 28	88. 22
1/15 —	2,180. 71	436. 15	436. 15	87. 23	69. 77
1/15 —	523. 77	74. 82	74. 82	20. 95	17. 96
1/15 —	9,044.	1,292.	1,292.	361. 76	310. 08
1/15 —	14,872. 64	2,124. 67	2,124. 67	594. 91	509. 92
1/15 —	233. 33	66. 67	66. 67	9. 33	6. 67
á 28 árum	3,262. 84	109. 49	113. 87	130. 51	126. 13
á 28 —	4,894. 30	164. 23	170. 80	195. 77	189. 20
á 28 —	649. 12	82. 04	85. 32	25. 96	22. 68
1/10 á ári	300.	100.	100.	12.	8.
1/20 —	840.	60.	60.	33. 60	33. 20
1/14 —	7,000.	1,000.	1,000.	280.	240.
100 kr. á ári	1,025.	100.	100.	41.	37.
á 18 árum	783. 36	48. 67	50. 61	31. 33	29. 39
1/10 á ári	250.	50.	50.	10.	8.
1/10 —	1,000.	200.	200.	40.	32.
1/25 —	1,600.	80.	80.	64.	60. 80
1/25 —	840.	40.	40.	33. 60	32.
140 kr. á ári í afborgun og leigur	651. 86	113. 83	118. 48	26. 07	21. 52
á 28 árum	911. 84	35. 53	37. 95	36. 47	35. 05
1/20 á ári	720.	60.	60.	28. 80	26. 40
1/10 —	180.	60.	60.	7. 20	4. 80
1/16 —	450.	50.	50.	18.	16.
1/20 —	286.	22.	22.	11. 44	10. 56
1/10 — nú 1/20	2,400.	200.	200.	96.	88.
1/20 —	640.	40.	40.	25. 60	27.
með 400 kr. á ári	14,641. 13	400.	400.	.....	.....
1/10 á ári	300.	50.	50.	12.	10.
á 28 árum	1,830. 15	46. 79	48. 67	73. 21	71. 33
1/12 á ári	800.	100.	100.	32.	28.
1/20 —	480.	30.	30.	19. 20	18.
1/15 —	500.	100.	100.	20.	16.
	76,848. 04	7,868. 30	7,913. 42	2,489. 22	2,203. 56

					kr.	a.
				handan að.....		
33. Breiðabólstaðar prestakall,	skuldabr.	dags.	6. desbr. 1879,	upphafl.	600.	
34. Sýslumaður Guðmundur Pálsson,	—	—	17. jan. 1880,	—	3,600.	
35. Garða prestakall á Akranesi,	—	—	1. maí 1880,	—	1,600.	
36. Garða prestakall á Alptanesi,	—	—	1. júní 1880,	—	10,000.	
37. Borgar prestakall,	—	—	14. júní 1880,	—	1,000.	
38. Fells prestakall,	—	—	24. júní 1880,	—	300.	
39. Torfastaða prestakall,	—	—	25. júní 1880,	—	500.	
40. Eyjafjarðar sýsla,	—	—	28. júli 1880,	—	6,000.	
41. Staðarbyggðarmýri,	—	—	23. marz 1880,	—	9,000.	
42. Vegabótasjóður Skagafjarðar sýslu, (endurgreiðist 1888—94, smbr. 32)	—	—	31. marz 1880,	—	600.	
43. Sauðárhreppur,	—	—	6 maí 1881,	—	1,000.	
44. Kjósarhreppur,	—	—	11. júní 1881,	—	1,000.	
45. Stokkeyrarhreppur,	—	—	11. júní 1881,	—	1,500.	
46. Valþjófsstaða prestakall,	—	—	4. júlí 1881,	—	1,000.	
47. Skagafjarðar sýsla,	—	—	11. júlí 1881,	—	6,000.	
48. Dala sýsla,	—	—	29. júlí 1881,	—	1,300.	
49. Húnavatns sýsla,	—	—	30. júlí 1881,	—	4,000.	
50. Seyðisfjarðar hreppur,	—	—	31. marz 1882,	—	3,000.	
51. Skagafjarðar sýsla, til að kaupa Hóla,	—	—	9. maí 1882,	—	3,000.	
			28. júní s. á.		6,000.	
52. Reyðarfjarðar hreppur,	—	—	7. júní 1882,	—	3,000.	
53. Hvamms kirkja,	—	—	24. júní 1882,	—	1,600.	
54. Seltjarnarness hreppur,	—	—	13. júlí 1882,	—	2,500.	
55. Gilsbaka prestakall,	—	—	16. ágúst 1882,	—	1,500.	
56. Garða prestakall á Akranesi,	—	—	28. nóvbr. 1882,	—	400.	
57. Reykjavíkur kaupstaður,	—	—	11. desbr. 1882,	—	18,000.	
58. Eyrar kirkja.....					3,600.	
59. Móðruvalla kirkja (ekkert afborgað 1882)					5,158.	81
60. Nokkrar sveitir í Snæfellsness sýslu, eptirstöðvar af kornláni, samkvæmt lögum 4. nóv. 1881 um endurborgun á skuldakröfum landssjóðs (ekkert afborgað 1882)					3,551.	68
61. Borgarfjarðar sýsla, samkvæmt sömu lögum (ekkert afb. 1882)					955.	17
					238,191.	31

afborgast	eptirstöðvar 31. desbr. 1881.	afborganir		leigur	
		1884.	1885.	1884.	1885.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
.....	76,848. 04	7,868. 30	7,913. 42	2,489. 22	2,203. 56
1/12 á ári	400.	400.	50.	16.	14.
1/12 —	2,700.	300.	300.	108.	96.
1/20 —	1,360.	80.	80.	54. 40	51. 20
á 28 árum	9,375. 68	224. 97	233. 97	375. 03	366. 03
1/20 á ári	850.	50.	50.	34.	32.
á 12 árum	300.	.....	.....	12.	12.
1/10 á ári	350.	50.	50.	14.	12.
á 28 árum	5,625. 41	134. 98	140. 38	225. 02	219. 62
á 28 árum	8,438. 11	202. 48	210. 58	325. 80	345. 31
100 kr. á ári	600.	.....	.....	24.	24.
á 28 árum	939. 20	22. 43	23. 33	37. 57	36. 67
á 28 —	939. 20	22. 43	23. 33	37. 57	36. 67
á 28 —	1,438. 80	32. 45	33. 75	57. 55	56. 25
1/10 á ári	800.	100.	100.	32.	28.
á 28 árum	5,755. 20	129. 79	134. 98	230. 21	225. 02
á 28 —	1,246. 96	28. 12	29. 25	49. 88	48. 75
1/16 á ári	3,500.	250.	250.	140.	130.
á 28 árum	2,940.	62. 40	64. 90	117. 60	115. 10
á 28 —	8,820.	187. 20	194. 69	352. 80	345. 31
á 28 —	2,940.	62. 40	64. 90	117. 60	115. 10
á 28 —	1,568.	33. 28	34. 61	62. 72	61. 39
á 28 —	2,450.	52.	54. 08	98.	95. 92
á 28 —	1,470.	31. 20	32. 45	58. 80	57. 55
1/20 á ári	380.	20.	20.	15. 20	14. 40
á 28 árum	17,640.	374. 40	389. 38	705. 60	690. 62
á 28 —	1,455. 91	157. 76	164. 07	58. 24	51. 93
.....	2,299. 33	150.	150.	.....	.....
á 28 árum	3,551. 68	71. 04	73. 78	142. 06	139. 32
á 28 —	955. 17	19. 10	19. 87	38. 21	37. 44
	167,936. 69	11,136. 73	10,885. 72	18,367. 08	17,961. 28

	leigur	
	1884.	1885.
	kr. a.	kr. a.
flutt...	18,367. 08	17,961. 28

Auk þess eru, til þess að afstýra hungursneyð, sjerstaklega þann 28. nóv. veittar að láni 2,000 kr. Rangárvalla sýslu, og 10,000 kr. Snæfellsness sýslu, og verður þá fyrst ákveðið um leigu- og endurborgunar-skilmálana, þá er alþingi hefur átt kost á, að láta í ljósi álit sitt um, hvort og hvernig landssjóður eigi að taka þátt í því, er gjört hefur verið til að komast hjá hungursneyð. Að endingu er, samkvæmt lögum 27. febrúar 1880 um brúargjörð á Skjálfandafljót amtsráðinu yfir norður- og austur-amtinu veitt 15,300 kr. lán, er leigur eigi gjaldast af í 3 ár frá útborgunardegi.

III. Skuldabrjef, sem segja má upp með ½ árs fyrirvara:

Samkvæmt reikningum fyrir 1881 hlupu þessi skuldabrjef 1. janúar 1882	235,370 kr.	» a.	
Ennfrem skal hjer telja:			
a. eptirstöðvar af andvirði fyrir jörðina Laugarnes	3,690 —	» —	
b. eptirstöðvar af andvirði fyrir laxaveiðarnar í Elliðaánum	1,600 —	» —	
	240,660 kr.	» a.	
uppí þetta er greitt 1882	10,850 —	» —	
	229,810 kr.	» a.	
en við hafa bæzt ný lán	35,650 —	» —	
alls...	265,460 kr.	» a.	
Leigur af þessu verða		10,618. 40	10,618. 40
alls...		28,985. 48	28,579. 68

Þegar hjervið bætast leigur, er kunna að verða áskyldar af framangreindum lánum, til þess að afstýra hungursneyð, og af láninu til brúargjörðar á Skjálfandafljót, og svo leigur af þeim upphæðum, er á þessu ári og 1884 verða veittar af afgangi landssjóðs, þá hefur þótt mega telja leigurnar af innstæðufje viðlagasjóðsins 30,000 kr. fyrir hvort árið um sig. Uppgjörð sú á fjárhag Reykjavíkur dómkirkju, er hinn umboðslegi endurskoðari hefur samið, sýnir að árleg gjöld hennar fara nú þegar um hjerumbil 440 kr. fram úr árlegum tekjum hennar, og auk þess hefur amtmaður álitið, að eigi verði hjá því komist, að auka útgjöldin með 200 kr. á ári til umsjónar við kirkjuna, og reikningsfærslu,

og er því, til þess að fá tekjur og gjöld til að standast á, eptir tillögum landshöfðingja farið fram á, að gefa kirkjunni upp leigur af láni því, er henni forðum var veitt til viðgjörðar (smbr. hjer að framan II, 27), og sem 31. des. 1883 er komið niður í 14,641 kr. 13 a., mót því að hún á ári hverju hjer á eptir endurgreiði 400 kr. af láninu. Það sýnist því fremur vera ástæða til að veita kirkjunni þessa ívilnun, sem hún er eign landssjóðs, er þannig er skyldur til, að við halda kirkjunni samkvæmt hinni almennu löggjöf.

Eins og sjest á yfirlitinu, hefur Snæfellsness og Hnappadals sýslu 1882 verið veitt 10,000 kr. lán, og Rangárvalla sýslu 2,000 kr. lán, til þess að komast hjá hungursneyð, en þess er vænt, að samskotanefndin til nauðstaddra muni endurgreiða helming þessa fjár. Á þessu ári er Húnavatns sýslu þar að auki veitt lán til að borga helming af andvirði kornvöru, og mun það nema 6—7,000 kr., einsog líka búast má við, að veitt verði önnur slík lán nú fyrri hluta sumarsins. Öll þessi lán eru, samkvæmt brjefi stjórnarráðsins 18. júlí f. á. (sjá stjórnartíð. B. 141.—2. síðu), veitt með því skilyrði, að leigu- og afborgunarskilmálar fyrst þá verði endilega ákveðnir, er það mál hefur lagt verið fyrir alþingi. Samkvæmt tillögum landshöfðingja fer nú stjórnarráðið fram á, að því veitist heimild til að gefa eptir leigur af lánum þeim, er nú þegar eru veitt, til ársloka 1888, mót því, að upp frá því borgist 4 % í leigur af þeim, og á ári hverju endurborgist þaðan af $^1/_{10}$ þeirra

1882 hafa hvorki verið goldnar afborganir eða leigur af eptirstöðva-lánum þeim til nokkurra sveita í Snæfellsness sýslu og til Borgarfjarðar sýslu (smbr. II. 60. og 61.), er getur um í lögum 4. nóv. 1881 um endurborgun á skuldakröfum landssjóðs, og þarsem örsokin til þessa er neyðin í sýslum þessum 1882, sem að líkindum mun valda því, að heldur eigi þetta ár verði goldnar afborganir og leigur, þá eru þær í yfirlitinu færðar til frá byrjun ársins 1884. Það er því einnig í fjáraukalaga-frumvarpinu fyrir þetta ár farið fram á, að leigurnar fyrir 1882 og 1883 verði gefnar eptir.

Við 5. grein.

1. Það, sem greiða á frá prestaköllum, samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, er eptir tillögum landshöfðingja talið 4,000 kr. á árinu 1884 og 4,500 kr. á árinu 1885.

2. og 3. Þessar upphæðir eru taldar eins og í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

Við 6. grein.

Tillagið úr ríkissjóði er talið samkvæmt lögum 2. janúar 1871 um stöðu Íslands í ríkinu. Frá þessum tekjum eru fyrir fram dregin útgjöldin í 8. grein til hinnar æðstu innlendu stjórnar landsins og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1885; og eru útgjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi í sjerstökum konungs úrskurði 15. maí 1883 sett 2,000 kr.

2. kafli.

Útgjöld.

Við 8. og 9. grein.

Þessi útgjöld eru talin einsog í síðustu fjárlögum.

Við 10. grein.

A. 1. Þessi grein liðast sundur á þessa leið:

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Amtmaðurinn yfir suður og vesturumdæminu, skipaður í þetta embætti 29. júní 1872, þannig að embættisaldur hans er talinn frá því, er hann var skipaður í vesturumdæmið 10. ágúst 1866.			
1884. 1885.			
laun..... 6,000 kr. „ a. 6,000 kr. „ a.			
viðbót fyrir sjálfan hann..... 600 — „— 600 — „ —	6,600	6,000	13,200
Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu.			
laun.....	6,000	6,000	12,000
Landfógetinn á Íslandi, skipaður 18. febr. 1861.			
1884. 1885.			
laun..... 4,000 kr. „ a. 4,000 kr. „ a.			
viðbót fyrir sjálfan hann..... 1,100 — „ — 1,100 — „ —	5,100	5,100	10,200
Skrifarinn við landshöfðingjaembættið	1,600	1,600	3,200
samtals...	19,300	19,300	38,600

Laun þeirra 3 embættismanna, sem fyrst voru nefndir, eru talin samkvæmt lögum um laun íslenzkra embættismanna og fl. 15. oktbr. 1875, 9. og 11. gr. Með tilliti til viðbótar þeirrar, sem talin er amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu og landfógetanum, samkvæmt 7 gr. 3. staflið í tjeðum lögum, skal þess getið, jafnframt og vísað er til athugasemdanna um 10. gr. A. 1 í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877, að samkvæmt hinum fyrri launaákvörðunum hefði amtmaðurinn verið búinn að ná 6,600 kr. launum 1. septbr. 1881, og að landfógeti samkvæmt hinum fyrri launaákvörðunum hefði verið búinn að ná 5,100 kr. launum 1. marz 1881.

Laun landshöfðingjaskrifarans eru talin samkvæmt allrahæstum úrskurði 29. júní 1872.

Upphæðin í greininni er færð niður um 800 kr. frá því sem áður var, og kemur það til af því, að til skrifarans við landshöfðingjaembættið verða á fjárhagstímabilinu aðeins borguð byrjunarlaunin 1,600 kr., en skrifari J. Jónsson, sem nú er látinn, hafði í laun 2,400 kr. á ári.

A. 2. Í þessari grein er talið:

endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu	1,400 kr.	
viðbót handa þeim amtmanni, sem nú er	200 —	
		1,600 kr. árlega.
endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu	1,000 —	—
endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa landfógeta	1,000 —	—
þóknun til sama fyrir að taka við póstávísana upphæðum þeim, sem borgaðar eru í jarðabókarsjóð Íslands, og fyrir ábyrgð þá, sem er þessu samfara, ef honum mistelst	200 —	—
		3,800 kr. árlega.

Endurgjöldin fyrir skrifstofukostnað eru talin samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 14. gr. Með hæstarjettar dómi 4. júní 1880 er samkvæmt 7. gr. tjeðra laga gjört út um það, að amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu, sem nú er við embætti, beri 200 kr. viðbót við endurgjald það fyrir skrifstofukostnað, sem með nefndum lögum er lagt embættinu. Um 4. lið skal visað til athugasemdanna við fjárlagafrumvarpið fyrir 1876 og 1877.

A. 3. Eptir tillögum landshöfðingja, er telur þóknun þá, er nú er veitt til hinnar umboðslegu endurskoðunar, allt of litla fyrir þann starfa og þaraf leiðandi skrifstofuhald, er samkvæmt athugasemdum við fjárlaga-frumvarpið fyrir 1882 og 1883 farið fram á að hækka hana frá 2,500 kr. til 3,000 kr. á ári, og eru þaraf 600 kr. taldar til skrifstofukostnaðar.

B. 1.

	1884.		1885.		alls.	
	kr.	a.	kr.	a.	kr,	a.
Forstórinn í landsyfirrjettinum, skipaður 7. nóvbr. 1877, laun	5,800.		5,800.		11,600.	
Fyrsti dómandi í sama rjetti, skipaður s. d., laun	4,000.		4,000.		8,000.	
Annar dómandi í sama rjetti, skipaður 12. apríl 1878, laun	4,000.		4,000.		8,000.	
Bæjarfógetinn í Reykjavík, skipaður 16. ágúst 1878, laun	3,000.		3,000.		6,000.	
Sýslumaðurinn í Árnes sýslu, skipaður 6. nóvbr. 1878, laun	3,500.		3,500.		7,000.	
Sýslumaðurinn í Húnavatns sýslu, skipaður 12. apríl 1877. laun ..... 3,500 kr. „ aur. viðbót fyrir sjálfan hann ... 1,144 — 8 —	4,644.	8	4,644.	8	9,288.	16
yfir um...	24,944.	08	24,944.	08	49,888.	16

	1884.	1885.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
handau að...	24,944. 08	24,944. 08	49,888. 16
Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, skipaður 6. nóvbr. 1878, laun	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í þingeyjarsýslu skipaður 13. maí 1876, laun.....	3,428. 75	3,428. 75	6,857. 50
Sýslumaðurinn í Skaptafells sýslu, skipaður 6. jan. 1883, laun.....	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Rangárvalla sýslu, skipaður 25. maí 1861. laun ..... 3,000 kr. „ aur. viðbót fyrir sjálfan hann... 300 — 78 —	3,300. 78	3,300. 78	6,601. 56
Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósar sýslu, skipaður 16. ágúst 1878, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadals sýslu, skipaður 12. apríl 1878, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Ísafjarðar sýslu og bæjarfógetinn í Ísafjarðar kaupstað, skipaður 16. apríl 1879. laun sem sýslumaður..... 3,000 kr. — — bæjarfógeti ..... 500 —	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Skagafjarðar sýslu, skipaður 18 febr. 1861, laun ..... 3,000 kr. „ aur. viðbót fyrir sjálfan hann... 1,282 — 35 —	4,282. 35	4,282. 35	8,564. 70
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðar sýslu og bæjarfógetinn í Akureyrarkaupstað, skipaður 22. oktbr. 1858. laun sem sýslumaður..... 3,000 kr. „ aur. — — bæjarfógeti ..... 500 — „ — viðbót fyrir sjálfan hann ... 612 — 32 —	4,112. 32	4,112. 32	8,224. 64
Sýslumaðurinn í Norðurmúla sýslu, skipaður 30. júní 1880, laun	3,000.	3.000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Dala sýslu, laun.....	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Barðastrandar sýslu, skipaður 3. maí 1881, laun.....	2,500.	2,500.	5,000.
yfir um...	64,068. 28	64,068. 28	128,136. 56

	1884.	1885.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
handan að...	64,068. 28	64,068. 28	128,136. 56
Sýslumaðurinn í Stranda sýslu, skipaður 25. júlí 1863, laun.....	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Suðurmúla sýslu, skipaður 29. júní 1872, laun..... 2,500 kr. „ aur. viðbót fyrir sjálfan hann.. 753 — 49 —	3,253. 49	3,253. 49	6,506. 98
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyja sýslu, skipaður s. d., laun.....	1,914. 42	1,914. 42	3.828, 84
samtals...	71,736. 19	71,736. 19	143,472. 38

Laun forstjórans og dómendanna í yfirrjettinum eru talin samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 10. gr., en laun sýslumanna og bæjarfógeta og það, sem þeim er lagt sem viðbót fyrir sjálfa þá, samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, 4., 5. og 7. gr., sbr. lög 24. oktbr. 1879.

B. 2. Upphæð þessi er talin samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, 5 gr.

B. 3. Til hegningarhússins í Reykjavík og til viðhalds á fangelsunum eru talin þessi útgjöld.

a.	laun umsjónarmannsins		800 kr.
	þóknun handa dómkirkjuprestinum		100 —
	— — lækninum		60 —
			960 kr.
b.	viðurværi handa 8 föngum, 42 aur. fyrir hvern fanga á dag, 1,226 kr. 40 aur., sem er talið hjer	1,225 kr.	
	3 skammtar af miðdegismat handa umsjónarmanni hver uppá 21 eyr., hjer um bil	230 —	
	þvottur	30 —	
	til eldiviðar og ljósa	650 —	
	útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —	
	til þess að útvega verkefni.....	500 —	
	ýmisleg útgjöld	150 —	
			3,185 —
			4,145 kr.
	Arður af verkvinnu er, að frá dregnu því, sem notað er í þarfir hegningarhússins sjálfs, talinn		615 —
			3,530 kr.
	kostnaður við viðhald fangelsanna		470 —
			4,000 kr.

B. 4. Í þessari grein eru talin þessi útgjöld á ári:

a.	þóknun handa tveimur settum málafærslumönnum við landsyfirrjettinn ...	1,600 kr.
b.	laun sendiboðans við yfirrjettinn	60 —
c.	til eldiviðar í yfirrjettarstofunum hjer um bil	60 —
d.	til viðurhalds á yfirrjettarstofunum, áhöldum og til þess að halda húsunum hreinum, og fl.....	100 —
e.	kostnaður við sakamál og lögreglumál.....	1,000 —
f.	kostnaður við gjafsóknarmál.....	380 —
		3,200 kr.

Í öllum þessum útgjaldaliðum eru taldar hinar sömu upphæðir, sem veittar eru með fjárlögunum fyrir 1882 og 1883. Að því leyti, er snertir útgjöld þau, sem talin eru í liðunum e. og f., skal vísað til laga 2. nóvbr. 1877, 2 gr., og laga 12. júlí 1878, 5. gr.

C. 1. Útgjöldin við að gefa út Stjórnartíðindin eru talin eins og á yfirstandandi fjárhagstímabili:

þóknun fyrir útgáfu og útbýtingu tíðindanna, fjárhald og reikningastörf	300 kr.
til pappírs og prentunar deildarinnar B. 20 arkir, og til landshagsskýrslna 10 arkir, örkin á 34 kr.	1,020 —
til kostnaðar við sending með póstum.....	146 —
þóknun fyrir að semja skýrslur um landshagi, m. m., 50 kr. fyrir örkina	500 —
	1,966 kr.
Frá þessu gengur það, sem áskrifendur borga, 100 expl., hvert uppá 1 kr. 66 aur.....	166 —
verða þá útgjöldin á ári...	1,800 kr.

C. 2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef hefur eptir landsreikningnum fyrir 1880 numið 1,119 kr. 77 a., og fyrir 1881 1,165 kr. 89 a., og er því farið fram á að hækka það úr 1,000 kr. uppí 1,200 kr. hvort árið.

C. 3. Brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar hefur í fyrri fjárlögum verið talið 705 kr.; en í fjárlögum fyrir 1882 og 1883 voru veittar 1,100 kr., vegna þess, að alþingishúsið skyldi koma inn undir þenna lið, án þess þó hægt væri þá að meta brunabótagjaldið fyrir það. En þarsem gjald þetta 1881 nam 334 kr. 17 a., og við bætist brunabótagjald fangelsanna fyrir utan Reykjavík, um 150 kr., er farið fram á að setja gjaldliðinn á 1,170 kr.

C. 4. Er eins og í fjárlögum fyrir 1882 og 1883.

C. 5. Sömuleiðis.

C. 6. Að því leyti, er snertir þenna útgjaldalið, sem er samhljóða síðustu fjárlögum, skal vísað til stjórnartíðindanna fyrir 1880 B, 26. bls.

C. 7. Í þessari grein eru talin þessi útgjöld á ári:

a.	laun vitamannsins	1,200 kr.
b.	til eptirlits með vitanum	100 —
c.	til þess að kaupa 4,000 potta af olíu, hjer um bil	1,200 —
d	til þess að kaupa lampakveiki og verkefni til fægingar og fl.	150 —
e.	til þess að kaupa 20 skp af steinkolum	120 —
f.	til viðurhalds á húsum og áhöldum	200 —
g.	afgjald af lóðinni	30 —
	alls...	3,000 kr.

C. 8. Er eins og í fjárlögum fyrir 1882 og 1883.

C. 9. Sömuleiðis.

C. 10. Fjárveitingin til að gefa út eitt bindi af „Lovsamling for Island“, er talin 1,960 kr., þareð eigi verður á árunum 1884 og 1885 dregið neitt frá fyrir áður unnið verk, eins og gjört var á yfirstandandi fjárhagstímabili (smbr. athugasemdir við síðasta fjárlagafrumvarp).

Þess skal getið, að 18. bindi af lagasafninu er í tilbúningi.

C. 11. Vestmanneyja kirkja, sem er eign landssjóðs, þarf mikillar viðgerðar við, eptir því sem biskup hefur skýrt frá, og er kostnaðurinn við hana, eptir virðingargjörð og áætlun, sem fjárlaganefndinni mun verða gefinn kostur á að kynna sjer, metinn 1,251 kr. 40 a. En þareð ætla má, að kostnaðurinn þurfi ekki að verða meiri en 1,200 kr., ef á turn kirkjunnar verður settur járnkross en eigi trjekross, þá er eptir tillögum landshöfðingja farið fram á, að síðarnefnd upphæð verði veitt.

Við 11. grein.

1. þessi grein liðast í sundur á þennan hátt:

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Landlæknirinn á Íslandi, að auki forstöðumaður læknaskólans í Reykjavík	4,800	4,800	9,600
læknirinn í 1. læknahjeraði	1,900	1,900	3,800
— í 2. —	1,500	1,500	3,000
— í 3. —	1,500	1,500	3,000
— í 4. —			
laun 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann 86 —			
	1,986	1,986	3,972
læknirinn í 5. læknahjeraði	1,500	1,500	3,000
— í 6. —			
laun 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann 316 —			
	2,216	2,216	4,432
yfir um...	15,402	15,402	30,804

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr.
handan að...	15,402	15,402	30,804
læknirinn í 7. læknahjeraði	1,500	1,500	3,000
— í 8. —	1,500	1,500	3,000
— í 9. —	1,500	1,500	3,000
— í 10. — (laust)	1,500	1,500	3,000
— í 11. —			
laun ..... 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann ..... 28 —			
	1,928	1,928	3,856
læknirinn í 12. læknahjeraði	1,500	1,500	3,000
— í 13. —	1,500	1,500	3,000
— í 14. —	1,500	1,500	3,000
— í 15. —	1,900	1,900	3,800
— í 16. —	1,500	1,500	3,000
— í 17. —	1,500	1,500	3,000
— í 18. —	1,500	1,500	3,000
— í 19. —	1,500	1,500	3,000
— í 20. —			
laun ..... 1,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann ..... 496 —			
	1,996	1,996	3,992
samtals...	37,726	37,726	75,452

Laun landlæknisins eru talin samkvæmt lögum um stofnun læknaskóla í Reykjavík, 11. febr. 1876, 2. gr.; laun læknanna samkvæmt lögum um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi og fl. 15. óktbr. 1875, 3. gr., 1. staflið, og launaviðbótin handa læknunum í 4., 6., 11. og 20. læknahjeraði samkvæmt 3. gr. 2. stafl. í tjeðum lögum; skal hjerum vísað til athugasemdanna við fjárlagafrumvarpið fyrir 1878 og 1879. Liðurinn er í heild sinni alveg samhljóða fjárlögum fyrir 1882 og 1883.

2. Í þessum lið eru talin eptirfylgjandi útgjöld:

	1884.	1885.
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	800 kr.	800 kr.
b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri.....,	400 —	400 —
c. launaviðbót tveggja yfirsetukvenna í Reykjavík, fyrir sjálfar þær	48 —	48 —
d. til kennslu yfirsetukvenna	800 —	800 —
e. til þess að kaupa verkfæri handa yfirsetukonum.....	200 —	200 —
f. til að útvega uppdrátt af sjúkrahúsi í Reykjavík og áætlun um kostnað við það	2,000 —	„
	4,248 kr.	2,248 kr.

Liðirnir a—e eru samhljóða fjárlögunum fyrir 1882 og 1883. Útgjöldin, sem talin eru í liðunum d. og e., skulu samkvæmt yfirsetukvenna lögum 17. desbr. 1875, 4. gr. greiðast úr landssjóðnum.

f. Um fjárveiting þá, er í þessum lið er farið fram á, skal getið þessa:

1881 lagði landshöfðingi sá, er þá var, það til, að í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1882 og 1883 yrði farið fram á að fá veitt það fje sem með þyrfti til þess, að landssjóður tæki að sjer að sjá fyrir sjúkrahúsinu í Reykjavík, og að af landssjóði mætti verja svo miklu fje, er þyrfti til að reisa sjúkrahús. Væri mikil þörf á slíku húsi, og ætti, að ætlan hans, að vera í því 24 rúm fyrir sjúklinga, og auk þess herbergi fyrir 4 gjeðveika menn, búnaðarstofur, laugahús, líkhús, herbergi til læknaskurða m. fl. og loks stofur fyrir læknaskólann. Kostnaðurinn við að reisa húsið og búa það út m. m. ætlaði hann að nema mundi frá 30 til 40,000 kr., en nálægt því helming þess kostnaðar mætti maður vænta að fá borgaðan af eignum sjúkrahúss þess, er nú væri, og sem er eign einstakra manna, en sem ætti að verða eign landssjóðs. — En stjórnarráðið fjellst þó ekki á tillögur þessur, því að bæði þótti eðlilegra, að Reykjavík ein eða í fjelagi með næstu hjerðuðum tækist á hendur að halda sjúkrahúsið og annast um að reist yrði hús, er samsvaraði tímanum, og ef á þyrfti að halda fengi til þess tillag úr landssjóði, og í öllu falli virtist málið eigi nægilega undir búið til þess að verða lagt fyrir þingið, þarsem framvarpinu hvorki fylgdi uppdráttur af húsinu, nje áætlun um kostnaðinn við að reisa og halda það, og loks þótti ísjárvert, að minnsta kosti sem stæði, að leggja svo mikinn kostnað á landssjóð.

Nú í ár hefur málinu aptur verið hreift af landlækni, er í brjefi til stórnarráðsins hefur farið þess á leyt, að lagt verði fyrir alþingi uppástunga um, að byggt verði sjúkrahús og hús fyrir gjeðveika menn í Reykjavík er samsvari tímanum, og sjeð fyrir því á kostnað landssjóðs. Ætlar landlæknir, að í sjúkrahúsinu ætti að vera rúm fyrir 40 sjúklinga, og að kostnaðurinn til þess muni nema um 100,000 kr., er jafna mætti niður á 4 ár. En stjórnarráðið hefur af sömu ástæðum sem 1881 eigi sjeð sjer fært að fallast á tillögur þessar, og það því síður, sem uppástunga landlæknis hefur í för með sjer miklu meiri kostnað en landshöfðingja Finsens, og auk þess verður eigi enn sjeð, hversu mikið fje landssjóður kann að þurfa að leggja til á komandi fjárhagstímabili vegna hinna síðustu óára, eða hve tekjurnar af þessum orsökum kunna að rýrna. Þar á moti hefur stjórnin ætlað að verið gæti ástæða til, að búa þetta mikilsvarðandi landsmál undir með því að útvega hjá duglegum byggingameistara uppdrátt af byggingunni, og áætlun um kostnaðinn við að reisa hana, og fyrir því er farið fram á, að veittar verði 2,000 kr. til þessa, og mun landshöfðingi láta alþingi í tje nauðsynlegar upplýsingar um uppástungur þær, er fram hafa komið, svo að það fái tækifæri til að láta skoðun sína í ljósi um málið í heild sinni.

Við 12. gr.

1. Í þessum lið er talið:

laun handa póstmeistaranum í Reykjavík samkvæmt lögum um laun íslenzkra embættismanna 15. oktbr. 1875, 12. gr.	1,700 kr. á ári.
laun handa póstafgreiðslumönnum	2,350 — —
laun handa brjefhirðingarmönnum	1,000 — —
	5,050 kr. á ári.

2. Útgjöldin við flutning pósta hafa hlaupið:

	1880.	1881.
á aðalpóstleiðunum	8,715 kr. „ a	9,130 kr. „ a
á aukapóstleiðunum.....	2,911 — 30 -	3,069 — 04 -
	11,626 kr. 30 a	12,199 kr. 04 a

og útgjöldin munu eptir því, sem póstsamgöngur á Íslandi aukast, fara stöðugt vaxandi. Landshöfðingi hefir því stungið uppá, að útgjöldin á þessum lið verði hækkuð til 12,400 kr. fyrir hvort árið.

3. Þessi útgjöld eru:

a.	endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 14. gr.	600 kr.	
	viðbót, veitt á fjárlögunum fyrir 1880—1881.....	400 —	
			1,000 kr. á ári.
b.	fæðispeningar og endurgjald fyrir skrifstofukostnað til hins sama ...		200 — —
c.	þóknun til sama fyrir ábyrgð þá, sem er því samfara, að taka við póstávísana upphæðum þeim, sem borgaðar eru til hans, ef misteljast kann, 1 af 4,000, hjer um bil.....		200 — —
d.	ýmislegt prentað, svo sem sendingaskrár, viðskiptabækur, regístur og fl.		200 — —
e.	til þess að útvega áhöld og til viðurhalds á þeim		300 — —
f.	útgjöld, sem uppá kunna að koma.....		100 — —
g.	1 brjefberi í Reykjavík.....		50 — —
			2,050 kr. á ári.

Allir eru gjaldliðirnir samhljóða fjárlögum fyrir 1882 og 1883.

Við 13. grein.

A. a. Hjer undir kemur:

	1884.	1885.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Biskupinn yfir Islandi, skipaður frá 1. apríl 1866:			
1884. 1885.			
laun..... 7,000 kr. 7,000 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann ..... 632 — 632 —			
	7,632	7,632	15,264
Dómkirkjupresturinn í Reykjavík:			
laun á ári ..... 500 kr.			
húsaleigustyrkur ..... 300 —			
	800	800	1,600
samtals...	8,432	8,432	16,864

Þessi laun m. m. eru talin samkvæmt fjárlögunum fyrir 1882 og 1883.

A. b. 1. Tillag landssjóðsins samkvæmt lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 hefir landshöfðingi talið að muni verða 6,500 kr. hvort árið 1884 og 1885. Með því svo er talið í 5 gr. 1. frumvarpsins, að goldnar verði í landssjóð samkvæmt sömu lögum 4,000 kr. á árinu 1884 og 4,500 kr. á árinu 1885, verða útgjöldin fyrir 1884 2,500 kr. og 1885 2,000 kr. meiri en tekjurnar.

A. b. 2. Fjarveitinguna til bráðabyrgðaruppbóta fátækum brauðum, sem 1883 nemur 4,000 kr., er eptir ósk biskups farið fram á að hækka uppí 7,000 kr. hvort fjárhagsárið. Hefur biskup getið þess, að 4,000 kr. fjárveiting sje allt of lítil jafnvel í góði ári, þarsem svo mörg fátæk brauð eigi kröfu á að taka þátt í henni, að hvert um sig fái ekki nema lítilræði eitt, en sjerstaklega sje hún öldungis ónóg eptir hin síðustu óár. Landshöfðingi hefur mælt fram með þessari hækkun, sjerilagi með tilliti til þess, hve æskilegt væri að með henni yrði bætt kjör presta þeirra, er greiða eiga eptirlaun af fátækum brauðum, fyrir því, að þeir hafa fengið veitingu fyrir þeim, áður en lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta öðluðust gildi. Fjárveiting þeirri, er hjer ræðir um, verður aðeins varið til þeirra brauða, er lög 27. febr. 1880 um skipun prestakalla eigi hafa náð til.

A. b. 3. Þessi utgjöld eru samhlóða þeim í fjárlögum fyrir 1882 og 1883.

A. b. 4. Sömuleiðis.

A. b. 5. Synodus hafði 1882 veitt uppgjafaprestunum: J. Thorarensen, Sv. Eyjólfssyni, og Á. Böðvarssyni, er laun höfðu fengið, eptir að lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta voru komin út, 50 kr., 100 kr. og 90 kr. af fje því, er í fjárlögum fyrir 1882 og 1883 var veitt í þeim gjaldlið, er svarar til þess síðastnefnda í frumvarpi þessu. En af því stjórnarráðinu þótti þessi brúkun fjárveitingarinnar vera ósamkvæm eðli hennar, smbr. orðin í lögum 27. febr. 1880 6. grein, fengu hinir ofangreindu prestar ekki hluttöku í henni. En þareð stjórnin, eptir upplýsingum þeim, er fyrir liggja, verður að vera synodusi öldungis samdóma um, að prestar þeir, er hjer ræðir um, þarfnist þess styrks, er þeim var ætlaður, þá er farið fram á, að ofangreindar upphæðir, alls 240 kr. verði teknar uppá fjárlögin, sem nýr gjaldliður.

A. b. 6.—9. Þessi gjöld eru samhljóða fjárlögum fyrir 1882 og 1883.

A. b. 10. Samkvæmt lögum 27. febr. 1880 1. grein á að sameina Klyppstaðarbrauð við Dvergasteins brauð í Seyðisfirði, en Fjörður í Mjóafirði, er hingað til hefur verið sameinaður Seyðisfirði, á að vera sjálfstætt brauð og hafa 800 kr. tillag úr landssjóði. En þá er Dvergasteins brauð losnaði, var presturinn að Klyppstað of gamall og lasburða til að geta þjónað Dvergasteins brauði, eins og það þá var orðið aukið, og Jón prestur Bjarnarson var því settur til að þjóna Dvergasteini og Mjóafirði með sömu kjörum og áður, þartil er Klyppstaður losnaði, og koma mætti á hinni nýju skipun. En með því að söfnuðurinn í Mjóafirði æskti þess, að svo fljótt, sem unnt væri, skyldi skipun sú, er lög 27. febr. 1880 hefði ákveðið, komast á þar, slepti Jón Bjarnarson því, og hjelt aðeins Dvergasteini, er eigi hefur meiri tekjur en 7—800 kr. Þareð brauð þetta er erfitt viðfangs, einkum sökum hins mikla fjölda af Norðmönnum, er þangað streymir á sumrin, hefur biskup átitið mjög æskilegt, að fá að halda J. Bjarnarsyni þar, en á því mun ekki kostur, nema tekjur brauðsins verði auknar um stund. Eptir tillögum biskups, er landshöfðingi hefur fallist á, er því farið fram á bráðabyrgðar-tillag til greinds brauðs, er

nemi 300 kr. hvort fjárhagsárið, og hefur þótt ástæða til að setja þá fjárveiting í sjertakan lið, er svo sjerstaklega á henni stendur.

B.

I. Prestaskólinn.

a. Útgjöldin í þessari grein liðast í sundur eins og hjer segir:

			1884.	1885.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Forstöðumaður prestaskólans, skipaður 25. júní 1866.					
	1884.	1885.			
laun samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 13. gr.	4,600 kr.	4,600 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann samkvæmt sömu lögum, 7. gr. 3. stafl.	532 —	532 —			
			5,132	5,132	10,264
Fyrsti kennari við tjeðan skóla: laun samkvæmt lögum 15. oktbr. 1876, 13. gr., á ári		2,400 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann, samkvæmt sömu lögum, 7. gr. 1. stafl.		784 —			
			3,184	3,184	6,368
Annar kennari við sama skóla: laun samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 13. gr., á ári		2,000 kr.	2,000	2,000	4,000
		samtals...	10,316	10,316	20,632

Að því leyti, er snertir viðbótina fyrir forstöðumann prestaskólans, skal þess getið, að tjeður embættismaður eptir hinum fyrri launaákvörðunum hefði fengið 3. launaviðbót eptir aldri 1. júlí 1881.

b Útgjaldaliðirnir 3 – 7 eru samkvæmt fjárlögunum fyrir 1880 og 1881. Aptur ámóti er farið fram á það í 1. lið, að veita húsaleigustyrk handa 15 lærisveinum, með því að tala þeirra nú er 15, og eigi er líklegt, að hún minnki næstu árin, svo að húsaleigustyrkur sá, er veittur er fyrir 1882 og 1883, mun eigi nægja, svo framarlega sem þeirri reglu verður fylgt framvegis eins og hingaðtil, að þessi styrkur skuli veittur öllum þeim, sem eru á prestaskólanum, að þeim einum undanteknum, sem eru efnaðir og eiga heima í Reykjavík. Samkvæmt því, sem forstöðumaður skólans hefir lagt til, og landshöfðingi hefir mælt fram með, er stungið upp á því, að fjölga tölu ölmusanna þannig að þær verði 3.

II. Læknaskólinn.

Þóknun sú, er veitt er lækninum í fyrsta læknishjeraði fyrir að kenna við skólann, nemur 800 kr. og laun hins fasta kennara eru 1,800 kr., samkvæmt lögum 11. febrúar

1876. þareð síðar nefnd laun eru svo lítil, að eigi má búast við, að maður fái til lengdar að halda nokkrum duglegum manni í því embætti, og þareð launin auk þess eru minni en þau, er veitt eru öðrum slíkum embættum, þá hefur stjórnarráðið, eptir að forstöðumaður læknaskólans, stiftsyfirvöldin og landshöfðingi hafa vakið máls á því, ætlað, að því bæri að fara þess á leyt, að veittar verði þeim kennara, er nú er, 600 kr. launa viðbót fyrir sjálfan hann, er hann frá því 1876 hefur þjónað þessu embætti vel og rækilega.

b. 1.—2. Þessi gjöld eru eins og þau er veitt voru í fjárlögum fyrir 1882 og 1883.

b. 3. Eptir tillögum landshöfðingja er farið fram á, að hækka gjaldliðinn til bókakaupa og verkfæra uppí 600 kr. fyrir 1884, en fyrir 1885 er honum haldið óbreyttum. Því að eptir því, sem forstöðumaður skólans skýrir frá, þá er skólinn nú sem stendur mjög illa búinn að verkfærum þeim, er til kennslunnar þurfa.

b. 4.—6. Eru samkvæmir fjárlögunum fyrir 1882 og 1883.

III. Hinn lærði skóli.

a. laun.

forstjóri hins lærða skóla	4,200 kr.
yfirkennarinn	3,200 —
fyrsti kennari	2,400 —
annar kennari	2,400 —
þriðji kennari	2,000 —
fjórði kennari	2,000 —
fimmti kennari	2,000 —
	18,200 kr.

Gjaldliðurinn er í heild sinni samkvæmur fjárlögum fyrir 1882 og 1883.

b. Gjaldliðir þeir, er hjer eru taldir, eru einnig samkvæmir fjárlögum þeim, er nú gilda, með þeirri einu undantekning, að farið er fram á að hækka laun dyravarðar frá 700—1,000 kr. á ári, eptir tillögum stiftsyfirvaldanna og landshöfðingja, og ber til þess það, að dyravörður kemst eigi hjá að hafa mörg hjú að tillölu, og er varla víð því að búast, að maður fái með þeim launum, er nú eru, haldið þeim, er nú er, og sem menn eru ánægðir með.

c. Þessi gjöld eru eins og þau í fjárlögum fyrir 1882 og 1883.

IV. Gagnfræðaskolinn á Möðruvöllum.

a. laun.

skólastjóri	3,000 kr. á ári.
fyrsti kennari	2,000 kr. —
annar kennari	1,600 kr. —
	6,600 kr. á ári.

Launin eru talin samkvæmt lögum 4. nóv. 1881.

b. Þessi útgjöld eru eptir tillögum landshöfðingja talin samkvæmt skýrslum skólastjóra um, hvað hingað til hefur verið brúkað í þeim efnum.

V. Onnur kennsla.

Til hennar er talið hið sama og það, er veitt er fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

C. 1. Upphæð sú, sem farið er fram á, að veitt verði á ári handa landsbókasafninu og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga er 2,800 kr. og liðast þannig í sundur.

1.	laun bókavarðar	1,000 kr.
2.	laun hans fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því millum þinga	200 —
3.	til þess að semja bókaskrá	400 —
4.	til bókakaupa	600 —
5.	til eldiviðar og áhalda m. m.	500 —
6.	brunabótagjald fyrir safnið	100 —
	alls á ári...	2,800 kr.

Bókavörður J. Árnason, sem á yfirstandandi fjárhagstímabili hefur haft 600 kr. sem bókavörður og 100 kr. fyrir umsjón með alþingishúsinu, hefur sótt um, að laun hans verði hækkuð þannig, að hann hafi á ári 1,200 kr., og sje hann þá á hinn bóginn skyldur til að hafa bókhlöðuna opna 3 tíma dag hvern, og eigi annan hvorn dag, eins og nú á sjer stað. Eptir tillögum landshöfðingja er farið fram á, að fjeð sje veitt og liðað sundur eins og gjört er í 1. og 2. lið hjer að framan. Auk þessa er einnig eptir tillögum landshöfðingja farið fram á að hækka gjaldið til eldiviðar og áhalda m. m. frá 250 kr. til 500 kr. á ári, þareð það hefur sýnt sig, að nauðsyn ber til þess. Að öðru leyti eru þessir gjaldliðir óbreyttir.

C. 2.—4. Þessi gjöld eru talin samkvæmt fjárlögum fyrir 1882 og 1883.

Við 14. grein.

Samhljóða fjárlögum fyrir 1882 og 1883.

Við 15. grein.

Að því, er snertir eptirlaun og styrktarfje, er á landssjóði hvíla, skal vísað til fylgiskjals þess, er fer með frumvarpinu.

Við 16. og 17. grein.

Samhljóða fjárlögum fyrir 1882 og 1883.

Við 18. grein.

Það, sem hjer er ákveðið um, hvernig verja eigi því, sem umfram verður, er samkvæmt því, sem hingað til hefur átt sjer stað.

Fylgiskjal.

Skrá yfir eptirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna, sem hvíla á hinum íslenzka landssjóð.

		kr.	a.
	A. Embættismenn.		
1.	C. H. U. Bolbroe, hjeraðslæknir á Vestmannaeyjum	400.	
2.	Adolph Christian Baumann, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósar sýslu	982.	18
3.	Þórður Guðmundsson, sýslumaður í Árness sýslu	1,887.	18
4.	Þorsteinn Jónsson, sýslumaður í Árness sýslu.....	2,751.	92
5.	Arni Gíslason, sýslumaður í Skaptafells sýslu.....	1,686.	16
6.	G. P. Blöndahl, sýslumaður í Bardastranda sýslu	1,201.	82
7.	Benedikt Gröndal, kennari við lærða skólann í Reykjavík ..... kon. úrskr. 13. apr. 1883, stj. br. 4. apr. s. á.; frá 1. maí 1883.	800.	
	alls...	9,709.	26
	B. Embættismanna ekkjur og börn.		
1.	Guðrún Brynjúlfsson, ekkja dr. philos. Gísla prests Brynjúlfssonar ..	40.	
2.	Nikolína María Finsen, ekkja kammerráðs yfirdómara í yfirrjettinum O. Finsens.....	200.	
3.	Elín Thorstensen, ekkja jústizráðs, landlæknis Jóns Thorstensens. konungs úrskr. 20. ágúst 1855. frá 1. marz 1855..... 164 rd. 56 sk. samkvæmt lögum 31. marz 1864. viðbót frá 1. apríl 1864..... 35 — 40 —		
	200 rd. = 400 kr.		
	og samkvæmt fjárlögunum fyrir 1880 og 1881 viðbót ..... 200 —	600.	
	yfir um...	840.	

		kr. a.
	handan að...	840.
4.	Anna María Johnsen, ekkja hjeraðslæknis Eggerts Johnsens. konungs úrskr. 20. febr. 1856; frá 1. ágúst 1855..... 69 rd. 36 sk. = 138 kr. 75 a. og eptir fjárlögunum fyrir 1882 og 1883 viðbót 150 — „ —	288. 75
5.	Ragnheiður Thorarensen, ekkja sýslumanns V. Thorarensens í Stranda sýslu	100. 79
6.	Pálína María Baltzartína Kohl, ekkja kapteins, sýslumanns Kohl á Vestmannaeyjum.....	246. 22
7.	Ingileif Melsted, ekkja amtmanns Páls Melsteds.....	509. 56
8.	Clara Margrjet Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðar sýslu	212. 87
	ennfremur styrkur til húsaleigu á ári	40.
9.	Þórdís Thorstensen, ekkja sýslumanns Jónasar Thorstensens í Suðurmúla sýslu.....	367. 68
10.	Ingibjörg Schulesen, ekkja kammerráðs, sýslumanns S. Schulesens í Þingeyjar sýslu.....	416. 60
11.	Antonia Jósefina Thorarensen, ekkja sýslumanns B. Thorarensens í Dala sýslu.....	228.
12.	Maren Ragnheiður Friðrikka, ekkja sýslumanns Jóhannesar Guðmundssonar í Mýra- og Hnappadals sýslu	289. 83
	þar að auki handa yngstu börnum hennar 2, þar til þau eru orðin 18 ára:	
	1) Jóhannesi, fæddum 17. janúar 1866.....	50.
	2) Jóhannesi Ellert Kristni, fæddum 2. septbr. 1869.....	50.
13.	Ingibjörg Magnúsen, ekkja sýslumanns í Dala sýslu, Kristjáns Magnúsens.....	262. 89
14.	Ragnheiður Thorarensen, ekkja hjeraðslæknis kancellíráðs Skúla Thorarensens.....	273. 33
15.	Camilla Tomasson, ekkja hjeraðslæknis þórðar Tómassonar ..... frá 1. desbr. 1873. konungs úrskr. 20. júní 1874..... 184 kr. viðbót frá sama tíma..... 13 — stjr. br. 18. nóv. 1876	197.
	ennfremur handa börnum hennar 2, þartil þau eru orðin 18 ára:	
	Alpha Maríu, fæddri 10. septbr. 1867.....	60.
	þóri Tómasi, fæddum 7. desbr. 1871.....	60.
	yfir um...	4,493. 52

		kr.	a.
	handan að...	4,493.	52
16.	Kristjana Havstein, ekkja amtmanns Havsteins ..... kon. úrsk. 12. nóv. 1875.	529.	16
	ennfremur handa börnum hennar til fullra 18 ára; eru þau þessi:		
	1) Guðrún Jóhanna Laura, fædd 9. jan. 1866	100.	
	2) Marino Jakob, fæddur 9. ágúst 1867	100.	
	3) Jóhanna, fædd 9. ágúst 1867.....	100.	
	4) Elín, fædd 2. febr. 1869.....	100.	
	5) Gunnar Magnús, fæddur 29. marz 1872	100.	
17.	Anna Margrjet Björnsdóttir, ekkja hjeraðslæknis og kanselliráðs J. Skaptasonar.....	250.	
18.	Þórunn Thorstensen, ekkja amtmanns, konferensráðs Thorstensens....	550.	
19.	Hildur Solveig Bjarnadóttir, ekkja sýslumanns B. E. Magnússonar ..	538.	27
	ennfremur eptir kon. úrsk. 12. desbr. 1877 handa barni hennar til fullra 18 ára, Brynjólfi Benedikt Bjarnasyni, fæddum 16. okt. 1873	80.	
20.	Sophie Dorothea Jónassen, ekkja forstjóra í landsyfirrjettinum, Þórðar Jónassens	679.	75
21	Louise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadts.... frá 1. nóv. 1881.	81.	25
22.	Ragnheiður Kristjánsson, ekkja amtmanns K. Kristjánssonar..... frá 1. júní 1882.	750.	
23.	Guðrún Guðjohnsen, ekkja organsleikara Gudjohnsens ..... frá 1. jan. 1880 fjárlögin fyrir 1880 og 1881.	300.	
	alls...	8,751.	95

18.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Frá 1. þingm. Rangvellinga, 2. þingm. Rangvellinga og 2. þingm. Eyfirðinga).

Við 1. gr. 1. tölulið.

Í staðinn fyrir «7370» komi: 6000.

Við sömu gr. 2. tölulið.

Í staðinn fyrir «2027» komi: 1900.

19.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um bæjarstjórn á Akureyri.

(Frá 2. þingmanni Eyfirðinga).

1. 5. grein frumvarpsins orðist þannig:
   Bæjarfulltrúar skulu kosnir til þriggja ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fara 2 frá að ári liðnu og síðan 2 ár hvert. Skal það, hverjir frá fara fyrstu tvö árin, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 3 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 3 ár, er frá fór.
2. Við 8. grein.
   Í staðinn fyrir «6 ár» komi: 3 ár.
3. Við 9. grein.
   Í staðinn fyrir «(þriðja hvert ár)» komi: á ári hverju.
4. Við 25. grein.
   Aptan við orðin: «Allar ávisanir skulu vera undirskrifaðar» bætist: á fundi.

20.

Frumvarp

til laga um horfellir á skepnum.

Frá 1. og 2. þingmanni Kjósar- og Gullbringusýslu.

Flutningsmaður 2. þingmaður Kjósar- og Gullbringusýslu.

1. gr. Skylt skal hreppstjóra á hausthreppaskilaþingi að hvetja hreppsbúa sína til þess, að setja vel á hey og fara vel með fjenað, og að brýna þá jafnframt fyrir mönnum ábyrgð þá, er þeir baki sjer með því að horfella fjenað.

2. gr. Skylt skal hreppstjóra og hreppsnefndum að hafa vakandi auga á því, hvernig menn í hreppnum fara með pening, og er hreppstjóri verður þess vís, að skepnum einhvers manns er hætta búin af hor, skal hann tafarlaust fara þangað og kveðja með sjer 2 búendur, er næstir fást því heimili, til að skoða fjenaðinn, og skal enginn án löglegra orsaka mega skorast undan þeirri för. Skepnur þær, er hreppstjóri og skoðunarmenn álíta ólífvænar, skipar hann þeim, er hefur þær undir hendi, að skera.

3. gr. Á manntalsþingi á vori skal sýslumaður í heyranda hljóði spyrja hreppstjóra eða hreppsnefndar-oddvita, sje hreppstjóri fjarstaddur, hvort enginn í hreppnum hafi horfellt skepnur, eða á annan hátt farið illa með þær það ár, og skal hreppstjóri þá þegar gefa þá skýrslu, er hann veit rjettasta.

4. gr. Hver sem verður sekur að því, að fella skepnur úr hor, eða fer svo með þær,

að þeim er hætta búin að horfalla, hvort sem hann á skepnurnar sjálfur eða aðrir, skal sæta sektum frá 2—20 kr., og renna þær í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

5 gr. Nú veldur sjúkdómur, sem eigi er sprottinn af illri meðferð, hor, eða hordauða á skepnum, og varðar það eigi við lög, ef eigandi eða umráðamaður skepnanna sannar, að svo hafi verið með vottorði 3 nábúa sinna, en skyldir skulu þeir að eiðfesta vitnisburð sinn, ef krafizt verður.

21.

Frumvarp

til laga um stofnun kennaraembættis við gagnfræðaskólann og alþýðuskólann í Flensborg.

(Frá 1. þingmanni Árnessýslu).

1. Skipa skal 1 kennara við gagnfræða og alþýðuskólann í Flensborg, sem er skólastjóri og hefir að launum 2000 kr. úr landssjóði.
2. Landshöfðinginn yfir Íslandi veitir embætti þetta eptir að hann hefir fengið tillögur skólanefndarinnar.
3. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884.

22.

Þingsályktun

Neðri deild alþingis ályktar:

Sakir atvika þeirra, er ráðið hafa í þetta sinni kosningu skrifstofustjóra, ályktar þingdeildin að setja nefnd til að koma fram með tillögur til breytingar á 2. lið 5. greinar þingskapanna.

Alþingi, 5. júlí 1883.

Þorkell Bjarnason. Jón Ólafsson. Egilsson.

23.

Uppástunga

til þingsályktunar viðvíkjandi útgjöldum til hinnar innlendu landsstjórnar o. fl.

Neðri deild alþingis ályktar, að setja nefnd til þess að íhuga, að hve miklu leyti auðið kynni að vera að minnka útgjöld þau, sem samkvæmt núgildandi lögum ganga til hinnar innlendu umboðsstjórnar, dómgæzlu, læknaskipunar, kirkju- og kennslumála, eptirlauna o. fl.

Þork. Bjarnason. Þ. Guðmundsson. Magnús Andrjesson.
Tryggvi Gunnarsson. F. S. Stefánsson. Jón Ólafsson.
Egilsson. Jakob Guðmundsson.

24.

Frumvarp

til laga um kosningu presta.

(Frá þingmanni Norður-Þingeyinga, þingmanni Strandasýslu, sem er flutningsmaður og þingmanni Austur-Skaptfellinga).

1. gr. Þá er brauð losnar skulu allir sóknarmenn í því prestakalli, þeir er hafa óflekkað mannorð og gjalda til prests og kirkju, kjósa sjer prest af þeim, sem um brauðið sækja og hafa hina lögboðnu hæfilegleika til prestskapar.

2. gr. Sá sem sækir um laust brauð, skal senda umsóknarbrjef sitt í tveim samritum annað til biskups, en hitt til prófasts í því hjeraði, sem brauðið er í.

3. gr. Þá er 8 vikur eru liðnar frá því, er brauðið var auglýst til veitingar, skal biskup senda prófasti skrá yfir umsækendur. Skal biskup og skýra frá því, ef einhver þeirra ekki hefur lögboðna hæfilegleika til prestskapar.

4. gr. Prófastur sendir söfnuði eða söfnuðum prestakallsins skrá þá, er biskup hefur honum sent. Prófastur skýrir og frá nöfnum þeirra, er honum hafa umsóknar-

brjef sent, ef þau eru ekki á skrá biskups, sem og frá því, ef einhver þeirra ekki hefur lögboðna hæfilegleika til prestskapar.

5. gr. Af þessum umsækendum skal söfnuðurinn eða söfnuðirnir kjósa sjer prest á þeirri stund og stað í prestakallinu, sem sóknarnefndarmenn prestakallsins koma sjer saman um og auglýsa öllum kjósendum með nægum fyrirvara. Stýrir sóknarnefnd kosningunni, ef ekki er nema ein sókn í prestakalli; en sje þær fleiri, kjósa allir sóknarnefndarmenn þrjá menn úr sínum flokki til kjörstjóra.

6. gr. Kjörstjórnin ákveður í hverri röð kjósendur kjósa. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann sjálfur komi á kjörfund. Ekki er kjörfundur lögmætur, nema tveir hlutir þeirra, sem kosningarrjett hafa í prestakallinu, mæti á fundi og greiði atkvæði.

7. gr. Kjörstjórar kjósa einn úr sínum flokki, til að stýra kjörfundi, en hinir tveir rita á kjörskrár atkvæði kjósenda. Ritar annar nafn kjósanda hans og við það nafn þess manns, er hann kýs; en hinn ritar fyrst nafn hvers þess, er kosinn er og við nafn hans nöfn allra þeirra, er hann kjósa.

Þegar öllum kjósendum hefur verið gefinn nægur tími til og kostur á að greiða atkvæði, rita kjörstjórar sjálfir atkvæði sín í kjörbækurnar. Því næst telja þeir atkvæði saman og lýsa yfir því, hver flest atkvæði hafi fengið. Enginn er rjettkosinn, nema hann hafi fengið meira en helming atkvæða þeirra, sem greidd hafa verið. Nú hefur enginn fengið svo mörg atkvæði, sem til er skilið, og skal kjósa af nýju óbundnum kosningum, og fái þá enn enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal kjósa að eins milli þeirra tveggja, sem höfðu fengið flest atkvæði við hina seinni kosningu. Hlutkesti ræður um hverja tvo kjósa skuli, ef fleiri en tveir hafa jafn mörg atkvæði fengið við aðra kosningu. Svo og skal hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

8. gr. Ekki er kosning söknarmanna gild, nema biskup staðfesti hana og gefi hinum kosna köllunarbrjef. Nú synjar biskup um staðfestingu á kosningu, og hafa söknarmenn rjett á að kjósa af nýju, unz biskup staðfestir kosningu þeirra og gefur hinum kosna köllunarbrjef.

9. gr. Þegar kosning hefur fram farið, sendir kjörstjórn tafarlaust prófasti kosningargjörðina með vottorði sínu um, at hún sje rjett. Síðan sendir prófastur biskupi skýrslu um kosninguna. Synji biskup um, að staðfesta kosninguna, skýrir hann prófasti frá því, en prófastur söfnuði prestakallsins, sem þá kýs af nýju, svo sem fyr segir í 5. til 7. gr.

25.

Breytingaratkvæði

við frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

(Frá 5. konungkjörna þingmanni).

3. gr. «Meðan kaupandi eða ekkja hans ógipt eiga jörðina og» falli burt. Í stað þess komi:

«Meðan kaupandi, ekkja hans eða þeirra börn eiga jörðina og hafa sjálf ábúð á henni allri, samt.»

Aptan við frumvarpið bætist ný grein.

4. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir aðeins til 31. desember 1890.

26.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á 1. grein í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla.

(Frá 2. þingmanni Eyfirðinga).

1. 2. grein frumvarpsins orðist þannig:

Grundar prestakall sje Grundar, Munkaþverár og Kaupangs sóknir. Til Grundarsóknar leggist 11 fremstu bæ ir úr Akureyrarsókn. Prestsetur í þessu prestakalli skal vera að Hrafnagili.

2. 3. grein frumvarpsins orðist þannig:
Akureyrarprestakall sje Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir. Í Lögmannshlíð sje þriðjungakirkja. Til þessa prestakalls leggist öll prestskyld af Munkaþverárkirkju og 400 kr. úr landssjóði.

3. 4. og 5. grein frumvarpsins falli burt.

27.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um eptirlaun prestekkna.
(Frá þingmanni Norður-Þingeyinga).

Við 1. gr. I staðinn fyrir: «er hjer á eptir» komi: «sem eru, eður hjer eptir».

28.

Viðaukauppástunga

við frumvarp til laga um breyting á 1. grein í lögum 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla.
(Frá þingmanni Norðurþingeyinga).

Aptan við frumvarpið bætist sem 7. grein:

Ístaðinn fyrir þær 1700 kr., sem eptir lögum 27. febr. 1880, 1. gr. tölul. 134. eiga að greiðast af Grenjaðarstaðaprestakalli, greiðist 1300 kr.

29.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.
(Frá þingmanni Norður-Þingeyinga, 2. þingmanni Eyfirðinga og þingmanni Austur-Skaptfellinga).

Við 1. gr. tölul. 17.: Í staðinn fyrir: «1625 kr.» komi: 1400 kr.

30.

Tillaga til þingsályktunar.

(Frá þingmanni Borgfirðinga).

Neðri deild alþingis ályktar, að taka lög til bráðabyrgða frá 16. febr. 1882 um breyting á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi. o. fl. til umræðu, samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar.

31.

Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.
(Frá þingmanni Austur-Skaptfellinga).

Sandfells prestakall í Austur-Skaptafells prófastsdæmi bætist upp með 700 kr. við næstu prestaskipti.

32.

Uppástunga

til þings-ályktanar viðvikjandi harðærismálinu.

Neðri deild alþingis ályktar, að setja nefnd til að íhuga, hvað alþingi geti gjört til að bæta úr þeim bágindum, sem þegar eru fram komin og koma í veg fyrir þá neyð og landauðn sem í sumum hjeruðum virðast vofa yfir sem afleiðing harðærisins.

Jakob Guðmundsson. Ólafur Pálsson. E. Kúld.
Jón Ólafsson. B. Sveinsson.

33.

Frumvarp

til laga um stofnun háskóla á Íslandi.

(Frá B. Sveinssyni, 2. þingmanni Norður-Múlasýslu).

1. gr. Í Reykjavík skal stofna háskóla fyrir íslenzk embættismannaefni.

2. gr. Í skóla þessum skulu vera þrjár deildir. Skal í einni kennd guðfræði, annari lögfræði, og í hinni þriðju læknisfræði. Auk þessa skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi, eptir því, sem síðar verður ákveðið með lögum.

3. gr. Tilhögun á kennslunni og kennendaskipunin í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skal vera hin sama, sem nú er á prestaskólanum og læknaskólanum, þangað til öðruvísi verður ákveðið, og takast kennendur þeir, sem nú eru á menntastofnunum þessum á hendur kennsluna, hver í sinni vísindagrein, en kennsluna í lögfræði skulu hafa á hendi tveir kennarar, og skal annar vera formaður deildar þeirrar.

4. gr. Laun kennendanna í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skulu vera hin sömu og nú eru, en laun formanns lögfræðisdeildarinnar 4000 krónur, og hins kennarans 3000 krónur.

5. gr. Landshöfðinginn semur reglugjörð fyrir skólann, eptir tillögum formanna deildanna, enda sje skólinn beinlínis undir umsjón hans.

6. gr. Fyrst um sinn skal kennslan í skólanum fara fram í alþingishúsinu.

34.

Frumvarp

til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild alþingis).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, sem að minnsta kosti nemur þeirri upphæð, er tilfærð er við hverja þeirra:

1)	Vík í Dyrhólahreppi	fyrir	7,370 kr.
2)	Þverá í Kleifahreppi	—	2,027 —
3)	Hlíð í Leiðvallahreppi	—	2,360 —
4)	Arnarnes í Eyjafjarðarsýslu	—	3,200 —
5)	Hrísakot í Húnavatnssýslu	—	900 —
6)	Miðhóp í sömu sýslu	—	5,000 —
7)	Kornsá í sömu sýslu	—	5,400 —
8)	Kringlu í sömu sýslu	—	1,800 —
9)	Orrastaði í sömu sýslu	—	3,000 —
10)	Grund í Svínadal í sömu sýslu	—	4,500 —
11)	Haga í sömu sýslu	—	2,450 —

12) Spítalaeignina Kaldaðarnes í Árnessýslu með hjáleigunum:

a. Höskuldsstöðum,
b. Mosastöðum,
c. Magnúsfjósum,
d. Valdastöðum,
e. Móakoti,
f. Hreiðurborg og
g. Miðhúsum

og með Kaldaðarneskirkjujörðunum:

a. Kálfhaga og

b. Lambastöðum ..... — 17,000 kr
13) Heiði með Breiðstöðum í Sauðárhreppi ..... — 5,000 —
14) Hjaltastaði í Skagafjarðarsýslu með 2 hjáleigum ..... — 6,200 —
15) Páfastaði í sömu sýslu ..... — 3,000 —
16) Litlu-Gröf í sömu sýslu ..... — 1,800 —
17) Þórðarstaði í Hálshreppi ..... — 1,625 —

2. gr. Landshöfðinginn gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum, og ákveður kaupverð það, er jarðirnar megi seljast fyrir, en lætur áður 2 dómkvadda menn virða hverja jörð fyrir sig. Kostnaðurinn við það greiðist af landssjóði.

3. gr. Helmingur kaupverðsins má standa í hinni seldu jörð, en kaupandi gefur út fyrir honum skuldabrjef með fyrsta veðrjetti í jörðinni og 4 af hundraði í vöxtu árlega, og skal það samið einsog skuldabrjef, sem gefin eru út fyrir lánum af ómyndugra fje, en eigi skal landssjóður eiga rjett á að segja upp láninu, meðan kaupandi, ekkja hans eða þeirra börn eiga jörðina og hafa sjálf ábúð á henni allri, samt halda skilmála þá, sem settir eru í skuldabrjefinu. Af hinum helmingi kaupverðsins greiðist helmingur um leið og kaupbrjef er gefið út, og af því, sem þá er eptir, $^1/_5$ á ári í næstu 5 ár, og stendur hin selda jörð einnig sem veð fyrir þessum hluta kaupverðsins.

4. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir aðeins til 31. desember 1890.

35.

Nefndarálit

í málinu: frumvarp til laga, er breytir hegningar-ákvörðununum í tilskipun 5. september 1794, 5. grein.

Vjer undirskrifaðir, sem kosnir erum af efri deild alþingis til að íhuga frumvarp frá stjórninni til laga, er breyta hegningarákvörðununum í tilskipun 5. september 1794, 5. gr., höfum rætt frumvarp þetta, og leyfum okkur að láta uppi álit það um málið, sem hjer fer á eptir.

Nefndin er stjórninni samdóma um það, að hegning sú, sem lögð er í áður nefndri tilskipun við skottulækningum, eigi ekki lengur við, en á hinn bóginn getur nefndin ekki aðhyllzt þá skoðun stjórnarinnar, að það sje nóg að milda hegningu þessa eins og gjört er í frumvarpinu, en að halda skilyrðunum fyrir að beita henni óbreyttum. Sökum víðáttu og strjálbyggðar landsins annars vegar en læknafæðarinnar hins vegar, verður ekki hjá því komizt, að menn leiti sjer lækninga hjá öðrum en þeim, sem eru löggiltir til læknisstarfa, og þess vegna er það tilgangslaust, að banna slíkt með lögum og leggja hegningu við, ef einhver ólöggiltur maður verður til að leggja sjúklingum ráð í nauðum þeirra; slíkum lögum verður ekki framfylgt og hefur ekki verið framfylgt með neinni alvöru, en að hafa lög, sem ekki er og ekki verður framfylgt, er einasta til að rýra álit laganna og virðinguna fyrir þeim. Hins vegar álítur nefndin, að engum ólæknisfróðum manni megi haldast uppi óhegnt að hafa um hönd lækningar, ef hann verður uppvís að því, að hafa gjört skaða með lækningatilraunum sínum, þó að ekki sjeu svo mikil brögð að því, að hann hafi orðið brotlegur gegn hinum almennu hegningarlögum, og því leggur nefndin það til, að hegning sú fyrir lækningatilraunir ólöggiltra manna, sem ákveðin er í frumvarpinu, sje bundin því skilyrði, að skaði hafi hlotizt af lækningatilraununum.

Samkvæmt því, sem þannig er sagt, leyfir nefndin sjer að ráða hinni hátt-

virtu efri deild alþingis til að samþykkja umrætt frumvarp stjórnarinnar með þeim breytingum, er hjer segir:

1. Fyrir þessi orð í upphafi frumvarpsins: «Í stað . . . eptirleiðis beita» komi: «Hver sá, sem hefur um hönd lækningar, án þess að vera löggiltur til læknisstarfa, og verður uppvís að því, að hafa gjört skaða með lækningatilraunum sínum, skal, ef brot hans er ekki að öðru leyti svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því að lögum, sæta».
2. Aptan við frumvarpið bætist: «Hegningarákvarðanir 5. greinar í tilskipun um skottulækningar 5. september 1794 eru úr lögum numdar,»
3. Orðin «hegningarákvörðununum í» í fyrirsögn frumvarpsins falli burt.

Alþingi 7. júlí 1883.

Jón Pjetursson, formaður og framsögumaður. Magnús Stephensen, skrifari.

St. Eiríksson.

36.

Breytingartillaga

(frá 1. þingmanni Rangvellinga, 2. þingmanni Rangvellinga og 2. þingm. Eyfirðinga). Við frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Við 1. gr. 1. tölulið. Í staðinn fyrir «7370» komi: 6000.

Við sömu gr. 2. tölulið. Í staðinn fyrir «2027» komi: 1900.

37.

Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um breytingu á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

(Frá þingmönnum Rangæinga).

Ný grein. Teigs- og Eyvindarmúlasóknir (Innhlíðarþing), er sameinaðar eru við Breiðabólsstaðarprestakall, skulu eins og áður hefur verið, vera prestakall út af fyrir sig. Prestakalli þessu leggjast 200 kr. úr landssjóði.

Ný grein. Breiðabólsstaðarprestakall sje Breiðabólsstaður og Stórólfshvolssóknir. Af brauðinu greiðast 300 kr. í landssjóð.

Ný grein. Oddaprestakall sje Odda og Keldnasóknir. Af brauðinu greiðast 100 kr. í landssjóði.

Ný grein. Stóruvallaprestakalli leggjast í viðbót 300 kr. úr landssjóð.

38.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um aðflutningsgjald af skipum.

1. Í staðinn fyrir frumvarpsgreinina komi: «Aðflutningsgjald það skal úr lögum numið, er hingað til hefur hvílt á útlendum skipum, sem keypt eru af dönskum þegnum, sem heimilisfastir eru á Íslandi».
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Lagafrumvarp

um afnám aðflutningsgjalds af útlendum skipum.

Tryggvi Gunnarsson. E. Kuld. Grímur Thomsen.

39.

Frumvarp

til þurfamannalaga.

(flutningsmaður 2. þingm. Norður-Múlasýslu og 1. þingm. Suður-Múlasýslu.)

1. gr. Þurfamaður er hver sá maður, er eigi getur af eigin efnum eða kröptum sjeð lífi sínu borgið, svo hann hafi bæði nægilegt fæði og föt, sem og venjulega uppfræðslu.

2. gr. Þurfamenn eiga rjett á, að njóta þeirrar aðstoðar og á þann hátt, sem segir í lögum þessum.

3. gr. Skylt er foreldri hverju, nema það þiggi sjálft af sveit, að ala önn fyrir andlegum og líkamlegum þörfum barns síns, hvort sem barnið er fætt í hjónabandi eða eigi. Að öðrum ástæðum jöfnum skal faðir leggja hálfu meira en móðir barni þeirra til framfæris. Banni eigi sjerstakar ástæður, á móðir þann rjett, að halda barni sínu hjá sjer, til þess það er fullra 7 vetra.

4. gr. Skylt er barni að sjá fyrir foreldrum sínum, og hvílir framfærsluskyldan jafnt á dóttur sem syni sje barnið ekta borið, en sje það óskilgetið, eins fyrir móðurinni, nema faðirinn hafi arfleitt það.

5. gr. Eptir sömu reglum og taldar eru í 3. og 4. gr. hvílir framfærsluskylda á afa og ömmu gagnvart barnabörnum og á barnabörnum aptur gagnvart afa og ömmu.

6. gr. Nú er maður þess eigi umkominn að sjá fyrir öllum þurfandi ættingjum sínum, þeim, er áður eru nefndir, og ræður þá skyldleiki þannig, fyrst barn, þá barnabarn, þá foreldri, þá afi og amma.

7. gr. Nú getur þurfamaður eigi fengið framfæri samkvæmt 3.—6., gr. og skal hann þá til fulls 16 ára aldurs eiga hreppshelgi og framfærslurjett í þeim hrepp eða hreppum, sem foreldrar hans eiga hreppshelgi þá er hann fæddist, nema þau, annað eða bæði, ávinni sje framfærslurjett í annari sveit, og skal hver hreppur jafn mikið til leggja honum til framfæris; en heimili skal hann eiga í hreppshelgishrepp móður sinnar, nema sjerstakar ástæður hamli, eða öðru vísi um semji.

8. gr. Fullra 16 ára hverfur þurfalingur til framfærslu í þann hrepp, sem hann er fæddur í, hafi móðir hans átt þar lögheimili, þá er hún ól hann. En hafi hún ekkert lögheimili átt á þeim tíma, heldur hann áfram að eiga framfærslurjett í þeim hrepp eða hreppum, sem lögskyldir voru að framfæra hann til 16 ára aldurs, uns hann hefur unnið sjer atvinnuhrepp á þann hátt, er síðar segir.

9. gr. Sjerhver maður getur, frá því hann er fullra 16 ára, unnið sjer hreppshelgi og framfærslurjett sem þurfamaður, með því að eiga lögheimili í einhverjum hrepp eða bæjarfjelagi í samfleytt 10 ár, og framfærast þar í löglegri stöðu af eigin efnum eða atvinnu, án þess að hafa verið skylduómagi afkvæma sinna og án nokkurs láns eða styrks af sveitarsjóði eða bæjarsjóði, og án þess að hafa verið gustukamaður annara.

Nú hefur maður frá 16 ára aldri unnið sjer hreppshelgi í fleirum hreppum en einum, og er hann þá hrepplægur þar, sem hann dvaldi lengst; en hafi hann dvalið jafn lengi í tveim hreppum eða fleirum, þá þar, sem hann var síðast.

Þiggi giptur maður sveitarstyrk, hefur það jafn áhrif á hreppshelgi konu hans, en hvorki hefur það áhrif á hreppshelgi barna þeirra nje annars heima fólks.

10. gr. Nú verður einhver þurfamaður, og skal þá hreppsnefndin eða bæjarstjórnin í þeim hreppi, þar sem hann á heimili eða hann er staddur, veita honum styrk af

fátækrasjóði, eptir að hún með nákvæmri rannsókn hefur komizt að raun um, að þörf sje á styrknum, og að þurfamanninum verði eigi á annan hátt bjargað sveitarstyrkslaust. Styrkurinn skal endurgjaldast af fátækrasjóði hrepps þess, eða bæjarfjelags, þar sem þurfamaðurinn á framfærslurjett að lögum, en hann á aptur aðgang að frændum þurfamanns eptir 3.—6. gr.

11. gr. Engan þurfamann má fátækraflutningi flytja, fyr en hreppshelgi hans er löglega viðurkennd eða ákveðin. Þegar flytja skal, gefur sýslumaður eða bæjarstjórn þurfalingnum vegaseðil, og skal hann fluttur samkvæmt honum skemmstu leið, og sem kostnaðarminnst á sveit sína.

12. gr. Um kostnað þann, sem leiðir af flutningi þurfamanna, skal fara eins og fyrir er mælt í tilskip. 17. apr. 1868, þó með þeirri breyting, að sýslunefndir skulu rannsaka og úrskurða hjer eptir alla slíka reikninga.

13. gr. Skyldur er hver þurfamaður að hlýða ráðstöfun hreppsnefndar. Ohlýðnist hann, er það skylda hreppstjórans að skerast í málið, og geti hann eigi fengið þurfamanninn með góðu að ganga til hlýðni, kærir hann málið fyrir sýslumanni, er heldur honum til hlýðni að við lögðum sektum eptir málavöxtum.

14. gr. Taka má lögtaki fje það, sem öðrum er úrskurðað samkvæmt lögum þessum, sje það eigi greitt góðfúslega á ákveðnum gjalddaga. Neyða má einnig þann, er þrjóskast, með lagasektum til að fullnægja þeim úrskurðum, sem felldir verða samkvæmt lögum þessum.

15. gr. Til að hafa sem órækasta vissu um hreppshelgi hvers eins, skal hreppstjórinn í hverjum hreppi og bæjarstjórnin í hverju bæjarfjelagi halda sjerstaka bók löggilta. Í bók þessa skal rita eptir fyrirmynd, sem landshöfðingi gefur, nöfn allra, sem eru hinn 1. jan. ár hvert í hverjum hreppi eða bæjarfjelagi frá 16 ára aldri. Skal aldur, atvinna, hjúskapur og borgaraleg staða vera til greind. Rita skal og nöfn allra, sem fæðast og giptast í hreppnum eða bæjarfjelaginu, og sömuleiðis allra þeirra, er koma í hreppinn eða bæjarfjelagið og víkja þaðan ár hvert. Þessa skýrslu skal hreppstjóri eða bæjarstjórn bera árlega saman við prestsþjónustubók hlutaðeigandi sóknarprests eða sóknarpresta, fyrir 1. febr. ár hvert og síðan sameiginlega staðfesta hana með undirskriptum sínum.

16. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar næst eptir að þau eru komin út, og ráða eptir það hreppshelgi og framfærsluskyldu.

17. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin öll þau lög og lagaákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi.

40.

Frumvarp

til **laga um bæjarstjórn á Akureyri.**

(Eins og það var samþykkt við aðra umræðu í efri deild alþingis.

1. gr. Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; er hann oddviti stjórnarinnar og hefur atkvæðisrjett á fundum.

2. gr. Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gjörir, og bæjarmálefna yfir höfuð, er á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur að framkvæma sjerstök bæjarstörf eptir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sjer saman um.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur.

3. gr. Fulltrúar kaupstaðarins skulu vera 6, þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gjörist, eptir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

4. gr. Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum eitt ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er eigi lagt af sveit, eða hafi þeir fengið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp; en greitt skulu þeir hafa að minnsta kosti 4 kr. í bein bæjargjöld síðasta árið. — Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í lögum 12. mai 1882 um kosningarrjett kvenna, og í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, sem kosningarrjett hefur.

5. gr. Bæjarfulltrúar skulu kosnir til þriggja ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fara 2 frá að ári liðnu og síðan 2 ár hvert. Skal það, hverjir frá fara fyrstu tvö árin, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 3 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 3 ár, er frá fór.

6. gr. Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosning undirbúa, að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, og tveir fultrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sje of eða van talinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina.

7. gr. Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing almennt eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarrjettar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa yfir því, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á ólokuðum seðli, hvern þeir vilji kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal.

Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórninnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

8. gr. Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann, vegna heilsubrests anna, eða annars því um líks, hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem gegnt hefur fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma, og hann hafði áður verið fulltrúi.

9. gr. Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin' eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan viku eptir að kosning hefur farið fram, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður um það leitað álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja, skal kæran send amtmanni innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var uppkveðinn.

Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

10. gr. Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, sem svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja á þann hátt, sem sagt er fyrir um í næstu grein hjer á undan.

11. gr. Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sje jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyrandi hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

12. gr. Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða að hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita álit sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.

13. gr. Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

14. gr. Bæjarstjórnin kýs þá 4 menn, er samkvæmt opnu brjefi 6. jan. 1857 eiga sæti í byggingarnefnd Akureyrar með bæjarfógeta. Skulu 2 þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

15. gr. Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd, skal annar þeirra ávallt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr. Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun. Skal

hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild.

17. gr. Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eptir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

18. gr. Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags októberm. ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Síðan skal til eiginlegra bæjarþarfa jafna 20 aurum á hvern ferhyrningsfaðm í húsagrunnum, og $^1/_3$ eyris á hvern ferhyrningsfaðm í óbyggðri útmældri lóð í kaupstaðnum. Því sem ávantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili, við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis um hálfan mánuð.

Án samþykkis landshöfðingja má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi við bættum.

19. gr. Niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en fjóra manuði kemur ekki til greina.

Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði án þess að tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

20. gr. Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til þessarar niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti til skiptis 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosning í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosning í bæjarstjórnina, getur skorazt undan að taka móti kosning í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni, er og undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og í bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (11. gr.)

21. gr. Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermánuði samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja

A

öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok annaðhvort á bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir eru að greiða skatt samkvæmt 18. grein. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi til greina teknar.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefur verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10 % annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

22. gr. Ef ágreiningur verður milli Akureyrar og annars íslenzks sveitarfjelags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli Akureyrar og sveitarfjelags í Danmörku, skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

23. gr. Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum innan nýárs, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, er fer í hönd. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlímánaðar.

24. gr. Bæjarstjórnin og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje, og eptir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum kaupstaðarins.

25. gr. Gjaldkeri skal, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað

úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirskrifaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

26. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt.

27. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

28. gr. Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

29. gr. Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda bæjarfógetanum fyrir lok jánúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 21. grein um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 4. gr. hafa kosningarrjett; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 3 ár. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (2. gr.). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

30. gr. Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi við haft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

31. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlazt fullt gildi 1. dag janúarmán. 1885, og skal frá þeim degi tilskipun um stjórn bæjarmálefna á Akureyri 29. ágúst 1862 vera úr lögum numin. Hann setur og ákvarðanir þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að breyting reikningsársins geti verið komin í kring þann dag.

41.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um bæjarstjórn á Akureyri.

(Frá 3. konungkjörna þingmannni, 2. þingmanni Eyfirðinga og þingmanni Norður-þingeyinga).

Við 9. gr. Orðið: «amtmanni» falli burt.

Við 10. gr. Síðustu orðin: «á þann hátt, sem sagt er fyrir um í næstu grein hjer á undan» falli burt.

42.

Frumvarp

til laga um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

(Flutningsmaður 1. þingmaður Ísfirðinga).

1. gr. Umdæmi Ísafjarðarkaupstaðar nær yfir hina gömlu kaupstaðarlóð, og jörðina með hjáleigunni Stekkjanesi (= Stakkanesi).

2. gr. Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; er hann oddviti stjórnarinnar og hefur atkvæðisrjett á fundum.

3. gr. Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gjörir, og bæjarmálefna yfir höfuð, er á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur að framkvæma sjerstök bæjarstörf eptir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sjer saman um.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur.

4. gr. Fulltrúar kaupstaðarins skulu vera 6, þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gjörist, eptir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

5. gr. Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum eitt ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er eigi lagt af sveit, eða hafi þeir fengið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið getinn hann upp; en greitt skulu þeir hafa að minnsta kosti 4 kr. í bein bæjargjöld síðasta árið. — Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í lögum 12. mai 1882 um kosningarrjett kvenna, og í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, sem kosningarrjett hefur.

6. gr. Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 6 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fer helmingur frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara eptir fyrstu 3 árin, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 6 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 6 ár, er frá fór.

7. gr. Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosning undirbúa, að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, og tveir fultrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sje of eða van talinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi,

svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina.

8. gr. Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing almennt eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarrjettar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa yfir því, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á ólokuðum seðli, hvern þeir vilji kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal.

Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórninnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

9. gr. Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann, vegna heilsubrests, hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem gegnt hefur fulltrúastörfum í 6 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma, og hann hafði áður verið fulltrúi.

10. gr. Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan viku eptir að kosning hefur farið fram, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður um það leitað álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja, skal kæran send amtmanni innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var uppkveðinn.

Þegar almennar kosningar (þriðja hvert ár) hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

11. gr. Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, sem svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja á þann hátt, sem sagt er fyrir um í næstu grein hjer á undan.

12. gr. Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sje jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyrandi hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

13. gr. Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum eða að hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita álit sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.

14. gr. Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

15. gr. Bæjarstjórnin kýs þá 4 menn, er samkvæmt reglugjörð 26. jan. 1866 eiga sæti í byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar með bæjarfógeta. Skulu 2 þeirra manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr. Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd, skal annar þeirra ávallt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

17. gr. Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun. Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild.

18. gr. Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin, þá er henni þykir nauðsyn til bera, eptir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

19. gr. Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags októberm. ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Síðan skal til bæjarþarfa jafna frá 1 til 2 aura á hverja ferhyrningsalin í húsagrunnum og $^1/_2$ til 1 eyris á hverja ferhyrningsalin í óbyggðri útmældri lóð í kaupstaðnum, því sem á vantar til að standa straum af bæjarþörfum skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili, við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjaldanna og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis um hálfan mánuð.

Án samþykkis landshöfðingja má eigi nokkurt ár leggja hærra samtals aukaútsvar á bæjarbúa en sem svari meðaltali alls aukaútsvars þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi við bættum.

20. gr. Niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en fjóra mánuði kemur ekki til greina.

Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó

eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði án þess að tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

21. gr. Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til þessarar niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti til skiptis 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosning í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosning í bæjarstjórnina, getur skorazt undan að taka móti kosning í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni, er og undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og í bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (12. gr.)

22. gr. Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermánuði samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok annaðhvort á bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir eru að greiða skatt samkvæmt 19. grein. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi til greina teknar.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefur verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10 % annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

23. gr. Ef ágreiningur verður milli Ísafjarðar og annars íslenzks sveitarfjelags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr

því. Verði þessi ágreiningur milli Ísafjarðar og sveitarfjelags í Danmörku, skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

24. gr. Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. april og 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum innan nýárs, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, er fer í hönd. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlímánaðar.

25. gr. Bæjarstjórnin og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje, og eptir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum kaupstaðarins.

26. gr. Gjaldkeri skal, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirskrifaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

27. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt.

28. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr. Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

30. gr. Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda bæjarfógetanum fyrir lok jánúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 22. grein um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 4. gr. hafa kosningarrjett; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 3 ár. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (3. gr.). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi

viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr. Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi við haft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstöfun til að lög þessi geti öðlast fullt gildi 1. dag jánúar 1885, og skal frá þeim degi reglugjörð um stjórn bæjarmálefna fyrir Ísafjarðarkaupstað dagsett 26. jánúar 1866, og lög um skatt á útmældum lóðum frá 11. febrúar 1876 vera úr lögum numin. Landshöfðingi setur og ákvarðanir þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að breyting reikningsársins geti verið komin í kring þann dag.

43.

Frumvarp

til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.
(frá B. Sveinssyni, 2. þingmanni Norður-Múlasýslu).

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi, og dómsvaldið hjá dómendunum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni Íslands eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur á Íslandi.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland ekki hefur fulltrúa á ríkisþinginu, leggur landið ekkert til hinna almennu þarfa ríkisins.

3. gr. Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands, með þeim takmörkunum sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landshöfðingja, sem hafi aðsetur sitt á Íslandi, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skulu gjörð tvö samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geymast í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus, hann er og heilagur og friðhelgur. Landshöfðinginn hefur ábyrgð á því að stjórnarskránni sje fylgt. Alþingi kemur ábyrgð fram á

hendur landshöfðingja eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum.

Undirskript konungs undir ákvarðanir, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim fullt gildi, þá er landshöfðinginn hefur ritað undir með honum, og er þá ákvörðunin á ábyrgð landshöfðingja.

6. gr. Meðan landshöfðinginn flytur málin fyrir konungi skal honum heimilt að skipa mann í sinn stað, sem í umboði og á ábyrgð hans annast um stjórnarstörfin á Íslandi. Þó má landshöfðingi eigi vera lengur utan, en nauðsyn krefur.

7. gr. Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lagaboði. Engan má skipa embættismann á Íslandi, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í hinum gildandi ákvörðunum um kunnáttu í máli landsins. Sjerhver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti sem hann hefur veitt það. Eptirlaun embættismanna skal ákveða samkvæmt eptirlaunalögunum.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo að þeir missi einkis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættisskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða.

Með lagaboði má undanskilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 46. gr.

8. gr. Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis má þingið eigi eiga setu lengur en 10 vikur. Breyta má þessu með lögum.

9. gr. Konungur getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

10. gr. Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því það var leyst upp, og skal stefna alþingi saman næsta ár eptir að það var leyst upp.

11. gr. Konungur getur látið leggja fyrir alþingi uppástungur til laga og ályktana.

12. gr. Samþykkis konungs þarf til þess, að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi. Konungur annast um að lögin verði birt, og að þeim verði fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, á undan næsta reglulegu þingi, er það fallið niður.

13. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabyrgðarlög milli alþinga; þó mega slík lög ekki koma í bága við stjórnarskrána, og skal ávallt leggja þau fyrir næsta alþingi á eptir.

14. gr. Konungur náðar menn, og veitir almenna uppgjöf á sökum.

15. gr. Konungur veitir sumpart beinlínis, sumpart með því, að fela það hlutaðeigandi stjórnarvöldum á hendur, leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til á Íslandi.

II.

16. gr. Á alþingi eiga sæti 32 þjóðkjörnir alþingismenn, og 4 alþingismenn, sem konungur kveður til þingsetu. Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna má breyta með lögum. Bæði kosningar hinna þjóðkjörnu alþingismanna og umboð þeirra, sem kvaddir eru til þingsetu af konungi, gilda venjulega fyrir 4 ára tímabil, og umboð þeirra, sem konungur kveður til, eins fyrir það, þótt þingið kynni að verða leyst upp. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru eða kvaddir til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal samt að eins kjósa eða kveðja til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

17. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. I efri deildinni sitja 12 þingmenn, í neðri deildinni 24. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

18. gr. Hinir konungkjörnu þingmenn eiga allir sæti í efri þingdeildinni. Hina þingmennina í efri deildinni kýs alþingi í heild sinni með óbundnum kosningum úr flokki hinna þjóðkjörnu alþingismanna fyrir allan kjörtímann, í fyrsta sinn, er það kemur saman, eptir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði, meðan á kjörtímanum stendur, nokkurt sæti laust í efri deildinni, sem þjóðkjörnir alþingismenn sitja í, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar nýr alþingismaður er kosinn, saman til þess að setja mann í hið auða sæti meðal þjóðkjörnu þingmannanna fyrir kjörtíma þann sem eptir er.

19. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a, allir bændur sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta;

b, kaupstaðarborgarar og þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar;

c, embættismenn, hvort sem þeir hafa konunglegt veitingarbrjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þessa;

d, Þeir sem hafa tekið lærdómspróf við háskólann, eða sams konar próf í Reykjavík, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, sje heimilisfastur í kjördæminu, sje fjár síns ráðandi, og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða að honum hafi verið gefinn hann upp.

20. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis, eða að öðru leyti er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti í síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi, og
3. sje orðinn fullra 30 ára að aldri þegar kosningin fer fram.

Þó má kjósa þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

III.

21. gr. Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki til tekið annan samkomudag sama ár. Þó má breyta þessu með lögum.

22. gr. Samkomustaður alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur ákveðið, að alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

23. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

24. gr. Hvor alþingisdeildin um sig á rjett á að bera upp lagaboð og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi ávörp.

25. gr. Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett nefndir af þingmönnum til þess að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

26. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka, nema með lagaboði; ekki má heldur taka lán er skuldbindi Ísland, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af jarðeignum landsins, nema slíkt sje með lagaboði ákveðið.

27. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

28. gr. Fyrir hvert reglulegt alþingi, jafnskjótt sem það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer.

Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið frá Danmörku, sem er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungs úrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, skal þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, bæði í frumvarpinu til fjárlaganna, og í þeim sjálfum, tilfæra með þeim upphæðum, sem einu sinni eru ákveðnar, nema krafizt sje sjerstaklega viðbótar fyrir hið einstaka fjárhagstímabil, eða hún veitt.

Frumvarpið til fjárlaganna, og eins frumvörp til fjáraukalaga, skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

29. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og að ekkert hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum ársreikningum fyrir hvert tveggja ára fjárhagstímabil í einn reikning, og leggja hann fyrir alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði.

30. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeildinni um sig.

31. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal leggja það fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til fyrri þingdeildarinnar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið að nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þurfa tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deildinni um sig að vera á fundi, og eiga þátt í atkvæðagreiðslunni, til þess að fullnaðarályktun verði gjörð á máli; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þurfa aptur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu.

32. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

33. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, jafnskjótt sem viðurkennt hefur verið, að kosning hans sje gild.

34. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir landssjóðinn, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann þátt, sem stjórninni þykir nægja.

35. gr. Meðan alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema sú þingdeild leyfi, sem hlut á að máli.

36. gr. Ef einhver sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, er löglega er kosinn, missir hann rjett þann, sem kosningunni fylgir.

37. gr. Landshöfðingjanum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og á hann rjett á að taka þátt í umræðunum svo opt, sem hann vill, en gæta verður hann þingskapa.

Atkvæðisrjett hefur landshöfðinginn því að eins, að hann sje jafnframt alþingismaður.

38. gr. Hvor þingdeildin um sig, og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

39. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

40. gr. Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, sjerhvert alþjóðlegt málefni, ef hún leyfir það, og beiðast þar um skýrslu.

41. gr. Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

42. gr. Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landshöfðingja.

43. gr. Fundi beggja þingdeildanna og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur hlutaðeigandi forseti, eða svo margir þingmenn, sem tiltekið er í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þing það er hlut á að máli skera úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði, eða á leynilegum fundi.

IV.

44. gr. Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lagaboði.

45. gr. Dómendur eiga rjett á að skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboðinu í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

46. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

47. gr. Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal landsstjórnin að því leyti styðja hana og vernda.

Sambandið milli þjóðkirkjunnar og hins veraldlega valds má að öðru leyti ákveða með lögum.

48. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins, þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu.

49. gr. Enginn má neins í missa af þegnlegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.

VI.

50. gr. Sjerhvern þann, sem tekinn er fastur, skal leiða fyrir dómara svo fljótt sem auðið er. Megi þá eigi jafnskjótt láta hann lausan aptur, ber dómaranum svo fljótt sem verður, og í seinasta lagi áður en 3 dagar sjeu liðnir frá því, að sá, sem tekinn er fastur, var leiddur fyrir dómara, að leggja á úrskurð, er byggður sje á tilgreindum ástæðum, hvort hann skuli í varðhald setja; og megi láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði þeim, sem dómarinn kveður upp, má sá, sem hlut á að máli, þegar skjóta sjer í lagi til æðra dóms.

Engan mann má setja í gæzluvarðhald fyrir yfirsjón er að eins varðar fjesekt eða einfalt fangelsi.

51. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit, nje kyrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eptir dómsúrskurði, ef lögin ekki gjöra sjerlega undantekning.

52. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almennings þörf krefji; þarf til þess lagaboð, og komi fullt verð fyrir.

53. gr. Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almennings heillum, skal aftaka með lagaboði.

54. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skylduómagi annars manns, skal eiga rjett á, að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann vera háður skyldum þeim, er lögin áskilja.

55. gr. Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda hins opinbera, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

56. gr. Hver maður á rjett á að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti, þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei innleiða.

57. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelög um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess það verði leyst upp.

58. gr. Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

59. gr. Sjerhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lagaboði.

60. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipa með lagaboði.

61. gr. Skattgjaldamálum skal koma fyrir með lagaboði.

62. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við aðal, nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

63. gr. Tillögur, hvort sem þær eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái tillagan um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal leysa alþingi upp þá þegar, og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefur hún gildi sem stjórnarlög.

64. gr. Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi 1. júlí 18..

Ákvarðanir um stundarsakir:

1.

Þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skal skipta tölu alþingismanna þannig niður, að þær sýslur, er nú skal greina: 1. Gullbringu- og Kjósar-, 2. Árnes-, 3. Rangárvalla-, 4. Skaptafells-, 5. Ísafjarðar-, 6. Húnavatns-, 7. Skagafjarðar-, 8. Eyjafjarðar-, 9. Þingeyjar-, 10. Norður-Múla- og 11 Suður-Múlasýslur kjósa 2 alþingismenn hver, en hinar aðrar sýslur á Íslandi, Reykjavíkur-, Akureyrar- og Ísafjarðar-kaupstaðir kjósa 1 alþingismann hver.

2.

Þangað til föstu fyrirkomulagi verður komið á umboðsstjórnina með lögum, ráðstafar konungur henni til bráðabyrgðar, en frumvarp til laga um skipun hennar skal leggja fyrir hið næsta alþingi þá er stjórnarskipunarlögin hafa öðlast gildi.

3.

Þangað til nýju skipulagi verður komið á dómstólana með lögum, er hæstirjettur í Danmörku æðsti dómstóll landsins, samkvæmt reglum þeim, sem hingað til hefur verið fylgt.

44.

Lagafrumvarp

um afnám aðflutningsgjalds af útlendum skipum.

(eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild)

Aðflutningsgjald það skal úr lögum numið, er hingað til hefur hvílt á útlendum skipum, sem keypt eru af dönskum þegnum, er heimilisfastir eru á Íslandi.

45.

Frumvarp

til laga, er breyta tilskipun 5. september 1794, 5. gr.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild alþingis).

Hver sá, sem hefur um hönd lækningar, án þess að vera löggiltur til læknisstarfa, og verður uppvís að því, að hafa gjört skaða með lækningatilraunum sínum, skal, ef brot hans er ekki að öðru leyti svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því að lögum, sæta sektum allt að 100 kr. eða einföldu fangelsi allt að 4 mánuðum, og þá brot er ítrekað, skal annaðhvort þessum hegningum beitt, eður fangelsi við vatn og brauð, ef mjög miklar sakir eru.

Hegningarákvarðanir 5. gr. í tilskipun um skottulækningar 5. september 1794 eru úr lögum numdar.

46.

Frumvarp

til laga um breytingu á 40. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

(Flutningsmaður 2. þingmaður Kjósar- og Gullbringusýslu).

Að því er snertir Kjósar- og Gullbringusýslu, skal jafna gjaldi til sýslusjóðs niður á hreppa sýslunnar þannig, að helmingur gjaldsins sje lagður á eptir samanlagðri tölu allra lausafjárhundraða og allra jarðarhundraða i sýslunni eptir hinni nýju jarðabók, en hinn helmingur gjaldsins sje lagður á eptir tölu allra verkfærra manna í sýslunni eptir rjettri tiltölu í hreppi hverjum.

47.

Frumvarp

til laga um að heimta eigi inn skatt af ábúð og afnotum jarða á fjárhagstímabilinu 1884—1885.

(Frá 1. og 2. þingmanni Kjósar- og Gullbringusýslu).

Skatt þann af ábúð og afnotum jarða, sem ber að greiða eptir 2. gr. laga 14. dag desembermánaðar 1877, skal eigi innheimta á fjárhagstímabilinu 1884—1885.

48.

Viðaukauppástunga

við frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

(Frá 1. þingmanni Rangárvallasýslu, 2. þingmanni Eyfirðinga og þingmanni Austur-skaptfellinga).

Við 1. gr. (nýr töluliður) komi:

«Brekku í Inngarði í Rosmhvalaneshreppi . . . . — 1,300» —

49.

Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um eptirlaun prestekkna.
(Frá þingmanni Norðurþingeyinga, 2. þingm. Eyfirðinga og 1. þingm. Rangárvallasýslu).

1. Á eptir 4. gr. komi sem 5. grein:
Prestaekkjur þær, sem engin eptirlaun hafa, er lög þessi öðlast gildi, sökum þess að maður þeirra var prestur í fátæku brauði, fái 100 kr. úr landssjóði að eptirlaunum ár hvert.
(Við það breytist greinatalan á eptir í frumvarpinu).
2. Aptan við 6. gr. frumvarpsins bætist:
ef hún ekki hefur öðlazt rjett til eptirlauna með hinni seinni giptingu.
3. 9. grein frumvarpsins falli burt.

50.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um bæjarstjórn á Ísafirði.
(Frá Th. Thorsteinson).

Við 1. gr. milli orðanna «jörðin» og «með» komi: Eyri.

51.

Breytingartillögur

við frv. til l. um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland.
Við 1. gr: á eptir orðunum: «dönskum þegnum eins og hingað til» komi: «enda sje þeir búsettir á Íslandi og eigi þar varnarþing».
Í stað orðanna: «þótt eigi . . . . í Danmörku» komi: «ef stjórn fjelagsins hefur aðsetur og varnarþing á Íslandi og er skipuð Íslendingum hjer búsettum eða þeim einum mönnum, er hjerlendis hafa verið heimilisfastir í 5 ár undanfarin að minsta kosti».
Við *fyrirsögn frumvarpsins:* orðin «við Ísland» falli burt.
Jón Ólafsson. Th. Thorsteinson. Jakob Guðmundsson.

52.

Tillaga

til þingsályktunar viðvíkjandi fjárveitingu til fjögra aukalækna í Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, Borgarfjarðarsýslu og Norðurmúlasýslu.

Neðri deild alþingis ályktar, að veita allt að 4000 kr. til aukalækna, það er að skilja lækna, sem gengið hafa undir embættispróf, í Dalasýslu með aðsetri í Hvammssveit eða Laxárdalshreppi, í Barðastrandarsýslu með aðsetri í Flatey, í Borgarfjarðarsýslu með aðsetri á Akranesi, og í Norðurmúlasýslu með aðsetri á Seyðisfirði.
Jakob Guðmundsson. E. Kúld. Grímur Thomsen. Tryggvi Gunnarsson.

53.

Tillaga til þingsályktunar.

(Frá þingmanni Norðurþingeyinga).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina, að taka til greina fyrirmæli 3. greinar í lögum

27. febrúar 1880 um skipun prestakalla, á þann hátt, að hvar þess, sem jarðir eður aðrar arðberandi eignir fylgja brauðum, er gjald skal greiða af til annara brauða, verði þær útlagðar í gjaldið.

54.

Frumvarp

til laga um nýjan þingsstað í Grafningshrepp í Árnessýslu.
(Frá 1. þingmanni Árnesinga).

Á Úlfljótsvatni í Grafningshrepp skal vera sjerstakur þingstaður fyrir þann hrepp, með sjerstakri rjettar-þinghá.

55.

Frumvarp

til laga um, að eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsa greiðist eigi af jafnaðarsjóðum amtanna nje af bæjarsjóði Reykjavíkur.
(Frá 1. þingmanni Eyfirðinga).

Það, sem ólokið verður 31. desembr. 1883 af kostnaði þeim, er samkvæmt 5. grein tilskipunar 4. marz 1871 um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., hefur gengið til bygginga fangelsa, skal eigi framar teljast jafnaðarsjóðum amtanna nje heldur bæjarsjóði Reykjavíkur til skulda nje greiðast úr þeim.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Eptir að kostnaðurinn til viðhalds fangelsa, er með lögum 2. nóv. 1877 um breytingu á gjöldum þeim, er hvíla á jafnaðarsjóðum amtanna, lagður á landssjóð, og fangahúsakostnaðurinn þannig gjörður að sameiginlegum kostnaði alls landsins, þá er það í sjálfu sjer óeðlilegt, að jafnaðarsjóðir hinna einstöku amta beri lengur þá byrði, sem leiðir af byggingu húsa þessara. Gjald þetta kemur í annan stað mjög ójafnt niður á ömtin og verður sjerstaklega afarþungt fyrir vesturamtið. Í þriðja lagi er efnahagur viðlagasjóðsins mjög góður, þar sem tekjur landsins ár eptir ár eru talsvert meiri en gjöldin, og engin þörf sýnist því á, að landsmenn gjaldi enn í mörg ár aukaskatt af lausafjárstofni sínum til að endurgjalda viðlagasjóði byggingarkostnað þenna. Fyrir hið bága árferði, sem nú hefur gengið yfir landið, og sem hafa mun sínar afleiðingar um nokkur ár hjer á eptir, virðist því rjettara, að viðlagasjóðurinn sleppi hjeðan af því tilkalli, er hann hefur til jafnaðarsjóðanna fyrir nokkurn hluta byggingarkostnaðar fangahúsanna í landinu.

56.

Frumvarp

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla.
(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild alþingis).

1. gr. Sandfells prestakall í Austur-Skaptafells prófastsdæmi bætist upp með 700 kr. við næstu prestaskipti.

2. gr. Þykkvabæjar og Langholts sóknir, er sameinaðar eru í eitt prestakall, sem sje Þykkvabæjarklausturs prestakall, skulu, eins og áður hefur verið, hvor um sig vera prestakall útaf fyrir sig, nefnilega Þykkvabæjarklaustur, er nær yfir Þykkvabæjar sókn, og

Meðallandsþing, er nær yfir Langholts sókn. Þessu síðar nefnda brauði leggjast 200 kr. úr landssjóði.

3. gr. Teigs og Eyvindarmúla sóknir (Innhlíðarþing), er sameinaðar eru við Breiðabólstaðar prestakall, skulu, eins og áður hefur verið, vera prestakall út af fyrir sig. Prestakalli þessu leggjast 200 kr. úr landssjóði.

4. gr. Breiðabólstaðar prestakall sje Breiðabólstaðar og Stórólfshvols sóknir. Af brauðinu greiðast 300 kr. í landssjóð.

5. gr. Odda prestakall sje Odda og Keldna sóknir. Af brauðinu greiðast 100 kr. í landssjóð.

6. gr. Stóruvalla prestakalli leggjast í viðbót 300 kr. úr landssjóði.

7. gr. Grundar prestakall sje Grundar, Munkaþverár og Kaupangs sóknir. Til Grundar sóknar leggist 11 fremstu bæir úr Akureyrar sókn. Prestsetur í þessu prestakalli skal vera að Hrafnagili.

8. gr. Akureyrar prestakall sje Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir. Í Lögmannshlíð sje þriðjungakirkja. Til þessa prestakalls leggist öll prestskyld af Munkaþverárkirkju og 400 kr. úr landssjóði.

9. gr. Saurbæjar prestakall sje Saurbæjar, Möðruvalla, Hóla og Miklagarðs sóknir. Frá þessu prestakalli greiðast landssjóði 200 kr.

10. gr. Í staðinn fyrir þær 1700 kr., sem eptir lögum 27. febr. 1880, 1. gr. tölul. 134, eiga að greiðast af Grenjaðarstaðar prestakalli, greiðist 1300 kr.

57.

Frumvarp

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja kirkjujörðina Selstaði í Seyðisfirði.

(Frá 2. þingmanni Eyfirðinga).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja kirkjujörð Dvergasteins prestakalls, Selstaði í Seyðisfirði, ábúanda þeim, er á jörðinni býr, fyrir að minnsta kosti 4000 krónur.

2. gr. Andvirði jarðarinnar skal sett á vöxtu á þann hátt, er stjórninni þykir mest tryggjandi, og ganga ársvextir þess til launa handa prestinum í Dvergasteinsprestakalli.

58.

Frumvarp

til laga um heyásetning og eptirlit á meðferð húsdýra.

(Frá 1. þingm. Árnesinga).

1. gr. Hreppstjórar skulu með 1 hreppsnefndarmanni og einum búanda, er hreppsnefnd kýs, á tímabilinu frá 1. okt. til 15. nóv. árlega koma á hvert grasbýli í hreppnum og vandlega skoða heybyrgðir manna, og er hver búandi skyldur, að skýra svo rjett, er hann veit, frá gæðum og vöxtum á fóðurbyrgðum sínum.

2. gr. Síðan skulu ásetningsmenn að vandlega yfirveguðum öllum kringumstæðum meta, hvað mart af húsdýrum hverrar tegundar fyrir sig þeir álíti hyggilegt fyrir hvern búanda að setja á vetur og geti þeir honum álit sitt skriflegt, en hreppstjóri hafi eina skrá yfir allan hreppinn.

3. gr. Enginn má dæma um heyforða hjá sjálfum sjer, meðferð á fjenaði eða annað því um líkt. Þegar um það er að ræða, að gjöra ráðstöfun eptir lögum þessum, komi

oddvitinn í stað hreppstjóra eða hreppstjórinn í stað oddvita eða þá varaoddvitinn.

4. gr. Hreppstjóra ber og aðstoðarmönnum hans að hvetja menn til góðrar meðferðar á húsdýrum. Þeir skulu einnig líta eptir byggingu á fjenaðarhúsum og áminna til umbóta, þar þeim þykir umbóta vant.

5. gr. Ennfremur skulu hinir sömu menn á tímabilinu frá 15. marz til 15. apríl skoða heyforða hjá öllum í hreppnum og vandlega athuga hvern veg húsdýr eru haldin að holdi og hirðingu.

6. gr. Nú horfir til heyskorts hjá einum eður fleiri búendum, skulu þá ásetningsmenn í samráði við fjáreiganda útvega gott og nægilegt fóður á hans kostnað. Ef eigandi ekki þegar getur borgað fóðrið skal það af fjenaði hans standa sem veð fyrir fóðurláninu, er ásetningsmenn álíta nægilegt. Fóðurlánið skal borga í heyi á næstu heyönnum. Það, er í heyi er úti látið, skal, ef lánandi krefst þess, vera tvöfallt að vigt við það, er úr stáli var leyst, og lánandi skyldur að færa á þann stað, er það var úti látið, ef lánandi og lántakandi eigi verða ásáttir, skal viðkomandi hreppsnefnd meta ágreininginn.

7. gr. Vilji einhver samkvæmt næstu grein ekki hlýða ráðum ásetningsmanna eða þá lóga því af fjenaði sínum, er þeim þykir heppilegast að farga, skulu þeir í samráði við hreppsnefndaroddvitann gjöra allar þær ráðstafanir samkvæmt undanfarandi grein, er þeim virðast hyggilegar og mögulegt er að framkvæma, til að mynda útvega hey, kornfóður, haga. Allan kostnað af þessu og þar á meðal daglaun til þeirra er ráðstafa fjenaði hans, borgar fjáreigandi, þó mega daglaun eigi stíga yfir 2 kr. um daginn.

Ef einhver hefur nóg hey, en fellir fjenað úr hor, skal hann sektast 10 til 100 kr.

8. gr. Nú fæst hvergi fóður, en fjenaður er svo magur, að auðsætt þykir, að hann falli, skal því þá lógað, sem hreppsnefnd og hreppstjóra virðist nauðsynlegt, svo hinu sje borgið sem eptir er.

Sje eitthvað svo magurt, að ekki þykir lífvænt, þó fóður sje fyrir hendi, skal því þegar lógað, og hafi fjáreigandi sett meira á, en ásetningsmenn álita honum fært að haustnóttum, skal hann sektast 5 kr. fyrir hvern stórgrip og 1 kr. fyrir hverja fullorðna sauðkind og 50 aurum fyrir hvern gemling af fjenaði þeim, sem þannig er fargað.

9. gr. Veiti einhver búandi ásetningsmönnum mótstöðu í orði eða verki, skal hann sektaður 5 til 10 kr., nema þyngri hegning liggi við eptir öðrum lögum. Allar sektir, sem hjer eru ákveðnar, renna í sveitarsjóð.

Með mál, sem rísa út af lögum þessum, skal fara sem með opinber lögreglumál.

59.

Tillaga

til þingsályktunar.

Neðri deild alþingis ályktar að kjósa nefnd til að semja ávarp til konungs, er meðal annars votti hans hátign og stjórn hans þakklæti landsbúa fyrir þá miklu hjálp, sem bræður vorir í Danmörku hafa veitt Íslendingum, til að afstýra hinni miklu neyð, er leiddi af harðærinu seinast liðið ár. Hin sama nefnd taki og til yfirvegunar, á hvern hátt að þingið sem bezt fái vottað utanríkis heiðursmönnum verðugt þakklæti fyrir þær miklu gjafir, er safnað hefur verið Íslendingum til bjargar.

Arnljótur Ólafsson. E. Kúld. Tryggvi Gunnarsson.

60.

Frumvarp

til laga um bæjarstjórn á Akureyri.

(Eins og það var samþykkt við þriðju umræðu í efri deild alþingis).

1. gr. Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; er hann oddviti stjórnarinnar og hefur atkvæðisrjett á fundum.

2. gr. Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gjörir, og bæjarmálefna yfir höfuð, er á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur að framkvæma sjerstök bæjarstörf eptir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sjer saman um.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur.

3. gr. Fulltrúar kaupstaðarins skulu vera 6, þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gjörist, eptir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

4. gr. Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum eitt ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er eigi lagt af sveit, eða hafi þeir fengið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp; en greitt skulu þeir hafa að minnsta kosti 4 kr. í bein bæjargjöld síðasta árið. — Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í lögum 12. mai 1882 um kosningarrjett kvenna, og í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, sem kosningarrjett hefur.

5. gr. Bæjarfulltrúar skulu kosnir til þriggja ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fara 2 frá að ári liðnu og síðan 2 ár hvert. Skal það, hverjir frá fara fyrstu tvö árin, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 3 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 3 ár, er frá fór.

6. gr. Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosning undirbúa, að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, og tveir fultrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sje of eða van talinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina.

7. gr. Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing almennt eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarrjettar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa yfir því, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á ólokuðum seðli, hvern þeir vilji kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal.

Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórninnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

8. gr. Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann, vegna heilsubrests, anna, eða annars því um líks, hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem gegnt hefur fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma, og hann hafði áður verið fulltrúi.

9. gr. Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan viku eptir að kosning hefur farið fram, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður um það leitað álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja, skal kæran send innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var uppkveðinn.

Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

10. gr. Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, sem svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja á þann hátt, sem sagt er fyrir um í næstu grein hjer á undan.

11. gr. Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sje jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyrandi hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

12. gr. Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða

að hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita álit sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.

13. gr. Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

14. gr. Bæjarstjórnin kýs þá 4 menn, er samkvæmt opnu brjefi 6. jan. 1857 eiga sæti í byggingarnefnd Akureyrar með bæjarfógeta. Skulu 2 þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

15. gr. Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd, skal annar þeirra ávallt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr. Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun. Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild.

17. gr. Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögreglulþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin, eptir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

18. gr. Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags októberm. ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Síðan skal til eiginlegra bæjarþarfa jafna 20 aurum á hvern ferhyrningsfaðm í húsagrunnum, og 1/3 eyris á hvern ferhyrningsfaðm í óbyggðri útmældri lóð í kaupstaðnum. Því sem á vantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili, við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis um hálfan mánuð.

Án samþykkis landshöfðingja má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi við bættum.

19. gr. Niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en fjóra mánuði kemur ekki til greina.

Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði án þess að tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

20. gr. Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til þessarar niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta

skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti til skiptis 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosning í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosning í bæjarstjórnina, getur skorazt undan að taka móti kosning í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni, er og undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og í bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (11. gr.)

21. gr. Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermánuði samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok annaðhvort á bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir eru að greiða skatt samkvæmt 18. grein. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi til greina teknar.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefur verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10 % annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

22. gr. Ef ágreiningur verður milli Akureyrar og annars íslenzks sveitarfjelags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli Akureyrar og sveitarfjelags í Danmörku, skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

23. gr. Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum innan nýárs, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, er fer í hönd. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlímánaðar.

24. gr. Bæjarstjórnin og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje, og eptir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum kaupstaðarins.

25. gr. Gjaldkeri skal, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirskrifaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

26. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt.

27. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

28. gr. Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

29. gr. Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda bæjarfógetanum fyrir lok jánúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 21. grein um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 4. gr. hafa kosningarrjett; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 3 ár. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (2. gr.). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

30. gr. Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi við haft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

31. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlazt fullt gildi 1. dag janúarmán. 1885, og skal frá þeim degi tilskipun um stjórn bæjarmálefna á Akureyri 29. ágúst 1862 vera úr lögum numin. Hann setur og ákvarðanir þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að breyting reikningsins geti verið komin í kring þann dag.

61.

Nefndarálit

í málinu: frumvarp til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland.

Frumvarp þetta, sem hin heiðraða neðri deild hefur falið oss undirskrifuðum á hendur að hugleiða, virðist hafa svo þýðingarmikla rjettarbót í för með sjer, að vjer ráðum hinni heiðruðu deild eindregið til að fallast á það í aðalefninu.

Að vísu höfum vjer gjört við frumvarpið nokkrar breytingar, en þær eru margar fremur orðabreytingar og til skýringar, en efnisbreytingar. Hinar helztu efnisbreytingar skulum vjer þá leyfa oss að taka fram:

Á 1. gr. virtist oss að gjöra þá breytingu, að í staðinn fyrir «minnsta kosti helmingur», komi: «meira en helmingur» og þótti oss þessi breyting nauðsynleg til þess að eigi gæti farið svo, að innlendir menn yrðu bornir ofurliða með atkvæðafjölda af útlendum mönnum í aðalmálum fjelags. «Eða í Danmörku» höfum vjer ráðið til að falli aptan af greininni. Ef stjórn fjelagsins á að geta haft veruleg áhrif á hinar verklegu framkvæmdir þess, er nauðsynlegt að hún hafi þann kunnleika, er þarf, og sje sem næst þeim stöðvum, sem framkvæmdir fjelagsins fara fram á; en þetta er því að eins mögulegt, ef hún hefur aðsetur hjer í landi. Aptan við greinina er bætt nauðsynlegri ákvörðun um veiðiaðferð í landhelgi, eða veiði á opnum bátum, og er hún tekin upp úr tilsk. 13. júní 1787, þó með viðauka þeim, er nauðsynlegur var með tilliti til frumvarps þessa.

Í 2. gr. höfum vjer breytt þeirri ákvörðun, að lögreglustjóri skuli hafa «umsjón með fyrirtækjum fjelagsins» í þá, að voru áliti. rjettari og eðlilegri stefnu, að hafa eptirlit með því að lögum þessum sje fylgt, því ekki virðist lögreglustjóri eiga að öðru leyti að hafa heimild til að hafa umsjón með athöfnum fjelagsins, t. d. innkaupum, útgjöldum m. fl.

Í 3. gr. eru sektirnar færðar upp úr 10—200 kr upp í 100—2000 kr. og virðist sú breyting svo eðlileg, að eigi þurfi að leiða rök að henni.

Vjer ráðum þá deildinni til að aðhyllast frumvarpið með breytingum þeim, er nú skal greina.

1. gr. frumvarpsins orðist þannig:

Fiskiveiðar í landhelgi skulu að eins vera heimilar dönskum þegnum. Þó er hlutafjelögum heimilt að reka fiskiveiðar þessar, ef að meir en helmingur fjelagsfjárins er eign danskra þegna og stjórn fjelagsins hefur aðsetur sitt á Íslandi. Að eins búsettir

menn á Íslandi og innlend hlutafjelög hafa rjett til að fiska á opnum bátum í landhelgi.

2. gr. frumvarpsins orðist þannig.

Áður en fjelagið tekur til starfa, skulu samþykktir þess sýndar lögreglustjóra þar á staðnum, svo og breytingar þær, er eptir á verða gjörðar á þeim, og skal hann gæta þess, að þær sjeu lögum samkvæmar, og yfir höfuð hafa eptirlit með því að lögum þessum sje fylgt. Að öðru leyti er fjelagið, að því er fiskiveiðar snertir, háð hinum almennu lögum um fiskiveiðar í landhelgi, fiskhelgi og nótlögnum.

Á 3. gr. verður sú breyting: í staðinn fyrir »10—200 kr.» komi: 100—2000 kr.

Grímur Thomsen, formaður og framsögumaður. Tryggvi Gunnarsson. Þorkell Bjarnason, skrifari. E. Kúld.

Mjer virðist rjettara, að í stað orðanna í 1. grein: »að minnsta kosti helmingur» væri sett: »tveir þriðju hlutir», og að fast heimili í landinu væri bundið nákvæmari skilyrðum í þá átt, sem ástæðurnar fyrir stjórnarfrumvarpinu benda til, svo sem 1 árs búseta eptir hinum almennu reglum. Að öðru leyti er jeg meðnefndarmönnum mínum samþykkur.

B. Sveinsson.

62.

Uppástúnga

til þingsályktunar.

(frá fjárlaganefndinni).

Neðri deild alþingis ályktar, að óska þess, að ráðgjafi Íslands leitist við að koma því til leiðar hjá hinu danska stjórnarráði, að á næsta ári, eða svo fljótt sem verða má, verði gjörð ráðstöfun til þess, að innsiglingar á hafnir þær, hjer á landi, sem enn eru ómældar, verði mældar, einkum á Húnaflóa inn á Borðeyri.

63.

Frumvarp

til laga um breyting á opnu brjefi 27. maí 1859 um, að ráða útlenda menn á dönsk skip, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis).

Ákvörðunin í opnu brjefi 27. maí 1859 um, að helmingur skipshafnar á dönskum skipum, er gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi, skuli vera menn, er eigi heima í hinu danska konungsveldi, er úr lögum numin.

64.

Frumvarp

til laga um að afnema gjöld af fasteignarsölum til landssjóðs.

(frá fjárlaganefndinni.)

Gjald það, sem greiða ber af andvirði fasteigna til landssjóðs samkvæmt tilskip. 8. febr. 1810, þá er þær ganga að kaupum og sölum. er hjermeð úr lögum numið.

65.

Fyrirspurn til landshöfðingja.

frá þingm. Borgfirðinga.

Hverjar ráðstafanir hefur stjórnin gjört til þess að framkvæma ályktun þingsins (beggja þingdeilda) að heimta 34,302 kr. (lestagjald af póstgufuskipunum) úr ríkissjóði, ef þörf gjörist með lögsókn gegn fjármálastjórn Danmerkur? (sbr. alþtíð. 1881 I, bls. 576).

66.

Frumvarp

til laga um rjettindi og skyldur einstakra manna og kirkjufjelaga, sem eru ekki í þjóðkirkjunni.

(Frá 2. þingm. Suðr-Múlasýslu).

1. Hver sá maður, sem fermdur er og 16 ára að aldri á rjett á að segja sig úr þjóðkirkjunni, ef hann tilkynnir það sóknarprestinum í þeirri kirkjusókn þjóðkirkjunnar, er hann á heimili í.
2. Börn foreldra, er annað eða bæði heyra eigi til þjóðkirkjunni, hafa þeir (foreldrarnir) rjett til að ala upp í þeirri trú, er þeim semur um. Nú hafa foreldrar engan samning gjört um þetta atriði og greinir á um það, þá skal barnið upp fræða í trú þjóðkirkjunnar. Það foreldra, er lengur lifir, er skylt að halda þann samning, er áður var gjör um trúarfræðslu barns, en hitt foreldrið dó; en einrátt er það foreldra, er lengur lifir, um þetta efni, ef enginn samningur var gjör um það. Nú deyja báðir foreldrarnir, þá skal fylgja þeim samningi, er þau höfðu gjört, eða þeirri ráðstöfun, er það foreldra, er lengur lifði, gjörði, ef trúarfjelag það, er í hlut á, vill annast fræðsluna. Sje enginn samningur gjör eða engin ráðstöfun af hendi þess af foreldrunum, er lengur lifði, skal ala barn upp í trú þjóðkirkjunnar.
3. Börn, sem eigi er skylt að fræða upp í trú þjóðkirkjunnar, er heldur eigi skylt að skíra; en tilkynna skal hlutaðeigandi sóknarpresti þjóðkirkjunnar fæðing slíkra barna innan sama tíma, sem lögboðið er um önnur börn; skal skýra honum frá nafni því, er barnið á að hafa, og færir hann það inn í embættisbók sína; skal eptirrit af henni jafnan síðan vera í öllu jafn gilt sem skírnarvottorð.
4. Nú vilja persónur, sem önnur eða báðar eru eigi í þjóðkirkjunni, ganga í hjónaband, þá skulu þau lýsa því fyrir sýslumanni, en hann gætir þess sama, sem prestar þjóðkirkjunnar gæta eiga, um meinbugi, og skal hann svo lýsa þau hjón og gefa þeim vottorð um. Engar þarf lýsingar af stóli á undan slíku hjónabandi, en að öðru leyti skal ráðgjafinn skipa fyrir um með reglugjörð, hversu slíku hjónabandi skal haga.
5. Með konungsúrskurði má veita presti trúarfjelags, sem eigi er í þjóðkirkjunni, rjett til að gefa persónur í hjónaband, og má binda þann rjett þeim skilyrðum, sem ráðgjafinn álítur nauðsynleg.
6. Guðshús og grafreitir trúarfjelaga, sem eigi eru í þjóðkirkjunni, skulu á sjer hafa sömu helgi sem guðshús og grafreitir þjóðkirkjunnar.
7. Eigi skal banna framliðnum manni, er eigi heyrði þjóðkirkjunni til, legstað í grafreit þjóðkirkjunnar, ef náungar hans, er að standa, óska þar legstaðar, en gjalda skal kirkju þeirri legkaup, er í hlut á, og presti líksöngseyri, ef hann jarðsyngur líkið.
8. Nú hefur söfnuður trúarfjelags, sem eigi heyrir þjóðkirkjunni til, guðshús og heldur þar uppi opinberri guðsþjónustu á sinn kostnað, þá skulu þeir, sem í þeim söfnuði eru, vera lausir við gjöld til þjóðkirkjunnar og presta hennar. Einstakir menn, sem eigi eru í þjóðkirkjunni, en heyra eigi til söfnuði annars kirkjufjelags, er þeir hafi guðsþjónustu með á sinn kostnað, gjaldi venjuleg gjöld þjóðkirkju og hlutaðeigandi þjóðkirkjupresti.

67.

Frumvarp

til laga um strandgæzlu.

(Flutningsmenn 2. þingm. Eyfirðinga og þingm. Strandamanna.)

1. gr. Sýslumenn og hreppstjórar hafa á hendi umsjón allrar strandgæzlu, hver í sinni sýslu eður hrepp.

2. gr. Sýslumaður skal með ráði sýslunefndar skipta sjávarströndinni innan sýslu í hæfilega mörg strandgæzlusvæði með ákveðnum takmörkum, þannig, að í hverjum hrepp, er að sjó liggur, sje eitt eður fleiri strandgæzlusvæði, eptir því sem þurfa þykir. Skal sýslumaður og með ráði sýslunefndar skipa strandgæzlumann á hverju strandgæzlusvæði, þar sem þurfa þykir.

3. gr. Hver, sem skipaður er strandgæzlumaður, er skyldur að hafa þann starfa á hendi eigi skemur en 3 ár um sinn, en að þeim tíma liðnum, á hann rjett á að vera laus við starfann næstu 3 ár.

4. gr. Þá er strandgæzlumaður tekur við starfa sínum, skal hann vinna eið fyrir sýslumanni að gæta með trúmennsku skyldu sinnar í þessari þjónustu þjóðfjelagsins.

5. gr. Strandgæzlumaður skal hafa nákvæmar gætur á að lögum og samþykktum um allskonar fiskiveiðar sje vandlega hlýtt á strandgæzlusvæði því, sem hann er yfir skipaður, sömuleiðis lögum um skipaferðir, sóttvarnir, friðun eggvera, sellátra og fl. Hann skal tafarlaust láta hreppstjóra vita um hvert það lagabrot, er hann hyggur að átt hafi sjer stað á hans strandgæzlusvæði, en hreppstjóri fer með það mál, eptir því sem embættisskylda hans býður. Þyki strandgæzlumanni hreppstjóri eigi fara með málið svo sem hann hyggur vera eiga, eður nauðsyn til bera, skal hann skýra sýslumanni frá málavöxtum svo fljótt, sem hann má því við koma.

6. gr. Strandgæzlumaður skal fá helming allra sekta, sem tilfalla sveitarsjóði á hans strandgæzlusvæði fyrir brot gegn lögum eða samþykktum í þeim efnum, er honum ber að hafa eptirlit með. Sýslunefnd má og veita árvökrum strandgæzlumönnum þóknun af sýslusjóði.

7. gr. Landshöfðinginn semur erindisbrjef handa strandgæzlumönnum.

68.

Frumvarp

til laga, er banna að sleppa hákarli í sjó á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl.

(Flutningsmenn 2. þingm. Eyfirðinga og þingm. Strandamanna).

1. gr. Á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl ár hvert, má enginn, sem veiðir hákarl, hvort heldur á opnum skipum eða þilskipum, sleppa í sjó hákarlaskrokkum eða neinum hluta þeirra, nema formaður skips álíti, að lífi og skipi sje hætta búin að öðrum kosti.

Fyrir brot gegn þessari grein skal svara sekt, er nemi 20 krónum fyrir hverja tunnu (120 potta) hákarlslifrar, er til lands er flutt, án þess hákarl fylgi.

Formaður svarar til sekta, en taka skal þær, eptir því sem tala rennur til, af öllum er hlut eiga í aflanum.

2. gr. Í hvert skipti sem skip kemur til lands frá hákarlsveiði á tímabili því, sem

nefnt er í 1. grein, skal formaður tafarlaust láta strandgæzlumann þann, sem þar er skipaður, vita um komu skipsins, og má engan afla flytja burtu frá skipi fyrri en strandgæzlumaður hefur komið til og litið á aflann. Skal strandgæzlumaður líta eptir, hvort hákarl og hákarlslifur, sem til lands er flutt, sje í sennilegum hlutföllum hvað við annað.

3. gr. Nú flytur skip hákarl á land í einhverju strandgæzlusvæði, en fer með lifrina í annað, og skal formaður fá hjá strandgæzlumanni, þar sem hákarlinn er fluttur á land, vottorð um það, hve mikla lifur megi álíta samsvara þeim hákarli, er þar var á land fluttur. Skal formaður sýna vottorð þetta strandgæzlumanni þar, sem lifrin er flutt á land.

Sje bæði hákarl og lifur að eins að nokkrum hluta flutt á land, þar sem skip kemur fyrri, skal formaður fá hjá strandgæzlumanni skrifað álit hans um hlutfallið milli hákarls þess og lifrar, og sýna álitið strandgæzlumanni, þar sem afli er síðar borinn af skipi.

Við brotum gegn þessari grein liggja sektir frá 5 til 50 króna, eptir málavöxtum.

4. gr. Sje hákarli sleppt í sjó á þeim tíma, sem það er bannað, fyrir þær sakir, að formaður álítur það óhjásneiðanlegt til að bjarga lífi eða skipi, skal formaður, þá er til lands kemur, tafarlaust gefa strandgæzlumanni skýrslu, undirskrifaða af honum og öðrum skipverjum, um öll atvik, er að þessu lúta. Skal senda skýrsluna sýslumanni, með áliti strandgæzlumanns og hreppstjóra um það, hvort hún sje sennileg eður eigi. Þyki skýrsla formanns á nokkurn hátt ósennileg, skal sýslumaður, svo fljótt sem hann fær því við komið, rannsaka það mál, eða láta formann og háseta staðfesta skýrslu sína með eiði.

5. gr. Fyrir ferðir, sem strandgæzlumaður þarf að fara, til að líta eptir hákarlsafla, samkvæmt lögum þessum, skal hann fá slíka borgun, sem ákveðin er í lögum 13. jan. 1882, um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, 3. gr. Greiðir formaður borgunina fyrir sína hönd og annara, er hlut eiga í aflanum.

6. gr. Sektir allar, er gjalda skal eptir lögum þessum, renna í sveitarsjóð þar sem skip lendir, og lagabrot verður uppvíst.

69.

Frumvarp

til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu.
(Frá 1. þingmanni Rangvellinga og 2. þingmanni Rangvellinga).

1. gr. Allar þær jarðir í Rangárvallarsýslu, sem á undanförnum 10 árum hafa orðið fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, skulu metast til dýrleika í hundraðatali. Sýslunefndin kveður á um, hverjar þær jarðir eru, er meta skal, eptir að hún hefur leitað um það álits hlutaðeigandi hreppsnefndar.

2. gr. Í sýslunni skulu 3 menn, sem til eru kvaddir af sýslunefndinni, er hún álítur bezt til þess fallna, framkvæma matið. Skulu þeir leysa starf þetta svo af hendi, að þeir geti verið við því búnir að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Sýslumaður stendur fyrir matinu og stjórnar því, en tekur eigi þátt í atkvæðagreiðslunni. Sýslunefndin tilnefnir að minnsta kosti eina jörð í hverri þeirri sveit, sem matið fram fer í, er hún álítur hæfilegast metna að hundraðatali eptir jarðabókinni frá 1861, matsmönnum til fyrirmyndar.

3. gr. Eiganda jarðar eða umboðsmanni skal tilkynnt að mat eigi fram að fara, svo

tímanlega, að hann geti verið þar við staddur. Sje eigandi eða umboðsmaður óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, getur hann borið málið upp fyrir sýslunefndinni, sem leggur úrskurð á málið eptir að hún hefur leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar, og gjört þær ráðstafanir, er hún álítur með þurfa.

4. gr. Sýslumaður skal hafa löggilta bók til að rita í matsgjörðirnar.

5. gr. Þegar mati þessu er lokið á fyrnefndan hátt, skal sýslumaður senda matsgjörðina í staðfestu eptirriti af matsbókinni með athugasemdum sýslunefndarinnar undir úrskurð landshöfðingja.

6. gr. Þegar landshöfðingi er búinn að leggja úrskurð á málið, sjer hann um prentun á matsgjörðinni á kostnað landssjóðsins, og gildir hún þá sem breyting á jarðabókinni 1861, þangað til gagngjörð endurskoðun á jarðabókinni og þessari breytingu nær lagagildi.

7. gr. Fyrir þá daga, sem ganga til matsgjörða þeirra, sem áður er getið, skal veita sýslumanni 6 kr. daglega og hverjum matsmanni 5 kr., er greiðist úr landssjóði.

70.

Frumvarp

til laga um brú á Ölfusá.

(Frá. 2. þingmanni Árnessýslu).

1. gr. Á Ölfusá skal byggja brú á hentugum stað. Til þessa fyrirtækis má verja allt að 80000 kr. úr landssjóði.

2. gr. Landstjórnin annast um bygging brúarinnar og gjörir allar nauðsynlegar ráðstafanir lögum þessum til framkvæmdar. Þegar brúin er komin á, hefur landstjórnin og umsjón yfir henni.

3. gr. Þriðjungur kostnaðarins til viðhalds brúnni greiðist af sýsluvegasjóði Rangárvallasýslu, annar þriðjungur af sýsluvegasjóði Árnessýslu, sjöttungur af sýsluvegasjóði Gullbringu- og Kjósarsýslu og sjöttungur af bæjarsjóði Reykjavíkur.

71.

Lagafrumvarp

um afnám aðflutningsgjalds af útlendum skipum.

(eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild)

Aðflutningsgjald það skal úr lögum numið, er hingað til hefur hvílt á útlendum skipum, sem keypt eru af dönskum þegnum, er heimilisfastir eru á Íslandi.

72.

Frumvarp

til laga um sjerstakt kirkjuþing.

(Frá þingmanni Norðurþingeyinga).

1. gr. Sjerstakt kirkjuþing skal koma saman í Reykjavík á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. september 1884, til að ræða um endurbætur á skipun kirkjulegra mála.

Konungur kveður til þings þessa.

2. gr. Á fundi þessum eiga sæti safnaðarkjörnir menn, einn úr hverju prófastsdæmi og að auki einn úr Reykjavíkursókn.

3. gr. Kosningarrjett hefur hver sá, er hefur óflekkað mannorð, geldur til prests og kirkju og orðinn er 25 ára að aldri.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrjett hefur og er orðinn fullra 30 ára að aldri.

4. gr. Kirkjuþingsmenn skal kjósa á safnaðarfundum, er haldnir sje í sókn hverri í maímánuði 1884. Kveður sóknarnefnd með nægum fyrirvara kjósendur til fundar og stýrir kosningum. Rita skal atkvæði hvers kjósanda á skrá, er síðan sje send tafarlaust prófasti.

5. gr. Þegar prófastur hefur fengið atkvæðaskrár frá öllum sóknarnefndum í prófastsdæminu, telur hann saman atkvæði safnaðanna með tveim tilkvöddum mönnum. Ef tveir eða fleiri hafa fengið jafn mörg atkvæði, ræður hlutkesti. Prófastur gefur hinum kosna kjörbrjef, staðfest með undirskript hans og hinna tveggja aðstoðarmanna. Skal prófastur og skýra biskupi frá með næstu póstferð, hver kosinn hafi verið.

6. gr. Konungur lætur einn fulltrúa mæta á kirkjuþingi af sinni hálfu, og leggur fyrir það frumvörp til laga um skipun kirkjumála.

7. gr. Kirkjuþingsmenn hafa aðeins ráðgjafarrjett eða tillögu, og liggja allar ályktanir þeirra og uppástungur til laga undir alþing.

Rjett er, að kirkjuþingsmenn beri sjálfir upp frumvörp til umræðu á þinginu.

8. gr. Þingið setji sjer sjálft þingskapareglur.

9. gr. Fæðispeninga og ferðakostnað fá kirkjuþingsmenn eptir sömu reglu sem alþingismenn, og greiðist fje það úr landssjóði, sem og annar kostnaður við þinghaldið.

73.

Lagafrumvarp

um útflutningstoll á landvarningi.
(frá 1. þgm. Eyfirðinga og 1. þgm. Skagfirðinga.)

1. gr. Toll skal greiða af öllum landvarningi þeim, er nefndur er í 2. gr. laga þessara ef hann er fluttur utan í skipi, er afgreitt er frá einhverri höfn hjer á landi.

2. gr. Tollurinn skal greiddur sem hjer segir:

1.	Af hverju ullarpundi	1 eyri.
2.	» » kjötpundi	1/5 eyris
3.	» » tólgarpundi	2/5 »
4.	» » dúnpundi	15 aura
5.	» » fiðurpundi	1 eyri
6.	Af hverjum tveim gærum	5 aura
7.	Af hverri sauðkind	20 »
8.	Af hrossi hverju eða tryppi	100 »

3. gr. Áður en skip það, er farm tekur af tollbærum landvarningi á einhverjum stað, leysir úr höfn, hvort heldur það fer til annara hafna hjer á landi eða til annara landa, skal greiða tollinn sýslumanni eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, er skipið leggur frá, annaðhvort í peningum eða víxlum á verzlunarhús það í Kaupmannahöfn er gjaldheimtumaður tekur gilt.

Sjerhverjum þeim manni, er sendir burt með skipi tollskyldan landvarning, er skylt að fá tjeðum embættismanni í hendur staðfest endurrit af farmskrám þeim eða öðrum hleðsluskjölum, er skipinu fylgja. Svo er og sjerhver skipstjórnarmaður, er tollbæran landvarning flytur á skipi sínu, skyldur að láta í tje skriflega skýrslur þær allar um farm skipsins, er við þurfa til að reikna út tollinn. Leggja skal skipstjóri það undir þegnskap sinn að hann satt segi. Tollurinn skal talinn eptir skýrslum þessum.

4. gr. Nú hefur lögreglustjóri grun um að tollskrá sje röng, og skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt, nema hann geti útvegað sjer nauðsynlegar skýrslur með því að halda próf yfir skipshöfninni eða öðrum mönnum þeim, er nægar skýringar gefið geta. Kostnað þann, er af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða ef það sannast að skýrsla hans var röng, en landssjóður ella.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða 50 til 500 kr. sektum, nema þyngri hegning við liggi eptir öðrum lögum; þar að auki skal sá útflutningsmaður eða sá skipstjórnarmaður, er verður uppvís að því að hafa sagt rangt til, greiða þrefaldan útflutningstoll af öllum þeim tollskylda landvarningi, er rangt var sagt frá. Sektirnar renna í landssjóð.

6. gr. Skip og farmur eru að veði fyrir tollinum og sektunum.

7. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið samkvæmt reglum þeim, er gilda um almenn lögreglumál.

8. gr. Fyrir tollheimtunni skal gjöra árlegan reikning eptir reglum þeim, er landshöfðingi setur.

Af öllum tollinum samtöldum fær gjaldheimtumaður 2 af 100.

9. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884. Frá sama tíma eru lög 14. desbr. 1877 um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje úr lögum numin.

74.

Frumvarp

til laga um helgihald á sunnudögum og öðrum helgum dögum.

(Frá 1. og 2. þingmanni Kjósar- og Gullbringusýslu).

1. gr. Sunnudagar og aðrir dagar, sem að lögum á helga að halda, skulu helgir vera frá miðnætti til miðnættis.

2. gr. Á hinum helgu dögum má frá dagmálum til miðaptans alls enga vinnu vinna. Engar almennar skemmtanir mega á þeim tíma fram fara. Bannað er og að byrja ferðir á þeim tíma, á sjó eða landi; þó má byrja skemmtiferð að aflokinni guðsþjónustugjörð. Skulu og allir þeir, er á ferð eru, halda kyrru fyrir um messutímann, frá kl. 12—2, þótt ferð hafi verið byrjuð fyr um morguninn.

Á þeim tíma, sem til er tekinn í þessari grein, má þó gjöra það, er alls eigi má dragast til miðaptans, svo sem leita læknishjálpar, bjarga skepnum úr lífsháska, vinna að matreiðslu og annað því líkt.

3. gr. Aðra tíma helgidagsins en til eru teknir í 2. gr. má vinna að nauðsynlegum heimilisstörfum, svo sem búverkum, fjárgæzlu, og því, er nauðsynlegt er, en eigi má á þeim tíma vinna til hagsmuna neina algenga vinnu, sem má dragast.

4. gr. Fiskimönnum skal heimilt að bjarga veiðarfærum sínum á helgum dögum, ef nauðsyn ber til, og þau eru í hættu. Í fiskileysisárum, eða þegar brim og gæfta-

leysi hafa lengi aptrað sjósóknum, er og heimilt að róa til fiskjar og leggja net og lóðir, en skipta skal fátækum hlut, er rennur í hlutaðeigandi hreppssjóð. Þá er óþurkar hafa gengið lengi, svo að heyföng eða fiskur liggur við skemmdum, má og þurka og hirða hey og fisk á helgum dögum. Farmönnum, er í neyð hafa leitað til hafnar, skal og leyft að afferma skip sín og bæta, ef að þau eru hættu undirorpin á þeim stað, svo og ferma þau. Þó má enga af þessum athöfnum vinna meðan á guðsþjónustu stendur, ef hún fer fram í nánd við þann stað.

5. gr. Á sunnudögum og öðrum helgum dögum má hvorki kaup nje sala fara fram í búðum kaupmanna og annara sölumanna og skulu búðir þessar vera lokaðar. Þó skal lyfsölum heimilt á öllum tímum dags að selja læknisdóma; það skal og allt undan skilið, er þarf til aðhjúkrunar sjúkum mönnum, eða þegar svo stendur á, að einhver þarf skjótrar hjálpar við samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í 2. gr.

6. gr. Gestgjafar og aðrir veitingamenn mega ekki á sunnudögum eða öðrum helgum dögum veita mönnum áfenga drykki, eða leyfa spil í húsum sínum, en veita mega þeir mat eða þesskonar hressingu.

7. gr. Engan skarkala eða háreysti má við hafa, sem truflað geti guðsþjónustu og eigi má fólk þyrpast saman fyrir kirkjudyrum eða í kirkjugarði um messutímann.

8. gr. Ekki skal halda þing á helgum dögum eða gegna fógeta- og skrifarastörfum, halda skiptafundi, uppboðsþing eða gegna nokkrum dómsstörfum. Þó má fremja dómsstörf og önnur störf í almennings þarfir, sem eigi má fresta til næsta dags. Svo má og halda kirkjuskoðanir, að aflokinni guðsþjónustugjörð.

9. gr. Eigi má stefna nje kalla neinn fyrir dóm eða yfirvald á helgum dögum, nema brýna nauðsyn beri til, og þess sje krafizt af hlutaðeigandi yfirvaldi. Þó skal eigi stefna lesin meðan á messu stendur.

10. gr. Eigi má halda sveitafundi nje aðra almenna fundi á helgum dögum, þó mega hreppsnefndarmenn, þá er nauðsyn krefur, eiga fund með sjer að aflokinni messu. Heimilt er og presti að halda safnaðarfundi og sóknarnefndarfundi eptir messu. Heimilt er og lögreglustjóra að gefa leyfi til að halda í sveitum almenna fundi, er miða annaðhvort til saklausrar skemmtunar, fróðleiks eða framfara, eptir miðaptan, þó skal ávallt hreppstjóri eða einhver í hans stað gæta þess, að engin óregla fari þar fram.

11. gr. Ekki má kenna í neinum skólum á helgum dögum um messutímann.

12. gr. Daginn fyrir helgidaga má eigi halda dansleiki nje almennar skemmtanir lengur en til miðnættis. Í páskaviku eða á þeim almenna bænadegi og kvöldin fyrir, frá miðaptni, má slíkt með engu móti leyfa. Hinn fyrsta dag í hinum 3 stórhátíðum skulu bannaðar allar almennar skemmtanir, allir fundir og öll þau störf, er hjá verður komizt að fremja.

13. gr. Fjesektum skal það sæta ef brotið er móti lögum þessum, og varðar það í fyrsta skipti 1—20 kr.; nú brýtur sami maður annað og þriðja sinn og tvöfaldast þá sektirnar við hvert brot. Verði nokkur aptur brotlegur, skal herða á hinum ákveðnu sektum. Hver sá, sem tekur þátt í brotinu, svo að sök verður gefin á, skal sæta sektum, hvort sem hann brýtur sjálfur eða kemur öðrum til að gjöra það, þó skal sekt þess hærri er veldur því, að brot er framið. Nú verður gestgjafi sekur um ólöglegar veiting-

ar og skal hann sæta meiri sekt en gestirnir, og auk sektarinnar gjalda jafnmikið fje og hann hefur unnið við lagabrotið. Nú verður gestgjafi sekur í 3. sinn um óheimilar veitingar og missir hann þá rjett til veitingasölu.

Nú róa menn til fiskjar án þess að þau skilyrði sjeu fyrir hendi, sem sett eru í 4. gr., og skulu þeir auk sektar gjalda hlut af aflanum.

14. gr. Sektirnar skulu renna í hlutaðeigandi fátækrasjóð og geti sá seki eigi greitt þær, skulu þær afplánaðar með einföldu fangelsi.

15. gr. Þeir sem sýna sjerstakan mótþróa gegn lögum þessum eða sjerstaka fyrirlitningu fyrir guðsþjónustu og öðrum helgihöldum, skulu sæta hinum hæstu sektum, sem til eru teknar í lögum þessum eða fangelsi.

16. gr. Lögreglustjórar og lögregluþjónar skulu vandlega gæta þess, að eigi sje brotið á móti lögum þessum.

17. gr. Mál sem rísa af brotum gegn lögum þessum skal fara með sem opinber lögreglumál.

18. gr. Prestar skulu á hvern þann hátt, sem þeim þykir við eiga, stuðla til, að breytt sje eptir lögum þessum, og með aðvörunum og áminningum reyna að aptra mönnum frá, að brjóta móti þeim. Skulu þeir láta sjer vera annt um, að innræta söfnuðum sínum þann sanna tilgang og rjettu brúkun helgidagsins, og svo opt sem þeim þykir við eiga, brýna fyrir þeim að sækja kirkjufundi rækilega og með guðrækilegu hugarfari. Biskupinn og prófastar landsins skulu grenslast eptir, hvort breytt er eptir lögum þessum.

19. gr. Með lögum þessum er tilsk. 28. marz 1855 og opið brjef 26. september 1860 úr gildi numin, samt það í tilsk. 29. maí 1744, er snertir helgihald.

75.

Frumvarp

til laga um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

(frá 1. þingmanni Ísfirðinga.)

1. gr. Á Ísafirði skal stofna slökkvilið.

2. gr. Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með sprautur og önnur slökkvitól, eptir boði bæjarfógetans, eður yfirboðara þess, sem af bæjarstjórninni verður settur yfir slökkviliðið.

Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til þess að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans. Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki amtmanns reglugjörð fyrir slökkviliðið.

76.

Frumvarp

til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylg-

jandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, sem að minnsta kosti nemur þeirri upphæð, er tilfærð er við hverja þeirra:

1) Vík í Dyrhólahreppi ..... fyrir 7,370 kr.
2) Þverá í Kleifahreppi ..... — 2,027 —
3) Hlíð í Leiðvallahreppi ..... — 2,360 —
4) Arnarnes í Eyjafjarðarsýslu ..... — 3,200 —
5) Hrísakot í Húnavatnssýslu ..... — 900 —
6) Miðhóp í sömu sýslu ..... — 5,000 —
7) Kornsá í sömu sýslu ..... — 5,400 —
8) Kringlu í sömu sýslu ..... — 1,800 —
9) Orrastaði í sömu sýslu ..... — 3,000 —
10) Grund í Svínadal í sömu sýslu ..... — 4,500 —
11) Haga í sömu sýslu ..... — 2,450 —
12) Spítalaeignina Kaldaðarnes í Arnessýslu með hjáleigunum:
    a. Höskuldsstöðum,
    b. Mosastöðum,
    c. Magnúsfjósum,
    d. Valdastöðum,
    e. Móakoti,
    f. Hreiðurborg og
    g. Miðhúsum
    og með Kaldaðarneskirkjujörðunum:
    a. Kálfhaga og
    b. Lambastöðum ..... — 17,000 —
13) Heiði með Breiðstöðum í Sauðárhreppi ..... — 5,000 —
14) Hjaltastaði í Skagafjarðarsýslu með 2 hjáleigum ..... — 6,200 —
15) Páfastaði í sömu sýslu ..... — 3,000 —
16) Litlu-Gröf í sömu sýslu ..... — 1,800 —
17) Þórðarstaði í Hálshreppi ..... — 1,625 —

2. gr. Landshöfðinginn gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum, og ákveður kaupverð það, er jarðirnar megi seljast fyrir, en lætur áður 2 dómkvadda menn virða hverja jörð fyrir sig. Kostnaðurinn við það greiðist af landssjóði.

3. gr. Helmingur kaupverðsins má standa í hinni seldu jörð, en kaupandi gefur út fyrir honum skuldabrjef með fyrsta veðrjetti í jörðinni og 4 af hundraði í vöxtu árlega, og skal það samið einsog skuldabrjef, sem gefin eru út fyrir lánum af ómyndugra fje, en eigi skal landssjóður eiga rjett á að segja upp láninu, meðan kaupandi, ekkja hans eða þeirra börn eiga jörðina og hafa sjálf ábúð á henni allri, samt halda skilmála þá, sem settir eru í skuldabrjefinu. Af hinum helmingi kaupverðsins greiðist helmingur um leið og kaupbrjef er gefið út, og af því, sem þá er eptir, $^1/_5$ á ári í næstu 5 ár, og stendur hin selda jörð einnig sem veð fyrir þessum hluta kaupverðsins.

4. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir aðeins til 31. desember 1890.

77.

Frumvarp

til laga um eptirlaun prestekkna.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis).

1. gr. Þær konur, er hjer á eptir verða ekkjur presta, er rjett höfðu til eptirlauna, eða þegar nutu þeirra, skulu, að undanteknum þeim, er getur um í 5. grein, hafa rjett til að fá í eptirlaun $^1/_{10}$ hluta af tekjum brauðanna, eins og þær eru ákveðnar í því brauðamati sem þá er í gildi; þó mega eptirlaunin aldrei nema minna en 100 krónum.

2. gr. Þá er tekjur brauðsins nema 1,000 kr. eða meiru, greiðast eptirlaunin af brauðinu, en að öðrum kosti úr landssjóði.

3. gr. Ef fleiri en ein ekkja er á brauði, greiðist þó aðeins af brauðinu eptirlaun einnar, en eptirlaun hinna úr landssjóði.

4. gr. Ef kona sóknarprests, er ekkja verður, eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, hefur eptir reglum þeim, er áður giltu, fengið rjett til að fá hærri eptirlaun en þau, er lög þessi heimila henni, þá heldur hún þessum rjetti. Mismunurinn á stærð eptirlaunanna greiðist úr landssjóði.

5. gr. Prestaekkjur þær, sem engin eptirlaun hafa, er lög þessi öðlast gildi, sökum þess að maður þeirra var prestur í fátæku brauði, fái 100 kr. úr landssjóði að eptirlaunum ár hvert.

6. gr. Þær ekkjur hafa ekki rjett til eptirlauna, er hafa gipzt eldra manni en 60 ára, eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti, eða ef hjónabandinu var algjörlega slitið á undan dauða mannsins.

7. gr. Þá missast eptirlaun ekkna, 1) er ekkjan giptist aptur, — 2) er hún sezt að í útlöndum án leyfis konungs, — 3) er hún í 3 ár eigi hefur hirt eptirlaunin, enda getur hún eigi á síðan sannað lögleg forföll, — 4) er hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er svívirðileg. Þá er eptirlaun tapast af því, að ekkjan hefur gipzt aptur, á hún rjett á að nyju að fá hin sömu eptirlaun, er hún aptur verður ekkja, ef hún ekki hefur öðlazt rjett til eptirlauna með hinni seinni giptingu.

8. gr. Ekkjur presta, er í embætti sínu deyja, eiga rjett á samkvæmt konungsbrjefi 5. júní 1750 að fá hjá stiptsyfirvöldunum eina af kirkjujörðum brauðsins til ábúðar fyrir vanalegt eptirgjald.

9. gr. Skylda sú, er samkvæmt konungsbrjefi 5. júní 1750 og tilsk. 3. maí 1743 hvílir á þeim, er fá veitingu fyrir vissum brauðum, til að greiða þóknun til fátækra prestekkna og hins lærða skóla, er úr gildi numin.

78.

Frumvarp

til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði.

(Flutningsmaður þingmaður Snæfellinga.)

Opið brjef, 22. marz 1855, um selaskot á Breiðafirði er hjermeð úr lögum numið.

79.

Frumvarp

til laga, er breyta tilskipun 5. september 1794, 5. gr.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis).

Hver sá, sem hefur um hönd lækningar, án þess að vera löggiltur til læknisstarfa, og verður uppvís að því, að hafa gjört skaða með lækningatilraunum sínum, skal, ef brot hans er ekki að öðru leyti svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því að lögum, sæta sektum allt að 100 kr. eða einföldu fangelsi allt að 4 mánuðum, og þá brot er ítrekað, skal annaðhvort þessum hegningum beitt, eður fangelsi við vatn og brauð, ef mjög miklar sakir eru.

Hegningarákvarðanir 5. gr. í tilskipun um skottulækningar 5. september 1794 eru úr lögum numdar.

80.

Tillaga til þingsályktunar,

(Samþykkt af efri deild alþingis).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina, að taka til greina fyrirmæli 3. greinar í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla, á þann hátt, að hvar þess, sem jarðir, eður aðrar arðberandi eignir fylgja brauðum, er gjald skal greiða af til annara brauða, verði þær útlagðar í gjaldið.

81.

Frumvarp

til laga um stofnun landsbanka á Íslandi.

(Frá 3. konungkjörna þingmanni, 2. þingmanni Eyfirðinga og 2. þingmanni Rangæinga).

1. gr. Stjórnin gengst fyrir því, að í Reykjavík verði stofnaður banki, er sje seðlabanki, lánbanki og geymslubanki.

2. gr. Til stofnunar bankans skal verja 500,000 krónum af viðlagasjóði landsins. Stofnfje þetta má afhenda bankanum að helmingi í konunglegum skuldabrjefum, en að öðrum helmingi í veðskuldabrjefum einstakra hjerlendra manna eður stofnana.

3. gr. Stofnfje bankans má auka með samlagshlutum einstakra manna. Ákvæðisverð hvers einstaks hlutabrjefs skal vera 200 krónur.

4. gr. Bankinn má gefa út seðla, er nema jafnmiklu sem stofnfje hans. Seðlar bankans skulu gilda 5 og 50 krónur.

5. gr. Bankinn skal jafnan hafa svo mikið fje fyrirliggjandi í slegnum gullpeningum og silfurpeningum, er svarar tveim fimmtu hlutum af verði seðla þeirra, sem eru í veltu manna í milli, til að leysa til sín seðla, þá er eigendur seðlanna óska.

6. gr. Seðlar bankans skulu teknir með fullu ákvæðisverði sem gildur greiðslueyrir í öll gjöld til landssjóðs.

7. gr. Bankinn lánar út fje gegn nægu og tryggu veði.

8. gr. Stjórn bankans hefur heimild til að semja svo við lántakendur, að þeir í veðskuldabrjefum sínum til bankans gangist undir, að stjórn bankans megi láta fógeta taka veðið lögtaki og selja það við opinbert uppboð, ef þeir halda eigi samninga sína við bankann, án þess sáttatilraun, lögsókn eða dómur fari fram á undan. En rjett hefur skuldunautur til að búa til mál á hendur bankanum til skaðabóta.

9. gr. Bankinn tekur fje til að geyma og ávaxta um ákveðinn tíma eða með ákveðnum uppsagnarfresti.

10. gr. Bankinn skal skyldur að gefa út á prent greinilegt yfirlit yfir efnahag sinn þriðja hvern mánuð, eður fjórum sinnum á ári. Yfirlitið skal prenta í stjórnartíðindunum.

11. gr. Landshöfðinginn semur reglugjörð fyrir bankann og setur bankastjóra til að veita bankanum forstöðu fyrst um sinn undir yfirumsjón sinni. Í reglugjörð þessari skal skipað fyrir um stjórn bankans og endurskoðun reikninga hans, um veðmæta virðing fasteigna, um tiltölu lána gegn fasteignarveði og annara lána o. s. frv. Reglugjörð bankans skal síðan leggja fyrir næsta alþingi og kýs alþingi upp frá því bankastjóra, en landshöfðingi staðfestir kosninguna.

12. gr. Til þess að koma bankanum á stofn, má verja allt að 10,000 kr. úr landssjóði. Fje þetta veitist bankanum sem lán, og skal það að fullu endurgoldið landssjóði á 10 ára fresti með 4% leigu um árið.

82.

Frumvarp

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis).

1. gr. Sandfells prestakall í Austur-Skaptafells prófastsdæmi bætist upp með 700 krónum við næstu prestaskipti.

2. gr. Þykkvabæjar og Langholtssóknir, er sameinaðar eru í eitt prestakall, sem sje Þykkvabæjarklausturs prestakall, skulu, eins og áður hefur verið, hvor um sig vera prestakall útaf fyrir sig, nefnilega Þykkvabæjarklaustur, er nær yfir Þykkvabæjar sókn, og Meðallandsþing, er nær yfir Langholts sókn. Þessu síðar nefnda brauði leggjast 200 krónur úr landssjóði.

3. gr. Teigs og Eyvindarmúla sóknir (Innhlíðarþing), er sameinaðar eru við Breiðabólstaðar prestakall, skulu, eins og áður hefur verið, vera prestakall út af fyrir sig. Prestakalli þessu leggjast 200 kr. úr landssjóði.

4. gr. Breiðabólstaðar prestakall sje Breiðabólstaðar og Stórólfshvols sóknir. Af brauðinu greiðast 300 kr. í landssjóð.

5. gr. Odda prestakall sje Odda og Keldna sóknir. Af brauðinu greiðast 100 kr. í landssjóð.

6. gr. Stóruvalla prestakalli leggjast í viðbót 300 kr. úr landssjóði.

7. gr. Grundar prestakall sje Grundar, Munkaþverár og Kaupangs sóknir. Til Grundar sóknar leggist 11 fremstu bæir úr Akureyrar sókn. Prestsetur í þessu prestakalli skal vera að Hrafnagili.

8. gr. Akureyrar prestakall sje Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir. Í Lögmannshlíð sje þriðjungakirkja. Til þessa prestakalls leggist öll prestskyld af Munkaþverárkirkju og 400 kr. úr landssjóði.

9. gr. Saurbæjar prestakall sje Saurbæjar, Möðruvalla, Hóla og Miklagarðs sóknir. Frá þessu prestakalli greiðast landssjóði 200 kr.

10. gr. Í staðinn fyrir þær 1700 kr., sem eptir lögum 27. febr. 1880, 1. gr. tölul. 134., eiga að greiðast af Grenjaðarstaðar prestakalli, greiðist 1300 kr.

83.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um horfelli á skepnum.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um horfelli á skepnum.

Vjer verðum að aðhyllast þá grundvallarhugsun frumvarpsins, að hin helztu ráð

til að koma í veg fyrir horfelli á skepnum og þann vansa og tjón, sem af því leiðir, sje að glæða og efla siðferðislega meðvitund og siðferðislegan krapt landsbúa og meðvitund um helgi þeirra og þann hag, sem það veitir að fara vel með þær. Álítum vjer hagkvæmast og eptir ástæðum nauðsynlegt að gjöra hreppanefndunum að skyldu að vinna að þessu með áminningum, aðvörunum og eptirliti, og ráðum vjer til, að fyrsta og önnur grein frumvarpsins sjeu orðaðar samkvæmt þessu.

Jafnframt þessu og samkvæmt þessari grundvallarhugsun þótti oss nauðsynlegt, að lögin einnig innrættu mönnum þá meðvitund, að það sje saknæmt brot að fella skepnur úr hor, ef að hjá verður komizt, og álítum vjer, að þá er menn með vísvitandi hirðuleysi eða harðýðgi drepa skepnur úr hor, án þess að óhjákvæmileg neyð gangi yfir, þá eigi slíkt athæfi að meðhöndlast og dæmast sem sakamál og virtist oss, að slík brot ættu eptir málavöxtum að heimfærast undir 299. gr. hegningarlaganna. Ráðum vjer til að 4. gr. frumvarpsins verði breytt í þessa stefnu.

Við 3. gr. frumvarpsins ræður nefndin til að gjöra nokkrar breytingar í sömu stefnu.

5. gr. frumvarpsins ráðum vjer til, að falli burt.

Þessu samkvæmt höfum vjer þá lagað og breytt frumvarpi því, er oss var fengið til meðferðar, á þessa leið:

1. gr. orðist þannig:

Skylt skal hreppsnefndum að haustlagi að hvetja hreppsbúa sína til, að hafa viðunanlegt húsrúm og nægilegt fóður handa fjenaði þeim, sem þeir setja á vetur og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að horfella fjenað sinn.

2. gr. orðist þannig:

Svo opt á vetri hverjum, sem hreppsnefnd álítur nauðsynlegt, skal hún grenslast eptir fóðurbyrgðum hreppsbúa og meðferð þeirra á fjenaði sínum.

Nú þykir hreppsnefnd, sem fjenaði einhvers hreppsbúa sje ekki borgið eða illa með hann farið, skal þá hreppsnefndarmanni heimilt að kveðja með sjer 2 búendur, þá er næstir fást því heimili, til að skoða fjenað og fóðurbyrgðirnar og má enginn án löglegra forfalla skorast undan þeirri för.

Nú eru skepnur að áliti hreppsnefndarmanns og skoðunarmanna fóðurlausar eða illa meðfarnar og áminna þeir þá, sem hafa þær undir hendi, að útvega handa þeim nægilegt fóður, ef mögulegt er, og eru þeim til að stoðar í því, en að drepa þær, sem er ólífvænt eða ekki getur fengist fóður fyrir.

3. gr. (ný grein) í stað 4. gr.

Nú fellur fjenaður úr hor, og er um að kenna vísvitandi hirðuleysi eða harðýðgi þess, er hann undir hendi hefur, þá skal hreppstjóri tafarlaust tilkynna sýslumanni málavöxtu, en hann tekur málið fyrir, og er sá maður sekur samkvæmt 299. gr. hegningarlaganna.

4. gr. (frv. 3. gr.) orðist þannig:

Sýslumaður skal á manntalsþingi ár hvert brýna fyrir mönnum, að hegða sjer eptir lögum þessum og grenslast eptir, hvort eigi hafi verið framið brot gegn þeim.

5. gr. falli burt.

Hin heiðraða neðri deild hefur fengið oss til íhugunar annað frumvarp um

heyásetning og eptirlit á meðferð húsdýra. Þá er nefndin meðtók þetta frumvarp, hafði hún að mestu lokið athugasemdunum við hið fyrra. Höfum vjer þó hugleitt þetta frumvarp og ráðum hinni heiðruðu deild frá því, að samþykkja það í því formi, sem það er. En ýms ákvæði þess fara í sömu stefnu og það, er vjer höfum lagt til um hið fyrra frumvarpið, og höfum vjer haft það tillit til þess, sem oss þótti unnt, en getum eigi aðhyllst neina þá ákvörðun, sem lýtur að reglulegri heyásetningu, þar sem heyásetningar að öðru leytinu baka þeim, sem hafa þær á hendi, of mikla ábyrgð, en eru ærið erfiðar og í flestum tilfellum ókleyfar og ónógar, en að hinu leytinu minnkar það sjálfsumhyggju og sjálfsábyrgð fjáreigandans, sem sízt af öllu má minnka, heldur ætti að eflast og styrkjast.

Að öðru leyti en því, sem ákvarðanir frumvarps þessa felast í hinu fyrra, ráðum vjer hinni heiðruðu deild til að fella það.

Alþingi, 13. júlí 1883.

Þórarinn Böðvarsson formaður og framsögumaður. Þorkell Bjarnason. Jakob Guðmundsson skrifari.

B. Sveinsson. F. S. Stefánsson.

84.

Frumvarp

til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja kirkjujörðina Neðriháls í Kjós.

(Frá 2. þingm. Kjósar- og Gullbringusýslu og þingmanni Reykvíkinga).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til, að selja kirkjujörð Reykjavíkur prestakalls ábúanda þeim, er á jörðinni býr, fyrir jörðina Helgafell í Mosfellsveit og að minnsta kosti 3000 kr. að auki.

2. gr. Þá er salan fer fram, skal jörðin Helgafell afhent Reykjavíkur dómkirkju til eignar, en hitt af andvirði jarðarinnar skal á vöxtu sett á þann hátt, er stjórninni þykir tryggilegast, og ganga hinir árlegu vextir af því til launa handa prestinum í Reykjavíkur prestakalli.

85.

Breytingartillaga

við uppástungu til þingsályktunar um strandmælingar.

(frá fjárlaganefndinni.)

Uppástungan orðist þannig: «Neðri deild alþingis ályktar, að skora á ráðherra Íslands, að hlutast til um, að á næsta ári eða svo fljótt sem auðið er, verði gjörð ráðstöfun til þess, að mældar verði innsiglingaleiðir á hafnir hjer á landi, þær sem eru enn ómældar, einkum á Húnaflóa inn á Borðeyri».

86.

Viðaukatillaga.

við frumvarp til laga um, að eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsa greiðist eigi af jafnaðarsjóðum amtanna nje af bæjarsjóði Reykjavíkur.

(frá þingm. Reykvíkinga, 1. þingm. Eyfirðinga, þingm. Borgfirðinga, þingm. Barðstrendinga, 1. og 2. þingm. Húnvetninga, 1. þingm. Suður-Múlasýslu og 1. þingm. Ísfirðinga.)

Aptan við frumvarpið bætist: Andvirði fangelsisins á Húsavík rennur í landssjóð.

87.

Frumvarp

til laga um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild alþingis).

1. gr. Umdæmi Ísafjarðarkaupstaðar nær yfir hina gömlu kaupstaðarlóð, og jörðina Eyri með hjáleigunni Stekkjanesi (= Stakkanesi).

2. gr. Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; er hann oddviti stjórnarinnar og hefur atkvæðisrjett á fundum.

3. gr. Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gjörir, og bæjarmálefna yfir höfuð, er á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur að framkvæma sjerstök bæjarstörf eptir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sjer saman um.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur.

4. gr. Fulltrúar kaupstaðarins skulu vera 6, þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gjörist, eptir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

5. gr. Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum eitt ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er eigi lagt af sveit, eða hafi þeir fengið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp; en greitt skulu þeir hafa að minnsta kosti 4 kr. í bein bæjargjöld síðasta árið. — Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í lögum 12. mai 1882 um kosningarrjett kvenna, og í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, sem kosningarrjett hefur.

6. gr. Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 6 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fer helmingur frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara eptir fyrstu 3 árin, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 6 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 6 ár, er frá fór.

7. gr. Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosning undirbúa, að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sje of eða van talinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina.

8. gr. Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing almennt eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarrjettar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa yfir því, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á ólokuðum seðli, hvern þeir vilji kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal.

Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórninnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

9. gr. Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann, vegna heilsubrests, hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem gegnt hefur fulltrúastörfum í 6 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma, og hann hafði áður verið fulltrúi.

10. gr. Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan viku eptir að kosning hefur farið fram, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður um það leitað álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja, skal kæran send amtmanni innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var uppkveðinn.

Þegar almennar kosningar (þriðja hvert ár) hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

11. gr. Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, sem svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja á þann hátt, sem sagt er fyrir um í næstu grein hjer á undan.

12. gr. Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sje jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyrandi hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

13. gr. Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum eða að hún miði til að færast undan

skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita álit sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.

14. gr. Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

15. gr. Bæjarstjórnin kýs þá 4 menn, er samkvæmt reglugjörð 26. jan. 1866 eiga sæti í byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar með bæjarfógeta. Skulu 2 þeirra manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr. Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd, skal annar þeirra ávallt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

17. gr. Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun. Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild.

18. gr. Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögreglulþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin, þá er henni þykir nauðsyn til vera, eptir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

19. gr. Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags októberm. ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Síðan skal til bæjarþarfa jafna frá 1 til 2 aura á hverja ferhyrningsalin í húsagrunnum og ½ til 1 eyris á hverja ferhyrningsalin i óbyggðri útmældri lóð í kaupstaðnum; því sem á vantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili, við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjaldanna og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis um hálfan mánuð.

Án samþykkis landshöfðingja má eigi nokkurt ár leggja hærra samtals aukaútsvar á bæjarbúa, en sem svari meðaltali alls aukaútsvars þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi við bættum.

20. gr. Niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en fjóra mánuði kemur ekki til greina.

Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði án þess að tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

21. gr. Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til þessarar niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði: Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta

skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti til skiptis 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosning í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosning í bæjarstjórnina, getur skorazt undan að taka móti kosning í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni, er og undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og í bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (12. gr.)

22. gr. Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermánuði samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok annaðhvort á bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir eru að greiða skatt samkvæmt 19. grein. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi til greina teknar.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefur verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10 % annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

23. gr. Ef ágreiningur verður milli Ísafjarðar og annars íslenzks sveitarfjelags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli Ísafjarðar og sveitarfjelags í Danmörku, skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

24. gr. Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum innan nýárs, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, er fer í hönd. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlímánaðar.

25. gr. Bæjarstjórnin og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje, og eptir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum kaupstaðarins.

26. gr. Gjaldkeri skal, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirskrifaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

27. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt.

28. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr. Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

30. gr. Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda bæjarfógetanum fyrir lok jánúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 22. grein um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 4. gr. hafa kosningarrjett; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 3 ár. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (3. gr.). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr. Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi við haft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstöfun til að lög þessi geti öðlast fullt gildi 1. dag jánúar 1885, og skal frá þeim degi reglugjörð um stjórn bæjarmálefna fyrir Ísafjarðarkaupstað dagsett 26. jánúar 1866, og lög um skatt á útmældum lóðum frá 11. febrúar 1876 vera úr lögum numin. Landshöfðingi setur og ákvarðanir þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að breyting reikningsársins geti verið komin í kring þann dag.

88.

Breytingartillaga

við frv. til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland.

(frá nefndinni.)

Í 3. grein: í staðinn fyrir frá 100—2000 kr. komi: frá 20—2000 kr.

89.

Frumvarp

til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

1. gr. Fiskiveiðar í landhelgi skulu aðeins vera heimilar dönskum þegnum. Þó er hlutafjelögum heimilt að reka fiskiveiðar þessar, ef að meir en helmingur fjelagsfjárins er eign danskra þegna og stjórn fjelagsins hefur aðsetur sitt á Íslandi. Að eins búsettir menn á Íslandi og innlend hlutafjelög hafa rjett til að fiska á opnum bátum í landhelgi.

2. gr. Áður en fjelagið tekur til starfa, skulu samþykktir þess sýndar lögreglustjóra þar á staðnum, svo og breytingar þær, er eptir á verða gjörðar á þeim, og skal hann gæta þess, að þær sjeu lögum samkvæmar, og yfir höfuð hafa eptirlit með því að lögum þessum sje fylgt. Að öðru leyti er fjelagið, að því er fiskiveiðar snertir, háð hinum almennu lögum um fiskiveiðar í landhelgi, fiskhelgi og nótlögum.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—2000 kr., er greiðast í landssjóð. Hið opinbera sækir slík mál, og skal með þau fara, sem með opinber lögreglumál.

90.

Frumvarp

til laga um heimild til að taka útl. skip á leigu til fiskveiða.

Heimilt skal íslenzkum mönnum heimilisföstum á Íslandi og innlendum hlutafjelögum að taka útlend skip á leigu til fiskveiða hjer við land.

Jón Ólafsson. Arnljótur Ólafsson, flutningsmaður. B. Sveinsson.

91.

Frumvarp

til laga um löggildingu verzlunarstaða á Sveinseyri við Tálknafjörð í Barðastrandarsýslu, við Hvammsfjörð og Gilsfjörð í Dalasýslu og við Bakkafjörð á Langanesströndum og við Lagarfljótsós í Norður-Múlasýslu.

Frá 1. degi aprílmánaðar 1884 skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:

a. Sveinseyri við Tálknafjörð í Barðastrandarsýslu.
b. Búðardalur við Hvammsfjörð í Dalasýslu.
c. Skarðsstöðin við Gilsfjörð í sömu sýslu.
d. Við Bakkafjörð á Langanesströndum í Norður-Múlasýslu, og
e. Við Lagarfljótsós í Norður-Múlasýslu.

B. Sveinsson, *Jakob Guðmundsson.* *E. Kúld.*
Flutningsmaður.

92.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Island.

Við 1. grein í staðinn fyrir orðin: «meir en helmingur». komi: «þrír fimmtu hlutar».

B. Sveinsson. Þórður Magnússon. Þ. Guðmundsson.
Þórarinn Böðvarsson. F. S. Stefánsson. Jakob Guðmundsson.

93.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um eptirlaun prestekkna.
(Frá þingmanni Reykvíkinga).

Við 1. grein: Í staðinn fyrir »$^1/_{10}$« komi: »$^1/_{12}$«.
Við 2. grein: Í staðinn fyrir »1,000 kr.« komi: »1,200 kr.«

94.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um eptirlaun prestekkna.

Við 2. gr.: fyrir »1,000 kr.« komi: »1,200 kr.«

Þórarinn Böðvarsson. Lárus Blöndal.
Arnljótur Ólafsson. B. Sveinsson.

95.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland
(eins og það var samþ. við 2. umr.).

Við 1. gr. «Að» á eptir «ef» falli burt.
Við 1. gr. Á eptir orðunum: «aðsetur sitt á Íslandi» bætist við: «og er skipuð mönnum, sem hjer á landi eru heimilisfastir, og hafa verið það að minnsta kosti næsta ár á undan, ef þeir eru eigi Íslendingar». Fyrir: «að fiska» komi: «reka fiskiveiðar».

Við 3. gr. Fyrir: «100—2000 kr.» komi: «20 kr. til 2000 kr.»
Við fyrirsögn frv.: á eptir: «hlutafjelaga» komi: «og einstakra manna».

Jón Ólafsson. Arnljótur Ólafsson. Þórarinn Böðvarsson. B. Sveinsson. Egilsson. Th. Thorsteinsson. Þórður Magnússon.

96.

Frumvarp

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja kirkjujörðina Karlskála í Reyðarfirði.

(Flutningsmaður 2. þingmaður Suður-Múlasýslu).

1. Ráðgjafanum veitist heimild til að selja kirkjujörðina Karlskála í Reyðarfirði, sem er eign Dvergasteinskirkju, ábúandanum, fyrir verð, er nemi að minnsta kosti 4400 krónum.

2. Andvirði jarðar þessarar rennur í landssjóð, en landssjóður greiði síðan Dvergasteinskirkju árlega 170 krónur.

97.

Breytingartillaga

(Frá 1. og 2. þingm. Rangæinga)

við frumvarp til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu.

Við 1. gr. Í staðinn fyrir orðin: «undanförnum — orðið fyrir» komi: «næstliðnum árum hafa orðið fyrir stórkostlegum».

Aptan við sömu grein bætist: «Jarðamat þetta skal fram fara á tímabilinu frá 1. júlí til 16. sept. 1884».

Við 2. gr. bætist: «Jarðir þær, sem metast eiga, skulu miðaðar við fyrirmyndarjörðina, og metast til hundraða í því hlutfalli, sem matsmenn álíti að notkunargildi hinnar skemmdu jarðar standi í við fyrirmyndarjörðina».

Að 5. gr. frumv. orðist þannig: «þegar mati þessu er lokið á fyr nefndan hátt, skal sýslumaður senda matsgjörðina í staðfestu eptirriti af matsbókinni, með áliti sýslunefndarinnar, til landshöfðingja, sem þá annast um, að hún komist svo tímanlega til ráðherrans að honum gefist tækifæri til, á alþingisárinu 1885, að hlutast til um, að mat þetta verði staðfest með lagaboði».

Að 6. gr. frumv. falli burt.

Að 7. gr. frumv. verði 6. gr., er orðist þannig: «Fyrir þá daga, sem ganga til matsgjörða þeirra, sem áður er getið, skal veita sýslumanni og hverjum matsmanni í fæðispeninga og ferðakostnað 4 kr. daglega, er greiðist úr landssjóði».

7. gr. (ný gr.) Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884.

98.

Nefndarálit

í málinu um frumvarp til laga um rjettindi og skyldur einstakra manna og kirkjufjelaga, sem eru ekki í þjóðkirkjunni.

Undirskrifaðir, sem hin heiðraða neðri deild alþingis kaus í nefnd til að ræða frumvarp til laga um rjettindi og skyldur einstakra manna og kirkjufjelaga, sem eru

ekki í þjóðkirkjunni, höfum rætt málið á nokkrum fundum, og höfum vjer komizt að þeirri niðurstöðu, að þörf þeirri, er valdið hefur framkomu frumvarps þess, er nefndin fjekk til meðferðar, mundi fullnægt verða með því, ef lögleyft yrði með tilteknum skilyrðum, að stofna frjálsa söfnuði innan þjóðkirkjunnar. Hefur oss því komið saman um, að ráða deildinni til, að fallast á frumvarp í þessa stefnu, er vjer höfum samið, og álítum vjer, að hið upprunalega frumvarp, er vjer fengum til meðferðar, megi þá niðurfalla, enda er það tilgangur flutningsmanns, að taka frumvarp sitt aptur, ef frumvarp það, er vjer höfum samið, nær samþykki deildarinnar.

Frumvarp það, er vjer höfum samið og ráðum deildinni til að samþykkja, er á þessa leið:

Frumvarp

til laga um stofnun frjálsra (sjerstakra) safnaða innan þjóðkirkjunnar.

1. gr. Ef að 20 húsfeður eða fleiri, hvort sem karlar eru eða konur, er heimilisfólk hafa, óska að kjósa sjer prest og stofna söfnuð út af fyrir sig, leyfir kirkjustjórnin það með þeim skilyrðum, sem hjer segir:

a. Að þeir sanni fyrir biskupi landsins, að þeir hafi byggt sjer, eða hafi heimild fyrir kirkju, sem er útbúin með allt, sem nauðsynlegt er til algengrar guðsþjónustu, og ekki er viðhöfð til neins annars.

b. Að þeir hafi samið við einhvern af prestum þjóðkirkjunnar um að takast prestsþjónustuna á hendur, eða við kandidat í guðfræði, sem hefur fullnægt þeim skilyrðum, sem heimtuð eru til prestsembættis í þjóðkirkjunni, og að kosningin hafi verið staðfest af kirkjustjórninni. Sje kandidat kosinn, skal hann taka vígslu sem prestar þjóðkirkjunnar.

c. Að söfnuðurinn sjálfur standist kostnað þann, sem leiðir af forsorgun prestsins og guðsþjónustunni.

Slíka presta mega menn og að kjörprestum hafa, eptir lögum um leysing á sóknarbandi.

2. gr. Meðlimir slíkra safnaða skulu lausir við öll bein gjöld til annara presta og kirkna en kjörprests síns og kirkju þeirrar, er þeir nota. Hver þjóðkirkjuprestur, sem missir tekjur fyrir það, að meðlimir safnaðar hans ganga í frísöfnuð, á rjett á, að fá þær fastar tekjur, er hann missir, endurgoldnar úr landssjóði. Tekjumissirinn skal metinn eptir síðustu 5 ára meðaltali.

3. gr. Kjörprestur og kjörsöfnuður eru undir yfirumsjón hlutaðeigandi prófasts og biskups, og hlýða lögum þeim og tilskipunum, sem gilda í þjóðkirkjunni. Þó getur kirkjustjórnin gjört einstakar undantekningar um helgisiði og fleira, eptir sameiginlegri ósk kjörprestsins og kjörsafnaðarins.

4. gr. Nánari ákvarðanir um stöðu kjörprests og kjörsafnaðar, svo sem um notkun kirkjugarða, færslu kirkjubóka og fl., semur kirkjustjórnin.

5. gr. Nú fullnægir kjörsöfnuður ekki einhverjum þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, og missir hann þá rjett til að vera kjörsöfnuður út af fyrir sig.

Alþingi, 17. júlí 1883.

Jón Ólafsson, formaður.	Þórarinn Böðvarsson, skrifari og frams.m.	Jakob Guðmundsson.

99.

Viðaukauppástunga

við frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir
(frá 1. þingmanni Kjósar- og Gullbringusýslu.)

Við 1. gr. tölulið 17. bætist:

18. Brekku í Inngarði í Rosmhvalanesshrepp ..... 1600 kr.

100.

Frumvarp

til laga um, að eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsa greiðist eigi af jafnaðarsjóðum amtanna nje af bæjarsjóði Reykjavíkur.
(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

Það, sem ólokið verður 31. desembr. 1883 af kostnaði þeim, er samkvæmt 5. grein tilskipunar 4. marz 1871 um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., hefur gengið til bygginga fangelsa, skal eigi framar teljast jafnaðarsjóðum amtanna nje heldur bæjarsjóði Reykjavíkur til skulda nje greiðast úr þeim. Andvirði fangelsisins á Húsavík rennur í landssjóð.

101.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga, er banna að sleppa hákarli í sjó á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl.
(Frá flutningsmönnum frumvarpsins).

1. Við 1. gr. Á eptir orðunum: «neinum hluta þeirra», bætist inn í: «á svæðinu milli Straumness í Ísafjarðarsýslu og Langaness í Þingeyjarsýslu».
2. Við 2. gr. Á eptir orðinu: «hákarlsveiði», bætist inn í: «milli Straumness og Langaness».
3. Við 4. gr. Á eptir orðunum: «á þeim tíma», bætist inn í: «og því svæði».

102.

Frumvarp

til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland.
(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Fiskiveiðar í landhelgi skulu að eins vera heimilar dönskum þegnum, þó er hlutafjelögum heimilt að reka fiskiveiðar þessar, ef meir en helmingur fjelagsfjárins er eign danskra þegna og stjórn fjelagsins hefur aðsetur sitt á Íslandi og er skipuð mönnum, sem hjer á landi eru heimilisfastir. Að eins búsettir menn á Íslandi og innlend hlutafjelög hafa rjett til að fiska á opnum bátum í landhelgi.

2. gr. Áður en fjelagið tekur til starfa, skulu samþykktir þess sýndar lögreglustjóra þar á staðnum, svo og breytingar þær, er eptir á verða gjörðar á þeim, og skal hann gæta þess, að þær sjeu lögum samkvæmar, og yfir höfuð hafa eptirlit með því að lögum þessum sje fylgt. Að öðru leyti er fjelagið, að því er fiskiveiðar snertir, háð hinum almennu lögum um fiskiveiðar í landhelgi, fiskhelgi og nótlögum.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 20—2000 kr., er greiðast í

landssjóð. Hið opinbera sækir slík mál, og skal með þau fara, sem með opinber lögreglumál.

103.

Frumvarp

til laga um breyting á 2. og 3. gr. laga um stofnun læknaskóla í Reykjavík 11. febr. 1876.

(frá þingm. Borgfirðinga)

1 gr. Forstöðumaður læknaskólans, sem jafnframt er landlæknir, skal hafa 3600 kr. í laun á ári hverju.

2 gr. Hinn fasti kennari skal hafa í árleg laun 2400 kr.

104.

Frumvarp

til laga um breyting á 7. gr. í lögum 14. desember 1877 um tekjuskatt,

(flutningsmaður 3. konungkjör. þingmaður).

Þegar embættislaun, biðlaun og eptirlaun eru talin til skattgjalds, samkvæmt 7. gr. í lögum um tekjuskatt 14. desember 1877, skal draga frá árgjald það, sem embættismaður greiðir, samkvæmt fyrirmælum opins brèfs 31. maí 1855, til að útvega konu sinni fjárstyrk eptir sinn dag, og skatturinn að eins lúkast af þeirri upphæð, sem eptir verður.

105.

Nefndarálit

í landsreikningamálinu 1878—1879.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefur falið oss á hendur, að taka til íhugunar frumvarp það til laga um samþykkt landsreikningsins fyrir árin 1878 og 1879, er stjórnin hefur nú á ný lagt fyrir þingið ásamt frumvarpi til fjáraukalaga fyrir sömu ár, og leyfum vjer oss að segja álit vort um málefni þetta á þessa leið.

Frumvarp það um samþykkt landsreikningsins fyrir 1878 og 1879, er hjer ræðir um, er í þremur atriðum frábrugðið frumvarpi því er þingið samþykkti 1881.

1. Þingið 1881 felldi úr reikningsfrumvarpinu 500 kr., er veittar höfðu verið umsjónarmanni Feilberg í ferðastyrk til Noregs í þarfir Íslands. Þessar 500 kr. eru nú aptur teknar upp í frumvarpið.

Eins og sjest af athugasemdunum við frumvarp stjórnarinnar hefur stjórnarráðið um vorið 1876 samið við hið danska landbúnaðarfjelag um að fá umsjónarmann Feilberg til þess að takast ferð á hendur til Íslands, til þess að rannsaka búnaðarástand landsins, kostnaðurinn var áætlaður að nema mundi 2000 kr., og skyldi helmingur hans, 1000 kr., greiðast úr landssjóði, en hinn helmingurinn af landbúnaðarfjelaginu. En þegar Feilberg hafði lokið ferðinni, kvaðst hann eigi hafa eytt meiru en 1000 kr. alls til ferðarinnar, svo að tillag landssjóðsins varð aðeins 500 kr. Síðan var hann aptur ráðinn til Íslands ferðar 1877 og þá einnig heitið 2000 kr. í ferðastyrk, er greiðast skyldi á sama hátt sem áður, en er þeirri ferð var lokið, vildi Feilberg ekki þyggja allt það fje, er hann hafði varið til ferðarinnar, og þáði fyrir báðar ferðirnar til samans, að eins 2000 kr.

kr., sem var ekki nema helmingur þess fjár, er hann átti kost á. Hann hefur þannig í raun og veru sparað landssjóðnum árið 1876 500 kr. og aptur árið 1877 500 kr. alls 1000 kr. Af þessum 1000 kr., sem hann þannig hafði sparað landssjóðnum, veitir svo stjórnarráðið honum 500 kr. sem ferðastyrk til Noregs og skyldi hann í þeirri ferð sjer í lagi kynna sjer ástand búnaðarskólans á Stend með tilliti til Íslands. Það er þessi 500 kr. fjárveiting, sem þingið 1881 vildi ekki samþykkja, ekki svo mjög af því, að hjer var að ræða um umframgreiðslu á fjárlögunum, sem af hinu, að útlendum manni var veitt fjeð til að ferðast um annað land en Ísland. En þegar þess er gætt, að búnaðarskólinn á Stend hefur nú um nokkur ár verið talsvert sóttur af Íslendingum, og þeir, sem til þekkja, telja þann skóla betur lagaðan eptir vorum þörfum, en aðra skóla erlendis, þá virðist oss ekki vera næg ástæða til að finna að því, þótt stjórninni þætti æskilegt, að maður, sem vit hefði á, rannsakaði ástand þessa skóla með tilliti til þarfa Íslands. Að vísu þykir oss það óheppilegt, að engin skýrsla hefur sjezt um árangurinn af þessari Noregs ferð umsjónarmanns Feilbergs, því að vjer álítum, að þegar ferðastyrkur er þannig veittur, þá hafi þing og þjóð rjett til að fá að vita eitthvað um árangur þeirrar ferðar, er styrkurinn er veittur til. En þegar samt sem áður er litið til þess, hversu Feilberg hefur verið óheimtufrekur á fje landsins fyrir ferðir sínar, og svo einnig þess, hversu búnaðarskólinn á Stend hefur verið sóttur af Íslendingum, og að ferðin óefað átti að vera þarfir Íslands, þá virðist öll sanngirni mæla með því, að fjárveiting þessi, þótt hún sje umframgreiðsla, verði ekki gjör að prætuefni, heldur samþykkt.

2. Árið 1878 hjelt prófessor Konráð Gíslason próf í íslenzku máli yfir dönskum manni og veitti stjórnin honum fyrir það 100 kr. Þessar 100 kr. felldi þingið 1881 burtu úr reikningsfrumvarpinu, en stjórnin hefur nú aptur tekið þær upp í frumvarp það, er hjer liggur fyrir.

Í konungsúrskurði 27. maí 1857 er svo fyrir mælt, að þeim manni, er prófar í íslenzku danska menn, er sækja um embætti hèr á landi, skuli greidd þóknun, og í ástæðunum fyrir konungsúrskurðinum er bent á, að þóknun þessi skuli tekin af þeim 4000 rdl., er ætlaðir voru í fjárlögunum til óvissra útgjalda Íslands. Meðan fjárhagurinn var *óaðskilinn* skipti litlu, hvaðan þóknun þessi var tekin. Aptur þótti nefndinni meira um vert að vita, hverri reglu fylgt hefur verið *eptir* fjárhagsskilnaðinn og leitaði hún því upplýsinga hjá landshöfðingja um þetta, og hefur hann skýrt oss frá því, að fyrir að halda hið umrædda próf í íslenzku hafi

árið 1871--72	verið greiddar . .	100 kr.
— 1872—73	— — . .	» —
— 1873 $^1/_4$—$^{31}/_{12}$	— . .	50 —
— 1874	. . . . .	50 —
— 1875	. . . . .	» —
— 1876	. . . . .	» —
— 1877	. . . . .	» —

Nefndin álítur í rauninni kostnað þennan landssjóði óviðkomandi, en þegar þess er gætt, að þetta hefur verið regla að undanförnu, og einkum þess, að stjórnin lofar nú, að það skuli ekki eiga sjer stað framvegis, og enn fremur að hjer er um enga ofgreiðslu að ræða, þá ræður nefndin deildinni til að samþykkja þessar 100 kr.

3. Útgjöldin til dómgæzlu og lögreglumála eru í þessu frumvarpi (útgjalda-

megin B. 3.) 97 kr. 81 e. hærri en í frumvarpinu 1881. Á þessu stendur þannig að árið 1878 hefur, eptir athugasemdum og áliti yfirskoðunarmanna, nokkur launaofgreiðsla átt sjer stað, nefnil.

a. til bæjarfógeta embættisins í Reykjavík . . . Kr. 3,02
b. - sýslum. embættisins í Kjósar og Gullbr.sýslu — 115,62
c. - — — — — — — Mýra og Borgarfj. — — 232,33

og hefur ráðherrann fyrst aðhyllzt þessa skoðun yfirskoðunarmanna með því, að taka hana til greina í frumvarpinu, er lagt var fyrir þingið 1881; en seinna hefir stjórnarráðið samt komizt að annari niðurstöðu, þar sem það í frumvarpinu, er nú liggur fyrir, hefur talið útgjöldin til dómgæzlu og lögreglumála 97 kr. 81 e. hærri en í frumvarpinu 1881.

Brjef stjórnarráðsins til landshöfðingja, dagsett 22. júlí 1881, sem er prentað aptan við frumvarpið, sem og skýrsla sú, dagsett 7. þ. m., er landshöfðingi hefir látið oss í tje um þetta atriði, frá hinum umboðslega endurskoðanda, (sjá fylgiskjalið) sýnir ljóslega, hvernig tjeðar 97 kr. 81 e. koma fram; og jafnvel þó það kunni að vera skiptar skoðanir um það, hvort launagreiðslunni sje skipt sanngjarnlega niður á tímabilinu, sem er fyrir utan verksvið nefndarinnar að dæma um, þá fáum vjer eptir framkomnum upplýsingum, ekki sjeð að landssjóður geti átt heiming á frekara endurgjaldi fyrir ofgreidd laun til fyrrnefndra embætta árið 1878, en 253 kr. 16 a., og leyfum oss því að ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja einnig þetta atriði.

Samkvæmt hinu framanskrifaða er það tillaga vor, að hin háttvirta deild samþykki frumvarp til laga um samþykkt landsreikningsins 1878 og 1879 að því er þessi þrjú atriði snertir. Að öðru leyti höfum vjer og íhugað hin önnur atriði frumvarpsins og ekki fundið neitt sjerstaklega athugavert nema fjárveiting þá, að upphæð 80 kr., fyrir eyðublöð undir sjóleiðarbrjef, er hefur átt sjer stað meðal óvissra útgjalda (útgjaldamegin 9). En með því að þingið 1881 samþykkti þessa fjárgreiðslu, vill nefndin eigi þegar leggja það til að synjað sje þessarar fjárveitingar.

Það leiðir af framanskrifuðum tillögum vorum, að vjer einnig ráðum deildinni til að samþykkja frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1878 og 1879.

Alþingi 17. júlí 1883.

Arnljótur Ólafsson form. og framsögum. — Magnús Andrjesson (skrifari.) — G. E. Briem.

Fylgiskjal.

Hin umboðslega endurskoðun.

Reykjavík, 7. d. júlím. 1883.

Þar sem útgjaldaliður 3 B eða útgjöld til dómsgæzlu og lögreglustjórnar eru færð upp um 97 kr. 81 eyr. í frumvarpi því til samþykktar á landsreikningunum 1878 og 1879, sem lagt hefur verið fyrir alþingi 1883, þá er því þannig háttað.

Yfirskoðunarmenn alþingis hafa í tillögum sínum við landsreikninginn 1878 27. gr. (bls. 114) lagt það til:

1) B. I. 2. að laun bæjarfógetaembættisins í Reykjavík færist niður um 3 kr. 2 au.
2) B. I. 6. að laun sýslumannsembættisins í Kjósar- og Gullbringusýslu færist niður um . . . . . 115 — 62 —

3) B. I. 6. að laun sýslumannsembættisins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu færist niður um . . . . . 232 kr. 33 au.

eru samtals 350 kr. 97 au.

Þrátt fyrir svar landshöfðingja uppá 27. athugagr. yfirskoðunarmanna við landsreikninginn 1878 (sjá landsreikninginn 1878 og 1879 bls. 97.), sem tekur fram, að í öllu falli verði «að draga frá (ɔ: frá hinum ofangreindu upphæðum, sem áttu að endurborgast landssjóði) endurgjald fyrir skrifstofukostnað» o. sv. frv., voru þó þessar tillögur teknar til greina í því frumvarpi til laga um samþykkt á landsreikningnum, sem lagt var fyrir alþingi 1881, og var það fyrir þá sök að landshöfðinginn hafði skilið ráðaneytið svo, sem það ekki gæti fallizt á skoðanir hans í þessu efni (sbr. Rhbr. 22. júlí 1881 bls. 5 í frumvarpinn 1883.)

Af 27. gr. athugasemda við landsreikninginn 1878 ,og af svari landshöfðingjans uppá þessa grein, má sjá bæði hvern tíma L. E. Sveinbjörnson og bæjarfógeti E. Th. Jónassen gegndu þeim embættum, sem nefnd eru í tillögum yfirskoðunarmanna, og eru það þeir sem áttu að endurgjalda landssjóði þessar 350 kr. 97 aura. Átti L. E. Sveinbjörnsson að greiða . . . . . 243 kr. 64 au.
en E. Th. Jónassen . . . . . 107 — 33 —

samtals 350 kr. 97 au.

Sýslumannsembættið í Kjósar- og Gullbringusýslu og bæjarfógetaembættið í Reykjavík höfðu í óvissar tekjur (eptir því sem landshöfðinginn hefur reiknað út eptir bókum embættanna) að meðaltali 5 síðustu árin á undan 1878, en það ár var L. E. Sveinbjörnsson settur frá 1. maí til 6. júní, árlega . . . . . 5486 kr. 44 au.
en þar frá ber að draga árlegt meðaltal embættisútgjalda fyrir sama tímabil, en það var . . . . . 2151 — 78 —

hreinar tekjur 3334 kr. 66 au.

og er helmingurinn af því pro rata temporis 164 kr. 45 au. Útreikningurinn á launum E. Th. Jónassens, þegar þau eru talin eptir sömu reglu, mun vera nægilega útskýrður í Rhbr. 22. júlím. 1881 í niðurlaginu.

Eptir tillögum yfirskoðunarmanna, og frumvarpinu sem lagt var fyrir þingið 1881, er gengið út frá því, að L. E. Sveinbjörnsson eigi að greiða aptur 243 kr. 64 au.
og E. Th. Jónassen eigi að greiða . . . . . 107 — 33 —

samtals 350 kr. 97 au.

og er útgjaldaliðurinn 3 B því færður upp um sömu upphæð. En eptir skilningi landshöfðingjans, sem ráðaneytið ávallt hefur samþykkt, þótt landshöfðinginn áliti annað um tíma, á að draga embættisútgjöldin frá, og þegar það er gjört eins og áður er sýnt, á L. E. Sveinbjörnsson að greiða . . . . . 164 kr. 45 au.
og E. Th. Jónassen . . . . . 88 — 71 e.

samtals 253 — 16 —

mismunur 97 kr. 81 e.

og er það orsökin til þess að hinn áðurnefndi útgjaldaliður er færður upp í frumvarpinu 1883 um 97 kr. 81 eyri.

Indriði Einarsson.

Til

Landshöfðingjans.

106.

Breytingartillaga

við frumv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla. (frá þingm. Vestur-Skaptfellinga).

Við 2. gr. Þykkvabæjarklaustursbrauði leggist 200 kr. minnst úr landssjóði, og Meðallandsþingi, er nær yfir Langholtssókn, 400 kr.

107.

Viðaukauppástunga

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr.í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla. (frá þingmanni Vestur-Skaptfellinga).

Komi 11. gr. ný. Kálfafellsprestakall skal hjer eptir vera brauð út af fyrir sig, og leggist til þess 300 kr. minnst úr landssjóði.

108.

Nefndarálit

í málinu um útgjöld til hinnar innlendu landsstjórnar.

Eitt af því, er oss undirskrifuðum var falið á hendur að íhuga, með tilliti til sparnaðar fyrir landssjóð á sínum tíma, voru eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra, og er vjer yfirveguðum «tilsk. 31. maí 1855 um eptirlaun», þótti oss að hún bæði ákveði eptirlaunin of há, svo að jafnvel getur hugsazt, að hún freisti embættismanna til að fá lausn frá embætti, áður en nauðsyn beinlínis krefur og auk þess að efni til ekki eiga hjer við, með því að hún er upprunalega danskt lagaboð nálega óbreytt. — Vjer ætlum því, að vjer munum komast sem næst óskum þessarar heiðruðu deildar, með því að koma fram með frumvarp um eptirlaun embættismanna, er fari nokkuð í líka stefnu og lög þau, er þingið bjó til 1879 um eptirlaun presta, enda sparast á sínum tíma nokkurt fje fyrir landið á þann hátt, en með því að tilsk. 31. maí 1855 hljóðar um eptirlaun handa ekkjum embættismanna og styrk handa börnum þeirra, höfum vjer og tekið það mál til athugunar og þótti oss rjett að koma einnig fram með nýjar tillögur, hvað þetta snerti, og fyrir því leyfum vjer oss að koma fram með eptirfylgjandi:

Frumvarp

til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.

1. gr. Embættismenn þeir, að prestum fráskildum, er konungur skipar sjálfur beinlínis eða óbeinlínis í embætti, og hafa laun sín af landssjóði, hafa rjett til eptirlauna, þá er þeim er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, er þeim er ósjálfrátt um. Eptirlaunin skulu greidd úr landssjóði; en þó einhver sje settur embættismaður um stundarsakir, hefur hann eigi rjett til eptirlauna.

2. gr. Eptirlaun embættismanna skulu talin eptir þjónustu-aldri þeirra þannig, að þá er laun þeirra eru 3000 kr. eða minni, skulu eptirlaunin vera 20 kr. fyrir hvert

þjónustu-ár. Sjeu launin 5000 kr. eða minni, en þó yfir 3000 kr., skulu eptirlaunin fyrir ár hvert, er embættismaðurinn hefur þjónað, vera 40 kr., enda hafi hann að minnsta kosti um 5 ár þjónað embætti með hærri launum en 3000 kr., annars sjeu eptirlaunin 20 kr. fyrir ár hvert. Sá embættismaður, sem um 5 ár hefur þjónað embætti með hærri launum en 5000 kr. fær í eptirlaun 50 kr. fyrir hvert þjónustu-ár, að öðrum kosti sjeu eptirlaunin talin 40 kr. fyrir þjónustu-ár hvert. Embættismaður sjötugur að aldri hefur rjett til að fá lausn frá embætti með eptirlaunum eptir lögum þessum.

3. gr. Ef eitthvert embætti er lagt niður, þá á embættismaður sá heimtingu á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í biðlaun um 5 ár, en skyldur skal hann til að taka aptur við embætti því, sem að minnsta kosti hafi jafnmiklar tekjur og embætti það, er niður var lagt. Hafi hann eigi fengið nýtt embætti að 5 árum liðnum, verða honum veitt eptirlaun. Ár þau, er hann hefur notið biðlauna, skulu talin með embættisárum hans, en eptirlaunin skulu talin eptir embættistekjum þeim, er hann hafði áður en embættið var lagt niður. Sama er og, þótt hann taki við nýju embætti, er minni laun fylgja. Um dómendur fer eptir 44. gr. stjórnarskrárinnar.

4. gr. Þá er embættismaður sækir um eptirlaun, og reikna skal embættislaun þau, er hann hefur haft, skulu að eins talin þau föstu laun, sem embættinu eru lögð, og launabót sú, sem manninum kann að hafa verið veitt sjálfum, en hvorki skrifstofukostnaður, endurgjald fyrir hestahald, leigulaus bústaður, nje önnur slík hlunnindi. En eigi skal draga það frá, sem embættismaðurinn leggur í ekkjusjóð.

5. gr. Þá er embættismaður slasast, án þess honum verði gefin sök á, er hann er að gegna embætti sínu, svo að hann verði að sleppa embætti, skal ákveða laun hans með sèrstöku lagaboði, en þangað til það er gjört, heldur hann helmingi af embættistekjum sínum.

6. gr. Sá embættismaður, sem fyrirgjörir embætti sínu eða verður vikið frá embætti fyrir þær sakir, er honum verður um kennt, missir einnig rjett til eptirlauna.

7. gr. Nú hefur embættismaður fengið eptirlaun og biðlaun, og missir hann þau:

1. ef hann fær aptur embætti og laun, enda sjeu þau eigi minni en hin fyrri laun hans voru.
2. Ef hann fyrir konungsleyfi fram gengur í þjónustu annars ríkis.
3. Ef hann tekur sjer bústað í öðru ríki, utan samþykki konungs komi til.
4. Ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði í því verið.

8. gr. Nú tekur embættismaður, sem hefur fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, við nýju embætti, og hefur hann þá, er hann sleppir því embætti, rjett til sinna fyrri eptirlauna, hafi hann eigi með þjónustu hins nýja embættis áunnið sjer rjett til hærr eptirlauna.

9. gr. Konur þær, sem verða ekkjur eptir embættismenn, sem rjett höfðu til eptirlauna, eða nutu þeirra þegar, skulu hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði helmin af eptirlaunum þeim, er mönnum þeirra bar, eða þeir höfðu þegar fengið.

10. gr. Nú giptist kvennmaður embættismanni eldri en 60 ára eða á banasæng hans, eða þá er hann hefir fengið lausn frá embætti, og hefir hún þá eigi rjett til eptirlauna, og eigi heldur sú kona, er að lögum var skilin við mann sinn áður en hann andaðist.

11. gr. Þá missir ekkja eptirlaun:

1. Er hún giptist á ný.
2. Er hún sezt að í öðru ríki án þess leyfi konungs komi til.
3. Er hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmandi.

Nú missir ekkja eptirlaun sín af því að hún hefir gipzt að nýju, og á hún þá rjett til að fá hin sömu eptirlaun og hún hafði áður, ef hún verður aptur ekkja, nema hún í hinu síðara hjónabandi öðlist rjett til hærri eptirlauna.

12. gr. Föður- og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem rjett höfðu til eptirlauna, má veita með sjerstöku lagaboði, hverju fyrir sig, allt að 100 kr. á ári, ef þau þess við þurfa, þangað til þau eru 20 ára.

13. gr. Embættismenn þeir, er embætti hafa fengið áður en lög þessi öðlast gildi, svo og ekkjur þeirra og börn, halda rjetti sínum til þeirra eptirlauna, er eldri lög ákveða.

14. gr. Hjer með er tilsk. 31. maí 1855 um eptirlaun úr lögum numin.

15. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884.

Tryggvi Gunnarsson formaður. Þorkell Bjarnason framsögumaður. Arnljótur Ólafsson skrifari.

F. S. Stefánsson. Þorlákur Guðmundsson.

109.

Frumvarp

til laga um kosningu presta.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis.)

1. gr. Þá er brauð losnar, skulu allir sóknarmenn í því prestakalli, þeir er hafa óflekkað mannorð og gjalda til prests og kirkju, kjósa sjer prest af þeim, sem um brauðið sækja og hafa hina lögboðnu hæfilegleika til prestskapar.

2. gr. Sá sem sækir um laust brauð, skal senda umsóknarbrjef sitt í tveim samritum annað til biskups, en hitt til prófasts í því hjeraði, sem brauðið er í.

3. gr. Þá er 8 vikur eru liðnar frá því, er brauðið var auglýst til veitingar, skal biskup senda prófasti skrá yfir umsækendur. Skal biskup og skýra frá því, ef einhver þeirra ekki hefur lögboðna hæfilegleika til prestskapar.

4. gr. Prófastur sendir söfnuði eða söfnuðum prestakallsins skrá þá, er biskup hefur honum sent. Prófastur skýrir og frá nöfnum þeirra, er honum hafa umsóknarbrjef sent, ef þau eru ekki á skrá biskups, sem og frá því, ef einhver þeirra ekki hefur lögboðna hæfilegleika til prestskapar.

5. gr. Af þessum umsækendum skal söfnuðurinn eða söfnuðirnir kjósa sjer prest á þeirri stund og stað í prestakallinu, sem sóknarnefndarmenn prestakallsins koma sjer saman um og auglýsa öllum kjósendum með nægum fyrirvara. Stýrir sóknarnefnd kosningunni, ef ekki er nema ein sókn í prestakalli; en sje þær fleiri, kjósa allir sóknarnefndarmenn þrjá menn úr sínum flokki til kjörstjóra.

6. gr. Kjörstjórnin ákveður í hverri röð kjósendur kjósa. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann sjálfur komi á kjörfund. Ekki er kjörfundur lögmætur, nema tveir hlutir þeirra, sem kosningarrjett hafa í prestakallinu, mæti á fundi og greiði atkvæði.

7. gr. Kjörstjórar kjósa einn ur sínum flokki, til að stýra kjörfundi, en hinir tveir rita á kjörskrár atkvæði kjósenda. Ritar annar nafn kjósanda hans og við það nafn

þess manns, er hann kýs; en hinn ritar fyrst nafn hvers þess, er kosinn er og við nafn hans nöfn allra þeirra, er hann kjósa.

Þegar öllum kjósendum hefur verið gefinn nægur tími til og kostur á að greiða atkvæði, rita kjörstjórar sjálfir atkvæði sín í kjörbækurnar. Því næst telja þeir atkvæði saman og lýsa yfir því, hver flest atkvæði hafi fengið. Enginn er rjettkosinn, nema hann hafi fengið meira en helming atkvæða þeirra, sem greidd hafa verið. Nú hefur enginn fengið svo mörg atkvæði, sem til er skilið, og skal kjósa af nýju óbundnum kosningum, og fái þá enn enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal kjósa að eins milli þeirra tveggja, sem höfðu fengið flest atkvæði við hina seinni kosningu. Hlutkesti ræður um hverja tvo kjósa skuli, ef fleiri en tveir hafa jafn mörg atkvæði fengið við aðra kosningu. Svo og skal hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

8. gr. Ekki er kosning sóknarmanna gild, nema biskup staðfesti hana og gefi hinum kosna köllunarbrjef. Nú synjar biskup um staðfestingu á kosningu, og hafa sóknarmenn rjett á að kjósa af nýju, unz biskup staðfestir kosningu þeirra og gefur hinum kosna köllunarbrjef.

9. gr. Þegar kosning hefur fram farið, sendir kjörstjórn tafarlaust prófasti kosningargjörðina með vottorði sínu um, að hún sje rjett. Síðan sendir prófastur biskupi skýrslu um kosninguna. Synji biskup um, að staðfesta kosninguna, skýrir hann prófasti frá því, en prófastur söfnuði prestakallsins, sem þá kýs af nýju, svo sem fyr segir í 5. til 7. gr.

110.

Frumvarp

til laga um horfelli á skepnum.

(Frá nefndinni).

1. gr. Skylt skal hreppsnefndum að haustlagi að hvetja hreppsbúa sína til, að hafa viðunanlegt húsrúm og nægilegt fóður handa fjenaði þeim, sem þeir setja á vetur og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að horfella fjenað sinn.

2. gr. Svo opt á vetri hverjum, sem hreppsnefnd álítur nauðsynlegt, skal hún grenslast eptir fóðurbyrgðum hreppsbúa og meðferð þeirra á fjenaði sínum.

Nú þykir hreppsnefnd, sem fjenaði einhvers hreppsbúa sje ekki borgið eða illa með hann farið, skal þá hreppsnefndarmanni heimilt að kveðja með sjer 2 búendur, þá er næstir fást því heimili, til að skoða fjenað og fóðurbyrgðirnar og má enginn án löglegra forfalla skorast undan þeirri för.

Nú eru skepnur að áliti hreppsnefndarmanns og skoðunarmanna fóðurlausar eða illa meðfarnar og áminna þeir þá, sem hafa þær undir hendi, að útvega handa þeim nægilegt fóður, ef mögulegt er, og eru þeim til að stoðar í því, en að drepa þær, sem er ólífvænt eða ekki getur fengizt fóður fyrir.

3. gr. Nú fellur fjenaður úr hor, og er um að kenna vísvitandi hirðuleysi eða harðýðgi þess, er hann undir hendi hefur, þá skal hreppstjóri tafarlaust tilkynna sýslumanni málavöxtu, en hann tekur málið fyrir, og er sá maður sekur samkvæmt 299. gr. hegningarlaganna.

4. gr. Sýslumaður skal á manntalsþingi ár hvert brýna fyrir mönnum, að hegða sjer eptir lögum þessum og grenslast eptir, hvort eigi hafi verið framið brot gegn þeim.

111.

Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1882 og 1883.

Á 3. fundi neðri deildar alþingis 4. þ. m. var máli þessu vísað til vor, sem fjárlaganefndar, og skyldum vjer kveða upp skoðun vora um fjártillag það, sem stjórnin beiðist í viðbót við það fje, fyrir árin 1882 og 1883, sem veitt var í fjárlögunum fyrir þessi ár, og verður skoðun vor sú, sem nú skal greina.

Við 2. gr. Fjárbón þessi virðist nokkuð undarleg, þegar litið er til þess, á annan bóginn að tekjur kirkju þessarar eru talsvert meiri að jafnaði en gjöld hennar, svo að afgangurinn, sem greiddur er í landssjóð, nemur 77 kr. 69 aur. árið 1881, og 1882: 28 kr. 75 aur. þrátt fyrir óvanalegan kostnað til viðgjörðar kirkjunni, sem nam því nær 60 kr., og á hinn bóginn, að reikningum kirkjunnar, sem annara kirkna, er haldið út af fyrir sig, og til engra annara útgjalda hennar þykir þörf að útvega samþykki fjárveitingarvaldsins. Það virðist því eðlilegast, að þessar 160 kr., sem hjer er beðið um, hefðu verið greiddar af fje kirkjunnar, og mundu þær þá að líkindum hafa verið að miklu borgaðar með afgangi þeim, sem kirkjan mun hafa haft á fjárhagstímabilinu. En úr því það hefur eigi verið gjört, viljum vjer ráða hinni heiðruðu deild til að veita fje þetta. En að öðru leyti vill nefndin út úr þessari fjárbón vekja athygli fjárveitingarvaldsins á því, hvort eigi muni rjettast framvegis, að taka allar tekjur og útgjöld allra kirkna landssjóðsins upp í fjárlögin, eins og hverra annara eigna hans, eða þá að semja við hlutaðeigandi söfnuði, að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna samkvæmt lögum 12. maí 1882 2. gr. og yrði málið þá að sjálfsögðu lagt fyrir þingið.

Við 3. gr. Með því að harðærið hefur verið svo mikið þessi hin síðustu ár, virðist ef til vill í fyrsta áliti ástæða til að veita þessa eptirgjöf, sem fram á er farið í þessari grein, en nefndin getur þó eigi ráðið til þess, því að bæði er fje þetta svo lítið, að hlutaðeigandi sýslur munar ekkert um það, allra sízt Borgarfjarðarsýslu, enda hefur skuld Snæfellinga staðið nógu lengi, þótt þeir nú loksins stæðu í skilum með leigurnar af 20 ára gömlu láni. Vjer viljum því ráða hinni heiðruðu deild frá, einkum til að koma eigi þeirri reglu á, að lántakendur dragi um skör fram eða leiði hjá sjer, að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir lánum úr landssjóð, að samþykkja uppgjöf þá á leigum af skuld Snæfellinga og Borgfirðinga, sem fram á er farið í grein þessari.

Við 4. gr. Nefndin getur eigi ráðið deildinni til, að veita þetta fje; því þegar þess er gætt, að hlutaðeigandi sýslumaður hafði þó um 2½ mánuð, sem hann þjónaði Strandasýslu, 134 kr. umfram kostnað, getur nefndin eigi ráðið til að þær 100 kr., sem hjer ræðir um, verði veittar; en ef meiri kostnaður hefur lent á beiðandanum við að gegna sýslumannsembættinu í Dalasýslu um þennan hálfan þriðja mánuð, en að rjettri tiltölu við hina hluta ársins, virðist hann eiga aðganginn annaðhvort að dánarbúi þess, sem á undan var, eða þeim, sem skipaður var í embættið á eptir; en nefndin verður að telja þennan kostnað landssjóðnum með öllu óviðkomandi.

Eins og kunnugt er, var hjeraðslæknir Ólafur Sigvaldason skipaður læknir í 7. læknisumdæmi frá 1. d. sept. 1876, en því næst var honum af landshöfðingja falið á hendur, að gegna 5. læknishjeraðinu líka. Nú er það samkvæmt launalögunum 15. októb. 1875, að þegar einhver embættismaður er skipaður til að gegna öðru embætti jafnframt

sínu eigin, þá beri honum og helmingur þeirra launa, sem því embætti eru lögð. Það getur því enginn efi á því leikið, að Ólafi lækni Sigvaldasyni beri 1125 kr. fyrir það 1½ ár, sem hann þjónaði 5. læknishjeraðinu, enda hafði neðri deild alþingis á alþingi 1881 samþykkt þessa fjárveitingu, og það var að eins fyrir eitthvert óhapp, að Ólafur Sigvaldason hefur eigi fengið þetta fje greitt. Með því nú læknirinn hefur beðið einn nefndarmanna, að ítreka bæn sína um greiðslu þessa fjár til sín, stingur nefndin upp á því, að skjóta inn nýrri grein um fjárveitingu til þessa á milli 4. og 5. gr.

Við 5. gr. Enda þótt póstar þeir, sem hjer ræðir um, eigi ekki neina beina heimting á skaðabótum fyrir tjón það, sem þeir urðu fyrir vorið 1882, eins og stjórnin og játar, verður þó nefndin að vera stjórninni samdóma um það, að öll sanngirni mæli með því, að landssjóður bæti þeim að nokkru leyti að minnsta kosti hið mikla tjón, sem þeir biðu í þjónustu landsins beint sökum veðráttunnar, og vill því ráða deildinni til, að samþykkja greinina óbreytta.

Við 6. gr. Enda þótt að prestar þeir, sem nú sitja í brauðum þeim, sem uppbót er ætluð, en fá hana eigi samkvæmt lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, eigi ekki heimting á uppbót brauða sinna, virðist öll sanngirni mæla með því, að þeir að minnsta kosti fái nokkra þá uppbót, sem þá muni. Reyndar hafa og brauð þessi fengið nokkra bót af þeim 4000 kr., sem veittar voru í hinum síðustu fjárlögum; en þessar 4000 kr. hafa alls eigi nægt til uppbótar hinum fátæku brauðum, svo sem nauðsyn bar til, allra sízt í þessum árum, þar sem prestar beint vegna harðærisins, sem auk þess eins hefur gengið yfir þá og aðra landsbúa, að öllum líkindum hafa misst talsvert af tekjum sínum, því að gjaldendur hafa eigi getað greitt öll skyldugjöld sín, og prestar hafa helzt setið á hakanum. En þar sem á fjárhagstímabilinu 1882 og 1883 ýms af þessum brauðum hafa losnað og uppbótin því að sjálfsögðu leggst á landssjóð af þeim brauðum, og oss virðist eigi næg ástæða til að veita þeim prestum uppbót, sem hafa fengið betra brauð, virðist nefndinni, að prestunum á uppbótarbrauðunum mundi vera borgið, ef veitt væri auk hinna 4000 kr., sem veittar eru, enn fremur 1500 kr., eða helmingurinn af þeim 3000 kr., sem um er beðið, enda fengju þá prestar þeir, sem uppbótina ættu að fá fyrir þetta fjárhagsár, því nær tillag það, sem brauðum þeirra er ætlað eptir lögum 27. febr. 1880.

Nefndinni hefur borizt bónarbrjef frá prestinum að Odda í Rangárvallasýslu, sjera Matthíasi Jochumssyni, dags. 5. dag þ. m. þar sem hann biður um eptirgjöf á afgjaldi því af Oddabrauði fyrir hin síðustu 2 ár, sem hann skyldi greiða samkvæmt lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, 700 kr. á ári. Samkvæmt þeim skýringum um þetta efni, sem nefndin hefur fengið í skýrslu þeirra manna, sem sýslumaður hefur til nefnt 16. dag janúarmámaðar þessa árs til að gjöra skoðun á skemmdum Odda og jarða þeirra er heyra prestakallinu til, verður nefndin að viðurkenna, að brauðið hefur orðið fyrir allmiklum tekjumissi við skemmdir jarðanna, er sumar hafa lagzt í eyði, og orðið með öllu óbyggilegar, og það gefur að skilja, að tekjur prestsins hljóta að hafa talsvert minnkað við harðæri það, sem yfir landið hefur gengið hin síðustu 2 ár, en um það efni höfum vjer engar skýrslur fengið, og getum því ekkert um það sagt; vjer viljum þó ráða hinni heiðruðu deild til að leggja samþykki sitt á, að hlutaðeigandi presti verði eptir gefinn helmingur árgjaldsins eða 700 kr. fyrir bæði árin.

Þegar til hins atriðisins kemur, sem nefnt er í 6. greininni, eða 500 kr. til Möðruvallaskólans, þá virðist nefndinni það í rauninni sannast að segja, að eigi sje full nauðsyn á leikfimiskennslu við slíkan skóla, þar sem flestir lærisveinar eru eldri en svo, að leikfimiskennsla sje nauðsynleg fyrir þá. En úr því leikfimishús er þar reist á annað borð og leikfimiskennsla er þar lögboðin, vill nefndin þó leggja það til, að hinar umbeðnu 500 kr. verði veittar til kaupa áhalda við leikfimiskennsluna við skóla þennan, en líka beinlínis til þeirra sjerstaklega, en alls eigi sem viðbót við fje það. sem veitt er til kaupa á bókum og öðrum áhöldum.

Nefndin sjer eigi næga ástæðu til að fallast á fjárveitingu þá, sem farið er fram á í 7. gr., og vill því eigi ráða þingdeildinni til að aðhyllast hana.

Samkvæmt því, sem nú er talið, viljum vjer ráða hinni heiðruðu deild til, að samþykkja frumvarp það, sem hjer ræðir um, með þeim breytingum, sem nú skal greina.

Við 1. gr. Í staðinn fyrir: «4770 kr. 54 a.», komi: «4135 kr.»

2. gr. óbreytt.

Við 3. gr. Greinin falli burt.

Við 4. gr. Greinin falli burt.

Milli 4. og 5. gr. komi svo hljóðandi gr.:

»Sem viðbót við 11. gr. 1. fjárlaganna fyrir árin 1882 og 1883 veitast «1125 kr. handa hjeraðslækni í 7. læknishjeraði, Ólafi Sigvaldasyni, fyrir þjónustu hans «í 5. læknishjeraði frá 1. sept. 1876 til 28. febr. 1878».

5. gr. óbreytt.

Við 6. gr. Fyrir: «3000 kr.» í fyrri lið greinarinnar, komi: «2200 kr., og af því 700 kr., er prestinum að Odda, sjera Matthíasi Jochumsyni, verði eptir gefnar af árgjaldinu af Odda fjárhagstímabilið 1882— 1883.

Síðari liðurinn óbreyttur.

7. gr. falli burt.

Alþingi 17. dag júlímánaðar 1883.

Egilsson. Eiríkur Bríem. Halldór Kr. Friðriksson. Lárus Blöndal. Th. Thorsteinson.
framsögumaður.

Tryggvi Gunnarsson, Þorlákur Guðmundsson.
formaður.

112.

Nefndarálit

(frá nefndinni í málinu: um útgjöld til hinnar innlendu landsstjórnar).

Neðri deild alþingis hefur kosið oss í nefnd, til að hugleiða, hvort eigi yrði sparað nokkuð af gjöldum landssjóðsins til launa ýmsra embættismanna landsins. Eptir að hafa skoðað mál þetta vandlega, höfum vjer komizt til þeirrar niðurstöðu, að eigi væri ráðlegt, að lækka laun skólakennaranna og skrifstofukostnað embættismannanna; en aptur á móti gætu verið sómasamleg og nægileg laun, þó talsvert væri lækkuð laun þeirra embættismanna, er hærri laun eru veitt með launalögunum dags. 15. októb. 1875.

Af framansögðum ástæðum vill nefndin ráða hinni heiðruðu neðri deild alþ. til þess, að fallast á eptirfylgjandi frumvarp.

Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um laun íslenzkra embættismanna dags. 15. októb. 1875.

1. gr. Biskupi skal veita í árslaun 6000 kr.

2. gr. Amtmönnum, hvorum fyrir sig, skal veita í árslaun 4500 kr.

3. gr. Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árslaun 5000 kr.

Öðrum dómendum í landsyfirrjettinum skal veita í árslaun, hvorum fyrir sig, 3200 kr.

4. gr. Landfógetanum skal veita í árslaun 3200 kr.

5. gr. Forstöðumanni prestaskólans skal veita í árslaun 4000 kr.

6. gr. Forstöðumanni hins lærða skóla skal veita í árslaun 3600 kr. og leigulausan bústað í skólahúsinu.

7. gr. Embættismenn þeir, er fengið hafa veitingu fyrir embættum þessum áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einkis í missa við þau, meðan þeir sitja í sama embætti.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1884.

Tryggvi Gunnarsson formaður og framsögumaður. Arnljótur Ólafsson. F. S. Stefánsson.

Þorkell Bjarnason. Þorlákur Guðmundsson.

113.

Frumvarp

til laga um breyting á opnu brjefi 27. maí 1859 um, að ráða útlenda menn á dönsk skip, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild alþingis 19. júlí 1883).

Ákvörðunin í opnu brjefi 27. maí 1859 um, að helmingur skipshafnar á dönskum skipum, er gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi, skuli vera menn, er eigi heima í hinu danska konungsveldi, er úr lögum numin.

114.

Þingsályktun

(samþykkt í neðri deild alþingis 19. júlí 1883).

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á ráðherra Íslands, að hlutast til um, að á næsta ári eða svo fljótt sem auðið er, verði gjörð ráðstöfun til þess, að mældar verði innsiglingaleiðir á hafnir hjer á landi, þær sem eru enn ómældar, einkum á Húnaflóa inn á Borðeyri.

115.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um horfelli á skepnum, eins og það gekk til annarar umræðu.

(Frá meiri hluta nefndarinnar).

1. við 1. gr. Eptir «skylt skal», bætist inn í: «hreppstjórum og».

2. við 2. gr. Fyrir: «hreppsnefnd» í fyrstu málsgrein, komi: «hreppstjóri» og fyrir: «hún» komi: «hann». Fyrir «hreppsnefnd» í annari málsgrein komi: «hreppstjóra»; fyrir: «skal þá hreppsnefndarmanni» komi: «skal honum þá». Og í 3. málsgrein, fyrir: «hreppsnefndarmanni» komi: «hreppstjóra».

116.

Lagafrumvarp

til breytingar á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík.
(Frá nefndinni í málinu um útgjöld til hinnar innlendu landsstjórnar).

1. gr. Landlæknirinn, sem jafnframt er forstöðumaður læknaskólans, skal hafa í árslaun 3600 kr.

2. gr. Hinn fasti kennari við læknaskólann hefur í árslaun 2200 kr.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884.

Tryggvi Gunnarsson formaður. Arnljótur Ólafsson framsögumaður. Þorkell Bjarnason.
F. S. Stefánsson. Þorlákur Guðmundsson.

117.

Frumvarp

til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja Reykjavíkurkaupstað Arnarhólslóðina í Reykjavíkur lögsagnar-umdæmi.
(Flutningsmaður þingmaður Reykvíkinga).

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að selja Reykjavíkurkaupstað hina svo nefndu Arnarhólslóð í lögsagnar-umdæmi Reykjavíkurkaupstaðar þannig, að bærinn greiði árlega 400 kr. í landssjóð.

2. gr. Gjald af lóðum, sem fylgja húsum þeim, sem byggð eru á Arnarhólslóð, fellur til bæjarsjóðs, ef kaupin komast á.

3. gr. Heimild þessi nær að eins til 31. des. 1885.

118.

Lagafrumvarp

um breyting á lögum 15. okt. 1875 um aðra skipun á læknahjeruðum.
(Frá nefnd. í málinu um útgjöld til hinnar innlendu stjórnar).

1. gr. Læknar þeir, er þjóna læknahjeruðum þeim, er nefnd eru í 1. gr. læknalaganna 15. okt. 1875, skulu fá í árslaun 1300 kr. En læknar þeir, er taldir eru í 2. gr. *sömu* laga, skulu í árslaun hafa 1600 kr.

2. gr. Enginn sá læknir, er fast embætti hefur, má heimta hærri borgun en til er tekin í 4. gr. læknalaganna. En úr lögum skal tekin sú 25 aura þóknun, er hver sá skal greiða, er leitar ráða heima hjá lækni, án þess að sækja hann.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884, og ná einungis til þeirra lækna, er fá veiting fyrir læknisembætti eptir þann tíma.

119.

Dagskrá með ástæðum.

Í þeirri von, að ráðherra Íslands með alúð framkvæmi ályktun þingsins frá 1881 um heimtu á 34,302 kr. (lestagjaldi af póstgufuskipunum) «úr ríkissjóði, ef þörf gjörist, með lögsókn gegn fjármálastjórn Dana», tekur þingdeildin næsta mál á dagskránni til umræðu.

Arnljótur Ólafsson. Grímur Thomsen.

120.

Frumvarp

til laga um afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841.

(Frá þingmanni Borgfirðinga).

Konungsúrskurður 20. jan. 1841 um ferðastyrk af almannafje til háskólans í Kaupmannahöfn handa íslenzkum stúdentum er úr lögum numinn.

121.

Breytingartillaga

við frumvarp nefndarinnar til laga um breyting á 5. gr. í tilskip. 5. sept. 1794.

Málsgreinin: «Hegningarákvarðanir 5. gr. — lögum numdar» falli burtu.

B. Sveinsson.

122.

Breytingartillaga

við frumvarp nefndarinnar til laga um horfelli á skepnum.

1. 1. gr. orðist þannig: «Hreppsnefndir eiga að hvetja hreppsbúa sína til að fara vel með skepnur sínar og hafa viðunanlegt húsrúm og nægilegt fóður handa fjenaði þeim, er þeir setja á vetur; sjer í lagi skulu þær brýna fyrir þeim þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að horfella fjenað sinn og þann skaða, er af því geti leitt fyrir þá og aðra.»
2. 2. gr. falli burt.
3. 3. gr., er verður 2. gr., orðist þannig: «Ef maður lætur fjenað þann, er hann hefur undir hendi, verða svo magran, að hann falli eða auðsætt þyki að hann falli fyrir fóðurskort, hirðuleysi eða harðýðgi, þá varðar það sektum til hlutaðeigandi sveitarsjóðs allt að 20 kr., nema þyngri hegning liggi við því eptir öðrum lögum».
4. Aptan við 4. gr., er verður 3. gr., bætist: «og skal fara með slík brot sem opinber lögreglumál.»

Eiríkur Briem. Þorlákur Guðmundsson.

123.

Frumvarp

til laga um að afnema gjöld af fasteignarsölum til landssjóðs.

(eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

Gjald það, sem greiða ber af andvirði fasteigna til landssjóðs samkvæmt tilskip. 8. febr. 1810, þá er þær ganga að kaupum og sölum, er hjermeð úr lögum numið.

124.

Frumvarp

til laga um friðun hvala.

(Frá 2. þingmanni Eyfirðinga og þingmanni Strandamanna).

1. gr. Allir hvalir, nema hnísur og höfrungar, skulu friðaðir fyrir skotum á tímabilinu frá 1. marz til 1. nóvember ár hvert.

2. gr. Á tímabili því, sem nefnt er í 1. gr., má veiða hvali, ef það er eigi gjört

með skotum, sem byssur eða þesskonar eldvopn eru höfð til, svo sem með því að reka hvali á land, skutla þá með handskutli, eður á annan hátt.

3. gr. Nú er hvalur upp í netlögum og kemst eigi á brott þaðan fyrir hafís, eða fyrir sakir þess, að girt er fyrir með síldarnót, eður einhverju slíku, og er heimilt að skjóta hann þar, þótt á þeim tíma sje, sem hvalir eru friðaðir.

4. gr. Finnist skot með þinglýstu marki í hval, sem annaðhvort kemur á reka, eður finnst dauður á floti, skal skotmaður engan hlut úr honum fá, nema hann sanni, að hann skaut hval þann á tímabili því, sem eigi er bannað að skjóta hvali.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 2000 kr. fyrir hvern hval, sem ólöglega er veiddur, og renna sektirnar í landssjóð.

6. gr. Með sektamál eptir lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

125.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um eptirlaun prestekkna.

1. Fyrir «1200 kr.», komi: «1000 kr.».
2. Fyrir «svívirðilegt», komi: «ósæmilegt».

Tryggvi Gunnarsson. Th. Thorsteinson.
Þórður Magnússon. Þorlákur Guðmundsson.
Þorsteinn Jónsson. Jón Ólafsson. F. S. Stefánsson.

126.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um bæjarstjórn á Ísafirði.
(frá þingmanni Strandasýslu).

Við 1. gr. Orðin: «með hjáleigunnni Stekkjanesi (= Stakkanesi)» falli burt.

127.

Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um löggildingu verzlunarstaða.

Á eptir: «e. Við Lagarfljótsós í Norður-Múlasýslu»
bætist við: «f. Við Selnesbót við Þverhamar í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, og
«g. Hrúteyri við Reyðarfjörð í sömu sýslu».

Fyrirsögn frv. lagist þessu samkvæmt,

Jón Ólafsson. 2. þingm. Suður-Múlasýslu.

128.

Frumvarp

til laga, er banna að sleppa hákarli í sjó á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl.
(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild alþingis).

1. gr. Á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl ár hvert, má enginn, sem veiðir hákarl, hvort heldur á opnum skipum eða þilskipum, sleppa í sjó hákarlaskrokkum eða neinum hluta þeirra á svæðinu milli Straumness í Ísafjarðarsýslu og Langaness í Þingeyjarsýslu, nema formaður skips álíti, að lífi og skipi sje hætta búin að öðrum kosti.

Fyrir brot gegn þessari grein skal svara sekt, er nemi 20 krónum fyrir hverja tunnu (120 potta) hákarlslifrar, er til lands er flutt, án þess hákarl fylgi.

Formaður svarar til sekta, en taka skal þær, eptir því sem tala rennur til, af öllum er hlut eiga í aflanum.

2. gr. Í hvert skipti sem skip kemur til lands frá hákarlsveiði milli Straumness og Langaness á tímabili því, sem nefnt er í 1. grein, skal formaður tafarlaust láta strandgæzlumann þann, sem þar er skipaður, vita um komu skipsins, og má engan afla flytja burt frá skipi fyrri en strandgæzlumaður hefur komið til og litið á aflann. Skal strandgæzlumaður líta eptir, hvort hákarl og hákarlslifur, sem til lands er flutt, sje í sennilegum hlutföllum hvað við annað.

3. gr. Nú flytur skip hákarl á land í einhverju strandgæzlusvæði, en fer með lifrina í annað, og skal formaður fá hjá strandgæzlumanni, þar sem hákarlinn er fluttur á land, vottorð um það, hve mikla lifur megi álíta samsvara þeim hákarli, er þar var á land fluttur. Skal formaður sýna vottorð þetta strandgæzlumanni þar, sem lifrin er flutt á land.

Sje bæði hákarl og lifur að eins að nokkrum hluta flutt á land, þar sem skip kemur fyrri, skal formaður fá hjá strandgæzlumanni skrifað álit hans um hlutfallið milli hákarls þess og lifrar, og sýna álitið strandgæzlumanni, þar sem afli er síðar borinn af skipi.

Við brotum gegn þessari grein liggja sektir frá 5 til 50 króna, eptir málavöxtum.

4. gr. Sje hákarli sleppt í sjó á þeim tíma og á því svæði, sem það er bannað, fyrir þær sakir, að formaður álítur það óhjásneiðanlegt til að bjarga lífi eða skipi, skal formaður, þá er til lands kemur, tafarlaust gefa strandgæzlumanni skýrslu, undirskrifaða af honum og öðrum skipverjum, um öll atvik, er að þessu lúta. Skal senda skýrsluna sýslumanni, með áliti strandgæzlumanns og hreppstjóra um það, hvort hún sje sennileg eður eigi. Þyki skýrsla formanns á nokkurn hátt ósennileg, skal sýslumaður, svo fljótt sem hann fær því við komið, rannsaka það mál, eða láta formenn og háseta staðfesta skýrslur sínar með eiði.

5. gr. Fyrir ferðir, sem strandgæzlumaður þarf að fara, til að líta eptir hákarlsafla, samkvæmt lögum þessum, skal hann fá slíka borgun, sem ákveðin er í lögum 13. jan. 1882, um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, 3. gr. Greiðir formaður borgunina fyrir sína hönd og annara, er hlut eiga í aflanum.

6. gr. Sektir allar, er gjalda skal eptir lögum þessum, renna í sveitarsjóð þar sem skip lendir, og lagabrot verður uppvíst.

129.

Frumvarp

til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu.

(Eins og það var samkykkt við 2. umræðu í efri deild alþingis.)

1. gr. Allar þær jarðir í Rangárvallasýslu, sem á næstliðnum árum hafa orðið fyrir stórkostlegum skemmdum af völdum náttúrunnar, skulu metast til dýrleika í hundraðatali. Sýslunefndin kveður á um, hverjar þær jarðir eru, er meta skal, eptir að hún hefur leitað um það álits hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Jarðamat þetta skal fara fram á tímabilinu frá 1. júlí til 16. september 1884.

2. gr. Í sýslunni skulu 3 menn, sem til eru kvaddir af sýslunefndinni, er hún álít-

ur bezt til þess fallna, framkvæma matið. Skulu þeir leysa starf þetta svo af hendi, að þeir geti verið við því búnir að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Sýslumaður stendur fyrir matinu og stjórnar því, en tekur eigi þátt í atkvæðagreiðslunni. Sýslunefndin tilnefnir að minnsta kosti eina jörð í hverri þeirri sveit, sem matið fer fram í, er hún álítur hæfilegast metna að hundraðatali eptir jarðabókinni frá 1861, matsmönnum til fyrirmyndar. Jarðir þær, sem metast eiga, skulu miðaðar við fyrirmyndarjörðina, og metast til hundraða í því hlutfalli, sem matsmenn álíta að notkunargildi hinnar skemmdu jarðar standi í við fyrirmyndarjörðina.

3. gr. Eiganda jarðar eða umboðsmanni skal tilkynnt að mat eigi fram að fara, svo tímanlega, að hann geti verið þar við staddur. Sje eigandi eða umboðsmaður óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, getur hann borið málið upp fyrir sýslunefndinni, sem leggur úrskurð á málið eptir að hún hefir leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar, og gjört þær ráðstafanir, er hún álítur með þurfa.

4. gr. Sýslumaður skal hafa löggilta bók til að rita í matsgjörðirnar.

5. gr. Þegar mati þessu er lokið á fyrnefndan hátt, skal sýslumaður senda matsgjörðina í staðfestu eptirriti af matsbókinni, með áliti sýslunefndarinnar, til landshöfðingja, sem þá annast um, að hún komist svo tímanlega til ráðherrans að honum gefist tækifæri til á alþingisárinu 1885, að hlutast til um, að mat þetta verði staðfest með lagaboði.

6. gr. Fyrir þá daga, sem ganga til matsgjörða þeirra, sem áður er getið, skal veita sýslumanni og hverjum matsmanni í fæðispeninga og ferðakostnað 4 kr. daglega, er greiðist úr landssjóði.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884.

130.

Frumvarp

til laga um breyting á lögum frá 15. marz 1861 um vegabótagjald.

(Frá þingmönnum Ísfirðinga).

Sýslunefndinni í Ísafjarðarsýslu skal heimilt, að verja allt að helmingi af vegabótagjaldi sýslunnar, til að greiða samgöngur á sjó með gufuskipsferðum.

131.

Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaða.

Á eptir staflið e. bætist: «f. við Fjallahöfn í Norður-Þingeyjarsýslu».

Fyrirsögnin breytist þessu samkvæmt.

B. Sveinsson, 2. þingmaður Norður-Múlasýslu.

132.

Frumvarp

til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild alþingis 21. júlí 1883).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, sem að minnsta kosti nemur þeirri upphæð, er tilfærð er við hverja þeirra:

1) Vík í Dyrhólahreppi ..... fyrir 7,370 kr.
2) Þverá í Kleifahreppi ..... — 2,027 —
3) Hlíð í Leiðvallahreppi ..... — 2,360 —
4) Arnarnes í Eyjafjarðarsýslu ..... — 3,200 —
5) Hrísakot í Húnavatnssýslu ..... — 900 —
6) Miðhóp í sömu sýslu ..... — 5,000 —
7) Kornsá í sömu sýslu ..... — 5,400 —
8) Kringlu í sömu sýslu ..... — 1,800 —
9) Orrastaði í sömu sýslu ..... — 3,000 —
10) Grund í Svínadal í sömu sýslu ..... — 4,500 —
11) Haga í sömu sýslu ..... — 2,450 —
12) Spítalaeignina Kaldaðarnes í Arnessýslu með hjáleigunum:
a. Höskuldsstöðum,
b. Mosastöðum,
c. Magnúsfjósum,
d. Valdastöðum,
e. Móakoti,
f. Hreiðurborg og
g. Miðhúsum
og með Kaldaðarneskirkjujörðunum:
a. Kálfhaga og
b. Lambastöðum ..... — 17,000 —
13) Heiði með Breiðstöðum í Sauðárhreppi ..... — 5,000 —
14) Hjaltastaði í Skagafjarðarsýslu með 2 hjáleigum ..... — 6,200 —
15) Páfastaði í sömu sýslu ..... — 3,000 —
16) Litlu-Gröf í sömu sýslu ..... — 1,800 —
17) Þórðarstaði í Hálshreppi ..... — 1,625 —

2. gr. Landshöfðinginn gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum, og ákveður kaupverð það, er jarðirnar megi seljast fyrir, en lætur áður 2 dómkvadda menn virða hverja jörð fyrir sig. Kostnaðurinn við það greiðist af landssjóði.

3. gr. Helmingur kaupverðsins má standa í hinni seldu jörð, en kaupandi gefur út fyrir honum skuldabrjef með fyrsta veðrjetti í jörðinni og 4 af hundraði í vöxtu árlega, og skal það samið einsog skuldabrjef, sem gefin eru út fyrir lánum af ómyndugra fje, en eigi skal landssjóður eiga rjett á að segja upp láninu, meðan kaupandi, ekkja hans eða þeirra börn eiga jörðina og hafa sjálf ábúð á henni allri, samt halda skilmála þá, sem settir eru í skuldabrjefinu. Af hinum helmingi kaupverðsins greiðist helmingur um leið og kaupbrjef er gefið út, og af því, sem þá er eptir, $^1/_5$ á ári í næstu 5 ár, og stendur hin selda jörð einnig sem veð fyrir þessum hluta kaupverðsins.

4. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir aðeins til 31. desember 1890.

133.

Lagafrumvarp

um áfnám aðflutningsgjalds af útlendum skipum.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild 21. júlí 1883).

Aðflutningsgjald það skal úr lögum numið, er hingað til hefur hvílt á útlendum skipum, sem keypt eru af dönskum þegnum, er heimilisfastir eru á Íslandi.

134.

Breytingartillaga

við breytingartillögu við frumvarp nefndarinnar til laga um horfelli á skepnum.

Þessi orð (í «3. gr. er verður 2. gr.»): «eða auðsætt þyki að hann falli» falli niður.

Arnljótur Ólafsson.

135.

Frumvarp

til laga um eptirlaun prestekkna.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild alþingis).

1. gr. Þær konur, er hjer á eptir verða ekkjur presta, er rjett höfðu til eptirlauna, eða þegar nutu þeirra, skulu, að undanteknum þeim, er getur um í 5. grein, hafa rjett til að fá í eptirlaun $^1/_{10}$ hluta af tekjum brauðanna, eins og þær eru ákveðnar í því brauðamati sem þá er í gildi; þó mega eptirlaunin aldrei nema minna en 100 krónum.

2. gr. Þá er tekjur brauðsins nema 1200 kr. eða meiru, greiðast eptirlaunin af brauðinu, en að öðrum kosti úr landssjóði.

3. gr. Ef fleiri en ein ekkja er á brauði, greiðist þó að eins af brauðinu eptirlaun einnar, en eptirlaun hinna úr landssjóði.

4. gr. Ef kona sóknarprests, er ekkja verður, eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, hefur eptir reglum þeim, er áður giltu, fengið rjett til að fá hærri eptirlaun en þau, er lög þessi heimila henni, þá heldur hún þessum rjetti. Mismunurinn á stærð eptirlaunanna greiðist úr landssjóði.

5. gr. Prestaekkjur þær, sem engin eptirlaun hafa, er lög þessi öðlast gildi, sökum þess að maður þeirra var prestur í fátæku brauði, fái 100 kr. úr landssjóði að eptirlaunum ár hvert.

6. gr. Þær ekkjur hafa ekki rjett til eptirlauna, er hafa gipzt eldra manni en 60 ára, eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti, eða ef hjónabandinu var algjörlega slitið á undan dauða mannsins.

7. gr. Þá missast eptirlaun ekkna, 1) er ekkjan giptist aptur, — 2) er hún sezt að í útlöndum án leyfis konungs, — 3) er hún í 3 ár eigi hefur hirt eptirlaunin, enda getur hún eigi á síðan sannað lögleg forföll, — 4) er hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er svívirðileg. Þá er eptirlaun tapast af því, að ekkjan hefur gipzt aptur, á hún rjett á að nyju að fá hin sömu eptirlaun, er hún aptur verður ekkja, ef hún ekki hefur öðlazt rjett til eptirlauna með hinni seinni giptingu.

8. gr. Ekkjur presta, er í embætti sínu deyja, eiga rjett á samkvæmt konungs-

brjefi 5. júní 1750 að fá hjá stiptsyfirvöldunum eina af kirkjujörðum brauðsins til ábúðar fyrir vanalegt eptirgjald.

9. gr. Skylda sú, er samkvæmt konungsbrjefi 5. júní 1750 og tilsk. 3. maí 1743 hvílir á þeim, er fá veitingu fyrir vissum brauðum, til að greiða þóknun til fátækra prestekkna og hins lærða skóla, er úr gildi numin.

136.

Viðaukatillaga

við frumvarp um löggilding nokkurra verzlunarstaða.

Aptan við stafl. e bætist:

f. Selnesbót við þverhamar í Breiðdal í Suðurmúlasýslu.
g. Hrúteyri við Reyðarfjörð í sömu sýslu.
h. Við Fjallahöfn í Norðurþingeyjarsýslu.
i. Stokkseyri í Árnessýslu.
k. Í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu.

B. Sveinsson. Þorlákur Guðmundsson.

137.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga, er banna að sleppa hákarli í sjó á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl.

(Frá flutningsmönnum frumvarpsins og þingmanni Norðurþingeyinga).

Fyrsti liður 1. greinar orðist þannig:

Á sjáfarsvæði því við norðurströnd landsins, er takmarkast að austan af beinni línu í norður frá Langanesi, en að vestan af beinni línu í norður frá Straumnesi, má enginn, sem veiðir hákarl, hvort heldur á opnum skipum eða þilskipum, á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl ár hvert sleppa í sjó hákarlaskrokkum eða neinum hluta þeirra, nema formaður skips álíti, að lífi og skipi sje hætta búin að öðrum kosti.

138.

Athugasemdir

við frumvarp til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu.

(Frá 1. og 2. þingm. Rangæinga).

Lögskilaskyldan, sem hvílir á hundraðatali jarða, sem er: tíund til prests, kirkju og fátækra, ábúðarskattur, sýslusjóðsgjald, búnaðarskólagjald og fl., fælir menn frá ábúð á hinum stórskemmdu jörðum, bæði þeim, sem lafa í byggð og líka hinum, sem komnar eru í eyði, en sem þó eru ekki allar alveg óbyggilegar.

Í Landmannahreppi teljast að vera 34 jarðir alls, þar af eru stórskemmdar, og meira og minna eyðilagðar 13
nokkuð skemmdar 15
lítið eða ekki skemmdar 6
samt. 34

Í Rangárvallahreppi teljast að vera 42 jarðir, þar af stórskemmdar og eyðilagðar

meira og minna	16
nokkuð skemmdar	14
lítið eða ekki skemmdar	12
samt.	42

Um næstl. ár, er sandblástranir hafa langmest átt sjer stað, og þaraf leiðandi eyðilegging jarðanna, hafa sveitarútsvör manna í nefndum hreppum hækkað óvenjulega mikið sem eðlilegt er, enda hafa sumir velefnaðir menn flúið frá jörðum sínum til annara sveita. Það er viðurkennt á mörgum stöðum, að Rangárvallasýsla sje hæst metin, að hundraðatali, af öllum sýslum landsins, og því heldur sem það mun vera rjett álitið, þá er því fremur ástæða til, að hinar skemmdu jarðir í sýslunni verði metnar á ný, svo þeir, sem hlut eiga að máli, búi ekki undir tvöfaldri ósanngirni í því efni.

Sumum kann að virðast, sem þetta jarðamat, er frumvarpið fer fram á, megi bíða eptir gagngjörðri endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861, en þegar litið er á afdrif þess máls þing af þingi, þá má búast við að það eigi langt í land og muni enn bíða fram í óákveðinn tíma, sem þetta sjerstaka jarðamat þolir engan veginn, enda kemur það ekki á neinn hátt í bága við endurskoðun jarðabókarinnar.

139.

Tillaga til þingsályktunar.

Efri deild alþingis ályktar að kjósa nefnd til að semja ávarp til konungs, er meðal annars votti hans hátign, stjórn hans og bræðrum vorum í Danmörku þakklæti landsbúa fyrir þá miklu hjálp, sem þessi bræðraþjóð vor hefur veitt Íslendingum, til að afstýra hinni miklu neyð, er leiddi af harðærinu á nærverandi tíma.

Hin sama nefnd taki og til íhugunar, á hvern hátt að þingið sem bezt fái vottað utanríkis heiðursmönnum verðugt þakklæti fyrir þær miklu gjafir, er safnað hefur verið Íslendingum til hjálpar.

Sighvatur Árnason. Skúli Þorvarðsson.

140.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga, er breyta tilskipun 5. september 1794, 5. gr.

1. Í fyrirsögninni falli burt: «5. gr.»
2. Í stað: «Hegningarákvarðanir» i síðari málsgrein komi: «Ákvarðanir».

Lárus Blöndal. Tryggvi Gunnarsson. Arnljótur Ólafsson.
Eiríkur Briem. Th. Thorsteinson. Þórður Magnússon. Þorlákur Guðmundsson.

141.

Frumvarp

til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu.
(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis.)

1. gr. Allar þær jarðir í Rangárvallasýslu, sem á næstliðnum árum hafa orðið fyrir stórkostlegum skemmdum af völdum náttúrunnar, skulu metast til dýrleika í hundraðatali. Sýslunefndin kveður á um, hverjar þær jarðir eru, er meta skal, eptir að hún hefur leitað um það álits hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Jarðamat þetta skal fara fram á tímabilinu frá 1. júlí til 16. september 1884.

2. gr. Í sýslunni skulu 3 menn, sem til eru kvaddir af sýslunefndinni, er hún álítur bezt til þess fallna, framkvæma matið. Skulu þeir leysa starf þetta svo af hendi, að þeir geti verið við því búnir að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Sýslumaður stendur fyrir matinu og stjórnar því, en tekur eigi þátt í atkvæðagreiðslunni. Sýslunefndin tilnefnir að minnsta kosti eina jörð í hverri þeirri sveit, sem matið fer fram í, er hún álítur hæfilegast metna að hundraðatali eptir jarðabókinni frá 1861, matsmönnum til fyrirmyndar. Jarðir þær, sem metast eiga, skulu miðaðar við fyrirmyndarjörðina, og metast til hundraða í því hlutfalli, sem matsmenn álíta að notkunargildi hinnar skemmdu jarðar standi í við fyrirmyndarjörðina.

3. gr. Eiganda jarðar eða umboðsmanni skal tilkynnt að mat eigi fram að fara, svo tímanlega, að hann geti verið þar við staddur. Sje eigandi eða umboðsmaður óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, getur hann borið málið upp fyrir sýslunefndinni, sem leggur úrskurð á málið eptir að hún hefir leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar, og gjört þær ráðstafanir, er hún álítur með þurfa.

4. gr. Sýslumaður skal hafa löggilta bók til að rita í matsgjörðirnar.

5. gr. Þegar mati þessu er lokið á fyrnefndan hátt, skal sýslumaður senda matsgjörðina í staðfestu eptirriti af matsbókinni, með áliti sýslunefndarinnar, til landshöfðingja, sem þá annast um, að hún komist svo tímanlega til ráðherrans, að honum gefist tækifæri til á alþingisárinu 1885, að hlutast til um, að mat þetta verði staðfest með lagaboði.

6. gr. Fyrir þá daga, sem ganga til matsgjörða þeirra, sem áður er getið, skal veita sýslumanni og hverjum matsmanni í fæðispeninga og ferðakostnað 4 kr. daglega, er greiðist úr landssjóði.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884.

142.

Uppástunga

til þingsályktunar.

(Frá þingmanni Reykvíkinga).

Alþingi skorar á ráðherra Íslands, að skjóta eigi landsyfirrjettardómi, kveðnum upp 23. dag júlím. þ. á., í launamáli Þorgríms hjeraðslæknis Johnsens, til hæsta-rjettar.

143.

Breytingaratkvæði

við frumvarp til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland.

Við 1. gr. Í staðinn fyrir «dönskum þegnum» komi: «þegnum Dana konungs» — og fyrir orðin: «danskra þegna» seinna í greininni, komi: «þegna Dana konungs».

Jón Pjetursson. St. Eiríksson. S. Melsteð.

144.

Nefndarálit.

Vjer höfum íhugað frumvarp það til laga um stofnun háskóla, sem neðri deild alþingis fjekk oss til álita.

Höfum vjer orðið allir á einu máli um það, að gjöra þær breytingar á frumvarpi þessu, sem nú skal greina:

1. Að í 1. gr. frumvarpsins og í fyrirsögn þess komi í staðinn fyrir: «háskóli», orðið: «landsskóli».
2. Að 2. og 3. grein haldist óbreytt.
3. Um 4. grein höfum vjer nefndarmenn þar á móti ekki getað orðið ásáttir. Meiri hlutinn, Grímur Thomsen og Lárus Blöndal, leggjum það til, að þessi grein verði felld úr frumvarpinu, með því vjer viljum ráða til þess, að fastir kennarar verði ekki skipaðir að svo stöddu í lagakennslu, heldur að tiltekin upphæð, 3000 kr. um árið, fyrir fjárhagstímabilið 1884 og 1885, verði fyrst um sinn veitt til tjeðrar kennslu. Minni hlutinn, Benidikt Sveinsson, ræður þar á móti deildinni til að samþykkja þessa grein óbreytta.
4. Viðvíkjandi 5. grein var það aptur samhuga álit nefndarmanna, að orðin í enda greinarinnar: «eptir tillögum — umsjón hans» falli burt, og
5. Viðvíkjandi 6. grein, að í staðinn fyrir: «í alþingishúsinu» komi: «í lestrarsal og nefndarherbergjum alþingishússins».

Alþingi 21. júlí 1883.

Grímur Thomsen,	Benidikt Sveinsson,	Lárus Blöndal.
formaður.	framsögumaður.	skrifari.

145.

Breytingartillögur

við frv. til l. um stofnun frjálsra safnaða innan þjóðkirkjunnar.

(Frá nefndinni).

Við fyrirsögnina: Í stað «frjálsra (sjerstakra) safnaða» komi: «Frísafnaða».

Við 1. gr. «Að» á eptir «Ef» falli burt.

Við 2. gr. Í stað: «Kjörprests» komi: «Prests».

Við sömu gr. «Hver þjóðkirkjuprestur . . . . meðaltali» falli burt.

Við 3. gr. Í stað: «Kjörprestur og kjörsöfnuður» komi: «Frísöfnuðir og prestar þeirra».

Við 4. gr. Í stað: «Kjörprests og kjörsafnaðar» komi: «Frísafnaða og presta þeirra».

Við 5. gr. «Kjörsöfnuður» breytist í: «Frísöfnuður».

Við sömu gr. «kjörsöfnuður út af fyrir sig» breytist í: «Frísöfnuður í þjóðkirkjunni».

146.

Uppástunga til þingsályktunar.

Alþingi skorar á ráðherra Íslands að hlutast til um, að greiddar verði búi Dr. Jóns sál. Hjaltalíns þær 750 kr., sem enn eru ógreiddar af þeim 1000 kr., sem honum voru veittar í viðurkenningarskyni í fjárlögunum 1882 og 1883, 15. gr. í eitt skipti fyrir öll.

H. Kr. Friðriksson.

147.

Breytingaratkvæði

við frumvarp til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland.

1. gr. Byrjun 1. gr. orðist þannig:

1. «Að eins búsettir menn á Íslandi og innlend hlutafjelög hafa rjett til að fiska með opnum bátum í landhelgi, þó er hlutafjelögum heimilt að reka þar»
2. «síldarveiðar» komi í stað: «fiskiveiðar».
3. Orðið «þessar», falli burt. («Ef meir — heimilisfastir» standi óbreytt).

3. gr. «20—2000 kr.» breytist í: «10—1000 kr.»

Á. Thorsteinson.

148.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um kosningu presta.

(Frá þingm. Borgfirðinga, 1. þingm. Eyfirðinga og 2. þingm. Gullbr.- og Kjósarsýslu).

1., við 8. gr. Í stað orðanna: «unz biskup staðfestir — — köllunarbrjef» komi: «Synji biskup í annað sinn um staðfestingu, kjósa þeir enn á ný; en synji hann í þriðja sinni, og hafi sami maður hlotið kosning, skal hún gild allt að einu».

2., bætist við ný 10. gr. «Lausn frá prestaembættum veitist eptir sömu reglum og hingað til».

149.

Breytingartillaga

við breytingartillögu við frumvarp til laga um stofnun frjálsra safnaða innan þjóðkirkjunnar (frá nefndinni).

Við fyrirsögnina: Í stað «frísafnaða» komi: «Lausasafnaða» (og þannig alstaðar í frumv.).

Arnljótur Ólafsson. F. S. Stefánsson. H. Kr. Friðriksson. Þorkell Bjarnason. Þorlákur Guðmundsson. Eiríkur Briem.

150.

Frumvarp

til laga um horfelli á skepnum.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild)

1. gr. Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að haustlagi að hvetja hreppsbúa sína til, að hafa viðunanlegt húsrúm og nægilegt fóður handa fjenaði þeim, sem þeir setja á vetur og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að horfella fjenað sinn.

2. gr. Nú fellur fjenaður úr hor, og er um að kenna vísvitandi hirðuleysi eða harðýðgi þess, er hann undir hendi hefur, þá skal hreppstjóri tafarlaust tilkynna sýslumanni málavöxtu, en hann tekur málið fyrir, og er sá maður sekur samkvæmt 299. gr. hegningarlaganna.

3. gr. Sýslumaður skal á manntalsþingi ár hvert brýna fyrir mönnum að hegða sjer eptir lögum þessum og grenslast eptir, hvort eigi hafi verið framið brot gegn þeim.

151.

Frumvarp

til laga um löggildingu verzlunarstaða á Sveinseyri við Tálknafjörð í Barðastrandarsýslu, við Hvammsfjörð og Gilsfjörð í Dalasýslu, við Bakkafjörð á Langanesströndum, við Lagarfljótsós í Norður-Múlasýslu, við Selnesbót við Þverhamar í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hrúteyri við Reyðarfjörð í sömu sýslu, við Fjallahöfn í Norður-Þingeyjarsýslu, Stokkseyri í Árnessýslu, og í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

Frá 1. degi aprílmánaðar 1884 skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:

a. Sveinseyri við Tálknafjörð í Barðastrandarsýslu,
b. Búðardalur við Hvammsfjörð í Dalasýslu,
c. Skarðsstöðin við Gilsfjörð í sömu sýslu,
d. Við Bakkafjörð á Langanesströndum í Norður-Múlasýslu,
e. Við Lagarfljótsós í sömu sýslu,
f. Selnesbót við Þverhamar í Breiðdal í Suðurmúlasýslu.
g. Hrúteyri við Reyðarfjörð í sömu sýslu,
h. Við Fjallahöfn í Norður-Þingeyjarsýslu,
i. Stokkseyri í Árnessýslu og
k. Í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu.

152.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um horfelli á skepnum,

(frá meiri hl. nefndarinnar, 1. þm. Húnv. og 1. þm. Árness.).

1. Við 1. gr. «að haustlagi» falli burt.
2. Við 2. gr. 2. gr. orðist þannig: «Ef maður lætur fjenað þann, sem hann hefur undir hendi, verða svo magran að hann falli fyrir fóðurskort eða hirðuleysi, þá varðar það sektum til hlutaðeigandi sveitarsjóðs, allt að 20 kr., og skal með þau mál fara sem opinber lögreglumál.
3. 3. gr. (ný grein). Nú fellur fjenaður svo, að grimmdarfull meðferð verður talin, og er sá maður, er fjenaðinn hefur undir höndum, sekur samkvæmt 299. gr. hegningarlaganna.
4. 3. gr. verður frumvarpsins 4. gr. óbreytt.

153.

Frumvarp

til laga, er breyta tilskipun 5. september 1794.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild alþingis).

Hver sá, sem hefur um hönd lækningar, án þess að vera löggiltur til læknisstarfa, og verður uppvís að því, að hafa gjört skaða með lækningatilraunum sínum, skal, ef brot hans er ekki að öðru leyti svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því að lögum, sæta sektum allt að 100 kr. eða einföldu fangelsi allt að 4 mánuðum, og þá brot er ítrekað, skal annaðhvort þessum hegningum beitt, eður fangelsi við vatn og brauð, ef mjög miklar sakir eru.

Ákvarðanir 5. gr. í tilskipun um skottulækningar 5. september 1794 eru úr lögum numdar.

154.

Nefndarálit

um frumvarp til landbúnaðarlaga.

Eptir að vjer höfum verið kosnir í nefnd til að segja álit vort um lagafrumvarp þetta, höfum vjer á mörgum fundum tekið það til íhugunar bæði í heild sinni og í sjerstaklegum atriðum, og leyfum oss nú að láta í ljósi álit vort.

Eptir að stjórnarráðið 1881 hafði álitið það rjettast að leggja frumvarpið aptur fyrir alþingi í sama formi og mynd sem það var 1879 lagt fyrir þingið og þannig eigi fundið neina ástæðu eða þörf, eins og að orði er komizt, til þess að taka til greina, eða jafnvel ítarlega að yfirvega tillögu deildar vorrar, var það tekið til meðferðar í neðri deild alþingis 1881 í hinni upprunalegu mynd, sem það hafði fengið í stjórnarfrumvarpinu frá 1879 og setti nefnd sú, sem skipuð var í málinu, sjer fyrir sjerstaklega sem hugsunarstefnur við meðferð málsins og breytingar, að lögin yrðu sem einföldust og óflóknust; að eigi væri endurtekningar í þeim; að burtnumið væri allt það, er eigi á lengur við; að eignarrjetturinn hjeldist sem óskertastur; að lögkvaðir verði sem ljettbærastar; að jörðum ekki verði skipt sundur í smábýli o. s. frv.

Eptir að nefndin nú hafði starfað að þessu augnamiði á þeim stutta tíma, er hún hafði til afnota fyrir málið, varð það niðurstaða nefndarinnar, er sjálfsagt hefur þótzt geta náð að miklu leyti því takmarki, er hún hafði sett sjer, að aðhyllast að mestu I.—VI. kapítula frumvarpsins og IX.—X. kapítula, eins og þeir voru í stjórnarfrumvarpinu, með nokkrum breytingum, en þar á móti að aðhyllast VII. og VIII. kapítulana í þeirri sömu mynd að formi og efni að mestu, sem þeir höfðu fengið hjá efri deild 1879 þó með þeim breytingum, að öllu var kippt aptur saman í eina heild og að ýtarlegri ákvarðanir voru gjörðar um sambúð á fleiri jörðum og endurbætur ábúanda á annari eign til endurgjalds.

Þó að nú á móti tillögum stjórnarinnar í ástæðum fyrir frumvarpi stjórnarinnar 1881 væri af neðri deildinni fallizt á VII. og VIII. kapítulana í þeirri mynd, sem þeir höfðu fengið hjá efri deildinni 1879, þótti frumvarpið samt svo vel af hendi leyst, að landshöfðingja áliti, sbr. alþingist. 1881 II. bls. 1037, að hann ljet í ljósi þakkir sínar fyrir meðferð málsins í nefndinni, og þó að við umræðurnar væru gjörðar ýmsar athugasemdir af einstökum þingmönnum, sem hefði mátt hvetja til varfærni, var frumvarpið með litlum breytingum, ef það er skoðað sem heild, samþykkt af neðri deildinni, með 13 atkvæðum þ. 24. ág. 1881, en þá var þingtími þegar liðinn, svo að málið gat eigi komið til meðferðar í efri deild alþingis.

Eins og við mátti búast, eptir því sem á undan var farið, hefur stjórnarráðið álitið, að lagagjörð þessi væri nú komin í hið æskilegasta horf og að ætlunarverki því, sem starfað hefur verið að svo lengi, væri nú fullkomlega náð, enda hafði stjórnin þegar beinlínis úttalað í ástæðum fyrir frumvarpinu 1881, að nýsmíðin á landleigubálki og rekabálki sje svo rækilega af hendi leyst, *að það sem eptir kunni að vera af ákvörðunum Jónsbókar í þessum efnum í raun og veru ekki muni vera til nokkurs gagns* eða geti *samrýmst við hið nýja lagafrumvarp og átt við ásigkomulag þessara tíma* (alþingist. I. bls. 267—8). Ástæður þær, sem nú fylgja frumvarpi þessu, sýna að stjórnin

og fyllilega nú aðhyllist skoðun þessa, sem og að frumvarpið eins og það nú er lagt fyrir þingið bæði að formi og efni sjeu ein *heild* eða systematisk lög, sem nái yfir hina ýmsu kafla landbúnaðarmálefnanna, sem standa í nánari eða fjarlægari sambandi hver við annan og að komin sje á svo yfirgripsmikil endurbót á landbúnaðarlögunum í öllum atriðum, samtengdum hverjum við annað og greinilega niðurskipað, að það gæti rjettlætt, að allar þær mörgu lagaákvarðanir, sem til eru nefndar í 117. grein frumvarpsins, skuli vera fallnar úr gildi að öllu leyti, og er þar með eytt þeim grun sem stjórnarráðið virðist jafnvel sjálft að hafa getað haft, er það hefur úttalað og það síðast í ástæðum fyrir frumvarpinu 1881 (Alþ.tíðindi I. bls. 268) að hvorki það nje meiri hluti utanþingsnefndar þeirrar, er sett var 1870, *hafi ætlazt til að teknar væri upp í frumvarpið allar þær ákvarðanir sem gilda um landbúnaðarmálefni.* Vjer höfum tekið þessi atriði fram sjerstaklega til þess að sýna fram á, hversu brýnar hvatir að nefndin og hin heiðraða deild, sem aðhylltist gagnstæðar skoðanir 1879, hljóti að hafa til þess, að rannsaka málefni þetta nú svo ýtarlega sem unnt má vera til þess að fá óræka og fasta niðurstöðu og breyta skoðun sinni bæði í heild og fjölda af sjerstökum atriðum, ef það gæti leiðst í ljós, að efri deildin 1879 hafi að ástæðulausu ekki aðhyllst hvort heldur að löggjöfin hafi afmarkað sjer ofstórt og yfirgripsmikið verksvið, eða og ekki leyst af hendi þetta mikla ætlunarverk á fullnægjandi hátt.

Eptir mjög ýtarlega íhugun bæði á frumvarpinu í heild sinni, og í sjerstökum atriðum, höfum vjer, sem erum skipaðir í nefndina og af oss hafa 3 áður verið í nefnd efri deildar 1879 og 2 fyrst nú, en þar af annar í utanþingsnefndinni 1870, komizt samhuga að sömu niðurstöðu og þeirri, sem úttöluð er í nefndarálitinu frá 1879 (Alþingist. I 1879 bls. 321) og það svo fyllilega, að vjer í öllu verðum að skýrskota til þessa nefndarálits, og álítum óþarft nú að taka upp þær ástæður, sem þar eru taldar, eða að færa ýtarlegri sannanir fyrir þeim en þar er gjört. Þessar sannanir eru þess utan þess eðlis, að þær í hinum einstöku atriðum, í eins margbrotnu máli og þessu, ekki geta komið fram nema við nákvæma athugun á frumvarpinu sjálfu, samanburði hinna einstöku greina í sambandi þeirra innbyrðis og loks nákvæmum samanburði á tilsvarandi ákvörðunum í Jónsbók. Að fara út í slíka rannsókn hjer í þessu nefndaráliti er ekki fært, þar eð til þess vantar bæði rúm og tíma og nefndin verður enn fremur að leiða þetta hjá sjer, af því að það hlyti að verða til þess, að málinu mundi á ný á þessu þingi ekki geta orðið framgengt að fullu, en það mun af öllum vera talið æskilegt. Aðaltilgangurinn með lögum þessum hlýtur að vera, bæði að lögleiða nýjar ákvarðanir, þar sem þær kunna að vera nauðsynlegar, sem og að safna hinum gildandi ákvörðunum í eina heild, svo að þeir, sem þurfa laganna við, hafi fljótan, greiðan og skýran aðgang að nota þau. Um hið fyrra atriði virðist ástæða til að taka fram, að þær nýju ákvarðanir geta ekki verið margar, þar sem svo frjálslegt fyrirkomulag ávallt hefur verið í öllum atriðum landbúnaðar vors, að mjög erfitt mundi verða að ákveða einskorðuð nýmæli, þareð þau að öðrum kosti hlytu að leiða að heimildarlausri takmarkan á samningsfrelsi einstakra manna, en að því er síðara atriðið snertir, þá er svo langt frá, að það náist með hinu nýja frumvarpi, ef það yrði að lögum, að það öllu fremur má álíta að lögin í stað þess að verða einfaldari, verði flóknari, í stað þess að verða skýrari, verði vafasamari, og loks, þar sem þau ættu að verða ýtarlegri og innihalda eitt á einum stað, verða ógreiðari aðgöngu, er hinna gildandi ákvarðana yrði að leita á fleiri stöðum en áður, ef það, sem á þyrfti að

halda til að skera úr ágreiningnum ekki væri úr lögum numið ástæðulaust og út í bláinn, eins og virðist að vera óumflýjanleg afleiðing af 117. gr. frumvarpsins, ef hún yrði leidd í lög. Atriði þetta hefur verið tekið skýrt fram í nefndarálitinu frá 1879, og eru þar talin ýmisleg atriði, er lúta að því að frá öllu frumvarpinu hefur ekki verið hægt að ganga með allri þeirri varfærni sem skyldi, eða nákvæmni, eins og allvel sýnir sig, ef t. d. 11.—16. gr. frumvarpsins eru bornar saman við allan rekabálk í 12 kapítulum, allur landsleigubálkur í 59 kapítulum við hinar strjálu ákvarðanir í frumvarpinu, þar sem að eins lauslega eru veiddar ofan af helztu aðal ákvarðanir og lítið fyllt út af þeim mikla fjölda af ákvörðunum, sem hefði þurft að taka til yfirvegunar og halda sumum óbreyttum sumum breyttum og bæta við. Og þess verður ekki varizt, að flestar þær ákvarðanir, sem eru í frumvarpinu, miða allar að ákvörðunum þeim, sem eru þegar í Jónsbók eða eru reginnegldar með fastri venju og sem verður að hverfa til, þegar ákvarðanir hinna nýju laga þrjóta, af því að allt það, er þurfti, eigi hefur verið tekið í þau. Frumvarpið, eins og það er, hefur þessi aðalkennimerki eða einkenni, að fráskildum þeim kaflanum sem snertir rjettarsambandið milli landsdrottins og leiguliða og í kaflanum um úttekt milli jarðeiganda á eina hlið, fráfaranda og viðtakanda á hina hlið, sem og innbyrðis milli hinna síðari, og ber þess að geta, að kaflinn um úttekt jarða er mestmegnis ekki annað en skrásetning á langri venju, sem hefur fengið rjettarkrapt. Að þessum kafla frumvarpsins hefur mest og bezt verið starfað og reynt til að safna hinum mörgu lagasetningum, sem um hann eru, í eina heild. Hin stórkostlega fasta venja, sem hefur myndazt í þessum efnum, hefur verið skrásett og með því að þessir 2 kaflar um rjettarsamband milli landsdrottins og leiguliða virðast að vera komnir í eina heild, geta þeir, sem þurfa að nota lögin. átt greiðari aðgang að þeim á einum stað. Það er og í þessum köflum, sem fólgin eru flest öll ef ekki öll þau nýmæli, sem finnast í frumvarpinu sjálfu og sem geta miðað til framfara búnaði vorum.

Jafnframt því að nefndin þannig hefur tekið upp sömu stefnu og fylgt var 1879, eða að taka einungis 6. og 7. kapítula frumvarpsins, hefur hún gjört sjer far um að taka upp úr þeim parti frumvarpsins, er hún eigi getur fallizt á, að verði að lögum, þær ákvarðanir, sem þar eru og sem geta heyrt undir rjettarsamband landsdrottins og leiguliða. Á sama hátt hefur og nefndin reynt til þess að búa 6. og 7. kapítula frumvarpsins svo úr garði, að ef eitthvert atriði skyldi þar mót ætlun vera ónefnt, þá megi ganga aptur til eldri laga og finna þar þá ákvörðun sem við á, ef hún skyldi þar vera. Hin eldri lög, sem kunna að vera um efni 6. og 7. kapítula, geta þannig í þessu tilfelli komið til greina, þareð ekki eins og frumvarpið er orðað, aðrar ákvarðanir eru numdar úr gildi en þær, sem koma beinlínis í bága við frumvarpið sjálft. Þar með er varnað öllum þeim skaðlegu afleiðingum, sem getur leitt af svo stórkostlegu og ef til vill ískyggilegu lagaafnámi (Derogation), sem haldið er fram í frumvarpsins 117. grein, og er þannig farið fram með þeirri varfærni, sem við þykir þurfa.

Tillögur nefndarinnar verða því, að 1.—5. kapítuli og 8.—12. verði felldir, en að samþykktir verði 6. og 7. kapítuli með þeim breytingum, viðaukum og úrnámi, sem nú verður skýrt frá og með sjerstakri fyrirsögn.

Ástæðurnar fyrir breytingunum eru í helztu atriðum þessar: Við 41. gr. (sem verður 1. gr.): Að tekin verði hjer upp ákvæði Jónsbókar (landsleigubálkur 41. kap.), löguð eptir því, sem löng venja hefur verið til og eptir atvikum þykir við þurfa.

Hjer er og bætt við ákvörðun í sömu átt og var í stjórnarfrumvarpi 1879 44. gr., sem og haft tillit til 105. gr. frumvarps 1883, en á annan hátt.

42. gr. (2. gr.) Hjer eru að eins gjörðar orðabreytingar, en nefndin hefur samt tekið grein þessa til mjög ýtarlegrar yfirvegunar, af því að stjórnin í ástæðum fyrir frumvarpi 1881 lætur í ljósi, að það hafi því síður getað komið til tals, að taka 3. gr. efri deildar frumvarpsins 1879, sem hún hvorki á heima á þessum stað, eins og heldur ekki verði á hana fallizt að efninu til, þareð með henni yrði sett ótilhlýðileg takmörkun á rjetti jarðareiganda til að ráða yfir eign sinni. Þessi skoðun hefur samt ekki verið því til fyrirstöðu, að greinin þrátt fyrir þennan dóm, er hún hefur fengið, er nú tekin af stjórnarráðinu sjálfu óbreytt í frumvarpið, og verður nefndin að fallast á það, af því að ekki verður álitið, að frjáls eignarráð sje beinlínis takmörkuð, þó að sjerstakar afleiðingar fylgi því, að þetta atriði ekki hefur verið tekið fram í byggingarbrjefinu, og sem ekki er annað, en að sú sjerstaklega skylda hvíli á jarðareiganda að taka fram um ábúðartíma og ef hann *vanrækir* það, þá sje ástæða (Præsumption) til að halda fram æfilöngum ábúðarrjetti, nema hann sanni, að um hafi verið samið á annan hátt og er það, sem greinin fer fram á, ekki alveg nýmæli sbr. tilskipun 15. maí 1705 sjerstaklega 2. gr. og 6. gr. Resc. 21. apr. 1619 og 29. nóv. 1622.

46. gr. (6. gr.). Þareð hjer á landi er mjög misjafnt, hver hús fylgja jörðu, er greinin orðuð svo, að hún ekki getur komið í bága við það, sem viðgengst á hverjum stað.

49. gr. (9. gr.). Ónákvæm orðan hefur verið leiðrjett og «byggingarefni» bætt við.

50. gr. (10. gr.). Í 50. gr. er einungis gjört ráð fyrir, að hús, sem eigi fylgja jörðu, hafi verið byggð af leiguliða, en ekki að það hafi verið stækkað og er í greininni gjörð um það ný ákvörðun, sem miðar sjerstaklega að því, að úttektarmenn skuli sjá um, að þarfa þeirra, sem hlut eiga að máli, sje gætt, þar á meðal, ef húsaukinn er fluttur burt, að þeir ákveði um, hvernig húshluti sá, er eptir verður, skuli verða gjörður upp.

51. gr. (11. gr.) Nákvæmari orðan.

52. gr. (12. gr.) Sömuleiðis og ýtarlegar tekið fram, að notkunarrjetturinn sje fyrir sjálfan hann eða eigin búnað hans, sbr. 62. gr.

53. gr. (13. gr.) Hjer er tekin upp ákvörðun úr 14. gr. frumvarps efri deildar 1879, sem gefur leiguliða rjett, sem er nauðsynlegur allvíða, þegar jörð vantar sjerstakar jarðnytjar, en hefur um fram af öðrum, og það er að skaðlausu fyrir jörðina.

Greinin sjálf nákvæmar orðuð.

54. gr. (14. gr.) Breyting sú, sem gjörð er á grein þessari um skyldur leiguliða, að gjöra þeim, er reka á, aðvart, er samkvæmari Rekabálks 3. kap. en áður eptir frumvarpinu, þareð almenn ákvörðun um álnarlöng kefli og smærri, sem leiguliðaeign kynni að vera of þröng, er viðbætt: «ef eigi er öðruvísi umsamið, eða að fornu hefur viðgengizt á þeim reka.»

56. gr. (16. gr.). Ákvæði frumvarpsins hafa þótt of hörð og ónákvæm; er því stungið upp á breytingu í sömu átt, og í frumvarpi efri deildar 1879, 17. gr.

57. gr. (17. gr.). Nákvæmari orðan.

58. gr. (18. gr.). Nákvæmari orðan og ýtarlegri ákvörðun gjörð.

60. gr. (20. gr.). Nefndin álítur, að grein þessi hafi tekið nokkrum umbótum, en er þó þeirrar skoðunar, að þar sem leiguliði aldrei á að fá meira en 12 × afgjaldshækkun, að þetta muni vera of lítið, sem og að miður hentugt sje, að þetta endurgjald

skuli ákveða alveg eptir mati, í stað þess að eðlilegra væri, að stöðug hliðsjón sje höfð af því, hversu lengi að ábúandinn hefur haft gagn af jarðabótinni sjálfri.

Til þess að reyna að ráða bót á þessu, leggur nefndin til, að endurgjaldsrjetturinn hverfi að 16 árum liðnum frá því að jarðabótin var gjörð, en að landsdrottinn skuli endurgjalda hið hækkaða ársafgjald margfaldað með þeim tíma er vantar á 16 árin. Ef þannig jarðabót, sem svarar til 4 kr. hækkunar í afgjaldi á ári, hefur verið gjörð, svo að leiguliði hefur notið hennar í 10 ár, þá er hann fer frá, á hann rjett á að fá 4 kr. fyrir hvort þeirra sex ára er eptir stendur eða 24 kr. Hefði hann nú notið hennar í 7 ár, þá bera honum 4 × 9 eða 36 kr. Hið annað, sem breytt er í greininni, eru orðabreytingar.

62. gr. (22. gr.) Nákvæmari orðan.

63. gr. (23. gr.) Sömuleiðis.

64. gr. (24. gr.) Fyrir Mikaelismessu og fyrir fardaga eru gjalddagar þeir, er áskildir eru í flestum byggingarbrjefum, og greininni er því vikið við í þessa átt.

65. gr. (25. gr.) Nákvæmari orðan.

66. gr. (26. gr.) Sömuleiðis.

69. gr. (29. gr.) Sömuleiðis.

70. gr. og 71. gr. (30. og 31. gr.) Eptir lögum, dags. 13. jan. 1882, virðast hreppstjórar eiga að vera úttektarmenn eins og áður hefur viðgengizt, þó eigi muni það hafa verið lögskipað, sbr. aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, 67. gr., og þar eð rjett má álíta, að fela hreppstjóranum starf þetta á hendur, hefur greininni sem og 71. gr. verið breytt eptir því.

73. gr. fellur burt, þareð innihald hennar felst þegar í breytingum í 70. gr. um það, hvor borga skuli úttektina, en í lögum 13. jan. 1882 er borgunin sjálf ákveðin.

74.—77. gr. (33. gr.) Öllum þessum greinum er steypt saman í eina heild og orðaðar nákvæmar. Allstaðar hjer á landi er það forn venja, að úttektarmenn, eptir að þeir hafa ákveðið álag, meta ýmsa muni, vanalega fyrst hús, sem eru umfram á jörðu, svo búshluti eða lifandi fjenað o. fl. til lúkningar álagi, ef fráfarandi eigi greiðir strax álagið eða fær gjaldfrest á því og tekur viðtakandi sem alloptast við munum þessum án sölu. Í plakati eða tilskipun 21. maí 1829 er lögtaksrjettur heimilaður fyrir jarðargjaldi á öllum landssjóðsjörðum, og það virðist þess vegna, og af hinni fyrnefndu venju, því ekki geta verið sjerlegt til fyrirstöðu, að sá, sem á að njóta álagsins, fái samskonar rjett að *aflokinni úttektargjörð*, en það er, þegar svo er komið, að úttektin er samþykkt af þeim sem hlut eiga að máli, eða komin í það horf, að rjettur til ákveðins álags er stofnaður.

Að vísu er það svo alloptast, að jarðareigandi áskilur í byggingarbrjefi sínu, að viðtakandi skuli taka við álagi hjá fráfaranda, án þess að hann geti krafizt ávantandi álags hjá sjer, en þareð landsdrottinn á að byggja jörðina í leigufæru standi, sbr. 46. gr. frumvarpsins (6.gr.) nema öðruvísi sje um samið, virðist skylda hvíla á honum að greiða viðtakanda það álag, sem hann getur sannað, að hann hafi krafizt árangurslaust af fráfaranda með lögtaksgjörð og fullkominni aðför að lögum, samt ekkert vanrækt í því efni. Nefndin hefur því gjört viðauka við greinina í þessa átt. Þar á móti hefur

nefndin ekki fundið nægilega ástæðu til þess að veita jarðareiganda lögtaksrjett fyrir vantandi jarðargjöldum.

78. gr, (34. gr.) Nákvæmari orðan.

Tillögur nefndarinnar verða því svo sem nú skal greina:

1. 1.—40. grein frumvarpsins falli burt.
2. 41. grein verði 1. grein og orðist þannig:

Hver maður, sem á jörð og nýtir eigi sjálfur, skal selja hana öðrum á leigu. Nú fær hann eigi byggt jörð sína fyrir sumardag hinn fyrsta, og skal hann innan hálfsmánaðar láta bjóða hana upp til ábúðar eður afnota fardagaár það sem í hönd fer. Vilji þá enginn taka jörðina til leigu fyrir neitt eptirgjald, skal landeigandi banna nágrönnum öll afnot hennar, og verða þau þeim þá óheimil. Nú lætur hann eigi bjóða upp jörðina sem fyr segir, og skal hann sjálfur greiða öll lögboðin gjöld, er á jörð hvíla; en láti hann bjóða jörð sína upp til afnota, þarf hann eigi að halda uppi lögskilum fyrir jörðina það ár, ef hún verður honum arðlaus.

Hjáleigu má leggja niður og undir heimajörðina eða til annarar hjáleigu hennar.

3. Við 42. frumvarpsgrein, sem verður 2. gr.
   a, Fyrir «Ef þetta er eigi gjört» komi: «en sje það eigi gjört»,
   b, Orðið «þegar» í enda greinarinnar falli burt.
4. 43.—45. gr. frumvarpsins verði óbreyttar 3.—5. grein.
5. Við 46. frvgr., sem verður 6. grein. Fyrir «Eigi er jörð . . . áður fylgt» komi: «Fylgja skulu jörðu nauðsynleg hús, þau er henni hafa áður fylgt».
6. 47. og 48. frvgr. verði óbreyttar 7. og 8. grein.
7. Við 49. frvgr., sem verður 9. grein.
   a, Fyrir «áburð eða eldsneyti» komi: «áburð, eldsneyti nje byggingarefni».
   b, Fyrir «heys eða eldsneytis» komi: «heys, eldsneytis eður byggingarefnis».
8. 50. frvgr., sem verður 10. grein, orðist þannig:

Nú á fráfarandi hús á jörðu, og skal hann bjóða landsdrottni þau til kaups. Ef húsin eru að áliti úttektarmanna nauðsynleg á jörðu eptir 6. gr., er landsdrottinn skyldur að kaupa þau því verði, er úttektarmenn meta. Ef jörð þarf eigi húsanna, og landsdrottinn vill ekki kaupa, skal fráfarandi bjóða þau viðtakanda, og vilji hann heldur ekki kaupa þau með sama verði, þá er fráfaranda rjett að taka þau ofan og flytja af jörðu, eða selja þau hverjum er hann vill til burtflutnings. Skal hús rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu, ef leiguliði vill gjöra hús þar, er hin voru, en flytja burt viði og húsa efni fyrir veturnætur. Hús skal rjúfa svo, að viðtakanda sje sem minnst mein að.

Hafi fráfarandi gjört jarðarhús stærra en var, og úttektarmenn hyggja það betra en hitt og jörðin þurfi þess, enda sje húsið stæðilegt að öllu, þá er landsdrottinn skyldur að kaupa að fráfaranda húsaukann við því verði er úttektarmenn meta hann. Ef húsauki er eigi álitinn nauðsynlegur, skulu úttektarmenn skera úr, hversu með skal fara.

9. Við 51. frv. gr., sem verður 11. grein.
   a, Fyrir orðin í upphafi greinarinnar »Flytja skal . . . ef til er«, komi: «Flutt skal fráfarandi hafa áburð allan á tún».
   b, Á eptir orðunum »Ef hann vinnur meira« bætist inn í: «en nú var mælt».

10. Við 52. frvgr., sem verður 12. grein.

Fyrri liður greinarinnar orðist þannig:

Ábúandi skal hafa öll leiguliðanot af jörðu sinni, nema öðruvísi sje um samið; en það eru leiguliðanot, að hann hafi til notkunar fyrir sjálfan sig hús og mannvirki, innstæðukúgildi og allt sem því leigulandi fylgir.

11. Við 53. frvgr., sem verður 13. grein.

a, Á eptir orðunum »leigulandi hans fylgja« bætist inn í: »nema það sje í umskiptum fyrir önnur hlunnindi og landsnytjar, er leigujörð hans þarf«.

b, Á eptir orðunum »áburð af jörðu« bætist inn í: »þann er megi henni að notum verða«.

c, Í staðinn fyrir »og skal leiguliði . . . á jörðinni« komi: »enda bæti hann landsdrottni skemmdir á jörðu«.

12. Við 54. frvgr., sem verður 14. grein.

a, Á eptir orðunum: »þaðan af smærri« komi: »ef eigi er öðruvísi um samið, eða að fornu hefur við gengizt á þeim reka«.

b, Í staðinn fyrir »Gjöra skal . . . umboðsmanni hans ella« komi: »Gjöra skal hann og þegar landsdrottni orð eða umboðsmanni hans«.

c, Fyrir síðustu málsgrein: »Leiguliði . . . átroðning« komi: »Um endurgjald til leiguliða fer sem lög á kveða«.

13. 55. frvgr. verði 15. grein.

14. Við 56. frvgr., sem verður 16. grein.

Fyrir síðustu málsgrein: »Leiguliði . . . útheimtir« komi: »Landsdrottinn leggi við til húsagjörðar og smíðar, en leiguliði veggi alla og þök. Þó skal leiguliði greiða landsdrottni álag á hús þau er fórust, ef þau voru eigi fullgild eptir áliti úttektarmanna«.

15. Við 57. frvgr., sem verður 17. grein.

a, Fyrir «og er honum heimilt» komi: »og er leiguliða heimilt«.

b, Fyrir málsgreinina «Nú þarf . . . frá jörðu fara» komi: »Nú má skemmdir bæta á einu ári, og bætir landsdrottinn og leiguliði þær að helmingi hvor, þó svo að leiguliði kosti eigi meiru til en jafngildi hálfri landskuld hans«.

16. 58. grein, sem verður 18. grein orðist þannig:

»Leiguliði skal ár hvert flytja út á tún og í garða allan þann áburð, er fellur til á leigujörð hans og vinna upp tún og engi, svo að hún sje í fullri rækt. Svo skal hann og nota hlunnindi hennar á þann hátt, að sem minnst spjöll verði að. Bregði hann af þessu lengur en eitt ár í senn, missir hann ábúðarrjett sinn«.

17. 59. grein verði óbreytt 19. grein.

18. Við 60. frvgr., sem verður 20. grein.

a, Fyrir »sjerstaka jarðabót« komi: »jarðabót«.

b, Fyrir »af hans landi« komi: »er leiguliði fer frá henni«.

c, Fyrir síðustu málsgrein »Kostnaðinn skal . . . eptirgjaldsins« komi: »Hafi þá frá farandi eigi haft jarðabótarinnar öll not í 16 ár, frá því er hún var gjörð, skal landsdrottinn endurgjalda honum fyrir hana svo mikið, sem metið er að landskuld jarðarinnar megi hækka samtals þau ár, er til vanta«.

19. 61. grein verði óbreytt 21. gr.

20. Við 62. frvgr., sem verður 22. grein.

Fyrir «missir hann ábúðarrjett sinn» komi: »hefur hann fyrirgjört ábúðarrjetti sínum«.

21. Við 63. frvgr., sem verður 23. grein.
Aptan við orðin: «Er meta skal skemmdir» bætist: »eptir 17. grein«.
22. Við 64. frvgr., sem verður 24. grein.
a. Fyrir «höfuðdag . . . fardögum» komi: »Mikaelsmessu ár hvert, en á landskuld fyrir hvers árs fardaga«.
b. Aptan við greinina bætist: »í næstu fardögum, þótt honum sje eigi byggt út af jörðinni«.
23. Við 65. frvgr., sem verður 25. grein.
Aptan við orðin «skyldur er leiguliði» bætist: »Þótt eigi sje til skilið«.
24. Við 66. frvgr., sem verður 26. grein.
Á eptir orðunum «af jörðu sinni» bætist inn í: »áður en byggingartíminn er á enda.«
25. 67. og 68. frvgr. verði óbreyttar 27. og 28. grein.
26. Við 69. frvgr., sem verður 29. grein.
Á eptir orðunum «fyr er sagt» bætist inn í: »eða byggingartíminn er á enda eður svo er á statt sem segir í 24. grein«.
27. Orðin VII. kapítuli (fyrirsögn) falli burt.
28. Við 70. frvgr., sem verður 30. grein.
Á eptir «skoðunargjörð» bætist inn í: »og kostar fráfarandi og viðtakandi hana að sínum helmingi hvor«.
29. 71. frvgr., sem verður 31. grein, orðist þannig:
Hreppstjórar eru úttektarmenn. Þar sem eigi er nema einn hreppstjóri í hrepp, skal sýslumaður nefna að auki svo marga úttektarmenn, sem hreppsnefnd þurfa þykir. Úttektarmenn þessir skulu eið sverja fyrir sýslumanni. Sjeu úttektarmenn eigi fleiri en tveir í hrepp, skal hinn þriðja tilnefna til vara, er úttekt gjöri í forföllum annarshvors hinna, eða með þeim, ef þá greinir á. Ávalt þar er úttektarmenn greinir á, skal hinn þriðja til kveðja.
Úttektarmenn skulu hafa starfa sinn á hendi eigi skemmri tíma en sex ár.
30. 72. frvgr. verði óbreytt 32. grein.
31. 73. gr. frumvarpsins falli burt.
32. Í staðinn fyrir 74.—77. gr. frumvarpsins komi svolátandi 33. grein:
Úttektarmenn skulu taka fyrst út hús þau, er jörðu fylgja og lýsa þeim greinilega, sem og göllum þeim, er á þeim eru. Næst á eptir jarðarhúsum skal taka út önnur mannvirki, þau er jörðu fylgja, svo sem eru túngarðar, vörzlugarðar, matjurtagarðar, fjenaðarrjettir, heygarðar, stíflugarðar og annað þesskonar. Svo skulu og úttektarmenn skoða innstæðukúgildi jarðar. Rjett er, ef landsdrottinn eða viðtakandi krefst þess, að úttektarmenn skoði tún, engi og haga, skóg, eggver og aðrar landsnytjar. Úttektarmenn skulu lýsa öllu þessu nákvæmlega og kveða á hæfilegt álag fyrir þeim göllum, sem á eru hverju fyrir sig.
Fráfarandi greiði álag til viðtakanda að aflokinni úttektargjörð. En greiði hann eigi þegar álagið, gjöri úttektarmenn lögtak til lúkningar álaginu í munum þeim, sem fráfarandi á á jörðunni, eptir því sem hann vísar á og fyrir hendi er. Geti viðtakandi sannað, að hann hafi krafizt álags af fráfaranda að lögum, og eigi fengið það eða hluta þess, á landsdrottinn að greiða honum það sem á vantar, nema öðru vísi hafi verið um samið.

33. Við 78. frvgr., sem verður 34. grein.

a. Fyrir orðin «skal sýslumaður . . . beiðni hans um» komi: «Beiða skal hann sýslumann innan hálfsmánaðar».

b, Aptan við greinina bætist:

«Yfirúttektarmenn skulu vinna eið að gjörð sinni, ef krafizt er.»

34. 79.—117. gr. frumvarpsins falli burt.

35. Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða.

Efri deild alþingis 21. júlí 1883.

Árni Thorsteinson form. og framsögumaður. Einar Ásmundsson skrifari. Sighvatur Árnason.

Magnús Stephensen. Jón Pjetursson.

155.

Frumvarp

til laga um bæjarstjórn á Akureyri.

(Eins og það var samþykkt við þriðju umræðu í neðri deild alþingis 21. júlí 1883).

1. gr. Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; er hann oddviti stjórnarinnar og hefur atkvæðisrjett á fundum.

2. gr. Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gjörir, og bæjarmálefna yfir höfuð, er á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur að framkvæma sjerstök bæjarstörf eptir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sjer saman um.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur.

3. gr. Fulltrúar kaupstaðarins skulu vera 6, þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gjörist, eptir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

4. gr. Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilifastir í kaupstaðnum eitt ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er eigi lagt af sveit, eða hafi þeir fengið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp; en greitt skulu þeir hafa að minnsta kosti 4 kr. í bein bæjargjöld síðasta árið. — Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna, og í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, sem kosningarrjett hefur.

5. gr. Bæjarfulltrúar skulu kosnir til þriggja ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fara 2 frá að ári liðnu og síðan 2 ár hvert. Skal það, hverjir frá fara fyrstu tvö árin, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 3 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 3 ár, er frá fór.

6. gr. Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosning undirbúa,

að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sje of eða van talinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina.

7. gr. Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing almennt eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarrjettar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa yfir því, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á ólokuðum seðli, hvern þeir vilji kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal.

Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

8. gr. Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann, vegna heilsubrests, anna, eða annars því um líks, hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem gegnt hefur fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma, og hann hafði áður verið fulltrúi.

9. gr. Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan viku eptir að kosning hefur farið fram, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður um það leitað álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja; skal kæran send innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var uppkveðinn.

Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

10. gr. Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, sem svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja á þann hátt, sem sagt er fyrir um í næstu grein hjer á undan.

11. gr. Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sje jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyrandi hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

12. gr. Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða að hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita álit sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.

13. gr. Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

14. gr. Bæjarstjórnin kýs þá 4 menn, er samkvæmt opnu brjefi 6. jan. 1857 eiga sæti í byggingarnefnd Akureyrar með bæjarfógeta. Skulu 2 þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

15. gr. Bæjarstjórninn velur 2 menn í hafnarnefnd: skal annar þeirra ávallt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr. Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun. Skal hann skyldur að hafa starf sitt hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild.

17. gr. Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin, eptir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

18. gr. Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags októberm. ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Síðan skal til eiginlegra bæjarþarfa jafna 20 aurum á hvern ferhyrningsfaðm í húsagrunnum, og $^1/_3$ eyris á hvern ferhyrningsfaðm í óbyggðri útmældri lóð í kaupstaðnum. Því sem á vantar, til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili, við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein

og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis um hálfan mánuð.

Án samþykkis landshöfðingja má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi við bættum.

19. gr. Niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tima, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en fjóra mánuði, kemur ekki til greina.

Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

20. gr. Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til þessarar niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti til skiptis 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosning í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosning í bæjarstjórnina, getur skorazt undan að taka móti kosning í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni, er og undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og í bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu, sem um bæjarstjórnina (11. gr.)

21. gr. Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermánuði samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok annaðhvort á bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðara hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir eru að greiða skatt samkvæmt 18. grein. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórn-

inni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi til greina teknar.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefur verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10 % annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

22. gr. Ef ágreiningur verður milli Akureyrar og annars íslenzks sveitarfjelags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli Akureyrar og sveitarfjelags í Danmörku, skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

23. gr. Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum innan nýárs, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, er fer í hönd. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlímánaðar.

24. gr. Bæjarstjórnin og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje, og eptir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum kaupstaðarins.

25. gr. Gjaldkeri skal, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirskrifaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

26. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt.

27. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

28. gr. Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

29. gr. Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt, og fyrir er mælt að framan í 21. grein um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 4. gr. hafa kosningar rjett; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 3 ár. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (2. gr.). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

30. gr. Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi við haft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

31. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlazt fullt gildi 1. dag janúarmán. 1885, og skal frá þeim degi tilskipun um stjórn bæjarmálefna á Akureyri 29. ágúst 1862 vera úr lögum numin. Hann setur og ákvarðanir þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að breyting reikningsins geti verið komin í kring þann dag.

156.

Nefndarálit

í málinu: «Frumvarp til laga um sjerstakt kirkjuþing».

Efri deild hefur kosið oss í nefnd, til að hugleiða «frumvarp til laga um sjerstakt kirkjuþing» og höfum vjer átt fundi með oss, til að ræða mál þetta.

Það er álit vort, að frumvarp þetta sje að efni til og stefnu rjett, og að þörf sje á lögum, er skipi fyrir um það mál, sem það ræðir um, en að hinu leytinu fáum vjer ekki dulizt þess, að ærna fje og svo miklu, að ísjárvert virðist, þarf að verja úr landssjóði til svo fjölskipaðs kirkjuþings, sem frumvarpið fer fram á; enda er það ætlun vor, að tilgangi þess megi takast að ná, þótt færri mönnum sje til hlítt; en af því leiðir, að breyta þarf frumvarpinu svo mjög, að umsvifaminnst verður, að semja annað frumvarp í þess stað.

Fyrir því leyfum vjer oss að ráða hinni heiðruðu deild til að fallast á frumvarp það, sem hjer fer á eptir:

Frumvarp

til laga um skipun nefndar til að ræða kirkjumál.

1. gr. Nefnd manna skal koma saman í Reykjavík sumarið 1884, til að ræða og gjöra uppástungur um aðra skipun á yfirstjórn þjóðkirkjunnar og fjemálum hennar.

2. gr. Í nefnd þessari skulu eiga sæti 7 menn, og skulu 6 þeirra vera kosnir af öllum hjeraðsnefndum í landinu, en 1 þeirra kveður konungur til, og er hann formaður nefndarinnar. Í nefndinni geta þeir einir átt sæti, sem eru kjörgengir til alþingis.

3. gr. Nefndarmenn skal kjósa á hjeraðsfundum, er haldnir sje í prófastsdæmi hverju í maímánuði 1884. Fer kosning fram á þann hátt, að hver hjeraðsnefndarmaður, sem á fundi er, kýs 6 menn í nefndina. Að aflokinni kosningu sendir hver prófastur stiptsyfirvöldunum endurrit af kosningargjörðinni, og skulu þau telja saman öll atkvæði, þau er greidd hafa verið í öllum prófastsdæmum landsins. Þeir 6 menn, sem fengið hafa flest atkvæði og kjörgengir eru eptir 2. grein, eru kjörnir í nefndina. Ef 2, eða fleiri hafa fengið jafnmörg atkvæði við kosninguna, ræður hlutkesti. Að því búnu senda stiptsyfirvöldin skýrslu um kosningargjörðina landshöfðingja; en hann kveður nefndarmenn til fundar.

4. gr. Nefndarmenn fá sömu fæðispeninga sem alþingismenn, og ferðakostnað eptir reikningi, sem landshöfðingi úrskurðar. Greiðist fje þetta sem og annar kostnaður við fundarhaldið úr landssjóði.

B. Kristjánsson formaður og framsögumaður. Einar Ásmundsson. St. Eiríksson.

Sighv. Árnason.

Jeg undirskrifaður get ekki álitið neina brýna nauðsyn bera til gagngjörðra breytinga á skipulagi því, sem nú er á yfirstjórn kirkjunnar og fjemálum hennar, og þess vegna fæ jeg ekki sjeð, að nein þörf sje á að kalla saman sjerstakt þing eða skipa nefnd til að undirbúa slíkar breytingar.

Magnús Stephensen.

157.

Frumvarp

til laga um atkvæðisrjett safnaðanna til að losa sig við óhæfa presta.
(Frá 1. þingm. Rangæinga, sem er flutningsm. og 2. þingm. Rangæinga).

1. gr. Þá er einn fjórði hluti eins safnaðar eða meir, þeirra er gjalda til prests og kirkju, gefa viðkomandi prófasti til kynna, að þeir álíta sig hafa óhæfan prest, og vilji losast við hann, enda sje hann búinn að þjóna prestakallinu að minnsta kosti í þrjú ár, ber prófasti tafarlaust að boða til almenns fundar í því prestakalli, með nægum fyrirvara á þeim stað og tíma, er hann álítur henta, til þess að bera málið undir atkvæði safnaðarins eða safnaðanna, ef fleiri en einn söfnuður er í prestakallinu.

2. gr. Prófastur stýrir fundinum og kveður 2 af sóknarnefndarmönnum sjer til aðstoðar til að stjórna atkvæðagreiðslunni, og eru þeir allir atkvæðastjórar.

3. gr. Atkvæðisrjett hafa allir þeir í prestakallinu, bæði karlar og konur, er hafa óflekkað mannorð og gjalda til prests og kirkju.

4. gr. Atkvæðastjórar ákveða, í hverri röð atkvæðagreiðslan skuli fram fara. Enginn getur neytt atkvæðisrjettar síns, nema hann komi sjálfur á fundinn. Ekki er fundur lögmætur, nema meir en tveir þriðju hlutar allra atkvæðabærra manna í prestakallinu mæti á fundi og greiði atkvæði. Atkvæði skulu greidd með nafnakalli.

5. gr. Þegar öllum, sem atkvæðisrjett hafa, hefur verið gefinn nægur tími til og kostur á að greiða atkvæði, rita aðstoðarmenn prófasts, (samanber 2. gr.) atkvæði sín á atkvæðaskrána. Atkvæðastjórar telja því næst saman atkvæðin og lýsa yfir, hvernig atkvæði hafa fallið.

Nú hafa atkvæði fallið þannig, að tveir þriðju hlutar allra atkvæðabærra manna í prestakallinu eða fleiri hafa greitt atkvæði *í móti prestinum*, og hefur hann þá misst allan rjett sinn til prestakallsins, og er laus við þjónustu þess.

6. gr. Þá er atkvæði hafa fallið samkv. 5. gr., ber prófasti að senda sem fyrst atkvæðagreiðsluna til biskups, með vottorði sínu um að hún sje rjett. Fer svo um prestakallið, sem hver önnur, er laus eru undir veitingu.

7. gr. Rjett er að veita þeim presti, er safnaðarmenn hafa losað sig við samkv. 5. gr., annað brauð, en verði hann afsagður í annað sinn, samkvæmt fyrirmælum þessara laga, missir hann allan sinn rjett til prestsskapar og prestlegra rjettinda.

158.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaða á Sveinseyri við Tálknafjörð og 9 annara staða, eins og það var samþykkt við 2. umræðu.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða.

Magnús Andrjesson. B. Sveinsson. Jón Ólafsson. F. S. Stefánsson. Egilsson. Þorkell Bjarnason. Jakob Guðmundsson. Þorlákur Guðmundsson.

159.

Frumvarp

til laga um kosningu presta.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild alþingis).

1. gr. Þegar brauð losnar skulu allir sóknarmenn í því prestakalli, þeir er hafa óflekkað mannorð og gjalda til prests og kirkju, kjósa sjer prest af þeim, sem um brauðið sækja og hafa hina lögboðnu hæfilegleika til prestskapar.

2. gr. Sá sem sækir um laust brauð, skal senda umsóknarbrjef sitt í tveim samritum, annað til biskups, en hitt til prófasts í því hjeraði sem brauðið er í.

3. gr. Þá er 8 vikur eru liðnar frá því, er brauðið var auglýst til veitingar, skal biskup senda prófasti skrá yfir umsækendur. Skal biskup og skýra frá því, ef einhver þeirra ekki hefur lögboðna hæfilegleika til prestskapar.

4. gr. Prófastur sendir söfnuði eða söfnuðum prestakallsins skrá þá, er biskup hefur honum sent. Prófastur skýrir og frá nöfnum þeirra, er honum hafa umsóknarbrjef sent, ef þau eru ekki á skrá biskups, sem og frá því, ef einhver þeirra ekki hefur lögboðna hæfilegleika til prestskapar.

5. gr. Af þessum umsækendum skal söfnuðurinn eða söfnuðirnir kjósa sjer prest á þeirri stund og stað í prestakallinu, sem sóknarnefndarmenn prestakallsins koma sjer saman um og auglýsa öllum kjósendum með nægum fyrirvara. Stýrir sóknarnefnd kosningunni, ef ekki er nema ein sókn í prestakalli; en sje þær fleiri, kjósa allir sóknarnefndarmenn þrjá menn úr sínum flokki til kjörstjóra.

6. gr. Kjörstjórnin ákveður í hverri röð kjósendur kjósa. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann sjálfur komi á kjörfund. Ekki er kjörfundur lögmætur, nema tveir hlutir þeirra, sem kosningarrjett hafa í prestakallinu, mæti á fundi og greiði atkvæði.

7. gr. Kjörstjórar kjósa einn úr sínum flokki, til að stýra kjörfundi, en hinir tveir rita á kjörskrár atkvæði kjósenda. Ritar annar nafn kjósanda hans og við það nafn þess manns, er hann kýs; en hinn ritar fyrst nafn hvers þess, er kosinn er og við nafn hans nöfn allra þeirra, er hann kjósa.

Þegar öllum kjósendum hefur verið gefinn nægur tími til og kostur á að greiða atkvæði, rita kjörstjórar sjálfir atkvæði sín í kjörbækurnar. Því næst telja þeir atkvæði saman og lýsa yfir því, hver flest atkvæði hafi fengið. Enginn er rjett kosinn, nema hann hafi fengið meira en helming atkvæða þeirra, sem greidd hafa verið. Nú hefur enginn fengið svo mörg atkvæði, sem til er skilið, og skal skjósa af nýju óbundnum kosningum, og fái þá enn enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal kjósa að eins milli þeirra tveggja, sem höfðu fengið flest atkvæði við hina seinni kosningu. Hlutkesti ræður um hverja tvo kjósa skuli, ef fleiri en tveir hafa jafn mörg atkvæði fengið við aðra kosningu. Svo skal og hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

8. gr. Þegar kosning hefur fram farið, sendir kjörstjórn tafarlaust prófasti kosningargjörðina með vottorði sínu um, að hún sje rjett. Síðan sendir prófastur biskupi skýrslu um kosninguna. Synji biskup um að staðfesta kosninguna, skýrir hann prófasti frá því, en prófastur söfnuði prestakallsins, sem þá kýs af nýju, svo sem fyr segir í 5. til 7. gr.

9. gr. Lausn frá prestsembættum veitist eptir sömu reglum og hingað til.

160.

Frumvarp

til laga um strandgæzlu.

Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild.

1. gr. Sýslumenn og hreppstjórar hafa á hendi umsjón allrar strandgæzlu, hver í sinni sýslu eður hrepp.

2. gr. Sýslumaður skal með ráði sýslunefndar skipta sjáfarströndinni innan sýslu í hæfilega mörg strandgæzlusvæði með ákveðnum takmörkum, þannig, að í hverjum hrepp, er að sjó liggur, sje eitt eður fleiri strandgæzlusvæði, eptir því sem þurfa þykir. Skal sýslumaður og með ráði sýslunefndar skipa strandgæzlumann á hverju strandgæzlusvæði, þar sem þurfa þykir.

3. gr. Hver, sem skipaður er strandgæzlumaður, er skyldur að hafa þann starfa á hendi eigi skemur en 3 ár um sinn, en að þeim tíma liðnum á hann rjett á að vera laus við starfann næstu 3 ár.

4. gr. Þá er strandgæzlumaður tekur við starfa sínum, skal hann vinna eið fyrir sýslumanni að gæta með trúmennsku skyldu sinnar í þessari þjónustu þjóðfjelagsins.

5. gr. Strandgæzlumaður skal hafa nákvæmar gætur á að lögum og samþykktum um allskonar fiskiveiðar sje vandlega hlýtt á strandgæzlusvæði því, sem hann er yfir skipaður, sömuleiðis lögum um skipaferðir, sóttvarnir, friðun eggvera, sellátra og fl. Hann skal tafarlaust láta hreppstjóra vita um hvert það lagabrot, er hann hyggur að átt hafi sjer stað á hans strandgæzlusvæði, en hreppstjóri fer með það mál, eptir því sem embættisskylda hans býður. Þyki strandgæzlumanni hreppstjóri eigi fara með málið svo sem hann hyggur vera eiga, eður nauðsyn til bera, skal hann skýra sýslumanni frá málavöxtum svo fljótt, sem hann má því við koma.

6. gr. Strandgæzlumaður skal fá helming allra sekta, sem tilfalla sveitarsjóði á hans strandgæzlusvæði fyrir brot gegn lögum eða samþykktum í þeim efnum, er honum ber að hafa eptirlit með. Sýslunefnd má og veita árvökrum strandgæzlumönnum þóknun af sýslusjóði.

7. gr. Landshöfðinginn semur erindisbrjef handa strandgæzlumönnum.

161.

Nefndarálit

(frá nefndinni í málinu um útgjöld til hinnar innlendu stjórnar).

Nefnd sú, er neðri deild alþingis kaus til að íhuga «að hve miklu leyti auðið kynni að vera, að minnka útgjöld, er ganga til hinnar innlendu umboðsstjórnar, dómgæzlu, læknaskipunar, kirkju- og kennslumála, eptirlauna o. fl.» hefur álitið sjer skylt að fullnægja þessum vilja þingsins, svo ýtarlega, er henni sýndist fært; hefur hún því, ef til vill, stigið sumstaðar feti framar en ýmsum þingmönnum kann að þykja ráðlegt, en þá er það á valdi deildarinnar að leiðrjetta þetta, ef annað þykir betur fara.

Meiri hluti nefndarmanna álítur, að enn þá megi spara talsvert fje, sem gengur til launa úr landssjóði, ef amtmannaembættin væri lögð niður. Það er sjálfsagt að slíkt hefur talsverða erfiðleika í för með sjer, meðan breytingin er að komast á, af því störf amtmannanna eru svo fljettuð inn í umboðsstjórn landsins og ýmsar laga ákvarðanir. En þrátt fyrir það, þó þetta sje svo, álítur meiri hluti nefndarmanna, að með heppilegri tilhögun á annan hátt mætti komast af án embætta þessara, og einnig landritaraembættisins, en sjálfsagt þyrfti þá aptur að stofna tvö skrifstofuembætti, sem stæðu undir landshöfðingjanum; einnig þyrfti að koma á fót fjölmennari fjórðungsráðum, en amtsráðin hafa verið, er ættu að hafa á hendi þau störf, er amtsráðin nú hafa, og ef til vill meiri ráð.

Meiri hluti nefndarmanna álítur að hentugra sje, að skipta Norður- og Austuramtinu í tvo parta, til þess mönnum verði ljettara að sækja fundi fjórðungsráðsins og taka þátt í sínum eigin málum, og mynda þannig landsfjórðunga, er færu sem næst hinum fornu fjórðungaskiptum, að því undanskildu, að Vestur-Skaptafellssýsla leggist til Sunnlendingafjórðungs, og meiri hluti Norður-Þingeyjarsýslu til Austfirðingafjórðungs; samt vilja nefndarmenn eigi fylga fast fram þessum fjórðungatakmörkum, ef miklir erf-

iðleikar eru á því, að skipta sameign Skaptafellssýslu í sjóði suðuramtsins, eður sameign og samvinnu Norður-Þingeyjarsýslubúa.

Meiri hluti nefndarinnar leyfir sjer því að leggja fram fyrir þingdeildina eptirfylgjandi frumvarp, sem er hið fimmta og síðasta. Þó nokkrum kunni að virðast, að fleira hefði mátt til týna til sparnaðar, þá vill nefndin, að svo komnu, láta hjer staðar nema.

Frumvarp

til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og stofnun fjórðungsráða.

1. gr. Amtmannaembættin og landritaraembættið skulu lögð niður og tveir skrifstofustjórar skipaðir undir landshöfðingja með 3000 kr. árslaunum og 1000 kr. í skrifstofufje fyrir hvorn um sig. Málum þeim, sem nú eru lögð undir amtmennina, skal skipt á milli landshöfðingja og formanna fjórðungsráðanna eptir þeim reglum, sem stjórnin ákveður.

2. gr. Í stað amtsráðanna komi fjórðungsráð. Takmörk fjórðunganna eru þessi: Sunnlendingafjórðungs: Skeiðarársandur og Hvítá í Borgarfirði; Vestfirðingafjórðungs: Hvítá að sunnan og Hrútafjarðará að norðan: Norðlendingafjórðungs: Hrútafjarðará og Jökulsá í Axarfirði; Austfirðingafjórðungs: Jökulsá að norðan og Skeiðarársandur að sunnan.

3. gr. Í fjórðungsráði hverju skal vera einn kjörinn maður úr hverju sýslufjelagi, kosinn af hverri sýslunefnd með meiri hluta atkvæða til 6 ára þannig, að meiri hluti fjórðungsráðsmanna gengur úr þriðja hvert ár ef á stöku stendur, annars helmingur. Auk þess á sæti sem formaður fjórðungsráðsins einn sýslumaður, er landshöfðinginn skipar: hann ákveður og fundarstað fjórðungsráðanna.

4. gr. Jafnaðarsjóðum norður- og austuramtsins skal skipt að tiltölu rjettri, eptir því sem goldið hefur verið til þeirra hin síðustu 5 ár; einnig suðuramtsins, hvað Skaptafellssýslur snertir. Sama er og um aðra sameiginlega sjóði.

5. gr. Þær lagaákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. F. S. Stefánsson. Þorkell Bjarnason, framsögumaður. Þorlákur Guðmundsson.

Ósamþykkur
Arnljótur Ólafsson.

162.

Frumvarp

til laga, er banna að sleppa hákarli í sjó á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl.
(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis).

1. gr. Á sjáfarsvæði því við norðurströnd landsins, er takmarkast að austan af beinni línu í norður frá Langanesi, en að vestan af beinni línu í norður frá Straumnesi, má enginn, sem veiðir hákarl, hvort heldur á opnum skipum eða þilskipum, á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl ár hvert sleppa í sjó hákarlaskrokkum eða neinum hluta þeirra, nema formaður skips álíti, að lífi og skipi sje hætta búin að öðrum kosti.

Fyrir brot gegn þessari grein skal svara sekt, er nemi 20 krónum fyrir hverja tunnu (120) potta) hákarlslifrar, er til lands er flutt, án þess hákarl fylgi.

Formaður svarar til sekta, en taka skal þær, eptir því sem tala rennur til, af öllum er hlut eiga í aflanum.

2. gr. Í hvert skipti, sem skip kemur til lands frá hákarlsveiði milli Straumness og Langaness á tímabili því, sem nefnt er í 1. grein, skal formaður tafarlaust láta strandgæzlumann þann, sem þar er skipaður, vita um komu skipsins, og má engan afla flytja burt frá skipi fyrri en strandgæzlumaður hefur komið til og litið á aflann. Skal strandgæzlumaður líta eptir, hvort hákarl og hákarlslifur, sem til lands er flutt, sje í sennilegum hlutföllum hvað við annað.

3. gr. Nú flytur skip hákarl á land í einhverju strandgæzlusvæði, en fer með lifrina í annað, og skal formaður fá hjá strandgæzlumanni, þar sem hákarlinn er fluttur á land, vottorð um það, hve mikla lifur megi álíta samsvara þeim hákarli, er þar var á land fluttur. Skal formaður sýna vottorð þetta strandgæzlumanni þar, sem lifrin er flutt á land.

Sje bæði hákarl og lifur að eins að nokkrum hluta flutt á land, þar sem skip kemur fyrri, skal formaður fá hjá strandgæzlumanni skrifað álit hans um hlutfallið milli hákarls þess og lifrar, og sýna álitið strandgæzlumanni, þar sem afli er síðar borinn af skipi.

Við brotum gegn þessari grein liggja sektir frá 5 til 50 króna, eptir málavöxtum.

4. gr. Sje hákarli sleppt í sjó á þeim tíma og á því svæði, sem það er bannað, fyrir þær sakir, að formaður álítur það óhjásneiðanlegt til að bjarga lífi eða skipi, skal formaður, þá er til lands kemur, tafarlaust gefa strandgæzlumanni skýrslu, undirskrifaða af honum og öðrum skipverjum, um öll atvik, er að þessu lúta. Skal senda skýrsluna sýslumanni, með áliti strandgæzlumanns og hreppstjóra um það, hvort hún sje sennileg eður eigi. Þyki skýrsla formanns á nokkurn hátt ósennileg, skal sýslumaður, svo fljótt sem hann fær því við komið, rannsaka það mál, eða láta formann og háseta staðfesta skýrslur sínar með eiði.

5. gr. Fyrir ferðir, sem strandgæzlumaður þarf að fara, til að líta eptir hákarlsafla, samkvæmt lögum þessum, skal hann fá slíka borgun, sem ákveðin er í lögum 13. jan. 1882, um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, 3. gr. Greiðir formaður borgunina fyrir sína hönd og annara, er hlut eiga í aflanum.

6. gr. Sektir allar, er gjalda skal eptir lögum þessum, renna í sveitarsjóð þar sem skip lendir, og lagabrot verður uppvíst.

163.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um kosningu presta.

Ný 8. gr. Setjist inn, svo látandi:

Ekki er kosning sóknarmanna gild, nema biskup staðfesti hana og gefi hinum kosna köllunarbrjef. Nú synjar biskup um staðfestingu á kosningu, og hafa sóknarmenn rjett á að kjósa af nýju. Synji biskup í annað sinn um staðfestingu, kjósa þeir enn af nýju; en synji hann í þriðja sinni, og hafi sami maður hlotið kosningu, enda sje hann

þegar prestur í þjóðkirkjunni, skal kosningin gild allt að einu, og gefur biskup þá köllunarbrjef.

Arnljótur Ólafsson. Jón Ólafsson. Þórður Magnússon. Grímur Thomsen.
B. Sveinsson. F. S. Stefánsson. Jakob Guðmundsson.

164.

Lagafrumvarp

um breyting á nokkrum brauðum í Eyjafjarðarprófastsdæmi.
(Frá 1. þingmanni Fyfirðinga).

1. gr. Akureyrarbrauð skal vera Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir. Í Lögmannshlíð er þriðjungakirkja. Til brauðs þessa liggur prestskyld öll frá Munkaþverárkirkju og 300 kr.

2. gr. Grundarbrauð tekur yfir Grundar, Munkaþverár og Kaupangs sóknir. Til Grundarsóknar liggja 11 fremstu bæirnir úr Akureyrarsókn. Frá brauði þessu greiðast 100 kr.

3. gr. Saurbæjarbrauð nær yfir Saurbæjar, Möðruvalla, Hóla og Miklagarðs sóknir. Frá brauði þessu greiðast 200 kr.

4. gr. Möðruvallaklaustursbrauð skal að eins vera Möðruvalla og Glæsibæjar sóknir. Frá brauði þessu greiðast 200 kr.

165.

Breytingartillaga

við lagafrumvarp til breytinga á 2. og 3 gr. laga 11. febrúar 1876 um stofnan læknaskóla í Reykjavík.

Við 1. gr. fyrir «3600 kr.» komi: «4400 kr.».

Þórarinn Böðvarsson. E. Kúld. H. Kr. Friðriksson.

166.

Nefndarálit.

Efri deild hefur falið oss að íhuga «frumvarp til laga um landsbanka á Islandi» og höfum vjer átt fundi með oss til að skýra þetta mál fyrir oss.

Vjer álítum að öll þörf sje á því, að banki sje stofnaður hjer á landi og föllumst í öllum aðalatriðum á frumvarpið; þó hefur oss komið saman um, að stinga upp á breytingum á því, þeim er nú skal greina:

1. við 3. gr. Í staðinn fyrir: «200 krónur» komi: «minnst 100 krónur».
2. við 4. gr. Á eptir «5» komi: «10».
3. við 6. gr. Í staðinn fyrir: «gjöld til landssjóðs» komi: «lögboðin gjöld».
4. við 8. gr. (Orðabreyting). Orðin: «án þess — — á undan» komi inn í málsgreinina á undan orðunum: «ef þeir halda eigi» o. s. frv.
5. við 11. gr. Orðin: «og setur bankastjóra — — undir umsjón sinni» falli úr.
6. — — — Eptir orðin: «og endurskoðun reikninga hans» bætist inn í: «um atkvæðisrjett hluteiganda».
7. — — — Síðasta málsgrein orðist svo: «Landshöfðingi sjer um útvegur alls þess, er við þarf, til þess að bankinn geti tekið sem fyrst til starfa».
8. við 12. gr. Greinin orðist svo: «Til þess að koma bankanum á stofn, má verja

allt að 15000 krónum úr landssjóði. Fje þetta veitist bankanum sem lán, og skal endurgjalda það ár hvert með 1000 kr. og 4% leigu.

Jón Pjetursson, formaður. Einar Ásmundsson. B. Kristjánsson, framsögumaður. Skúli Þorvarðsson.

Enda þótt eg sje þeirrar skoðunar, að mjög mikil þörf sje á því, að komið sje á bankastofnun hjer á landi, get eg eigi aðhyllzt frumvarp þetta, af því að það fer þá leið, að stofnaður skuli nú þegar stjórnarbanki. Eg álít að það sje ekki ætlunarverk landssjóðsins, að gangast fyrir og annast slíka stofnun, en þar á móti og það miklu fremur rjett, að reyna til að styrkja til framkvæmda, að stofnaður verði hvort heldur privatbanki eða lánsfjelög, eða hvað helzt hvorttveggja. og það með ríkulegum en þó *fastákveðnum tillögum og hluttöku.* Sú bankastofnun hjer á landi, sem helzt gæti miðað til framfara, er veðbanki, sem að auki annaðist önnur bankastörf til reynslu í öðrum greinum og aukningar eptir sem þörf yrði á síðar. Hvort heldur það yrði ofan á að stofnaður sje stjórnarbanki eða sjerstök hlunnindi veitt banka, sem privatmenn stofna, verð eg að álíta að sjerstakan gaum ætti að gefa þessari stefnu, og ákveða hana skýrt í hinum fyrstu stofnlögum.

Að öðru leyti skýrskota eg til þeirra athugasemda um málefni þessi, er eg og aðrir í líka átt og eg hefi gjört um málefni þetta á alþingi 1881.

Árni Thorsteinson.

167.

Nefndarálit

í málinu: Tillaga til þingsályktunar um ávarp til konungs.

Samkvæmt umboði því, sem hin heiðraða þingdeild gaf oss undirskrifuðum, leggjum við

1. Það ávarp til Hans Hátignar Konungs, sem hjermeð fylgir, fyrir hina heiðruðu deild, og
2. Leggjum við til, að deildin skori á hinn hæstvirta landshöfðingja, að annast um, að þakklæti deildarinnar verði tjáð gefendum utanríkis, Englendingum, Norðmönnum, Hollendingum o. fl.

Alþingi 25. júlí 1883.

E. Kúld. Eiríkur Briem. Grímur Thomsen.

Ávarp til konungs.

Það ber margt til þess, að neðri deild alþingis óskar að ávarpa Yðar Hátign.

Frá því fyrsta, að Yðar Hátign kom til ríkis, hafið þjer auðsýnt landi þessu staka konunglega mildi, gefið oss sjálfsforræði, stutt atvinnuvegu vora og samgöngur á margan hátt beinlínis og óbeinlínis, bæði með tillögum og fjárframlagi, og nú loksins í neyð vorri og harðindum eigi að eins gjörzt forgöngumaður fyrir hinum miklu og veglyndu gjafasamskotum bræðra vorra í Danmörku, heldur jafnvel fyrir meðalgöngu Yðar Hátignar göfugu dóttur verið hvatamaður þess, að einnig Bretar hafa rjett oss hjálparfúsa hönd, og hefur Yðar Hátign með þessu konunglega og konunglynda eptirdæmi opnað hjörtu og hendur ýmsra heiðursmanna í öðrum löndum.

Fyrir alla þessa konunglegu mildi finnur neðri deild alþingis sjer skylt, að tjá Yðar Hátign sitt og allra Íslendinga innilegt þakklæti og hún innibindur einnig í þessu þakklætisávarpi bræður vora og samþegna í Danmörku, og getur einkis betra beðið,

en að hinn Almáttugi í bráð og lengd haldi sinni blessunar hendi yfir Yðar Hátign, Yðar Hátignar húsi og niðjum, bæði í Danmörku og erlendis, og yfir hinni hjálparfúsu og veglyndu dönsku þjóð.

168.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða.

(Frá þingm. Vestmanneyinga).

Við 1. gr. Í stað orðanna: «tveir skrifstofustjórar — hvorn um sig» komi: «einn skrifstofustjóri, skipaður undir landshöfðingja, með 4500 kr. árslaunum og 1000 kr. í skrifstofufje».

169.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um löggildingu verzlunarstaða.

Að »við Bakkafjörð á Langanesströndum« falli burt; að »Sveinseyri við Tálknafjörð í Barðastrandarsýslu« falli burt.

Th. Thorsteinsson. Eiríkur Briem. Þorkell Bjarnason.
H. K. Friðriksson. Tr. Gunnarsson. Magnús Andrjesson.

170.

Frumvarp

til laga um sölu á Sauðafellskirkjujörðinni Hömrum í Laxárdal í Dalaprófastsdæmi.

(frá 1. þm. Eyfirðinga).

Ráðgjafanum veitist heimild til, að leyfa eiganda Sauðafells, að selja kirkjujörðina Hamra í Laxárdal í Dalaprófastsdæmi frá Sauðafellskirkju þannig: að jörð þessi verði hjeðan af að öllu leyti fráskilin Sauðafellskirkjueigninni. En þar á móti skal hálf heimajörðin Sauðafell, sem Sauðafellskirkja nú á ekkert í, vera hjeðan af með fyrsta veðrjetti veð fyrir viðhaldi Sauðafellskirkju, meðan hlutaðeigandi söfnuður ekki tekur kirkju þessa að sjer til fullkominnar eignar og ábyrgðar.

Ástæður.

Árið 1881 fjekk eigandi Sauðafellseignarinnar í Miðdölum, sira Jakob Guðmundsson, hlutaðeigandi sýslumann til að útnefna fyrir rjetti 2 menn til þess, að yfirlíta endurbætur þær, sem nefndur eigandi Sauðafellseignarinnar hafði þá þegar gjört á eign þessari, bæði á jarðabótum og húsabyggingum og til að gefa vottorð sitt um, í hvaða ástandi eign þessi var, þegar sjera Jakob varð eigandi hennar og hvað hún hafði af sjer gefið mörg ár samfleytt að undanförnu, og aptur á móti í hvaða ástandi hún var nú 1881 og hvað hún þá gaf af sjer; og kom það þá fram, að þessir skoðunar- og matsmenn álitu nú eign þessa mikils meira virði og sýndu fram á, að hún gaf þá mikið meira af sjer að fráskildum Hömrum í Laxárdal heldur en hún hafði áður verið verð og gefið af sjer að Hömrum meðtöldum, þegar sira Jakob eignaðist hana.

Hlutaðeigandi sendi nú þessa skoðunargjörð og mat hinna útnefndu skoðunarmanna hlutaðeigandi prófasti, og var prófasturinn sem nákunnugur Sauðafellseigninni og endurbótum þeim, sem sira Jakob hafði á henni gjört, matsmönnunum að öllu leyti

samdóma um, að Sauðafellseignin þá án Hamra í Laxárdal væri mikið fullkomnara og og tryggara veð fyrir viðhaldi Sauðafellskirkju, sem þá var nýlega vel uppbyggð og fyrir prestsmötunni, heldur en öll eignin ásamt Hömrum, þegar sira Jakob tók við henni, og lagði það því til, að sira Jakobi yrði veitt leyfi til að selja Sauðafellskirkjujörðina Hamra í Laxárdal frá Sauðafellskirkju.

Ásamt framangreindri skoðunar- og matsgjörð og meðmælum hlutaðeigandi prófasts, sendi sira Jakob stiptsyfirvöldunum yfir Íslandi 15. júlí 1881 bónarbrjef sitt um, að þau útveguðu honum leyfi til að selja Sauðafellskirkjujörðina Hamra í Laxárdal frá Sauðafellskirkju þannig: að jörð þessi yrði upp frá því aðskilin frá Sauðafellseigninni; og tók hann það fram í bónarbrjefi sínu, að sjer væri nauðverja að geta varið Hamraverðinu, sumpart til afborgunar skuld þeirri, sem hann var kominn í fyrir jarðabætur og húsabyggingar á Sauðafelli — og hafði hann þá varið til þessara endurbóta um 12000 kr. — og sumpart til að geta haldið endurbótunum áfram. Stiptsyfirvöldin sendu bónarbrjef þetta ásamt fylgiskjölum þess og sínum tillögum samsumars til landshöfðingjans og landshöfðinginn aptur til ráðgjafans. En með landshöfðingjabrjefi 24. jan. 1882 var eiganda Sauðafellseignarinnar tilkynnt ráðgjafabrjef frá 11. nóv. 1881, hvar í ráðgjafinn segir, að hið umbeðna leyfi til að selja Sauðafellskirkjujörðina Hamra í Laxárdal verði ekki veitt, því það sje gagnstætt grundvelli laganna og konungsbrjefi 30. júní 1786, sem banni að selja kirkjujörð frá nokkurri kirkju.

En þessi ástæða ráðgjafabrjefsins virðist nú fyrir rás viðburðanna vera með öllu úr gildi gengin, þar sem ýmsum kirkjujörðum hefur á seinni árum verið fargað frá einu brauði til annars, og meira að segja var fyrir nokkrum árum seld kirkjujörðin Hrifla frá bændakirkjunni á Ljósavatni í Þingeyjarsýslu, en kirkjan þar fjekk aptur veð í heimalandi Ljósavatns, sem var eign bóndans en ekki kirkjunnar. Þessi neitun ráðgjafans virðist beinlínis koma í bága við það, sem ætti að vera grundvallarregla allra þeirra, sem eiga fleiri jarðir, sem þurfa endurbótar við, að selja heldur eina jörðina eða fleiri til að endurbæta hinar, svo að hinar færri jarðir endurbættar verði eins mikils eða meira virði og gefi eins mikinn eða meiri arð en hinar fleiri jarðir óendurbættar.

Slík regla mundi leiða til mikils hagnaðar bæði fyrir einstaka jarðeigendur og fyrir þjóðfjelagið yfir höfuð, eins og hún líka miðar til að fjölga sjálfseignarbændum, sem alþingi er nú að styrkja til með ákvörðunum sínum um sölu ýmsra hinna opinberu þjóðjarða.

Hin umgetna neitun ráðgjafans virðist því hljóta að vera sprottin af einhverjum misskilningi. Menn geta ef til vill ímyndað sjer, að ráðgjafinn hafi litið svo á málið, að slík tilbreytni með kirkjujarðir, sem hjer ræðir um, mætti ekki eiga sjer stað eptir einni saman ráðstöfun umboðsvaldsins, heldur þyrfti að ákveðast með lögum.

171.

Frumvarp

til laga um eptirlaun prestekkna.

(Eins og það var samþykkt við eina umræðu í efri deild alþingis 25. júlí 1883). (Óbreytt eins og það var samþykkt við 3 umræðu í neðri deild, sjá bls. 198 hjer að framan).

172.

Frumvarp

til laga um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

(Eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild alþingis 24. júlí 1883).

(Óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild; sjá bls. 170 hjer að framan).

173.

Frumvarp

til laga um, að eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsa greiðist eigi af jafnaðarsjóðum amtanna nje af bæjarsjóði Reykjavíkur.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild 25. júlí 1883).

(Óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild, sjá bls. 179 hjer að framan).

174.

Nefndarálit.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur falið oss á hendur að segja álit vort um frumvarp til þurfamannalaga, og er það þá á þessa leið:

Nefndin játar að vísu fúslega, að margir og verulegir gallar sjeu á hinni gildandi þurfamannalöggjöf, sjer í lagi reglugjörð 8. jan. 1834, og að þessir gallar muni ekki eiga alllítinn þátt í hinum gífurlegu sveitarþyngslum hvervetna um landið, og í rjettaróvissu þeirri og vafningum, sem menn svo almennt kvarta um, í þeim málum, sem hjer að lúta. Nefndin verður því einnig að viðurkenna, að brýna nauðsyn beri til þess, að hrinda þessu máli, sem fyrst, í gott og viðunanlegt horf.

Á hinn bóginn verður nefndin að vera föst á þeirri skoðun, að eigi verði ráðin bót á þessum vandkvæðum, svo vel og viðunandi sje, nema með gagngjörðri endurskoðun á þurfamannalöggjöfinni yfir höfuð, en í svo umfangsmikinn og vandasaman starfa gat nefndin ekki ráðizt á þeim stutta tíma, sem hún átti ráð á. Nefndinni virðist sem sje auðsætt, að ekki þyrfti að eins að taka fyrir og breyta þurfamannalöggjöfinni í heild sinni, heldur þyrfti einnig að safna saman og rannsaka fjölda af yfirvalda- og stjórnar úrskurðum, sem felldir hafa verið um þurfamannamál síðan 1834, og taka jafnframt tillit til rjettarvenju þeirrar, sem með þeim hefur rutt sjer til rúms, og auk alls þess mundi þess einnig þurfa, að gjöra breytingar á úrskurðarvaldinu í þurfamannamálum, svo þau gætu gengið greiðar en hingað til hefur verið.

Með því nú aðalinnihald frumvarps þess, sem hin heiðraða deild fól nefndinni til íhugunar, á einkum við II. og III. kafla reglugj. 1834, sbr. 1.—10. gr. frv., og inniheldur um það efni fá veruleg nýmæli, getur nefndin, af ástæðum þeim, sem nú eru taldar, ekki ráðið hinni heiðruðu þingdeild til að samþykkja það. Eigi að síður hefur nefndinni virzt eitt atriði í þurfamannalöggjöfinni vera þess eðlis, að bæði mætti aðskilja það frá heildinni, og að það þyrfti, fremur öðrum atriðum hennar, bráðrar endurbótar við. Það er nefnilega kunnugra en frá þurfi að segja, hve tilfinnanlegt það er, að löggjöfin veitir hreppsnefndunum lítið sem ekkert vald yfir þurfamönnum, svo þær fá ekki aðgjört, þó þeir með ráðlagi sínu eður ómennsku baki sveitinni byrði, en nefndinni virðist, að það liggi þó í hlutarins eðli, að sá, sem eigi er sjálfbjarga fyrir sig eður skylduómaga sína, svo hann verður að leita hjálpar sveitarinnar, geti ekki átt heimtingu á því, að

fara með efni sín og vinnukrapta, sem honum bezt líkar, og eins virðist nefndinni nauðsynlegt, að í lögunum verði reistar nokkrar skorður við því, að menn, er eigi vandamenn, sem liggi við sveit, geti flutt af landi burt, án þess, að sjá þeim neinn farborða.

Til þess að ráða bót á þessu, hefur nefndin samið eptirfylgjandi frumvarp, sem hún ræður hinni heiðruðu neðri deild til að samþykkja, og virðist nefndinni eigi þörf á. að telja frekari ástæður fyrir hinum einstöku greinum þess, með því þær allar eru byggðar á grundvallarreglum gildandi laga, og heimila hreppsnefndum að eins lögúrræði til þess, að vernda rjett sveitasjóðanna, þegar brýn nauðsyn ber til.

Vjer ráðum því hinni heiðruðu neðri deild að fallast á svolátandi:

Frumvarp

til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum.

1. gr. Þyki hreppsnefnd ástæða til að láta svipta þann fjárforráðum, sem þiggur styrk af fátækrafje fyrir sig eður skylduómaga sína, getur hún farið þess á leit við sýslumann, að hann sje gjörður ómyndugur, en umráðin yfir efnum hans seld henni í hendur, og leggur þá sýslumaður fullnaðarúrskurð á það mál. Úrskurði um, að þurfamaður sje gjörður ómyndugur, skal ávallt þinglýst á varnarþingi hins ómynduga.

2. gr. Nú þiggur maður sveitarstyrk fyrir sig eður skylduómaga sína, eða stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, og skal honum skylt að fara í hverja þá viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem hreppsnefndin ákveður, og honum er ekki um megn; þó er honum heimilt að ráða sjer sjálfur, ef hann setur áreiðanlega tryggingu fyrir því, að sveitarsjóður bíði engan halla við það. Verði ágreiningur milli þurfamanns og hreppsnefndar um það, hvort vist eða vinna sje viðunanleg eður trygging nægileg, skal sýslumaður leggja fullnaðarúrskurð á það mál. Gangi úrskurður þurfamanni á móti, skulu í úrskurðinum vera ákveðnar þvingunarsektir eptir atvikum, allt að 2 krónum fyrir hvern dag, er hann að sjálfráðu óhlýðnast.

3. gr. Nú flytur maður af landi burt, en skilur eptir vandamenn, er honum að lögum ber fram að færa, enda sje líkindi til að þeir innan skamms verði ekki sjálfbjarga, og skal hann þá skyldur að setja nægilega tryggingu eptir mati tveggja óvilhallra dómkvaddra utanhreppsmanna fyrir því, að skylduómagar hans verði ekki til sveitarþyngsla, nema veikindi eður önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda óheimili sýslumaður utanferð, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

4. gr. Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, eru opinber lögreglumál.

Alþingi 25. júlím. 1883.

Lárus Blöndal, formaður.		Benidikt Sveinsson, framsögum. og skrifari.
Eiríkur Briem.	F. S. Stefánsson.	Þorsteinn Jónsson.

175.

Frumvarp

til laga um löggildingu nýrra verzlunarstaða.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

Frá 1. degi aprílmánaðar 1884 skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:

a. Sveinseyri við Tálknafjörð í Barðastrandarsýslu,

b. Búðardalur við Hvammsfjörð í Dalasýslu,
c. Skarðsstöðin við Gilsfjörð í sömu sýslu,
d. Við Bakkafjörð á Langanesströndum í Norður-Múlasýslu,
e. Við Lagarfljótsós í sömu sýslu,
f. Selnesbót við Þverhamar í Breiðdal í Suður-Múlasýslu,
g. Hrúteyri við Reyðarfjörð í sömu sýslu,
h. Við Fjallahöfn í Norður-Þingeyjarsýslu,
i. Stokkseyri í Árnessýslu og
k. Í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu.

176.

Frumvarp

til laga um horfelli á skepnum.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild)

1. gr. Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hvetja hreppsbúa sína til, að hafa viðunanlegt húsrúm og nægilegt fóður handa fjenaði þeim, sem þeir setja á vetur og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að horfella fjenað sinn.

2. gr. Ef maður lætur fjenað þann, sem hann hefur undir hendi, verða svo magran, að hann falli fyrir fóðurskort eða hirðuleysi, þá varðar það sektum til hlutaðeigandi sveitarsjóðs, allt að 20 kr., og skal með þau mál fara sem opinber lögreglumál.

3. gr. Nú fellur fjenaður svo, að grimdarfull meðferð verður talin, og er sá maður, er fjenaðinn hefur undir höndum, sekur samkvæmt 299. gr. hegningarlaganna.

4. gr. Sýslumaður skal á manntalsþingi ár hvert brýna fyrir mönnum að hegða sjer eptir lögum þessum og grenslast eptir, hvort eigi hafi verið framið brot gegn þeim.

177.

Frumvarp

til laga um kosningu presta.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild alþingis).

1. gr. Þegar brauð losnar skulu allir söknarmenn í því prestakalli, þeir er hafa óflekkað mannorð og gjalda til prests og kirkju, kjósa sjer prest af þeim, sem um brauðið sækja og hafa hina lögboðnu hæfilegleika til prestskapar.

2. gr. Sá, sem sækir um laust brauð, skal senda umsóknarbrjef sitt í tveim samritum, annað til biskups, en hitt til prófasts í því hjeraði, sem brauðið er í.

3. gr. Þá er 8 vikur eru liðnar frá því, er brauðið var auglýst til veitingar, skal biskup senda prófasti skrá yfir umsækendur. Skal biskup og skýra frá því, ef einhver þeirra ekki hefur lögboðna hæfilegleika til prestskapar.

4. gr. Prófastur sendir söfnuði eða söfnuðum prestakallsins skrá þá, er biskup hefur honum sent. Prófastur skýrir og frá nöfnum þeirra, er honum hafa umsóknarbrjef sent, ef þau eru ekki á skrá biskups, sem og frá því, ef einhver þeirra ekki hefur lögboðna hæfilegleika til prestskapar.

5. gr. Af þessum umsækendum skal söfnuðurinn eða söfnuðirnir kjósa sjer prest á þeirri stund og stað í prestakallinu, sem söknarnefndarmenn prestakallsins koma sjer saman um og auglýsa öllum kjósendum með nægum fyrirvara. Stýrir soknarnefnd kosn-

ingunni, ef ekki er nema ein sókn í prestakalli; en sje þær fleiri, kjósa allir sóknarnefndarmenn þrjá menn úr sínum flokki til kjörstjóra.

6. gr. Kjörstjórnin ákveður í hverri röð kjósendur kjósa. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann sjálfur komi á kjörfund. Ekki er kjörfundur lögmætur, nema tveir hlutar þeirra, sem kosningarrjett hafa í prestakallinu, mæti á fundi og greiði atkvæði.

7. gr. Kjörstjórar kjósa einn úr sínum flokki, til að stýra kjörfundi, en hinir tveir rita á kjörskrár atkvæði kjósenda. Ritar annar nafn kjósanda hans og við það nafn þess manns, er hann kýs; en hinn ritar fyrst nafn hvers þess, er kosinn er og við nafn hans nöfn allra þeirra, er hann kjósa.

Þegar öllum kjósendum hefur verið gefinn nægur tími til og kostur á að greiða atkvæði, rita kjörstjórar sjálfir atkvæði sín í kjörbækurnar. Því næst telja þeir atkvæði saman og lýsa yfir því, hver flest atkvæði hafi fengið. Enginn er rjett kosinn, nema hann hafi fengið meira en helming atkvæða þeirra, sem greidd hafa verið. Nú hefur enginn fengið svo mörg atkvæði, sem til er skilið, og skal kjósa af nýju óbundnum kosningum, og fái þá enn enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal kjósa að eins milli þeirra tveggja, sem höfðu fengið flest atkvæði við hina seinni kosningu. Hlutkesti ræður um hverja tvo kjósa skuli, ef fleiri en tveir hafa jafn mörg atkvæði fengið við aðra kosningu. Svo skal og hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

8. gr. Þegar kosning hefur fram farið, sendir kjörstjórn tafarlaust prófasti kosningargjörðina með vottorði sínu um, að hún sje rjett. Síðan sendir prófastur biskupi skýrslu um kosninguna. Synji biskup um að staðfesta kosninguna, skýrir hann prófasti frá því, en prófastur söfnuði prestakallsins, sem þá kýs af nýju, svo sem fyr segir í 5. til 7. gr.

9. gr. Ekki er kosning sóknarmanna gild, nema biskup staðfesti hana og gefi hinum kosna köllunarbrjef. Nú synjar biskup um staðfestingu á kosningu, og hafa sóknarmenn rjett á að kjósa af nýju. Synji biskup í annað sinn um staðfestingu, kjósa þeir enn af nýju; en synji hann í þriðja sinni, og hafi sami maður hlotið kosningu, enda sje hann þegar prestur í þjóðkirkjunni, skal kosningin gild allt að einu, og gefur biskup þá köllunarbrjef.

10. gr. Lausn frá prestsembættum veitist eptir sömu reglum og hingað til.

178.

Frumvarp

til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Að eins búsettir menn á Íslandi og innlend hlutafjelög hafa rjett til að fiska með opnum bátum í landhelgi, þó er hlutafjelögum heimilt að reka þar síldarveiðar, ef meir en helmingur fjelagsfjárins er eign þegna Danakonungs, og stjórn fjelagsins hefur aðsetur sitt á Íslandi og er skipuð mönnum, sem hjer á landi eru heimilisfastir.

2. gr. Áður en fjelagið tekur til starfa, skulu samþykktir þess sýndar lögreglustjóra þar á staðnum, svo og breytingar þær, er eptir á verða gjörðar á þeim, og skal hann gæta þess, að þær sjeu lögum samkvæmar, og yfir höfuð hafa eptirlit með því að lögum þessum sje fylgt. Að öðru leyti er fjelagið, að því er fiskiveiðar snertir, háð hinum almennu lögum um fiskiveiðar í landhelgi, fiskhelgi og nótlögum.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 20—2000 kr., er greiðast í landssjóð. Hið opinbera sækir slík mál, og skal með þau fara, sem með opinber lögreglumál.

179.

Frumvarp

til laga um friðun hvala.

(Samþykkt við 2. umræðu í efri deild alþingis)

1. gr. Allir hvalir, nema hnísur og höfrungar, skulu friðaðir fyrir skotum á tímabilinu frá 1. marz til 1. nóvember ár hvert.

2. gr. Á tímabili því, sem nefnt er í 1. gr., má veiða hvali, ef það er eigi gjört með skotum, sem byssur eða þesskonar eldvopn eru höfð til, svo sem með því að reka hvali á land, skutla þá með handskutli, eður á annan hátt.

3. gr. Finnist skot með þinglýstu marki í hval, sem annaðhvort kemur á reka, eður finnst dauður á floti, skal skotmaður engan hlut úr honum fá, nema hann sanni, að hann skaut hval þann á tímabili því, sem eigi er bannað að skjóta hvali.

4. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 2000 kr. fyrir hvern hval, sem ólöglega er veiddur, og renna sektirnar í landssjóð.

5. gr. Með sektamál eptir lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

180.

Frumvarp

til laga um stofnun lausasafnaða innan þjóðkirkjunnar.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

1. gr. Ef 20 húsfeður eða fleiri, hvort sem karlar eru eða konur, er heimilisfólk hafa, óska að kjósa sjer prest og stofna söfnuð út af fyrir sig, leyfir kirkjustjórnin það með þeim skilyrðum, sem hjer segir:

a. að þeir sanni fyrir biskupi landsins, að þeir hafi byggt sjer, eða hafi heimild fyrir kirkju, sem er útbúin með allt, sem nauðsynlegt er til algengrar guðsþjónustu, og ekki er viðhöfð til neins annars.

b. að þeir hafi samið við einhvern af prestum þjóðkirkjunnar um að takast prestsþjónustuna á hendur, eða við kandidat í guðfræði, sem hefur fullnægt þeim skilyrðum, sem heimtuð eru til prestsembættis í þjóðkirkjunni, og að kosningin hafi verið staðfest af kirkjustjórninni. Sje kandidat kosinn, skal hann taka vígslu sem prestur þjóðkirkjunnar.

c. að söfnuðurinn sjálfur standist kostnað þann, sem leiðir af forsorgun prestsins og guðsþjónustunni.

Slíka presta mega menn og að kjörprestum hafa, eptir lögum um leysing á sóknarbandi.

2. gr. Lausasöfnuðir og prestar þeirra eru undir yfirumsjón hlutaðeigandi prófasts og biskups, og hlýða lögum þeim og tilskipunum, sem gilda í þjóðkirkjunni. Þó getur kirkjustjórnin gjört einstakar undantekningar um helgisiði og fleira, eptir sameiginlegri ósk prestins og lausasafnaðarins.

3. gr. Nánari ákvarðanir um stöðu lausasafnaða og presta þeirra, svo sem um notkun kirkjugarða, færslu kirkjubókar o. fl., semur kirkjustjórnin.

4. gr. Nú fullnægir lausasöfnuður ekki einhverjum þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, og missir hann þá rjett sinn til að vera lausasöfnuður í þjóðkirkjunni.

181.

Breytingartillaga

við frv. til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.

(frá nefndinni).

4. gr. orðist þannig: «Þá er embættismaður sækir um eptirlaun og reikna skal embættislaun þau, er hann hefur haft, skulu aðeins taldar kostnaðarlausar tekjur embættisins, leigulaus bústaður, og önnur slík hlunnindi, og launabót sú, sem manninum kann að hafa verið veitt sjálfum, en kostnaður við skrifstofu, hestahald og annað þess háttar skal eigi talið með tekjum.

Við niðurlag 9. gr. bætist: »Þó má aldrei ekkja manns, er hefur haft 3000 kr. eða minna í laun, fá minni eptirlaun en 150 kr. ár hvert, og eptirlaun ekkju þess embættismanns, sem hefur haft yfir 3000 kr. í laun, skulu aldrei lægri vera ár hvert en 250 kr.

182.

Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til breytingar á lögum um laun íslenzkra embættismanna, dags. 15. október 1875.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss til að segja álit vort um þetta mál, og getum vjer, eptir að hafa hugleitt það vandlega, ekki fundið næga ástæðu til, að breyta frumvarpinu í nokkru verulegu, en aptur álítum vjer að nokkuð mæli með því, ef tveim greinum þess væri breytt þannig:

við 3. gr.: Í staðinn fyrir »3200 kr.« komi: »3500 kr.«

við 4. gr: Í staðinn fyrir »3200 kr.« komi: »3500 kr.«

Tryggvi Gunnarsson, framsögumaður. Þorkell Bjarnason. Arnljótur Ólafsson.

F. S. Stefánsson. Þorlákur Guðmundsson.

183.

Nefndarálit

í málinu um harðæri á Íslandi.

Eptir að nefnd sú, er sett var í þetta mál, hefur reynt til að skýra vandlega fyrir sjer ástandið og útlitið, sem nú er í hinum ýmsu hjeruðum landsins og til þess getað haft sjer til hliðsjónar ýms brjef og skýrslur, er landshöfðingi hefur ljeð nefndinni, leyfir nefndin sjer að skýra hinni heiðruðu neðri deild frá áliti sínu um málið, eins og það nú liggur fyrir, á þessa leið.

Að því er snertir skýrslur þær um skepnufellinn, er landshöfðingja hafa verið sendar úr hinum ýmsu hjeruðum landsins, skal þess getið, að bæði er það, að skýrslur vanta frá sumum sýslum og það jafnvel þeim, hvar víst er, að mikill fellir hefur átt sjer stað, og að öðru leyti eru skýrslurnar, sem komið hafa, innbyrðis nokkuð ólíkar og vallt á þeim að byggja, vegna þess að slíkt mat er og verður ætíð mjög hæpið, og auk þess er sá grundvöllur, er fylgt hefur verið, er meta hefur átt tjón það, sem orðið er af skepnufellinum, ekki

hinn sami, heldur virðist sem matið sje víða eptir ólíkum mælikvarða. Fyrir því getur nefndin ekki byggt eins mikið á skýrslum þessum, sem æskilegt hefði verið. En aptur ætlar nefndin hyggilegra að fara öllu fremur eptir því, sem líkindi eru til, að ástandið muni verða að komanda hausti með stöðugri hliðsjón af þeim forða, sem enn er óeyddur af gjöfunum frá útlöndum, og sem landshöfðinginn úthlutar eptir því sem ástandið þá sýnir sig í hverju hjeraði fyrir sig. Það er sem sje samhuga álit nefndarinnar, að gjöfum þeim, sem enn eru óeyddar, skuli fyrst og fremst varið til hjálpar þeim, sem fyrir fellinum hafa orðið, svo að hinir fátækari búendur þurfi eigi að lóga nema sem minnstu sjer til bjargar komandi vetur af skepnustofni þeim, sem þeir kunna að eiga í haust.

Eptir því sem nefndin kemst næst og landshöfðingi hefur skýrt nefndinni frá, mun af hinum útlendu samskotum óeytt enn:

A. Hjer á landi í kornvöru og peningum:

1.	á Papós í Austur-Skaptafellssýslu	150	tunnur.
2.	í Barðastrandarsýslu . .	500	—
3.	á Eyrarbakka . . :	150	—
4.	í Vestmannaeyjum . .	600	—
	og í peningum . .	3000	kr.
	enn fremur í peningum óútbýtt hjá landshöfðingja	35000	—

í peningum 38000 kr., í matvöru 1400 tunnur.

Hluti sá, er Vestmannaeyjasýsla þannig hefur fengið af gjöfunum, virðist nefndinni svo mikill, þegar hann er borinn saman við það, sem aðrar sýslur, er orðið hafa fyrir stórkostlegu tjóni, hafa fengið, að engin ástæða þykir, að ætla þeirri sýslu meira af samskotafjenu.

B. Eptir því sem næst verður komizt, mun nú vera enn hjá samskotanefndinni í Kaupmannahöfn 130,000 kr. Nú hefur landshöfðingi með brjefi til nefndarinnar í Kaupmannahöfn, dags. 30. f. m., lagt það til, að ráðstafað yrði enn hingað til lands í sumar kornvöru eptir því, sem hjer segir:

1.	til Siglufjarðar	200	tunnur.
2.	— Akureyrar	700	—
3.	— Sauðárkróks	500	—
4.	— Reykjarfjarðar	200	—
5.	— Borðeyrar	200	—
6.	— Patreksfjarðar	200	—
7.	— Stykkishólms	1200	—
8.	— Eyrarbakka	800	—
9.	— Reykjavíkur	1000	—
		5000	tunnur.

Nefndinni virðist, eptir því sem hún þekkir til, ástæða til að fara þess á leit, að við þessa upphæð væri bætt enn þá 600 tunnum, er kæmu til viðbótar

á Borðeyri . .	150	tunnur.
á Skagaströnd .	150	—
og á Ísafjörð . .	300	—
alls	5600	tunnur.

Þegar nú borgunin fyrir þetta gengur frá ofannefndum 130,000 kr., gjörir nefndin ráð fyrir, að samt muni þá óeytt með því fje, sem hjer er óútbýtt, 60—70,000

kr., og ætlar nefndin ráðlegra, að þessir peningar sjeu að nokkru leyti geymdir fyrst um sinn, og að hinu leytinu, eptir því sem ástæða virðist til, varið til þess að styrkja hinar einstöku sveitir, þar sem fellirinn hefur orðið langmestur, með peningum til fjárkaupa nú í haust, þó svo að eins, að vissa sje fyrir því, að fóðurbyrgðir sjeu nægar fyrir þann pening, sem á vetur er settur.

Nefndin leyfir sjer að benda á, hvort eigi virðist ástæða til að fela landshöfðingja að skora á sýslunefndir þær, er falið verður að skipta korninu milli hreppanna, að leggja ríkt á við hreppsnefndir að vanda útbýtingu kornsins, og að því leyti, sem við verður komið, eigi að býta því út öllu í einu, svo nokkuð sje óeytt, þegar fram á vetur kemur, og gjöra má ráð fyrir, að þörfin ef til vill verði tilfinnanlegri víða hvar, og álítur nefndin æskilegt, að skiptingin framfari í tvennu lagi, o: nú í haust á nokkru af korninu, en á nokkru á útmánuðum, eptir að svo áreiðanlegar og greinilegar skýrslur sem unnt er áður eru fengnar frá hjeruðum þeim, sem styrkja þarf.

Þótt nefndin gjöri sjer von um, að sá styrkur, sem landsbúar fá með framannefndu korni, muni að minnsta kosti allvíðast bæta svo úr, að eigi komi til mjög mikilla vandræða eða hungursneyðar vetrarlangt, hyggur nefndin óumflýjanlega nauðsynlegt, að sýslunefndir hafi hliðsjón af því, að hve miklu leyti kornbyrgðir sjeu hjá kaupmönnum fyrir í haust, til þess, ef enn skyldi koma vetrarharðindi og nauðsyn bæri til, að gjörðar yrðu í tæka tíð ráðstafanir til þess, að fje fengist úr landssjóð til kornkaupa, og leyfir nefndin sjer að stinga upp á, að til þess, að afstýra vandræðum og neyð, ef til þess kemur, að harðærinu eigi linni, megi landshöfðingi lána úr viðlagasjóðnum allt að 100,000 kr. á fjárhagstímabilinu með þeim kjörum, er alþing 1885 ákveður.

Þó nefndin verði yfir höfuð að fallast á uppástungu landshöfðingja, er hjer að framan er frá skýrt, hvað snertir kornvöruflutning út hingað í sumar, treystist eigi nefndin til að segja með nokkurri vissu, hvort slíkt muni nægja til að afstýra vandræðum í hinum ýmsu sýslum; þannig ætlar nefndin t. a. m. eptir því, sem ráða má af frjettum þeim, er hingað hafa borizt um ástandið í Strandasýslu og sumum sveitum í Húnavatnssýslu, að jafnvel sú upphæð, er hjer að framan er ætluð til Reykjarfjarðar, Borðeyrar og Skagastrandar, ef til vill verði ónóg, og svo getur víðar orðið, og því heldur nefndin því föstu, að nauðsynlegt verði, að fje sje fyrir hendi til kornkaupa í næstu kaupstöðum, þar sem óumflýjanleg nauðsyn ber til.

Nefndin leyfir sjer því að ráða hinni heiðruðu deild til, að fara því fram, sem hjer að framan er á vikið, á þann hátt, að landshöfðingi hlutist til,

að útbýting kornsins fari fram í tvennu lagi,

að afla áreiðanlegra skýrslna um ástand hjeraðanna, áður en hin síðari skipting fer fram,

að sjá svo til, að fje verði fyrir hendi, allt að 100,000 kr., er grípa megi til, ef harðærið heldur áfram, og ef brýnustu nauðsyn ber til, til að lána þeim hjeruðum, er í vandræðum verða, með þeim kjörum, er alþingi 1885 ákveður, þó svo, að sjeð sje um, að hvort fyrir sig, gjafir og lán, sem veitt hafa verið, og framvegis kunna að verða veitt, standi í sem rjettasta hlutfalli við þarfir hlutaðeigandi sýslna.

Alþingi 26. júlí 1883.

E. Kúld, formaður og framsögum. Lárus Blöndal, skrifari. H. K. Friðriksson.

Þórður Magnússon. Þorsteinn Jónsson.

184.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða, eins og það er orðað hjá nefndinni í landbúnaðarlaga málinu.

(frá þingmanni Austurskaptfellinga.)

1. Að aptan við frumvarpið verði bætt V. kapítula, eins og hann er orðaður í landbúnaðarlaga frumvarpi stjórnarinnar.
2. Verður þá 30. gr. stjórnarfrumvarpsins 35. gr., og greinatalan þar á eptir með framhaldandi tölum.
3. Aptan af 36. gr. stjórnarfrumvarpsins fellur: «samkvæmt . . . hjer á eptir».
4. Við 33. gr. nefndarfrumvarpsins bætist inn í, á eptir orðunum: «þau, er jörðu fylgja»: «ef þau eru ákveðin í byggingar brjefi».
5. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um bygging, ábúð, úttektir jarða og brot á landsrjettindum.

185.

Frumvarp

til laga, er breyta tilskipun 5. septbr. 1794.

(Eins og það var samþykkt við eina umræðu í efri deild alþingis 27. júlí 1883).

(Óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild, sjá bls. 204 hjer að framan).

186.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um útflutningstoll á landvarningi.

Aðalefni frumvarps þessa er það, að aftaka ábúðarskattinn og lausafjárskattinn, en leggja aptur toll á landvarning, er nema mundi 24,500 kr. Nefndin var samhuga á því, að brýna nauðsýn bæri til að ljetta skattabyrðinni á sveitabændum í þessu harðæri, er dunið hefur yfir landið hin síðustu árin. En nefndin áleit miklu haganlegra og rjettara að hækka tollinn á brennivíni, heldur en að leggja nú toll á landvarninginn. Þar að auki mundi hækkun þessi kasta af sjer miklu meiri tekjum fyrir landssjóð en útflutningstollurinn. En hitt þótti nefndarmönnum vafasamara, hvort breyting þessi skyldi lengur ráðin en um næsta fjárhagstímabil. Meiri hluti nefndarmanna var þó á því, að einskorða eigi lögin við svo stuttan tíma, með því að löggjafarvaldinu væri eins fyrir það innan handar að breyta þeim hvenær sem þurfa þætti. Meðfram þessa vegna, en þó einkum fyrir þá sök, að búið er svo opt að breyta 1. gr. í tilsk. 26. febr. 1872, sem er aðallöggjöfin um þetta efni, þótti meiri hlutanum æskilegt, að búa til lagafrumvarp, og taka í það öll þau hin helztu ákvæði tilsk. 26. febr. 1872, l. 11. febr. 1876, l. 24. ág. 1877, l. 7. nóv. 1879 (sbr. l. 11. febr. 1876 um toll á tóbaki og augl. 16. febr. s. á.), er nú gilda, þó með smábreytingum, er betur þóttu við eiga.

Meiri hluti nefndarinnar ræður því hinni h. n. d. til, að samþykkja, í stað frv. til laga um útflutningstoll á landvarningi, svo látandi:

Lagafrumvarp

um toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum og um afnám skatts á ábúð og lausafje.

1. gr. Af alskonar öli, er flutt er til landsins, skal í toll greiða fyrir pott hvern 5 a.

En af hverjum potti brennivíns eður vínanda með 8° styrkleika eður minna skal í toll greiða . . . . . 40 aura
yfir 8° og upp að 12° . . . . . 50 —
yfir 12° . . . . . 60 —

Af rauðavíni og messuvíni skal greiða 15 aura fyrir pott hvern, í hverju íláti sem flutt er.

Af öllum öðrum vínföngum skal í toll greiða 50 aura af potti hverjum, ef þau flutt eru í svo stórum ílátum, að þau rúmi 2 merkur, eður meira, en sje flutt í minni ílátum, skal greiða jafnan toll af hverjum 3 pelum, sem af potti er greitt í stærri ílátum.

2. gr. Tollinn skal greiða annað tveggja í peningum út í hönd eður í víxlum, greiðilegum að vild eiganda og stíluðum á það verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er gjaldheimtumaður gilt tekur. Tollurinn rennur í landssjóð. Gjaldheimtumenn fá 2 af 100 í gjaldheimtukaup.

3. gr. Á tollskrám þeim og varningsskrám, er skip skulu með sjer hafa samkv. 8. gr. í lögum 15. apríl 1854, skal jafnan til greint, hve mikið aðflutt sje með skipi hverju af sjerhverjum tollskyldum vínföngum, og hversu styrkt brennivínið eða vínandinn sje. En sje styrkleikinn eigi tiltekinn, skal tollgreiðandi jafnan greiða hinn hæsta toll, nema hann láti á sinn kostnað rannsaka styrkleikann, enda fái hann vottorð hjá lögreglustjóranum, að styrkleiki sá sje rjettur.

4. gr. Jafnskjótt sem kaupskip kemur hjer á höfn frá útlöndum, skal skipstjórnarmaður eður og viðtökumaður tafarlaust senda lögreglustjóranum eður umboðsmanni hans hleðsluskjölin og einkum tollskrá eður varningsskrá yfir allar tollskyldar vörur í skipinu eptir lögum þessum. Tollurinn skal greiddur áður en hinar tollskyldu vörur eru fluttar í land. En eigi skal toll greiða af vínföngum þeim, er rjettilega eru ætluð skipverjum sjálfum til viðurværis.

Ef tollskyldur varningur er fluttur hingað til lands með gufuskipum, þá er rjett að skipstjórnarmaður eður afgreiðslumaður skipsins sendi lögreglustjóranum tollskrána eður varningsskrána til eptirsjónar. Svo er og rjett að afgreiðslumaður greiði lögreglustjóra tollinn.

5. gr. Skyldur er skipstjóri að gefa lögreglustjóra skriflegt vottorð og leggja það undir þegnskap sinn að eigi sje á skipi hans aðrar nje fleiri tollskyldar vörur en þær, er standa á tollskránni eður varningsskránni, svo og hve mikið af vínföngum ætlað sje handa skipverjum sjálfum.

Skyldur er og hver, sá er fær aðflutt nokkuð af tollskyldum varningi, hvert sinn til að segja hver vínföng og hversu mikil hann fengið hafi með skipi hverju frá útlöndum, og skal hann leggja það undir þegnskap sinn, að hann satt segi. Þegnskaparvottorð sitt er manni skylt að senda lögreglustjóra þegar, er hann tekið hefur við vörunni, og inna þegar tollinn af hendi.

6. gr. Lögreglustjórar eru gjaldheimtumenn, hver þeirra í umdæmi sínu. Hvert sinn er lögreglustjóri kveður á um tollhæðina, skal hann fara eptir tollskrá þeirri eður varningsskrá, er segir í 3. gr. að skip hvert skal með sjer hafa, svo og eptir þegnskaparvottorðum skipstjóra og viðtökumanns, samkvæmt 5. gr. Rjett er lögreglustjóra, hvert

sinn er hann vill, að heimta af kaupmönnum, verzlunarstjórum og þeim mönnum öðrum, er búsettir eru í umdæmi hans og hann hyggur fengið hafa tollskyldan varning frá útlöndum, skýrslu þeirra um varninginn. Hafi maður varninginn fengið, skal hann skýra greinilega frá, hver vínföngin voru og hversu mikil.

7. gr. Nákvæmar gætur skulu lögreglustjórar á hafa, hvort eigi sje aðflutt meira af tollskyldum vínföngum, en á tollskrá eða varningsskrá stendur, og er þeim skylt að rannsaka málið til hlítar, einkum sje skrá ógreinileg eða framtal hennar uggvænt. Kostnaðinn af rannsókn málsins greiðir skipstjórnarmaður eða viðtakandi, ef skráin reynist ósönn eða ónákvæm, en landssjóður ella.

8. gr. Nú ber þegnskaparvottorði skipstjóra eða viðtökumanns eigi saman við vöruskrá skips eða tollskrá, og skal lögreglustjóri jafnan fara eptir þegnskaparvottorði, ef það telur varning meiri en á skrá stendur. En telji þegnskaparvottorð varning minni, og verði sú raun á, að eyðzt hafi nokkuð af varningnum, ónýtt orðið, eða á einhvern hátt farið forgörðum á leiðinni hingað til lands, áður varningurinn kom í hendur viðtakanda, og skal þá toll greiða sem þegnskaparvottorð telur varning til; enda votti lögreglustjóri að hann hafi eigi ástæðu til að rengja vottorðið. Rjett er og viðtakanda, ef hann hyggur varning sinn eyddan á einhvern hátt, að beiða lögreglustjóra að líta á skaðann og hve miklum varningi maður við tekur. Kostnaðinn greiðir viðtakandi.

9. gr. Nú verður maður sannur að því, að hafa gefið rangar skýrslur eða vottorð, eptir 5. og 6. gr., og verður hann um það sekur 200—2000 kr.

Brot gegn 4. gr. um tollgreiðslu og afferming kaupskipa og gufuskipa varða 20—200 kr. sektum, nema þyngri hegning við liggi eptir öðrum lögum.

Sektirnar tvöfaldast, ef brotið er ítrekað.

10. gr. Hinn tollskyldi varningur er að veði fyrir tolli og sektum. Rjett er og lögreglustjóra að kyrsetja tollskyldan varning manns til lúkningar tolls og sekta.

11. gr. Greiða skal manni þeim, er fyrst uppljóstar broti gegn lögum þessum, alt að helmingi sektar, enda verði hinn sótti sannur að sök. Hinn hluti sektar rennur í landssjóð.

12. gr. Með mál um afbrigði laga þessara skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. nóv. 1883. Frá sama tíma eru lög 14. desbr. 1877, um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, úr lögum numin.

Benidikt Sveinsson, formaður. — Arnljótur Ólafsson, skrifari og framsögumaður.

Grímur Thomsen. — Jón Ólafsson.

Það gæti jeg aðhyllzt, að landsmönnum væri gefinn eptir ábúðarskatturinn fyrir fjárhagstímabilið 1884—1885 vegna harðæris og efnaleysis þeirra. En jeg vil eigi ráða til að afnema mest allar fastar tekjur landsins, og láta því nær allar tekjur landssjóðsins vera komnar undir því, hvert miklu er eytt ár hvert af vínföngum, og hve mikið aflast úr sjó. Slíkt mundi gjöra tekjur landsins mjög óvissar, einkum eins og nú á stendur: tollstjórn er engin, og eptirlit á tollgreiðslu hlýtur að vera ófullkomið vegna strjálbyggðar og hinna mörgu löggiltu verzlunarstaða. Þar að auki eru nú að fara í vöxt skipaferðir frá ýmsum löndum, þar sem eigi er haft jafn-nákvæmt eptirlit með tollskrám eins og í Danmörku.

Tryggvi Gunnarsson.

187.

Frumvarp

til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

1. gr. Að eins búsettir menn á Íslandi og innlend hlutafjelög hafa rjett til að fiska með opnum bátum í landhelgi, þó er hlutafjelögum heimilt að reka þar síldarveiðar, ef meir en helmingur fjelagsfjárins er eign þegna Danakonungs, og stjórn fjelagsins hefur aðsetur sitt á Íslandi og er skipuð mönnum, sem hjer á landi eru heimilisfastir.

2. gr. Áður en fjelagið tekur til starfa, skulu samþykktir þess sýndar lögreglustjóra þar á staðnum, svo og breytingar þær, er eptir á verða gjörðar á þeim, og skal hann gæta þess, að þær sjeu lögum samkvæmar, og yfir höfuð hafa eptirlit með því að lögum þessum sje fylgt. Að öðru leyti er fjelagið, að því er fiskiveiðar snertir, háð hinum almennu lögum um fiskiveiðar í landhelgi, fiskhelgi og nótlögum.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 20—2000 kr., er greiðast í landssjóð. Hið opinbera sækir slík mál, og skal með þau fara, sem með opinber lögreglumál.

188.

Frumvarp

til laga um friðun hvala.

(Samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis).

1. gr. Allir hvalir, nema hnísur og höfrungar, skulu friðaðir fyrir skotum á tímabilinu frá 1. marz til 1. nóvember ár hvert.

2. gr. Á tímabili því, sem nefnt er í 1. gr., má veiða hvali, ef það er eigi gjört með skotum, sem byssur eða þesskonar eldvopn eru höfð til, svo sem með því að reka hvali á land, skutla þá með handskutli, eður á annan hátt.

3. gr. Finnist skot með þinglýstu marki í hval, sem annaðhvort kemur á reka, eður finnst dauður á floti, skal skotmaður engan hlut úr honum fá, nema hann sanni, að hann skaut hval þann á tímabili því, sem eigi er bannað að skjóta hvali.

4. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 2000 kr. fyrir hvern hval, sem ólöglega er veiddur, og renna sektirnar í landssjóð.

5. gr. Með sektamál eptir lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

189.

Frumvarp

til laga um breyting á 7. gr. í lögum 14. desember 1877 um tekjuskatt.

(Samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

Þegar embættislaun, biðlaun og eptirlaun eru talin til skattgjalds, samkvæmt 7. gr. í lögum um tekjuskatt 14. desember 1877, skal draga frá árgjald það, sem embættismaður greiðir, samkvæmt fyrirmælum opins brjefs 31. maí 1855, til að útvega konu sinni fjárstyrk eptir sinn dag, og skatturinn að eins lúkast af þeirri upphæð, sem eptir verður.

190.

Breytingartillaga

við lagafrumvarp til breytingar á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík (samkvæmt áður framlögðu lagafrumvarpi frá þingm. Borgfirðinga).

Við 2. gr. í staðinn fyrir »2200 kr.« komi: »2400 kr.«

191.

Breytingaratkvæði

við lagafrumvarp um breyting á nokkrum brauðum í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

1. Við 2. gr. Fyrir »100 kr.« komi: »50 kr.«
2. Við 3. gr. Fyrir »200 kr.« komi: »250 kr.«

Arnljótur Ólafsson.

192.

Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögum fyrir 1882 og 1883, veitast 4135 kr. til útgjalda þeirra, er getur um í 2.—5. grein hjer á eptir.

2. gr. Af tekjum þeim af kirkjum landssjóðs, er taldar eru í fjárlögunum 3. gr. 4., má borga 160 kr. til þess að kaupa fyrir altarisklæði handa Munkaþverárklausturskirkju.

3. gr. Sem viðbót við 11. gr. 1. fjárlaganna fyrir árin 1882 og 1883 veitast 1125 kr. handa hjeraðslækni í 7. læknishjeraði, Ólafi Sigvaldasyni, fyrir þjónustu hans í 5. læknishjeraði frá. 1. sept. 1876 til 28. febr. 1878.

4. gr. Sem viðbót við fjárupphæð þá, er í fjárlögunum 12. gr. 3. er talin til »annara útgjalda«, er snerta póststjórnina, veitast 150 kr.

5. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 13. gr. til kirkju- og kennslumálefna veitast:

1. A. b. 2. til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum 2200 kr., og af því 700 kr., er prestinum að Odda, síra Matthíasi Jochumssyni, verði eptirgefnar af árgjaldinu af Odda fjárhagstímabilið 1882—1883, og
2. B. IV. b. 1. til bókakaupa og áhalda við kennsluna í Möðruvallaskóla 500 kr.

193.

Frumvarp

til laga um kosningu presta.

(Eins og það var samþykkt við eina umræðu í efri deild alþingis 30. júlí 1883).

(Óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild alþingis, sjá bls. 231 hjer að framan).

194.

Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um laun íslenzkra embættismanna dags. 15. októb. 1875.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

1. gr. Biskupi skal veita í árslaun 6000 kr.

2. gr. Amtmönnum, hvorum fyrir sig, skal veita í árslaun 4500 kr.

3. gr. Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árslaun 5000 kr.

Öðrum dómendum í landsyfirrjettinum skal veita í árslaun, hvorum fyrir sig, 3500 kr.

4. gr. Landfógetanum skal veita í árslaun 3500 kr.

5. gr. Forstöðumanni prestaskólans skal veita í árslaun 4000 kr.

6. gr. Forstöðumanni hins lærða skóla skal veita í árslaun 3600 kr. og leigulausan bústað í skólahúsinu.

7. gr. Embættismenn þeir, er fengið hafa veitingu fyrir embættum þessum áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einkis í missa við þau, meðan þeir sitja í sama embætti.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1884.

195.

Lagafrumvarp

til breytingar á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

1. gr. Landlæknirinn, sem jafnframt er forstöðumaður læknaskólans, skal hafa í árslaun 4400 kr.

2. gr. Hinn fasti kennari við læknaskólann hefur í árslaun 2400 kr.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884.

196.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um horfelli á skepnum.

(Frá 2. þingmanni Eyfirðinga).

1. Við 1. gr.

Fyrir orðin: «horfella fjenað sinn» komi: »láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla«.

2. 2. gr. orðist þannig:

Ef maður lætur fjenað þann, sem hann hefur undir hendi verða horaðan eða horfalla fyrir illa hirðing eða fóðurskort, en meðferð þessi verður þó eigi heimfærð undir 299. gr. hinna almennu hegningarlaga, þá varðar það sektum til sveitarsjóðs, allt að 20 kr., og skal með slík mál fara sem opinber lögreglumál.

3. 3. gr. frumvarpsins falli burt.

197.

Breytingartillaga

við frv. til l. um stofnun háskóla.

Við 4. gr.: «4000» breytist í «3600».

«3000» breytist í «2400».

Jón Ólafsson.

198.

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á 2. og 3. gr. laga um stofnun læknaskóla.

Við 3. gr.: Í stað: »1. janúar 1884» komi: »að því er landlækninn snertir, þá er embættið verður laust næsta sinn, en að öðru leyti 1. janúar 1884«.

Jón Ólafsson. B. Sveinsson. Jakob Guðmundsson.
H. K. Friðriksson. Þorsteinn Jónsson. Holger Clausen.

199.

Frumvarp

til laga um stofnun landsskóla á Islandi.
(eins og það var samþykkt við 2. umræðu.)

1. gr. I Reykjavík skal stofna landsskóla fyrir íslenzk embættismannaefni.

2. gr. Í skóla þessum skulu vera þrjár deildir. Skal í einni kennd guðfræði, annari lögfræði og í hinni þriðju læknisfræði. Auk þessa skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi, eptir því, sem síðar verður ákveðið með lögum.

3. gr. Tilhögun á kennslunni og kennendaskipunin í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skal vera hin sama, sem nú er á prestaskólanum og læknaskólanum, þangað til öðruvísi verður ákveðið, og takast kennendur þeir, sem nú eru á menntastofnunum þessum á hendur kennsluna, hver í sinni vísindagrein, en kennsluna í lögfræði skulu hafa á hendi tveir kennarar, og skal annar vera formaður deildar þeirrar.

4. gr. Landshöfðinginn semur reglugjörð fyrir skólann.

5. gr. Fyrst um sinn skal kennslan í skólanum fara fram í lestrarsal og nefndarherbergjum alþingishússins.

200.

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á 2. og 3. gr. l. um stofnun læknaskóla.

Við 1. gr. Fyrir »4400 kr.« komi: »4000 kr.«

Jón Ólafsson. F. S. Stefánsson. Grímur Thomsen.
B. Sveinsson. Tr. Gunnarsson. Jakob Guðmundsson.

201.

Frumvarp

til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.
(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

1. gr. Embættismenn þeir, að prestum fráskildum, er konungur skipar sjálfur beinlínis eða óbeinlínis í embætti. og hafa laun sín af landssjóði, hafa rjett til eptirlauna, þá er þeim er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, er þeim er ósjálfrátt um. Eptirlaunin skulu greidd úr landssjóði; en þó einhver sje settur embættismaður um stundarsakir, hefur hann eigi rjett til eptirlauna.

2. gr. Ef eitthvert embætti er lagt niður, þá á embættismaður sá heimtingu á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í biðlaun um 5 ár, en skyldur skal hann til að taka aptur við embætti því, sem að minnsta kosti hafi jafnmiklar tekjur og embætti það, er niður var lagt. Hafi hann eigi fengið nýtt embætti að 5 árum liðnum, verða honum veitt eptirlaun. Ár þau, er hann hefur notið biðlauna, skulu talin með embættisárum hans, en eptirlaunin skulu talin eptir embættistekjum þeim, er hann hafði áður en embættið var lagt niður. Sama er og, þótt hann taki við nýju embætti, er minni laun fylgja. Um dómendur fer eptir 44. gr. stjórnarskrárinnar.

3. gr. Þá er embættismaður sækir um eptirlaun og reikna skal embættislaun þau, er hann hefur haft, skulu að eins taldar kostnaðarlausar tekjur embættisins, leigulaus bústaður, og önnur slík hlunnindi, og launabót sú, sem manninum kann að hafa verið veitt sjálfum, en kostnaður við skrifstofu, hestahald og annað þesshátt skal eigi talið með tekjum.

4. gr Þá er embættismaður slasast, án þess honum verði gefin sök á, er hann er að gegna embætti sínu, svo að hann verði að sleppa embætti, skal ákveða laun hans með sjerstöku lagaboði, en þangað til það er gjört, heldur hann helmingi af embættistekjum sínum.

5. gr. Sá embættismaður, sem fyrirgjörir embætti sínu eða verður vikið frá embætti fyrir þær sakir, er honum verður um kennt, missir einnig rjett til eptirlauna.

6. gr. Nú hefur embættismaður fengið eptirlaun og biðlaun, og missir hann þau:

1. Ef hann fær aptur embætti og laun, enda sjeu þau eigi minni en hin fyrri laun hans voru.
2. Ef hann fyrir konungsleyfi fram gengur í þjónustu annars ríkis.
3. Ef hann tekur sjer bústað í öðru ríki, utan samþykki konungs komi til.
4. Ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði í því verið.

7. gr. Nú tekur embættismaður sem hefur fengið lausn frá embætti með eptirlaunum við nýju embætti, og hefur hann þá, er hann sleppir því embætti, rjett til sinna fyrri eptirlauna, hafi hann eigi með þjónustu hins nýja embættis áunnið sjer rjett til hærri eptirlauna.

8. gr. Konur þær, sem verða ekkjur eptir embættismenn, sem rjett höfðu til eptirlauna, eða nutu þeirra þegar, skulu hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði helming af eptirlaunum þeim, er mönnum þeirra bar, eða þeir höfðu þegar fengið.

Þó má aldrei ekkja manns, er hefur haft 3000 kr. eða minna í laun, fá minni eptirlaun en 150 kr. ár hvert, og eptirlaun ekkju þess embættismanns, sem hefur haft yfir 3000 kr. í laun, skulu aldrei lægri vera ár hvert en 250 kr.

9. gr. Nú giptist kvennmaður embættismanni eldri en 60 ára eða á banasæng hans, eða þá er hann hefur fengið lausn frá embætti, og hefir hún þá eigi rjett til eptirlauna, og eigi heldur sú kona, er að lögum var skilin við mann sinn áður en hann andaðist.

10. gr. Þá missir ekkja eptirlaun:

1. Er hún giptist á ný.
2. Er hún sezt að í öðru ríki án þess leyfi konungs komi til.
3. Er hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmandi.

Nú missir ekkja eptirlaun sín af því að hún hefir gipzt að nýju, og á hún þá rjett til að fá hin sömu eptirlaun og hún hafði áður, ef hún verður aptur ekkja, nema hún í hinu síðara hjónabandi öðlist rjett til hærri eptirlauna.

11. gr. Föður- og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem rjett höfðu til eptirlauna, má veita með sjerstöku lagaboði, hverju fyrir sig, allt að 100 kr. á ári, ef þau þess við þurfa, þangað til þau eru 20 ára.

12. gr. Embættismenn þeir, er embætti hafa fengið, áður en lög þessi öðlast gildi, svo og ekkjur þeirra og börn, halda rjetti sínum til þeirra eptirlauna, er eldri lög ákveða.

13. gr. Hjer með er tilsk. 31. maí 1855 um eptirlaun úr lögum numin.

14. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884.

202.

Nefndarálit

í málinu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885.

Eptir að vjer sem neðri deild alþingis kaus í nefnd, til að íhuga frumvarp það til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885, sem stjórnin lagði fyrir alþingi að þessu sinni, höfum rætt það með oss, skulum vjer gjöra grein fyrir breytingum þeim, sem vjer viljum ráða hinni heiðruðu deild til að gjöra á því.

Við 2. gr. 1. tölul. Þótt skattur sá, er hjer ræðir um, sje lagður á með einum og sömu lögum, þá eru þó gjaldstofnarnir ólíkir og mjög mismunandi breytingum undirorpnir. Nefndinni þykir því ástæða til að greina töluliðinn í tvo staflíði, með því og að þá liggur beinna fyrir, að skoða hvora tegund skattsins fyrir sig.

Að því, er snertir skatt á ábúð og afnotum jarða, þá þótti nefndinni sennilegast, að setja hann 18000 kr.; að vísu mundi hann nema um 19000 kr., ef meðalalin væri hvervetna 55 a., og er eigi ólíklegt að hún nái þeirri upphæð að meðaltali, en á hinn bóginn er hætt við, að sumstaðar verði eitthvað af jörðum í eyði og ónotað, sem og að eptirstöðvar fari heldur vaxandi en minnkandi, vegna hinna undanförnu harðindaára. Að því, er aptur á móti snertir skatt á lausafje, þá hafa menn engar glöggar skýrslur um, hversu mikið tíundarhundruðum hefur fækkað í landinu við undanfarin harðæri, en þótt fækkun peningsins hafi einna mest komið niður á þeim tegundum, er minnstu nema í tíund, svo sem veturgömlu fje og hrossum, þá er aptur þess að gæta, að kúgildin verður að telja frá óskert. Nefndin hefur gjört ráð fyrir, að skatturinn yrði fyrra árið 17000 kr., sem er að eins rúmur helmingur þess, er hann hefur verið að undanförnu, en síðara árið treystir hún því, að fjenaður verði farinn að fjölga svo aptur, að skatturinn muni nema 22000 kr., ef árferði yrði hjer eptir eigi lakara en í meðallagi.

Við 2. tölul. Að vísu fjölga ár frá ári hús þau, er skattur þessi leggst á, og það svo mjög, að óhætt væri að telja húsaskattinn talsvert hærri, en stjórnin hefur gjört, ef einungis skyldi líta á húsafjöldann og verð þeirra. en á hinn bóginn má telja víst, að skuldir, er hús eru veðsett fyrir, fari einnig vaxandi þessi árin, því þótt hið harða árferði hafi eigi beinlínis áhrif á efnahag flestra þeirra, er skattinn gjalda, þá komast þeir þó eigi hjá óbeinlínis afleiðingum af því. Með tilliti til þessa, þótti eigi ástæða til að hækka þennan tölulið til neinna muna, með því og um lítilræði eitt getur verið að gjöra, en nefndin ætlar þó óhætt, að hækka hann um 100 kr. hvort árið.

Við 3. tölul. Skattur þessi hefur eptir landsreikningunum 1880 numið 14989 kr., 1881: 13230 kr., og eptir skýrslu frá hinum umboðslega endurskoðara, 1882: eigi full 14000. Þegar nú þess er gætt, að tekjur, einkum eins flokks embættismanna, rýrna við hið harða árferði, að eptirgjöld eptir jarðir verða sumstaðar mun minni, og að við afleiðingar þær geta óbeinlínis skerzt tekjur ýmissa annara, t. a. m. kaupmanna, þá þykir nefndinni ísjárvert, að telja tekjulið þennan meira en 13000 kr. hvort árið.

Við 4. tölul. Þessi tekjugrein hefur að undanförnu farið vaxandi; eptir landsreikningnum var hún 1880 rúm 16000 kr., 1881 yfir 19000 kr., og eptir skýrslu endurskoðara var hún 1882 um 23000; nefndin álítur því ástæðu til að færa tekjulið þennan upp í 19000 kr. að minnsta kosti.

Við 5. tölul. Þessi tekjugrein hefur og farið stöðugt vaxandi, og var hún 1882 eptir

skýrslu endurskoðara 6594 kr. Nefndin leggur því til. að tekjugrein þessi sje talin 5000 kr. hvort árið.

Við 6., 7., 8. og 9. tölul. hefur nefndin ekkert að athuga.

Við 10. tölul. Það er hvorttveggja, að við áætlun um tekjulið þennan er við litla reynslu að styðjast og að upphæð hans þar að auki fer mjög eptir atvikum og hlýtur að verða mjög breytileg. Eptir skýrslu endurskoðara var gjaldið árið 1882 36678 kr. Það ár var þó síldarafli og hákarlsafli óvanalega lítill, og fyrir því álítur nefndin, að þess megi vænta, að næst komandi ár verði varla yfir höfuð öllu lakara aflaár: hún verður því að færa tekjulið þennan upp um 4000 kr. hvort árið og telja hann 36000.

Við 11. tölul. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum var eptir landsreikningnum 1880: 106403 kr., 1881: 126078 kr. og eptir skýrslu endurskoðara var það 1882 um 128000. Hið fyrsta ár má ætla, að aðflutningur áfengra drykkja hafi verið lítill fyrir þá sök, að kaupmenn hafi víða byrgt sig vel upp af þeim haustið 1879, er þeir áttu þess von, að gjaldið mundi hækka: en af upphæðinni hin árin er svo að ráða, að tekjulið þennan mætti setja nokkuð hærri, en gjört er í frumvarpi stjórnarinnar, en á hinn bóginn má gjöra ráð fyrir, að menn muni sumstaðar heldur minnka kaup á áfengum drykkjum komandi ár.

Nefndin ræður því til að færa tekjulið þennan að eins upp um 2500 kr hvort árið.

Við 12. tölul. Gjald þetta var eptir landsreikningnum 1880 og 1881 um 17000 kr. hvort árið: en 1882 var það eptir skýrslu endurskoðara 19236 kr.; með því líklegt þykir, að aðflutningur á reyktóbaki og vindlum fari heldur vaxandi en minnkandi, þá vill nefndin ráða til að setja tekjulið þennan 18000 kr. hvort árið.

Við 13. tölul. Tekjur af póstferðunum fara vaxandi ár frá ári og eptir skýrslu endurskoðara námu þær árið 1882: 13950 kr. Nefndin þykist því hafa ástæðu til að vænta þess, að tekjurnar verði fyrra árið 13000 kr. og síðara árið 14000 kr., einkum þá er teknar eru til greina tillögur nefndarinnar við 12. gr.

Við 14. tölul. Þessum tölulið þótti nefndinni eigi full ástæða til að ráða til að breyta, með því að sú tekjugrein er mjög svo hvikul. 1882 nam hún eptir skýrslu endurskoðara 1489 kr.

Við 3. gr. Við 1., 2. og 3. tölul. Hjer vill nefndin ráða til, að setja eptirgjöld eptir spítalajarðir og Lundey í sama lið, sem eptirgjald eptir aðrar jarðir landssjóðsins.

Eptir frumvarpi stjórnarinnar eru afgjöld af umboðs- og klausturjörðum

	(brutto)	39600 kr.
af spítalajörðum	1198	—
af Lundey	205	—
Samtals	41003	—

og er þá farið hjerumbil eptir meðaltali á árunum 1881 og 1882, en með tilliti til þess, að hætt er við, að jarðir byggist sumstaðar eigi nema með nokkurri tilslökun í eptirgjaldi næsta ár, þá þykir nefndinni ástæða til, að gjöra ráð fyrir að tekjur þessar verði svo sem 1700 kr. minni (er nemur rúmum 4 % af brutto upphæðinni), en jafnframt minnka umboðslaun um hjerumbil 300 kr.

Við 4. tölul. Tekjulið þennan ræður nefndin til að færa niður um 100 kr., sum-

part með tilliti til þess, sem tekjurnar hafa verið undanfarin ár, og sumpart með tilliti til þess, að tíundir kirkna hljóta að verða yfir höfuð minni næsta ár.

Við 4. gr. Tölustafurinn fyrir framan «Leigur» er óþarfur. Að því, er upphæðina snertir, þykir nefndinni eigi ástæða til að gjöra breytingu á henni, því að jafnvel þótt hún hafi orðið vör við nokkra misreikninga í leignareikningi stjórnarinnar, t. a. m. á leigunum af láninu (Nr. 41) til Staðarbyggðarmýra, þá munu þeir eigi nema svo miklu, að þeir hafi veruleg áhrif á hina ráðgjörðu aðalupphæð. Eptir frumvarpi sjálfrar stjórnarinnar verða að vísu eigi taldar neinar leigur af hallærislánunum næsta ár, og þær geta því eigi hækkað hina umræddu tekjugrein, en á hinn bóginn þykir nefndinni eigi næg ástæða til að sleppa að þessu sinni leigum af láninu til Reykjavíkurkirkju. Að því er snertir uppgjöf á leigum af láni til Reykjavíkurkirkju, þá fær nefndin eigi sjeð, að meiri ástæða sje til að sleppa að telja þær nú, heldur en til að sleppa að áskilja þær upphaflega. Það, sem sagt er um að kirkjan sje eigi fær um að borga leigurnar, af því að gjöld hennar fari langt fram úr tekjunum, hefur gefið nefndinni tilefni til að kynna sjer nokkuð þetta efni. Eptir uppgjörð þeirri á fjárhag kirkjunnar, sem til er vitnað á bls. 16 í athugasemdunum við frumvarp stjórnarinnar, vanta tekjurnar um 440 kr. til að jafnast við útgjöldin. En í greindri uppgjörð eru tekjurnar taldar eptir 5 ára meðaltali fyrir 1881, en eins og leiðir af sjálfu sjer og af stækkun bæjarins hin síðustu ár, þá eru tekjurnar nú orðnar miklu meiri, og engin ástæða er til að búast við, að þær yfir höfuð minnki aptur. Í reikningi kirkjunnar fyrir árið 1881—82 eru þær taldar: 2125 kr. 62 a.

Ársgjöldin voru aptur . . . . . 2502 kr. 69 a.

en hjer frá teljast sem óvanaleg ársgjöld

1.	kol fyrir annað árið af tveimur, sem talin eru, að meðaltali	152 kr. 48 a.	
2.	aðgjörðir, er stóðu í sambandi við höfuðaðgjörðina 1879, um	150 — 00 -	
3.	til höfuðaðgjörðar á orgeli	150 — 00 -	452 — 48 -
			2050 — 21 -
	Þannig voru tekjurnar um fram venjuleg gjöld		75 — 41 -

Við þetta er nú það að athuga, að legkaup eru í tjeðum reikningi óvanalega mörg vegna mislinganna í fyrra, en móti þessu kemur aptur það, hvað Reykjavíkurbær stækkar ár frá ári að húsum og manntali. Enn fremur virðist, að hafa mætti meiri sparnað á sumum gjöldum kirkjunnar, en gjört hefur verið tjeð ár: þannig kosta t. a. m. 5 tons af «Cinder»kolum, flutt upp að kirkju, 187 kr. 50 a., eða næstum 6 kr. skippundið, en sama ár kostuðu beztu Newcastle-kol flutt upp að latínuskólanum 3 kr. 84 a. skippundið; fyrir uppkveikju í ofnunum 26 sinnum er borgað 104 kr.; fyrir hreinsun kirkjunnar 150 kr. í stað rúmra 70 kr. næstu ár á undan; í stað 68 kr., er borgaðar hafa verið fyrir 1881, þá eru í reikningnum árið 1881—82 taldar 100 kr. fyrir reikningsfærslu, og enn fremur 100 kr. fyrir «umsjón» kirkjunnar. Þá er enn það, að kirkjan eptir reikningi sínum á innstæðu í jarðarbókarsjóði 966 kr., og eru eigi taldar neinar leigur af henni. Vjer nefnum þetta að eins sem dæmi þess, að með sparsemi og góðri stjórn ætlum vjer, að kirkjan muni um sinn hafa svo mikið fram yfir gjöld sín, að það

muni hrökkva vel fyrir hinum umræddu leigum. Af þessum ástæðum ræður nefndin til að sleppa úr fjárlögunum hjer að lútandi málsgrein í frumvarpi stjórnarinnar.

Að því er snertir aðra málsgreinina, þá þykir nefndinni ástæða til að gefa upp um sinn leigur af lánum þeim, er þar ræðir um, en henni þykir eigi þörf á að svo stöddu að gefa leigurnar upp lengur en til loka næsta fjárhagstímabils, nje fresta því lengur en til 1886, að farið verði að borga nokkuð upp í lánin. Reynslan hefur sýnt, að hafi góð ár komið eptir harðæri, þá hafa menn fljótt farið að rjetta við aptur, en skyldi reynslan sýna, að hlutaðeigendum yrði of þungbært að fara að borga leigur og afborgun af lánunum 1886, þá getur alþingi 1885 veitt frekari tilslökun í þessu efni. Af sömu ástæðum sem og með tilliti til þess, að ef endurborgun lánanna dregst lengi, þá lendir hún of mjög á annari kynslóð en þeirri, er hefur notið hjálparinnar, vill nefndin leggja það til, að lánin sjeu endurborguð á 8 árum eptir að endurborgunin byrjar.

Við síðustu málsgreinina hefur nefndin ekkert sjerlegt að athuga.

Við 5. gr. Við 1. tölul. hefur nefndin það að athuga, að henni þykir efamál, að það, sem þar um ræðir, verði eins mikið og stjórnin gjörir ráð fyrir: þótt þetta að vísu standi eigi á miklu, þá vill nefndin ráða til að færa töluliðinn niður um 500 kr. hvort árið.

Við 2. og 3. tölul., er ganga upp á móti 14. gr., hefur nefndin ekkert að athuga.

Við 6. gr. hefur nefndin ekkert að athuga.

Útgjöldin.

Við 8. gr. Eptir að nefndin hefur fengið frá landshöfðingja eptirrit af konungsúrskurði, dags. 15. maí þ. á., um 2000 kr. til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1885, ætlar nefndin að árangurslítið mundi vera að þessu sinni, að fara fram á breytingu á upphæðum þeim, er hjer eru til nefndar.

Við 10. gr. A. 3. Í síðustu fjárlögum var töluliður þessi færður upp um 500 kr. úr 2000 kr., sem hann var áður. Að hann sje nú að nýju færður upp þykir nefndinni eigi ástæða til. Í staðinn fyrir orðið «þóknun» stingur nefndin upp á að setja «borgun», með því það þykir betur eiga við, þegar um upphæð er að ræða, er árlega skiptir þúsundum króna, og sem er beinlínis endurgjald fyrir unnið verk.

B. Með lögum 13. d. janúarm. 1882 er hreppstjórum áskilin úr landssjóði að launum 1 kr. fyrir hvern búandi mann, sem býr á jörð eða jarðarparti, sem að minnsta kosti nemur 5 hundruðum. Fyrir þessari gjaldagrein er eigi gjört ráð í frumvarpi stjórnarinnar, og verður því að skjóta hjer inn nýjum tölulið: því að þau gjöld heyra undir gjöld til dómgæzlu og lögreglustjórnar. Vjer höfum eigi fengið nákvæma skýrslu um, hversu miklu þau gjöld nema, en ætlum sanni næst, að þau nemi 6000 kr. á ári. Nefndin hefur því bætt við þessum gjöldum, og verður það þá sjerstakur töluliður.

B. 3. Nefndin ætlar, að sumpart til eldiviðar, sumpart til hegningarhússins sjálfs og viðurhalds fangelsanna muni eigi þurfa að ganga eins mikið og stjórnin gjörir ráð fyrir í athugasemdunum við frumvarpið (bls. 21), heldur að þessir liðir samtals mættu vera 300 kr. lægri, og með tilliti til þess, þykir henni nóg, að veitt sje á þessum tölulið 3700 kr. hvort árið.

B. 4. Að því er snertir upphæðir þær, er heyra undir þennan tölulið, þykir nefndinni ólíklegt, að þurfa muni meir en 80 kr. til viðurhalds á yfirrjettarstofunum o.

fl., sem og að eigi þurfi að veita gjafsókn í fleiri málum en svo, að til þess muni nægja 300 kr. á ári. Gjaldliðurinn færist því í heild sinni niður um 100 kr.

C. 1. Á upphæðinni undir þessum tölulið vill nefndin eigi ráða til neinnar breytingar nje heldur á þeim einstöku gjaldagreinum, er undir hann heyra, þar á meðal kostnaðinum við að gefa út landshagsskýrslur, í þeirri von, að fjárveitingin verði eigi látin ónotuð, heldur varið eptir tilganginum; hún vill að eins geta þess, að borgun fyrir prófarkalestur stjórnartíðindanna er fólgin í þóknun fyrir útgáfu tíðindanna. Enn fremur vill hún taka fram, að hún telur hagfelldara, að tíðindin væru seld fyrir 1 kr. hvert expl., og gjörir ráð fyrir að þá mundu þau út breiðast þeim mun meir, að eigi mundi minni borgun koma inn fyrir þau heldur en nú.

C. 3. Þessi gjaldagrein ræður nefndin til að sje færð upp í 1300 kr. hvort árið og af þeim sje varið því, sem þörf er á (líklega allt að 150 kr.) til þess að tryggja skólahúsið á Möðruvöllum fyrir eldsvoða, og ætlar, að ábyrgðarupphæðin sje nær sanni talin 25000 kr.

C. 4. Enda þótt nefndin hafi orðið þess áskynja, að skiptar skoðanir sjeu um, hvort sýslunefndirnar hafi allar notað þann styrk, sem þær hafa fengið af fje því, sem hjer um ræðir, eins vel og æskilegt hefði verið og eptir því, sem alþingi hefur ætlazt til, sjer hún þó eigi nægar ástæður til, að breyta um, að sýslunefndir og bæjarstjórnir fái til umráða helming fjárins eða 10000 kr. í þeirri von, að umboðsstjórnin bryni fyrir þeim og sjái um, að svo miklu leyti henni er unnt, að fjenu sje varið til eflingar búnaðinum, en eigi til neins, sem honum er óviðkomandi. Um úthlutun hins helmingsins vill nefndin breyta svo til, að 5000 kr. sje úthlutað, eigi til búnaðarsjóðanna í vesturumdæminu og norður- og austur-umdæmunum, heldur beinlínis til búnaðarskóla, sem þegar eru stofnaðir, eða kunna að verða stofnaðir á fjárhagstímabilinu, og hefur nefndin þar einkum fyrir augum búnaðarskóla þann, sem þegar er stofnaður á Hólum í Hjaltadal, sem vjer hugsum oss að mundi fá ríflegt tillag af fje þessu, t. a. m. allt að 3000 kr., meðan engir aðrir þeir búnaðarskólar eru stofnaðir, sem þurfi svo mikið fje, að draga þurfi þess vegna úr veitingunni til Hólaskóla.

Þar sem í þessari hinni sömu málsgrein er kveðið svo að orði, að landshöfðinginn skuli úthluta fjenu *„eptir“* tillögum amtsráðanna, þá skiljum vjer það svo, að landshöfðinginn sje bundinn við tillögur þessar, og vill nefndin rýmka það band nokkuð, svo að hann sje eigi beinlínis bundinn í því efni, og vill því setja «með hliðsjón af» í staðinn fyrir «eptir», en það er svo sem auðvitað, að landshöfðinginn muni fara að tillögum amtsráðanna, nema honum þyki yfirgnæfandi ástæður til annars.

C. 5. Nefndin vill láta sem áður verja talsverðu fje til vegabótanna, eigi einungis á fjöllum uppi, heldur og ljetta undir með sýsluvegasjóðunum til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum. En með því að það er ætlun vor, að vegabætur allar hjer á landi verði alldýrar, einkum að því leyti, að þær sjeu eigi eins vel og haganlega gjörðar að upphafi eins og þær mættu vera, og umbæturnar fyrir þær sakir eigi nógu varanlegar, svo að nýjar umbætur þurfi skjótt aptur, og sem vjer verðum að ætla af því runnið, að forstöðumenn vegabótanna eigi hafi næga þekking á vegagjörðum, þá erum vjer á sama máli og nefndin í fjárlagamálinu á alþingi 1881, að rjettast sje að útvega einhvern erlendan, vegfróðan mann, einkum frá þeim stöðvum, sem líkastar eru Íslandi að veð-

urlagi og landslagi, til þess fyrst í stað að segja fyrir um vegagjörðirnar, og gætu þá menn úr ýmsum hjeruðum landsins lært af honum rjetta aðferð að vegagjörðunum. Vjer gjörum ráð fyrir, að þessi vegfróði maður mundi kosta 2500 kr. um árið, og ætlumst til, að það fje sje tekið af fyrri stafliðnum, og þótt oss sje kunnugt um, að miklar umbætur þurfi enn á fjallvegum þeim, sem leið pósta liggur um, viljum vjer þó ráða til, að skipta vegabótafjenu nokkru öðruvísi, en gjört var í hinum síðustu fjárlögum, og veita að eins til vegabótanna á fjallvegum 12000 kr., en aptur á móti 8000 kr. til sýsluveganna. Í síðari liðnum viljum vjer fella úr orðin: «að helmingi», og ætlumst til, að fjeð sje veitt hverri sýslu eptir atvikum og þörfum, ýmist meir en helmingur, ýmist minna, en viljum eigi rígbinda fjárveitinguna úr landssjóði við það, að sýslan leggi helming til vegagjörðarinnar, því að ýmsir kunna þeir sýsluvegir að vera, þótt eigi liggi póstleið þar um, sem áríðandi sje, að góðir sjeu sökum umferðar um þá innan hjeraðs, og sýslunefndir vilji því bæta, en hafi þá eigi svo mikið fje, að helmingi nemi af því, sem nauðsynlegt er til umbótanna á hinum öðrum vegum, sem nauðsynlegir eru, eigi að eins vegna póstanna, heldur og vegna samgangnanna hjeraða á milli.

C. 6. er óbreyttur, en nefndin mun síðar leggja fram áætlun um ferðir gufuskipanna.

C. 7. Vjer höfum fært þennan gjaldlið niður með tilliti til þess, að 4000 pottar af steinolíu munu eigi þurfa að kosta meira en 1000 kr. í stað 1200 kr., sem stjórnin telur að þeir muni kosta.

C. 8. Í fjárlögunum fyrir árin 1882 og 1883 voru veittar 500 kr. til vörðuvita, einkum á Garðsskaga sunnanvert við Faxaflóa. Oss er eigi kunnugt um, að neinn vörðuviti hafi verið gjörður á þessu fjárhagstímabili, og teljum því víst, að fjeð sje óeytt, og því megi enn verja samkvæmt tilgangi alþingis 1881, að minnsta kosti því, sem ætlazt var til að verja skyldi til þessa þetta árið, 1883, en á hinn bóginn sjáum vjer eigi fullt gagn vera að vörðu einni hjer á Garðsskaga, því sjómenn þurfa eigi neinnar leiðbeiningar við inn í flóann um bjartan dag, eða þegar sjá má vörður á landi, heldur um myrkar nætur, og þá eru vörður þeim til engrar leiðbeiningar. Með því að siglingar til landsins, þegar hættan er mest eða á vetrum eru einkum fyrir Reykjanes, og reynslan hefur sýnt, að Reykjanesvitinn er eigi næg leiðbeining fyrir þá, sem halda vilja inn á Faxaflóa, teljum vjer nauðsynlegt, að hafa ljósker á Garðsskaga, sem kveykt sje á um nætur á vetrum: en með því að til þess þarf talsverða olíu, höfum vjer ætlað 1000 kr. á ári til ljóskera og vörðuvita, ef nauðsyn þykir til bera, að setja vörðuvita víðar, t. a. m. á. Melrakkasljettu.

C. 9.—10. Þessum liðum viljum vjer halda óbreyttum, með því vjer verðum að telja það rjett, að halda áfram «Lovsamling for Island» til 1874, að hin nýju stjórnartíðindi byrjuðu, það því fremur, sem það mun eigi nema meira en 2 eða 3 bindum.

C. 11. Stjórnin hefur beðið um 1200 kr. til viðgjörðar á Vestmannaeyjakirkju. En í skýrslu þeirri, er vjer fengum um kostnað til viðgjörðarinnar, þótti oss þar vera heldur ríflega í lagt í sumt, og ætlum víst að 1100 verði fullnógar, ef haganlega er að farið og sparnaður við hafður, enda er vafalaust verkið sjálft æði dýrt eptir því, sem það er talið í áætluninni.

Við 11. gr. Fyrri liðnum höldum vjer óbreyttum, en þar sem í síðara liðnum er beðið um 2000 kr., til að útvega uppdrátt af sjúkrahúsi í Reykjavík, og áætlun um

kostnað til hans, þá sjer nefndin enga ástæðu til slíkrar veitingar, sem vjer eigi vitum til að neinn hjer á landi hafi óskað eptir. Vjer höfum því dregið þessar 2000 kr. frá þeirri upphæð, sem stjórnin hefur sett í sitt frumvarp fyrir árið 1884, og sett í staðinn 2248 kr., eins og ætlað er til slíkra gjalda 1885.

Auk þess viljum vjer geta þess, að þar sem í athugasemdunum við 11. gr. 2. d. er talið «til kennslu yfirsetukvenna» 800 kr. hvort árið, þá mun það eiga að vera styrkur til að nema yfirsetukvennafræði, með því að konur eiga að fá kennsluna kauplaust hjá landlækni.

Við 12. gr. Eins og allir hafa hingað til verið einhuga á því, að fjölga smátt og smátt póstferðum um landið og gufuskipsferðum bæði kringum landið og milli Íslands og annara landa, eins teljum vjer það víst, að allir játi og viðurkenni, að enn vanti mikið á, að póstferðirnar um landið sjeu ordnar svo tíðar, sem nauðsyn ber til að þær sjeu, eða þær, sem eru, samsvari þörfum landsbúa einkum á vetrum, þegar litlar aðrar samgöngur eða ferðir eru hjeraða á milli, en póstgöngurnar einar, og heldur engar ferðir umhverfis landið. Vjer ætlum þvert á móti, að landsbúum sje það til mjög tilfinnanlegs óhagræðis, hversu fáar póstferðirnar eru, og viljum því ráða til, að fjölga þeim nokkuð, enda þótt vjer eigi þorum að ráða til að auka þær til neinna stórriða nú sem stendur sökum þess, hversu fjárhagurinn er oss óhægur þessi harðindaár, en lítið er betra en ekki neitt, og höfum vjer því hugsað oss, að vetrarferðirnar yrðu helmingi fleiri en þær nú eru. Þessari fjölgun póstferðanna hugsum vjer oss þannig hagað, að í stað þess t. a. m., að sami maðurinn fer alla leið frá Reykjavík til Akureyrar, þá sje bætt við aðalpóststöðvum í Hrútafirðinum, og sje annar pósturinn milli Reykjavíkur og Hrútafjarðar, en hinn á milli Akureyrar og Hrútafjarðar, og mætist þeir í Hrútafirðinum, og fari þessir tveir póstar tvær ferðir hvor um sig á sama tíma, sem nú gengur til Akureyrarferðarinnar. Á sama hátt hugsum vjer oss tvo pósta milli Akureyrar og Seyðisfjarðar, er mætist á Grímstöðum á Fjöllum, millum Eskifjarðar og Prestbakka í Skaptafellssýslu, og mætist þeir t. a. m. á Bjarnanesi í Hornafirði og millum Reykjavíkur og Prestbakka, og mætist þeir póstar á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Sá póstur, sem hingað til hefur farið á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, hugsum vjer oss að fari frá Ísafirði að Stað í Hrútafirði, og haldi svo vestur aptur, en norðanpósturinn taki þar þau brjef og sendingar, sem Ísafjarðarpósturinn kemur með. Af fjölgun þessara póstferða á aðalpóstleiðunum leiðir að sjálfsögðu fjölgun á aukapóstum.

Til skýringar þessu fyrirkomulagi fylgir með þessu nefndaráliti voru sýnishorn af áætlun um ferðir landpóstanna, en eigi í þeim tilgangi, að póststjórnin sje bundin við hana í fyrirkomulagi hinna einstöku atriða, ef hún sjer að ferðunum verður haganlegar fyrirkomið, án þess að kostnaðarauki verði við það.

Það er svo sem auðvitað, að þessi aukning póstferðanna hefur talsverðan kostnað í för með sjer, ekki einungis að því er póstferðirnar sjálfar snertir, heldur verður og að auka laun póstafgreiðslumanna og brjefhirðingarmanna, og höfum vjer ætlað á, að þetta hið nýja fyrirkomulag póstferðanna muni auka gjöldin um 8000 kr. á ári, sem vjer gjörum ráð fyrir að muni koma þannig niður á hvern aðalgjaldlið 12. gr.

1. a.	til póstmeistarans	300 kr.	
	b. til póstafgreiðslumanna	850 —	
	c. til brjefhirðingarmanna	400 —	1550 kr.
2.	Til póstflutninga		6200 —
3. e.	til áhalda	200 kr.	
	f. til útgjalda, sem upp á kunna að koma	50 —	250 —
			8000 —

Aptur á móti gjörum vjer ráð fyrir, og verðum að telja víst, að tekjurnar af póstferðunum muni aukast að nokkru við þetta fyrirkomulag, og við það á að styðjast tekjuaukinn í 2. gr 13. tölul., og ætlum þann tekjuauka eigi oftalinn 2000 kr. fyrra árið, en 3000 kr. hið síðara.

Við 13. gr. A. a. Við þennan staflið höfum vjer eptir atkvæðagreiðslunni á undanförnum þingum ekkert að athuga, og heldur eigi við b. 1.

b. 2, þar sem í stjórnarfrumvarpinu er ætlazt til, að þingið veiti 7000 kr. til bráðabyrgðaruppbóta fátækum brauðum, þá getur nefndin eigi ráðið til, að veitt sje svo mikið aukatillag bæði vegna þess, að í lögum 27. febr. 1880 er eigi ætlazt til að þeir prestar, sem sitja á uppbótarbrauðunum og höfðu fengið þau áður en lög þessi náðu gildi, hefðu neina heimtu á slíkri uppbót, enda álítum vjer eigi þörf á svo mikilli uppbót. Eptir því, sem oss reiknast nemur uppbót sú, sem ætluð er brauðum þeim, sem eigi hafa losnað síðan lög 27. febr. 1880 fengu gildi, og sem því eigi eru komin undir b. 1. í þessari grein, alls hjer um bil 6400 kr., en þar frá verðum vjer að telja Vestmannaeyjar, sem engin líkindi eru til að fái neina uppbót á næstu 2 árum samkvæmt lögum 27. febr. 1880, og vantar þá 5800 kr. til þess að brauð þessi fái þá uppbót, sem þeim er ætluð. En vjer verðum að telja víst að ýms af brauðum þessum losni á fjárhagstímabili því, sem í hönd fer, og fellur þá bráðabyrgðaruppbótin burtu, og ætlum vjer því víst að með 5000 kr. tillagi fái uppbótarbrauðin, sem eigi komast undir lögin 27. febr. 1880, ef eigi fulla uppbótina, þá þó því sem næst, ef uppbótin er eins og vjer gjörum ráð fyrir, yfir höfuð veitt að rjettri tiltölu við hina lögákveðnu uppbót.

b. 3 er óbreytt, en

4. tölul. viljum vjer hækka um 2200 kr. samkvæmt brjefi landshöfðingja 3. þ. m., þar sem þessi útgjöld eru talin 4136 kr. 8 aur. nú sem stendur, og verið getur, að þau muni fremur hækka en lækka á næsta fjárhagstímabili.

5. tölul. Þar sem í þessum tölulið er farið fram á, að þingið veiti 240 kr. til viðbótar eptirlaunum þriggja uppgjafapresta, þá höfum vjer fært þessi útgjöld niður í 50 kr. af þeim ástæðum, að einn þessara presta, Sv. Eyjólfsson, er dáinn, en honum eru ætlaðar í frumvarpinu 100 kr.. en annar þeirra Árni prófastur Böðvarsson hefur meiri eptirlaun en nokkur annar uppgjafaprestur, eða 540 kr., og mundi það þykja undarlegt, að veita honum 90 kr. uppbót, þar sem allir aðrir uppgjafaprestar hafa miklu minni eptirlaun, og fá þó enga viðbót. Aptur á móti viljum vjer leggja það til, að presturinn Jón Thorarensen fái hina umbeðnu viðbót, með því hann hefur mjög lítil eptirlaun, að eins 190 kr.

b. 6—9 eru óbreyttir, en aptur á móti sjáum vjer eigi nauðsyn til bera uppbótar þeirrar, sem farið er fram á í

b. 10, því vjer ætlum tekjur Dvergasteinsbrauðsins fullviðunanlegar, eins og þær eru nú orðnar, og hafa verið hin síðustu árin, enda munu þær vera talsvert meiri en 800 kr., bæði vegna þess, að sóknarfólk hefur fjölgað þar mjög hin síðustu árin, og presturinn mun optast hafa eigi all-litlar tekjur af síldarveiðunum þar í firðinum. Hversu æskilegt sem það því er, að halda þar hinum núverandi presti, þá getum vjer þó eigi lagt það til, að hann fái neina uppbót úr landssjóði, og höfum því numið burtu þennan gjaldalið. En skyldi móti von nefndarinnar samt sem áður þykja brýna nauðsyn til bera, að bæta brauð þetta að nokkru, mætti taka þá viðbót af fje því, sem veitt er við 2. lið þessarar greinar.

B. I. a höldum vjer óbreyttum, en aptur höfum vjer lækkað

b. 1 um 240 kr. af þeim sökum, að vjer höfum fengið fulla vissu fyrir því, að lærisveinar prestaskólans muni næstu 2 árin varla verða fleiri en 12 í hæsta lagi, og naumast svo margir. Heldur eigi getum vjer lagt það til, að stafliður

b. 2 verði hækkaður frá því, sem verið hefur, eða ölmusunum fjölgað, og ætlum skólanum vel borgið með 2 ölmusum, auk þess styrks, sem lærisveinar fá bæði frá háskólanum, 600 kr., og af sjóðum skólans.

b. 3 og 4 höldum vjer óbreyttum, en

b. 5 höfum vjer fært niður í 120 kr. hvort árið, með því að vjer sjáum það í reikningum skólans, að þessi upphæð hefur verið fyllilega nægileg.

b. 6 höldum vjer óbreyttum að þessu sinni, en viljum leiða athygli að því, að þessi gjaldliður virðist mega færast niður, er hinn núverandi umsjónarmaður fer frá, þar sem umsjónarmaðurinn hefur kauplausan bústað í skólahúsinu.

b. 7 höfum vjer sömuleiðis fært niður um 50 kr., með því að hin ýmislegu útgjöld til skólans hafa hin síðari árin alls eigi náð 100 kr., og því sjáum vjer enga ástæðu til að ætla meira fje til þeirra.

II. a. Samkvæmt lögum 11. febr. 1876, eru laun hins fasta kennara við læknaskólann 1800 kr. á ári, en nú fer stjórnin fram á, að hann fái 600 kr. viðbót fyrir sjálfan sig, með því að launin sjeu of lítil í sjálfu sjer, og hinn núverandi kennari hafi þegar þjónað embætti þessu í 7 ár. Nefndin játar það fúslega, að laun þessi sjeu næsta lítil og með öllu ónóg, ef læknirinn eigi fyrir konu og börnum að sjá, en allt um það virðist henni 600 kr. viðbót heldur há, þegar litið er til launa annara kennara bæði við prestaskólann og hinn lærða skóla, er byrja með 2000 kr. launum, og mega opt una við þau langan tíma, enda þykir henni 7 ára embættistími heldur stuttur til þess, að hlutaðeigandi eigi að fá hæstu laun, sem slíkum kennurum er ætluð, og viljum vjer því fara bil beggja og veita honum 400 kr. viðbót að þessu sinni.

b. 1—4 og 6 höldum vjer óbreyttum, en aptur viljum vjer hækka 5. tölul. um 160 kr., með því oss virðist það ósanngjarnt og sjálfu sjer ósamkvæmt, að veita öllum lærisveinum prestaskólans húsaleigustyrk, en að eins 2 lærisveinum læknaskólans, hversu margir, sem þeir kunna að verða. Nú sem stendur eru lærisveinar skóla þessa 4, en oss er kunnugt, að á næsta hausti muni 3 eða 4 bætast við, og viljum

vjer leggja til. að húsaleigustyrkurinn verði aukinn svo, að helmingur þeirra að minnsta kosti geti fengið húsaleigustyrk, og það því fremur, sem skóla þessum eru lagðar að eins 2 ölmusur, og það er allur sá styrkur, sem lærisveinar skóla þessa geta fengið.

III. a og b höldum vjer að öllu óbreyttum, nema að eins b. 3, launum dyravarðarins, sem vjer höfum sett 900 kr. í stað 1000 kr., með því vjer ætlum að dyravörðurinn geti komist af með það, en minna má það heldur eigi vera.

c. 1—3, 5—6 og 8 óbreytt: en aptur á móti höfum vèr lækkað það fje, sem ætlað er til tímakennslu, með því að vjer sjáum eigi næga ástæðu til þess, að losa annan þann kennara, sem umsjón er falin í skólanum, við 10 kennslustundir á viku hverri á móts við það, sem aðrir kennarar hafa, og sem hver annar kennari er talinn skyldur að hafa, þar sem annar kennari tekur þátt í umsjóninni með honum nú sem stendur, og framvegis ef til vill fleiri. Vjer verðum að telja honum það enga ofætlun, að hafa að minsta kosti 18 stundir á viku hverri eða 3 stundir á dag og ætlum hann þó hafa nægan hressingartíma þótt hann sje bundinn í skólanum sökum umsjónarinnar einar 3 stundir á dag.

7. tölulið höfum vjer og sett að eins 1200 kr. í stað 1500 kr., sem stjórnin hefur stungið upp á samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1882 og 1883. Þessi gjaldagrein hefur áður ávallt verið áætluð 1200 kr., og hefur það reynst nóg til hinna ýmislegu útgjalda skólans, enda var hún á síðasta þingi að eins hækkuð sökum kostnaðar þess, sem prentun á orðasafni drs. Jóns Þorkelssonar hefur í för með sjer, en oss þykir langtum rjettara og eðlilegra, að sá kostnaður sje tekinn af fje því, sem ætlað er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja í 16. gr. Þess viljum vjer geta, að síðasta árið voru hin ýmislegu útgjöld meiri eða um 1400 kr., en það var sökum mislingaveikinnar, því að útgjöld þau, sem af henni leiddi, voru um 300 kr.

IV. Viðvíkjandi þessum tölulið skulum vjer geta þess, að vjer getum eigi sjeð, að það þurfi mikið fje til viðurhalds Möðruvallakólanum, þar sem hjer er að ræða um nýtt hús og teljum 300 kr. á ári nægilegt tillag til skólahússins og viljum því breyta upphæðinni við tölul. 3 og setja 300 kr. í stað 400 kr.

Til hinna ýmislegu útgjalda hefur árið 1881 að eins gengið 380 kr. og ætlum vjer því óþarft, að veita meira en 400 kr. til þeirra gjaldanna.

V. a. Til kvennaskólanna ætlum vjer hið sama fje, sem veitt var á síðustu fjárlögum, 1000 kr. til hvers af 3, í Reykjavík, á Laugalandi og á Ytriey.

b. Neðri deild alþingis 1881 fjellst á þá skoðun, að eigi bæri að leggja fje úr landssjóði til þeirrar barnakennslu, sem lögboðin væri fyrir alla, en þó skyldu skólar þeir, sem þegar væru á fót komnir, njóta nokkurs styrks úr landssjóði fyrst um sinn (sjá alþ.-tíð. 1881 bls. 224 og 318). Vjer erum og á sama máli, og að þennan styrk til barnaskólanna eigi að minnka smátt og smátt, en það sje eigi ráðlegt, að svipta honum burt allt í einu, og án þess að hlutaðeigendur, sem hingað til hafa notið styrksins, og ef til vill vonazt eptir, að halda honum framvegis, geti búið sig undir að kosta skóla sína sjálfir. Vjer viljum því ráða til, að veita jafnmikið fje fyrra árið og í síðustu fjárlögum, en minnka styrkinn nokkuð síðara árið, og höfum vjer því sett hann fjórðungi lægri það árið.

c. Til alþýðuskóla höfum vjer ætlað að eins 3500 kr. fyrra árið, en aptur á móti 4000 kr. hið síðara. Nefndinni hafa borizt 3 bænaskrár um styrk til alþýðuskóla, 1. frá stjórnarnefnd Flensborgarskólans um 2400 kr. árlegan styrk, og 2. frá forstöðumanninum um 300 kr. styrk til áhaldakaupa. Nefndin sjer sjer eigi fært, að veita skólanum svo mikinn styrk, sem beðið er um í bænarskrám þessum. En með því vjer þykjumst vita, að það muni satt vera, að skólinn þurfi að fá ýmislegt, til þess að hann komist í fullt lag, og sem eigi verður talið til árlegra útgjalda hans, vill nefndin þó, að haft sje tillit til þessa við fjárveitingar til skólans, og stingur því upp á að veita 200 kr. meira fyrra árið en hið síðara. Þriðja bænaskráin er frá sýslunefnd Árnessýslu um 1600 kr. til alþýðuskóla á Eyrarbakka: en með því að enginn skóli er þar enn stofnaður, sjer nefndin sjer eigi fært að leggja til að veita þennan styrk að sinni, en hefur þó ætlað fje til þess, að bæði þessi skóli og ef til vill fleiri geti fengið styrk úr landssjóði, ef þeir verða stofnaðir og komast á fastan fót á fjárhagstímabilinu, en sökum þess að fleiri skólar geta verið komnir á stofn árið 1885, en fyrirsjáanlegt er, að geti komizt á fastan fót næsta ár, vill nefndin að meira fje verði til taks það árið en hið fyrra.

Skilyrðum þeim, sem sett voru í síðustu fjárlögum fyrir veitingu þessari, viljum vjer halda, en viljum láta það skilyrði ná eins til kvennaskólanna eins og til hinna skólanna, og sjáum enga ástæðu til að undanþiggja þá: en vjer viljum bæta öðru skilyrðinu við, og það er það, að allir skólar þessir sjeu undir umsjón sýslunefnda, amtsráða eða stiptsyfirvalda, því að það er þó engin samkvæmni í því að veita styrk af almannafje til þeirra stofnana, sem umboðsvaldið enga umsjón hefur með, og sem því ekkert veit um, hvernig fjenu er varið, eða að hverjum notum stofnunin verður, eða hvert gagn hún gjörir. En nefndin finnur eigi ástæðu til, að gjöra greinarmun á því, undir hverju umboðsvaldi stofnanirnar standa, og sjer því t. a. m. ekki neitt því til fyrirstöðu, að kvennaskólinn Reykjavík verði ein styrksins aðnjótandi, þótt hann kæmist undir umsjón stiptsyfirvaldanna.

d. Nefndinni virðist reyndar nokkuð mikið fje vera veitt söngkennaranum í organslætti og organleikaranum í dómkirkjunni, en vill þó eigi breyta þessu að sinni, meðan eigi verða manna skipti hvorki á organleikaranum við dómkirkjuna nje söngkennaranum í hinum lærða skóla, en hún verður að leiða athygli að því, að rjettast sje að sameina báðar þessar sýslanir í eitt eða fela þær báðar sama manninum undir eins og önnur hvor þeirra losnar, og mundi við það sparast nokkurt fje.

C.

1. Gjaldagrein þessari viljum vjer eigi breyta að upphæðinni til í heild sinni; en þar sem stjórnin ætlast til, að fyrir umsjónina á þinghúsinu verði greiddar 200 kr., þá virðist oss það óþarflega mikið, og ætlum umsjónina sómasamlega borgaða með 100 kr. á ári, því að umsjón þessi er í litlu öðru fölgin en að ljúka upp gluggum við og við í þeim herbergjum, sem alþinginu heyra, og hreinsa stigana og ganginn að forngripasafninu einstöku sinnum; en aptur á móti viljum vjer veita 600 kr. á ári eða 100 kr. meira en stjórnin biður um, til eldiviðar og áhalda, einkum fyrir þá sök, að nauðsynlegt er að tryggja bókasafnið fyrir eldsvoða sem mest má verða, og

viljum því, að útvegaðir sjeu jarnhlerar fyrir glugga á bókasafninu, einkum á vesturgafli hússins, með því að bósasafninu gæti verið hætta búin inn um gluggana, ef hús það brynni, sem er vestanvert við alþingishúsið einar 8 álnir frá því.

2. og 3. töluliðir eru óbreyttir, en vjer viljum geta þess, að vjer vitum eigi til að nokkur skýrsla sje enn komin um bókasafnið á Akureyri og viljum vjer gjöra það að beinu skilyrði fyrir fjárveitingunni, að skýrsla þessi sje send landshöfðingjanum.

Við 4. tölul. skulum vjer geta þess, að vjer höfum hækkað stafliðinn *a* um 100 kr. yfir það fram, sem veitt var 1881, einkum með tilliti til bænarskráar nokkurrar sem nefndinni barst frá prestinum Helga Sigurðssyni frá Melum, þar sem hann býður að selja forngripasafninu hjer í Reykjavík ýmsa forna muni fyrir 600 kr. Vjer getum alls eigi ráðið til að ganga að þessu boði, með því vjer enga skýrslu höfum fengið um hverjir þessir munir sjeu, en höfum heyrt að í ýmsum þeirra muni lítil eign fyrir forngripasafnið; en vjer teljum þó víst að ýmislegt af þessum munum sje þó svo, að vert sje að kaupa, ef þeir eru fáanlegir út af fyrir sig. Auk þess viljum vjer bæta við orðunum «og áhalda» á eptir «forngripakaupa». *c* höfum vjer sömuleiðis hækkað um 200 kr. til rannsóknar fornleifum hjer á landi, með því oss er kunnugt, að fornleifafjelagið hjer í bænum eigi hefur fjárráð til, að gjöra þá gangskör að slíkum rannsóknum, sem æskilegt væri.

Við 14. gr. höfum vjer ekkert að athuga.

Við 15. gr. Eptir skýrslu þeirri, sem stjórnin sjálf hefur gefið um eptirlaun og styrktarfje o. fl., gengur til þeirra nú sem stendur 18461 kr. 21 a. á ári eða á fjárhagstímabilinu 36922 kr. 42 a., en þar frá dragast 369 kr. 16 a., styrkur til nokkurra barna sem verða fullra 18 ára á fjárhagstímabilinu og verður þá eptir 36553 kr. 26 aur. Auk þess hefur oss borizt bænarskrá frá póstmeistara Ó. Finsen um eptirlaunastyrk til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur, ekkju eptir prófast Halldór Jónsson á Hofi í Vopnafirði, og virðist oss full ástæða til, að heiðra minningu slíks sómamanns, með því að styrkja ekkju hans, sem lítið hefur við að styðjast, nema hluta þann, sem hún á að fá af tekjum brauðsins, sem vjer eigi vitum enn hve mikill er, en mun sjálfsagt eigi nægja henni til sómasamlegs uppeldis. Vjer viljum því ráða hinni heiðruðu deild til að veita henni 200 kr. á ári, og verður þá eptirlaunin og styrktarfjeð alls að eins 36953 kr. Allt um það teljum vjer þó rjettast að veita þessa gjaldagrein svo ríflega, að eigi sjeu líkindi til, að hún í reyndinni verði meiri, en áætlað er, og höfum vjer því talið 45,000 kr. til þessara gjalda á fjárhagstimabilinu, en ætlum óþarft að setja hana hærra.

Við 16. gr. Þegar ræða skal um fje það, er veita skal til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, þá verðum vjer að ætla að nóg sje, að veita 6000 kr. um fjárhagstímabil þetta, þannig að stjórnin megi veita það til þeirra fyrirtækja, er henni þykir við eiga, því að það var af sjerstaklegum ástæðum að eins mikið fje var veitt 1881 eins og veitt var, og sumt af þeim gjöldum, sem þá var ætlað fje til af þessum gjaldlið, tökum vjer sjerstaklega til hjer á eptir.

Eins og sjá má af skrá þeirri, sem vjer höfum búið til yfir bænarskrár þær um fjárveitingu sem oss hafa verið afhentar, eru beiðendur allmargir, en vjer höf-

um fæstar þeirra getað til greina tekið. Vjer höfum þegar áður við ýmsar greinar fjárlaganna tekið sumar þeirra til greina, svo sem eru:

1. Bænarskrá frá sjera Matthíasi Jochumssyni um eptirgjöt á árgjaldi frá Oddabrauði, sem vjer höfum tekið til greina við fjáraukalög fyrir 1882 og 1883.
2. Frá Sigurði Vigfússyni umsjónarmanni forngripasafnsins, um aukinn styrk til rannsóknar fornmenja, tekin til greina við 13. gr. C.
3.—4. frá forstöðumanni og stjórnarnefnd Flensborgarskólans tekin til greina við 13. gr. B. V.
5. Frá sýslunefnd Árnessýslu um styrk til alþýðuskóla á Eyrarbakka, sömuleiðis tekin til greina við 13, gr. B. V.
6. Frá Ó. Finsen um eptirlaun handa ekkjufrú Valgerði Ólafsdóttur tekin til greina við 15. gr.
7. Frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík um 1000 kr. styrk, tekin til greina við 13. gr. B. V.

Hinar aðrar bænarskrár, sem vjer viljum til greina taka, eru:

1. Frá landlækni Schierbeck um 20,000 kr. til spítalagjörðar hjer í Reykjavík. Eins og flestum mun kunnugt, var hjer fyrir nokkrum árum stofnaður spítali fyrir samskot nokkurra bæjarmanna. Spítalahús þetta er bæði orðið svo hrörlegt og ónógt, auk þess sem því er mjög óhentuglega fyrir komið, að mikið vantar á að það geti fullnægt þörfunum eða svarað til þeirra. Með því að eigur spítala þess, sem nú er hjer um 15000 kr., eru með öllu ónógar, jafnvel til byrjunar slíks húss, sem geti fullnægt þörfum landsins, sem spítali, er eigi annað fyrir höndum en að sleppa fyrst um sinn allri spítalastofnun, er landinu í heild sinni geti að notum komið, nema því að eins að landssjóðurinn vilji skjóta fje til, en þá má ef til vill búast við, að þær 15000 kr., sem nú eru boðnar fram, verði eigi tagltækar síðar. Nefndin getur heldur eigi neitað því, að það er margt og mikilvægt, sem mælir með því, að landssjóðurlnn taki að sjer spítalann, þar sem hann bæði er nauðsynlegur við kennslu læknaefnanna, og svo margir sjúklingar utan úr landi leita hingað lækninga, en sem lækningatilraunir koma eigi að notum nema á spítala undir stöðugri læknisumsjón, og enn fremur sækja hingað svo margir útlendingar, sem það er beinlínis siðferðisleg skylda landssjóðsins, að sjá um að geti fengið haganlegan stað, ef veikir eru. Nefndin vill því ráða hinu heiðraða þingi til, að veita hið umbeðna fje.

2. Bæði frá landlækni Schierbeck og hlutaðeigandi hjeruðum, Akranesi, Seyðisfirði og Dalasýslu, hafa komið bænarskrár um stofnun læknaembætta á þessum stöðum. Vjer viðurkennum fyllilega þörfina á læknum á þessum stöðum, og í raun rjettri víðar. En með því að landlæknirinn ætlar að reynandi sje, að fá lækna á þessa 3 staði með því móti, að veita 800 kr. um árið úr landssjóði handa hverjum þeirra, án þess að stofna þar föst embætti, viljum vjer ráða hinni heiðruðu deild til að veita þennan styrk til reynslu um næsta fjárhagstímabil, og sjá þannig hverju fram vindur í því efni til næsta þings.

3. Þorvaldur Thoroddsen, kennari við Möðruvallaskólann, beiðist þess, að honum verði veittar 1000 kr. á ári, til að ferðast um landið og kanna náttúru þess, og styrk til að sigla til útlanda á vetrum til að bera sig saman við aðra náttúrufræðinga um það, sem hann finnur, og til að frama sig betur í fræðigrein sinni. Nefndinni þykir

það mikilsvert, að sem mest og nákvæmust þekking fáist á landi voru, og vill því ráða til að fje verði veitt í þessu skyni, og mun þá eigi veita af 2000 kr. hvort árið, bæði til ferðanna um landið, og til utanferða hans, eða 4000 kr. alls næsta fjárhagstímabil.

4.—5. Frá Ísfirðingum hefur komið bænarskrá um 10,000 kr. styrk til kaupa gufubáts, er geti farið allar flutningaferðir þar um djúpið, og önnur frá þingmanni Borgfirðinga um sama styrk til gufubáts til flutninga hjer um Faxaflóa. Nefndin sjer sjer eigi fært, að ráða til að veita fje til kaupanna sjálfra, en henni virðist sanngjarnt og rjett, ef landsbúar sjálfir vilja kaupa af eigin rammleik gufubáta þessa, að landssjóður þá rjetti þeim hjálparhönd, er bátarnir eru keyptir, til þess að standast hinn árlega kostnað; ef svo gufubátar þessir yrðu keyptir, viljum vjer ráða hinni heiðruðu deild til, að veita sitt samþykki til, að greiddar verði úr landssjóði 3000 kr. til kostnaðarins við ferðir hvors bátsins fyrir sig, eða 1500 kr. um árið, og því höfum vjer tekið fje þetta upp í 16. gr., því að alls eigi verður við því búizt, að gufubátaferðir þessar borgi sig í fyrstunni, þótt þær kunni að borga sig með tímanum.

6. Fyrverandi kennari við latínuskólann hjer í Reykjavík Benidikt Gröndal hefur beðizt styrks til vísindalegs rits um hina fornu Norðurlandabúa, og viljum vjer leggja það til, að honum verði veittar 400 kr. á ári í næstu 2 ár, með því skilyrði, að hann þá gjöri svo nægilega grein fyrir þessu starfi sínu, að þingið þá geti ljóslega sjeð, hvort ástæða sje til að veita honum slíkan styrk framvegis.

7. Stefan Jónasson frá Arnarholti í Mýrasýslu hefur um 2 undanfarin ár dvalið í Noregi til að læra búfræði. Nú kveðst hann hafa fundið nýtt verkfæri til að sljetta þúfur með, og hefur sent ágæta vitnisburði frá ýmsum mönnum þar fyrir iðni sína og gagnsemi sljettunarvjelar hans. Með því að nefndin verður að telja það mikla framför, ef hentug vjel fengist til að sljetta þúfur, þá viljum vjer leggja það til, að honum verði veittar 200 kr., með því að hann er maður fátækur og þarf styrksins við, til að geta búið þetta sljettunarverkfæri til.

8. Þá hafa oss enn borizt bænarskrár frá 2 mönnum um styrk til erlendisferða til að læra laxveiðar og að læra aðferðina að tingun fiska. Vjer getum eigi lagt það til, að mönnum þessum verði veittur neinn slíkur styrkur, með því líka oss er ókunnugt um, að þeir hafi hingað til lagt nokkra stund á slíkar fiskiveiðar eða nám til þeirra. Aptur á móti viljum vjer endurtaka þá uppástungu fjárlaganefndarinnar 1881, að útvegaður sje laxfróður maður frá Skotlandi eða Noregi, er dvelji hjer um tíma og kenni landsbúum þeim, sem þess óska, bæði haganlegustu aðferð að laxveiðum og einkum aðferðina að tingun lax og silungs, og að veittar verði til þess 3000 kr., því að vjer ætlum að árangurinn af aðgjörðum þess manns yrði miklu meiri, heldur en þótt sendur væri einhver maður til útlanda, sem ekkert hefur fengizt við slíkt áður, og óvíst, hvort hefði þá alúð í því efni, sem ætti að vera.

Við 17. gr. Þegar litið er til útgjalda þeirra, sem greidd hafa verið af þessum gjaldlið undanfarin ár, virðist oss nóg, að veittar sjeu 4000 kr. til hinna óvissu útgjalda um næsta fjárhagstímabil.

Samkvæmt því, sem vjer þegar höfum sagt, verður frumvarpið, svo sem nú skal greina:

Frumvarp

til

fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885.

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1884 og 1885 telst svo til, að tekjur Islands verði *875,032* kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar *549,932* kr

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	*18,000*	*18,000*	*36,000*
b) á lausafje	*17,000*	*22,000*	*39,000*
2. húsaskattur	*2,400*	*2,400*	*4,800*
3. tekjuskattur	*13,000*	*13,000*	*26,000*
4. aukatekjur	*19,000*	*19,000*	*38,000*
5. vitagjald	*5,000*	*5,000*	*10,000*
6. nafnbótaskattur	16	16	32
7. erfðafjárskattur	2,500	2,500	5,000
8. gjöld af fasteignarsölum	650	650	1,300
9. gjöld fyrir leyfisbrjef	1,400	1,400	2,800
10. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	*36,000*	*36,000*	*72,000*
11. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	*125,000*	*125,000*	*250,000*
12. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	*18,000*	*18,000*	*36,000*
13. tekjur af póstferðunum	*13,000*	*14,000*	*27,000*
14. óvissar tekjur	1,000	1,000	2,000
samtals	*271,966*	*277,966*	*549,932*

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðsins og fl. eru taldar *64,600* kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landssjóðsins, alls *39,300* kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls ..... *9,300* --	30,000	30,000	60,000
2. leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyarsýslu	*1,800*	*1,800*	*3,600*
3. tekjur af kirkjum	*500*	*500*	*1,000*
samtals	*32,300*	*32,300*	*64,600*

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að 60,000 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	30,000	30,000	60,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1884 11,136 kr. 73 a.			
- — 1885 10,885 — 72 —			
22,022 kr. 45 a.			
samtals	30,000	30,000	60,000

Stjórninni veitist heimild til að gefa eptir leigur af lánum þeim, er veitt hafa verið ýmsum sýslum 1882 og 1883 til þess að sporna við hungursneyð, til ársloka 1885, mót því að frá þeim tíma greiðist af þeim 4 % í leigur, og að 1/8 hluti þeirra endurgreiðist síðan á ári hverju.

Sömuleiðis veitist stjórninni heimild til at láta afborgun upp í lán þau, er getur um í lögum 4. nóvember 1881 um endurborgun á skuldakröfum landssjóðs, og sem veitt höfðu verið ýmsum hreppum í Snæfellsnessýslu og Borgarfjarðarsýslu, hefjast 1884.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin *17,500* kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum, samkvæmt lögum 27. febr. 1880	*3,500*	*4,000*	*7,500*
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	3,000	3,000	6,000
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals	*8,500*	*9,000*	*17,500*

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 183,000 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	32,500	30,500	63,000
samtals	92,500	90,500	183,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1884 og 1885 veitast til útgjalda *875,032* kr. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—18. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1884: 12,400 kr., og árið 1885: 14,400 kr., samtals: **26,800 kr.**

9. gr. Til kostnaðar við alþingi 1885 veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast *358,732* kr. 38 a.

	1884	1885	alls
A.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. Laun embættismanna	19,300	19,300	38,600
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	*2,500*	*2,500*	*5,000*
	25,600	*25,600*	*51,200*
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun: *a.* til dómara og sýslumanna	71,736,19	71,736,19	
b. til hreppstjóra	*6,000*	*6,000*	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,000	1,000	
3. til hegningarhússins og fangelsanna	*3,700*	*3,700*	
4. önnur útgjöld	*3,100*	*3,100*	
	85,536,19	*85,536,19*	*171,072,38*
C.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur	1,800	1,800	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	1,200	1,200	
flyt	3,000	3,000	222,272, 38

	1884	1885	alls
	kr. a	kr. a.	kr. a.
fluttar....	3,000	3,000	222,272, 38
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	*1,300*	*1,300*	
4. styrkur til eflingar búnaði.....	20,000	20,000	
Landshöfðingi úthlutar helmingi til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda, og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða. Hinum helmingi fjárins úthlutar landshöfðingi með hliðsjón af tillögum amtsráðanna, að hálfu milli búnaðarfjelaga og búnaðarskóla.			
5. til vegabóta:			
a. til að bæta fjallvegi, einkanlega póstvegi Hjer af verjist allt að 2,500 kr. hvort árið til að fá vegafróðan mann frá útlöndum.	*12,000*	*12,000*	
b. til að styrkja sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum	*8,000*	*8,000*	
6. til gufuskipsferða	18,000	18,000	
7. til vitans á Reykjanesi	*2,800*	*2,800*	
8. til vörðuvita	*1,000*	*1,000*	
9. til ferðakostnaðar samkvæmt lögum 2. nóvbr. 1877, 3. gr.	600	600	
10. til þess að gefa út «Lovsamling for Island»	.....	.....	1,960
11. til að endurbæta Vestmannaeyja-kirkju.....	.....	.....	*1,100*
	66,700	*66,700*	*133,400*
samtals....	.....	.....	*358,732,38*

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast *79,948* kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	37,726	37,726	75,452
2. önnur útgjöld	*2,248*	*2,248*	*4,496*
samtals....	*39,974*	39,974	*79,948*

12. gr. Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði *55,000* kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	*6,600*	*6,600*	*13,200*
2. póstflutningur	*18,600*	*18,600*	*37,200*
3. önnur útgjöld	*2,300*	*2,300*	*4,600*
samtals . .	*27,500*	*27,500*	*55,000*

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast *210,718* kr. 38 a.:

	1884	1885	alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
I þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun	8,432	8,432	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla, samkvæmt lögum 27. febr. 1880 1. gr.	6,500	6,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	*5,000*	*5,000*	
3. til nokkurra brauða í fyrrverandi Hólastipti	600	600	
4. viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafapresta og prestaekkna, samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 6. gr.	*4,200*	*4,200*	
5. viðbót við eptirlaun 3 uppgjafa-presta, er hafa fengið lausn, eptir að lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta komu út	*50*	*50*	
6. til prestaekkna og barna	2,500	2,500	
7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
8. endurgjald handa prestinum í Vestmannaeyjum fyrir tekjumissi	1,443, 19	1,443, 19	
9. endurgjald handa prestinum að Goðdölum fyrir tekjumissi	20	20	
	29,745, 19	*29,745, 19*	*59,490, 38*
B.			
Kennslumálefni:			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	10,316	10,316	
b. önnur útgjöld:			
	1884.	1885.	
1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum, 80 kr. handa hverjum . . .	*960* kr.	*960* kr.	
2. 2 ölmusur . .	*400* —	*400* —	
3. til tímakennslu .	100 —	100 —	
4. til bókakaupa .	300 —	300 —	
5. til eldiviðar og ljósa	*120* —	*120* —	
6. til umsjónar . .	*100* —	*100* —	
7. ýmisleg útgjöld .	*100* —	*100* —	
	2,080	*2,080*	
	12,396	*12,396*	*24,792*
II. Til læknaskólans:			
a. laun	*3,000*	*3,000*	
b. önnur útgjöld:			
	1884.	1885.	
1. 2 ölmusur, 200 kr. hver . . .	400 kr.	400 kr.	
2. eldiviður, ljós og ræsting	100 —	100 —	
3. til bókakaupa og verkfæra . . .	600 —	300 —	
flyt . . .	1,100 —	800 —	3,000	3,000	84,282 38

			1884	1885	alls	
			kr.	kr.	kr.	a.
	fluttar . . . 1,100 —	800 —	3,000	3,000	84,282	38
4.	ferðastyrkur handa læknaefnum . . 300 —	300 —				
5.	húsaleiga handa 2 lærisveinum . *320* —	*320* —				
6.	ýmisleg útgjöld . 100 —	100 —	*1,820*	*1,520*		
			4,820	*4,520*	*9,340*	
III.	Til hins lærða skóla:					
a.	laun		18,200	18,200		
b.	aðstoðarfje:					
	handa söngkennaranum	600 kr.				
	— fimleikakennarannm . .	700 —				
	— dyraverði	*900* —				
	til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	300 —	*2,500*	*2,500*		
c.	önnur útgjöld:					
1.	til bókasafns skólans	600 —				
2.	til eldiviðar og ljósa	1200 —				
3.	til skólahússins utan og innan	1500 —				
4.	til tímakennslu	*1500* —				
5.	ölmusur	8000 —				
6.	þóknun handa lækni . . .	100 —				
7.	ýmisleg útgjöld	*1200* —				
8.	fyrir prestsverk	48 —	*14,148*	*14,148*		
			34,848	*34,848*	*69,696*	
IV.	Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a.	laun		6,600	6,600		
b.	önnur útgjöld:					
1.	til bóka- og áhalda kaupa við kennsluna	400 kr.				
2.	til eldiviðar og ljósa	600 —				
3.	til skólahússins utan og innan	*300* —				
4.	ýmisleg útgjöld	*400* —	*1,700*	*1,700*		
			8,300	*8,300*	*16,600*	
V.	Til annarar kennslu:					
a.	til kvennaskóla		3,000	3,000		
b.	til barnaskóla		2,000	*1,500*		
c.	til alþýðuskóla (þar af til skólans í Flensborg 1800 kr. fyrra árið, en 1600 kr. síðara árið)		*3,500*	4,000		
	Styrkur eptir staflið a., b. og c. veitist með því skilyrði, að skólar þessir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði og að þeir standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna, amtsráðs eða sýslunefndar.					
	flyt...		8,500	8,500	179,918	38

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr. a.
fluttar ...	8,500	8,500	179,918 38
d. til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000	1,000	
	9,500*	9,500*	19,000*
C.			
1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga	2,800	2,800	
2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi	400	400	
3. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
4. til forngripasafnsins:			
a. til forngripakaupa og áhalda . *500** kr.			
b. til umsjónar . . . . . 200 —			
c. til rannsóknar fornmenja . . *1,000* —			
	1,700*	1,700*	
	5,900*	5,900*	11,800
samtals ...	.....	.....	210,718 38*

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 10000 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast *45,000* kr.; þar af til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr. hvort árið.

16. gr. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast *44,800 kr.*

1. Til spítalagjörðar í Reykjavík	20000 kr.
2. Styrkur til þriggja lækna á Seyðisfirði, í Dalasýslu og á Akranesi 800 kr. til hvers um árið	4800 —
3. Styrkur til kennara Þorvaldar Thoroddsens til jarðfræðisrannsókna hjer á landi 1000 kr. hvort árið, og til utanlandsferða 1000 kr. hvort árið	4000 —
4. Styrkur til gufubáta á Ísafjarðardjúpi og á Faxaflóa, 1500 kr. handa hvorum hvort árið	6000 —
5. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að semja þjóðmenningarsögu Nordurlanda 400 kr. á ári	800 —
6. Styrkur til Stefáns Jónassonar til að ljúka við sljettunarvjel . .	200 —
7. Til að útvega laxfróðan mann frá útlöndnm	3000 —
8. Til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja	6000 —
	44800 kr.

17. gr. Til óvissra útgjalda veitast *4000 kr.*

18. gr. Afganginn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði *6433 kr. 24 aur.*, skal leggja í viðlagasjóðinn.

Alþingi 28. dag júlímán 1883.

Egilsson. Eiríkur Briem, skrifari. Halldór Kr. Friðriksson, framsögumaður. Lárus Blöndal.

Th. Thorsteinson. Tryggvi Gunnarsson, formaður. Þorlákur Guðmundsson.

Fylgiskjal 1

við nefndarálit fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrár

afhentar fjárlaganefndinni á alþingi 1883, sem nefndin hefur eigi getað tekið til greina.

1. Frá Jóni Breiðfjörð um endurgjald á 227 kr. fyrir kostnað í fjárkláðamálinu eptir skipun Jóns heitins ritara.
2. Frá bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni um 1000 kr. styrk til að gefa út prjedikanir biskups H. Thordersens.
3. Frá Ara Egilssyni í Vogum um 1500 kr. styrk, til að kaupa sjer hæfileg net til síldveiða, tunnur og salt o. fl.
4. Frá bókaverði Eiríki Magnússyni í Cambridge um 5400 kr. styrk til að ná «patent» tryggingu einni. Þrátt fyrir það, hversu kært nefndinni væri, að verða við ósk þessa manns, þá sjer hún sjer eigi fært að leggja það til, að tjeð fje verði veitt, með því hún verður að álíta mjög svo ísjárvert, að víkja frá þeim reglum, sem settar eru fyrir lánum af landssjóði, auk þess, að tvísýnt er, að hlutaðeigandi gæti fengið fjeð svo fljótt, sem hann þyrfti á því að halda, þótt þingið veitti fjeð, þar sem fjáraukalögin líklega ekki verða staðfest fyrir nóvember.
5. Frá prófasti Eiríki Kúld um uppgjöf í 5 ár á rentum og afborgun af skuld Stykkishólmskirkju.
6. Frá præpos. hon. Á. Böðvarssyni til synodusar, en send fjárlaganefndinni af stiptsyfirvöldunum, um 200 kr. árlegan styrk árin 1882 og 1883.
7. Frá háyfirdómara Jóni Pjeturssyni um 200 kr. til að kaupa bækur handa yfirrjettinum.
8. Frá Sigurði Sigurðssyni kennara um 300 kr styrk til að gefa út frakkneska málmyndalýsingu.
9. Frá Birni Kristjánssyni um 800—1000 kr. styrk á ári til þess að auka framför kirkjusöngs og út breiða organsleik.
10. Frá Jónasi söngkennara Helgasyni um styrk til að gefa út kóralbók og enn fremur 4—500 kr. í ferðastyrk til Kaupmannahafnar. Að því er hið fyrra snertir, þykir nefndinni eigi ástæða til, að leggja með nýrri fjárveitingu, þar sem enn er eigi sjeð fyrir endann á, að hann geti orðið aðnjótandi styrks þess, er fjárlaganefndin í hitt eð fyrra lagði til að hann fengi í sama skyni; og að því er ferðastyrkinn snertir, sjer nefndin eigi ástæðu til að hann sje veittur.
11. Frá bókasafni Øndfirðinga um 300 kr. árlegan styrk.
12. Frá sjera Helga Sigurðssyni á Melum um 600 kr. fyrir forngripi.
13. Frá sjera Kjartani Einarssyni á Húsavík, sent til fjárlaganefndarinnar af landshöfðingja, um 300 kr. árlega til frekari uppbótar Húsavíkurbrauði, en lög ákveða.
14. Frá Ólafi stúdent Ólafssyni um 600 kr. styrk árlega auk 300 kr. í ferðastyrk, til að kynna sjer fiskirækt í útlöndum, og
15. Frá Bergsteini Jónssyni á Kröggólfsstöðum um sama.
16. Frá Árnesingum um brú á Ølfusá.
17. Frá þingmanni Dalamanna um 10000 kr. styrk til gufubáts á Breiðafirði Þessu

getur nefndin eigi mælt með, með því það vantar gjörsamlega allan undirbúning.

18. Frá landlækni Schierbeck um 2000 kr. styrk fyrir hann og 3 hjeraðslækna til að ferðast til hins alþjóðlega læknafundar í Kaupmannahöfn að ári.
19. Frá sjera Magnúsi Jónssyni á Laufási um 600 kr. styrk til að gefa út bók um bindindi.
20. Frá Siglfirðingum um styrk til barnaskóla á Siglufirði. Bænarskrá þessa hefur nefndin eigi getað tekið til greina, sjerstaklega með því að skóli þessi er eigi enn kominn á fót.
21. Frá Steinþóri Bjarnarsyni um 400—500 kr. styrk til að fullkomnast í steinsmíði. Nefndin þykist eigi geta ráðið til þessarar fjárveitingar, með því hún verður að telja tvísýnt, að tjeður styrkur gæti orðið að til ætluðum notum.
22. Frá yfirkennara H. Kr. Friðrikssyni um 1000 kr. næsta ár í ferðastyrk til útlanda.
23. Frá Þorvaldi lækni Jónssyni á Ísafirði um hálf laun 5. læknishjeraðs fyrir tímann frá 1. jan. 1879 til 1. júní 1881.
24. Frá sama um launaviðbót.

Fylgiskjal II.

Sýnishorn

af áætlun ferða landpóstanna næsta fjárhagstímabil.

Póstleiðirnar.	Póststöðvarnar.	Burtfarardagar póstanna.	Póstleiðirnar.	Póststöðvarnar.	Burtfarardagar póstanna.
I. Frá Reykjavík að Stað í Hrútafirði.	Reykjavík . .	11. jan.	I. Frá Stað í Hrútafirði til Reykjavíkur.	Staður	19. jan.
	Mosfell . . .	11. —		Hvammur . . .	21. —
	Saurbær . . .	13. —		Arnarholt . . .	22. —
	Hestur . . .	14. —		Hestur	23. —
	Arnarholt . . .	15. —		Saurbær	24. —
	Hvammur . .	16. —		Mosfell	25. —
	Staður	18. —		Reykjavík . . .	26. —
II. Frá Ísafirði að Stað.	Ísafjörður . .	11. jan.	II. Frá Stað til Isafjarðar.	Staður	19. jan.
	Vatnsfjörður . .	12. —		Hjarðarholt . .	20. —
	Bær	14. —		Bær	22. —
	Hjarðarholt . .	16. —		Vatnsfjörður . .	24. —
	Staður	18. —		Ísafjörður . . .	26. —

III. Frá Akureyri að Stað.			III. Frá Stað til Akureyrar.		
	Akureyri . . .	11. jan.		Staður	19. jan.
	Möðruvellir . .	11. —		Staðarbakki . .	20. —
	Steinstaðir . .	12. —		Lækjamót . . .	20. —
	Miklibær . . .	14. —		Sveinstaðir . .	21. —
	Víðimýri . . .	14. —		Reykir	21. —
	Bólstaðarhlíð . .	15. —		Bólstaðarhlíð . .	22. —
	Reykir	16. —		Víðimýri . . .	22. —
	Sveinsstaðir . .	16. —		Miklibær . . .	23. —
	Lækjamót . .	17. —		Steinstaðir . . .	25. —
	Staðarbakki . .	17. —		Möðruvellir . .	25. —
	Staður . . .	18. —		Akureyri . . .	26. —
IV. Frá Akureyri til Grímsstaða á Fjöllum.			IV. Frá Grímsstöðum til Akureyrar.		
	Akureyri . . .	1. febr.		Grímsstaðir . .	8. febr.
	Ljósavatn . . .	2. —		Reykjahlíð . . .	9. —
	Grenjaðarstaður .	3. —		Grenjaðarstaður .	11. —
	Reykjahlíð . .	5. —		Ljósavatn . . .	12. —
	Grímsstaðir . .	6. —		Akureyri . . .	13. —
Frá Grímsstöðum til Seyðisfjarðar.					
	Grímsstaðir . .	8. febr.			
	Hofteigur . . .	10. —			
	Höfði	12. —			
	Seyðisfjörður . .	13. —			
VI. Frá Reykjavík til Breiðabólsstaðar.			VI. Frá Breiðabólsstað til Reykjavíkur.		
	Reykjavík . . .	11. jan.		Breiðabólsstaður .	17. jan.
	Hraungerði . .	13. —		Hraungerði . .	19. —
	Breiðabólsstaður .	15. —		Reykjavík . . .	21. —
VII. Frá Breiðabólsstað til Prestsbakka.			VII. Frá Prestsbakka til Breiðabólsstaðar.		
	Breiðabólsstaður .	16. jan.		Prestsbakki . .	22. jan.
	Holt	16. —		Mýrar	23. —
	Vík	18. —		Vík	24. —
	Mýrar	19. —		Holt	25. —
	Prestsbakki . .	20. —		Breiðabólsstaður .	26. —
VIII. Frá Prestsbakka til Bjarnaness.			VIII. Frá Bjarnanesi til Prestsbakka.		
	Prestsbakki . .	24. jan.		Bjarnanes . . .	1. febr.
	Sandfell . . .	26. —		Kálfafellsstaður .	3. —
	Kálfafellsstaður .	28. —		Sandfell . . .	5. —
	Bjarnanes . . .	30. —		Prestsbakki . .	7. —

IX. Frá Bjarnanesi til Eskifjarðar.	Bjarnanes . . .	1. febr.		
	Stafafell . . .	2. —		
	Múli	3. —		
	Djúpavogur . .	5. —		
	Höskuldsstaðir .	6. —		
	Arnhildstaðir . .	7. —		
	Höfði	12. —		
	Eskifjörður . .	13. —		

203.

Dagskrá með ástæðum.

(Samþykkt í neðri deild alþingis 11. júlí 1883).

Í því trausti að stjórnin eptirleiðis gæti vandlega fyrirmæla 11. greinar stjórnarskrárinnar tekur þingdeildin næsta mál á dagskránni fyrir.

204.

Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögum fyrir 1882 og 1883, veitast 4135 kr. til útgjalda þeirra, er getur um í 2.—5. grein hjer á eptir.

2. gr. Af tekjum þeim af kirkjum landssjóðs, er taldar eru í fjárlöguuum 3. gr. 4., má borga 160 kr. til þess að kaupa fyrir altarisklæði handa Munkaþverárklausturskirkju.

3. gr. Sem viðbót við 11. gr. 1 fjárlaganna fyrir árin 1882 og 1883 veitast 1125 kr. handa hjeraðslækni í 7. læknishjeraði, Ólafi Sigvaldasyni, fyrir þjónustn hans í 5. læknishjeraði frá 1. sept. 1876 til 28. febr. 1878.

4. gr. Sem viðbót við fjárupphæð þá, er í fjárlögunum 12. gr. 3. er talin til «annara útgjalda», er snerta póststjórnina, veitast 150 kr.

5. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 13. gr. til kirkju- og kennslumálefna veitast:

1. A. b. 2. til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum 2200 kr., og af því 700 kr., er prestinum að Odda, síra Matthíasi Jochumssyni, verði eptirgefnar af árgjaldinu af Odda fjárhagstímabilið 1882—1883, og

2. B. IV. b. 1. til bókakaupa og áhalda við kennsluna í Möðruvallaskóla 500 kr.

205

Nefndin í málinu um frv. til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland gengur að frumvarpinu eins og það var samþykkt í h. h. efri deild.

Alþingi þ. 31. júlí 1883.

Grímur Thomsen, formaður. Þorkell Bjarnason, skrifari. Tryggvi Gunnarsson.

B. Sveinsson. E. Kúld.

206.

Breytingartillögur

við niðurlagsatriði nefndarálits um harðærismálið.

(Frá þingmanni Suður-Þingeyinga).

1. Í stað 2. nefndarálitsins komi: «Þingdeildin skorar á landshöfðingja að hann skipi svo fyrir um útbýtingu gjafakorns þess, sem til verður í haust:
   a. að helmingi þess verði útbýtt í haust, að eins til hinna nauðstöddustu hjeraða landsins.
   b. að hinum helmingnum verði útbýtt á útmánuðum næsta vetur, að fengnum nákvæmum skýrslum um bjargræðishagi manna í hinum bágstaddari hjeruðum landsins.
2. (Ný till.). Að því, sem óeytt verður af gjafafjenu næstk. vor. verði varið til að kaupa lífsbjargargripi handa hinum allra bágstöddustu sveitabúendum, hvar á landi sem eru og að fengnum áreiðanlegum skýrslum þar að lútandi.
3. (Ný till.). Þingdeildin skorar á landshöfðingja að hann með næstu póstskipsferð sendi hinum helztu reiðurum landsins þau tilmæli þingsins, að þeir sendi hingað til verzlana sinna nokkru meiri kornvöru næsta haust en venjulega.
   (Í stað 3. niðurlagsatriðis nefndarinnar komi):
4. Þingdeildin skorar á ráðgjafa Íslands, að hann verji 100,000 kr. af innritunarskírteinum viðlagasjóðsins í peninga, og veiti landshöfðingja heimild til að lána þá út með venjulegum kjörum og gegn nægum tryggingum.

207.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga til breytingar á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild.

(frá nefndinni).

Við 2. gr. Í staðinn fyrir: «2400 kr.» komi: «2200 kr.»

208.

Lagafrumvarp

um breyting á nokkrum brauðum í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild.)

1. gr. Akureyrarbrauð skal vera Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir. Í Lögmannshlíð er þriðjungakirkja. Til brauðs þessa liggur prestskyld öll frá Munkaþverárkirkju og 300 kr.

2. gr. Grundarbrauð tekur yfir Grundar, Munkaþverár og Kaupangs sóknir. Til Grundarsóknar liggja 11 fremstu bæirnir úr Akureyrarsókn. Frá brauði þessu greiðast 50 kr.

3. gr. Saurbæjarbrauð nær yfir Saurbæjar, Möðruvalla, Hóla og Miklagarðs sóknir. Frá brauði þessu greiðast 250 kr.

4 gr. Möðruvallaklaustursbrauð skal að eins vera Möðruvalla og Glæsibæjar sóknir. Frá brauði þessu greiðast 200 kr.

209.

Nefndarálit

í málinu um frumvarp til laga um brú á Ölfusá.

Svo æskilegt sem það fyrirtæki kann að vera, sem hjer ræðir um, sjer í lagi fyrir part af suðurumdæminu, þá er það hvorttveggja, að það er ekki nema hálfverk fyr en einnig er lögð brú yfir Þjórsá, enda virðist meiri hluta nefndarinnar sá kostnaður, sem því mundi verða samfara, landinu ofvaxinn, eins og fjárhagur þess nú stendur og því miður mun standa á því fjárhagstímabili, sem í hönd fer.

Af eyðslufje landsins eru engin tiltök að veita neina upphæð til þess, og að skerða viðlagasjóð með gjöf stríðir á móti eðli hans sem arðberandi innstæðu, er ekki virðist leyfilegt að rýra nema í ýtrustu neyð og nauðsyn, eða fyrir eitthvert það augnamið, sem augljóslega og *beinlínis* snertir allt landið.

Ekki er það heldur nægilega sannað, að þau lögsagnarumdæmi, sem getið er í 3. grein, sjeu viðbúin samkvæmt sveitastjórnarlögunum, að leggja þann kostnað á sig, sem þar ræðir um, sízt fyrir aðra af þeim tveim brúm, sem áður hefur verið ráðgjört, og enn, í hugum manna að minnsta kosti, er ráðgjört að byggja yfir Ölfusá og Þjórsá. Það mun varla rjett með lögum að leggja sýslufjelögunum og Reykjavíkurbæ þá byrði á herðar, sem þau eiga heimtingu á, að fyrirfram sje borin undir atkvæði sýslunefndanna og bæjarstjórnar Reykjavíkur, og virðist málið einnig að þessu leyti of snemma upp borið.

Hjer við bætist, að til þessa hefur ekki verið úr því skorið, hvar brúarstæðið eigi að vera yfir Þjórsá — en ekki er mögulegt að hugsa sjer Ölfusárbrúna án hinnar — og mundi einnig af þessari ástæðu vera rjettast að vera kominn að fastri niðurstöðu um þetta atriði, áður en Ölfusá er brúuð, sem og um það, hvort ekki finnst annar ódýrri vegur til þess að bæta samgöngurnar í þeim sýslum sem 3. gr. ræðir um, svo mikið sem innbúar þessara sveita með sanngirni geta krafizt, t. d. með dragferjum eða svifferjum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur það því til, að brúargjörð yfir Ölfusá sje frestað þangað til búið er að glöggva sig á, hvar brúin eigi að vera yfir Þjórsá; en að duglegur brúa- og ferju-smiður sje fenginn á kostnað landssjóðs — helzt frá Vesturheimi — til þess hjer á staðnum að rannsaka málið ýtarlega, ákveða brúarstæðið yfir Þjórsá, og jafnframt íhuga vandlega, hvort ekki er tiltækilegt að koma dragferjum eða svifferjum við yfir báðar árnar. Þyrfti þessi maður sjálfsagt að vera nákunnugur þeim vatnsföllum í Vesturheimi, sem ísgangur er í, en sem þó eru notaðar dragferjur á.

Grímur Thomsen. H. Kr. Friðriksson.

Stórsmíðafræðingur Windfeld Hansen hefur þegar sagt álit sitt um svifferjur: að svifferja á Ölfusá mundi kosta . . . . . 20,000 kr.
og á Þjórsá . . . . . 36,000 —
56,000 —
og að svifferjan þó verði ekki notuð, nema þegar áin er íslaus. Þær kosta þannig stórfje, en verða opt ekki að notum, þegar mest liggur á. Ef slíkar ferjur væru settar á árnar, þá mundi verða látið við það sitja, ekki af því, að þær væru fullnægjandi, heldur sökum þess, að þá mundi horft í nýjan kostnað. Þótt jeg því játi, að svifferjur kynnu að verða betri en ekkert, þá hygg jeg að notin af þeim mundu ekki í saman-

burði við brýr samsvara kostnaðinum, og því álít jeg rjettara, að hugsa heldur um brú á aðra ána fyrst um sinn.

Brú yfir Ölfusá mundi gjöra Árnesingum *allt*, en Rangvellingum og Vesturskaptfellingum næstum því *hálft* það gagn, er búast mætti við af brúm yfir báðar árnar. Það væri því meir en lítið unnið við það, að þeir fengju, þótt ekki væri fyrst um sinn nema brú yfir Ölfusá. Ef Ölfusá væri fyrst brúuð, þá mætti nota yfirsmiðinn við þá brúargjörð til þess að athuga nákvæmar brúarstæði á Þjórsá, og það án nokkurs sjerstaks kostnaðar. En að fá upp hingað mann frá Vesturheimi einungis til þess að athuga brúarstæði á Þjórsá, væri kostnaðarsamt, ef engin önnur not yrðu höfð af honum jafnframt. Auk þess mælir það með því, að taka ekki fyrst fyrir nema aðra brúna, að vjer höfum enga reynslu í þeim efnum, enda virðist einnig nóg með tilliti til kostnaðarins að taka fyrir aðra brúna í einu.

Að því er annars kostnaðinn við brúargjörðina snertir, þá er auðsætt, að það er ofætlun að ætlast til þess, að þær sýslur einar, er næstar liggja ánum, beri hann, ekki sízt ef Gullbringusýsla og Reykjavíkurbær, eins og meiri hluti nefndarinnar gefur í skyn, geta neitað að taka þátt í honum, og það væri heldur ekki sanngjarnt, að nokkrar einstakar sveitir kostuðu algjörlega fyrirtæki, sem hefur svo almenna þýðing, einkum þar sem þær sveitir eiga í hlut, er engin bein not hafa af strandsiglingunum. Ef því nú verður ekki neitað, að tími sje til kominn að gjöra eitthvað til þess að minnka þann mikla kostnað og þá miklu erfiðleika, sem Þjórsá og Ölfusá valda mönnum, er yfir þær verða að sækja, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að hið eina ráð til þess sje, að verða við margítrekuðum bænum bænda í hlutaðeigandi sveitum, að leggja fje úr landssjóði til þess að brúa að minnsta kosti þá ána, sem enn meira gagn er í að brúa, en það er Ölfusá.

Að því er viðhaldskostnað brúarinnar snertir, þá hef jeg ekki móti því, sem mínir háttvirtu meðnefndarmenn segja, að það sje varúðarvert, að leggja slíkan kostnað á einstaka sýslu eða bæ að sýslunefndinni eða bæjarstjórninni fornspurðri. Það virðist og engin þörf á, að kveða nú þegar á um, hvaðan kostnaðurinn til viðhalds brúnni skuli tekinn. Slíkt má gjöra síðar. Jeg álít því rjettast að sleppa 3. gr. frumvarpsins.

Af þessum ástæðum leyfi jeg mjer að leggja það til, að hin háttvirta deild samþykki 1. og 2. grein frumvarpsins óbreyttar, en felli burt 3. grein þess.

Magnús Andrjesson.

210.

Frumvarp

til laga um breyting á 7. gr. laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877. frá 1. þm. Kjósar- og Gullbringusýslu.

Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu hefir að launum 3500 kr. árlega frá 1. degi janúarmánaðar 1884.

211.

Uppástunga til Þingsályktunar.

(eins og hún var samþykkt við eina umræðu í neðri deild).

Alþingi skorar á ráðherra Islands að hlutast til um, að greiddar verði búi

Dr. Jóns sál. Hjaltalíns þær 750 kr., sem enn eru ógreiddar af þeim 1000 kr., sem honum voru veittar í viðurkenningsarskyni í fjárlögunum 1882 og 1883 15. gr. í eitt skipti fyrir öll.

212.

Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um laun íslenzkra embættismanna dags. 15. októb. 1875.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Biskupi skal veita í árslaun 6000 kr.

2. gr. Amtmönnum, hvorum fyrir sig, skal veita í árslaun 4500 kr.

3. gr. Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árslaun 5000 kr.

Öðrum dómendum í landsyfirrjettinum skal veita í árslaun, hvorum fyrir sig, 3500 kr.

4. gr. Landfógetanum skal veita í árslaun 3500 kr.

5. gr. Forstöðumanni prestaskólans skal veita í árslaun 4000 kr.

6. gr. Forstöðumannni hins lærða skóla skal veita í árslaun 3600 kr. og leigulausan bústað í skólahúsinu.

7. gr. Embættismenn þeir, er fengið hafa veitingu fyrir embættum þessum áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einkis í missa við þau, meðan þeir sitja í sama embætti.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1884.

213.

Lagafrumvarp

til breytingar á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Landlæknirinn, sem jafnframt er forstöðumaður læknaskólans, skal hafa í árslaun 4000 kr.

2. gr. Hinn fasti kennari við læknaskólann hefur í árslaun 2400 kr.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi að því er landlæknirinn snertir, þá er embættið verður laust næsta sinn, en að öðru leyti 1. janúar 1884.

214.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

að í 1. gr. í staðinn fyrir orðið «sprautur» komi: «slökkvivjel».

Th. Thorsteinson. Þórður Magnússon. Magnús Andrjesson.
H. Kr. Friðriksson. Grímur Thomsen. E. Kúld.

215.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum frá 15. marts 1861 um vegabótagjald.

að í stað orðanna: «með gufuskipsferðum» komi: «með gufubátsferðum innanhjeraðs».

Þórður Magnússon. Th. Thorsteinson. Magnús Andrjesson.
H. Kr. Friðriksson. E. Kúld. Grímur Thomsen.

216.

Breytingar- og viðaukatillögur

við frv. til. l. um stofnun lausasafnaða.

(frá nefndinni).

1. Við 1. gr. stafl. a: Eptir orðin: «til neins annars» bætist við; «nema þeir vilji neyta heimildar þeirrar, sem veitt er í 4. gr.»
2. Á eptir 3. gr. frv. komi nýjar greinir svo hljóðandi:
   «4. gr. Heimilt er lausasöfnuðum og prestum þeirra að nota guðshús þjóðkirkjunnar til guðsþjónustu og annara kirkulegra athafna á þeim tímum, þá er fastaprestur eða fastasöfnuður þarf hennar eigi við. Semji lausapresti og fastapresti eigi um afnotatímann, setur hlutaðeigandi prófastur reglur fyrir afnotunum. Eigi prófastur í hlut, sker biskup úr».
3. «5. gr. Gjalda skulu meðlimir lausasafnaðar lögboðin gjöld til sóknarkirkjunnar, en fasta-presti sóknarkirkjunnar gjaldi þeir þau ein gjöld, er talin eru fastar tekjur í 5. gr. tilsk. 6. janúar 1847».
4. 4. gr. frv. verði 6. gr.

217.

Breytingartillögur

við lagafrumvarp um toll á brennivíni o. s. frv.

(Frá 2. þingmanni Húnvetninga).

1. Í stað 1. greinar komi ný grein svo hljóðandi:
   Í viðbót við toll þann, er nú hvílir á áfengum drykkjum, er fluttir eru til landsins, skal til ársloka 1885, gjalda $^1/_{10}$ hluta af tjeðum tolli.
2. Ný grein bætist við svo hljóðandi:
   Í viðbót við toll þann, er nú hvílir á vindlum og tóbaki, er flutt er til landsins, skal til ársloka 1885 gjalda $^2/_5$ hluta af tjeðum tolli.
3. 2.—12. grein frumvarpsins falli burt.
4. Í stað orðanna í 13. grein: »Frá sama—numin«, komi: »Á fjárhagstímabilinu 1884—1885 skal eigi heimta skatt á lausafje eptir lögum 14. des. 1877«.
5. Í stað orðanna: »toll á«, í fyrirsögn frumvarpsins, komi: »viðbót við toll á tóbaki«, og í stað orðanna: »afnám—lausafje«, komi: »að heimta eigi skatt af lausafje árin 1884 og 1885.

218.

Frumvarp

til laga um horfelli á skepnum.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hvetja hreppsbúa sína til, að hafa viðunanlegt húsrúm og nægilegt fóður handa fjenaði þeim, sem þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla.

2. gr. Ef maður lætur fjenað þann, sem hann hefur undir hendi verða horaðan eða horfalla fyrir illa hirðing eða fóðurskort, en meðferð þessi verður þó eigi heimfærð

undir 299. gr. hinna almennu hegningarlaga, þá varðar það sektum til sveitarsjóðs, allt að 20 kr., og skal með slík mál fara sem opinber lögreglumál.

3. gr. Sýslumaður skal á manntalsþingi ár hvert brýna fyrir mönnum að hegða sjer eptir lögum þessum og grennslast eptir, hvort eigi hafi verið framið brot gegn þeim.

219.

Viðaukatillaga

við frumv. til laga um horfelli á skepnum.

(Frá 1. og 2. þingm. Rangæinga og 2. þingm. Þingeyinga).

Við 1. gr. Á eptir orðunum: »hreppsnefndum að« bætist inn í: »hafa eptirlit með og«.

220.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um atkvæðisrjett safnaðanna til að losa sig við óhæfa presta.

Eptir að nefndin hefir rætt þetta mál og reynt að skýra það vandlega fyrir sjer, hefir hún komizt til þeirrar niðurstöðu, að ráða hinni h. e. d. til að fallast á frumv. með eptirfylgjandi breytingum.

1. að 1. gr. orðist þannig:

   «Þá er fjórði hver maður, eða fleiri, í einu prestakalli, er gjalda til prests og kirkju, gefa prófasti sínum til kynna, að þeir álíti sig hafa óhæfan prest og vilji losast við hann, ber prófasti tafarlaust að boða til almenns fundar í því prestakalli með nægum fyrirvara á þeim stað og tíma, er hann álítur henta, til þess að reyna málamiðlun milli prestsins og safnaðarins; en komi það fyrir ekki, ber prófastur málið undir atkvæði fundarmanna».

2. Við 2. gr. að orðið «allir» falli burt.

3. Við síðari hluta 5. gr. í staðinn fyrir orðin: «allra atkvæðabærra manna í prestakallinu» komi: «þeirra, er atkvæði hafa greitt».

   Við niðurlag sömu gr. bætist: «nema biskup synji um að taka atkvæði safnaðarmanna til greina».

4. 7. gr. orðist þannig:

   «Ekki hefir prestur misst prestlegan verðleika þótt hann hafi misst rjett til prestakalls eptir 5. gr. laga þessara.»

Sighvatur Árnason, framsögumaður. B. Kristjánsson, skrifari. Skúli Þorvarðarson.

221.

Frumvarp

til laga um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Á Ísafirði skal stofna slökkvilið.

2. gr. Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvivjelar og önnur slökkvi-

tól, eptir boði bæjarfógetans, eður yfirboðara þess, sem af bæjarstjórninni verður settur yfir slökkviliðið.

Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til þess að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans. Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki amtmanns reglugjörð fyrir slökkviliðið.

222.

Frumvarp

til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

Opið brjef 22. marz 1855, um selaskot á Breiðafirði er hjer með úr lögum numið.

223.

Frumvarp

til laga um stofnun landsbanka á Íslandi.

(Samþykkt við 2. umræðu í efri deild alþingis).

1. gr. Stjórnin gengst fyrir því, að í Reykjavík verði stofnaður banki, er sje seðlabanki, lánbanki og geymslubanki.

2. gr. Til stofnunar bankans skal verja 500,000 krónum af viðlagasjóði landsins. Stofnfje þetta má afhenda bankanum að helmingi í konunglegum skuldabrjefum, en að öðrum helmingi í veðskuldabrjefum einstakra hjerlendra manna eður stofnana.

3. gr. Stofnfje bankans má auka með samlagshlutum einstakra manna. Ákvæðisverð hvers einstaks hlutabrjefs skal vera minnst 100 krónur.

4. gr. Bankinn má gefa út seðla, er nema jafnmiklu sem stofnfje hans. Seðlar bankans skulu gilda 5, 10 og 50 krónur.

5. gr. Bankinn skal jafnan hafa svo mikið fje fyrirliggjandi í slegnum gullpeningum og silfurpeningum, er svarar tveim fimmtu hlutum af verði seðla þeirra, sem eru í veltu manna í milli, til að leysa til sín seðla, þá er eigendur seðlanna óska.

6. gr. Seðlar bankans skulu teknir með fullu ákvæðisverði sem gildur greiðslueyrir í öll lögboðin gjöld.

7. gr. Bankinn lánar út fje gegn nægu og tryggu veði.

8. gr. Stjórn bankans hefur heimild til að semja svo við lántakendur, að þeir í veðskuldabrjefum sínum til bankans gangist undir, að stjórn bankans megi láta fógeta taka veðið lögtaki og selja það við opinbert uppboð, án þess sáttatilraun, lögsókn eða dómur fari fram á undan, ef þeir halda eigi samninga sína við bankann. En rjett hefur skuldunautur til að búa til mál á hendur bankanum til skaðabóta.

9. gr. Bankinn tekur fje til að geyma og ávaxta um ákveðinn tíma eða með ákveðnum uppsagnarfresti.

10. gr. Bankinn skal skyldur að gefa út á prent greinilegt yfirlit yfir efnahag sinn þriðja hvern mánuð, eður fjórum sinnum á ári. Yfirlitið skal prenta í stjórnartíðindunum.

11. gr. Landshöfðinginn semur reglugjörð fyrir bankann. Í reglugjörð þessari skal skipað fyrir um stjórn bankans og endurskoðun reikninga hans, um atkvæðisrjett hlut-

eiganda, um veðmæta virðing fasteigna, um tiltölu lána gegn fasteignarveði og annara lána o. s. frv.

12. gr. Til þess að koma bankanum á stofn, má verja allt að 15,000 kr. úr landssjóði. Fje þetta veitist bankanum sem lán, og skal endurgjalda það ár hvert með 1000 kr. og 4% leigu. Landshöfðingi sjer um útvegur alls þess, er við þarf, til þess að bankinn geti tekið sem fyrst til starfa.

224.

Breytingartillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

(Frá 1. þingm. Rangæinga).

Við 5. gr. Í staðinn fyrir «2200» komi: «2400».

Við sömu gr. Á eptir ártalinu «1883» bætist inn í: «til prestsins að Stóruvöllum síra Guðmundar Jónssonar fyrir seinasta þjónustuár hans 200 kr».

225.

Frumvarp

til laga um breyting á lögum frá 15. marz 1861 um vegabótagjald.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

Sýslunefndinni í Ísafjarðarsýslu skal heimilt, að verja allt að helmingi af vegabótagjaldi sýslunnar, til að greiða samgöngur á sjó með gufubátsferðum innan hjeraðs.

226.

Breytingaratkvæði.

við lagafrumvarp, til breytingar á 2. og 3. gr. laga 11. febrúar 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík

(frá þingmanni Austur-Skaptfellinga).

3. gr. orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884.

227.

Tillaga

til þingsályktunar um harðærismálið

(Eins og hún var samþykkt við fyrri umræðu í neðri deild).

1. 1. og 2. liður. Þingdeildin skorar á landshöfðingja að hann skipi svo fyrir um útbýtingu gjafakorns þess, sem til verður í haust:
   a. að helmingi þess verði útbýtt í haust, að eins til hinna nauðstöddustu hjeraða landsins.
   b. að hinum helmingnum verði útbýtt á útmánuðum næsta vetur, að fengnum nákvæmum skýrslum um bjargræðishagi manna í hinum bágstaddari hjeruðum landsins.

2. Að því, sem óeytt verður af gjafafjenu næstk. vor, verði varið til að kaupa lífsbjargargripi handa hinum allra bágstöddustu sveitabúendum, hvar á landi sem eru.
3. Þingdeildin skorar á ráðgjafa Íslands, að hann verji 100,000 kr. af innritunarskírteinum viðlagasjóðsins í peninga, og veiti landshöfðingja heimild til að lána þá út með venjulegum kjörum og nægum tryggingum.

228.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

(Frá nefndinni og 1. þingm. Gullbringu- og Kjósarsýslu).

Á eptir 1. gr. komi ný grein, sem þá verður 2. gr. og orðist þannig: «Eptirlaun embættismanna skulu talin eptir þjónustualdri þeirra þannig, að þá er laun þeirra eru 3000 kr. eða minni, skulu eptirlaunin vera 20 kr. fyrir hvert þjónustuár. Sjeu launin 5000 kr. eða minni, en þó yfir 3000 kr. skulu eptirlaunin fyrir ár hvert, er embættismaðurinn hefur þjónað, vera 40 kr., enda hafi hann að minnsta kosti um 5 ár þjónað embætti með hærri launum en 3000 kr., annars sjeu eptirlaunin 20 kr. fyrir ár hvert. Sá embættismaður, sem um 5 ár hefur þjónað embætti með hærri launum en 5000 kr., fær í eptirlaun 50 kr. fyrir hvert þjónustu ár, að öðrum kosti sjeu eptirlaunin talin 40 kr. fyrir þjónustuár hvert. Embættismaður sjötugur að aldri hefur rjett til að fá lausn frá embætti með eptirlaunum eptir lögum þessum.

Nú missir embættismaður, sem staðið hefur vel í stöðu sinni, svo heilsu áður en hann hefur gegnt embætti í 20 ár, að hann verður að sleppa embætti, og fær hann þá viðbót við eptirlaun sín með sjerstökum lögum.

Talan á eptirfylgjandi greinum frumvarpsins breytist samkvæmt þessu.

229.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða.

(Frá meiri hluta nefndarinnar).

Við 2. gr. I staðinn fyrir: «Skeiðarársandur» á tveim stöðum í greininni komi: «Núpsvötn».

230.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum frá 15. marz 1861 um vegabótagjald.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um breyting á tilskipun 15. marz 1861 um vegina á Islandi.

Magnús Stephensen.

231.

Tillaga til þingsályktunar.

Neðri deild alþingis ályktar, að setja nefnd til að íhuga skipulag hins lærða skóla í Reykjavík.

B. Sveinsson. Tryggvi Gunnarsson.

232.

Frumvarp

til laga um heimild til að taka útl. skip á leigu til fiskiveiða.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

Heimilt skal íslenzkum mönnum heimilisföstum á Islandi og innlendum hlutafjelögum að taka útlend skip á leigu til fiskveiða hjer við land.

233.

Frumvarp

til laga um afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

Konungsúrskurður 20. jan. 1841 um ferðastyrk af almannafje til háskólans í Kaupmannahöfn handa íslenzkum stúdentum er úr lögum numinn.

234.

Frumvarp

til laga um horfelli á skepnum.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

1. gr. Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hafa eptirlit með og hvetja hreppsbúa sína til, að hafa viðunanlegt húsrúm og nægilegt fóður handa fjenaði þeim, sem þeir setja á vetur og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla.

2. gr. Ef maður lætur fjenað þann, sem hann hefur undir hendi verða horaðan eða horfalla fyrir illa hirðing eða fóðurskort, en meðferð þessi verður þó eigi heimfærð undir 299. gr. hinna almennu hegningalaga, þá varðar það sektum til sveitarsjóðs, allt að 20 kr., og skal með slík mál fara sem opinber lögreglumál.

3. gr. Sýslumaður skal á manntalsþingi ár hvert brýna fyrir mönnum að hegða sjer eptir lögum þessum og grennslast eptir, hvort eigi hafi verið framið brot gegn þeim.

235.

Frumvarp

til laga um útflutningstoll af hrossum.

(Frá þingmönnum Árnesinga og 2. þingmanni Kjósar og Gullbringusýslu).

1. gr. Af sjerhverju hrossi, sem flutt er burt af Íslandi skal gjalda 4 kr. í útflutningstoll.

2. gr Áður en skip það, er tekur hross til útflutnings á einhverjum stað, leysir úr höfn, skal skipstjórinn afhenda lögreglustjóranum í því lögsagnarumdæmi, er skipið leggur frá, eða umboðsmanni hans, samrit af farmskrám þeim eða öðrum hleðsluskjölum, er skipinu fylgja; skal skipstjóri leggja það undir þegnskap sinn, að farmskrár þessar sjeu rjettar. Síðan skal greiða lögreglustjóranum eða umboðsmanni hans tollinn, annaðhvort í peningum, eða með víxlum á verzlunarhús það í Kaupmannahöfn, er gjaldheimtumaður tekur gilt. Ekki má skipið leggja úr lægi fyrri en tollurinn er greiddur.

3. gr. Nú hefur lögreglustjóri eða umboðsmaður hans grun um að rangt sje til sagt um tölu hrossa þeirra, er út í skip eru flutt, og skal hann þá rannsaka skipið áður en það

er afgreitt, eða þá útvega sjer nauðsynlegar skýrslur með því að halda próf yfir skipshöfninni eða öðrum þeim mönnum, er skýringar geta gefið. Kostnað af þessu skal skipstjórnarmaður greiða, ef það sannast, að skýrsla hans hafi verið röng, en landssjóður ella.

4. gr. Brot gegn lögum þessum varða 50—500 kr. sektum, nema þyngri hegning liggi við eptir öðrum lögum; þar að auki skal sá útflutningsmaður eða skipstjóri, er uppvís verður að því að hafa sagt rangt til, greiða þrefaldan útflutningstoll af hverju tollskyldu hrossi. Sektirnar renna í landssjóð.

5. gr. Skip og farmur er að veði fyrir tollinum og sektunum.

6. gr. Með mál, er rís út af brotum gegn lögum þessum, skal farið samkvæmt reglum þeim, er gilda um almenn lögreglumál.

7. gr. Fyrir tollheimtunni skal gjöra árlegan reikning eptir reglum þeim, er landshöfðingi setur. Af öllum tollinum samantöldum fær gjaldheimtumaður 2 af 100.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1884.

236.

Frumvarp

til laga um stofnun lausasafnaða innan þjóðkirkjunnar.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Ef 20 húsfeður eða fleiri, hvort sem karlar eru eða konur, er heimilisfólk hafa, óska að kjósa sjer prest og stofna söfnuð út af fyrir sig, leyfir kirkjustjórnin það með þeim skilyrðum, sem hjer segir:

a. að þeir sanni fyrir biskupi landsins, að þeir hafi byggt sjer, eða hafi heimild fyrir kirkju, sem er útbúin með allt, sem nauðsynlegt er til algengrar guðsþjónustu, og ekki er viðhöfð til neins annars, nema þeir vilji neyta heimildar þeirrar, sem veitt í 4. gr.

b. að þeir hafi samið við einhvern af prestum þjóðkirkjunnar um að takast prestsþjónustuna á hendur, eða við kandidat í guðfræði, sem hefur fullnægt þeim skilyrðum, sem heimtuð eru til prestsembættis í þjóðkirkjunni, og að kosningin hafi verið staðfest af kirkjustjórninni. Sje kandidat kosinn, skal hann taka vígslu sem prestur þjóðkirkjunnar.

c. að söfnuðurinn sjálfur standist kostnað þann, sem leiðir af forsorgun prestsins og guðsþjónustunni.

Slíka presta mega menn og að kjörprestum hafa, eptir lögum um leysing á sóknarbandi.

2. gr. Lausasöfnuðir og prestar þeirra eru undir yfirumsjón hlutaðeigandi prófasts og biskups, og hlýða lögum þeim og tilskipunum, sem gilda í þjóðkirkjunni. Þó getur kirkjustjórnin gjört einstakar undantekningar um helgisiði og fleira, eptir sameiginlegri ósk prestsins og lausasafnaðarins.

3. gr. Nánari ákvarðanir um stöðu lausasafnaða og presta þeirra, svo sem um notkun kirkjugarða, færslu kirkjubókar o. fl., semur kirkjustjórnin.

4. gr. Heimilt er lausasöfnuðum og prestum þeirra að nota guðshús þjóðkirkjunnar til guðsþjónustu og annara kirkjulegra athafna á þeim tímum, þá er fastaprestur eða fastasöfnuður þarf hennar eigi við. Semji lausapresti og fastapresti eigi um afnotatímann, setur hlutaðeigandi prófastur reglur fyrir afnotunum. Eigi prófastur í hlut, sker biskup úr.

5. gr. Gjalda skulu meðlimir lausasafnaðar lögböðin gjöld til sóknarkirkjunnar, en fastapresti sóknarkirkjunnar gjaldi þeir þau ein gjöld, er talin eru fastar tekjur í 5. gr. tilsk. 6. janúar 1847.

6. gr. Nú fullnægir lausasöfnuður ekki einhverjum þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, og missir hann þá rjett sinn til að vera lausasöfnuður í þjóðkirkjunni.

237.

Lagafrumvarp

um viðbót við toll á tóbaki og að heimta eigi skatt af lausafje árin 1884 og 1885.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

1. gr. Í viðbót við toll þann, er nú hvílir á vindlum og tóbaki, er flutt er til landsins, skal til ársloka 1885 gjalda $^{2}/_{5}$ hluta af tjeðum tolli.

2. gr Lög þessi öðlast gildi 1. nóv. 1883. Á fjárhagstímabilinu 1884—1885 skal eigi heimta skatt á lausafje eptir lögum 14. desbr. 1877.

238.

Frumvarp

til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

1. gr. Amtmannaembættin og landritaraembættið skulu lögð niður og tveir skrifstofustjórar skipaðir undir landshöfðingja með 3000 kr. árslaunum og 1000 kr. í skrifstofufje fyrir hvorn um sig. Málum þeim, sem nú eru lögð undir amtmennina, skal skipt á milli landshöfðingja og formanna fjórðungsráðanna eptir þeim reglum, sem stjórnin ákveður.

2. gr. Í stað amtsráðanna komi fjórðungsráð. Takmörk fjórðunganna eru þessi: Sunnlendingafjórðungs: Núpsvötn og Hvítá í Borgarfirði; Vestfirðingafjórðungs: Hvítá að sunnan og Hrútafjarðará að norðan; Norðlendingafjórðungs: Hrútafjarðará og Jökulsá í Axarfirði; Austfirðingafjórðungs: Jökulsá að norðan og Núpsvötn að sunnan.

3. gr. Í fjórðungsráði hverju skal vera einn kjörinn maður úr hverju sýslufjelagi, kosinn af hverri sýslunefnd með meiri hluta atkvæða til 6 ára þannig, að meiri hluti fjórðungsráðsmanna gengur úr þriðja hvert ár ef á stöku stendur, annars helmingur. Auk þess á sæti sem formaður fjórðungsráðsins einn sýslumaður, er landshöfðinginn skipar; hann ákveður og fundarstað fjórðungsráðanna.

4. gr. Jafnaðarsjóðum norður- og austuramtsins skal skipt að tiltölu rjettri, eptir því, sem goldið hefur verið til þeirra hin síðustu 5 ár; einnig suðuramtsins, hvað Skaptafellssýslur snertir. Sama er og um aðra sameiginlega sjóði.

5. gr. Þær lagaákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

239.

Breytingartillaga

við lagafrumvarp um toll á tóbaki o. s. frv.

1. Ný grein bætist við, er verður 1. grein, svo hljóðandi:
«Í viðbót við toll þann, er nú hvílir á áfengum drykkjum, er fluttir eru til landsins, skal til ársloka 1885 gjalda $^{1}/_{10}$ hluta af tjeðum tolli».

Greinatalan breytist svo eptir atkvæðagreiðslunni um 1.
Eiríkur Briem. G. E. Briem. Tr. Gunnarsson. Þorlákur Guðmundsson.
Þórður Magnússon. Egilsson.

240.

Viðaukatillögur

við frumvarp til laga um stofnun landsskóla á Íslandi.

1. Eptir 3. grein komi ný grein, 4. grein, þannig orðuð: Laun kennendanna í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skulu vera hin sömu og nú eru, en laun formanns lögfræðisdeildarinnar 3600 krónur, og hins kennarans 2400 krónur.
2. 4. gr. verði 5. gr. og 5. gr. 6. gr.
3. Á eptir 6. gr. komi ný grein, 7. gr., þannig orðuð: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1886.

B. Sveinsson. Jakob Guðmundsson. Jón Ólafsson.
E. Kúld. Þórarinn Böðvarsson. Ólafur Pálsson. Egilsson.
Þorsteinn Jónsson. Þórður Magnússon.

241.

Frumvarp

til viðaukalaga við tilskipun 4. maí 1872, 29. gr., um aukakosning til sýslunefndar.
(Frá 1. þingmanni Rangæinga).

1. gr. Þegar sýslunefndarmaður deyr eða gengur á annan hátt alfarinn úr nefndinni áður en kosningatími hans er á enda, ber hreppstjóra í þeim hreppi að gefa sýslumanni það tafarlaust til kynna, sem þá skipar fyrir um aukakosning á nýjum sýslunefndarmanni, samkv. 30. gr. sbr. 5. gr. sveitarstjórnarlaganna.

2. gr. Þegar þannig er ástatt, sem segir í 1. gr., leggur sýslumaður fyrir hlutaðeigandi hreppstjóra að boða til kjörfundar í hreppnum, með venjulegum fyrirvara til að kjósa mann í sýslunefndina. Hreppstjórinn stýrir fundinum og stjórnar atkvæðagreiðslunni, og 2 menn aðrir, er hreppsnefndin velur þar til úr sínum flokki, og eru þeir allir kjörstjórar. Að öðru leyti fer um þessa aukakosningu sem lög mæla fyrir um hinar almennu kosningar til sýslunefnda.

Þegar kjörþinginu er lokið, sendir kjörstjórnin sýslumanni skýrslu um hvernig kosningin hefur fallið.

242.

Breytingartillögur

við »lagafrumvarp um viðbót við toll á tóbaki, og að heimta eigi skatt af lausafje árin 1884 og 1885«.
(Frá meiri hluta nefndarinnar).

1. I stað tjeðs frumvarps komi: »Lagafrumvarp um toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum og um afnám skatts á ábúð og lausafje«.
2. Með þeirri breyting á 1. gr.
   a) fyrir »40 aura« komi: »35 aura«.
   b) fyrir »60 aura« komi: »65 aura«.

243.

Breytingartillaga

við viðaukatillögur við frumvarp til laga um stofnun landsskóla á Íslandi.

(Frá meiri hluta nefndarinnar og 2. þingmanni Kjósar- og Gullbringusýslu).

Við 1. Í staðinn fyrir: «laun — krónur», komi: «til lagakennslu veitist á fjárhagstímabilinu 1884—85 3000 kr. ár hvert, alls 6000 kr.»

244.

Frumvarp

til laga um farmgjald skipa.

1. gr. Af öllum skipum, sem frá útlöndum koma og ætluð eru til að flytja vörur eða farþegja til landsins eða frá því, skal greiða 1 krónu af hverri smálest (Ton) í lestarúmi skipsins. Nú flytur skip póst, og skal þá dregið 1 smálestarrúm frá lestarúmi skipsins, nema sannað sje, að póstsendingar skipti meiru rúmi í skipinu, þá skal það rúm og frádraga.

2. gr. Gjald þetta skal skipstjóri greiða sýslumanni, bæjarfógeta eða umboðsmanni þeirra, þeim er rita skal á skjöl skipsins á höfn þeirri, er skipið kemur fyrst á. Komi skipið á fleiri hafnir í sömu ferð skal enga borgun greiða fyrir áteiknun skipaskjalanna, en bera skulu þau með sjer, að farmgjaldið hafi verið greitt. Gjaldið rennur í landssjóð að frádregnum 2 af hundraði til gjaldheimtumanns.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884 og frá sama tíma skulu úr lögum numin þau ákvæði í 62. gr. aukatekjureglugjörðar 10. sept. 1830, er til slíkra skipa náðu.

B. Sveinsson. Jón Ólafsson.

245.

Viðaukatillaga

við lagafrumvarp um breyting á nokkrum brauðum í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

(Frá þingmanni Austur-Skaptafellssýslu).

Ný gr. Sandfellsprestakall í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi bætist upp með 600 kr. úr landssjóði við næstu prestaskipti.

Ný gr. Þykkvabæjar og Langholts sóknir, er sameinaðar eru í eitt prestakall, skulu eins og áður var, vera, hvor út af fyrir sig, sjerstakt prestakall. Þykkvabæjarklausturs-prestakalli leggjast 100 kr., og Meðallandsþingum 300 kr. úr landssjóði.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.

246.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna o. s. frv. (eins og það var samþykkt við 2. umr. í n. d.).

(Frá nefndinni).

1. Við 2. gr. bætist: »Takmörk sýslufjelaganna Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu verða hin sömu, sem fjórðunganna».

2. Við 3. gr. Á eptir «Landshöfðingi skipar» komi: «einnig skipar hann varaformann, er mæti í forföllum formanns, eða þá er formanni er skilt það mál, er fjórðungsráð hefir til meðferðar».

247.

Viðaukatillaga

við viðaukatillögur við frumvarp um stofnun landsskóla á Íslandi.

Við tölulið 3. Aptan við: «Lög þessi — 1886» komi: «og eru prestaskólinn og læknaskólinn frá sama tíma afnumdir sem sjerskildar kennslustofnanir».

B. Sveinsson. Jakob Guðmundsson. Egilsson. F. S. Stefánsson.
Þórarinn Böðvarsson. Olafur Pálsson.

248.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um viðbót við toll á tóbaki o. s. frv.

Í fyrirsögninni bætist við á eptir «tóbaki» orðin: «og brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, sem og um» en «og» á eptir tóbaki falli úr.

Eiríkur Briem. Þorlákur Guðmundsson. Þórður Magnússon. Þorkell Bjarnason.
Egilsson. Jakob Guðmundsson.

249.

Lagafrumvarp

um breyting á nokkrum brauðum í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild.)

1. gr. Akureyrarbrauð skal vera Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir. Í Lögmannshlíð er þriðjungakirkja. Til brauðs þessa liggur prestskyld öll frá Munkaþverárkirkju og 300 kr.

2. gr. Grundarbrauð tekur yfir Grundar, Munkaþverár og Kaupangs sóknir. Til Grundarsóknar liggja 11 fremstu bæirnir úr Akureyrarsókn. Frá brauði þessu greiðast 50 kr.

3. gr. Saurbæjarbrauð nær yfir Saurbæjar, Möðruvalla, Hóla og Miklagarðs sóknir. Frá brauði þessu greiðast 250 kr.

4 gr. Möðruvallaklaustursbrauð skal að eins vera Möðruvalla og Glæsibæjar sóknir. Frá brauði þessu greiðast 200 kr.

250.

Lagafrumvarp

til breytingar á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Landlæknirinn, sem jafnframt er forstöðumaður læknaskólans skal hafa í árslaun 4000 kr.

2. gr. Hinn fasti kennari við læknaskólann hefur í árslaun 2400 kr.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884.

251.

Frumvarp

til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða.
(Samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Hver maður, sem á jörð og nýtir eigi sjálfur, skal selja hana öðrum á leigu. Nú fær hann eigi byggt jörð sína fyrir sumardag hinn fyrsta, og skal hann innan hálfs mánaðar láta bjóða hana upp til ábúðar eður afnota fardagaár það, sem í hönd fer. Vilji þá enginn taka jörðina til leigu fyrir neitt eptirgjald, skal landeigandi banna nágrönnum öll afnot hennar, og verða þau þeim þá óheimil. Nú lætur hann eigi bjóða upp jörðina sem fyr segir, og skal hann sjálfur greiða öll lögboðin gjöld, er á jörð hvíla; en láti hann bjóða jörð sína upp til afnota, þarf hann eigi að halda uppi lögskilum fyrir jörðina það ár, ef hún verður honum arðlaus.

Hjáleigu má leggja niður og undir heimajörðina eða til annarar hjáleigu hennar.

2. gr. Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það brjef gjöra, og er það byggingarbrjef fyrir jörðunni. Í byggingarbrjefi skal skýrt taka fram, hve langur ábúðartími sje; en sje það eigi gjört, skal svo álíta, sem jörð sje byggð æfilangt, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið umsamið. Ekkja heldur ábúðarrjetti manns síns; en giptist hún aptur, missir hún hann.

3. gr. Í byggingarbrjefi skal greina landamerki jarða og geta þeirra ítaka, er hún á í annara manna lönd; svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur liggja á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbrjefinu, hverja landskuld greiða skal eptir jörðina, og í hverjum aurum. Í því skal og ákveða, hver innstæðukúgildi fylgja jörðu og hvílík, svo og hverja leigu skuli greiða af þeim. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal svo álíta, sem jörð hafi verið byggð með leigumála þeim, er leiguliði kannast við að áskilinn hafi verið, nema landsdrottinn sanni, að annar hafi verið.

4. gr. Gjöra skal tvö samhljóða frumrit af byggingarbrjefi hverju, og rita landsdrottinn og leiguliði nöfn sín undir þau ásamt 2 vottum. Hefur landsdrottinn annað brjefið en leiguliði hitt.

5. gr. Ef landsdrottinn byggir tveimur mönnum sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyr tók; en landsdrottinn fái hinum jafngott jarðnæði sem hitt var, ella bæti honum allan þann skaða, er hann bíður af því að hann komst ekki að jörðu, hvorttveggja eptir mati óvilhallra manna.

6. gr. Fylgja skulu jörðu nauðsynleg hús, þau er henni hafa áður fylgt. Um stærð og tölu húsa, fer eptir jarðarmagni og því, sem venja er í hverri sveit, eptir mati úttektarmanna; en jafnan skal afhenda leiguliða hús í gildu og góðu standi eða með fullu álagi.

7. gr. Þá er leiguliðaskipti verða á jörðu má viðtakandi taka til voryrkju, þá er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru þá, er sex vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, nje umboðsmaður hans, þá hefur hann fyrirgjört ábúðarrjetti sínum og lúki landsdrottni eins árs landskuld og leigur, sem áskilið var; en landsdrottinn má nýta sjer jörð, sem hann vill, eða byggja hana öðrum.

8. gr. Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörðu hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. Heimil skal honum húsavist með viðtak-

anda, og þar má hann hafa fjenað sinn til síðasta fardags, en hvorki má hann beita tún nje engjar.

Rjett er að fráfarandi skilji eptir, þar sem viðtakanda eigi er mein að, það af búslóð sinni, er hann eigi má burt flytja þegar; en það skal hann hafa burt flutt fyrir næstu veturnætur. Sjeu búsmunir eigi fluttir burt að veturnóttum, skal búandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá, sem fje í vanhirðingu.

9. gr. Eigi má fráfarandi af jörðu flytja hey, áburð, eldsneyti nje byggingarefni, sem sú jörð gaf af sjer. Ef fráfarandi á fyrningar heys, eldsneytis eður byggingarefnis, þá skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni, ef hann eða umboðsmaður hans er viðstaddur, kaup á því eptir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sjer eða selja öðrum, en burt skal hann hafa flutt það af jörðu fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji.

10. gr. Nú á fráfarandi hús á jörðu, og skal hann bjóða landsdrottni þau til kaups. Ef húsin eru að áliti úttektarmanna nauðsynleg á jörðu eptir 6. gr., er landsdrottinn skyldur að kaupa þau því verði, er úttektarmenn meta. Ef jörð þarf eigi húsanna, og landsdrottinn vill ekki kaupa, skal fráfarandi bjóða þau viðtakanda, og vilji hann heldur ekki kaupa þau með sama verði, þá er fráfaranda rjett að taka þau ofan og flytja af jörðu, eða selja þau hverjum er hann vill til burtflutnings. Skal hús rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu, ef leiguliði vill gjöra hús þar, er hin voru, en flytja burt viði og húsaefni fyrir veturnætur. Hús skal rjúfa svo, að viðtakanda sje sem minnst mein að.

Hafi fráfarandi gjört jarðarhús stærra en var, og úttektarmenn hyggja það betra en hitt og jörðin þurfi þess, enda sje húsið stæðilegt að öllu, þá er landsdrottinn skyldur að kaupa af fráfaranda húsaukann við því verði, er úttektarmenn meta hann. Ef húsauki er eigi álitinn nauðsynlegur, skulu úttektarmenn skera úr, hversu með skal fara.

11. gr. Flutt skal fráfarandi hafa áburð allan á tún, áður en hann fer frá jörðu, og skal hann hafa gjört það í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús, sem á jörðu eru, heygarða og heytóptir. Vanræki fráfarandi þetta, þá bæti hann viðtakanda það, sem úttektarmenn meta. Ekki má fráfarandi vinna meira á jörðu það vor, er hann flytur sig frá henni, en til búþarfa, og eigi svo, að viðtakanda sje mein að. Ef hann vinnur meira, en nú var mælt, eignast viðtakandi það. Nú fylgir eggver jörðu, og á viðtakandi öll afnot þess það vor, er hann flytur sig að jörðu. Fylgi reki leigulandi, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

12. gr. Ábúandi skal hafa öll leiguliðanot af jörðu sinni, nema öðruvísi sje um samið; en það eru leiguliðanot, að hann hafi til notkunar fyrir sjálfan sig hús og mannvirki, innstæðukúgildi og allt, sem því leigulandi fylgir.

Nú er leiguliðarjettur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir eigi, á landsdrottinn sókn þess máls, enda skal leiguliði gjöra landsdrottni aðvart, er leiguliðarjettur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir það mál eða ekki.

13. gr. Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, nje húsmenn taka, nema landsdrottinn leyfi. Eigi má hann heldur án leyfis landsdrottins ljá öðrum nokkuð af hlunnindum þeim og landsnytjum, er leigulandi hans fylgja, nema það sje í umskiptum fyrir önnur hlunnindi og landsnytjar, er leigujörð hans þarf. Hann má og eigi selja áburð af jörðu, þann er henni megi að notum verða, nje farga honum á annan hátt. Eigi má hann heldur láta burtu hey, sem hann hefur aflað af jörðunni, nema því að eins að hann fái aptur jafngildi í heyi eða beit, eða að hann í harðindum hafi látið heyið gegn

öðru endurgjaldi eptir áskorun hreppsnefndar. Ef móti þessu er brotið, varðar það útbyggingu, enda bæti hann landsdrottni skemmdir á jörðu.

14. gr. Ef reki fylgir jörðu, og er hann undanskilinn leiguliðanotum, þá skal leiguliði hirða við þann, er rekur, fyrir landsdrottinn, og marka viðarmarki hans. Skal hann gjöra þetta sem sjálfur hann ætti, og draga við úr flæðarmáli, svo eigi taki út aptur. Leiguliði skal eiga af fjöru þeirri álnarlöng kefli og þaðan af smærri, ef eigi er öðruvísi um samið, eða að fornu hefur viðgengizt á þeim reka. Nú rekur hval, og skal leiguliði festa hann þeim festum og að öllu bjarga sem lög ákveða. Gjöra skal hann og þegar landsdrottni orð eða umboðsmanni hans. Rjett er leiguliða að skera þegar hval, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða.

15. gr. Skyldur er maður að halda uppi húsum þeim öllum, er þá voru, er hann kom til jarðar og jörðu fylgja, og ábyrgjast fyrning þeirra, svo skal hann og við halda öðrum nytsömum mannvirkjum, sem jörðu fylgja, svo sem túngörðum, vörzlugörðum, matjurtagörðum, fjenaðarrjettum, heygörðum, stíflugörðum og hverju öðru, og endurbæta það á ári hverju, svo að nýtilegt sje, og byggja upp af nýju, ef fallið hefur. Ábyrgjast skal leiguliði innstæðukúgildi jarðar sinnar, að ávallt sjeu til og leigufær. Nú flytur leiguliði sig frá jörðu, eða deyr, og ekkja hans bregður búi, og skal hann eða bú hans skila öllu, er jörðu fylgir, fullgildu, eða með fullu álagi.

16. gr. Ef skriða fellur á hús leigujarðar eða þau verða á annan hátt fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði eða jarðskjálfta, eða þau farast fyrir eldsvoða, sem leiguliða verður eigi sök á gefin, þá skulu landsdrottinn og leiguliði, ef eigi er öðruvísi um samið, gjöra hús aptur í sameiningu. Landsdrottinn leggi við til húsagjörðar og smíðar, en leiguliði veggi alla og þök. Þó skal leiguliði greiða landsdrottni álag á hús þau, er fórust, ef þau voru eigi fullgild eptir áliti úttektarmanna.

17. gr. Ef land jarðar spillist af vatnságangi, skriðum, sandfoki, eða öðru því, er leiguliða verður eigi sök á gefin, þá gjöri hann landsdrottni orð, eða umboðsmanni hans, og er leiguliða heimilt að krefjast skoðunar á skemmdunum. Nú má skemmdir bæta á einu ári, og bætir landsdrottinn og leiguliði þar að helmingi hvor, þó svo að leiguliði kosti eigi meiru til en jafngildi hálfri landskuld hans. Verði jörð fyrir meiri skemmdum, eða þeim skemmdum, að hún rýrni til langframa, skal meta, hve miklum hluta landskuldar það nemi ár hvert um ákveðinn tíma, og á þá leiguliði heimting á, að landskuld sje sett niður um helming þess, er skemmdir eru metnar til ár hvert.

18. gr. Leiguliði skal ár hvert flytja út á tún og í garða allan þann áburð, er fellur til á leigugjörð hans og vinna upp tún og engi, svo að hún sje í fullri rækt. Svo skal hann og nota hlunnindi hennar á þann hátt, að sem minnst spjöll verði að. Bregði hann af þessu lengur en eitt ár í senn, missir hann áburðarrjett sinn.

19. gr. Nú eru kveðnar jarðabætur á leiguliða, og greinir byggingarbrjef, hverjar sjeu og hve miklar ár hvert, en leiguliði vinnur eigi slíkar, sem tilskilið var, eitt ár í senn, og á landsdrottinn heimting á endurgjaldi fyrir þær eptir óvilhallra manna mati, ef leiguliði vinnur þær eigi þegar. Vinni leiguliði eigi jarðabætur, sem til var skilið, fleiri ár en eitt í senn, missir hann og áburðarrjett sinn.

20. gr. Nú vill leiguliði gjöra jarðabót sem eigi verður talin að eins til þess, að jörðin sje í góðri rækt og yfirhöfuð vel setin, enda sje hún eigi ákveðin í byggingarbrjefi hans, þá skal hann leita um það samkomulags við landsdrottinn, en nái hann eigi samkomulagi við hann, þá er rjett, að hann fái óvilhalla menn á sinn kostnað til að

meta, hvort þeir ætla varanleg not muni verða að jarðabótinni og tilvinnandi að gjöra hana, og skulu þeir jafnframt gjöra nákvæma áætlun um kostnaðinn við jarðabótina og hversu mikið eptirgjald eptir jörðina megi hækka fyrir hana til frambúðar. Landsdrottni skal bjóða, að vera við mat þetta. Leiguliði skal þá bjóða, að landsdrottinn láti gjöra jarðabótina og borga jafnframt hálfan kostnaðinn við matið, en að leiguliði skuli svo halda henni við og greiða þá hækkun á eptirgjaldinu, sem metin var. Vilji landsdrottinn það eigi, þá er rjett að leiguliði gjöri jarðabótina á sinn kostnað. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni, skal þá meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eptirgjaldi fyrir jarðabótina og hvern kostnað hafi þurft til að gjöra hana, enda sje hún í góðu standi eða fullt álag gjört á hana. Hafi þá fráfarandi eigi haft jarðabótarinnar öll not í 16 ár, frá því er hún var gjörð, skal landsdrottinn endurgjalda honum fyrir hana svo mikið, sem metið er að landskuld jarðarinnar megi hækka samtals þau ár, er til vanta.

21. gr. Nú vill landsdrottinn gjöra jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða, en nái hann því eigi, þá er rjett, að hann láti gjöra jarðabótina eigi að síður, en bæti honum fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans, og er jarðabótinni er lokið, þá getur hann látið óvilhalla menn skoða hana og meta, hversu mikið jörðin megi hækka að eptirgjaldi fyrir jarðabótina; jarðabótina getur hann því næst afhent leiguliða og ber honum upp frá því að halda henni vel við, og svara henni ásamt jörðunni í góðu standi eða með fullu álagi; enn fremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eptirgjaldinu, sem metin var fyrir jarðabótina.

22. gr. Ef leiguliði situr illa leigujörð sína, svo að tún og engi fara í órækt, eða hún á annan hátt bíður varanlegar skemmdir af hans völdum, innstæðukúgildi falla og hús hrörna um skör fram, og því um líkt, hefur hann fyrirgjört ábúðarrjetti sínum, nema hann lofi að bæta úr því næsta ár, og setji tryggingu fyrir. Rjett er að landsdrottinn láti gjöra skoðun á jörðunni, hvort er leiguliði fer frá henni eða ekki, og meta til verðs skemmdir þær, er á henni hafa orðið fyrir þessar sakir, og bæti leiguliði þær að fullu.

23. gr. Er meta skal skemmdir eptir 17. gr., jarðabætur eða jarðaníðslu, skulu úttektarmenn það gjöra. Landsdrottinn og leiguliði borgi skoðunargjörð að helmingi hvor, nema þegar svo á stendur, er segir í 22. grein; borgar þá leiguliði einn skoðunargjörð, ef hún verður á móti honum, en landsdrottinn ella.

24. gr. Leiguliði skal greiða alla þá skatta og skyldur, sem á leigujörðu hans liggja, og halda uppi öllum lögskilum af henni, landsdrottni kostnaðarlaust að öllu. Eindagi á kúgildaleigum er fyrir Mikaelsmessu ár hvert, en á landskuld fyrir hvers árs fardaga. Nú greiðir eigi leiguliði jarðargjöld á næsta missiri eptir eindaga, og hefur hann fyrirgjört ábúðarrjetti sínum í næstu fardögum, þótt honum sje eigi byggt út af jörðinni.

25. gr. Skyldur er leiguliði, þótt eigi sje tilskilið, að færa leigur og landskuld á heimili landsdrottins ókeypis, ef eigi er fjær, en þingmannaleið nemi, ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðargjöldum.

26. gr. Þá er landsdrottinn vill neyta rjettar síns að byggja leiguliða út af jörðu sinni, áður en byggingartíminn er á enda, skal hann það gjört hafa fyrir jól; en leiguliði skal af jörðu fara í næstu fardögum á eptir. Útbygging skal brjefleg vera og við

votta, enda sje svo skýrt að kveðið í henni, að leiguliði hafi að vísu að ganga, að hann eigi af jörðu að fara.

27. gr. Nú vill maður flytja sig af leigujörð sinni áður en ábúðartími hans er liðinn, og skal hann hafa sagt jörðu lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála brjeflega og við votta.

28. gr. Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eptir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni leigur næsta ár og landskuld. Má landsdrottinn nýta sjer jörð sem hann vill, eða byggja öðrum. Nú hefur leiguliði sagt jörðu lausri í tækan tíma en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann landsdrottni skaða þann, er jörð bíður af burtför hans, eptir mati óvilhallra manna.

29. gr. Nú hefur landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, svo sem fyr er sagt, eða byggingartíminn er á enda, eður svo er ástatt sem segir í 24. grein, og vill leiguliði eigi flytja sig af jörðu, eða beitir þrásetu, og er landsdrottni rjett að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það eptir almennum rjettarfarsreglum.

30. gr. Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargjörð, og kostar fráfarandi og viðtakandi hana að sínum helmingi hvor. Úttektamenn skulu vera tveir, og fer úttekt fram um fardagaleyti. Skal þá gjöra fráfaranda og viðtakanda aðvart með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti til úttektar komið.

31. gr. Hreppstjórar eru úttektarmenn. Þar sem eigi er nema einn hreppstjóri í hrepp, skal sýslumaður nefna að auki svo marga úttektarmenn, sem hreppsnefnd þurfa þykir. Úttektarmenn þessir skulu eið sverja fyrir sýslumanni. Sjeu úttektarmenn eigi fleiri en tveir í hrepp, skal hinn þriðja tilnefna til vara, er úttekt gjöri í forföllum annarshvors hinna, eða með þeim, ef þá greinir á. Ávallt þar er úttektarmenn greinir á skal hinn þriðja til kveðja.

Úttektarmenn skulu hafa starfa sinn á hendi eigi skemmri tíma en sex ár.

32. gr. Úttektarmenn skulu bók hafa, er borgist af sveitarsjóði og sýslumaður löggildir; skal rita í hana allar úttektir jarða. Eigi er úttekt lokið fyr, en svo er gjört. Skulu úttektarmenn því næst rita nöfn sín undir hverja úttekt henni til staðfestingar. Þeir, sem við úttekt eru staddir, fráfarandi, viðtakandi og jarðeigandi, eða umboðsmaður hans, ef hann eigi mætir sjálfur, skulu og rita nöfn sín undir úttekt. Nú skorast þeir undan að rita nöfn sín undir úttekt, og skulu úttektarmenn láta þess við getið í úttektabókinni.

Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eptirrit af úttektum, ef þeir eru þess beiddir, og eiga þeir 50 aura fyrir hverja örk eptirrits.

33. gr. Úttektarmenn skulu taka fyrst út hús þau, er jörðu fylgja og lýsa þeim greinilega, sem og göllum þeim, er á þeim eru. Næst á eptir jarðarhúsum skal taka út önnur mannvirki, þau er jörðu fylgja, svo sem eru túngarðar, vörzlugarðar, matjurtagarðar, fjenaðarrjettir, heygarðar, stíflugarðar og annað þesskonar. Svo skulu og úttektar menn skoða innstæðukúgildi jarðar. Rjett er, ef landsdrottinn eða viðtakandi krefst þess, að úttektarmenn skoði tún, engi og haga, skóg, eggver og aðrar landsnytjar. Úttektarmenn skulu lýsa öllu þessu nákvæmlega og kveða á hæfilegt álag fyrir þeim göllum, sem á eru hverju fyrir sig.

Fráfarandi greiði álag til viðtakanda að aflokinni úttektargjörð. En greiði hann eigi þegar álagið, gjöri úttektarmenn lögtak til lúkningar álaginu í munum þeim, sem fráfarandi á á jörðinni, eptir því sem hann vísar á og fyrir hendi er. Geti viðtak-

andi sannað, að hann hafi krafizt álags af fráfaranda að lögum, og eigi fengið það eða hluta þess, á landsdrottinn að greiða honum það sem á vantar, nema að öðruvísi hafi verið um samið.

34. gr. Ef einhver sem hlut á að máli, eigi vill hlíta úttekt, sem gjörð er á jörðu, er honum rjett að krefja yfirúttektar. Beiða skal hann sýslumann innan hálfsmánaðar að nefna fjóra menn til yfirúttektar, og skulu þeir haga yfirúttekt svo, sem segir um úttektir. Yfirúttektarmenn eigi sömu laun fyrir starfa sinn, sem úttektarmenn, er krefjandi gjaldi, ef álagsupphæð eigi er breytt, ella fer um gjaldið, sem segir í 33. grein.

252.

Frumvarp

til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Embættismenn þeir, að prestum fráskildum, er konungur skipar sjálfur beinlínis eða óbeinlínis í embætti og hafa laun sín af landssjóði, hafa rjett til eptirlauna, þá er þeim er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, er þeim er ósjálfrátt um. Eptirlaunin skulu greidd úr landssjóði: en þó einhver sje settur embættismaður um stundarsakir, hefur hann eigi rjett til eptirlauna.

2. gr. Eptirlaun embættismanna skulu talin eptir þjónustualdri þeirra þannig, að þá er laun þeirra eru 3000 kr. eða minni, skulu eptirlaunin vera 20 kr. fyrir hvert þjónustuár. Sjeu launin 5000 kr. eða minni, en þó yfir 3000 kr. skulu eptirlaunin fyrir ár hvert, er embættismaðurinn hefur þjónað vera 40 kr., enda hafi hann að minnsta kosti um 5 ár þjónað embætti með hærri launum en 3000 kr., annars sjeu eptirlaunin 20 kr. fyrir ár hvert. Sá embættismaður, sem um 5 ár hefur þjónað embætti með hærri launum en 5000 kr., fær í eptirlaun 50 kr. fyrir hvert þjónustu ár, að öðrum kosti sjeu eptirlaunin talin 40 kr. fyrir þjónustuár hvert. Embættismaður sjötugur að aldri hefur rjett til að fá lausn frá embætti með eptirlaunum eptir lögum þessum.

Nú missir embættismaður, sem staðið hefur vel í stöðu sinni, svo heilsu áður en hann hefur gegnt embætti í 20 ár, að hann verður að sleppa embætti, og fær hann þá viðbót við eptirlaun sín með sjerstökum lögum.

3. gr. Ef eitthvert embætti er lagt niður, þá á embættismaður sá heimtingu á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í biðlaun um 5 ár, en skyldur skal hann til að taka aptur við embætti því, sem að minnsta kosti hafi jafnmiklar tekjur og embætti það, er niður var lagt. Hafi hann eigi fengið nýtt embætti að 5 árum liðnum, verða honum veitt eptirlaun. Ár þau, er hann hefur notið biðlauna, skulu talin með embættisárum hans, en eptirlaunin skulu talin eptir embættistekjum þeim, er hann hafði áður en embættið var lagt niður. Sama er og, þótt hann taki við nýju embætti, er minni laun fylgja. Um dómendur fer eptir 44. gr. stjórnarskrárinnar.

4. gr. Þá er embættismaður sækir um eptirlaun og reikna skal embættislaun þau, er hann hefur haft, skulu að eins taldar kostnaðarlausar tekjur embættisins, leigulaus bústaður, og önnur slík hlunnindi, og launabót sú, sem manninum kann að hafa verið veitt sjálfum, en kostnaður við skrifstofu, hestahald og annað þesshátt skal eigi talið með tekjum.

5. gr. Þá er embættismaður slasast, án þess honum verði gefin sök á, er hann er að gegna embætti sínu, svo að hann verði að sleppa embætti, skal ákveða laun hans

með sjerstöku lagaboði, en þangað til það er gjört, heldur hann helmingi af embættistekjum sínum.

6. gr. Sá embættismaður, sem fyrirgjörir embætti sínu eða verður vikið frá embætti fyrir þær sakir, er honum verður um kennt, missir einnig rjett til eptirlauna.

7. gr. Nú hefur embættismaður fengið eptirlaun og biðlaun, og missir hann þau:

1. Ef hann fær aptur embætti og laun, enda sjeu þau eigi minni en hin fyrri laun hans voru.
2. Ef hann fyrir konungsleyfi fram gengur í þjónustu annars ríkis.
3. Ef hann tekur sjer bústað í öðru ríki, utan samþykki konungs komi til.
4. Ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði í því verið.

8. gr. Nú tekur embættismaður, sem hefur fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, við nýju embætti, og hefur hann þá, er hann sleppir því embætti, rjett til sinna fyrri eptirlauna. hafi hann eigi með þjónustu hins nýja embættis áunnið sjer rjett til hærri eptirlauna.

9. gr. Konur þær, sem verða ekkjur eptir embættismenn, sem rjett höfðu til eptirlauna, eða nutu þeirra þegar, skulu hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði helming af eptirlaunum þeim, er mönnum þeirra bar, eða þeir höfðu þegar fengið.

Þó má aldrei ekkja manns, er hefur haft 3000 kr. eða minna í laun, fá minni eptirlaun en 150 kr. ár hvert, og eptirlaun ekkju þess embættismanns, sem hefur haft yfir 3000 kr. í laun, skulu aldrei lægri vera ár hvert en 250 kr.

10. gr. Nú giptist kvennmaður embættismanni eldri en 60 ára eða á banasæng hans eða þá er hann hefur fengið lausn frá embætti, og hefir hún þá eigi rjett til eptirlauna, og eigi heldur sú kona, er að lögum var skilin við mann sinn áður en hann andaðist.

11. gr. Þá missir ekkja eptirlaun:

1. Er hún giptist á ný.
2. Er hún sezt að í öðru ríki án þess leyfi konungs komi til.
3. Er hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmandi.

Nú missir ekkja eptirlaun sín af því að hún hefir gipzt að nýju, og á hún þá rjett til að fá hin sömu eptirlaun og hún hafði áður, ef hún verður aptur ekkja, nema hún í hinu síðara hjónabandi öðlist rjett til hærri eptirlauna.

12. gr. Föður- og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem rjett höfðu til eptirlauna, má veita með sjerstöku lagaboði, hverju fyrir sig, allt að 100 kr. á ári, ef þau þess við þurfa. þangað til þau eru 20 ára.

13. gr. Embættismenn þeir, er embætti hafa fengið, áður en lög þessi öðlast gildi, svo og ekkjur þeirra og börn, halda rjetti sínum til þeirra eptirlauna, er eldri lög ákveða.

14. gr. Hjer með er tilsk. 31. maí 1855 um eptirlaun úr lögum numin.

15. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884.

253.

Frumvarp

til laga um stofnun landsbanka á Íslandi.

(Samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis).

(Óbreytt eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild, sjá bls. 276 hjer að framan).

254.

Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögum fyrir 1882 og 1883, veitast 4335 kr. til útgjalda þeirra, er getur um í 2.—5. grein hjer á eptir.

2. gr. Af tekjum þeim af kirkjum landssjóðs, er taldar eru í fjárlögunum 3. gr. 4. má borga 160 kr. til þess að kaupa fyrir altarisklæði handa Munkaþverárklausturskirkju.

3. gr. Sem viðbót við 11. gr. 1. fjárlaganna fyrir árin 1882 og 1883 veitast 1125 kr. handa hjeraðslækni í 7. læknishjeraði, Ólafi Sigvaldasyni, fyrir þjónustu hans í 5. læknishjeraði frá 1. sept. 1876 til 28. febr. 1878.

4. gr. Sem viðbót við fjárupphæð þá, er í fjárlögunum 12. gr. 3. er talin til «annara útgjalda», er snerta póststjórnina, veitast 150 kr.

5. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 13. gr. til kirkju- og kennslumálefna veitast:

1. A. b. 2. til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum 2400 kr., og af því 700 kr., er prestinum að Odda, síra Matthíasi Jochumssyni, verði eptirgefnar af árgjaldinu af Odda fjárhagstímabilið 1882—1883, og til prestsins að Stóruvöllum síra Guðmundar Jónssonar fyrir seinasta þjónustuár hans 200 kr. og

2. B. IV. b. 1. til bókakaupa og áhalda við kennsluna í Möðruvallaskóla 500 kr.

255.

Frumvarp

til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Amtmannaembættin og landritaraembættið skulu lögð niður og tveir skrifstofustjórar skipaðir undir landshöfðingja með 3000 kr. árslaunum og 1000 kr. í skrifstofufje fyrir hvorn um sig. Málum þeim, sem nú eru lögð undir amtmennina, skal skipt á milli landshöfðingja og formanna fjórðungsráðanna eptir þeim reglum, sem stjórnin ákveður.

2. gr. Í stað amtsráðanna komi fjórðungsráð. Takmörk fjórðunganna eru þessi: Sunnlendingafjórðungs: Núpsvötn og Hvítá í Borgarfirði; Vestfirðingafjórðungs: Hvítá að sunnan og Hrútafjarðará að norðan; Norðlendingafjórðungs: Hrútafjarðará og Jökulsá í Axarfirði; Austfirðingafjórðungs: Jökulsá að norðan og Núpsvötn að sunnan. Takmörk sýslufjelaganna Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu verða hin sömu sem fjórðunganna.

3. gr. Í fjórðungsráði hverju skal vera einn kjörinn maður úr hverju sýslufjelagi, kosinn af hverri sýslunefnd með meiri hluta atkvæða til 6 ára þannig, að meiri hluti fjórðungsráðsmanna gengur úr þriðja hvert ár, ef á stöku stendur, annars helmingur. Auk þess á sæti sem formaður fjórðungsráðsins einn sýslumaður, er landshöfðinginn skipar; einnig skipar hann varaformann, er mæti í forföllum formanns, eða þá er formanni er skylt það mál, er fjórðungsráð hefur til meðferðar; hann ákveður og fundarstað fjórðungsráðanna.

4. gr. Jafnaðarsjóðum norður- og austuramtsins skal skipt að tiltölu rjettri, eptir því, sem goldið hefur verið til þeirra hin síðustu 5 ár; einnig suðuramtsins, hvað Skaptafellssýslur snertir. Sama er og um aðra sameiginlega sjóði.

5. gr. Þær lagaákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

256.

Frumvarp

til laga um stofnun landsskóla á Íslandi

(eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Í Reykjavík skal stofna landsskóla fyrir íslenzk embættismannaefni.

2. gr. Í skóla þessum skulu vera þrjár deildir. Skal í einni kennd guðfræði, annari lögfræði og í hinni þriðju læknisfræði. Auk þessa skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi eptir því, sem síðar verður ákveðið með lögum.

3. gr. Tilhögun á kennslunni og kennsluskipunin í guðfræði, læknisfræði og heimspeki, skal vera hin sama, sem nú er á prestaskólanum og læknaskólanum, þangað til öðruvísi verður ákveðið og takast kennendur þeir, sem nú eru á menntastofnunum þessum, á hendur kennsluna, hver í sinni vísindagrein, en kennsluna í lögfræði skulu hafa á hendi tveir kennarar, og skal annar vera formaður deildar þeirrar.

4. gr. Laun kennendanna í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skulu vera hin sömu og nú eru, en laun formanns lögfræðisdeildarinnar 3600 krónur, og hins kennarans 2400 kr.

5. gr. Landshöfðinginn semur reglugjörð fyrir skólann.

6. gr. Fyrst um sinn skal kennslan í skólanum fara fram í lestrarsal og nefndarherbergjum alþingishússins.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1886, og eru prestaskólinn og læknaskólinn frá sama tíma afnumdir sem sjerskildar kennslustofnanir.

257.

Frumvarp

til laga um breyting á tilskipun 15. marz 1861 um vegina á Íslandi.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

Sýslunefndinni í Ísafjarðarsýslu skal heimilt, að verja allt að helmingi af vegabótagjaldi sýslunnar, til að greiða samgöngur á sjó með gufubátsferðum innan hjeraðs.

258.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á nokkrum brauðum í Eyafjarðarprófastdæmi.

Að fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Lagafrumvarp

um breyting á nokkrum brauðum í Eyafjarðar og Vestur-Skaptafellsprófastdæmum.

S. Eiríksson, Jón Pjetursson, Sighv. Árnason.

259.

Viðaukaatkvæði

við frumvarp til fjárlaga 1884—1885.

Við 10. gr. C. nýr töluliður bætist við, sem verður hinn 12. og orðist þannig: «Til endurgjalds á kostnaði Jóns Breiðfjörðs og Ásbjarnar Ólafssonar í fjárkláðamálinu eptir skipun Jóns heitins ritara 1875 — — 227 kr.

Þórarinn Böðvarsson. Þorkell Bjarnason.

260.

Nefndarálit

í málinu: frumvarp til laga um horfelli á skepnum.

Nefnd sú, sem neðri deild alþingis kaus til að hugleiða frumvarp til laga um horfelli á skepnum, hefur hugleitt frumvarp þetta, eins og það kom frá hinni heiðruðu efri deild, og fellst á þær breytingar, sem orðið hafa á frumvarpinu í efri deildinni.

Þórarinn Böðvarsson, formaður. Jakob Guðmundsson, skrifari. Friðrik Stefánsson.

Þorkell Bjarnason. Benidikt Sveinsson.

261.

Lagafrumvarp

um breyting á nokkrum brauðum í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Akureyrarbrauð skal vera Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir. Í Lögmannshlíð er þriðjungakirkja. Til brauðs þessa liggur prestskyld öll frá Munkaþverárkirkju og 300 kr.

2. gr. Grundarbrauð tekur yfir Grundar, Munkaþverár og Kaupangs sóknir. Til Grundarsóknar liggja 11 fremstu bæirnir úr Akureyrarsókn. Frá brauði þessu greiðast 50 kr.

3. gr. Saurbæjarbrauð nær yfir Saurbæjar, Möðruvalla, Hóla og Miklagarðs sóknir. Frá brauði þessu greiðast 250 kr.

4. gr. Möðruvallaklaustursbrauð skal að eins vera Möðruvalla og Glæsibæjar sóknir. Frá brauði þessu greiðast 200 kr.

5. gr. Þykkvabæjar og Langholtssóknir, er sameinaðar eru í eitt prestakall, skulu eins og áður var, vera, hver út af fyrir sig, sjerstakt prestakall. Þykkvabæjarklaustursbrauði leggjast 100 kr., og Meðallandsþingum 300 kr. úr landssjóði.

262.

Breytingartillaga

við lagafrv. um viðbót við toll á tóbaki og að heimta eigi skatt af lausafje árin 1884 og 1885. (Frá meiri hluta nefnd.)

Í stað tjeðs frumvarps komi svo látandi frumvarp:

Lagafrumvarp

um toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum og um afnám skatts á ábúð og lausafje.

1. gr. Af alskonar öli, er flutt er til landsins, skal í toll greiða fyrir pott hvern 5 a.

En af hverjum potti brennivíns eður vínanda með 8° styrkleika eður minna skal í toll greiða . . . . . 35 aura
yfir 8° og upp að 12° . . . . . 50 —
yfir 12° . . . . . 65 —

Af rauðavíni og messuvíni skal greiða 15 aura fyrir pott hvern, í hverju íláti sem flutt er.

Af öllum öðrum vínföngum skal í toll greiða 50 aura af potti hverjum, ef þau flutt eru í svo stórum ílátum, að þau rúmi 2 merkur, eður meira, en sje flutt í minni ílátum, skal greiða jafnan toll af hverjum 3 pelum, sem af potti er greitt í stærri ílátum.

2. gr. Tollinn skal greiða annað tveggja í peningum út í hönd eður í víxlum, greiðilegum að vild eiganda og stíluðum á það verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er gjaldheimtumaður gilt tekur. Tollurinn rennur í landssjóð. Gjaldheimtumenn fá 2 af 100 í gjaldheimtukaup.

3. gr. Á tollskrám þeim og varningsskrám, er skip skulu með sjer hafa samkv. 8. gr. í lögum 15. apríl 1854, skal jafnan til greint, hve mikið aðflutt sje með skipi hverju af sjerhverjum tollskyldum vínföngum, og hversu styrkt brennivínið eða vínandinn sje. En sje styrkleikinn eigi tiltekinn, skal tollgreiðandi jafnan greiða hinn hæzta toll, nema hann láti á sinn kostnað rannsaka styrkleikann, enda fái hann vottorð hjá lögreglustjóranum, að styrkleiki sá sje rjettur.

4. gr. Jafnskjótt sem kaupskip kemur hjer á höfn frá útlöndum, skal skipstjórnarmaður eður og viðtökumaður tafarlaust senda lögreglustjóranum eður umboðsmanni hans hleðsluskjölin og einkum tollskrá eður varningsskrá yfir allar tollskyldar vörur í skipinu eptir lögum þessum. Tollurinn skal greiddur áður en hinar tollskyldu vörur eru fluttar í land. En eigi skal toll greiða af vínföngum þeim, er rjettilega eru ætluð skipverjum sjálfum til viðurværis.

Ef tollskyldur varningur er fluttur hingað til lands með gufuskipum, þá er rjett að skipstjórnarmaður eður afgreiðslumaður skipsins sendi lögreglustjóranum tollskrána eður varningsskrána til eptirsjónar. Svo er og rjett að afgreiðslumaður greiði lögreglustjóra tollinn.

5. gr. Skyldur er skipstjóri að gefa lögreglustjóra skriflegt vottorð og leggja það undir þegnskap sinn að eigi sje á skipi hans aðrar nje fleiri tollskyldar vörur en þær, er standa á tollskránni eður varningsskránni, svo og hve mikið af vínföngum ætlað sje handa skipverjum sjálfum.

Skyldur er og hver, sá er fær aðflutt nokkuð af tollskyldum varningi, hvert sinn til að segja hver vínföng og hversu mikil hann fengið hafi með skipi hverju frá útlöndum, og skal hann leggja það undir þegnskap sinn, að hann satt segi. Þegnskaparvottorð sitt er manni skylt að senda lögreglustjóra, þegar er hann tekið hefur við vörunni, og inna þegar tollinn af hendi.

6. gr. Lögreglustjórar eru gjaldheimtumenn, hver þeirra í umdæmi sínu. Hvert sinn er lögreglustjóri kveður á um tollhæðina, skal hann fara eptir tollskrá þeirri eður varningsskrá, er segir í 3. gr. að skip hvert skal með sjer hafa, svo og eptir þegnskap-

arvottorðum skipstjóra og viðtökumanns, samkvæmt 5. gr. Rjett er lögreglustjóra, hvert sinn er hann vill, að heimta af kaupmönnum, verzlunarstjórum og þeim mönnum öðrum, er búsettir eru í umdæmi hans og hann hyggur fengið hafa tollskyldan varning frá útlöndum, skýrslu þeirra um varninginn. Hafi maður varninginn fengið, skal hann skýra greinilega frá, hver vínföngin voru og hversu mikil.

7. gr. Nákvæmar gætur skulu lögreglustjórar á hafa, hvort eigi sje aðflutt meira af tollskyldum vínföngum en á tollskrá eða varningsskrá stendur, og er þeim skylt að rannsaka málið til hlítar, einkum sje skrá ógreinileg eða framtal hennar uggvænt. Kostnaðinn af rannsókn málsins greiðir skipstjórnarmaður eða viðtakandi, ef skráin reynist ósönn eða ónákvæm, en landssjóður ella.

8. gr. Nú ber þegnskaparvottorði skipstjóra eða viðtökumanns eigi saman við vöruskrá skips eða tollskrá, og skal lögreglustjóri jafnan fara eptir þegnskaparvottorði, ef það telur varning meiri en á skrá stendur. En telji þegnskaparvottorð varning minni, og verði sú raun á, að eyðst hafi nokkuð af varningnum, ónýtt orðið, eða á einhvern hátt farið forgörðum á leiðinni hingað til lands, áður varningurinn kom í hendur viðtakanda, og skal þá toll greiða sem þegnskaparvottorð telur varning til; enda votti lögreglustjóri að hann hafi eigi ástæðu til að rengja vottorðið. Rjett er og viðtakanda, ef hann hyggur varning sinn eyddan á einhvern hátt, að beiða lögreglustjóra að líta á skaðann og hve miklum varningi maður við tekur. Kostnaðinn greiðir viðtakandi.

9. gr. Nú verður maður sannur að því, að hafa gefið rangar skýrslur eða vottorð, eptir 5. og 6. gr., og verður hann um það sekur 200—2000 kr.

Brot gegn 4. gr. um tollgreiðslu og afferming kaupskipa og gufuskipa varða 20—200 kr. sektum, nema þyngri hegning við liggi eptir öðrum lögum.

Sektirnar tvöfaldast ef brotið er ítrekað.

10. gr. Hinn tollskyldi varningur er að veði fyrir tolli og sektum. Rjett er og lögreglustjóra að kyrsetja tollskyldan varning manns til lúkningar tolls og sekta.

11. gr. Greiða skal manni þeim, er fyrst uppljóstar broti gegn lögum þessum, allt að helmingi sektar, enda verði hinn sótti sannur að sök. Hinn hluti sektar rennur í landssjóð.

12. gr. Með mál um afbrigði laga þessara skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. nóv. 1883. Frá sama tíma eru lög 14. desbr. 1877, um skatt á *ábúð og afnotum jarða og á lausafje* úr lögum numin.

263.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingar á lögum um laun íslenzkra embættismanna, dags. 15. október 1875.

Eptir að nefndin hefur, eins og efri deild alþingis fól henni á hendur, hugleitt frumvarp þetta, ræður nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eptirfylgjandi breytingum:

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir «6000» komi: «5500».
2. 2. gr. falli burt.
3. a, fyrir «5000» komi: «5500 kr».

b, I staðinn fyrir orðin: «hvorum fyrir sig» komi: «hinum fyrri 4000 kr.», hinum síðari

4. 4. gr. falli burt.

Sighv. Árnason, framsögum. Einar Ásmundsson, skrifari.

Jeg undirskrifaður er mótfallinn öllum breytingum á lögum um laun íslenzkra embættismanna 15. október 1875 að svo stöddu, og ræð því þingdeildinni til að fella frumvarp það, er hjer er til umræðu.

Magnús Stephensen.
formaður.

264.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um sölu á kirkjujörðinni Hömrum í Laxárdal o. s. frv.

Niðurlagið frá: »hjeðan af með fyrsta veðrjetti—eignar og ábyrgðar« breytist í: »hjeðan af full eign Sauðafellskirkju«.

Arnljótur Ólafsson. Þorkell Bjarnason. B. Sveinsson.
Þórarinn Böðvarsson. Tryggvi Gunnarsson.

265.

I. Breytingar og viðaukatillögur

við fjárlögin.

(Frá Arnljóti Ólafssyni, Eiríki Kúld, Þórarni Böðvarssyni, F. S. Stefánssyni og Jakobi Guðmundssyni).

1. 13. gr. B. IV. b. 2. »til eldiviðar og ljósa 600 kr.«
   breytist í: - — — — 400 —
2. 13. gr. B. IV. b. 4. »Ýmisleg útgjöld 500 —
   breytist í: — — 300 —
3. 13. gr. B. V. c. (»þar af til skólans« o. s. frv.)
   breytist í: (»Þar af án skilyrðis til skólans o. s. frv.«)

II. Breytingar og viðaukar

við nefndarfrumvarpið.

4. 15. gr. *(Viðauki við niðurlagið)* og til ekkjufrúar G. Brynjúlfssonar í Kaupmannahöfn 150 kr. hvort árið.
5. 16. gr. 3. Orðin: «og til utanlandsferða 1000 kr. hvort árið» falli niður.
6. 16. gr. Fyrir framan 8. bætist inn í:
   a) Styrkur til bóksala Kr. Ó. Þorgrímssonar til að gefa út prjedikanir Helga biskups Thordersens 500 kr.
   b) Styrkur til Bjarnar Kristjánssonar á Akureyri til kennslu í kirkjusöng og organleik 400 kr. hvort árið.
7. Aptan við fjárlögin bætist (neðan striks):
   «Bókaverði Eiríki Magnússyni, meistara í Cambridge, veitist 5400 kr. lán gegn veði í lífsábyrgðarskýrteini eða gegn annari viðunanlegri veðtryggingu».

266.

Uppástunga til þingsályktunar.

(Eins og hún var samþykkt við eina umræðu í efri deild 8. ágúst 1883).
(Óbreytt eins og það var samþykkt í neðri deild, sjá bls. 272 hjer að framan).

267.

Frumvarp

til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða.
(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).
(Óbreytt eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild, sjá bls. 285 hjer að framan).

268.

Frumvarp

til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland.
(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild alþingis 2. ágúst 1883).
(Óbreytt eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild, og eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá bls. 240 hjer að framan).

269.

Frumvarp

til laga um að stofna slökkvilið á Ísafirði.
(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis 9. ágúst 1883).
(Óbreytt eins og það var samþykk við 3. umræðu í neðri deild, sjá bls. 275 hjer að framan).

270.

Lagafrumvarp

um breyting á nokkrum brauðum í Eyjafjarðar- og Vestur-Skaptafells prófastsdæmum.
(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).
(Óbreytt eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild, sjá bls. 294 hjer að framan).

271.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.
(Frá 1. þingm. Rangæinga og þingm. Austur-Skaptfellinga).

1. Við 2. gr. a. Í staðinn fyrir orðin: «vera 40 kr.» komi: «vera 30 kr.»
   b. Í staðinn fyrir orðin: «eptirlaun 50 kr.» komi: «eptirlaun 40 kr.»
   c. Í staðinn fyrir orðin: «talin 40 kr.» komi: talin 30 kr.»
2. Við 13. gr. bætist nýr liður þannig orðaður: «Þó skulu þær ekkjur þessara embættismanna, sem giptast þeim, eptir að þessi lög öðlast gildi, vera háðar þessum eptirlaunalögum.

272.

Nefndarálit

um frumvarp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Hin háttvirta neðri deild hefur kosið oss, sem hjer ritum nöfn vor undir, til að kveða upp álit vort um frumvarp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, sem borið hafði verið upp í deildinni. Nú er vjer höfum íhugað frumvarpið og rætt það ítarlega, skulum vjer leyfa oss, að taka það fram, sem hjer fer á eptir.

Frumvarp það, sem hjer ræðir um, er *samhljóða* frumvarpi því, sem nefnd sú, er hin háttvirta deild kaus árið 1881 til þess, að íhuga stjórnarskrána og vísað var til annarar umræðu, bar upp fyrir deildinni.

Með því nú frumvarpið þannig er hinni háttvirtu deild kunnugt, og nefndin hefur fallizt á aðalstefnu þess, sem er að færa stjórnarábyrgðina inn í landið og í hendur landshöfðingja, og að gjöra þær breytingar á stjórnarskránni, sem þessu meginatriði eru eðlilega samfara, svo sem um það, að æðsta dómsvald verði í landinu sjálfu, og að takmörkun sú í fjárveitingarrjetti þingsins, sem ræðir um í 25. gr. stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874, verði úr gildi numin, þá álítur nefndin enga nauðsyn bera til, að fara mörgum orðum um frumvarpið yfir höfuð, en lætur sjer nægja með skýrskotun til þess, sem fram kom í umræðunum um málið 1881, að tilgreina breytingar þær á hinum einstöku greinum frumvarpsins, sem hún ræður hinni háttvirtu deild til að samþykkja, og eru þær þá þessar:

I.

1. gr. óbreytt.

2. gr. Á eptir orðinu: «ríkisþinginu» í seinustu málsgrein, komi: «sem komið er undir bæði alþingi og löggjafarvaldi ríkisins», í staðinn fyrir orðið: «ríkisins» komi: «þess» og aptan við greinina bætist: «En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt í löggjafarvaldinu, að því leyti er snertir hin almennu málefni ríkisins».

3. gr. óbreytt.

4. gr. óbreytt.

5. gr. óbreytt.

6. gr falli burtu og komi í staðinn:

6. gr. Milli konungs og landshöfðingja skal enginn milliliður vera.

Fyrir málefni Íslands skal sjerstakur skrifari skipaður í skrifstofu (Cabinet) konungs.

Embættismaður þessi hefur það starf á hendi að afgreiða hjá konungi öll hin sjerstöku málefni landsins og með nafni sínu merkja alla konungsúrskurði. Skulu konungsúrskurðir skrifaðir í tvennu lagi. Geymist frumritið í skjalasafni Íslands, en eptirritið í skjölum skrifarans.

7. gr. óbreytt.

8. gr. með þeirri breytingu að eptir orðin: «Án samþykkis», komi: «konungs» og í staðinn fyrir «10» komi «8» í annari málsgrein.

9. gr. óbreytt.

10. gr. verði ný grein þannig orðuð: Konungur getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einusinni á ári.

11. gr. (10. gr. frvps.) óbreytt.
12. gr. (11. gr. frvps.) óbreytt.
13. gr. (12. gr. frvps.) óbreytt.
14. gr. (13. gr. frvps.). Aptan við þessa gr. bætist: «til samþykktar».
15. gr. (14. gr. frvps). óbreytt.
16. gr. (15. gr. frvps.) óbreytt.

II.

17. gr. (16. gr. frvps.) verði þannig orðuð:

Á alþingi eiga sæti 30 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismenn, sem konungur kveður til þingsetu. Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna má breyta með lögum. Bæði kosningar hinna þjóðkjörnu alþingismanna og umboð þeirra, sem kvaddir eru til þingsetu af konungi, gilda venjulega fyrir 6 ára tímabil, og umboð þeirra, sem konungur kveður til, eins fyrir það, þótt þingið kynni að verða leyst upp. Deyji nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru, eða kvaddir til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal samt að eins kjósa eða kveðja til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

18. gr. (17. gr. frvps.) óbreytt.
19. gr. (18. gr. frvps.) orðist þannig:

Hinir konungkjörnu alþingismenn eiga allir sæti í efri þingdeildinni. Hina þingmennina í efri deildinni kýs alþingi í heild sinni, með óbundnum kosningum úr flokki hinna þjóðkjörnu alþingismanna fyrir allan kjörtímann, í fyrsta sinn, er það kemur saman, eptir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði, á meðan á kjörtímanum stendur, nokkurt sæti laust í efri þingdeildinni, sem þjóðkjörnir alþingismenn sitja í, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess, að velja mann í hið lausa sæti meðal þjóðkjörnu þingmannanna, fyrir þann kjörtíma, sem eptir er.

20. gr. (19. gr. frvs.) a, b orðist þannig: a. «Allir húsráðendur, hvort heldur eru í sveit, við sjó eða í kaupstöðum, sem greiða *12 krónur* á ári *til sveitar* eða bæjarsjóðs. Þó má breyta þessu með lögum. Stafliður c, sem verður stafl. b, haldist óbreyttur, stafl. d., sem verður stafl. c., haldist óbreyttur, og aptan af seinustu málsgrein falli burtu orðin: «eða honum hafi verið gefinn hann upp».

21. gr. (20. gr. frvs.) 1. stafl. orðist þannig: «Er þegn Danakonungs og eigi er í þjónustu annars ríkis».
Stafl. 2. «hefur að minnsta kosti — undir Danaveldi» falli burt.
Stafl. 3. breytist í 2, er haldist óbreyttur.

III.

22. gr. (21. gr. frvps.) óbreytt.
23. gr. (22. gr. frvps.) óbreytt.
24. gr. (23. gr. frvps.) óbreytt.
25. gr. (24. gr. frvps.) óbreytt.
26. gr. (25. gr. frvps.) orðin í þessari grein: «meðan þingið stendur yfir» falli burtu.
27. gr. (26. gr. frvps.) í staðinn fyrir orðið: «Ísland» komi «landið».
28. gr. (27. gr. frvps.) óbreytt.
29. gr. (28. gr. frvps.) orðin: «fyrir Ísland» og «frá Danmörku» falli burtu. Aptan við 1. málsgrein bætist: «samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu,

2. jan. 1871, 5. gr. sbr. 6. gr. Fyrir orðin: «eldri lögum — gildum ákvörðunum» komi: «konungsúrskurðum, tilskipunum eða lögum».

30. gr. (29. gr. frvps.) óbreytt.

31 gr. (30. gr. frvps.) óbreytt.

32 . gr. (31. gr. frvps.) óbreytt.

33. gr. (32. gr. frvps.) óbreytt.

34. gr. (33. gr. frvps.) óbreytt.

35. gr. (34. gr. frvps.) óbreytt.

36. gr. (35. gr. frvps.) eptir orðin í fyrstu málsgrein «eða höfða» komi: «nokkurt.»

37. gr. (36. gr. frvps.) óbreytt.

38. gr. (37. gr. frvps.) óbreytt.

39. gr. (38. gr. frvps.) óbreytt.

40. gr. (39. gr. frvps.) óbreytt.

41. gr. (40. gr. frvps.) fyrir orðið: «alþjóðlegt» komi: «opinbert».

42. gr. (41. gr. frvps) óbreytt.

43. gr. (42. gr. frvps.) óbreytt.

44. gr. (43. gr. frvps.) óbreytt.

45. gr. Ný grein orðist þannig: «þingsköpin handa hinu sameinaða alþingi og báðum deildum þess skulu sett með lagaboði.

IV.

46. gr. (44. gr. frvps.) óbreytt.

47. gr. (45. gr. frvps.) óbreytt.

48. gr. (46. gr. frvps.) óbreytt.

V.

49. gr. (47. gr. frvps.) í staðinn fyrir «landsstjórnin» komi: *„hið opinbera“*. Í staðinn fyrir orðin: «má — lögum», komi: «skal ákveða með lögum». Aptan við seinni málsgrein komi:» jarðeignir þjóðkirkjunnar má ekki selja, en skipta má þeim við aðrar jarðir með sjerstöku lagaboði í hvert sinn».

50. gr. (48. gr. frvps.) óbreytt, nema í stað «hvers eins», komi: «þeirra».

51. gr. (49. gr. frvps.) óbreytt.

VI.

52. gr. (frvps. 50. gr.). Fyrsta málsgrein aptur að orðunum: «hvort hann skuli» o. s. frv. orðist þannig: «Engan má taka fastan nema fyrir glæpi og með þeim hætti, sem ákveðið er í lögum. Dómari og aðrir, sem hlut eiga að máli, standa til ábyrgðar gagnvart þeim, sem hefur verið tekinn fastur, eður valdið hefur verið tálmunar. Sá sem fastur er tekinn skal undandráttarlaust leiddur fyrir dómara, og megi þá ekki jafnskjótt láta hann lausan, skal dómarinn áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á» o. s. frv. Orðið «gæzluvarðhald» breytist í: «varðhald» í seinustu málsgrein.

53. gr. (frvps. 51. gr) orðin: «ef lögin — undantekning» falli burtu.

54. gr. (frvps. 52. gr.) óbreytt.

55. gr. (frvps. 53. gr.) óbreytt.

56. gr. (frvps. 54. gr.). Fyrir orðið: «skyldum» komi: «takmörkunum».

57. gr. (frvps. 55. gr.). Byrjun greinarinnar orðist þannig: «Geti foreldrar eigi sjeð

börnum sínum fyrir fræðslu» o. s. frv. Orðin: «og framfæri» í enda greinarinnar falli burtu.

58. gr. (frvps. 56. gr.) óbreytt.

59. gr. (frvps. 57. gr.) orðin: «Ekkert fjelag má leysa upp» breytist í: «Engu fjelagi má slíta», og orðin í enda greinarinnar: «það verði leyst upp» breytist í: «það megi rjúfa».

60. gr. (frvps. 58. gr.) óbreytt.

61. gr. (frvps. 59. gr.) óbreytt.

62. gr. (frvps. 60. gr.) óbreytt.

63. gr. (frvps. 61. gr.) óbreytt.

64. gr. (frvps. 62. gr.) orðið: »aðal» falli burtu.

VII.

65. gr. (frvps. 63. gr.) óbreytt.

66. gr. (frvps. 64. gr.) orðin: «1. júlí 18» falli burtu.

Ákvarðanir um stundarsakir.

1.

falli burtu.

2.

falli burtu.

3.

Í staðinn fyrir: «dómstólana» komi: «æðsta dómstól landsins». Eptir orðin: «með lögum» bætist: «sem alþingi og ríkisþing Dana samþykkir».

Alþingi 6. ágúst 1883.

B. Sveinsson framsögumaður. H. Kr. Friðriksson skrifari. Eiríkur Briem. Þorkell Bjarnason.

Th. Thorsteinson.

Þótt jeg sje mínum h. meðnefndarmönnum samhuga um það, að þær breytingar á stjórnarskránni, sem að ofan er farið fram á, sjeu æskilegar, og jeg því, að efninu til, engan ágreining vilji gjöra, þá er þó sá agnúi á, að sumar af þessum breytingum eru atkvæði hins almenna löggjafarvalds ríkisins (ríkisþings Dana) háðar, og stjórnin því, þótt hún vildi, ekki getur staðfest breytingarnar, nema þær greinar, sem hafa breytingarnar inni að halda, sjeu lagðar fyrir ríkisþingið og af því samþykktar. Aðrar eru ennfremur þess eðlis, að vafasamt virðist að minnsta kosti, hvort stjórnin muni aðhyllast þær. Nægir því, að ein einasta grein hinnar breyttu stjórnarskrár nái ekki staðfestingu konungs, til þess að öll sú fyrirhöfn, sem stjórnarskrárbreytingar hjer á landi hafa í för með sjer (nýjar kosningar til alþingis og ítrekað samþykki þingsins á 2 þingum) sje árangurslaus.

Af þessari ástæðu legg jeg það til, að frumvarp til breytinga á stjórnarskránni sje lagt fyrir þingið í tvennu lagi, þannig, að allar þær greinir, sem líkindi eru til að stjórnin geti aðhyllzt, og sem ekki eru atkvæði ríkisþingsins háðar, sjeu hafðar í frumvarpi sjer, en að hinar, sem annaðhvort þurfa samþykkis ríkisþingsins, eða gjöra stórkostlega breytingu á því stjórnarfyrirkomulagi sem nú er, og því kunna að virðast stjórninni ísjárverðar, sjeu hafðar í frumvarpi sjer. Með því mundi vinnast, að þingið ekki ynni alveg fyrir gíg, ef hið lengra frumvarp yrði staðfest, þótt hið styttra ekki næði að svo stöddu samþykki konungs.

Legg jeg það því til, að þær greinir frumvarpsins, sem sje 1.—6. og 28. (nú 29.),

sem hafa inni að halda breytingar á 1.—3. og 25. gr. stjórnarskrárinnar, sjeu hafðar í frumvarpi sjer, en allar hinar greinarnar í öðru frumvarpi.

Samkvæmt þessu yrði hið skemmra frumvarpið til breytingar á stjórnarskránni svolátandi:

Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendunum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni Íslands eru þessi:

1, Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2, Lögreglumálefni.
3, Kirkju- og kennslumálefni.
4, Lækna- og heilbrigðismálefni.
5, Sveita- og fátækramálefni.
6, Vegir og póstgöngur á Íslandi.
7, Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8, Skattamál bein og óbein.
9, Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland ekki hefur fulltrúa á ríkisþinginu, sem komið er bæði undir löggjafarvaldi ríkisins og alþingi, leggur landið ekkert til hinna almennu þarfa ríkisins. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt í löggjafarvaldinu, að því leyti er snertir hin almennu málefni ríkisins.

3. gr. Konungur hefur hið æzta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskipunarlögunum, og lætur landshöfðingja, sem hafi aðsetur sitt á Íslandi, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skulu gjörð 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geymt í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus, heilagur og friðhelgur. Landshöfðinginn hefur ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt. Alþingi kemur ábyrgð fram á hendur landshöfðingja, eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir með lögum.

6. gr. Milli konungs og landshöfðingja skal enginn milliliður vera. Fyrir málefni Íslands skal sjerstakur skrifari skipaður í skrifstofu (Cabinet) konungs.

Embættismaður þessi hefur það starf á hendi, að afgreiða hjá konungi öll hin sjerstöku málefni landsins, og með nafni sínu merkja alla konungsúrskurði, sem skrifaðir skulu í tvennu lagi. Geymist frumritið í skjalasafni Íslands, en eptirritið í skjölum skrifarans.

29. gr. (breyting á 25. gr. stjórnarskrárinnar). Fyrir hvert reglulegt alþingi, jafnskjótt sem það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem greitt er úr hinum almenna ríkissjóði, samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. jan. 1871, 5. gr. sbr. 6. gr.

Gjöld sem ákveðin eru með konungsúrskurðum, tilskipunum eða lögum, skal þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, bæði í frumvarpinu til fjárlaganna og í þeim sjálfum, tilfæra með þeim upphæðum, sem einu sinni eru ákveðnar, nema krafizt sje sjerstaklega viðbótar fyrir hið einstaka fjarhagstímabil eða hún veitt.

Frumvarpið til fjárlaga, og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

II. *Hið lengra frumvarp til stjórnarskipunarlaga* hafi aptur inni að halda 7.—28. gr. og 30.—66. gr. og ákvarðanir um stundarsakir 1—2 (samkvæmt nefndarálitinu).

Grímur Thomsen,
formaður.

Jeg ætla og tiltækilegra að skipta frumvarpinu í tvo hluti að mestu, eins og formaðurinn (Gr. Th.) bendir til. En að efninu til er jeg ekki samþykkur meðnefndarmönnum mínum að því er skipun hinnar æðstu landsstjórnar snertir og samband hennar við konung. Annan kjörstofn álít jeg betri en þann er 20. (19. gr. frvs.) gr. tiltekur.

Arnljótur Ólafsson.

273.

Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um harðærismálið.

1. Á eptir orðunum í 1, a. «helmingi þess» bætist: «eða rúmlega það.»
2. Á milli orðanna í 3 «að hann» og «verji» bætist: «þegar í haust».
3. Aptan við 3 bætist: «Lánin veitist einkum þeim sveitabúendum, sem þurfa að auka bústofn sinn».

Eiríkur Briem. Lárus Blöndal. Þórður Magnússon. Jakob Guðmundsson. Th. Thorsteinson. Þorkell Bjarnason.

274.

Lagafrumvarp

um viðbót við toll á tóbaki, brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, sem og um að heimta eigi skatt af lausafje árin 1884 og 1885.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Í viðbót við toll þann, er nú hvílir á áfengum drykkjum, er fluttir eru til landsins, skal til ársloka 1885 gjalda $^1/_{10}$ hluta af tjeðum tolli.

2. gr. Í viðbót við toll þann, er nú hvílir á vindlum og tóbaki, er flutt er til landsins, skal til ársloka 1885 gjalda $^2/_5$ hluta af tjeðum tolli.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. nóv. 1883. Á fjárhagstímabilinu 1884—1885 skal eigi heimta skatt af lausafje eptir lögum 14. desbr 1877.

275.

Tillaga til þingsályktunar.

(Frá nefnd í frumvarpi til laga um löggildingu nýrra verzlunarstaða).

Alþingi skorar á ráðherra Íslands að hlutast til um, að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð svo og hafnarstæði þau, er þar kynni að þykja hentust, einkum við Vestliðaeyri og Búðardal sjerstaklega fyrir gufuskip.

276.

Atkvæðaskrá

í fjárlagamálinu, 1.—13. gr.

Við 2. gr.

Við	1. tölul.:	Í staðinn fyrir:	35000	35000	70000	
		komi:				
		a. á ábuð og afnotum jarða	18000	18000	36000	N.
		b. á lausafje	17000	22000	39000	N.
—	2. tölul.	Í staðinn fyrir:	2300	2300	4600	
		komi:	2400	2400	4800	N.
—	3. —	Í staðinn fyrir:	14000	14000	28000	
		komi:	13000	13000	26000	N.
—	4. —	Í staðinn fyrir:	17800	17800	35600	
		komi.	19000	19000	38000	N.
—	5. —	Í staðinn fyrir:	4200	4200	8400	
		komi:	5000	5000	10000	N.
—	10. —	Í staðinn fyrir:	32000	32000	64000	
		komi:	36000	36000	72000	N.
—	11. —	Í staðinn fyrir:	122500	122500	245000	
		komi:	125000	125000	250000	N.
—	12. —	Í staðinn fyrir:	16000	16000	32000	
		komi:	18000	18000	36000	N.
—	13. —	Í staðinn fyrir:	11000	11000	11000	
		komi:	13000	14000	27000	N.

Við 3. gr.

Við 1. tölul. Í staðinn fyrir orðin: «afgjöld af umboðs- og klausturjörðum alls 39600
að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl. alls 9600»
komi: «afgjald af jarðeignum landssjóðs alls 39300
að frádregnum umboðslaunum prestsmötu fl. alls 9300» N.

— 2. — 2. töluliður falli burt N.

— 3. — Í staðinn fyrir: Leigugjöld af Lundey og brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu 2005 2005 4010»
komi: Leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu
1800—1800 — 3600» N.

—	4. —	Í staðinn fyrir:	600	600	1200	
		komi:	500	500	1000	N.

Við 4. gr.

1. málsgrein: «Upp í lán það» . . . . . falli burtu. N.

N. merkir breytingar- eða viðaukatillögur fjárlaganefndarinnar.
E. K. merkir E. Kúld.
Lh. merkir Landshöfðingja.
A.—J. merkir Arnljót Ólafsson, B. Sveinsson, Jón Ólafsson.
A. merkir A. Ólafsson.

Viðaukatillaga E. K.

Fyrir: «Upp í lán það . . . . . gjaldast eigi af því»,

komi: «Stykkishólmskirkju veitist frestur fyrir fjárhagstímabilið á að greiða vexti af láni því, er hún fjekk árin 1878 og 1879 (2000 + 1000) alls 3000 kr., og sem við árslok þetta ár er orðið 2440 kr., og sömuleiðis jafnlangur frestur á afborgun skuldarinnar».

Við 2. málsgrein:

Í staðinn fyrir: 1888 komi: 1885

og í staðinn fyrir: $^1/_{10}$ komi: $^1/_8$ N.

Viðaukatillaga Lh.

«Stjórninni veitist heimild til að verja, ef brýna nauðsyn ber til, allt að 100,000 kr. af innstæðufje viðlagasjóðsins til að afstýra hallæri í landinu».

Við 5. gr.

Breytingartillaga Lh.

Við 1. tölul. Í staðinn fyrir. 4000 4500 8500
komi: 3650 4150 7800
Innanstriks bætist inn í:
«Oddaprestakalli eptir gefast 300 kr. af árgjaldinu hvort árið».
Ístaðinn fyrir: 4000 4500 8500
komi: 3500 4000 7500 N.

Við 10. gr.

A. 3. Í staðinn fyrir: 3000 3000 6000
komi: 2500 2500 5000 N.

B. 1. b. Til hreppstjóra 6000 6000 N.

— 3. Í staðinn fyrir: 4000 4000
komi: 3700 3700 N.

— 4. Í staðinn fyrir: 3200 3200
komi: 3100 3100 N.

— - Í staðinn fyrir: «Önnur útgjöld (1884) 3200»
komi: «Önnur útgjöld þar af til málaflutnings við hæstarjett, Levinsen, 800 kr. 4000 A—J.

C. 3. Í staðinn fyrir: 1170 1170
komi: 1300 1300 N.

— 5. Fyrir: «einkanlega póstvegi» komi: «sem eru póstvegir». A.

— 5. a. Í staðinn 5. a í stjórnarfrumvarpinu
komi: «Til að bæta fjallvegi, einkanlega póstvegi. Hjeraf verjist allt að 2500 kr. hvort árið til að fá vegafróðan mann frá útlöndum». N.

— - b. Í staðinn fyrir 5. b í stjórnarfrumvarpinu
komi: «Til að styrkja að helmingi sýsluvegasjóði á aðalpóstleiðum N.

— 7. Í staðinn fyrir: 3000 3000
komi: 2800 2800 N.

— 8. Í staðinn fyrir: 500 500
komi: 1000 1000 N.

— 11. Í staðinn fyrir: 1200
komi: 1100 N.

Við 11. gr.

2. tölul. Í staðinn fyrir: 4248 2248 6496
komi: 2248 2248 4496 N.

Við 12. gr.

1. tölul. Í staðinn fyrir: 5050 5050 10100
komi: 6600 6600 13200 N.

2. —— Í staðinn fyrir: 12400 12400 24800
komi: 18600 18600 37200 N.

3. —— Ístaðinn fyrir: 2050 2050 4100
komi: 2300 2300 4600 N.

Við 13. gr.

A. b 2. Í staðinn fyrir: 7000 7000
komi: 5000 5000 N.

— — 4. Í staðinn fyrir: 2000 2000
komi: 4200 4200 N.

— — 5. Í staðinn fyrir: 240 240
komi: 50 50 N.

— — 10. Falli burtu.

Breytingartillaga Lh. bætist við sem 11. liður:
»Bráðabyrgðarupphót á Stóruvalla prestakalli í Rángárvallasýslu 300 300

B. I. b. 1. Í staðinn fyrir: 1200 1200
komi: 960 960 N.

— — — 2. Í staðinn fyrir: 600 600
komi: 400 400 —

— — — 5. Í staðinn fyrir: 140 140
kom: 120 120 —

— — — 7. Í staðinn fyrir: 150 150
komi: 100 100 —

— II. a. Í staðinn fyrir: 3200 3200
komi: 3000 3000 —

— — b. Ístaðinn fyrir: 160 160
komi: 320 320 —

— III. a. Í staðinn fyrir: 18200 18200
komi: 16200 16200 A.—J.

III. b. Handa dyraverði. Í staðinn fyrir: 1000
komi: 900 N.

— — c. 4. Í staðinn fyrir: 1600 kr.
komi: 2400 A.—J.

— — — Í staðinn fyrir: 1600
komi: 1500 N.

— — 7. Í staðinn fyrir: 1500
komi: 1200 —
— IV. b. 3. Í staðinn fyrir: 400
komi: 300 —
— — 4. Í staðinn fyrir: 500
komi: 400 —
— V. b. Ístaðinn fyrir: 2000 2000
komi: 2000 1500 N.
— — — c. Til alþýðuskólans í Flensborg 1800 kr. fyrra árið, en 1600 kr síðara árið).
Í staðinn fyrir: 4000 4000
komi: 3500 4000
Á eptir orðunum: «úr landssjóði» komi: «og að þeir standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna, amtsráðs eða sýslunefndar». N.
C. 4. a. Í staðinn fyrir: 400
komi: 500 N.
— — c. Í staðinn fyrir: 800
komi: 1000 N.

Við 15. gr.

Í stað: 50000 kr.
komi: 45000 — N.

Þar af til ekkjufrúr Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr. hvort árið.

Við 16. gr.

Viðauki nefndarinnar:

1.	Til spítalagjörðar í Reykjavík	20000 kr.
2.	Styrkur til þriggja lækna á Seyðisfirði, í Dalasýslu og á Akranesi 800 kr. til hvers um árið . . .	4800 —
3.	Styrkur til kennara Þorvaldar Thoroddsen til jarðfræðisrannsókna hjer á landi 1000 kr. hvort árið, og til utanlandsferða 1000 kr. hvort árið	4000 —
4.	Styrkur til gufubáta á Ísafjarðardjúpi og á Faxaflóa, 1500 kr. handa hvorum hvort árið . . .	6000 —
5.	Styrkur til kennara Benidikis Gröndals til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, 400 kr. á ári .	800 —
6.	Styrkur til Stefáns Jónassonar til að ljúka við sljettunarvjel	200 —
7.	Til að útvega laxfróðan mann frá útlöndum .	3000 —
8.	Til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja .	6000 —
		44800 kr.

Við 17. gr.

Í staðinn fyrir: 6000 kr.
komi: 4000 — N.

Við 18. gr.

Orðabreyting . . N.

277.

Breytingartillaga

við frv. *(nefndarinnar)* til fjárlaga 1884 og 1885.

16. gr. 3: Styrkur til kennara þorvaldar Thoroddsens til jarðfræðisrannsókna hjer á landi 1000 kr. hvort árið og til utanlandsferða 1000 kr. hvort árið . . . . . 4000 kr.

Breytist í: Styrkur til kennara Möðruvallaskóla, þar af 500 kr. hvort árið, til Þorvaldar Thoroddsens til jarðfræðisrannsókna, en 500 kr. 1884 til skólastjóra til að fara erlendis til að ganga undir próf í ensku og öðrum námsgreinum, er hann á að kenna . . . . . 1500 kr.

Jón Olafsson

278.

Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1884 og 1885 telst svo til, að tekjur Islands verði *875,032* kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar *549,932* kr.

		1884	1885	alls
		kr.	kr.	kr.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
	a) á ábuð og afnotum jarða	*18,000*	*18,000*	*36,000*
	b) á lausafje	*17,000*	*22,000*	*39,000*
2.	húsaskattur	*2,400*	*2,400*	*4,800*
3.	tekjuskattur	*13,000*	*13,000*	*26,000*
4.	aukatekjur	*19,000*	*19,000*	*38,000*
5.	vitagjald	*5,000*	*5,000*	*10,000*
6.	nafnbótaskattur	16	16	32
7.	erfðafjárskattur	2,500	2,500	5,000
8.	gjöld af fasteignarsölum	650	650	1,300
9.	gjöld fyrir leyfisbrjef	1,400	1,400	2,800
10.	útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	*36,000*	*36,000*	*72,000*
11.	aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	*125,000*	*125,000*	*250,000*
12.	aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	*18,000*	*18,000*	*36,000*
13.	tekjur af póstferðunum	*13,000*	*14,000*	*27,000*
14.	óvissar tekjur	1,000	1,000	2,000
	samtals	*271,966*	*277,966*	*549,932*

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðsins og fl. eru taldar *64,600* kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landssjóðsins, alls *39,300* kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls ..... *9,300* —	30,000	30,000	60,000
2. leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyarsýslu	*1,800*	*1,800*	*3,600*
3. tekjur af kirkjum	*500*	*500*	*1,000*
samtals	*32,300*	*32,300*	*64,600*

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að 60,000 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins ..... Uppí lán verður borgað: á árinu 1884 11,136 kr. 73 a. - — 1885 10,885 — 72 — 22,022 kr. 45 a.	30,000	30,000	60,000
samtals	30,000	30,000	60,000

Stjórninni veitist heimild til að gefa eptir leigur af lánum þeim, er veitt hafa verið ýmsum sýslum 1882 og 1883 til þess að sporna við hungursneyð, til ársloka 1885, mót því að frá þeim tíma greiðist af þeim 4 % í leigur, og að $^1/_8$ hluti þeirra endurgreiðist síðan á ári hverju.

Stykkishólmskirkju veitist frestur fyrir fjárhagstímabilið á að greiða vexti af láni því, er hún fjekk árin 1878 og 1879 (2000 + 1000) alls 3000 kr., og sem við árslok þetta ár er orðið 2440 kr. og sömuleiðis jafnlangur frestur á afborgun skuldarinnar.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin *17,500* kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum, samkvæmt lögum 27. febr. 1880	*3,500*	*4,000*	*7,500*
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	3,000	3,000	6,000
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals	*8,500*	*9,000*	*17,500*

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 183,000 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	32,500	30,500	63,000
samtals	92,500	90,500	183,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1884 og 1885 veitast til útgjalda *875,032* kr. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—18. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1884: 12,400 kr., og árið 1885: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi 1885 veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast *359,732* kr. 38 a.

	1884	1885	alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. Laun embættismanna	19,300	19,300	38,600
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	*3,000*	*3,000*	*6,000*
	26,100	*26,100*	*52,200*
B. Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun: *a.* til dómara og sýslumanna	71,736.19	71,736,19	
b. til hreppstjóra	*6,000*	*6,000*	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,000	1,000	
3. til hegningarhússins og fangelsanna	*3,700*	*3,700*	
4. önnur útgjöld	*3,100*	*3,100*	
	85,536,19	*85,536,19*	*171,072 38*
C. Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur	1,800	1,800	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	1,200	1,200	
flyt	3,000	3,000	223,272, 38

	1884	1885	alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar....	3,000	3,000	223,272, 38
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	*1,300*	*1,300*	
4. styrkur til eflingar búnaði.....	20,000	20,000	
Landshöfðingi úthlutar helmingi til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda, og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða. Hinum helmingi fjárins úthlutar landshöfðingi með hliðsjón af tillögum amtsráðanna, að hálfu milli búnaðarfjelaga og búnaðarskóla.			
5. til vegabóta:			
a. til að bæta fjallvegi, einkanlega póstvegi Hjer af verjist allt að 2,500 kr. hvort árið til að fá vegafróðan mann frá útlöndum.	*12,000*	*12,000*	
b. til að styrkja sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum	*8,000*	*8,000*	
6. til gufuskipsferða	18,000	18,000	
7. til vitans á Reykjanesi	*2,800*	*2,800*	
8. til vörðuvita	*1,000*	*1,000*	
9. til ferðakostnaðar samkvæmt lögum 2. nóvbr. 1877, 3. gr.	600	600	
10. til þess að gefa út «Lovsamling for Island»	.....	.....	1,960
11. til að endurbæta Vestmannaeyja-kirkju.....	.....	.....	*1,100*
	66,700	*66,700*	*133,400*
samtals....	.....	.....	*359,732,38*

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast *79,948* kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	37,726	37,726	75,452
2. önnur útgjöld	*2,248*	*2,248*	*4,496*
samtals....	*39,974*	39,974	*79,948*

12. gr. Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði *55,000* kr.:

	1884	1885	alls
	kr	kr.	kr.
1. Laun	*6,600*	*6,600*	*13,200*
2. póstflutningur	*18,600*	*18,600*	*37,200*
3. önnur útgjöld	*2,300*	*2,300*	*4,600*
samtals .	*27,500*	*27,500*	*55,000*

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast *205,718* kr. 38 a.:

	1884	1885	alls
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
a. laun	8,432	8,432	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla, samkvæmt lögum 27. febr. 1880 1. gr.	6,500	6,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	*5,000*	*5,000*	
3. til nokkurra brauða í fyrrverandi Hólastipti	600	600	
4. viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafaprests og prestaekkna, samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 6. gr.	*2,000*	*2,000*	
5. viðbót við eptirlaun 1 uppgjafa-prests, er hefur fengið lausn, eptir að lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta komu út	*50*	*50*	
6. til prestaekkna og barna	2,500	2,500	
7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
8. endurgjald handa prestinum í Vestmannaeyjum fyrir tekjumissi	1,443, 19	1,443, 19	
9. endurgjald handa prestinum að Goðdölum fyrir tekjumissi	20	20	
	27,545, 19	27,545, 19	55,090, 38
B.			
Kennslumálefni:			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	10,316	10,316	
b. önnur útgjöld:			
	1884.	1885.	
1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum, 80 kr. handa hverjum . . .	*960* kr.	*960* kr.	
2. 2 ölmusur . .	*400* —	*400* —	
3. til tímakennslu .	100 —	100 —	
4. til bókakaupa .	300 —	300 —	
5. til eldiviðar og ljósa	*120* —	*120* —	
6. til umsjónar . .	*100* —	*100* —	
7. ýmisleg útgjöld .	*100* —	*100* —	
	2,080	*2,080*	
	12,396	*12,396*	*24,792*
II. Til læknaskólans:			
a. laun	*3,000*	*3,000*	
b. önnur útgjöld:			
	1884.	1885.	
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor . . .	400 kr.	400 kr.	
2. eldiviður, ljós og ræsting	100 —	100 —	
3. til bókakaupa og verkfæra . . .	600 —	300 —	
flyt . . .	1,100 —	800 —	3,000	3,000	79,882, 38

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr. a.
fluttar . . . 1,100 — 800 —	3,000	3,000	79,882, 38
4. ferðastyrkur handa læknaefnum . . 300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 4 lærisveinum . *320* — *320* —			
6. ýmisleg útgjöld . 100 — 100 —	*1,820*	*1,520*	
	1,820	*1,520*	*9,340*
III. Til hins lærða skóla:			
a. laun	18,200	18,200	
b. aðstoðarfje:			
handa söngkennaranum . . . . 600 kr.			
— fimleikakennaranum . . 700 —			
— dyraverði . . . . . *900* —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans . . . . 300 —	*2,500*	*2,500*	
c. önnur útgjöld:			
1. til bókasafns skólans . . . . 600 —			
2. til eldiviðar og ljósa . . . . 1200 —			
3. til skólahússins utan og innan . . . . . 1500 —			
4. til tímakennslu . . . . . *1500* —			
5. ölmusur . . . . . 8000 —			
6. þóknun handa lækni . . . 100 —			
7. ýmisleg útgjöld . . . . . *1200* —			
8. fyrir prestsverk . . . . . 48 —			
	14,148	*14,148*	
	34,848	*34,848*	*69,696*
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhalda kaupa við kennsluna . . . . . 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa . . . . 400 —			
3. til skólahússins utan og innan . . . . . *300* —			
4. ýmisleg útgjöld . . . . . *300* —			
	1,400	*1,100*	
	8,000	*8,000*	*16,000*
V Til annarar kennslu:			
a til kvennaskóla	3,000	3,000	
b. til barnaskóla	2,000	*1,500*	
c. til alþýðuskóla (þar af án skilyrðis til skólans í Flensborg 1800 kr fyrra árið, en 1600 kr síðara árið)	*3,500*	4,000	
Styrkur eptir staflið a., b og c veitist með því skilyrði, að skólar þessir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði og að þeir standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna, amtsráðs eða sýslunefndar.			
flyt . . .	8,500	8,500	174,918 38

	1884	1885	alls
	kr	kr.	kr. a.
fluttar ...	8,500	8,500	174,918 38
d. til kennara í organslætti og sönglist. og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000	1,000	
	9,500	9,500	19,000
C.			
1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga	2,800	2,800	
2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi	400	400	
3. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
4. til forngripasafnsins:			
a. til forngripakaupa og áhalda . *500* kr.			
b. til umsjónar . . . . . 200 —			
c. til rannsóknar fornmenja . . *1,000* —			
	1,700	1,700	
	5,900	5,900	11,800
samtals ...	. . . . .	. . . . .	205,718 38

14. gr. Til skyndiláns handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 10000 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast *45,000* kr.; þar af til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr. hvort árið og til ekkjufrúar G. Brynjúlfssonar í Kaupmannahöfn 150 kr. hvort árið.

16. gr. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast *22,800 kr.*

1. Styrkur til þriggja lækna á Seyðisfirði, í Dalasýslu og á Akranesi 800 kr. til hvers um árið	4800 kr.
2. Styrkur til kennara Þorvaldar Thoroddsens til jarðfræðisrannsókna hjer á landi 1000 kr. hvort árið	2000 —
3. Styrkur til gufubáta á Ísafjarðardjúpi og á Faxaflóa, 1500 kr. handa hvorum hvort árið	6000 —
4. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að semja þjóðmenningarsögu Nordurlanda 400 kr. á ári	800 —
5. Styrkur til Stefáns Jónassonar til að ljúka við sljettunarvjel . .	200 —
6. Til að útvega laxfróðan mann frá útlöndum	3000 —
7. Til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja	6000 —
	22800 kr.

17. gr. Til óvissra útgjalda veitast *4000 kr.*

18. gr. Afganginn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði *32433 kr. 24 aur.*, skal leggja í viðlagasjóðinn.

Bókaverði Eiríki Magnússyni, meistara í Cambridge, veitist 5400 kr. lán gegn veði í lífsábyrgðarskýrteini, eða gegn annari viðunanlegri veðtryggingu.

279.

Breytingar- og viðaukatillögur

við fjárlögin, eins og þau voru samþykkt við 2. umr. í neðri deild.

I. Við 4. gr.

Bætist innanstriks svo látandi athugasemd:

»Lánunum úr viðlagasjóði gegn veði í Laugarnesi og laxveiðinni í Elliðaánum skal uppsegja«. J. G.—H. Cl.

II. Á undan síðasta kafla greinarinnar bætist inn í:

»Stjórninni veitist heimild til að verja allt að 100.000 kr. af fje viðlagasjóðsins, ef brýna nauðsyn ber til, til að afstýra hallæri í landinu, með því að veita sýslunefndum og amtsráðum lán, er sjeu vaxtalaus til 11. júní 1885, en að öðru leyti bundin þeim ákvörðunum, er alþingi 1885 samþykkir um afborgun og vexti«. Lh.

III. Við 10. gr. C. 4.

Í stað síðari hluta athugagreinarinnar komi:

»Hinum helmingi fjárins úthlutar landshöfðingi að hálfu milli búnaðarfjelaga eptir tillögum amtsráða, en að hálfu milli búnaðarskóla«. N.

J. G. — H. Cl. merkir Jakob Guðm., Gr. Thomsen, B. Sveinsson, A. Ólafsson, J. Ólafsson, F. S. Stefánsson og Holger Clausen.

Lh. — merkir landshöfðingja.

B. Sv. — J. G. merkir B. Sveinsson, Gr. Thomsen, F. S. Stefánsson, Egilsson, J. Ólafsson og Jakob Guðmundsson.

E. K—E. merkir: E. Kúld, F. S. Stefánsson, B. Sveinsson, E. Briem, Gr. Thomsen, Þork. Bjarnason og Egilsson.

B. Sv.—Þ. J. merkir: B. Sveinsson, Gr. Thomsen, Þork. Bjarnason, F. S. Stefánsson, Ólafur Pálsson, Þórður Magnússon, Þorsteinn Jónsson.

Gr. Th.—B. Sv. merkir: Gr. Thomsen, A. Ólafsson, L. Blöndal, Egilsson, Holger Clausen, Þork. Bjarnason, G. Briem, F. S. Stefánsson, J. Ólafsson, B. Sveinsson.

E. K.—J. O. merkir: E. Kúld, Gr. Thomsen, L. Blöndal, Tr. Gunnarsson, Jak. Guðmundsson, Jón Ólafsson.

N. merkir: Fjárlaganefndin.

Þ. B.—J. G. merkir: Þ. Böðvarsson, E. Kúld, M. Andrjesson, Th. Thorsteinson, L. Blöndal, Holger Clausen, J. Guðmundsson.

J. G.—H. Cl, merkir: J. Guðmundsson, Jón Ólafsson, B. Sveinsson, Þ. Bjarnason, F. S. Stefánsson, G. Briem, Þór. Böðvarsson, Magnús Andrjesson, Holger Clausen.

A. Ó.—B. S. merkir: A. Ólafsson, E. Kúld, Egilsson, Þ. Böðvarsson, J. Ólafsson, B. Sveinsson.

M. A.—Þ. G. merkir: M. Andrjesson, E. Kúld, Egilsson, L. Blöndal, Th. Thorsteinson, Þorl. Guðmundsson.

E.—Þ. B. merkir: Egilsson, B. Sveinsson, E. Kúld, J. Ólafsson, J. Guðmundsson, Þ. Böðvarsson.

Þ. B.—H. Cl. merkir: Þ. Böðvarsson, Þ. Bjarnason, F. S. Stefánsson, Gr. Thomsen, E. Kúld, Þ. Magnússon, Þ. Jónsson, G. Briem. J. Guðm., H. Clausen.

H. F.—Th. merkir: H. Friðriksson, Egilsson, G. Briem, E. Briem, L. Blöndal, Th. Thorsteinson.

T. G.—G. Th. merkir: Tr.Gunnarsson, Th. Thorsteinson, Egilsson, L. Blöndal, G, Briem. Þ. Bjarnason, G. Thomsen

IV. Við 12. gr.

Fyrir »1. Laun 6600 — 6600 — 13,200«
komi:
»1. Laun 7000 — 7000 — 14,000«. Þ. B.—J. G.

V. Við 13. gr.

1. A. b. Á eptir 9. tölul. komi:
»Bráðabyrgðaruppbót á Stóruvallaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi 200 kr. — 200 kr. M. A.—Þ. G.

2. Nýr töluliður 10. »Bráðabyrgðaruppbót á Húsavíkurbrauði 200 — 200.« E.—Þ. B.

3. B. III. c. 5. Í staðinn fyrir 8000 kr. innanstriks komi utanstriks:

1884	1885	
7000 —	6000	B. Sv.—J. G.

4. B. V. b. Í staðinn fyrir: 2000 — 1500
komi; 2000 — 2000 Þ. B.—H. Cl.

5. B. V. c. Í staðinn fyrir orðin, sem standa milli sviga (þar af . . . árið) komi: (þar af til skólans í Flensborg 1800 kr. fyrra árið, en 1600 kr. síðara árið án skilyrðis, hvað annað fjártillag snertir) N. og E. K.—J. O.

VI. Við 15. grein.

1. Í staðinn fyrir: 45000 kr. komi: 56000 kr. Lh.

2. «Þar af til ekkjufrúr Valgerðar Ólafsdóttur o. s. frv.
fyrir: 200
komi: 300« E.—Þ. B.

3. Til ekkjufrúr G. Brynjúlfssonar
í staðinn fyrir: 150
komi: 200 A. Ó.—B. S.

4. Aptan við greinina bætist:
Ekkjufrúr Elínar Thorsteinsen 200 kr. hvort árið.
—— Önnu Johnsen 150 — — —
—— Guðr. Guðjohnsen 300 — — —
Meðan sýslumaður Þorsteinn Jónsson er settur málaflutningsmaður við yfirrjettinn, skal að eins draga helming málaflutninslauna frá eptirlaunum hans. N.

VII. Við 16. gr.

1. Sem 1. liður komi:
Til spitalabyggingar í Reykjavík 15000 kr. H. F.—Th.

2. 1. tölul. «Styrkur til þriggja lækna, til læknis í Dalasýslu og
Bæjarhrepps í Strandasýslu . . . 900 kr.
til læknis á Seyðisfirði . . . . 800 —
til læknis á Akranesi . . . . 700 —
hvert ár, alls á fjárhagstímabilinu . . 4800 kr.» J. G.—H. Cl.

3. Á eptir 2. stafl. komi nýr 3. stafl. svo látandi:
Ferðakostnaður til útlanda handa einum íslenzkum kandidat, sem aflokið hefur embættisprófi 2000 kr.

(Tölur stafliðanna sem á eptir fylgja breytast eptir þessu) E. K.—E.

4. Við 2. stafl. Í staðinn fyrir: «hvort ár» komi:
«um fjárhagstímabilið, og 1000 kr. í ferðastyrk til útlanda alls 2000 kr.« T. G.—G. Th.

5. Við 7. stafl. (til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja)
Í staðinn fyrir: 6000 kr.
komi: 4000 — B. Sv.—Þ. J.

VIII. Við 17. gr.
(óviss útgjöld) bætist svo látandi athugasemd:
«Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eður embættismannaefna» Gr. Th.—B. Sv.

IX. 19. gr.
Ef frumvarp til laga:
um breyting á skipun prestakalla,
— stofnun landsbanka á Íslandi,
— stofnun landsskóla á Íslandi,
— eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsanna,
— breyting á 2. og 3. gr. í lög. 11. febr. 1876,
— breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna,
— eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra,
— afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841,
— toll af tóbaki o. fl.
ná gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju og gjaldamegin samkvæmt frumvörpum þessum.

X. 20. gr.
Allar þær fjárveitingar, er eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum, eða öðrum gildandi ákvörðunum samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda einungis fyrir fjárhagstímabilið.

280.

Nefndarálit

um fjáraukalög fyrir árin 1882 og 1883.

Nefndin sjer eigi ástæðu til, að fallast á breytingu þá, sem gjörð hefur verið á frumvarpi þessu í efri deild, að veita hinum fyrverandi presti að Stóruvöllum, Guðmundi Jónssyni 200 kr., og ráðum því hinni heiðruðu deild, til að fella aptan af 5. gr. 1. A. b. 2.: «og til prestsins 200 kr.».

Alþingi 10. dag ágústmánaðar 1883.

Tr. Gunnarsson. formaður. H. Kr. Friðriksson, framsögumaður. Egilsson. Eiríkur Briem, skrifari. Lárus Blöndal.

Th. Thorsteinson. Þorlákur Guðmundsson.

281.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um stofnun landsskóla á Íslandi.

(Frá 2. þingmanni Eyfirðinga og þingmanni Norður-Þingeyinga).

1. Við 4. gr. a. I staðinn fyrir orðin: «og nú eru» komi: «sem ákveðin eru í lögum kennendum prestaskólans og læknaskólans».
   b. Í staðinn fyrir: «3600 krónur» komi: «4000 krónur».
2. Við 7. gr. Fyrir orðin: «Lög þessi — — 1886» komi: «Skólinn tekur til starfa eptir lögum þessum 1. dag októbermánaðar 1885».

282.

Viðaukauppástungur

við frumvarp til laga um breytingar á lögum um laun íslenzkra embættismanna 15. október 1875.

(Frá minni hluta nefndarinnar).

Aptan við 5. gr. bætist:

Fyrsta kennara við prestaskólann skal veita 2800 kr. og öðrum kennara 2400 í árleg laun.

Aptan við 6. gr. bætist:

Fyrsta og öðrum kennara við lærða skólann skal veita í árleg laun 2800 kr. hvorum um sig.

Þriðja, fjórða og fimmta kennara við lærða skólann skal veita í árleg laun 2400 kr. hverjum um sig.

Til vara: í staðinn fyrir «þriðja, fjórða og fimmta« komi: «þriðja og fjórða».

283.

Nefndarálit

í málinu: «Frumvarp til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða».

Við þriðju umræðu máls þessa hefur hin heiðraða deild kosið oss í nefnd, til að íhuga mál þetta, og höfum vjer átt fundi með oss til þess.

Vjer erum allir á einu máli um það, að rjett sje að greiða fyrir verzlunarviðskiptum manna með því, að fjölga verzlunarstöðum. Með því sparast hinar miklu fjereiður, tímatafir og hrakningur á mönnum, hestum og varningi, sem langar verzlunarferðir hafa í för með sjer. Að hinu leytinu sjáum vjer ekki svo brýna ástæðu til að halda óröskuðum þeim mismun rjettinda, sem lög gjöra á lausakaupmönnum og fastakaupmönnum, þeim sem aðeins hafa verzlunarstjóra hjer á landi, en búa erlendis. Þessi mismunur rjettindanna minnkar að sama skapi, sem verzlunarstaðirnir fjölga.

Það sem oss nefndarmenn greinir á í þessu máli er það, að Á. Thorsteinson hyggur ekki nægа ástæðu, sökum siglingar- og verzlunarleyfis þess, sem veitt er í lögum 7. nóv. 1879, til að löggilda

1. Sveinseyri við Tálknafjörð í Barðastrandarsýslu.
2. Skarðsstöðina við Gilsfjörð í Dalasýslu.
3. Hrúteyri við Reyðarfjörð í Suður-Múlasýslu.
4. Stokkseyri í Árnessýslu og
5. í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu,

en við, hinir nefndarmennirnir, álítum ekki nægа ástæðu til að fella þá úr frumvarpi þessu.

Að því er kemur til Búðardals við Hvammsfjörð í Dalasýslu, þykir nefndinni

líkur til að Vestliðaeyri ekki síður eða jafnvel sje betur fallin til verzlunarstaðar, og leggur hún því það til, að eigi sje þegar fast ákveðið á hverjum staðnum verzlunarstað skuli löggilda. Fyrir því stingur hún upp á að landshöfðingi hafi fullnaðaratkvæði um það mál, þá er búið sje að mæla skipaleiðir um Hvammsfjörð og hafnarstæði innst í honum.

Nefndin leyfir sjer því, að koma fram með þá breytingartillögu

við b. Í staðinn fyrir þenna stafl. komi: «Búðardalur við Hvammsfjörð, eða Vestliðaeyri í Dalasýslu. Landshöfðingi ákveður hvor staðurinn skuli vera verzlunarstaður þá er glögg skýrsla er fengin um, hvor betur sje til fallinn.«

B. Kristjánsson. framsögumaður. Skúli Þorvarðsson. Árni Thorsteinson formaður.

284.

Fylgiskjal

við nefndarálit í málinu: Frumvarp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Ákvarðanir um stundarsakir.

1.

Orðin: «6. jan. 1857 — framvegis» breytist í: «14. sept. 1877» og fyrir: «14., 17. og 18.» komi: «17., 20. og 21.» — Síðari málsgreinin orðist þannig: «Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna skal, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skipt þannig niður, að þær sýslur, er nú skal greina: 1) Gullbringu- og Kjósar, 2) Árness- 3) Rangárvalla, 4) Skaptafells, 5) Ísafjarðar ásamt Ísafjarðarkaupstað, 6) Húnavatns, 7) Skagafjarðar, 8) Eyjafjarðar ásamt Akureyrarkaupstað. 9) Þingeyjar, 10) Norðurmúla og 11) Suðurmúlasýslur kjósa 2 alþingismenn hver, en hinar aðrar sýslur á Íslandi og Reykjavíkurkaupstaður kjósa 1 alþingismann hver.

2.

falli burtu.

3.

Í staðinn fyrir: «dómstólana» komi: «æðsta dómstól landsins». Eptir orðin: «með lögum» bætist: «sem alþingi og ríkisþing Dana samþykkir».

285.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða.

Nefndin ræður hinni heiðruðu deild til þess að fallast á frumvarp þetta, eins og það er orðað, en með talsverðum viðaukum, sem allir miða að því, að tryggja sem mest að leyfi það, sem þannig er veitt útlendum, ekki verði til þess að skerða atvinnuveg vorn, og ennfremur til þess að reyna að koma því á, að lögbundið og sterkt eptirlit sje haft á veiði þeirri, sem þannig er rekin.

Ástæðurnar fyrir hinum einstöku greinum skulu hjer færðar til stuttlega.

Við 2. gr. Eins og frumvarp n. d. tekur fram, nær leyfið að eins til þess, að skipið *„sje tekið á leigu“* og álítur nefndin það rjett vera, að fylgt sje þeirri aðalreglu, er af þessu leiðir, og sem er, að arður sá, sem að leiðir af fiskveiðinni, falli til þess, er skip

tók á leigu, sem *ein heild*. Samningur sá, sem lýtur að því, að hluti veiðar, meiri eða minni, falli til skipseiganda, getur því eigi komizt að, og álítum vjer þetta í öllu vera samkvæmt skoðun neðri deildar. Þegar svo stendur á, verður úr leigusamningum samlagsveiði, er hinn útlendi veiðir sjer að meiru eða minna gagnvart lögum þeim, er nú gilda, og ber engin ástæða til þess, að útlendingum sje gjörð slík ívilnun, sem mundi verða skaðleg fyrir Íslendinga.

Að leigusamningur fylgi skipinu á ferðum þess, er nauðsynlegt sökum eptirlits, er þarf að hafa með skipinu á þeim stöðum, er það kemur á.

3. gr. Öll nauðsyn virðist bera til þess, að leyfi ekki sje veitt, nema hinir útlendu menn gangist undir það skilyrði, að hlýða öllum þeim sömu lögum sem Íslendingar. Þetta leiðir af sjálfu sjer, í hið minnsta um alla veiði í landhelgi, en getur aptur á móti orðið vafasamt fyrir utan landhelgi, t. a. m. um fiskiveiðasamþykktir, skemmdir á veiðarfærum landsbúa og fleiri afbrot, er það kemur fram að skipið sjálft og skipverjar eru útlendir, þó að þeir veiði á innlendum skipum. Grein þessi virðist því vera mjög þarfleg.

4. og 5. gr. Þegar hreinn og beinn leigusamningur er fyrir hendi eins og frumvarpið ákveður, virðist rjett vera, til þess að afgreiðsla verði fljótari, að lögreglustjóri veiti leyfið, en aptur sje hann háður eptirlitum landshöfðingja í hvert einstakt skipti með því að honum er gjört að skyldu að senda eptirrit af samningnum.

Þareð það er tilgangur laganna, að leyfið sje veitt strax, þegar verulegur leigusamningur hefur verið gjörður, en einstakar ákvarðanir á stundum kunna að vera gjörðar í honum, sem lúta að ýmsum aukaatriðum, er þeir er hlut eiga að máli verða að haga sjerstaklega, sökum ýmsra atvika, hefir nefndin afráðið að leggja það til, að landshöfðingi veiti leyfið þegar svo stendur á, og grundvallarreglum þeim, sem settar eru, má virðast að vera fullnægt. Þó að æskilegt hefði verið að komast hjá þessari ákvörðun, sjer nefndin það ekki fært, því afleiðingin af því að þessi ákvörðun ekki væri gjörð, hlyti að verða annaðhvort sú, að landsmönnum yrði bægt frá að fá leyfi eptir samningi, sem í öllu öðru, en aukaatriðum, er fullnægjandi, eða að öðrum kosti, að útlendingum yrði leyfð meiri eða minni veruleg sjerveiði, en það er ekki tilgangur þessa frumvarps.

6. gr. Þar eð útlend skip, þó að þau veiði landsmönnum, allt fyrir það eru útlend, og hafa að meiru eða nokkru útlenda háseta, er sanngjarnt að gjald sje greitt fyrir eptirlit með þeim, á líkan hátt og lögboðið er í lögum 17. des. 1875.

7. gr. Meiri hluti nefndarinnar (E. Á. og Á. E.) eru á því, að grein þessi sje nauðsynleg, einkum síðari hluti hennar eptir því sem ástatt er á Eyjafirði og Austfjörðum. Minni hlutinn (Á. Th.) ber nokkurn vafa á það, meðfram sökum þess að hann ekki álítur sjer fært að dæma um nauðsyn og afleiðingar þessarar ákvörðunar að svo komnu, og þykir ekki sjerleg þörf að taka fram fyrsta atriði greinarinnar, sem er samhljóða frumvarpi því um fiskiveiðar hlutafjelaga, er þingið hefur samþykkt. Um þetta atriði mun verða skýrt nákvæmar við umræðu málsins.

8. gr. Er samhljóða frumvarpi því, er þingið hefur fallizt á um fiskiveiðar hlutafjelaga.

Tillögur og viðaukauppástungur nefndarinnar eru því:

Framan við frumvarpið bætist:

1. gr. »,«í niðurlagi frumvarpsins verður», ». þar á eptir komi: «ef fullnægt er skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum».

2. gr. Þá er útlent skip er tekið á leigu til fiskiveiða, skal gjöra um það skriflegan samning milli þess, er selur skip á leigu og hins er tekur skipið á leigu, og sje þar skýrt kveðið á um upphæð skipsleigunnar og annars þess, er sá er skyldur að greiða, er skip tekur á leigu. Eigi má semja svo um, að skipseigandi eða sá, er selur skipið á leigu, hafi hlutaveiði móti þeim er skip tekur á leigu. Skipleigusamninginn skal skipstjóri hafa meðferðis á skipi sínu, meðan samningstíminn stendur yfir.

3. gr. Skipstjóri og hásetar hins útlenda skips skulu enn fremur rita undir skuldbindingu að fara í öllu eptir íslenzkum lögum, meðan þeir stunda veiði hjer við land samkvæmt skipleigusamningnum, og án tillits til þjóðernis þeirra sæta ábyrgð fyrir afbrot eptir íslenzkum lögum og dómi hjer á landi.

4. gr. Áður en byrjuð er veiði á útlendu skipi skal sýna skipleigusamninginn lögreglustjóra og afhenda honum skuldbinding skipverja; rannsakar hann, hvort ákvæðum laga þessara er fullnægt í öllum greinum. Álíti lögreglustjóri svo vera, skrifar hann leyfi sitt á samninginn til þess að skipið megi nota til veiðiskapar hjer við land um ákveðinn tíma frá þeim degi að telja, og má tími sá eigi vera lengri en 12 mánuðir. Lögreglustjóri skal senda landshöfðingja eptirrit af samningnum á kostnað þess, er skipið tekur á leigu.

5. gr. Nú álítur lögreglustjóri, að skipleigusamningur sje gjörður á annan hátt en hjer er fyrir mælt, og synjar hann um leyfi sitt. Mega þá semjendur bera samning sinn undir úrskurð landshöfðingja, er hefur heimild til að samþykkja hann, ef hann álítur að grundvallarreglum laga þessara sje fullnægt í samningnum. Það er á valdi landshöfðingja að binda samþykki sitt þeim ákvörðunum um eptirlit, er honum þykir henta og heimta fje lagt í geymslu fyrir fram til tryggingar fyrir því, að fullnægt sje ákvæðum þeim er hann setur, þannig að það falli til landssjóðs án dóms og laga, ef út af er brugðið.

6. gr. Af útlendu skipi, sem tekið er á leigu til fiskiveiða, og af afla þess, skal lúka öll lögboðin gjöld, þar á meðal samkvæmt lögum 17. desember 1875, í fyrsta sinn, áður en skipið byrjar veiði 10 aura af hverri smálest, en 5 aura síðar í hvert skipti, er það hafnar sig. Þó skal gjald þetta eigi greitt nema í eitt skipti, er skipið fer hafna á milli í sama lögsagnarumdæmi, en annars í hvert skipti, er það kemur frá stöðum utanhjeraðs.

7. gr. Eigi má stunda neins konar veiði á opnum bátum frá skipum þeim, er ræðir um í lögum þessum. En heimilt er að flytja í útlend skip afla, er landsmenn hafa veitt á bátum, til þess að salta hann þar eður verka til verzlunarvöru á annan hátt. Þó þarf til þess leyfi lögreglustjóra, er skal binda slíkt leyfi þeim skilyrðum, sem hann álítur nægja til tryggingar fyrir því, að leyfið verði eigi notað til að fremja lagabrot. Um öll slík leyfi, er lögreglustjóri gefur, skal hann senda landshöfðingja skýrslu.

8. gr. Brot móti lögum þessum varða sektum allt að 2000 kr., er renna í landssjóð og sæta þau meðferð sem opinber lögreglumál.

Alþingi 10. ágúst 1883.

Árni Thorsteinson form. og framsögum. Á. Einarsson skrifari. Einar Ásmundsson.

286.

Breytingartillaga

við fjárlögin, eins og þau voru samþykkt við 2. umræðu í neðri deild.

		1884.	1885.
Í stað	10. gr. B. 4.: «önnur útgjöld	3,100 kr.	3,100 kr.
komi:	«önnur útgjöld, þar af 1000 kr. til erindreka alþingis, í Elliðáamálunum, er þingið kaus 1881	4,100 —	3.100«—

B. Sveinsson. Jón Ólafsson. Egilsson.
Jakob Guðmundsson. Þork. Bjarnason. Þórarinn Böðvarsson.

287.

Breytingartillaga

við fjárlögin fyrir 1884 og 1885.
(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).
(Frá nefndinni).

Við 15. gr.: Í staðinn fyrir «45,000» komi: «50,000 kr.»

288.

Viðaukatillaga

við breytingartillögu (H. F.—Th.) við 16. gr.

Aptan við: «Til spítalabyggingar í Reykavík 15000 kr.»
bætist: »móti því að bæjarsjóður Reykjavíkur leggi helming á móti, auk þess sem sjóður spítala þess, sem nú er í Reykjavík, leggist til sama fyrirtækis».

Jón Ólafsson. B. Sveinsson. Þorlákur Guðmundsson. Lárus Blöndal.
E. Kúld. Þórarinn Böðvarsson.

289.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða.

(Frá 3. konungkjörna þingmanni, þingm. Norður-Þingeyinga, 1. þingm. Rangæinga og 2. þingm. Eyfirðinga.)

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir »tveir skrifstofustjórar .... sem stjórnin ákveður« komi: «einn skrifstofustjóri, skipaður undir landshöfðingja með 4000 kr. árslaunum. Auka skal skrifstofufje landshöfðingja um 1000 kr. Mál þau, er nú eru lögð undir amtmennina, og eigi viðkoma þeim sem forsetum amtsráðanna, skal skipt milli landshöfðingja og sýslumanna, eptir reglum þeim, er ráðgjafinn fyrir Ísland ákveður».
2. 2. gr. orðist svo: «Í stað amtsráðanna komi fjögur fjórðungsráð, sitt í hverjum landsfjórðungi. Í Sunnlendingafjórðungi skulu vera þessi sýslufjelög: Vestur-Skaptafellssýsla, Rangárvallasýsla, Vestmanneyjasýsla, Árnessýsla, Gullbringu og Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla; í Vestfirðingafjórðungi: Mýrasýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla; í Norðlendingafjórðungi:

Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla og Norður-Þingeyjarsýsla; í Austfirðingafjórðungi: Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla og Austur-Skaptafellssýsla.

Fjórðungsráðin hafa allan hinn sama starfa á hendi sem amtsráðin hafa haft».

3. 3. grein orðist svo: «Í fjórðungsráði hverju skal vera einn fulltrúi úr hverju sýslufjelagi fjórðungsins, skal hann kosinn til 6 ára á manntalsþingum sýslunnar, og atkvæði talin saman að afloknum þingum af sýslumanni og tveim mönnum er sýslunefndin hefur til þess kvatt. Um kosningarrjett og kjörgengi til fjórðungsráðs gilda sömu atkvæði sem til sýslunefndar.

Þrem árum eptir að fjórðungsráð hefur verið sett í fyrsta skipti, gengur úr því eptir hlutkesti helmingur hinna kosnu fjórðungsfulltrúa, eður, ef tala þeirra stendur á stöku, þá meiri hlutinn, og skal kjósa aðra í staðinn. Að þrem árum liðnum ganga úr hinir, sem eptir eru, og svo frv., annar hluti ráðsins þriðja hvert ár.

Landshöfðingi skipar, auk hinna kosnu fjórðungsfulltrúa, forseta í fjórðungsráð hvert; hefur hann atkvæðisrjett í ráðinu, og að öllu sama ætlunarverk, sem amtmenn hafa haft í amtsráðunum.

Eigi er fundur fjórðungsráðs lögmætur nema meira en helmingur fjórðungsfulltrúa sje á fundi.

Forsetar og fulltrúar í fjórðungsráðunum hafa sömu fæðispeninga sem amtsráðsmenn hafa haft. Fyrir ferðakostnað og störf milli funda fá þeir og endurgjald eptir reikningi, er fjórðungsráðið samþykkir».

4. 4. gr. orðist svo: «Þar sem takmörk fjórðunganna verða önnur en takmörk amtanna hafa verið, skal skipta jafnaðarsjóðum og öðrum sameiginlegum sjóðum amtanna milli fjórðunganna eptir tiltölu við það, er goldið hefur verið til þeirra næstu 5 ár, áður en skiptingin fer fram. Um tekjur og gjöld fjórðungssjóðanna, er koma í staðinn fyrir jafnaðarsjóði amtanna, gilda hinar sömu ákvarðanir sem gilt hafa fyrir þá».

290.

Frumvarp

til viðaukalaga við tilskipun 4. maí 1872, 29. gr., um aukakosning til sýslunefndar.

(Samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

(Óbreytt eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deidl, sjá bls. 111 hjer að framan).

291.

Breytingartillaga

við breytingartillögu við 4. gr. fjárlaganna, eins og þau voru samþ. við aðra umræðu.

«Lánunum» hreytist í «láninu».

«Laugarnesi og» falli burt.

Jón Ólafsson.

292.

Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum,
(frá nefndinni).

1. Aptan við 1. gr. bætist: «en fjárforráð sín fær þurfamaður aptur, er hann sannar fyrir sýslumanni, að hann ekki lengur þiggi sveitarstyrk, og skal þá úrskurðinum aflýst».
2. Fyrir aptan orðin: «þeginn sveitarstyrk» í 2. gr. komi: «er hann eigi endurgeldur á annan hátt».
3. Fyrir aptan orðin: «til sveitarþyngsla» í 3. gr. komi: «að minnsta kosti um næstu 3 ár».

293.

Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885.
(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

I. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1884 og 1885 telst svo til, að tekjur Íslands verði *875,032* kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar *549,932* kr.

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	*18,000*	*18,000*	*36,000*
b) á lausafje	*17,000*	*22,000*	*39,000*
2. húsaskattur	*2,400*	*2,400*	*4,800*
3. tekjuskattur	*13,000*	*13,000*	*26,000*
4. aukatekjur	*19,000*	*19,000*	*38,000*
5. vitagjald	*5,000*	*5,000*	*10,000*
6. nafnbótaskattur	16	16	32
7. erfðafjárskattur	2,500	2,500	5,000
8. gjöld af fasteignarsölum	650	650	1,300
9. gjöld fyrir leyfisbrjef	1,400	1,400	2,800
10. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	*36,000*	*36,000*	*72,000*
11. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	*125,000*	*125,000*	*250,000*
12. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	*18,000*	*18,000*	*36,000*
13. tekjur af póstferðunum	*13,000*	*14,000*	*27,000*
14. óvissar tekjur	1,000	1,000	2,000
samtals	*271,966*	*277,966*	*549,932*

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðsins og fl. eru taldar *64,600* kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landssjóðsins, alls *39,300* kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls ..... *9,300* --	30,000	30,000	60,000
2. leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyarsýslu	*1,800*	*1,800*	*3,600*
3. tekjur af kirkjum	*500*	*500*	*1,000*
samtals	*32,300*	*32,300*	*64,600*

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að 60,000 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	30,000	30,000	60,000
Uppí lán verður borgað: á árinu 1884 11,136 kr. 73 a. - — 1885 10,885 — 72 — 22,022 kr. 45 a.			
samtals	30,000	30,000	60,000

Stjórninni veitist heimild til að gefa eptir leigur af lánum þeim, er veitt hafa verið ýmsum sýslum 1882 og 1883 til þess að sporna við hungursneyð, til ársloka 1885, mót því að frá þeim tíma greiðist af þeim 4 % í leigur, og að $^1/_8$ hluti þeirra endurgreiðist síðan á ári hverju.

Stykkishólmskirkju veitist frestur fyrir fjárhagstímabilið á að greiða vexti af láni því, er hún fjekk árin 1878 og 1879 (2000 + 1000) alls 3000 kr., og sem við árslok þetta ár er orðið 2440 kr. og sömuleiðis jafnlangur frestur á afborgun skuldarinnar.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin *17,500* kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum, samkvæmt lögum 27. febr. 1880	*3,500*	*4,000*	*7,500*
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	3,000	3,000	6,000
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals	*8,500*	*9,000*	*17,500*

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 183,000 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	32,500	30,500	63,000
samtals	92,500	90,500	183,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1884 og 1885 veitast til útgjalda *875,032* kr. samkvæmt þeim gjaldagreinum. sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—18. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1884: 12,400 kr., og árið 1885: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi 1885 veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 360,732 kr. 38 a.

	1884	1885	alls
A.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. Laun embættismanna	19,300	19,300	38,600
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	*3,000*	*3,000*	*6,000*
B.	*26,100*	*26,100*	*52,200*
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun: *a.* til dómara og sýslumanna	71,736,19	71,736,19	
b. til hreppstjóra	*6,000*	*6,000*	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,000	1,000	
3. til hegningarhússins og fangelsanna	*3,700*	*3,700*	
4. önnur útgjöld, þar af 1000 kr. til erindreka alþingis í Elliðáamálunum, er þingið kaus 1881.	*4,100*	*3,100*	
	85,536,19	*85,536,19*	*172,072,38*
C.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur	1,800	1,800	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	1,200	1,200	
flyt	3,000	3,000	224,272, 38

	1884	1885	alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	3,000	3,000	224,272, 38
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	*1,300*	*1,300*	
4. styrkur til eflingar búnaði	20,000	20,000	
Landshöfðingi úthlutar helmingi til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda, og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða. Hinum helmingi fjárins úthlutar landshöfðingi að hálfu milli búnaðarfjelaga eptir tillögum amtsráða, en að hálfu milli búnaðarskóla.			
5. til vegabóta:			
a. til að bæta fjallvegi, einkanlega póstvegi Hjer af verjist allt að 2,500 kr. hvort árið til að fá vegafróðan mann frá útlöndum.	*12,000*	*12,000*	
b. til að styrkja sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum	*8,000*	*8,000*	
6. til gufuskipsferða	18,000	18,000	
7. til vitans á Reykjanesi	*2,800*	*2,800*	
8. til vörðuvita	*1,000*	*1,000*	
9. til ferðakostnaðar samkvæmt lögum 2. nóvbr. 1877, 3. gr.	600	600	
10. til þess að gefa út «Lovsamling for Island»	.....	.....	1,960
11. til að endurbæta Vestmannaeyja-kirkju	.....	.....	*1,100*
	66,700	*66,700*	*133,400*
samtals	.....	.....	360,732, 38

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast *79,948* kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	37,726	37,726	75,452
2. önnur útgjöld	*2,248*	*2,248*	*4,496*
samtals	*39,974*	39,974	*79,948*

12. gr. Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði *55,800* kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	*7,000*	*7,000*	*14,000*
2. póstflutningur	*18,600*	*18,600*	*37,200*
3. önnur útgjöld	*2,300*	*2,300*	*4,600*
samtals .	*27,900*	*27,900*	*55,800*

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast *206,618* kr. 38 a.:

	1884	1885	alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun	8,432	8,432	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla, samkv. lög. 27. febr. 1880 1. gr.	6,500	6,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	*5,000*	*5,000*	
3. til nokkurra brauða í fyrrveranda Hólastipti	600	600	
4. viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafapresta og prestaekkna, samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 6. gr.	*2,000*	*2,000*	
5. viðbót við eptirlaun 1 uppgjafa-prests, er hefur fengið lausn, eptir að lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta komu út	*50*	*50*	
6. til prestaekkna og barna	2,500	2.500	
7. endurgj. handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
8. endurgjald handa prestinum í Vestmannaeyjum fyrir tekjumissi	1,443, 19	1,443, 19	
9. endurgjald handa prestinum að Goðdölum fyrir tekjumissi	20	20	
10. Bráðabirgðaruppbót á Stóruvallaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi	200	200	
	27,745, 19	27,745, 19	55,490, 38
B.			
Kennslumálefni:			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	10,316	10,316	
b. önnur útgjöld:			
	1884.	1885.	
1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum, 80 kr. handa hverjum . . .	*960* kr.	*960* kr.	
2. 2 ölmusur . .	*400* —	*400* —	
3. til tímakennslu .	100 —	100 —	
4. til bókakaupa .	300 —	300 —	
5. til eldiviðar og ljósa	*120* —	*120* —	
6. til umsjónar . .	*100* —	*100* —	
7. ýmisleg útgjöld .	*100* —	*100* —	
	2,080	*2,080*	
	12,396	*12,396*	*24,792*
II. Til læknaskólans:			
a. laun	*3,000*	*3,000*	
b. önnur útgjöld:			
	1884.	1885.	
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor . . .	400 kr.	400 kr.	
2. eldiviður, ljós og ræsting	100 —	100 —	
3. til bókakaupa og verkfæra . . .	600 —	300 —	
flyt . . .	1,100 —	800 —	3,000	3,000	80,282, 38

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr. a.
fluttar . . . 1,100 — 800 —	3,000	3,000	80,282, 38
4. ferðastyrkur handa læknaefnum . . 300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 4 lærisveinum . *320* — *320* —			
6. ýmisleg útgjöld . 100 — 100 —	*1,820*	*1,520*	
	1,820	*1,520*	*9,340*
III. Til hins lærða skóla:			
a. laun	18,200	18,200	
b. aðstoðarfje:			
handa söngkennaranum . . . . 600 kr.			
— fimleikakennaranum . . 700 —			
— dyraverði . . . . . *900* —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans . . . . 300 —	*2,500*	*2,500*	
c. önnur útgjöld:			
1. til bókasafns skólans . . . . 600 —			
2. til eldiviðar og ljósa . . . . 1200 —			
3. til skólahússins utan og innan . . . . . 1500 —			
4. til tímakennslu . . . . . *1500* —			
5. ölmusur . . . . . 8000 —			
6. þóknun handa lækni . . . 100 —			
7. ýmisleg útgjöld . . . . . *1200* —			
8. fyrir prestsverk . . . . . 48 —			
	14,148	*14,148*	
	34,848	*34,848*	*69,696*
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhalda kaupa við kennsluna . . . . . 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa . . . . 400 —			
3. til skólahússins utan og innan . . . . . *300* —			
4. ýmisleg útgjöld . . . . . *300* —			
	1,400	*1,100*	
	8,000	*8,000*	*16,000*
V. Til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla	3,000	3,000	
b. til barnaskóla	2,000	2,000	
c. til alþýðuskóla (þar af til skólans í Flensborg 1800 kr. fyrra árið, en 1600 kr. síðara árið án skilyrðis hvað annað fjártill. snertir). Styrkur eptir staflið a., b. og c. veitist með því skilyrði, að skólar þessir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði og að þeir standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna, amtsráðs eða sýslunefndar.	*3,500*	4,000	
flyt . . .	8,500	9,000	175,318, 38

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr. a.
fluttar ...	8,500	9,000	175,318, 38
d. til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000	1,000	
	9,500	10,000	19,500
C.			
1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga	2,800	2,800	
2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi	400	400	
3. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
4. til forngripasafnsins:			
a. til forngripakaupa og áhalda . *500* kr.			
b. til umsjónar . . . . . 200 —			
c. til rannsóknar fornmenja . . *1,000* —			
	1,700	1,700	
	5,900	5,900	11,800
samtals ...	. . . . .	. . . . .	206,618, 38

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 10000 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 50,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr. hvort árið og til ekkjufrúar G. Brynjúlfssonar í Kaupmannahöfn 150 kr. hvort árið. Til ekkjufrúar Elínar Thorsteinsen 200 kr. hvort árið, til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., og til ekkjufrúar Guðr. Guðjohnsen 300 kr. hvort árið

Meðan sýslumaður Þorsteinn Jónsson er settur málaflutningsmaður við yfirrjettinn, skal að eins draga helming málaflutningslauna frá eptirlaunum hans.

16. gr. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast *22,800 kr.*

1. Styrkur til þriggja lækna, til læknis í Dalasýslu og Bæjarhrepps í Strandasýslu 900 kr.; til læknis á Seyðisfirði 800 kr.; til læknis á Akranesi 700 kr. hvort árið	4800 kr.
2. Styrkur til kennara Þorvaldar Thoroddsens til jarðfræðisrannsókna hjer á landi 1000 kr. um fjárhagstímabilið, og 1000 kr. í ferðastyrk til útlanda, alls	2000 —
3. Styrkur til gufubáta á Ísafjarðardjúpi og á Faxaflóa, 1500 kr. handa hvorum hvort árið	6000 —
4. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að semja þjóðmenningarsögu Nordurlanda 400 kr. á ári	800 —
5. Styrkur til Stefáns Jónassonar til að ljúka við sljettunarvjel . .	200 —
6. Til að útvega laxfróðan mann frá útlöndum	3000 —
7. Til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja	6000 —
	22800 kr.

17. gr. Til óvissra útgjalda veitast *4000 kr.*

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eður embættismannaefna.

18. gr. Afganginn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði *24,733 kr. 24 aur.*, skal leggja í viðlagasjóðinn.

Bókaverði Eiríki Magnússyni, meistara í Cambridge, veitist 5400 kr. lán gegn veði í lífsábyrgðarskýrteini, eða gegn annari viðunanlegri veðtryggingu.

19. gr.

Ef frumvarp til laga:
um breyting á skipun prestakalla,
— stofnun landsbanka á Íslandi,
— stofnun landsskóla á Íslandi,
— eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsanna,
— breyting á 2. og 3. gr. í lög. 11. febr. 1876,
— breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna,
— eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra,
— afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841,
— toll af tóbaki o. fl.
ná gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt frumvörpum þessum.

20. gr.

Allar þær fjárveitingar, er eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda einungis fyrir fjárhagstímabilið.

294.

Frumvarp

til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Embættismenn þeir, að prestum fráskildum, er konungur skipar sjálfur beinlínis eða óbeinlínis í embætti og hafa laun sín af landssjóði, hafa rjett til eptirlauna, þá er þeim er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, er þeim er ósjálfrátt um. Eptirlaunin skulu greidd úr landssjóði; en þó einhver sje settur embættismaður um stundarsakir, hefur hann eigi rjett til eptirlauna.

2. gr. Eptirlaun embættismanna skulu talin eptir þjónustualdri þeirra þannig, að þá er laun þeirra eru 3000 kr. eða minni, skulu eptirlaunin vera 20 kr. fyrir hvert þjónustuár. Sjeu launin 5000 kr. eða minni, en þó yfir 3000 kr. skulu eptirlaunin fyrir ár hvert, er embættismaðurinn hefur þjónað, vera 30 kr., enda hafi hann að minnsta kosti um 5 ár þjónað embætti með hærri launum en 3000 kr., annars sjeu eptirlaunin 20 kr. fyrir ár hvert. Sá embættismaður, sem um 5 ár hefur þjónað embætti með hærri launum en 5000 kr., fær í eptirlaun 40 kr. fyrir hvert þjónustu ár, að öðrum kosti sjeu eptirlaunin talin 30 kr. fyrir þjónustuár hvert. Embættismaður sjötugur að aldri hefur rjett til að fá lausn frá embætti með eptirlaunum eptir lögum þessum.

Nú missir embættismaður, sem staðið hefur vel í stöðu sinni, svo heilsu, áður en hann hefur gegnt embætti í 20 ár, að hann verður að sleppa embætti, og fær hann þá viðbót við eptirlaun sín með sjerstökum lögum.

3. gr. Ef eitthvert embætti er lagt niður, þá á embættismaður sá heimtingu á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í biðlaun um 5 ár, en skyldur skal hann til að taka

aptur við embætti því, sem að minnsta kosti hafi jafnmiklar tekjur og embætti það, er niður var lagt. Hafi hann eigi fengið nýtt embætti að 5 árum liðnum, verða honum veitt eptirlaun. Ár þau, er hann hefur notið biðlauna, skulu talin með embættisárum hans, en eptirlaunin skulu talin eptir embættistekjum þeim, er hann hafði áður en embættið var lagt niður. Sama er og, þótt hann taki við nýju embætti, er minni laun fylgja. Um dómendur fer eptir 44. gr. stjórnarskrárinnar.

4. gr. Þá er embættismaður sækir um eptirlaun og reikna skal embættislaun þau, er hann hefur haft, skulu að eins taldar kostnaðarlausar tekjur embættisins, leigulaus bústaður, og önnur slík hlunnindi, og launabót sú, sem manninum kann að hafa verið veitt sjálfum, en kostnaður við skrifstofu, hestahald og annað þesshátt skal eigi talið með tekjum.

5. gr. Þá er embættismaður slasast, án þess honum verði gefin sök á, er hann er að gegna embætti sínu, svo að hann verði að sleppa embætti, skal ákveða laun hans með sjerstöku lagaboði, en þangað til það er gjört, heldur hann helmingi af embættistekjum sínum.

6. gr. Sá embættismaður, sem fyrirgjörir embætti sínu eða verður vikið frá embætti fyrir þær sakir, er honum verður um kennt, missir einnig rjett til eptirlauna.

7. gr. Nú hefur embættismaður fengið eptirlaun og biðlaun, og missir hann þau:

1. Ef hann fær aptur embætti og laun, enda sjeu þau eigi minni en hin fyrri laun hans voru.
2. Ef hann fyrir konungsleyfi fram gengur í þjónustu annars ríkis.
3. Ef hann tekur sjer bústað í öðru ríki, utan samþykki konungs komi til.
4. Ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði í því verið.

8. gr. Nú tekur embættismaður, sem hefur fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, við nýju embætti, og hefur hann þá, er hann sleppir því embætti, rjett til sinna fyrri eptirlauna, hafi hann eigi með þjónustu hins nýja embættis áunnið sjer rjett til hærri eptirlauna.

9. gr. Konur þær, sem verða ekkjur eptir embættismenn, sem rjett höfðu til eptirlauna, eða nutu þeirra þegar, skulu hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði helming af eptirlaunum þeim, er mönnum þeirra bar, eða þeir höfðu þegar fengið.

Þó má aldrei ekkja manns, er hefur haft 3000 kr. eða minna í laun, fá minni eptirlaun en 150 kr. ár hvert, og eptirlaun ekkju þess embættismanns, sem hefur haft yfir 3000 kr. í laun, skulu aldrei lægri vera ár hvert en 250 kr.

10. gr. Nú giptist kvennmaður embættismanni eldri en 60 ára eða á banasæng hans eða þá er hann hefur fengið lausn frá embætti, og hefur hún þá eigi rjett til eptirlauna, og eigi heldur sú kona, er að lögum var skilin við mann sinn áður en hann andaðist.

11. gr. Þá missir ekkja eptirlaun:

1. Er hún giptist á ný.
2. Er hún sezt að í öðru ríki án þess leyfi konungs komi til.
3. Er hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmandi.

Nú missir ekkja eptirlaun sín af því að hún hefir gipzt að nýju, og á hún þá rjett til að fá hin sömu eptirlaun og hún hafði áður, ef hún verður aptur ekkja, nema hún í hinu síðara hjónabandi öðlist rjett til hærri eptirlauna.

12. gr. Föður- og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem rjett höfðu til eptirlauna, má veita með sjerstöku lagaboði, hverju fyrir sig, allt að 100 kr. á ári, ef þau þess við þurfa, þangað til þau eru 20 ára.

13. gr. Embættismenn þeir, er embætti hafa fengið, áður en lög þessi öðlast gildi, svo og ekkjur þeirra og börn, halda rjetti sínum til þeirra eptirlauna, er eldri lög ákveða.

14. gr. Hjer með er tilsk. 31. maí 1855 um eptirlaun úr lögum numin.

15. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884.

295.

Viðaukatillaga

við tillögu til þingsályktunar um hallærismálið.

Milli 2. og 3. töluliðs komi svo látandi grein:

«Landsstjórninni veitist heimild til að verja á fjárhagstímabilinu 1884—1885 af viðlagasjóði eður því landsfje sem fyrir hendi kann að verða eptir tillögum sýslunefnda eða amtsráðanna því fje, sem er óhjásneiðanlega nauðsynlegt, til að afstýra hungursneyð eða þar af leiðandi manndauða í landinu, með ákvörðunum, um afborgun og vexti er alþingi 1885 samþykkir.

Tryggvi Gunnarsson. Jakob Guðmundsson. F. S. Stefánsson. Lárus Blöndal. Þorlákur Guðmundsson. Th Thorsteinson. E. Kúld. Þórður Magnússon.

296.

Frumvarp

til laga um stofnun landsskóla á Íslandi

(eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Í Reykjavík skal stofna landsskóla fyrir íslenzk embættismannaefni.

2. gr. Í skóla þessum skulu vera þrjár deildir. Skal í einni kennd guðfræði, annari lögfræði og í hinni þriðju læknisfræði. Auk þessa skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi eptir því, sem síðar verður ákveðið með lögum.

3. gr. Tilhögun á kennslunni og kennsluskipunin í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skal vera hin sama, sem nú er á prestaskólanum og læknaskólanum, þangað til öðruvísi verður ákveðið og takast kennendur þeir, sem nú eru á menntastofnunum þessum á hendur kennsluna, hver í sinni vísindagrein, en kennsluna í lögfræði skulu hafa á hendi tveir kennarar, og skal annar vera formaður deildar þeirrar.

4. gr. Laun kennendanna í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skulu vera hin sömu sem ákveðin er í lögum kennendum prestaskólans og læknaskólans, en laun formanns lögfræðisdeildarinnar 3600 krónur, og hins kennarans 2400 kr.

5. gr. Landshöfðinginn semur reglugjörð fyrir skólann.

6. gr. Skólinn tekur til starfa eptir lögum þessum 1. dag októbermán. 1885, og eru prestaskólinn og læknaskólinn frá sama tíma afnumdir sem sjerskildar kennslustofnanir.

297.

Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um laun íslenzkra embættismanna dags. 15. okt. 1875.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Biskupi skal veita í árslaun 5500 kr.

2. gr. Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árslaun 5500 kr.

Öðrum dómendum í landsyfirrjettinum skal veita í árslaun, hinum fyrri 4000 kr., hinum síðari 3500 kr.

3. gr. Forstöðumanni prestaskólans skal veita í árslaun 4000 kr.

4. gr. Fyrsta og öðrum kennara við lærða skólann skal veita í árleg laun 2800 kr.

5. gr. Embættismenn þeir, er fengið hafa veitingu fyrir embættum þessum áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einkis í missa við þau, meðan þeir sitja í sama embætti.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1884.

298.

Nefndarálit.

Nefndin í málinu um laun embættismanna o. s. frv. ræður h. h. n. d. til að fallast á lagafrv. til breyt. á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík, eins og það nú er samþykkt af e. d., því annars er að búast við því að lögin komist eigi frá þinginu sakir naumleika tímans.

Tr. Gunnarsson. Arnljótur Ólafsson.
F. S. Stefánsson. Þorkell Bjarnason. Þorlákur Guðmundsson.

299.

Breytingaratkvæði

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883,
(frá nefndinni).

1. Í 1. gr. í staðinn fyrir: «4335 kr.» komi: «4135 kr.».
2. Í 5. gr. 1. í staðinn fyrir: «2400 kr.» komi: «2200 kr.», og að orðin: «og til prestsins — þjónustuár hans 200 kr.» falli burt.

300.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði.

Hin heiðraða efri deild hefur kosið oss undirritaða í nefnd til þess, að yfirvega frumvarp það, er hjer ræðir um, og hefur nefndin haldið einn fund og greindi svo á, að hún skiptist í tvennt, þar vjer meiri hluti nefndarinnar, Ásgeir Einarsson og Stefán Eiríksson, viljum reyna að miðla málum, en minni hluti nefndarinnar, Árni Thorsteinson, vill alveg fallast á ofannefnt frumvarp án nokkurrar breytingar. Verður því álit meiri hluta nefndarinnar þannig:

Aðalorsökin til þessa áminnsta opna brjefs af 22. marz 1855 er sú, að selalagnaeigendur á Breiðafirði þóttust ekki geta varið eign sína, selaveiðina við selalátrin, fyrir byssuskotum eptir það að veiðilögin 1849 voru komin út, og sendu því öflugar bænarskrár til alþingis, um að selafriðunarlögin á Breiðafirði væru hert; komst þingið þá að þeirri niðurstöðu, að ekki mundi annað duga en friða allan Breiðafjörð fyrir selaskotum. Þetta þótti selaskyttum gífurlegt og sendu bænarskrár á hvert þing og beiddu, að þetta opna brjef af 22. marz 1855 væri úr lögum numið, en það fjekkst ekki, því þing-

inu þótti yfirgnæfandi ástæða, að sá bjargræðisútvegur, látraselaveiðin, sem væri bæði viss og varanleg, ætti að sitja í fyrirrúmi fyrir hinum minni og stopulli hagnaði að skotveiðinni, og sú almenna setning ætti hjer við, «enginn gjöri öðrum skaða», en ekki að síður hafa selaskotamenn haldið áfram beiðni sinni og loksins í hitt ið fyrra, 1881, komu þeir með þá kenningu, að selurinn eyddi fiskigöngum á Breiðafirði, jafnvel þótt dagleg reynsla hafi sýnt þar sem víðar, að fiskigöngur ýmist vaxa eða jafnvel þverra, eins og hefur reynst í hinni fyrrum fiskisælu veiðistöð Dritvík, og ekki fyrir mörgum árum var nær því fiskiaflalaust hjer á Faxaflóa um árabil, og í Steingrímsfirði í Strandasýslu í 30 ár í röð, og kom fiskiafli þar aptur án þess að selurinn minnkaði, svo að þessi viðbára fellur um sjálfa sig.

En allt fyrir þetta virðist oss, meiri hluta nefndarinnar býsna frek takmörkun þess áminnsta opna brjefs, og höldum að hjer megi miðla málum þannig, sem meðfylgjandi frumvarp gjörir, því að það er munur að mega skjóta allan sel hindrunarlaust 1½ viku frá selalátrum eða að vera bannað það í 14—16 vikna fjarlægð, því að á þetta svæði getur komið allsslags gengdarselur, sem gengur að landinu helzt á vetrum, svo sem vöðuselur, granselur, kampaselur, hringanórur og, ef til vill, fleiri tegundir. Meiri hlutanum þykir það því ísjárvert að banna skot á þessi áminnstu selakyn. En þar á móti virðist meiri hlutanum of lítið *friðunarsvæði* frá selalátrum á Breiðafirði, sem til er tekið í veiðilögunum frá 1849, því að, þótt mörgum þyki það of lítið, vitum vjer ekki til (eptir þeim upplýsingum, sem vjer höfum enn þá fengið), að eins illt sje neinstaðar að halda vörð gegn ólöglegum selaskotum og á Breiðafjarðareyjum, sem eru svo margar og bæirnir langt frá yztu selalátrunum.

Oss virðist því ógjörningur að fallast á frumvarpið, án þess að setja eitthvað í staðinn, sem nokkuð gæti orðið til varnar móti skaðlegum selaskotum við selalátur á Breiðafirði. Að sönnu virðist mjer, Stefáni Eiríkssyni, friðunarsvæðið heldur lítið, þar eð látraselurinn flæmist langt frá látrunum á ísspildum á vetrum og er þá hvað spakastur, svo þá má eyða honum með skotum, látraeigendum til stórskaða. En jeg, Ásgeir Einarsson, vil fara sem mestan miðlunarveg í þessu máli, ef ske mætti, að sættir kæmust á milli hlutaðeigenda, og málið kæmist til neðri deildarinnar, hvar allir þingmennirnir eru frá hlutaðeigandi sýslum, en í þeirri deild hefur engin miðlunaruppástunga komið fram.

Jeg hefi reyndar heyrt því hreift, að ein friðunarlög ættu að vera yfir allt land, en þessi ástæða er ekki á skynsamlegum rökum byggð, því að svo ólíkt stendur á í þeim efnum víða á landi hjer, og því gaf alþingi út lög um fiskiveiðar á opnum skipum, svo hvert hjerað gæti samið samþykktir um veiðiskapinn eins og bezt ætti við í hverjum stað. Þannig er þessu háttað í Norvegi: þar eru jafnvel sín veiðilögin fyrir hverja á, hvaðþá þar sem meira er frábrugðið, og þetta optnefnda opna brjef sýnir, að hvorki þing nje stjórn hefur forðast að gjöra undantekningar í veiðilögunum, enda sýnist svo sem þingið sje að færast að því takmarki að semja veiðilög sem hagkvæmast fyrir hvert hjerað, þar sem þess sýnist þörf. Oss virðist engin þörf að semja sjerstakar ástæður fyrir hverri grein, því að frumvarpsgreinarnar verður hver skynsamur maður að geta skilið, enda má skýra það við umræður, sem einhver þættist eigi geta skilið.

Að svo mæltu felum vjer hinni heiðruðu efri deild mál þetta til hyggilegrar meðferðar.

Á. Einarsson, formaður og framsögumaður. St. Eiríksson.

Sem minni hluti nefndar
Árni Thorsteinson.

Frumvarp

til laga um friðun sela á Breiðafirði.

1. gr. Enginn má skjóta úr byssu á Breiðafirði nær selalátrum eða selalögnum en 1½ viku sjávar út frá þeim; en sje skotið nær selalögnunum, varðar það 10 kr. sekt.

2. gr. Nú hefur maður skotið á landsel eða útsel innan þeirra takmarka, sem bannað er að skjóta samkvæmt 1. gr., skal þá skotmaður lúka 4 kr. sekt fyrir hvert skot og byssan og veiðin gjörast upptæk; þar að auki bæti hann allan þann skaða, eptir tveggja dómkvaddra manna mati, er eigandi selalátranna eða lagnanna bíður af skotunum.

3. gr. Helming sekta og helming andvirðis byssunnar eignast uppljóstursmaður, en hinn helmingurinn renni í landssjóð.

4. gr. Öll mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal með fara sem opinber lögreglumál.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. marzm. 1884, og eru frá þeim tíma úr gildi numdar allar eldri laga ákvarðanir, er öðruvísi ákveða um selaskot á Breiðafirði.

301.

Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883

(Eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild).

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögum fyrir 1882 og 1883, veitast 4135 kr. til útgjalda þeirra, er getur um í 2.—5. grein hjer á eptir.

2. gr. Af tekjum þeim af kirkjum landssjóðs, er taldar eru í fjárlögunum 3. gr. 4. má borga 160 kr. til þess að kaupa fyrir altarisklæði handa Munkaþverárklausturskirkju.

3. gr. Sem viðbót við 11. gr. 1. fjárlaganna fyrir árin 1882 og 1883 veitast 1125 kr. handa hjeraðslækni í 7. læknishjeraði, Ólafi Sigvaldasyni, fyrir þjónustu hans í 5. læknishjeraði frá 1. sept. 1876 til 28. febr. 1878.

4. gr. Sem viðbót við fjárupphæð þá, er í fjárlögunum, 12. gr. 3., er talin til »annara útgjalda«, er snerta póststjórnina, veitast 150 kr.

5. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 13. gr. til kirkju- og kennslumálefna veitast:

1. A. b. 2. til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum 2200 kr., og af því 700 kr., er prestinum að Odda, síra Matthíasi Jochumssyni, verði eptirgefnar af árgjaldinu af Odda fjárhagstímabilið 1882—1883 og

2. B. IV. b. 1. til bókakaupa og áhalda við kennsluna í Möðruvallaskóla 500 kr.

302.

Frumvarp

til laga um sölu á Sauðafellskirkjujörðinni Hömrum í Laxárdal í Dalaprófastsdæmi.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

Ráðgjafanum veitist heimild til, að leyfa eiganda Sauðafells, að selja kirkjujörðina Hamra í Laxárdal í Dalaprófastsdæmi frá Sauðafellskirkju þannig: að jörð þessi verði hjeðan af að öllu leyti fráskilin Sauðafellskirkjueigninni. En þar á móti skal hálf heimajörðin Sauðafell, sem Sauðafellskirkja nú á ekkert í, vera hjeðan af full eign Sauðafellskirkju.

303.

Frumvarp

til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

1. gr. Þyki hreppsnefnd ástæða til að láta svipta þann fjárforráðum, sem þiggur styrk af fátækrafje fyrir sig eður skylduómaga sína, getur hún farið þess á leit við sýslumann, að hann sje gjörður ómyndugur, en umráðin yfir efnum hans seld henni í hendur, og leggur þá sýslumaður fullnaðarúrskurð á það mál. Úrskurði um, að þurfamaður sje gjörður ómyndugur, skal ávallt þinglýst á varnarþingi hins ómynduga, en fjárforráð sín fær þurfamaður aptur, er hann sannar fyrir sýslumanni, að hann ekki lengur þiggi sveitarstyrk, og skal þá úrskurðinum aflýst.

2. gr. Nú þiggur maður sveitarstyrk fyrir sig eður skylduómaga sína, eða stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, er hann eigi endurgeldur á annan hátt, og skal honum skylt að fara í hverja þá viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem hreppsnefndin ákveður, og honum er ekki um megn: þó er honum heimilt að ráða sjer sjálfur, ef hann setur áreiðanlega tryggingu fyrir því, að sveitarsjóður bíði engan halla við það. Verði ágreiningur milli þurfamanns og hreppsnefndar um það, hvort vist eða vinna sje viðunanleg eður trygging nægileg, skal sýslumaður leggja fullnaðarúrskurð á það mál. Gangi úrskurður þurfamanni á móti, skulu í úrskurðinum vera ákveðnar þvingunarsektir eptir atvikum, allt að 2 krónum fyrir hvern dag, er hann að sjálfráðu óhlýðnast.

3. gr. Nú flytur maður af landi burt, en skilur eptir vandamenn, er honum að lögum ber fram að færa, enda sje líkindi til að þeir innan skamms verði ekki sjálfbjarga, og skal hann þá skyldur að setja nægilega tryggingu eptir mati tveggja óvilhallra dómkvaddra utanhreppsmanna fyrir því, að skylduómagar hans verði ekki til sveitarþyngsla, að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eður önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda óheimili sýslumaður utanferð, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

4. gr. Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, eru opinber lögreglumál.

304.

Frumvarp

til laga um löggildingu nýrra verzlunarstaða.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

Frá 1. degi aprílmánaðar 1884 skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:

a. Sveinseyri við Tálknafjörð í Barðastrandarsýslu,

b. Búðardalur við Hvammsfjörð eða Vestliðaeyri í Dalasýslu. Landshöfðingi á-

kveður, hvor staðurinn skuli vera verzlunarstaður, þá er glögg skýrsla er fengin um, hvor betur sje til fallinn.

c. Skarðsstöðin við Gilsfjörð í sömu sýslu,
d. Við Bakkafjörð á Langanesströndum í Norður-Múlasýslu,
e. Við Lagarfljótsós í sömu sýslu,
f. Selnesbót við Þverhamar í Breiðdal í Suður-Múlasýslu,
g. Hrúteyri við Reyðarfjörð í sömu sýslu,
h. Við Fjallahöfn í Norður-Þingeyjarsýslu,
i. Stokkseyri í Árnessýslu og
k. Í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu.

305.

Tillaga til þingsályktunar.

(Samþykkt af efri deild alþingis).

Alþingi skorar á ráðherra Íslands að hlutast til um, að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð svo og hafnarstæði þau, er þar kynni að þykja hentust, einkum við Vestliðaeyri og Búðardal sjerstaklega fyrir gufuskip.

306.

Nefndarálit

í málinu um frumvarp til laga um stofnun landsbanka á Íslandi.

Svo áríðandi sem það er, til þess að bæta úr peningaeklunni í landinu, að banki komist hjer á, svo óaðgengilegt virðist nefndinni frumvarpið vera, eins og það liggur fyrir, því bæði er þar gjört ráð fyrir hærra tillagi til bankans úr landssjóði (250000 kr.) í kgl. skuldabrjefum, en líklegt er, að landssjóður muni hafa til, þegar þar að kemur, að bankinn verði stofnaður. Er og svo að sjá, sem þessi svo kallaði landsbanki sje á annan bóginn landsstofnun, en á hinn bóginn prívatbanki, með því hann á að fá stofnfje sitt að mestu leyti leigulaust úr landssjóði, en jafnframt að láni, með vöxtum, það fje sem þarf til að koma honum á stofn.

Hjer við bætist meðal annars, að það mun eptir því einkaleyfi, sem Octroy þjóðbankans danska frá 4. júlí 1818 III, 42, gefur honum til þess að gefa út seðla í hinu danska ríki, vera mjög vafasamt, hvort stjórnin, að svo komnu máli, eða á þessari öld, hefur heimild til að gefa íslenzkum banka leyfi til þess að gefa út seðla. Tjeð Octroy er auglýst hjer á landi fyrir meðalgöngu landsyfirdómsins 30. nov. 1818, og við Synódus-fundinn í Rvík 1819 (Lagasafn f. Ísland VII. bls. 799). Með því það er samningur við þjóðbankann, sem stjórnin, uppá sitt eindæmi ekki getur rofið, allt svo lengi Ísland er partur af Danmerkur ríki, virðist stjórnin ekki heldur geta veitt leyfi til þess að stofna seðlabanka á Íslandi fyrir árið 1908; enda lýgur þegjandi votturinn sízt, því enginn banki í Danmörku, hvorki prívatbankinn, verzlunarbankinn, veðbankinn nje aðrir bankar hafa fengið leyfi til að útgefa seðla, og fyrir utan Kaupmannahöfn finnast því í Danmörku engir sjálfstæðir seðlabánkar, heldur aðeins útibú (Filialer) þjóðbankans.

Þarámóti hefur meiri hluti nefndarinnar sætzt á það, að hjer sje stofnaður lánbanki og geymslubanki, og leyfir sjer að leggja fyrir h. h. þingdeild þær breytingar við

frumvarpið í þessa átt, sem honum virðist nauðsynlegar til þess að beina málinu í rjett horf.

Minni hlutinn (Arnljótur Ólafsson), sem í þessu máli alveg hefir slitið hópinn, mun sjálfur gjöra grein fyrir tillögum sínum.

Grímur Thomsen, form. og framsögum. Tryggvi Gunnarsson. Eiríkur Briem, skrifari. Þorkell Bjarnason.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um stofnun landsbanka á Íslandi, eins og það var samþykkt í efri deild alþingis.

Í staðinn fyrir 1. gr. komi: «Ráðgjafanum fyrir Ísland skal heimilt að veita banka þeim, sem stofnaður kynni að verða á Íslandi, hlunnindi þau, sem talin eru í 2. og 3. gr. hjer á eptir, ef samþykktir þær, sem hlutareigendur í bankanum fallast á, eru samhljóða því, sem fyrir er mælt í 4. gr.

Í staðinn fyrir 2. gr. komi: «Hlunnindi þau, sem veita má bánkanum, eru þessi:

1. að hann megi taka hærri leigur af lánum en 4% á ári.
2. að landssjóðurinn ábyrgist að goldnir verði 4% í vöxtu á ári af skuldabrjefum þeim, sem bankinn gefur út upp á sjálfan sig (bankaskuldabrjefum).
3. að bankanum verði veittur 6000 kr. styrkur úr landssjóði í eitt skipti fyrir öll til þess að stofnsetja hann.
4. að landssjóðurinn gjörist hlutareigandi í bankanum fyrir allt að 200,000 kr.
5. að allir gjaldheimtumenn á Íslandi sjeu skyldir til að taka leigumiða (Coupons) þá, er fylgja bankaskuldabrjefunum, þegar þeir eru komnir í gjalddaga, sem borgun fyrir alla opinbera skatta og gjöld, eptir því verði sem þeir hljóða uppá.
6. að bankastjórnin geti löglega samið við menn um, að þeir í veðskuldabrjefum sínum til bankans gangist undir, að bankastjórnin megi láta fógetann gjöra aðför í eign þeirri, sem sett er að veði, ásamt með því sem henni fylgir, ef þeir eigi fullnægja skuldbindingu sinni og þar eptir láta selja eignina við opinbert uppboð án fyrirfarandi sáttatilraunar, lögsóknar eða dóms, og verður þar að auki aðför þeirri, sem bankastjórnin hefur krafizt, eða uppboðinu, sem því næst hefur verið ákveðið, hvorki tálmað nje dæmt ógilt með nokkurri áfrýjan til æðri rjettar, en hlutaðeiganda er aptur á móti frjálst að hefja endurgjaldsmálsókn til fullra bóta af bankans hálfu».

Í staðinn fyrir 3. grein komi: «Leyfilegt er að verja fje ómyndugra og opinberra stofnana sem og fje viðlagasjóðsins til að kaupa bankaskuldabrjef, en þó eigi við hærra verði en ákvæðisverði þeirra».

I staðinn fyrir 4. gr. komi: »Til þess að bankinn geti vænzt, að samþykktir hans verði staðfestar og hann þannig orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, sem getið var um í 2. og 3. gr., útheimtist:

a, að menn hafi óskað að verða hlutareigendur í bankanum að minnsta kosti fyrir 100,000 kr. auk þeirra 200,000 kr. sem getið var að framan í 2. gr. 4.

b, að eigi megi nokkurn tíma vera í veltu bankaskuldabrjef, sem nemi meiru en svo, að bankinn eigi 1/10 meira í veðskuldabrjefum einstakra manna; skal upphæð hvers slíks veðskuldabrjefs vera tryggð með veði í fasteign á Íslandi, svo að veð-

skuldin sje eigi meiri en $^3/_5$ af gangverði jarða eða helmingur af gangverði húsa, sem veðsett eru, eins og það er ákveðið með virðingargjörð samkvæmt reglum þeim, sem ráðgjafinn fyrir Ísland setur og sem nákvæmar skulu teknar fram í samþykktunum.

Enn fremur skal taka það fram í veðskuldabrjefi hverju, að greiða skuli árlega nokkuð til afborgunar höfuðstólnum svo, að henni sje í lengsta lagi lokið á 28 árum sem og árlega vexti nokkru meiri en 4 af hundraði (t. d. $4^1/_2$ %).

c. að greiða skuli 4% árl. leigur af bankaskuldabrjefunum upp á handhafa og að eigi megi gefa út bankaskuldabrjef upp á minni upphæð en 50 kr.

d. að ákveðið sje í samþykktunum, að hlutareigendur kjósi stjórn bankans alla og annan af endurskoðunarmönnunum, en að oddviti bankastjórnarinnar sje háður staðfestingu ráðgjafans fyrir Ísland, sem einnig kjósi hinn endurskoðunarmanninn; að ráðgjafinn skuli setja reglugjörð fyrir endurskoðuninni og að bankastjórnin sje skyld til að birta almenningi árlega fullkominn reikning yfir tekjur og útgjöld, eign og skuldir bankans og að senda landshöfðingjanum yfir Íslandi reikningsútdrátt á hverju hálfu missiri til prentunar í stjórnartíðindunum.

e, að bankastjórnin sje skyld til að láta landshöfðingjanum í tje allar þær skýrslur, sem hann heimtar viðvíkjandi högum bankans og að landshöfðinginn megi, hvenær sem vera skal, rannsaka allt það, sem snertir ástand bankans.

f, að engin breyting verði gjörð á samþykktum bankans nema á þann hátt, sem ákveðinn er í þeim sjálfum og með samþykki ráðgjafans fyrir Ísland.

5. Í staðinn fyrir 5. gr. komi: Enn fremur er bankanum heimilt með samþykki stjórnarinnar að stofna sjerstaka deild til að taka móti fje til geymslu eða ávöxtunar um tíma, að lána fje móti annari tryggingu en um er getið í 4. gr. b, að kaupa víxla og gefa út víxla upp á sjálfan sig. Þó skal bankanum vera skylt að hafa jafnan að minnsta kosti $^3/_5$ hluti geymslufjár fyrirliggjandi í peningum eða verðbrjefum sem fljótt verður varið í peninga.

Í staðinn fyrir 6. gr. komi: Þegar ráðgjafinn fyrir Ísland hefur staðfest samþykktir bankans, skal gefa út um það opinbera auglýsing.

7.—12. gr. falli burt.

Ágreiningsatkvæði minna hlutans

í málinu: um frv. til l. um stofnun landsbanka á Íslandi.

Eg hefi eigi getað orðið mínum h. samnefndarmönnum samdóma í því að fjarlægjast svo mjög frv. það, er h. h. n. d. hefur fengið oss til álita, að bankinn skyldi eigi hafa rjett til þegar í upphafi að gefa út seðla. Væri bankinn svo takmarkaður, virðist mjer auðsætt, að hann gæti engan veginn náð aðaltilgangi sínum, sem er sá að fullnægja viðskiptaþörf landsmanna svo mjög sem framast má verða, enda sje jeg og enga ástæðu til, hví vjer Íslendingar skyldum eigi seðla nota sem allar aðrar siðaðar þjóðir. Jeg hefi því haldið mjer til frumvarpsins, og að eins breytt því og aukið það í þeim greinum, er mjer þótti nauðsynlegast í fljótu bragði. Helzta breytingin er fólgin í tiltölu peningaforða bankans og útiseðla hans. En merkasti viðaukinn er sá, að bankinn mætti og hafa þann starfa á hendi er landveðabankar hafa. Álít jeg það gott í sjálfu sjer, og þó eigi síður til prófs um ágæti slíkrar lánstofnunar einnar saman hjer

á landi. Ýmsum merkum atriðum um stjórn bankans og skipulag hans hlýt jeg að sleppa sakir hins mikla tímaleysis, enda er þessa miklu síður þörf, meðan bankinn er eign landssjóðs að öllu eður mestu leyti (sbr. viðaukann við 3. gr.), og hlýtur því að standa sem sjerstök stofnun alveg undir eptirliti og yfirráðum landstjórnarinnar.

Arnljótur Ólafsson.

Breytingartillögur

minna hlutans við frumvarp til laga um landsbanka.

1. við 2. gr. *Fyrir:* «að afhenda bankanum . . . eður stofnana»
   Komi: «afhenda bankanum að þriðjúngi í gjaldgengum peningum og konunglegum skuldabrjefum, en að tveim þriðjungum í gildum iðgjaldabrjefum og veðbrjefum landsmanna og stofnana».
2. við 3. gr. *Við niðurlagið bætist:* «Þá er samlagshlutir náð hafa 250,000 kr. samtals, skal ákveðið með lagaboði um hlutdeild hlutamanna í stjórn bankans».
3. við 4. gr. *Fyrir:* «seðla, er nema . . og 50 kr.»
   Komi: «seðla, eptir gangeyris þörf landsmanna á hverjum tíma, þó svo: að bankinn hafi jafnan fyrirliggjandi í gjaldgengum gullpeningum og silfrpeningum 1 krónu gegn hverjum 3 krónum seðla er úti eru, enda sje útiseðlar hans eigi meiri en nemi einni miljón króna. En sje útiseðlar meiri, skal tiltala peninga og útiseðla vera sem 1 gegn 2 fyrir þann hluta útiseðla, sem umfram er eina miljón upp að tveim miljónum, en sem 1 gegn 1 fyrir útiseðla þá, er fram yfir eru tvær miljónir. Til tryggingar þeim hluta seðlanna, sem eigi er studdur á peningaforða bankans, skal hann svo mikið eiga í handveðsbrjefum, ríkisskuldabrjefum og öðrum gildum verðbrjefum, er að upphæð nemi 150 kr. gegn hverjum 100 kr. seðla þessara.
   Seðlar bankans skulu vera 2, 5, 10 og 15 kr. virði».
4. *Fyrir 5. gr. komi ný grein:* «Skyldur er bankinn að leysa til sín seðla sína fyrir fullt ákvæðisverð þeirra með gjaldgengum peningum, hvert sinn er handhafi þeirra kemur með þá til bankans og æskir þess».
5. *Milli 9. og 10. gr. komi þessi grein:* «Gegn tryggum veðskuldabrjefum í fasteign má bankinn gefa út arðberandi skuldabrjef á sjálfan sig. Þó skulu bankskuldabrjef þessi aldrei nema meiri samtals upphæð en veðskuldabrjefin, enda sje veðskuldabrjefin eigi með minnum iðgjöldum en 2 af 100».
6. *Orðin í fyrirsögninni* «á Íslandi» *falli niður.*

307.

Tillaga

til þingsályktunar um harðærismálið

(Eins og hún var samþykkt við síðari umræðu í neðri deild).

1. 1. og 2. liður. Þingdeildin skorar á landshöfðingja að hann skipi svo fyrir um útbýtingu gjafakorns þess, sem til verður í haust:

a. að helmingi þess, eða rúmlega það, verði útbýtt í haust, að eins til hinna nauðstöddustu hjeraða landsins.

b. að hinum helmingnum verði útbýtt á útmánuðum næsta vetur, að fengnum nákvæmum skýrslum um hjargræðishagi manna í hinum bágstaddari hjeruðum landsins.

2. Að því, sem óeytt verður af gjafafjenu næstk. vor, verði varið til að kaupa lífshjargargripi handa hinum allra bágstöddustu sveitabúendum, hvar á landi sem eru.

3. Landsstjórninni veitist heimild að verja á fjárhagstímabilinu 1884—1885 af viðlagasjóði, eður því landsfje, sem fyrir hendi kann að verða, eptir tillögum sýslunefnda eða amtsráðanna því fje, sem er óhjásneiðanlega nauðsynlegt til að afstýra hungursneyð eða þar af leiðandi manndauða í landinu, með ákvörðunum um afborgun og vexti, sem alþingi 1885 samþykkir.

4. Þingdeildin skorar á ráðgjafa Íslands, að hann verji þegar í haust 100,000 kr. af innritunarskírteinum viðlagasjóðsins í peninga, og veiti landshöfðingja heimild til að lána þá út með venjulegum kjörum og nægum tryggingum. Lánin veitist einkum þeim sveitabúendum, sem þurfa að auka bústofn sinn.

308.

Nefndarálit

Nefndin hefur íhugað frumvarp það til laga um stofnun landsskóla á Íslandi, sem efri deild alþingis hefur samþykkt, og ræður nefndin hinni heiðruðu neðri deild, að fallast á frumvarp þetta óbreytt.

Alþingi 16. dag ágústmán. 1883

B. Sveinsson. Lárus Blöndal.

Jeg legg til, að bætt sje við nýrri (7. gr.) grein, eins og hún var í frumvarpinu áður en það fór upp í efri deild, svo látandi.

7. gr. Fyrst um sinn skal kennslan í skólanum fara fram í lestrarsal og nefndarherbergjum alþingishússins.

Grímur Thomsen.

309.

Viðaukatillaga

við frv. til l. um farmgjald skipa.

Í 1. gr. fyrir aptan orðin: «eða frá því», komi: «þar á meðal fiskiskipum, sem flytja út afla sinn».

Th. Thorsteinsson. Jón Ólafsson. B. Sveinsson.
Lárus Blöndal. Þórarinn Böðvarsson. H. K. Friðriksson.

310.

Frumvarp

til laga um afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841.

(Eins og það var samþyykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis 10. ágúst 1883).

(Óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá bls. 279 hjer að framan).

311.

Frumvarp

til laga um horfellir á skepnum

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild 10. ágúst 1883).

(Óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá bls. 279 hjer að framan).

312.

Frumvarp

til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild 10. ágúst 1883).

(Óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu i efri deild, sjá bls. 200 hjer að framan).

313.

Frumvarp

til laga um breyting á tilskipun 15. marz 1861 um vegina á Íslandi.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

(Óbreytt eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild, sjá bls. 293 hjer að framan).

314.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breytingar á lögum um laun íslenskra embættismanna dags. 15. okt. 1875.

(Frá nefndinni).

1. Við 3. gr. bætist: Öðrum kennurum við prestaskólann skal veita í árslaun, hinum fyrri 2600 kr., hinum síðari 2200 kr.
2. a, Framan við 4. gr. bætist: Forstöðumanni hins lærða skóla skal veita í árslaun 3600 kr. og leigulausan bústað í skólahúsinu.
   b, Í staðinn fyrir: «3800 kr.» komi: »2600 kr. hvorum fyrir sig«.
   c, Aptan við greinina bætist: »Þriðja og fjórða kennara skal veita í árslaun 2200 kr. hvorum fyrir sig«.

315.

Frumvarp

til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða.

(Samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Heimilt skal íslenzkum mönnum heimilisföstum á Íslandi og innlendum hlutafjelögum að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða hjer við land, ef fullnægt er skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr. Þá er útlent skip er tekið á leigu til fiskiveiða, skal gjöra um það skriflegan samning milli þess, er selur skip á leigu og hins, er tekur skipið á leigu, og sje þar skýrt kveðið á um upphæð skipsleigunnar og annars þess, er sá er skyldur að greiða,

er skip tekur á leigu. Eigi má semja svo um, að skipseigandi eða sá, er selur skipið á leigu, hafi hlutaveiði móti þeim er skip tekur á leigu. Skipleigusamninginn skal skipstjóri hafa meðferðis á skipi sínu, meðan samningstíminn stendur yfir.

3. gr. Skipstjóri og hásetar hins útlenda skips skulu enn fremur rita undir skuldbindingu að fara í öllu eptir íslenzkum lögum, meðan þeir stunda veiði hjer við land samkvæmt skipleigusamningnum, og án tillits til þjóðernis þeirra sæta ábyrgð fyrir afbrot eptir íslenzkum lögum og dómi hjer á landi.

4. gr. Áður en byrjuð er veiði á útlendu skipi skal sýna skipleigusamninginn lögreglustjóra og afhenda honum skuldbinding skipverja; rannsakar hann, hvort ákvæðum laga þessara er fullnægt í öllum greinum. Álíti lögreglustjóri svo vera, skrifar hann leyfi sitt á samninginn til þess að skipið megi nota til veiðiskapar hjer við land um ákveðinn tíma frá þeim degi að telja, og má tími sá eigi vera lengri en 12 mánuðir. Lögreglustjóri skal senda landshöfðingja eptirrit af samningnum á kostnað þess, er skipið tekur á leigu.

5. gr. Nú álítur lögreglustjóri, að skipleigusamningur sje gjörður á annan hátt en hjer er fyrir mælt, og synjar hann um leyfi sitt. Mega þá semjendur bera samning sinn undir úrskurð landshöfðingja, er hefur heimild til að samþykkja hann, ef hann álítur að grundvallarreglum laga þessara sje fullnægt í samningnum. Það er á valdi landshöfðingja að binda samþykki sitt þeim ákvörðunum um eptirlit, er honum þykir henta og heimta fje lagt í geymslu fyrirfram til tryggingar fyrir því, að fullnægt sje ákvæðum þeim er hann setur, þannig að það falli til landssjóðs án dóms og laga, ef út af er brugðið.

6. gr. Af útlendu skipi, sem tekið er á leigu til fiskiveiða, og af afla þess, skal lúka öll lögboðin gjöld, þar á meðal samkvæmt lögum 17. desember 1875, í fyrsta sinn, áður en skipið byrjar veiði, 10 aura af hverri smálest, en 5 aura síðar í hvert skipti, er það hafnar sig. Þó skal gjald þetta eigi greitt nema í eitt skipti, er skipið fer hafna á milli í sama lögsagnarumdæmi, en annars í hvert skipti, er það kemur frá stöðum utanhjeraðs.

7. gr. Eigi má stunda neins konar veiði á opnum bátum frá skipum þeim, er ræðir um í lögum þessum. En heimilt er að flytja í útlend skip afla, er landsmenn hafa veitt á bátum, til þess að salta hann þar eður verka til verzlunarvöru á annan hátt. Þó þarf til þess leyfi lögreglustjóra, er skal binda slíkt leyfi þeim skilyrðum, sem hann álítur nægja til tryggingar fyrir því, að leyfið verði eigi notað til að fremja lagabrot. Um öll slík leyfi, er lögreglustjóri gefur, skal hann senda landshöfðingja skýrslu.

8. gr. Brot móti lögum þessum varða sektum allt að 2000 kr., er renna í landssjóð og sæta þau meðferð sem opinber lögreglumál.

316.

Breytingartillaga

Við frumvarp til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða.

(Frá nefndinni).

1. a, Við 3. gr. Á eptir orðunum: «fara í öllu» bætist inní: »við veiðar sínar«.
   b, Í staðinn fyrir «veiði» komi: «þær».
   c, Aptan við orðið «afbrot» komi: »í þeim efnum«.
2. Við 6. gr. Eptir orðin: «þar á meðal» bætist inní: »afgreiðslugjald«.

317.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða, eins og það var samþ. við 3. umr. í efri deild.

(Frá 1. þingm. Árnesinga, 2. þingm. Gullbringu og Kjósarsýslu og 2. þingm. Húnvetninga).

1. Við 1. gr. Á eptir orðunum: »sem í hönd fer«, bætist inn í: »í þeirri þinghá, sem jörðin liggur í«.
2. Við 7. gr. Á eptir orðunum: »nje umboðsmaður hans«, bætist inn í: »og hvorugur þeirra hefur gjört ráðstöfun til að hirða og hagnýta hana«.
3. Við 10. gr. Upphafið orðist þannig: »Nú á fráfarandi hús á jörðu, og skal hann bjóða landsdrottni að kaupa þau því verði, er úttektarmenn meta. Ef landsdrottinn vill ekki kaupa, skal« o. s. frv.
4. Síðari málsliður 10. gr. falli burt.
5. 19. gr. orðist svo: »Nú eru kveðnar jarðabætur á leiguliða eða sjerstök hirðing á áburði, og greinir byggingarbrjef hverjar jarðabætur sjeu og hve miklar ár hvert, og hver hirðing áburðar, en leiguliði vinnur eigi slíkt, sem til skilið var, eitt ár í senn, og á landsdrottinn heimtingu á endurgjaldi fyrir jarðabæturnar, eptir óvilhallra manna mati, ef leiguliði vinnur þær eigi þegar. Vinni leiguliði eigi jarðabætur, eða hirði eigi svo áburð, sem til var skilið fleiri ár en eitt í senn, missir hann og ábúðarrjett sinn«.
6. Við 20. gr. Í staðinn fyrir síðustu málsgrein komi: »Kostnaðinn skal fráfarandi þá fá endurgoldinn, en þó eigi með hærri upphæð en þeirri, sem er 12 sinnum hærri en hækkun eptirgjaldsins«.
7. Aptan við 1. málsgr. 33. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi: »Ef maður flytur að parti úr jörð, þá er rjett, ef hann eða landsdrottinn óska þess, að úttektarmenn skipti milli aðfaranda og annara húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, túnum, engjum, skógi og innstæðukúgildum; beitilandi og hlunnindum skal einnig skipta, ef hlutaðeigendur koma sjer saman að óska þess«.
8. Á eptir 34. gr. bætist nýjar greinar svo hljóðandi:

35. gr. Enginn má bótalaust láta skepnur sínar ganga á landi annars manns, nema hann leyfi; þetta gildir þó eigi frá vordögum til rjetta um þann pening, er rekinn hefur verið á afrjett: heldur eigi um sauðfjenað þann tíma vor og haust, sem vant er að hann gangi sjálfala í heimalöndum eptir því, sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir nákvæmar til taka. Nú gengur sá peningur, sem hjer er eigi undanskilinn, á landi manns, og á hann þá rjett á að setja hann inn, nema hann sje málnytupeningur granna þess, er boðið hefur að gjalda ágangsbætur eptir 36. gr.

36. gr. Ef maður vill koma í veg fyrir, að granni sinn megi setja inn málnytupening hans, þá getur hann fyrirfram fyrir hvert fardagaár boðið honum að gjalda ágangsbætur eptir mati. Ágangsbæturnar skulu 2 óvilhallir, dómkvaddir menn meta eptirá fyrir hvert fardagaár. Kostnaðinn við matið borgar sá, er áganginum olli.

37. gr. Hvervetna, þá er fjenaður er þannig settur inn, á eigandi eða umráðamaður þann kost, að leysa hann út aptur, og skal hann þá greiða 3 aura fyrir hverja sauðkind og geitkind en 30 aura fyrir hvern stórgrip, fyrir hvern sólarhring, sem

peningurinn er inni. Heimilt er þeim, sem pening hefir inn sett, að halda honum, eða svo miklu af honum, er útlausnargjaldinu nemur, þar til því er lokið að fullu.

38. gr. Nú hefur maður sett fjenað inn, og skal hann þá, svo fljótt, sem unnt er, gjöra eiganda eða umráðamanni aðvart um það. Hann skal ætla fjenaðinum nóg húsrúm, og skal hann ábyrgjast að hvorki falli hús á fje, nje það troðist undir fyrir húsþröng, nje hryssur verði klumsa, en eigi varðar honum við lög, þó skepnur stangi hver aðra til bana, eða farist af þeim orsökum, sem honum verður eigi gefin sök á. Sje málnytupeningur settur inn, skal mjalta hann á hverju máli, og eignast sá málnytuna, sem inn setti; einnig skal gefa honum hey, ef með þarf. Hafi eigandi eigi vitjað penings síns á 3 daga fresti, frá því hann fjekk vitneskju um það, er þeim, er inn setti, heimilt að selja hann fram til uppboðs eða svo mikinn hluta hans, að hann fái allan kostnað sinn endurgoldinn, ásamt útlausnargjaldinu. Hinn peninginn, sem eptir er, skal færa eiganda heim, og borgar hann þá endurgjald fyrir heimreksturinn. Nú hefur maður sett fjenað inn, og veit ekki hver eigandi hans eða umráðamaður er, og ber þá að álíta hann sem annan óskilapening.

39. gr. Ef maður tekur pening sinn, sem inn hefur verið settur, úr vörzlum annars manns að honum fornspurðum, og án þess að hafa greitt útlausnargjald fyrir, varðar það allt að 50 kr. sektum. Eigi má maður reka annars pening úr sjálfs hans landi, svo til ógreiða verði eða skaða. Gjöri nokkur þetta, varðar það allt að 10 kr. sekt auk skaðabóta.

40. gr. Ef nokkur tekur pening annars manns eða setur hann inn, þegar eigi er heimild til þess, skal hann greiða fullt endurgjald fyrir þann skaða, er af því hlýzt, og að auk allt að 10 kr. sekt.

9. Aptan við fyrirsögn frumvarpsins bætist: »o. fl.«

318.

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á 2. og 3. gr. laga um stofnun læknaskóla, (eins og það var samþykkt í efri deild).

Við 3. gr.: Í stað «1. janúar 1884» komi: «að því er landlækninn snertir, þá er embættið verður laust næsta sinn, en að öðru leyti 1. janúar 1884».

Jón Ólafsson. H. K. Friðriksson. E. Kúld. Holger Clausen.

319.

Fyrirspurn til landshöfðingja

(frá 2. þingm. Suður-Múlasýslu).

Eptir hvaða reglum eða með hverri heimild eru Benedikt Gröndal, sem vikið var frá kennara-embætti í vetur, er leið, veitt eptirlaun?

320.

Fyrirspurn til landshöfðingja

(frá 2. þingm. Suður-Múlasýslu).

Hvað hefir stjórn vor gjört, til að sjá hagsmunum Íslands borgið, að því er verzlunarsambandið við Spán snertir, eptir að síðasti verzlunarsamningur við það ríki fjell úr gildi?

321.

Tillaga

til þingsályktunar

(flm. Arnljótur Ólafsson).

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landshöfðingjann:

I. Að hann gjöri tafarlausa ráðstöfun til þess að fógetinn í Kjósar- og Gullbringusýslu að hlutaðeigendum öllum löglega tilkvöddum, með lögmætum úrskurði gjöri, svo fljótt sem unnt er, og samkvæmt laxfriðunarlögunum 11. maí 1876 og hæstarjettardómi 8. maí þ. á., upptækar þvergirðinga-veiðivjelar þær, er kaupmaður H. Th. A. Thomsen í Reykjavík hefur sett í Suðurá Elliðánna, og sem svipta jörðina Breiðholt, eign dómkirkju landsins í Reykjavík, öllum veiðirjetti fyrir ofan veiðisvæði tjeðs kaupmanns, þeim, er tjeð jörð á í Elliðánum samkvæmt heimildum þeim, er nefndi hæstarjettardómur hefur tillit til.

II. Að landshöfðinginn skipi lögfróðan mann til að gæta veiðirjettar þjóðjarðarinnar Hólms, sem nefndar þvergirðinga-veiðivjelar rýra óbeinlínis, og dómkirkjujarðarinnar Breiðholts, er þær eyðileggja beinlínis.

III. Að skaðabótamál verði höfðað gegn ofangreindum kaupmanni H. Th. A. Thomsen:

1. Fyrir það, að hann frá löglegri birting laxfriðunarlag. 11. maí 1876 þvergirt hefur báðar Elliðárnar, og

til vara: Að hann hefur frá 13. júní þ. á. þvergirt Suðurá Elliðánna.

2. Að lögfróður maður verði einnig skipaður fyrir hönd landssjóðsins til að framfylgja skaðabótamáli þessu hjer á landi.

3. Að landshöfðinginn láti þinginu í tje fyrir þinglausnir skýrslu um ráðstafanir hans í ofangreindu efni.

322.

Viðaukatillaga

við frv. til l. um farmgjald skipa, (eins og það var samþ. við 2. umr. í n. d.).

Á eptir 2. gr. bætist inn ný grein: «Brot gegn lögum þessum varða sektum, er að minnsta kosti nemi fimmföldu gjaldi því, er greiðast átti. Mál, er útaf slíkum brotum rísa, skulu rekin sem opinber lögreglumál.

3. gr. verði 4. gr.

Jón Ólafsson. Benidikt Sveinsson. Arnljótur Ólafsson.
Jakob Guðmundsson. Lárus Blöndal. Th. Thorsteinson.

323.

Nefndarálit

(frá sparnaðarnefndinni)

í málinu: frv. til l. um eftirlaun embættismanna og ekkna þeirra.

Nefndin ræður hinni heiðruðu deild til að fallast á þær hinar litlu breytingar, er efri deildin gjört hefur á frumvarpinu.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Arnljótur Ólafsson. F. S. Stefánsson.

Þorkell Bjarnason, framsögumaður. Þorlákur Guðmundsson.

324.

Nefndarálit.

í landsreikningamálinu fyrir 1880 og 1881.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefur kosið oss til að segja álit vort um tillögur yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1880 og 1881, og svo jafnframt um frumvarp til laga um samþykkt á reikningnum yfir tekjur og gjöld Íslands sömu ár, og enn fremur frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881: leyfum vjer oss nú að skýra frá skoðun vorri um málefni þetta á þessa leið.

Nefndin er samdóma yfirskoðunarmönnunum um, að landsreikningurinn eigi að vera sniðinn eptir fjárlögunum. Þessa er ekki fullkomlega gætt við reikninginn fyrir 1880, en betur við reikninginn fyrir 1881. Þó eru ekki allar þær tölur, sem í fjárlögunum eru sundurliðaðar innanstriks, einnig á þann hátt sundurliðaðar í reikningnum fyrir 1881. Tekjukaflinn 1880 er með engu greinatali eptir fjárlögunum, heldur sjálfstæð, áframhaldandi upptalning. Yfirskript greinanna vantar 1881, en greinatalan sjálf er þó eptir fjárlögunum. Nefndin álítur rjettast að sú regla komist á, að reikningurinn sje í smáu og stóru, eptir greinum og öllum yfirliðum og undirliðum, innanstriks og utanstriks, sundurliðaður eptir fjárlögunum.

A. Tillögur yfirskoðunarmannanna út af athugasemdum við reikninginn 1880.

Tekjur.

2. A. Tillaga útaf 2. athugagrein A, um að skattur af ábúð og afnotum jarða og lausafje sje vantalinn um 39 kr. 79 a. þetta mun að nokkru leyti geta legið í reikningsaðferð hinna einstöku reikningshaldara, og álítur nefndin sjálfsagt að það verði tekið til athugunar í reikningnum fyrir árið 1882.

2. B. 4. Tillagan útaf athugagrein við 2. B. 4. Nefndin fellst á að reikningshaldari Þingeyjarsýslu eigi til góða 10 kr. 60 a., sem verða að koma til greina í viðskiptareikningi hans við landssjóðinn.

5. 4. Tillagan útaf athugagrein við 5. 4. (aukatekjur) um að 35 kr. 66 a., sem taldar eru með aukatekjum, en er erfðafjárskattur, flytjist yfir á 7. tölulið (erfðafjárskattur) er tekin til greina í stjórnarfrumvarpinu.

5. 6. Tillöguna útaf athugagrein við 5. 6. um að flytja rjettartekjur yfirdómsins frá óvissum tekjum yfir á aukatekjur, ræður nefndin deildinni til að fallast á, þannig, að þetta verði framvegis gjört: en í þetta sinn verði látið sitja við svo búið.

8. 1. Tillagan útaf athugagrein við 8. 1. (erfðafjárskattur sbr. 5. 4.) er tekinn til greina í stjórnarfrumvarpinu.

11. Tillöguna útaf athugagrein við 11. (spítalagjald af síld) ræður nefndin deildinni til að fallast á, og að gangskör sje gjör að því, að skil fáist fyrir hinu ógreidda spítalagjaldi, er þar ræðir um.

15. 1. Tillagan útaf athugagrein við 15. 1. (óvissar tekjur). Um hana vísum vjer til 5. 6. hjer að framan.

15. 2. b. Tillagan útaf athugagrein við 15. 2. b. Þeir 50 aurar, sem þar ræðir um, fáum vjer eigi betur sjeð, en sjeu oftaldir meðal óvissra tekja úr Dalasýslu. En þeir eru dregnir frá tekjunum í stjórnarfrumvarpinu, og ráðum vjer til að það verði samþykkt.

15. 2. c. Tillagan útaf athugagrein við 15. 2. c. Þær 20 kr., sem þar eru taldar ofgreiddar í ferðakostnað handa skólapiltum, eru komnar til lagfæringar í frumvarpinu um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1878 og 1879.

16. 3. Tillagan útaf athugagrein við 16. 3. um vantalda 1 kr. af tekjum Þykkvabæjar-klausturs, er tekin til greina í stjórnarfrumvarpinu.

16. 4. Tillagan útaf athugagrein við 16. 4. (um leignaeptirstöðvar af jörðum í Strandasýslu). Samkvæmt skýringu hins umboðslega endurskoðanda eru leigur af umboðsjörðum í Strandasýslu, allar goldnar í smjöri, sem annaðhvort er greitt *in natura*, eða í peningum eptir *verðlagi á smjöri* í hvers árs verðlagsskrá, en ekki eptir meðalalin, eins og yfirskoðunarmenn hafa gjört ráð fyrir. Af þessu flýtur, að hinar hjer umræddu eptirstöðvar eru ekki 225 kr. 89 a, heldur 274 kr. 72 a., sem nefndin verður að fallast á að teljist með tekjum landssjóðs í reikningnum fyrir 1880 og 1881.

16. 6. Þær í 16. 6, umræddu (eptirstöðvar eldri en frá 1878) 221 kr. 8 a. eru í stjórnarfrumvarpinu taldar með eptirstöðvum; en nefndin vill ráða deildinni til að skora á landstjórnina að grennslast eptir, hvar þessar 221 kr. 8 a. eru niðurkomnar og innheimta þær.

17. 2. Eptir athugagrein við 17. 2. (Afgjald af Kaldaðarnesi) eru þar vantaldar 42 kr. 92 a. Yfirskoðunarmennirnir reikna 4 ☞ á 54 a. al. = 259 kr. 20 a., en jarðabókarsjóðsreikningurinn eptir *heilum* hundruðum 4 ☞ á 65 kr. 32 a. = 261 kr. 28 a.; en frá þessu dregst landsreiknings upphæð 216 kr. 28 a., (prentvilla); verður mismunurinn hjá yfirskoðunarmönnunum 42 kr. 92 a., en hjá jarðabókarsjóðsreikningnum 45 kr., sem teknar eru til greina í stjórnarfrumvarpinu, og á það verður nefndin að fallast.

20. a. Tillagan 20. a., (Eptirstöðvar af leigum viðlagasjóðs) um að vextir af skuldabrjefum með árlegum afborgunum færist upp um 100 kr. 20 a. Eptir skýrslu hins umboðslega endurskoðanda hjeraðlútandi, þá ætlar hann, hvað greinda 20 a. snertir, að auratalan í eptirstöðvunum sje ritvilla, 92 a. í staðinn fyrir 72 a., og með því nefndin hefur ekki orðið annars vísari, verður hún að fallast á það.

Að því er að öðru leyti snertir þessar 100 kr. 20 a., þá hefur samkvæmt skýrslu hins umboðslega endurskoðanda hinn fyrverandi landshöfðingi látið í ljósi, að 100 krónurnar sjeu einnig framkomnar af reikningsvillu, þannig, að eptirstöðvarnar 1879 hafi í raun rjettri verið 68 kr. 72 a., en ekki eins og þær voru taldar, 168 kr. 72 a. En þareð nefndinni hefur ekki verið sýnt fram á, í hverju þessi reikningsvilla sjerstaklega liggur, þá getur hún ekki ráðið til þess að þessar 100 kr. sjeu að svo komnu felldar úr eptirstöðvunum. Eptirstöðvarnar á þessum tekjulið í frumvarpinu færast því upp um 100 kr.

20. c. (um lán til kalkofnsins) það segir sig sjálft, að landsstjórninni ber að annast um og ábyrgjast, að veð fyrir lánum af landssjóði sjeu fulltryggjandi.

27. Tillaga 27. (eptirstöðvar af konungstíund frá fyrri árum) þeir 12 a., sem hjer ræðir um, eru ekki teknir til greina í stjórnarfrumvarpinu, og verður því að telja þá sem eptirstöðvar frá fyrri árum.

Gjöld.

30. (Dómgæzla og lögreglustjórn) Eptir upplýsingum, er nefndin hefur fengið, ræður hún deildinni til að taka til greina tillögu yfirskoðunarmannanna, þó þannig, að frá hinum ofgoldnu launum til Bövings sýslumanns . 209 kr. 7 a.
verði dreginn ferðakostnaður hans við þingaferðir, er ekki
virðist ofhátt settur . . . . . 160 — « -
Færist þá liðurinn niður um . . . . . 49 — 7 -

34. (Útgjöld við læknaskipunina) Nefndin ræður deildinni
til að samþykkja aukafjárveiting fyrir . . . 869 — 24 -
sem og að þær 35 kr., er hjer ræðir um, sjeu fluttar yfir á 16. gr. fjárlaganna, eins og gjört er í stjórnarfrumvarpinu.

35. 1. (Póststjórnin).

a. Til launa póstafgreiðslumanna:
er brúkað 1641 kr. 25 a.
en veitt var 1610 — » -
Umframgreiðsla 31 kr. 25 a.

b. 1. Til flutninga pósta á aðalpóstvegum:
hafa verið brúkaðar 8715 kr.
veittar voru 7500 —
Umframgreiðsla 1215 — » -

b. 2. Til do á aukapóstvegum:
Brúkaðar 2911 — 30 -
veittar voru 2200 — « -
Umframgreiðsla 711 — 30 -

c. Til annara póstútgjalda voru brúkaðar 2484 kr. 32 a.
veittar 1900 — « -
Umframgreiðsla 584 — 32 -

Umframgreiðsla alls 2541 — 87 -

Fáum vjer því eigi sjeð, að umframgreiðsla á útgjöldum við póststjórnina sje meiri en 2541 kr. 87 a., sem er hin sama upphæð og farið er fram á í frumvarpi til fjáraukal. f. 1880 og 1881, að veitt verði, og ráðum vjer til að hún verði samþykkt.

35. 2. Til póstferða hefur 1879 verið greitt úr jarðabókarsjóði 260 kr. 15. a. fram yfir útgjöldin til póstferðanna. Þar frá dragast 67 kr. 92 a. frá dönsku póststjórninni, en þær eptirstandandi 192 kr. 23 a. sýnist nefndinni að beri að endurgjalda landssjóði, eins og yfirskoðunarmennirnir hafa lagt til.

36. Þær 21 kr. 60 a., (Til kirkju og kennslu málefna), sem hjer ræðir um, eru uppbótapeningar Þönglabakkaprestakalls. Ætlar nefndin rjettast að skorað sje á hlutaðeiganda (prest á Þönglabakka), að hefja þær úr landssjóði innan tiltekins tíma, ella missi hann þeirra.

37. (Prestaskólinn). Nefndin ræður deildinni, (samkv. tillögu yfirskm.) til að samþykkja aukafjárveiting á 101 kr. 62 a., sem hafa verið brúkaðar umfram fjárveiting til prestaskólans.

39. (Lærði skólinn). Sömuleiðis til lærða skólans á 271 kr. 28 a.

40. (Þjóðvinafjelagið). Eptir skýrslu, sem nefndin hefur fengið um þetta, voru þessar 1000 kr. í raun og veru brúkaðar til að endurgjalda gamlan þjóðhátíðar kostnað, þótt aðrir peningar væru í bráðina lagðir út fyrir hann; ræður nefndin því deildinni til að samþykkja þessa fjárgreiðslu.

44. (Borgun fyrir uppdrætti til dómkirkjunnar 195 kr.). Með því dómkirkjan hefur sjerstakan reikning, þá lá næst að færa þessa upphæð til útgjalda í reikningi hennar, og verður nefndin að ráða til að fallizt sje á tillögur yfirskoðunarmannanna um, að þessar 195 kr. verði endurborgaðar landssjóði, eða taldar til útgjalda í viðskiptareikningi kirkjunnar við landssjóð.

44. 13. (400 kr. í ferðakostnað handa sálmabókarnefndinni). Að vísu er hjer um yfirgreiðslu að ræða. En bæði var álíka fjárveiting samþykkt 1879, enda virðist nefndinni hún ekki óþarfari en margar aðrar fjárveitingar, sem ekki er fundið að, og því ræður nefndin deildinni til að samþykkja þessa fjárveiting og það því fremur, sem hún virðist geta samrýmzt þeim reglum, er stjórnin hefur sett um veiting óvissra útgj. (smbr. aths. yfirskoðm. 1879 bls. 215 og svör lh. bls. 242).

44. 14. (Óviss útgjöld) 35 kr., greiddar sökum mislingaveiki færeyskra sjómanna, flytjast yfir á þenna gjaldlið (sbr. 34. till.).

2050 kr., sem voru oftaldar til útgjalda af ölmusufje latínuskólans árið 1878, eru teknar til greina í stjórnarfrumvarpi því fyrir 1878 og 1879, er nú liggur fyrir þinginu.

1881.

Að því er reikningsskilin snertir, þá virðist ekki vanþörf á að sumum gjaldheimtumönnum landssjóðsins sje haldið til að gjöra reikningsskil í tíma betur hjer eptir en hingað til, og yfir höfuð hegða sjer eptir reglugjörð 13. febr. 1873 5. gr.

Tekjur.

3. Tillaga um að 38 kr. 99 a. teljist sem eptirstöðvar af aukatekjum frá fyrri árum í landsreikningnum 1881.

Samkvæmt skýrslu, er vjer höfum fengið um þetta frá landsh., er þessi upphæð fólgin í:

1. borgun fyrir dómsrit í gjafsóknarmáli fyrir yfirrjetti . . . . . 20 kr. 41 e.
2. ½ afgreiðslugjaldi fyrir eimskipið «Díönu» 20. júní 1878 . . 18 kr. 58 a.

38 kr. 99 a.

Með því hlutaðeigandi fjekk gjafsókn fyrir yfirrjetti í tjeðu máli, fjell krafa landssjóðsins til borgunarinnar fyrir dómsritið niður, og upplýst er að eimskipið «Díana» hafði áður á sömu ferð hingað til landsins (28. maí 1878) greitt hið lögskipaða gjald, sem þá átti ekki að renna í landssjóð, þá fellur einnig þetta atriði niður, enda var gjaldið aldrei goldið. Samkvæmt þessu ræður nefndin deildinni til að samþykkja, að þessi upphæð sje dregin frá tekjum landssjóðsins, eins og gjört er í stj. frv.

4. Tillaga um að nema úr eptirstöðvum 18 kr. 21 e. af aukatekjum úr Snæfellsnessýslu. Með því það er ekki fullkomlega upplýst, hvort þau atvik ekki geti verið fyrir hendi, er hafi þá afleiðing að ábyrgð hvíli á sýslumanni, að gjöra skil fyrir þessum eptirstöðvum, og athugsemdum hins umboðslega endurskoðanda þar að lútandi er enn þá haldið fram, þá ráðum vjer deildinni til að samþykkja, að þessar 18 kr. 21 e. sjeu teknar aptur inn í frumvarpið og taldar með eptirstöðvum.

8. Tillaga um að 14. tekjuliður (sökum ofgreidds spítalagjalds úr Árnessýslu) færist niður um 10 kr. 54 a. er tekin til greina í stjórnarfrumvarpinu.

9. Tillaga (aðflutningsgjald úr Skaptafellssýslu). Eptirstöðvarnar færist upp um 1 kr. 82 a. og er það tekið til greina í stjórnarfrumvarpinu.

12. C. Tillaga 12. C. Þær 221 kr. 18 a., sem hjer er átt við, eru teknar upp í stjórnarfrumvarpið og taldar sem eptirstöðvar, að öðru leyti skírskotum vjer til þess, er vjer áður við reikn. fyrir 1880 höfum tekið fram um þetta efni við till. 16. 6.

15. C. Á þeim 8 kr., sem hjer ræðir um, stendur þannig, að 14. júní 1860 hefur Þórður prestur Árnason á Mosfelli, sem nú er fyrir löngu dáinn, fengið að láni 100 rdl. af spítalasjóðnum, sem var undir umsjón þáverandi biskups. En veð það, er hann setti fyrir láninu, var ávísun upp á að eins 100 rdl. í dánarbú formanns hans í embættinu og var því ekkert veð fyrir vöxtunum. Búið reyndist þrotabú og við skiptin var krafa stiftsyfirvaldanna dags. 14. okt. 1862 í búið um ógoldna vexti 4 rdl. — 8 kr. af umræddri skuld ekki tekin til greina.

Nú hefur stjórnin eigi þrátt fyrir tillögu yfirskoðunarmanna tekið þessar 8 kr. upp í frumvarpið nje talið þær með eptirstöðvum, heldur getið þess, að þær sjeu ófáanlegar. Nefndin er samdóma yfirskoðunarmönnunum um, að það eigi að vera og sje á ábyrgð landsstjórnarinnar að lána ekki fje til einstakra manna, nema gegn fulltryggjandi veði, og ræður því til að gengið sje eptir þessum 8 kr.

16. Þar sem það er tekið skýlaust fram í 24. gr. stjórnarskrárinnar að ekkert gjald megi greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum, en 25. gr. segir aptur með eins berum orðum, að frá tillaginu úr ríkissjóði skuli fyrirfram greiða útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, þá verður þetta ekki skilið öðruvísi en svo, að hinar almennu ákvarðanir í 24. gr. sjeu nákvæmar einskorðaðar í 25 gr. Ella væri bein mótsögn milli greinanna. Nefndin verður því að álíta, að í 25. gr. felist undantekning frá ákvörðuninni í 24. gr., sú undantekning, að greiða megi útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi af tillaginu úr ríkissjóði, með þeirri upphæð, sem konungur ákveður, *án* þess að veitt sje til þess heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum; og gjörir ekkert til, hvort upphæð þessara útgjalda er ákveðin fyr eða seinna; að eins verður hún að vera ákveðin, áður en frumvarp um samþykkt landsreikningsins er lagt fyrir þingið. Samkvæmt þessu verður nefndin að ráða deildinni til að færa ekki tekjurnar upp um þær 2000 kr., er hjer ræðir um.

Útgjöld.

Að því er athugasemd og tillögu yfirskoðunarmannanna snertir um gildi fjáraukalaga frá 4. nóvbr. 1881 fyrir árin 1880 og 1881, þá er þess að geta, að

nefndin þekkir ekki neina fulla sönnun fyrir því, að villa sú, sem á að hafa komizt inn í frumvarpið til laga þessara, hafi í raun og veru átt sjer stað. Þegar fyrir þá sök er ekki næg ástæða til að vefengja gildi þeirra, nje fjárveitinga þeirra, er þau inni halda.

18. Alþingiskostnaður.

a. Eptir þeim upplýsingum, er nefndin hefur fengið, virðist henni ekki næg ástæða til að leiða það í efa, að þingmaður sá, er hjer ræðir um, hafi eindregið *ætlað* sjer til Kaupmannahafnar, en fyrir sjerstaklegt atvik orðið eptir af skipinu á leiðinni.

Meðan annað er ekki sannað, er nú spurningin, hvort þingmanni má greiðast ferðakostnaður fyrir þá ferð, er hann ætlar sjer að fara og fer að nokkru leyti, en kemst ekki alla leið. Ef það má ekki, þá yrði afleiðingin sú, að enginn þingmaður gæti fengið ferðakostnað sinn útborgaðan, fyr en hann væri kominn heim til sín af þingi, og búinn að sanna það, og er það alveg gagnstætt þeirri venju, sem í því efni hefur átt sjer stað, þar sem ferðareikningar hafa jafnan án nokkurs fyrirvara frá hálfu landssjóðs verið útborgaðir, áður en þingmenn hafa lagt af stað heimleiðis, og aldrei um það spurt, hvort þeir mundu komast alla leið. Nefndin verður því að álíta, að samkvæmt þeim venjum, sem verið hafa um greiðslu ferðakostnaðar þingmanna, sje ekki næg ástæða til að heimta ferðakostnað þann, er hjer ræðir um, endurgoldinn landssjóði og ræður því deildinni til að fallast ekki á tillögu yfirskoðunarmannanna í þessu máli.

b. þetta verður að álítast reikningsvilla og komi landssjóði því til inntektar 40 aurar fyrir ofgreiddan alþingiskostnað 1881.

c. Alþingismaður sá, er hjer ræðir um, hefur reiknað sjer dagpeninga frá 24. júní til 3. sept. og talið það 70 daga, en þar sem ekki er tiltekið, hvort dagarnir 24. *júní* og 3. sept. eru meðtaldir, álítur nefndin rjettast eptir venjunni, að telja fyrri daginn með, en hinn frá, og á þá þingmaðurinn að fá 6 kr. í viðbót við dagpeninga sína.

21. (Póststjórnin).

Nefndin ræður til þess að 2614 kr. 48 a., sem er umframgreiðsla, komi til aukafjárveitingar.

22. (Lærði skólinn).

b. aðstoðarfje:

Að 240 kr. komi til aukafjárveitingar, ræður nefndin deildinni til að samþykkja.

26. (Óviss útgjöld.)

Af fylgiskjali 42. við landsreikninginn fyrir árið 1881 sjest, að 1000 kr. hafa af fje því, er veitt var til óvissra útgjalda, verið greiddar í ferðastyrk handa *tveimur* íslenzkum embættismönnum. Nefndin þekkir enga lagaákvörðun, er veiti embættismanni rjett til svo mikils ferðastyrks, og þá ekki heldur stjórninni heimild til að greiða einum embættismanni svo mikinn ferða styrk, sem svarar helmingi þessarar upphæðar, þegar um leið er farið fram yfir fjárveiting alþingis. Nefndin sjer því ekki, að nein brýn nauðsyn hafi verið til fyrir

stjórnina að fara á þessum gjaldlið fram yfir það, sem veitt var, og ræður því til að samþykkja á þessari gjaldgrein aukafjárveiting ekki fyrir 503 kr. 5 a., heldur fyrir 35 kr. með tilliti til þess, að 35 kr. voru eptir tillögu yfirskoðunarmannanna fluttar af öðrum gjaldlið yfir á þennan.

27. (Möðruvallaskólinn.).
Nefndin getur ekki ráðið til að samþykkja reikninga Möðruvallaskólans yfir «önnur útgjöld» meðan þeir hafa ekki verið endurskoðaðir.

28. (Um eptirlaun uppgjafaprests).
Þessa tillögu ræður nefndin til að fallast á.

29. (Um uppbót brauða).
Eptir bókstafnum liggur það óneitanlega nærri, að skilja 5. gr. í prestakallalögunum frá 27. febr. 1880 á þann hátt, sem yfirskoðunarmennirnir gjöra. En að sá skilningur sje þó ekki samkvæmur *tilgangi* löggjafans, á það virðist benda: 1. sú ákvörðun laganna sjálfra, í 2. gr., að stjórnin skuli reyna til að koma hinni fyrirhuguðu brauðaskipun á sem fyrst. Slíka ákvörðun hefði þingið ekki sett í lögin, ef það hefði í rauninni verið vilji þess, að stjórnin skyldi alls ekkert gjöra í þessu efni fyr en eptir 2. ár. 2. þegar þingið 1879 samdi 5. gr. og setti í hana þetta mikið umtalaða orð *„nú“*, þá gat það ekki eptir venjulegri hugsun og málsvenju haft í huga fardaga 1881. Menn segja ekki *„nú“* um þann tíma, sem kemur fyrst eptir 2 ár. Ef þingið hefði í raun og veru haft í huga fardaga 1881, þá mundi það hafa sett í greinina annaðhvort: «sem verða laus, er lög þessi öðlast gildi», eða: «sem verða laus í fardögum 1881». 3. umræðurnar á alþingi 1879 sýna einnig ljóslega, að þingmenn ætluðust ekki til, að það skyldi bíða til fardaga 1881, að ýms fátæk brauð, sem þá höfðu lengi staðið laus, af því enginn sótti um þau, fengju uppbót þá, er lögin ákveða, og þeim yrði þannig útveguð föst prestsþjónusta. Þetta allt, auk annars, sýnir að tilgangur þingsins, er það samdi lögin 1879, næst ekki með því að skilja lögin eptir hinum strangasta bókstaf þeirra, eins og yfirskoðunarmennirnir halda fram. Þess vegna vill nefndin ráða deildinni frá að fallast í þessu tilliti á tillögu yfirskoðunarmannanna.

30. Alþingishúsið.

a. Þareð því verður ekki neitað, að stjórnin hafi haft rjett til að gjöra ráðstafanir til undirbúnings undir byggingu alþingishússins og þar á meðal að útvega uppdrátt og áætlun hjá byggingameistara, þá sjer nefndin sjer ekki fært að ráða deildinni til að synja borgunar fyrir uppdrátt Klentz, þótt 500kr. virðist hins vegar æði há borgun fyrir uppdrátt, er var svo ófullkominn, að hann varð ekki notaður.

c. Það verður ekki annað sjeð, en að landshöfðinginn hafi leitazt við að ná svo haganlegum samningum, sem eptir kringumstæðunum kostur var á. Nefndin sjer því ekki annað ráð, en leggja það til, að 1578 kr. 79 a. verði veittar með aukafjárveitingu.

Í landsreikningunum fyrir árið 1881, eru tekjur af umboðs og klaustursjörðum taldar . . . . 31229 kr. 17 a.
og eptirstöðvar frá fyrri árum . . 3075 — 70 -
. 34304 — 87 -
Þar af er borgað á árinu . . 27047 — 11 -
Eptirstöðvar við árslok 1881 7257 — 76 -

Í landsreikningnum eru þær taldar 7257 kr. 67 a. eða 9 aurum minni, sem liggur í vantöldum eptirstöðvum af Arnarstapa umboði í fylgiskjali nr. 14 við landsreikninginn 1881.

Í frumvarpinu eru árstekjurnar taldar 31210 kr. 9 a. eða 19 kr. 8 a. minni en í landsreikningnum. Í skýrslu, er oss hefur verið látin í tje frá hinum umboðslega endurskoðanda, segir hann það rjett að vera að telja tekjurnar svo sem gjört er í frumvarpinu með þeim fyrirvara að mismunurinn, sem sje reikningsábyrgðir frá árum, komi fram í óvissum tekjum árið 1882.

Eptirstöðvarnar í þessari tekjugrein eru í frumvarpinu 18 kr. 99 a. lægri en í landsreikningnum, en þegar þeim vantöldu 9 aurum er bætt við, koma fram 19 kr. 8 a.

Í fylgiskjali nr. 7 við landsreikninginn 1880 eru eptirstöðvar af erfðafjárskatti í Skaptafellssýslu taldar við árslok . . 53 kr. 39 a.
en í byrjun ársins 1881 eru þær taldar . . 52 — 87 -
án þess sjeð verði, hvernig á mismuninum stendur, sem er 52

Samkvæmt þessu eru eptirstöðvar í þessari tekjugrein við árslok 1881 taldar í landsreikningnum 601 kr. 07 a. en stjórnin telur þær í athugasemdum við frumvarpið 52 aurum hærri, en fellir þá síðan umyrðalaust burtu úr aðaleptirstöðvunum.

Nefndin verður að halda því fram, að greindar eptirstöðvar sjeu taldar 601 kr. 59 a. þangað til sýnt er fram á að rjett sje að sleppa þessum 52 aurum.

Samkvæmt hinu framanskrifaða eru tillögur vorar þessar:

A. *Almennar.*

1. Að landsreikningurinn sje í smáu og stóru eptir greinum og öllum yfir- og undirliðum innanstriks og utanstriks sniðinn eptir tilsvarandi fjárlögum.
2. Að það athugist við yfirskoðun reikningsins 1882, að hve miklu leyti 39 kr. 79 a. eru vantaldar, sem skattur af ábúð og afnotum jarða og lausafje.
3. Að rjettartekjur yfirdómsins verði framvegis taldar með aukatekjum.
4. Að skil fáist fyrir ógoldnu spítalagjaldi frá árinu 1880.
5. Að grennslast sje eptir, hvar 221 kr. 8 a., eptirstöðvar, eldri en frá 1878, eru niður komnar og þær inn heimtar.
6. Að 8 kr. af spítalasjóði, ógoldnar leigur af gömlu 100 rdl. láni, verði innheimtar, eða *fullnægjandi* skýrsla sje gjör fyrir því að þær sjeu ófáanlegar og hvernig á því standi.
7. Að skorað sje á sóknarprest Þönglabakkaprestakalls að hefja úr jarðabókarsjóði 21 kr. 60 a.
8. Að því sje sleppt að telja útgjalda-eptirstöðvar aptan við landsreikninginn.

B. *Sjerstaklegar.*

1. Við frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1880 og 1881.

Tekjur

1 ....

Gjöld.

1. 1. Alþingiskostnaður[1]. Í staðinn fyrir 37079 kr. 46 a. komi: 37076 kr. 6 a.
2. 2. B. Dómgæzla og lögreglumál[2]. Í staðinn fyrir 157,308 kr. 97 a. komi: 157,259 kr. 90 a.
3. 9. Óviss útgjöld[3]. Í staðinn fyrir 8391 kr. 40 a komi: 7728 kr. 35 a.
4. 10. Möðruvallaskólinn.
   «Önnur útgjöld»[4].
   Í staðinn fyrir: 22395 kr. 44 a. komi: 11809 kr. 67 a.
5. 14. Afgangur.
   Í staðinn fyrir 50,940 kr. 20 a. komi: 62,232 kr. 49 a.
   Peningaforði landssjóðs $^{31}/_{12}$ 81 58,348 kr. 24 a.
   Tekjueptirstöðvar[5].
   Í staðinn fyrir 52003 kr. 60 a. komi 52616 kr. 48 a.

— — ———

2. Við frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir 8,720 kr. 33 a. komi: 8,252 kr. 28 a.
2. Við 5. gr. Í staðinn fyrir 503 kr. 5 a. komi: 35 kr.

Alþingi 13. ágúst 1883.

Arnljótur Ólafsson, formaður.	G. E. Briem, framsögumaður	Magnús Andrjesson, skrifari.

325.

Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir 1878 og 1879.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

(Óbreytt eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild, sjá bls. 338 hjer að framan).

---

1) Hjer bætist við 6 kr. til alþingismanns Tryggva Gunnarssonar : 40 a. frá alþingismanni Stefáni Eirikssyni = 5 kr 60 a.

2) Hjer dragast frá 49 kr. 7 a. ofgoldin laun til Bövings sýslumanns.

3) Hjer frá dragast 468 kr. 5 a ofgoldinn ferðastyrkur + 195 kr. fyrir uppdrætti til dómkirkj unnar = 663 kr 5 a

4) Hjer dragast frá 10585 kr 77 a.

5) Hjer bætist við:

Vitagjald	18	kr.	21 a
Erfðafjárskattur	„	—	52 -
Afgjöld af jörðum . . .	293	—	80 -
Leigur af viðlagasjóði . . .	108	—	„ -
Ofgoldið til póstferða 1879 .	192	—	25 -
Gömul kongstiund	„	—	12 -
	612	—	88 -

326.

Frumvarp

til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Amtmannaembættin og landritaraembættið skulu lögð niður og einn skrifstofustjóri skipaður undir landshöfðingja með 4000 kr. árslaunum. Auka skal skrifstofufje landshöfðingja um 1000 kr. Mál þau, er nú eru lögð undir amtmennina, og eigi viðkoma þeim sem forsetum amtsráðanna, skal skipt milli landshöfðingja og sýslumanna, eptir reglum þeim, er ráðgjafinn fyrir Ísland ákveður.

2. gr. Í stað amtsráðanna komi fjögur fjórðungsráð, sitt í hverjum landsfjórðungi. Í Sunnlendingafjórðungi skulu vera þessi sýslufjelög: Vestur-Skaptafellssýsla, Rangárvallasýsla, Vestmanneyjasýsla, Árnessýsla, Gullbringu og Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla; í Vestfirðingafjórðungi: Mýrasýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla; í Norðlendingafjórðungi: Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla og Norður-Þingeyjarsýsla; í Austfirðingafjórðungi: Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla og Austur-Skaptafellssýsla.

Fjórðungsráðin hafa allan hinn sama starfa á hendi, sem amtsráðin hafa haft.

3. gr. Í fjórðungsráði hverju skal vera einn fulltrúi úr hverju sýslufjelagi fjórðungsins, skal hann kosinn til 6 ára á manntalsþingum sýslunnar, og atkvæði talin saman að afloknum þingum af sýslumanni og tveim mönnum, er sýslunefndin hefur til þess kvatt. Um kosningarrjett og kjörgengi til fjórðungsráðs gilda sömu ákvæði, sem til sýslunefndar.

Þrem árum eptir að fjórðungsráð hefur verið sett í fyrsta skipti, gengur úr því eptir hlutkesti helmingur hinna kosnu fjórðungsfulltrúa, eður, ef tala þeirra stendur á stöku, þá meiri hlutinn, og skal kjósa aðra í staðinn. Að þrem árum liðnum ganga úr hinir, sem eptir eru, og svo frv., annar hluti ráðsins þriðja hvert ár.

Landshöfðingi skipar, auk hinna kosnu fjórðungsfulltrúa, forseta í fjórðungsráð hvert; hefur hann atkvæðisrjett í ráðinu, og að öllu sama ætlunarverk, sem amtmenn hafa haft í amtsráðunum.

Eigi er fundur fjórðungsráðs lögmætur nema meira en helmingur fjórðungsfulltrúa sje á fundi.

Forsetar og fulltrúar í fjórðungsráðunum hafa sömu fæðispeninga sem amtsráðsmenn hafa haft. Fyrir ferðakostnað og störf milli funda fá þeir og endurgjald eptir reikningi, er fjórðungsráðið samþykkir.

4. gr. Þar sem takmörk fjórðunganna verða önnur en takmörk amtanna hafa verið, skal skipta jafnaðarsjóðum og öðrum sameiginlegum sjóðum amtanna milli fjórðunganna eptir tiltölu við það, er goldið hefur verið til þeirra næstu 5 ár, áður en skiptingin fer fram. Um tekjur og gjöld fjórðungssjóðanna, er koma í staðinn fyrir jafnaðarsjóði amtanna, gilda hinar sömu ákvarðanir sem gilt hafa fyrir þá.

5. gr. Þær lagaákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

327.

Nefndarálit

um gufuskipaferðir.

(frá fjárlaganefndinni).

Sú tilhögun, sem verið hefur, næstliðið ár og í sumar, á ferðum gufuskipanna umhverfis landið og frá útlöndum, hefur verið hin hentugasta og vinsælasta, sem enn þá hefur reynd verið, og því vill nefndin eigi í þetta sinn ráða til mikilla breytinga; hún hefur aðeins bætt inn í ferðaáætlunina nokkrum nýjum stöðum, er skipin ættu að koma á, sem sje Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn og Reykjarfirði; einnig hefur nefndin tekið upp aptur úr ferðaáætlan þingsins 1881 Djúpavog og Borðeyri, því vonandi er, að nú líði ekki á löngu, að Húnaflói verði mældur, svo eigi verði því barið við, að eigi sje hægt fyrir póstskipin að fara inn til Borðeyrar vegna ófullkominna sjóbrjefa.

Í ferða-áætluninni er ráðgjört, að þrjú skip sjeu í förum yfir sumartímann eins og verið hefur þessi síðustu árin, því með færri skipum er eigi hægt að koma samgöngum og póstferðum landa á milli og jafnframt umhverfis landið í nokkurnvegin viðunanlegt horf. Að sönnu er gufuskipafjelagið ekki skyldugt til eptir samningi sínum við stjórnina, að senda fleiri skip en tvö, en nefndin treystir því, að hið stórauðuga gufuskipafjelag, sem tekið hefur að sjer póstferðirnar, ekki hætti við hálfnað verk, eða gefist upp nú þegar, þótt ferðir þriðja skipsins, sem á að fara tvær sumarferðirnar, gefi minna af sjer í fyrstu en svarar kostnaðinum.

Nefndinni þykir það miklu skipta, að fellt sje skilyrði það, er gufuskipafjelagið hefur sett, að skipin sjeu eigi bundin við það, að koma á Stykkishólm, Skagaströnd og Djúpavog, «nema vindur og veður leyfi»: þessi óvissa kemur því til leiðar, að menn á þessum stöðum þora eigi að treysta því, að skipin komi, og hafa þess vegna eigi hálf not af ferðunum til flutninga á vörum nje póstsendingum.

Þótt það skipti eigi miklu, að taka fram um fæði farþegja, þá sýnist nefndinni rjett að minnast á það í niðurlags-atriðum sínum, en aptur virðist nefndinni miklu meira áríðandi, að fje það, er landið leggur til ferðanna, sje því að eins greitt úr landssjóði, að þeim sje eigi hagað gagnstætt vilja þingsins, heldur sem allra næst þeirri ferðaáætlun, er þingið álítur hentugasta.

Samkvæmt framanrituðu leyfir nefndin sjer, að ráða hinni heiðruðu deild til, að fallast á eptirfylgjandi þingsályktun.

Tillaga

til þingsályktunar um fyrirkomulag á gufuskipaferðum umhverfis strendur landsins.

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina, að hún hlutist til um:

1. Að fá framgengt ferðaáætlun þeirri, er þingið samþykkir.
2. Að landsstjórnin áskilji hentugt skip til ferðanna, og nægilegt og gott rúm sje fyrir farþegja á fyrsta, öðru og þriðja plássi.
3. Að fæði farþegja á skipunum sje selt samkvæmt 3. tölul. í þingsályktuninni 1881 um gufuskipaferðirnar.
4. Að fjeð verði því að eins greitt úr landssjóð, að ferðaáætlaninni verði fylgt í öllum aðalatriðum.

Ferða-

gufuskipanna millum Kaupmannahafnar,

Frá Kaupmanna-

Ferðir skip-anna.	frá Kpmh.	Skipið fer í																	
		Leith		Trang-isvog		Þórs-höfn		Vestm.-eyjum		Þorláks-höfn		Djúpa-vog		Eski-firði		Seyðis-firði		Vopna-firði		Húsa-vík		Akur-eyri	
1. ferð	14. jan.	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«
2. —	2. marz	6. marz		»	«	8. marz		9. marz		»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«
3. —	15. apr.	19. apr.		21. apr.		22. apr.		23. apr.		»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«
4. —	5. maí	9. maí		11. maí		12. maí		»	«	»	«	»	«	»	«	14. maí		15. maí		»	«	17. maí	
5. —	27. maí	31. maí		2. júní		3. júní[1])		4. júní		»	«	»	«	11. júní		12. júní		»	«	14. júní		16. júní	
6. —	16. júní	20. júní		»	»	22. júní		»	«	23. júní		»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«
7. —	1. júlí	5. júlí		7. júlí		8. júlí		»	«	»	«	10. júlí		10. júlí		11. júlí		12. júlí		»	«	15. júlí	
8. —	20. júlí	24. júlí		»	«	26. júlí		27. júlí		27. júlí		»	»	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«
9. —	31. júlí	4. ág.		»	«	7. ág.		»	«	»	«	»	»	9. ág.		10. ág.		10. ág.		11. ág.		12. ág.	
0. —	26. ág.	1. sept.		»	«	3. sept.		4 sept.		»	«	5. sept.		»	«	6. sept.		»	«	7. sept.		9. sept.	
1. —	29. sept.	3. okt.		5. okt.		6. okt.		»	«	»	«	»	»	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«
2. —	9. nóv.	13. nóv.		»	«	16. nóv.		»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«

Frá Íslandi til

Ferðir skip-anna.	frá Reykja-vík.	Skipið fer																	
		Stykkis-hólmi		Flatey		Patreks firði		Arnar-firði		Þing-eyri		Flateyri		Ísafirði		Reykja-firði		Borð-eyri		Skaga-strönd		Sauðár-krók	
1. ferð	30. jan.	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«
2. —	24. marz	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«
3. —	6. maí	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«
4. —	1. júní	1. júní		1. júní		2. júní		2. júní		3. júní		4. júní		6. júní		7. júní		»	«	7. júní		8. júní	
5. —	1. júlí	2. júlí		2. júlí		»	«	»	«	3. júlí		3. júlí		4. júlí		»	«	5. júlí		5. júlí		6. júlí	
6. —	1. júlí	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«
7. —	1. ág.	1. ág.		1. ág.		2. ág.		»	»	2. ág.		2. ág.		3. ág.		»	«	4. ág.		4. ág		5. ág.	
8. —	7. ág.	»	»	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«
9. —	29. ág.	29. ág.		»	«	»	«	30. ág.		30. ág.		»	«	1. sept		1. sept.		2. sept.		3. sept.		3. sept.	
0. —	24. sept.	24. sept.		»	«	»	«	»	«	25. sept.		26. sept.		27. sept.		»	«	»	«	»	«	»	«
1. —	19. okt.	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«
2. —	30. nóv.	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«

[1]) Þaðan beina leið til Reykjavíkur, kemur þar 5. júní og fer þaðan aptur 9. sunnan um land

Athgr. Skipin koma við á Vestmannaeyjum í fleiri ferðum sem þau fara sunnan um landið, ef veðráða, hvort «veður eða vindur leyfir» fremur en við aðrar hafnir, sem hjer eru nefndar.

etlun

otlands, Færeyja og Islands 1884—1885.

fn til Íslands.

sta lagi																				Kemur til Rvíkur.
glu-irði	Sauðár-krók		Skaga-strönd		Borð-eyri		Reykja-fírði		Ísafirði		Flat-eyri		Þing-eyri		Arnar-fírði		Vatn-eyri		Flatey		Stykkis-hólmi		
«	»	«	»	«	«	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	22. jan.
«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	14.marz
«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	28. apr.
«	17.	maí	17.	maí	»	«	18.	maí	19.	maí	19.	maí	20.	maí	»	«	»	«	»	«	»	«	21. maí	25. maí
júní	17.	júní	17.	júní	18.	júní	»	«	19.	júní	»	«	19.	júní	20.	júní	20.	júní	21.	jún.	22.	júní	25. júní
«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	27. júní
júlí	16.	júlí	16.	júlí	»	«	17.	júlí	18.	júlí	19.	júlí	19.	júlí	»	«	20.	júlí	»	«	21.	júlí	25. júlí
«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	30. júlí
ág.	12.	ág.	13.	ág.	13.	ág.	»	«	15.	ág.	15.	ág.	16.	ág.	16.	ág.	»	«	»	«	18.	ág.	20. ág.
«	10.	sept.	10.	sept.	11.	sept.	»	«	12.	sept.	12.	sept.	13.	sept.	»	«	13.	sept.	»	«	14.	sept.	16. sept.
«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	12. okt.
«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	22. nóv.

upmannahafnar.

yrsta lagi																					Kemur til Kpmh.
glu-irði	Akur-eyri		Húsa-vík		Vopna-fírði		Seyðis-fírði		Eski-fírði		Djúpa-vog		Þorl.-höfn		Vestm.-eyjum		Þórs-höfn		Tran-gisvog		Leith		
«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	15. febr.
«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	25.	marz	27.	marz	«	«	30.	marz	6. apríl
«	»	«	«	«	«	«	»	«	«	«	»	«	»	»	7.	maí	9.	maí	10.	maí	12.	maí	17. maí
júní	10.	júní	»	«	»	«	12.	júní	»	«	12.	júní	»	«	»	«	14.	júní	15.	júní	18.	júní	24. júní
júlí	9.	júlí	9.	júlí	10.	júlí	12.	júlí	12.	júlí	13.	júlí	»	«	»	«	15.	júlí	»	«	19.	júlí	24. júlí
«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	1.	júlí	2.	júlí	5.	júlí	»	«	9.	júlí	13. júlí
ág.	8.	ág.	»	«	8.	ág.	10.	ág.	10.	ág.	11.	ág.	»	«	»	«	13.	ág.	13.	ág.	16.	ág.	21. ág.
«	»	«	»	«	»	«	»	»	»	»	»	«	7.	ág.	8.	ág.	10.	ág.	»	«	13.	ág.	19. ág.
sept.	5.	sept.	5.	sept.	»	«	7.	sept.	7.	sept.	»	«	»	«	»	«	10.	sept.	»	«	14.	sept.	20. sept.
sept.	30.	sept.	»	»	»	«	3.	okt.	»	«	»	«	»	«	»	«	5.	okt.	6.	okt.	9.	okt.	14. okt.
«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	20.	okt.	23.	okt.	»	«	27.	okt.	1. nóv.
«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	»	«	4.	des.	»	«	7.	des.	12. des.

Eskifjarðar, svo áfram þaðan norður um land.

leyfir. Ákveðið sje, að skipin komi á **Stykkishólm**, **Skagaströnd** og **Djúpavog**, en það eigi látið

328.

Frumvarp

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1878 og 1879.
(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

I. Tekjnr.	Fjárveiting. kr. a	Reikningur. kr. a.
1. Tekjur af ljenssýslum	10,640.	7.660.
2. Lögþingisskrifaralaun	128. 06	80. 92
3. Tekjur af umboðssýslu-gjöldum	3,660.	2.056. 39
4. Konungstíundir	15,292.	14.175
5. Lögmannstollur	1.908.	1.229. 47
6. Nafnbótaskattur	400.	92.
7. Erfðafjárskattur	4,242	5.479. 56
8. Gjöld af fasteignarsölum	1.188.	1.598. 23
9. Gjöld fyrir leyfisbrjef	1,200.	2,583. 50
10. Spítalagjald	12,000.	16.800. 80
11. Gjöld af verzlun á Íslandi	71,668.	101,354. 67
12. Aðflutningsgjald	196,000.	252,386. 25
13. Tekjur af póstferðunum	19,000.	18,574. 14
14. Óvissar tekjur	1.200.	6.336. 27
15. Tekjur af fasteignum landssjóðsins . . .	64,326.	78,785. 99
16. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn . . . Borgað uppí lán, veiting: 15,281 kr. 60 a.: reikningur: 17,924 kr. 3 a.	45.415. 20	49,022. 43
17. Tekjur af hinum íslenzka styrktarsjóði, veiting: 3,532 kr.; reikningur: 4,495 kr. 35 a.		
18. Borguð lán og skyndilán	1.562.	1.131. 70
19. Aukatekjur eptir lögum 14. des. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta sbr. fjárlögin, 18. gr.	„	21,592. 21
20. Vitagjald eptir lögum 14. apríl 1878, sbr. fjárlögin 18. gr.	„	6,250. 95
21. Skattur af ábúð og afnotum jarða og á lausafje eptir lögum 14. des. 1877, sbr. fjárlögin 18. gr.	„	45,684. 04
22. Húsaskattur eptir lögum 14. des. 1877, sbr. fjárlögin 18. gr.	„	1,940. 95
23. Tekjuskattur eptir lögum 14. des. 1877, sbr. fjárlögin 18. gr.	„	11,632. 02
24. Tillag úr ríkissjóði	188,332.	184,958.
Samtals . . .	638,161. 26	831,405. 49

II. Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi . . .	26,800.	26,800.
2. Til kostnaðar við alþingi 1879	32,000.	36,817. 47
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina:		
A. Umboðstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	48,200.	49,716. 27
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	44,112.	130,160. 72
C. Ýmisleg útgjöld	102,344. 66	103,061. 32
4. Til útgjalda við læknaskipunina . . .	80,148.	72,226. 23
5. Við póststjórnina	28,989.	32,406. 24
6. Til kirkju- og kennslumálefna:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar . . .	32,264.	33,901. 49
B. Kennslumálefni	106,576.	102,773. 89
C. Ýmisleg útgjöld	31,000.	31,600.
7. Eptirlaun og styrktarfje	47,500.	49,269. 89
8. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja .	10,000.	11,472. 50
9. Til útgjalda, sem uppá kunna að koma .	8,000.	7,509. 06
10. Til að reisa skólahús á Möðruvöllum, sbr. lög 7. nóv. 1879	„	27,564. 50
11. Afgangur	40,227. 60	116,125. 91
Samtals . . .	638,161. 26	831,405. 49

Innstæðufje viðlagasjóðsins var 31. desbr. 1879 . . 677,693 kr. 32 a.

Útistandandi eptirstöðvar af tekjum landssjóðs . . 27,003 — 72 —

Ógoldin útgjöld . . . . . 674 — 69 —

229.

Frumvarp

til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Þyki hreppsnefnd ástæða til að láta svipta þann fjárforráðum, sem þiggur styrk af fátækrafje fyrir sig eður skylduómaga sína, getur hún farið þess á leit við sýslumann, að hann sje gjörður ómyndugur, en umráðin yfir efnum hans seld henni í hendur, og leggur þá sýslumaður fullnaðarúrskurð á það mál. Úrskurði um, að þurfamaður sje gjörður ómyndugur, skal ávallt þinglýst á varnarþingi hins ómynduga, en fjárforráð sín fær þurfamaður aptur, er hann sannar fyrir sýslumanni, að hann ekki lengur þiggi sveitarstyrk, og skal þá úrskurðinum aflýst.

2. gr. Nú þiggur maður sveitarstyrk fyrir sig eður skylduómaga sína, eða stend-

ur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, er hann eigi endurgeldur á annan hátt, og skal honum skylt að fara í hverja þá viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem hreppsnefndin ákveður, og honum er ekki um megn; þó er honum heimilt að ráða sjer sjálfur, ef hann setur áreiðanlega tryggingu fyrir því, að sveitarsjóður bíði engan halla við það. Verði ágreiningur milli þurfamanns og hreppsnefndar um það, hvort vist eða vinna sje viðunanleg eður trygging nægileg, skal sýslumaður leggja fullnaðarúrskurð á það mál. Gangi úrskurður þurfamanni á móti, skulu í úrskurðinum vera ákveðnar þvingunarsektir eptir atvikum, allt að 2 krónum fyrir hvern dag, er hann að sjálfráðu óhlýðnast.

3. gr. Nú flytur maður af landi burt, en skilur eptir vandamenn, er honum að lögum ber fram að færa, en sem ekki eru sjálfbjarga, og skal hann þá skyldur að setja nægilega tryggingu eptir mati tveggja óvilhallra dómkvaddra utanhreppsmanna fyrir því, að skylduómagar hans verði ekki til sveitarþyngsla, að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eður önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda óheimili sýslumaður utanferð, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

4. gr. Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, eru opinber lögreglumál.

330.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum.

Í staðinn fyrir orðin: «enda sje líkindi til . . . ekki sjálfbjarga» komi: «en sem ekki eru sjálfbjarga».

G. E. Briem. Þorkell Bjarnason. Þorlákur Guðmundsson. Egilsson.
Tryggvi Gunnarsson. Þórður Magnússon

331.

Tillaga

til þingsályktunar um merkin á alþingishúsinu.

(frá 2. þingm. Suðurmúlasýslu).

Neðri deild alþingis ályktar, að taka skuli niður af framhlið alþingishússins þorskmerkið og ljónamerkið, en að setja skuli þar upp aptur lágmyndir (basrelief) af Danakonungunum Kristjáni 8. vestanmegin, og Kristjáni 9. austanmegin.

332.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um farmgjald skipa.

Í 1. gr. í staðinn fyrir «1 kr.» komi «70 aurar».

Egilsson. Þorlákur Guðmundsson. F. S. Stefánsson. Þorkell Bjarnason.
Þórður Magnússon. Þórarinn Böðvarsson.

333.

Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um laun íslenzkra embættismanna dags. 15. okt. 1875.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

1. gr. Biskupi skal veita í árslaun 5500 kr.

2. gr. Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árslaun 5500 kr.

Öðrum dómendum í landsyfirrjettinum skal veita í árslaun, hinum fyrri 4000 kr., hinum síðari 3500 kr.

3. gr. Forstöðumanni prestaskólans skal veita í árslaun 4000 kr. Öðrum kennurum við prestaskólann skal veita í árslaun, hinum fyrri 2600 kr., hinum síðari 2200 kr.

4. gr. Forstöðumanni hins lærða skóla skal veita í árslaun 3600 kr. og leigulausan bústað í skólahúsinu. Fyrsta og öðrum kennara við lærða skólann skal veita í árleg laun 2600 kr. hvorum fyrir sig. Þriðja og fjórða kennara skal veita í árslaun 2200 kr. hvorum fyrir sig.

5. gr. Embættismenn þeir, er fengið hafa veitingu fyrir embættum þessum áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einkis í missa við þau, meðan þeir sitja í sama embætti.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1884.

334.

Tillaga

til þingsályktunar um að leigja sjerstaklega Arnarhólslóð í Reykjavík.

Þingdeildin skorar á stjórnina, að leigja framvegis sjerstaklega Arnarhólslóð í Reykjavík, og eigi, um lengri tíma en 5 ár í senn. Eptirgjaldið renni í landssjóð.

Tryggvi Gunnarsson. Þorkell Bjarnason. Þorlákur Guðmundsson. Arnljótur Olafsson.

335.

Fyrirspurn

til landshöfðingja

(frá 2. þingm. Suður-Múlasýslu).

Hver eru skilyrðin fyrir því, að stjórnin geti veitt embættismönnum lausn frá embætti með fullum eptirlaunum?

336.

Frumvarp

til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða.

(Samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

1. gr. Heimilt skal íslenzkum mönnum heimilisföstum á Íslandi og innlendum hlutafjelögum að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða hjer við land, ef fullnægt er skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr. Þá er útlent skip er tekið á leigu til fiskiveiða, skal gjöra um það skriflegan samning milli þess, er selur skip á leigu og hins, er tekur skipið á leigu, og sje þar skýrt kveðið á um upphæð skipsleigunnar og annars þess, er sá er skyldur að greiða, er skip tekur á leigu. Eigi má semja svo um, að skipseigandi eða sá, er selur skipið á leigu, hafi hlutaveiði móti þeim er skip tekur á leigu. Skipleigusamninginn skal skipstjóri hafa meðferðis á skipi sínu, meðan samningstíminn stendur yfir.

3. gr. Skipstjóri og háseti hins útlenda skips skulu enn fremur rita undir skuldbindingu að fara í öllu við veiðar sínar eptir íslenzkum lögum, meðan þeir stunda þær hjer við land samkvæmt skipleigusamningnum, og án tillits til þjóðernis þeirra sæta ábyrgð fyrir afbrot í þeim efnum eptir íslenzkum lögum og dómi hjer á landi.

4. gr. Áður en byrjuð er veiði á útlendu skipi skal sýna skipleigusamninginn lögreglustjóra og afhenda honum skuldbinding skipverja; rannsakar hann, hvort ákvæðum laga þessara er fullnægt í öllum greinum. Álíti lögreglustjóri svo vera, skrifar hann leyfi sitt á samninginn til þess að skipið megi nota til veiðiskapar hjer við land um ákveðinn tíma frá þeim degi að telja, og má tími sá eigi vera lengri en 12 mánuðir. Lögreglustjóri skal senda landshöfðingja eptirrit af samningnum á kostnað þess, er skipið tekur a leigu.

5. gr. Nú álítur lögreglustjóri, að skipleigusamningur sje gjörður á annan hátt en hjer er fyrir mælt, og synjar hann um leyfi sitt. Mega þá semjendur bera samning sinn undir úrskurð landshöfðingja, er hefur heimild til að samþykkja hann, ef hann álítur að grundvallarreglum laga þessara sje fullnægt í samningnum. Það er á valdi landshöfðingja að binda samþykki sitt þeim ákvörðunum um eptirlit, er honum þykir henta og heimta fje lagt í geymslu fyrirfram til tryggingar fyrir því, að fullnægt sje ákvæðum þeim er hann setur, þannig að það falli til landssjóðs án dóms og laga, ef út af er brugðið.

6. gr. Af útlendu skipi, sem tekið er á leigu til fiskiveiða, og af afla þess, skal lúka öll lögboðin gjöld, þar á meðal afgreiðslugjald samkvæmt lögum 17. desember 1875 í fyrsta sinn, áður en skipið byrjar veiði, 10 aura af hverri smálest en 5 aura síðar í hvert skipti, er það hafnar sig. Þó skal gjald þetta eigi greitt nema í eitt skipti, er skipið fer hafna á milli í sama lögsagnarumdæmi, en annars í hvert skipti, er það kemur frá stöðum utanhjeraðs.

7. gr. Eigi má stunda neins konar veiði á opnum bátum frá skipum þeim, er ræðir um í lögum þessum. En heimilt er að flytja í útlend skip afla, er landsmenn hafa veitt á bátum, til þess að salta hann þar eða verka til verzlunarvöru á annan hátt. Þó þarf til þess leyfi lögreglustjóra, er skal binda slíkt leyfi þeim skilyrðum, sem hann álítur nægja til tryggingar fyrir því, að leyfið verði eigi notað til að fremja lagabrot. Um öll slík leyfi, er lögreglustjóri gefur, skal hann senda landshöfðingja skýrslu.

8. gr. Brot móti lögum þessum varða sektum allt að 2000 kr. er renna í landssjóð, og sæta þau meðferð sem opinber lögreglumál.

337.

Breytingaratkvæði

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1880 og 1881.

(Frá nefndinni).

Við 6. gr. Í staðinn fyrir »1578 kr. 79 a.» komi: «1646 kr. 16 a.»

Þar af til yfirkennara Halldórs Kr. Friðrikssonar sem endurgjald fyrir steinvegg í þarfir alþingishússins 67 kr. 37 a.

338.

Frumvarp

til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.

(Frá fjárlaganefnd efri deildar).

Á manntalsþingum 1884 skal að eins greiða $^1/_5$ álnar á landsvísu af jarðarhundraði hverju og að eins $^1/_2$ alin á landsvísu af lausafjárhundraði hverju.

339.

Frumvarp

til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.
(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi, og dómsvaldið hjá dómendunum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni Íslands eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur á Íslandi.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland ekki hefur fulltrúa á ríkisþinginu, sem komið er undir bæði alþingi og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til hinna almennu þarfa þess. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt í löggjafarvaldinu, að því leyti, er snertir hin almennu málefni ríkisins.

3. gr. Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands, með þeim takmörkunum sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landshöfðingja, sem hafi aðsetur sitt á Íslandi, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skulu gjörð tvö samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geymast í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus, hann er og heilagur og friðhelgur. Landshöfðinginn hefur ábyrgð á því að stjórnarskránni sje fylgt. Alþingi kemur ábyrgð fram á hendur landshöfðingja eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum.

Undirskript konungs undir ákvarðanir, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim fullt gildi, þá er landshöfðinginn hefur ritað undir með honum, og er þá ákvörðunin á ábyrgð landshöfðingja.

6. gr. Milli konungs og landshöfðingja skal enginn milliliður vera.

Fyrir málefni Íslands skal sjerstakur skrifari skipaður í skrifstofu (Cabinet) konungs.

Embættismaður þessi hefur það starf á hendi að afgreiða hjá konungi öll hin sjerstöku málefni landsins og með nafni sínu merkja alla konungsúrskurði. Skulu konungsúrskurðir skrifaðir í tvennu lagi. Geymist frumritið í skjalasafni Íslands, en eptirritið í skjölum skrifarans.

7. gr. Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lagaboði. Engan má skipa embættismann á Íslandi, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönn-

ur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í hinum gildandi ákvörðunum um kunnáttu í máli landsins. Sjerhver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefur veitt það. Eptirlaun embættismanna skal ákveða samkvæmt eptirlaunalögunum.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo að þeir missi einkis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættisskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða.

Með lagaboði má undanskilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 48. gr.

8. gr. Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi eiga setu lengur en 8 vikur. Breyta má þessu með lögum.

9. gr. Konungur getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

10. gr. Konungur getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einusinni á ári.

11. gr. Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því það var leyst upp, og skal stefna alþingi saman næsta ár eptir að það var leyst upp.

12. gr. Konungur getur látið leggja fyrir alþingi uppástungur til laga og ályktana.

13. gr. Samþykkis konungs þarf til þess, að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi. Konungur annast um að lögin verði birt, og að þeim verði fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, á undan næsta reglulegu þingi, er það fallið niður.

14. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabyrgðarlög milli alþinga; þó mega slík lög ekki koma í bága við stjórnarskrána, og skal ávallt leggja þau fyrir næsta alþingi á eptir til samþykktar.

15. gr. Konungur náðar menn, og veitir almenna uppgjöf á sökum.

16. gr. Konungur veitir sumpart beinlínis, sumpart með því, að fela það hlutaðeigandi stjórnarvöldum á hendur, leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til á Íslandi.

17. gr. Á alþingi eiga sæti 30 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismenn, sem konungur kveður til þingsetu. Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna má breyta með lögum. Bæði kosningar hinna þjóðkjörnu alþingismanna og umboð þeirra, sem kvaddir eru til þingsetu af konungi, gilda venjulega fyrir 6 ára tímabil, og umboð þeirra, sem konungur kveður til, eins og fyrir það, þótt þingið kynni að verða leyst upp. Deyji nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru, eða kvaddir til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal samt að eins kjósa eða kveðja til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

18. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 12 þingmenn, í neðri deildinni 24. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

19. gr. Hinir konungkjörnu alþingismenn eiga allir sæti í efri þingdeildinni. Hina þingmennina í efri deildinni kýs alþingi í heild sinni, með óbundnum kosningum úr

flokki hinna þjóðkjörnu alþingismanna fyrir allan kjörtímann, í fyrsta sinn, er það kemur saman, eptir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði, á meðan á kjörtímanum stendur, nokkurt sæti laust í efri þingdeildinni, sem þjóðkjörnir alþingismenn sitja í, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess, að velja mann í hið lausa sæti meðal þjóðkjörnu þingmannanna, fyrir þann kjörtíma, sem eptir er.

20. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a, allir húsráðendur, hvort heldur eru í sveit, við sjó eða í kaupstöðum, sem greiða 12 krónur á ári til sveitar eða bæjarsjóðs. Þó má breyta þessu með lögum;

b, embættismenn, hvort sem þeir hafa konunglegt veitingarbrjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þessa;

c, þeir sem hafa tekið lærdómspróf við háskólann, eða sams konar próf í Reykjavík, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, sje heimilisfastur í kjördæminu, sje fjár síns ráðandi, og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann.

21. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef hann:

1. er þegn Danakonungs, og eigi er í þjónustu annars ríkis;
2. sje orðinn fullra 30 ára að aldri þegar kosningin fer fram.

Þó má kjósa þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

III.

22. gr. Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki til tekið annan samkomudag sama ár. Þó má breyta þessu með lögum.

23. gr. Samkomustaður alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur ákveðið, að alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

24. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

25. gr. Hvor alþingisdeildin um sig á rjett á að bera upp lagaboð og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi ávörp.

26. gr. Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett nefndir af þingmönnum til þess að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

27. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka, nema með lagaboði; ekki má heldur taka lán er skuldbindi landið, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af jarðeignum landsins, nema slíkt sje með lagaboði ákveðið.

28. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

29. gr. Fyrir hvert reglulegt alþingi, jafnskjótt sem það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands, samkvæmt lögum um hina stjórnlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. jan. 1871, 5. gr. sbr. 6. gr.

Gjöld, sem ákveðin eru með konungsúrskurðum, tilskipunum eða lögum skal þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, bæði í frumvarpinu til fjárlaganna, og í þeim sjalfum, tilfæra með þeim upphæðum, sem einu sinni eru ákveðnar, nema krafizt sje sjerstaklega viðbótar fyrir hið einstaka fjárhagstímabil, eða hún veitt.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

30. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og að ekkert hafi

verið út goldið án heimildar. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum ársreikningum fyrir hvert tveggja ára fjárhagstímabil í einn reikning, og leggja hann fyrir alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði.

31. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeildinni um sig.

32. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal leggja það fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til fyrri þingdeildarinnar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið að nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þurfa þveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deildinni um sig að vera á fundi, og eiga þátt í atkvæðagreiðslunni, til þess að fullnaðarályktun verði gjörð á máli; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þurfa aptur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu.

33. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

34. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, jafnskjótt sem viðurkennt hefur verið, að kosning hans sje gild.

35. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þyggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir landssjóðinn, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórninni þykir nægja.

36. gr. Meðan alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða nokkurt mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema sú þingdeild leyfi, sem hlut á að máli.

37. gr. Ef einhver sú breyting, er sviptir mann gjörgengi, verður á högum þess manns, er löglega er kosinn, missir hann rjett þann, sem kosningunni fylgir.

38. gr Landshöfðingjanum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og á hann rjett á að taka þátt í umræðunum svo opt, sem hann vill, en gæta verður hann þingskapa.

Atkvæðisrjett hefur landshöfðinginn því að eins að hann sje jafnframt alþingismaður.

39. gr. Hvor þingdeildin um sig, og eins hið sameinaða alþingi, kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

40. gr Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

41. gr. Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp í þeirri þingeild, sem hann á sæti í, sjerhvert opinbert málefni, ef hún leyfir það, og beiðast þar um skýrslu.

42. gr. Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

43. gr. Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landshöfðingja.

44. gr. Fundi beggja þingdeildanna og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur hlutaðeigandi forseti, eða svo margir þingmenn, sem tiltekið er í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þing það, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði, eða á leynilegum fundi.

45. gr. Þingsköpin handa hinu sameinaða alþingi og báðum deildum þess skulu sett með lagaboði.

IV.

46 gr. Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lagaboði.

47. gr. Dómendur eiga rjett á að skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboðinu í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

48. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólanna. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

49. gr. Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal hið opinbera að því leyti styðja hana og vernda.

Sambandið milli þjóðkirkjunnar og hins veraldlega valds skal ákveða með lögum.

50. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu þeirra, þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu.

51. gr. Enginn má neins í missa af þegnlegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.

VI.

52. gr. Engan má taka fastan nema fyrir glæpi og með þeim hætti, sem ákveðið er í lögum. Dómari og aðrir, sem hlut eiga að máli, standa til ábyrgðar gagnvart þeim, sem hefur verið tekinn fastur, eður valdið hefur verið tálmunar. Sá sem fastur er tekinn skal undandráttarlaust leiddur fyrir dómara, og megi þá ekki jafnskjótt láta hann lausan, skal dómarinn, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja; og megi láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði þeim, sem dómarinn kveður upp, má sá sem hlut á að máli, þegar skjóta sjer í lagi til æðra dóms.

Engann mann má setja í gæzluvarðhald fyrir yfirsjón, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

53. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit, nje kyrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eptir dómsúrskurði.

54. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almennings þörf krefji; þarf til þess lagaboð, og komi fullt verð fyrir.

55. gr. Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almennings heillum, skal aftaka með lagaboði.

56. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skylduómagi annars manns, skal eiga rjett á, að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann vera háður takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

57. gr. Geti foreldrar eigi sjeð börnum sínum fyrir fræðslu, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda hins opinbera, að sjá þeim fyrir uppfræðingu.

58. gr. Hver maður á rjett á að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti, þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei innleiða.

59. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Engu fjelagi má slíta með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelög um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess það megi rjúfa.

60. gr. Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

61. gr. Sjerhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lagaboði.

62. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipa með lagaboði.

63. gr. Skattgjaldamálum skal koma fyrir með lagaboði.

64. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

65. gr. Tillögur, hvort sem þær eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái tillagan um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal leysa alþingi upp þá þegar, og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefur hún gildi sem stjórnarlög.

66. gr. Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi . . .

Á k v a r ð a n i r u m s t u n d a r s a k i r:

Þangað til nýju skipulagi verður komið á æðsta dómstól landsins með lögum, sem alþingi og ríkisþing Dana samþykkir, er hæstirjettur í Danmörku æðsti dómstóll landsins, samkvæmt reglum þeim, sem hingað til hefur verið fylgt.

340.

Nefndarálit

í málinu um frumvarp til laga um strandgæzlu og um niðurskurð á hákarli.

Vjer, sem neðri deild alþingis kaus til þess að íhuga frumvarp til laga um strandgæzlu, höfum rætt frumvarp þetta nákvæmlega, og orðið á eitt sáttir um að ekki muni, að svo komnu, brýna nauðsyn til bera að semja lög um þetta efni fyrir landið í heild sinni, enda gætu slík lög trauðlega komið að tilætluðum notum, þar sem störf

strandgæzlumanna yrðu, eptir frumvarpinu, mjög erfið og umfangsmikil og varla ætlandi að þeim yrði gegnt rækilega fyrir þá þóknun, sem strandgæzlumönnum er ákveðin, en að launa þeim hæfilega, mundi verða all tilfinnanleg útgjöld fyrir þau sýslufjelög, er hlut ættu að máli. Vjer viljum því ráða hinni háttvirtu deild frá því að samþykkja, að þessu sinni, frumvarp til laga um strandgæzlu, en leyfum oss hinsvegar að leggja það til að deildin samþykki, með eptirfylgjandi breytingum, frumvarp það til laga um niðurskurð á hákarli, er oss einnig hefir verið fengið til meðferðar.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga er banna að sleppa hákarli í sjó, á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp

til laga um niðurskurð á hákarli.

Við 1. gr. Í stað «15. apríl» komi: «1. maí.»

Önnur og þriðja málsgrein falli burtu.

Við 2. gr. Í stað 2. gr. komi svohljóðandi grein:

Í hvert skipti sem skip kemur frá hákarlaveiði til lands milli Straumness og Langaness, á tímabili því, sem nefnt er í 1. grein, skal formaður þegar senda hreppstjóra skriflegt vottorð, undir eiðs tilboð, um að engum hákarli hafi verið sleppt í sjó af skipi hans, en hafi svo verið, skriflega skýrslu, undirskrifaða af honum og öðrum skipverjum um öll atvik er að þessu lúta. Vottorð þetta eða skýrslu skal hreppstjóri senda sýslumanni með áliti sínu um það, hvort ástæða sje til að vefengja vottorð formanns eða skýrslu hans og skipverja.

Þyki vottorð eða skýrsla formanns á nokkurn hátt ósennileg, skal sýslumaður, svo fljótt sem verða má, prófa það mál, og ef þörf gjörist, láta formann og háseta staðfesta skýrslu sína með eiði.

Á eptir 2. gr. frumvarpsins komi ný grein sem verður:

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, er nemi allt að 20 kr. fyrir hverja tunnu (120 potta) hákarlslifrar, er sannast að til lands hafi verið flutt, án þess hákarl fylgi.

Formaður svarar til sekta, en taka skal þær að tiltölu rjettri af öllum, er hlut eiga í aflanum.

3. 4. og 5. gr. frumvarpsins falli burt.

6. gr. sem verður 4. gr. orðist þannig:

Sektir eptir lögum þessum renna að hálfu í sveitarsjóð, þar sem skip það, er hlut á að máli, hefur uppsátur, en að hálfu til hreppstjóra.

5. gr. ný grein.

Með mál, er rísa útaf broti gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

Alþingi 16. ágúst 1883.

G. E. Briem, formaður.	Lárus Blöndal, skrifari.	Þórður Magnússon.

341.

Breytingartillögur

við frumv. til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

(Frá meiri hluta nefndarinnar, 2. þingm. Suður-Múlasýslu, 1. þingm. Skagfirðinga og þingm. Dalamanna.)

I. Við 3. gr. „Landshöfðingi“ breytist í: „landsstjóri“, og þannig alstaðar í frumvarpinu.

II. Við 20. gr. Stafliður a, orðist þannig: „1) Allir búandi menn og húsmenn, borgarar og þurrabúðarmenn eða aðrir húsráðendur, sem greiða“ „2) að minnsta kosti 10 kr. á ári til almennra þarfa.“

III. Við 20. gr. Tölul. 2. falli burt (þar við falli talan 1. burtu við 1. tölul.)

IV. Við 49. gr. „Jarðeignir þjóðkirkjunnar . . . . . í hvert sinn.“ falli burt.

V. 66. gr. orðist svo: „Með þessum stjórnarskipunarlögum er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 úr gildi numin.“

Við Ákvarðanir um stundarsakir.

Nýr tölul. bætist inn svo hljóðandi:

„Þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skulu kosningarlögin 14. sept. 1877 framvegis gilda um kosningar til alþingis, að öðru leyti en því, sem leiðir af 20. og 21. gr. þessara endursk. stjórnarskipunarlaga.“

Síðari málsgreinin orðist þannig: „Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna skal, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skipt þannig niður, að þær sýslur, er nú skal greina: 1) Gullbringu- og Kjósar, 2) Árness- 3) Rangárvalla, 4) Skaptafells, 5) Ísafjarðar ásamt Ísafjarðarkaupstað, 6) Húnavatns, 7) Skagafjarðar, 8) Eyjafjarðar ásamt Akureyrarkaupstað, 9) Þingeyjar, 10) Norðurmúla og 11) Suðurmúlasýslur kjósa 2 alþingismenn hver, en hinar aðrar sýslur á Íslandi og Reykjavíkurkaupstaður kjósa 1 alþingismann hver.“

Fyrir ofan orðin: „Þangað til nýju skipulagi o. s. frv. „bætist: „2“.

342.

Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga 1884 og 1885.

Nefndin ræður til að fallizt sje á frumvarp neðri deildar með nokkrum breytingum, og skulu fyrst stuttlega taldar ástæðurnar fyrir þeim.

2. gr.

Af því að gjaldheimtumenn semja sjerstakan reikning yfir tekjuliðina 4., 5., 7., 8. í einu lagi, þykir betur fara, að halda þeim í sömu röð og í hinum sjerstöku reikningum.

4. gr.

Vextir eru reglulegar árstekjur, og er því eigi rjett að eptirgefa þá, enda ætti Stykkishólmskirkja að vera eins fær um að greiða ársvexti 1884 og 1885, sem þriggja

ára ársvexti 1886. Aptur á móti er það allmikil ívilnun, að kirkjunni sje hlíft við afborganir 1884 og 1885.

10. gr.

B. 4. Önnur útgjöld, þar af 1000 kr. til erindreka alþingis í Elliðaármálunum.

Nefndin finnur eigi nægа ástæðu til veitingar á þessum 1000 kr., og skal þess í fyrsta lagi getið, að starfi sá, sem launa skal þannig, ekki er framkvæmdur eptir ákvæðum *alþingis* heldur *neðri deildarinnar* eingöngu, sbr. alþ.tíð. 1881 I. bls. 519 og II. bls. 1118—1133. Af tjeðum 1000 kr. kynnu allt að 320 kr., sem grein er gjörð fyrir, að geta heimfærzt að meiru eða minna til sakamálskostnaðar, og þannig færzt til útgjalda, ef stjórninni sýnist svo, af staft. B. 4., án sjerlegrar hækkunar.

C. 4. Styrkur til eflingar búnaði.

Þar eð búnaðarskólar eigi eru komnir á í öllum ömtum landsins, getur það eigi borið sig, að helmingi þess fjár, er veitt er til búnaðar, sje skipt að hálfu milli búnaðarfjelaga, eptir tillögum amtsráða, en að hálfu milli búnaðarskóla. Þetta yrði engin jafnaðarskipti, en þar á móti er rjettara, að landshöfðingi úthluti fje þessu eptir tillögum amtsráða, og mun því þá verða betur borgið, að styrkinum verði úthlutað að viðunanlegum jöfnuði milli amtanna sjálfra á eina hlið, og hinsvegar til búnaðarfjelaganna og búnaðarskóla þeirra, sem á eru komnir, eptir þörfum þeirra.

11. gr.

Í 16. grein frumvarpsins er styrkur veittur til þriggja lækna af fje því, sem ætlað er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Af því að útgjöld þessi eru til endurbóta á læknaskipun, leggur nefndin til, að fjárveitingin sje flutt á þennan lið, og er hún orðuð nákvæmar og verksvið aukalæknanna tiltekið.

12. gr.

Á hina miklu hækkun til póstafgreiðslu- og brjefhirðingamanna og kostnaðinn til aukinna póstferða getur nefndin að eins fallizt, með þeim fyrirvara, að hin áformaða aukning á vetrarferðunum komist á þegar í byrjun fjárhagstímabilsins, og þurfi að leiða til svo stórkostlega aukins kostnaðar.

13. gr.

B. II. Til læknaskóla a. laun 3000 kr.

Þar eð í frumvarpi um laun til kennara við læknaskólann, er þingið hefur samþykkt að sínu leyti, er ætlazt til, að laun hins fasta kennara verði 2400 kr., er rjettara að í fjárlögunum sje veitt sama upphæð og eigi minni.

B. V. Til annarar kennslu: c. til alþýðuskóla.

Nákvæmari orðan, þar eð undanþága skilyrðis fyrir skólann í Flensborg fyrst getur komið fram á eptir sjálfu skilyrðinu.

15. gr.

Niðurröðun á ekkjum þeim, er eiga að fá styrk, er breytt þannig, að þær, er styrk fengu áður, eru taldar fyrst.

Þar eð nú er svo komið, að þess eigi þarf lengur, að embættismaður, sem hefur eptirlaun, sje látinn gegna málaflutningsstarfanum, gjörir nefndin ráð fyrir að helmingur málaflutningslauna eigi þurfi að dragast frá á þessum stað, og leggur því til, að ákvörðun þessi sje felld burtu.

16. gr.

1. Styrkur til 3 aukalækna er tekinn undir 11. gr.
3. Styrkur til gufubáta:
Þar eð eigi er kunnugt, að í ráði sje að setja gufubát í gang á Faxaflóa, leggur nefndin það til að styrkur til þessa sje numinn burtu, en þar á móti að til gufubátsferða á Ísafirði sjeu veittar 1500 kr. á ári, þegar þær eru komnar í gang.
4. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals.
Þareð hann mun halda áfram myndaverki sínu yfir íslenzk dýr, þykir öllu rjettara að veita honum þennan styrk í sambandi við þann, er honum er veittur til menningarsögu. öllu fremur en að hann fái hann síðar af tölul. 7.
6. Til að útvega laxfróðan mann frá útlöndum.
Það getur eigi verið til mikillar gagnsemi, að laxfróður maður sje útvegaður hingað frá útlöndum til þess að kenna mönnum útklak fiska, nema því að eins að slík kennsla fari fram verklega. Nefndin hefur því fallizt á. að 3000 kr. sje varið til eflingar laxveiði og laxræktar, þannig, að fje þessu sje einkum, en þó meðfram öðru, varið til þess að útvega laxfróðan mann frá útlöndum, ef að hann gæti orðið til aðstoðar einstökum mönnum eða hjeruðum. er stofnuðu útklök af laxi eða legðu fje í sölur, til þess að gjöra ár fiskgengar með laxastigum, hvortveggja þá er það gæti orðið til verulegra framfara í því hjeraði, þar sem þetta væri gjört.

17. gr.

Nákvæmar orðuð.

18. gr.

Lán til bókavarðar Eiríks Magnússonar.

Það er í öllu rjettara, að alþingi ákveði ekki um lán til einstakra manna, og ræður nefndin því til, að ákvörðun þessi sje numin burt, en lætur jafnframt í ljósi, að henni þykir, að að því megi ganga vísu, að stjórnin verði við tillögum neðri deildarinnar svo að hið umbeðna lán verði veitt gegn veði eða nægilegri trygging.

Í fjárlögunum fyrir 1882 og 1883 var leyft, að af viðlagasjóði mætti taka lán, allt að 100,000 kr., til búnaðarskóla, og er það öllu rjettara, að fjárlögin fyrir 1884 og 1885 endurnýji heimild til þeirra lána, að því leyti þau eru ótekin, en að slíkt sje gjört með aukafjárlögum.

Breytingartillögur nefndarinnar verða því:

2. gr. Röðinni á töluliðunum 5, 6, 7, 8, verði breytt þannig, að 5. töluliður verði 7., 6. tl. verði 8., 7. verði 5. og 8. verði 6.

4. gr. Síðari kaflinn orðist þannig:
Stykkishólmskirkju veitist frestur, fyrir fjárhagstímabilið, á að greiða afborganir af láni því, er hún fjekk árin 1878 og 1879 (2000 kr. + 1000 kr.) alls 3000 kr. og sem við árslok 1883 verður 2440 kr.

10. gr. B. 4. «þaraf 1000 kr. til erindreka — 1881» falli burt.
Í stað 4100 kr. komi 3100 kr.
C. 4. «að hálfu milli búnaðarfjelaga» falli burt;
«en að hálfu milli búnaðarskóla» falli burt.

11. gr. á eptir staflið 1. verði bætt.

2. Styrkur til þriggja aukalækna; til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu 900 kr.; til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði 800 kr.; til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu 700 kr. hvort árið 2400 kr. 2400 kr.
Stafliður 2 verði stafl. 3.

13. gr. B. II. a, í stað 3000—3000 komi: 3200—3200.
B. V. c, «án skilyrðis hvað annað fjártillag snertir» falli burt. Niðurlag athugasemdarinnar orðist þannig, að á eptir styrkinn úr landssjóði komi: («þó nær þetta skilyrði eigi til skólans í Flensborg»).

15. gr. Fyrri kaflinn orðist þannig: Til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 50,000 kr.; þaraf til ekkjufrúar Elínar Thorsteinsen 200 kr., til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., samt til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr. og til ekkjufrúar G. Brynjúlfssonar 150kr., til allra þeirra hvort árið. «Meðan sýslumaður — frá eptirlaunum hans» falli burt.

16. gr. 1. töluliður er til atkvæðagreiðslu undir 11 gr. og breytast töluliðirnir eptir henni.
3. (2.) í stað «gufubáta» komi: »gufubátsferða»; «og á Faxaflóa» og »handa hvorum» falli burt.
Í stað «6000» komi: «3000».
4. (3.) á eptir «til að» komi: «halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr, og til að«
Í stað «400» komi: «600»; í stað «800» komi: «1200».
6. (5.). Í stað «til að útvega laxfróðan mann frá útlöndum» komi: «Styrkur til eflingar laxveiði og laxræktar«.

17. gr. Aptan við greinina bætist: «frá útlöndum, til að taka við embætti hjer á landi».

18. gr. «Bókaverði Eiríki Magnússyni — veðtryggingu» falli burt.
Aptan við frumvarpið bætist:
Heimild sú, sem veitt var í fjárlögum 4. nóv. 1881 til að veita lán til stofnunar búnaðarskólum, endurnýjast fyrir fjárhagstímabil þetta, að því leyti hin veitta upphæð eigi er þegar notuð.

Magnús Stephensen, formaður. Einar Ásmundsson, Árni Thorsteinson, skrifari og framsögumaður.
Sighv. Árnason. B. Kristjánsson.

343.

Breytingaratkvæði

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881.
(frá 1. og 2. þingm. Skagfirðinga).

við 4. gr.

1. Í viðbót við þá upphæð, sem veitt er undir A. b. 1., veitast ennfremur til Fells prestakalls í Skagafirði 400 kr.
2. Aðalupphæð greinarinnar breytist úr 612 kr. 90 a. í 1012 kr. 90 a.
Upphæðin í fyrstu grein frumvarpsins breytist samkvæmt þessu.

344.

Breytingartillaga

við frv. til laga um landsskóla.

Við 6. gr. Í staðinn fyrir: «skólinn tekur — 1885» komi: «lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1886».

Þ. Guðmundsson. F. S. Stefánsson. Eiríkur Briem.
Þork. Bjarnason. G. E. Briem. Tr. Gunnarsson.

345.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um linun í skatti á ábuð og afnotum jarða og á lausafje.

Upphaf frumvarpsins orðist þannig:

»Í skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje samkvæmt lögum 14. desember 1877 skal á manntalsþingum 1884 aðeins« o. sv. frv.

Jón Pjetursson. St. Eiríksson. S. Þorvarðsson.

346.

Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögum fyrir 1880 og 1881 veitast 8,787 kr. 75 aurar til að greiða gjöld þau, er hjer fara á eptir í 2.—6. grein.

2. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 10. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, 2. lið (önnur gjöld) veitast 869 kr. 34. a. fyrir 1880.

3. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 12. gr. fjárlaganna til póststjórnarinnar veitast:

undir 1. lið (laun)	31 kr.	30 a.
fyrir 1880.		
undir 2. lið (póstflutningar):		
1880	1,926 —	30 -
1881	2,499 —	04 -
undir 3. lið (önnur gjöld):		
1880	584 —	32 -
1881	115 —	44 -
	5,156 kr.	40 a.

4. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 12. gr. fjárlaganna til kirkju- og kennslumálefna veitast:

1.	undir B. I., b. ýms útgjöld við prestaskólann 1880	101 kr.	62 a.
2.	undirB. III. b. aðstoðarfje við lærða skólann 1880	240 —	» -
	1881	240 —	» -
3.	undir B. III. c. 3. til skólahússins utan og innan	31 —	18 -
	og c. 7. ýms útgjöld við hinn lærða skóla 1880	» —	10 -
		612 kr.	90 a.

5. gr. Sem viðbót við óviss útgjöld í 16. gr. fjárlaganna veitast 503 kr. 5 a. fyrir fjárhagstímabilið.

6. gr. Auk þeirrar aukafjárveitingar, er í fjáraukalögum fyrir 1880 og 1881 4. nóv. 1881 var veitt til byggingar á húsi fyrir alþingi og söfn landsins, og til húsbúnaðar í alþingissölunum, veitast enn fremur 1646 kr. 16 a. Þar af til yfirkennara Halldórs Kr. Friðrikssonar sem endurgjald fyrir steinvegg í þarfir alþingishússins 67 kr. 37 a.

347.

Frumvarp

til laga um breyting á 7. gr. laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu hefur að launum 3500 kr. árlega frá 1. degi janúarmánaðar 1884.

348.

Frumvarp

til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.

Samþykkt við 2. umræðu í efri deild.

Í skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje samkvæmt lögum 14. desember 1877 skal á manntalsþingum 1884 að eins greiða $^1/_5$ álnar á landsvísu af jarðarhundraði hverju og að eins $^1/_2$ alin á landsvísu af lausafjárhundraði hverju.

349.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum.

(Frá 1. þingmanni Rangæinga).

Við 1. gr. Í staðinn fyrir orðin: «Úrskurði» komi: «Úrskurður» og í staðinn fyrir orðin: «þinglýst á varnarþingi» komi: «birtur á löglegan hátt á heimili».

350.

Frumvarp

til laga um stofnun landsbanka á Íslandi.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild alþingis.)

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland skal heimilt að veita banka þeim, sem stofnaður kynni að verða á Íslandi, hlunnindi þau, sem talin eru í 2. og 3. gr. hjer á eptir, ef samþykktir þær, sem hlutareigendur í bankanum fallast á, eru samhljóða því, sem fyrir er mælt í 4. gr.

2. gr. Hlunnindi þau, sem veita má bankanum, eru þessi:

1. að hann megi taka hærri leigur en 4% á ári.
2. að landssjóðurinn ábyrgist, að goldnir verði 4% í vöxtu á ári af skuldabrjefum þeim, sem bankinn gefur út upp á sjálfan sig (bankaskuldabrjefum).
3. að bankanum verði veittur 6000 kr. styrkur úr landssjóði í eitt skipti fyrir öll til þess að stofnsetja hann.
4. að landssjóðurinn gjörist hlutareigandi í bankanum fyrir allt að 200,000 kr.
5. að allir gjaldheimtumenn á Íslandi sjeu skyldir til að taka leigumiða (Coupons) þá,

er fylgja bankaskuldabrjefunum, þegar þeir eru komnir í gjalddaga, sem borgun fyrir alla opinbera skatta og gjöld, eptir því verði, sem þeir hljóða uppá.

6. að bankastjórnin geti löglega samið við menn um, að þeir í veðskuldabrjefum sínum til bankans gangist undir, að bankastjórnin megi láta fógetann gjöra aðför í eign þeirri, sem sett er að veði, ásamt með því, sem henni fylgir, ef þeir eigi fullnægja skuldbindingu sinni og þar eptir láta selja eignina við opinbert uppboð án fyrirfarandi sáttatilraunar, lögsóknar eða dóms, og verður þar að auki aðför þeirri, sem bankastjórnin hefur krafizt, eða uppboðinu, sem því næst hefur verið ákveðið, hvorki tálmað nje dæmt ógilt með nokkurri áfrýjan til æðri rjettar, en hlutaðeiganda er aptur á móti frjálst að hefja endurgjaldsmálsókn til fullra bóta af bankans hálfu.

3. gr. Leyfilegt er að verja fje ómyndugra og opinberra stofnana sem og fje viðlagasjóðsins til að kaupa bankaskuldabrjef, en þó eigi við hærra verði en ákvæðisverði þeirra.

4. gr. Til þess að bankinn geti vænzt, að samþykktir hans verði staðfestar og hann þannig orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, sem getið var um í 2. og 3. gr., útheimtist:

a, að menn hafi óskað að verða hlutareigendur í bankanum að minnsta kosti fyrir 100,000 kr. auk þeirra 200,000 kr., sem getið var að framan í 2. gr. 4.

b, að eigi megi nokkurn tíma vera í veltu bankaskuldabrjef, sem nemi meiru en svo, að bankinn eigi $^1/_{10}$ meira í veðskuldabrjefum einstakra manna; skal upphæð hvers slíks veðskuldabrjefs vera tryggð með veði í fasteign á Íslandi, svo að veðskuldin sje eigi meiri en $^3/_5$ af gangverði jarða eða helmingur af gangverði húsa, sem veðsett eru, eins og það er ákveðið með virðingargjörð samkvæmt reglum þeim, sem ráðgjafinn fyrir Ísland setur og sem nákvæmar skulu teknar fram í samþykktunum.

Enn fremur skal taka það fram í veðskuldabrjefi hverju, að greiða skuli árlega nokkuð til afborgunar höfuðstólnum svo að henni sje í lengsta lagi lokið á 28 árum sem og árlega vexti nokkru meiri en 4 af hundraði (t. d. $4^1/_2$ %).

c, að greiða skuli 4% árl. leigur að bankaskuldabrjefunum upp á handhafa og að eigi megi gefa út bankaskuldabrjef upp á minni upphæð en 50 kr.

d, að ákveðið sje í samþykktunum, að hlutareigendur kjósi stjórn bankans alla og annan af endurskoðunarmönnunum, en að oddviti bankastjórnarinnar sje háður staðfestingu ráðgjafans fyrir Ísland, sem einnig kjósi hinn endurskoðunarmanninn; að ráðgjafinn skuli setja reglugjörð fyrir endurskoðuninni og að bankastjórnin sje skyld til að birta almenningi árlega fullkominn reikning yfir tekjur og útgjöld, eign og skuldir bankans og að senda landshöfðingjanum yfir Íslandi reikningsútdrátt á hverju hálfu missiri til prentunar í stjórnartíðindunum.

e, að bankastjórnin sje skyld til að láta landshöfðingjanum í tje allar þær skýrslur, sem hann heimtar viðvíkjandi högum bankans og að landshöfðinginn megi, hvenær sem vera skal, rannsaka allt það, sem snertir ástand bankans.

f, að engin breyting verði gjörð á samþykktum bankans nema á þann hátt, sem ákveðinn er í þeim sjálfum og með samþykki ráðgjafans fyrir Ísland.

5. gr. Enn fremur er bankanum heimilt með samþykki stjórnarinnar að stofna sjerstaka deild til að taka móti fje til geymslu eða ávöxtunar um tíma, að lána fje

móti annari tryggingu en um er getið í 4. gr. b, að kaupa víxla og gefa út víxla upp á sjálfan sig. Þó skal bankanum vera skylt að hafa jafnan að minnsta kosti $^3/_5$ hluta geymslufjár fyrirliggjandi í peningum eða verðbrjefum, sem fljótt verður varið í peninga.

6. gr. Þegar ráðgjafinn fyrir Ísland hefur staðfest samþykktir bankans, skal gefa út um það opinbera auglýsing.

351.

Breytingartillaga

við ferðaáætlun gufuskipanna.

1. Bætist við á leiðinni frá Kaupmannahöfn til Íslands:
   Eskifirði
   13. maí.
2. Bætist við á leiðinni frá Íslandi til Kaupmannahafnar:
   Eskifirði
   3. októb.

Jón Ólafsson. Arnljótur Ólafsson. Þork. Bjarnason. Eiríkur Briem. G. E. Briem. Magnús Andrjesson.

352.

Breytingaruppástungur

við frumvarp til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum.

1. 1. gr. orðist þannig: Hver sem þiggur styrk af fátækrafje, eptir að hann er orðinn fullra 16 ára að aldri, annaðhvort fyrir sjálfan sig eða skylduómaga sína, er skyldur til að endurgjalda hann, og getur sveitarstjórnin látið skrifa upp fjármuni þurfamannsins og þinglýsa uppskriptargjörðinni á varnarþingi hans til tryggingar fyrir skuldinni. Fyrir þinglýsinguna skal ekkert gjald greiða.
2. 2. gr. orðist þannig: Nú er sá, sem þegið hefur styrk af fátækrafje samkvæmt 1. gr. lögsóttur til að endurgjalda hann, eða skuldinni er lýst á skiptum á búi hans, og er eptirrit af sveitarbókinni næg sönnun fyrir skuldinni, sem hefur forgöngurjett fyrir öllum öðrum skuldakröfum.
3. 4. gr. falli burt.

Magnús Stephensen.

353.

Viðaukaatkvæði

við frumvarp til fjárlaga 1884 og 1885.

(Frá þingmanni Strandasýslu.)

Aptan við frumvarpið bætist: Stjórninni veitist heimild til að verja allt að 20,000 kr. af viðlagasjóði sem vaxtalausu láni til byggingar á spítala eða sjúkrahúsi í Reykjavík, og skal til tryggingar fyrir láni þessu sett að veði hús það, er til þessa kynni að verða byggt.

354.

Breytingartillaga

við ferðaáætlun gufuskipanna.

1. á Vestmannaeyjum í staðinn fyrir 4. sept. komi: 7. október.
2. á Sauðárkrók bætist við: 28. sept.

F. S. Stefánsson. Þorsteinn Jónsson. Þorkell Bjarnason. Eiríkur Briem.
G. E. Briem. Arnljótur Ólafsson.

355.

Breytingartillaga

við almennar tillögur nefndarinnar í landsreikningamálinu.

6. tillaga falli burt.

Eiríkur Briem. Lárus Blöndal. Tr. Gunnarsson.
Th. Thorsteinsson. Ólafur Pálsson. Þorsteinn Jónsson.

356.

Frumvarp

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1880 og 1881.
(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

	I. Tekjur.	Fjárveiting. kr.	a.	Reikningur. kr.	a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	100.000.		94,658.	04
2.	Húsaskattur	3,000.		4.072.	26
3.	Tekjuskattur	28,000.		29,707.	84
4.	Aukatekjur	28,000.		34.973.	31
5.	Vitagjald	10,000.		8,688.	35
6.	Meterðaskattur	80.		84.	16
7.	Erfðafjárskattur	5,000.		5,750.	24
8.	Gjöld af fasteignar sölum	1.200.		1,180.	83
9.	Leyfisbrjefagjöld	2,000.		3,124.	73
10.	Spítalagjald	14.000.		39,334.	26
11.	Gjöld af verzlun á Íslandi	74.312.		6,110.	93
12.	Aðflutningsgjald	200,000.		249,698.	83
13.	Tekjur af póstferðum	20,000.		22,705.	60
14.	Óvissar tekjur	1.200.		4,634.	56
15.	Tekjur af fasteignum landssjóðs	71.578.		68,169.	67
16.	Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn. Borgað upp í lán, veiting: 16,762 kr. 67 a., reikningur: 29,419 kr. 82 a.	49,275.	20	59,633.	80
17.	Borguð lán og skyndilán	10,792.		16,979.	32
18.	Tillag úr ríkissjóði	159,388.		171,700.	
19.	Borgað frá brauðum, samkv. lögum 27. febr. 1880, f. l. 18. gr.	. . . .		654.	03
	alls	777,825.	20	821,860.	76

II. Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Til alþingis 1881 og til borgunar fyrir endurskoðun landsreikninganna	36.800.	37,070. 06
2. Til umboðsstjórnar, gjaldheimtu og reikningsmála, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimta og reikningsmál	50.016. 66	51,510. 02
B. Dómgæzla og lögreglumál	156,744. 08	157,259. 90
C. Yms útgjöld	109.510.	112,247. 65
3. Til læknaskipunarinnar	79.948.	72.336. 42
4. Til póststjórnarinnar	31.820.	36,856. 68
5. Til kirkju- og kennslumálefna:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar . . .	41.490. 38	41.549. 68
B. Til kennslumálefna	108,496.	104.871. 82
C. Yms útgjöld	19,200.	22,505. 41
6. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabyrgða-lána	10,000.	22,165. 41
7. Eptirlaun og styrktarfje	48,700.	46,019. 81
8. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja .	6,000.	6,574. 25
9. Til óvissra útgjalda	6.000.	8.263. 77
10. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum (l. 7. nóv. 1879 og fjáraukal. 4. nóv. 1881) .	. . . .	11,809. 67
11. Til eptirlauna handa prestum (l. 27. febr. 1880 um eptirlaun presta)	. . . .	1,080. 02
12. Tillag til brauða (l. 27. febr. 1880 um skipun prestakalla)	. . . .	2,108. 33
13. Til byggingar á alþingishúsi og húsbúnaðar í alþingissölunum (fjáraukal. 4. nóv. 1881)	. . . .	25.928. 79
14. Afgangur	73,100. 08	61,703. 07
alls . . .	777,825. 20	821,860. 76

Eigur viðlagasjóðsins voru 31. des. 1881 . 809,570 kr. 50 a.
Peningaforði landssjóðs 31. des. 1881 . . 57,818 — 82 —
Tekjueptirstöðvar landssjóðs . . . . . 52,616 — 48 —

357.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningum 1880 og 1881.

Í staðinn fyrir (tekjueptirstöðvar landssjóðs) «52616 kr. 48 a.» komi «52608 kr. 48 a.»[1])

Eiríkur Briem. Lárus Blöndal. Tr. Gunnarsson.
Th. Thorsteinsson. Ólafur Pálsson. Þorsteinn Jónsson.

1) 8 kr. «ófáanlegar leigur» falli burt.

358.

Frumvarp

til laga um stofnun landsskóla á Íslandi (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild; óbreytt eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá bls. 334 hjer að framan).

359.

Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883 (eins og það var samþykkt í efri deild alþingis 17. ágúst 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild, sjá bls. 337 hjer að framan).

360.

Frumvarp

til laga um breyting á nokkrum brauðum í Eyjafjarðar- og Vestur-Skaptafell-prófastsdæmum (eins og það var samþykkt í neðdi deild alþingis 13. ágúst 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá bls. 298 hjer að framan).

361.

Frumvarp

til laga um breyting á tilskipun 15. marz 1861 um vegina á Íslandi (eins og það var samþykkt í neðri deild alþingis 13. ágúst 1883 óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá bls 344 hjer að framan).

362.

Frumvarp

til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða (eins og það var samþykkt í neðri deild alþingis 16. ágúst 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá bls. 338 hjer að framan).

363.

Frumvarp

til laga til breytingar á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík (eins og það var samþykkt af neðri deild alþingis 15. ágúst 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild — en við hana var það samþykkt óbreytt eins og við 2. umræðu —, sjá bls. 284 hjer að framan).

364.

Frumvarp

til laga um stofnun landsskóla á Íslandi (eins og það var samþykkt í neðri deild alþingis 18. ág. 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við 3, umræðu í efri deild — en við hana var það samþykkt óbreytt eins og við 2. umræðu —, sjá bls. 334 hjer að framan).

365.

Þingsályktun

um mæling á innsiglingu á Hvammsfjörð (eins og hún var samþykkt í neðri deild alþingis 18. ágúst 1883; óbreytt eins og hún kom frá efri deild, sjá bls. 304 hjer að framan).

366.

Frumvarp

til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða o. fl.
(Samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

1. gr. Hver maður, sem á jörð og nýtir eigi sjálfur, skal selja hana öðrum á leigu. Nú fær hann eigi byggt jörð sína fyrir sumardag hinn fyrsta, og skal hann innan hálfs mánaðar láta bjóða hana upp til ábúðar eður afnota fardagaár það, sem í hönd fer í þeirri þinghá, sem jörðin liggur í. Vilji þá enginn taka jörðina til leigu fyrir neitt eptirgjald, skal landeigandi banna nágrönnum öll afnot hennar, og verða þau þeim þá óheimil. Nú lætur hann eigi bjóða upp jörðina sem fyr segir, og skal hann sjálfur greiða öll lögboðin gjöld, er á jörð hvíla; en láti hann bjóða jörð sína upp til afnota, þarf hann eigi að halda uppi lögskilum fyrir jörðina það ár, ef hún verður honum arðlaus.

Hjáleigu má leggja niður og undir heimajörðina eða til annarar hjáleigu hennar.

2. gr. Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það brjef gjöra, og er það byggingarbrjef fyrir jörðunni. Í byggingarbrjefi skal skýrt taka fram, hve langur ábúðartími sje: en sje það eigi gjört, skal svo álíta, sem jörð sje byggð æfilangt, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið. Ekkja heldur ábúðarrjetti manns síns; en giptist hún aptur, missir hún hann.

3. gr. Í byggingarbrjefi skal greina landamerki jarða og geta þeirra ítaka, er hún á í annara manna lönd; svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur liggja á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbrjefinu, hverja landskuld greiða skal eptir jörðina, og í hverjum aurum. Í því skal og ákveða, hver innstæðukúgildi fylgja jörðu og hvílík, svo og hverja leigu skuli greiða af þeim. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal svo álíta, sem jörð hafi verið byggð með leigumála þeim, er leiguliði kannast við að áskilinn hafi verið, nema landsdrottinn sanni, að annar hafi verið.

4. gr. Gjöra skal tvö samhljóða frumrit af byggingarbrjefi hverju, og rita landsdrottinn og leiguliði nöfn sín undir þau ásamt 2 vottum. Hefur landsdrottinn annað brjefið en leiguliði hitt.

5. gr. Ef landsdrottinn byggir tveimur mönnum sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyr tók; en landsdrottinn fái hinum jafngott jarðnæði sem hitt var, ella bæti honum allan þann skaða, er hann bíður af því að hann komst ekki að jörðu, hvorttveggja eptir mati óvilhallra manna.

6. gr. Fylgja skulu jörðu nauðsynleg hús, þau er henni hafa áður fylgt. Um stærð og tölu húsa, fer eptir jarðarmagni og því, sem venja er í hverri sveit, eptir mati úttektarmanna; en jafnan skal afhenda leiguliða hús í gildu og góðu standi eða með fullu álagi.

7. gr. Þá er leiguliðaskipti verða á jörðu má viðtakandi taka til voryrkju, þá er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru þá, er sex vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, nje umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefur gjört ráðstöfun til að hirða og hagnýta hana, þá hefur hann fyrirgjört ábúðarrjetti sínum og lúki landsdrottni eins árs landskuld og leigur, sem áskilið var; en landsdrottinn má nýta sjer jörð, sem hann vill, eða byggja hana öðrum.

8. gr. Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörðu hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. Heimil skal honum húsavist með viðtak-

anda, og þar má hann hafa fjenað sinn til síðasta fardags, en hvorki má hann beita tún nje engjar.

Rjett er að fráfarandi skilji eptir, þar sem viðtakanda eigi er mein að, það af búslóð sinni, er hann eigi má burt flytja þegar; en það skal hann hafa burt flutt fyrir næstu veturnætur. Sjeu búsmunir eigi fluttir burt að veturnóttum, skal búandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá, sem fje í vanhirðingu.

9. gr. Eigi má fráfarandi af jörðu flytja hey, áburð, eldsneyti nje byggingarefni, sem sú jörð gaf af sjer. Ef fráfarandi á fyrningar heys, eldsneytis eður byggingarefnis, þá skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni, ef hann eða umboðsmaður hans er viðstaddur, kaup á því eptir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sjer eða selja öðrum, en burt skal hann hafa flutt það af jörðu fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji.

10. gr. Nú á fráfarandi hús á jörðu, og skal hann bjóða landsdrottni að kaupa þau því verði, er úttektarmenn meta. Ef landsdrottinn vill ekki kaupa, skal fráfarandi bjóða þau viðtakanda, og vilji hann heldur ekki kaupa þau með sama verði, þá er fráfaranda rjett að taka þau ofan og flytja af jörðu, eða selja þau hverjum er hann vill til burtflutnings. Skal hús rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu, ef leiguliði vill gjöra hús þar, er hin voru, en flytja burt viði og húsaefni fyrir veturnætur. Hús skal rjúfa svo, að viðtakanda sje sem minnst mein að.

11. gr. Flutt skal fráfarandi hafa áburð allan á tún, áður en hann fer frá jörðu, og skal hann hafa gjört það í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús, sem á jörðu eru, heygarða og heytóptir. Vanræki fráfarandi þetta, þá bæti hann viðtakanda það, sem úttektarmenn meta. Ekki má fráfarandi vinna meira á jörðu það vor, er hann flytur sig frá henni, en til búþarfa, og eigi svo, að viðtakanda sje mein að. Ef hann vinnur meira, en nú var mælt, eignast viðtakandi það. Nú fylgir eggver jörðu, og á viðtakandi öll afnot þess það vor, er hann flytur sig að jörðu. Fylgi reki leigulandi, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

12. gr. Ábúandi skal hafa öll leiguliðanot af jörðu sinni, nema öðruvísi sje um samið: en það eru leiguliðanot, að hann hafi til notkunar fyrir sjálfan sig hús og mannvirki, innstæðukúgildi og allt, sem því leigulandi fylgir.

Nú er leiguliðarjettur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir eigi, á landsdrottinn sókn þess máls, enda skal leiguliði gjöra landsdrottni aðvart, er leiguliðarjettur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir það mál eða ekki.

13. gr. Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, nje húsmenn taka, nema landsdrottinn leyfi. Eigi má hann heldur án leyfis landsdrottins ljá öðrum nokkuð af hlunnindum þeim og landsnytjum, er leigulandi hans fylgja, nema það sje í umskiptum fyrir önnur hlunnindi og landsnytjar, er leigujörð hans þarf. Hann má og eigi selja áburð af jörðu, þann er henni megi að notum verða, nje farga honum á annan hátt. Eigi má hann heldur láta burtu hey, sem hann hefur aflað af jörðunni, nema því að eins að hann fái aptur jafngildi í heyi eða beit, eða að hann í harðindum hafi látið heyið gegn öðru endurgjaldi eptir áskorun hreppsnefndar. Ef móti þessu er brotið, varðar það útbyggingu, enda bæti hann landsdrottni skemmdir á jörðu.

14. gr. Ef reki fylgir jörðu, og er hann undanskilinn leiguliðanotum, þá skal leiguliði hirða við þann, er rekur, fyrir landsdrottinn, og marka viðarmarki hans. Skal hann gjöra þetta sem sjálfur hann ætti, og draga við úr flæðarmáli, svo eigi taki út aptur. Leiguliði skal eiga af fjöru þeirri álnarlöng kefli og þaðan af smærri, ef eigi er

öðruvísi um samið, eða að fornu hefur viðgengizt á þeim reka. Nú rekur hval, og skal leiguliði festa hann þeim festum og að öllu bjarga sem lög ákveða. Gjöra skal hann og þegar landsdrottni orð eða umboðsmanni hans. Rjett er leiguliða að skera þegar hval, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða.

15. gr. Skyldur er maður að halda uppi húsum þeim öllum, er þá voru, er hann kom til jarðar og jörðu fylgja, og ábyrgjast fyrning þeirra, svo skal hann og við halda öðrum nytsömum mannvirkjum, sem jörðu fylgja, svo sem túngörðum, vörzlugörðum, matjurtagörðum, fjenaðarrjettum, heygörðum, stíflugörðum og hverju öðru, og endurbæta það á ári hverju, svo að nýtilegt sje, og byggja upp af nýju, ef fallið hefur. Ábyrgjast skal leiguliði innstæðukúgildi jarðar sinnar, að ávallt sjeu til og leigufær. Nú flytur leiguliði sig frá jörðu, eða deyr, og ekkja hans bregður búi, og skal hann eða bú hans skila öllu, er jörðu fylgir, fullgildu, eða með fullu álagi.

16. gr. Ef skriða fellur á hús leigujarðar eða þau verða á annan hátt fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði eða jarðskjálfta, eða þau farast fyrir eldsvoða, sem leiguliða verður eigi sök á gefin, þá skulu landsdrottinn og leiguliði, ef eigi er öðruvísi um samið, gjöra hús aptur í sameiningu. Landsdrottinn leggi við til húsagjörðar og smíðar, en leiguliði veggi alla og þök. Þó skal leiguliði greiða landsdrottni álag á hús þau, er fórust, ef þau voru eigi fullgild eptir áliti úttektarmanna.

17. gr. Ef land jarðar spillist af vatnságangi, skriðum, sandfoki, eða öðru því, er leiguliða verður eigi sök á gefin, þá gjöri hann landsdrottni orð, eða umboðsmanni hans, og er leiguliða heimilt að krefjast skoðunar á skemmdunum. Nú má skemmdir bæta á einu ári, og bætir landsdrottinn og leiguliði þær að helmingi hvor, þó svo, að leiguliði kosti eigi meiru til en jafngildi hálfri landskuld hans. Verði jörð fyrir meiri skemmdum, eða þeim skemmdum, að hún rýrni til langframa, skal meta, hve miklum hluta landskuldar það nemi ár hvert um ákveðinn tíma, og á þá leiguliði heimting á, að landskuld sje sett niður um helming þess, er skemmdir eru metnar til ár hvert.

18. gr. Leiguliði skal ár hvert flytja út á tún og í garða allan þann áburð, er fellur til á leigujörð hans og vinna upp tún og engi, svo að hún sje í fullri rækt. Svo skal hann og nota hlunnindi hennar á þann hátt, að sem minnst spjöll verði að. Bregði hann af þessu lengur en eitt ár í senn, missir hann ábúðarrjett sinn.

19. gr. Nú eru kveðnar jarðabætur á leiguliða eða sjerstök hirðing á áburði, og greinir byggingarbrjef hverjar jarðabætur sjeu og hve miklar ár hvert, og hver hirðing áburðar, en leiguliði vinnur eigi slíkt, sem til skilið var, eitt ár í senn, og á landsdrottinn heimtingu á endurgjaldi fyrir jarðabæturnar, eptir óvilhallra manna mati, ef leiguliði vinnur þær eigi þegar. Vinni leiguliði eigi jarðabætur, eða hirði eigi svo áburð, sem til var skilið fleiri ár en eitt í senn, missir hann og ábúðarrjett sinn.

20. gr. Nú vill leiguliði gjöra jarðabót, sem eigi verður talin að eins til þess, að jörðin sje í góðri rækt og yfirhöfuð vel setin, enda sje hún eigi ákveðin í byggingarbrjefi hans, þá skal hann leita um það samkomulags við landsdrottinn, en nái hann eigi samkomulagi við hann, þá er rjett, að hann fái óvilhalla menn á sinn kostnað til að meta, hvort þeir ætla varanleg not muni verða að jarðabótinni og tilvinnandi að gjöra hana, og skulu þeir jafnframt gjöra nákvæma áætlun um kostnaðinn við jarðabótina og hversu mikið eptirgjald eptir jörðina megi hækka fyrir hana til frambúðar. Landsdrottni skal bjóða, að vera við mat þetta. Leiguliði skal þá bjóða, að landsdrottinn láti gjöra jarðabótina og borga jafnframt hálfan kostnaðinn við matið, en að leiguliði skuli svo halda

henni við og greiða þá hækkun á eptirgjaldinu, sem metin var. Vilji landsdrottinn það eigi, þá er rjett að leiguliði gjöri jarðabótina á sinn kostnað. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni, skal þá meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eptirgjaldi fyrir jarðabótina, og hvern kostnað hafi þurft til að gjöra hana, enda sje hún í góðu standi eða fullt álag gjört á hana. Kostnaðinn skal fráfarandi þá fá endurgoldinn, en þó eigi með hærri upphæð en þeirri, sem er 12 sinnum hærri en hækkun eptirgjaldsins.

21. gr. Nú vill landsdrottinn gjöra jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða, en nái hann því eigi, þá er rjett, að hann láti gjöra jarðabótina eigi að síður, en bæti honum fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans, og er jarðabótinni er lokið, þá getur hann látið óvilhalla menn skoða hana og meta, hversu mikið jörðin megi hækka að eptirgjaldi fyrir jarðabótina; jarðabótina getur hann því næst afhent leiguliða og ber honum upp frá því að halda henni vel við, og svara henni ásamt jörðunni í góðu standi eða með fullu álagi; enn fremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eptirgjaldinu, sem metin var fyrir jarðabótina.

22. gr. Ef leiguliði situr illa leigujörð sína, svo að tún og engi fara í órækt, eða hún á annan hátt bíður varanlegar skemmdir af hans völdum, innstæðukúgildi falla og hús hrörna um skör fram, og því um líkt, hefur hann fyrirgjört ábúðarrjetti sínum, nema hann lofi að bæta úr því næsta ár, og setji tryggingu fyrir. Rjett er að landsdrottinn láti gjöra skoðun á jörðunni, hvort er leiguliði fer frá henni eða ekki, og meta til verðs skemmdir þær, er á henni hafa orðið fyrir þessar sakir, og bæti leiguliði þær að fullu.

23. gr. Er meta skal skemmdir eptir 17. gr., jarðabætur eða jarðaníðslu, skulu úttektarmenn það gjöra. Landsdrottinn og leiguliði borgi skoðunargjörð að helmingi hvor, nema þegar svo á stendur, er segir í 22. grein; borgar þá leiguliði einn skoðunargjörð, ef hún verður á móti honum, en landsdrottinn ella.

24. gr. Leiguliði skal greiða alla þá skatta og skyldur, sem á leigujörðu hans liggja, og halda uppi öllum lögskilum af henni, landsdrottni kostnaðarlaust að öllu. Eindagi á kúgildaleigum er fyrir Mikaelsmessu ár hvert, en á landskuld fyrir hvers árs fardaga. Nú greiðir eigi leiguliði jarðargjöld á næsta missiri eptir eindaga, og hefur hann fyrirgjört ábúðarrjetti sínum í næstu fardögum, þótt honum sje eigi byggt út af jörðinni.

25. gr. Skyldur er leiguliði, þótt eigi sje til skilið, að færa leigur og landskuld á heimili landsdrottins ókeypis, ef eigi er fjær, en þingmannaleið nemi, ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðargjöldum.

26. gr. Þá er landsdrottinn vill neyta rjettar síns að byggja leiguliða út af jörðu sinni, áður en byggingartíminn er á enda, skal hann það gjört hafa fyrir jól; en leiguliði skal af jörðu fara í næstu fardögum á eptir. Útbygging skal brjefleg vera og við votta, enda sje svo skýrt að kveðið í henni, að leiguliði hafi að vísu að ganga, að hann eigi af jörðu að fara.

27. gr. Nú vill maður flytja sig af leigujörð sinni áður en ábúðartími hans er liðinn, og skal hann hafa sagt jörðu lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála brjeflega og við votta.

28. gr. Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eptir lögum, en flytur sig af

henni, geldur hann landsdrottni leigur næsta ár og landskuld. Má landsdrottinn nýta sjer jörð sem hann vill, eða byggja öðrum. Nú hefur leiguliði sagt jörðu lausri í tækan tíma en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann landsdrottni skaða þann, er jörð bíður af burtför hans, eptir mati óvilhallra manna.

29. gr. Nú hefur landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, svo sem fyr er sagt, eða byggingartíminn er á enda, eður svo er ástatt sem segir í 24. grein, og vill leiguliði eigi flytja sig af jörðu, eða beitir þrásetu, og er landsdrottni rjett að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það eptir almennum rjettarfarsreglum.

30. gr. Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargjörð, og kostar fráfarandi og viðtakandi hana að sínum helmingi hvor. Úttektamenn skulu vera tveir, og fer úttekt fram um fardagaleyti. Skal þá gjöra fráfaranda og viðtakanda aðvart með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti til úttektar komið.

31. gr. Hreppstjórar eru úttektarmenn. Þar sem eigi er nema einn hreppstjóri í hrepp, skal sýslumaður nefna að auki svo marga úttektarmenn, sem hreppsnefnd þurfa þykir. Úttektarmenn þessir skulu eið sverja fyrir sýslumanni. Sjeu úttektarmenn eigi fleiri en tveir í hrepp, skal hinn þriðja tilnefna til vara, er úttekt gjöri í forföllum annarshvors hinna, eða með þeim, ef þá greinir á. Ávallt þar er úttektarmenn greinir á skal hinn þriðja til kveðja.

Úttektarmenn skulu hafa starfa sinn á hendi eigi skemmri tíma en sex ár.

32. gr. Úttektarmenn skulu bók hafa, er borgist af sveitarsjóði og sýslumaður löggildir; skal rita í hana allar úttektir jarða. Eigi er úttekt lokið fyr, en svo er gjört. Skulu úttektarmenn því næst rita nöfn sín undir hverja úttekt henni til staðfestingar. Þeir, sem við úttekt eru staddir, fráfarandi, viðtakandi og jarðeigandi, eða umboðsmaður hans, ef hann eigi mætir sjálfur, skulu og rita nöfn sín undir úttekt. Nú skorast þeir undan að rita nöfn sín undir úttekt, og skulu úttektarmenn láta þess við getið í úttektabókinni.

Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eptirrit af úttektum, ef þeir eru þess beiddir, og eiga þeir 50 aura fyrir hverja örk eptirrits.

33. gr. Úttektarmenn skulu taka fyrst út hús þau, er jörðu fylgja og lýsa þeim greinilega, sem og göllum þeim, er á þeim eru. Næst á eptir jarðarhúsum skal taka út önnur mannvirki, þau er jörðu fylgja, svo sem eru túngarðar, vörzlugarðar, matjurtagarðar, fjenaðarrjettir, heygarðar, stíflugarðar og annað þesskonar. Svo skulu og úttektar menn skoða innstæðukúgildi jarðar. Rjett er, ef landsdrottinn eða viðtakandi krefst þess, að úttektarmenn skoði tún, engi og haga, skóg, eggver og aðrar landsnytjar. Úttektarmenn skulu lýsa öllu þessu nákvæmlega og kveða á hæfilegt álag fyrir þeim göllum, sem á eru hverju fyrir sig.

Ef maður flytur að parti úr jörð, þá er rjett, ef hann eða landsdrottinn óska þess, að úttektarmenn skipti milli aðfaranda og annara, húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, túnum, engjum, skógi og innstæðukúgildum; beitilandi og hlunnindum skal einnig skipta, ef hlutaðeigendur koma sjer saman að óska þess.

Fráfarandi greiði álag til viðtakanda að aflokinni úttektargjörð. En greiði hann eigi þegar álagið, gjöri úttektarmenn lögtak til lúkningar álaginu í munum þeim, sem fráfarandi á á jörðinni, eptir því sem hann vísar á og fyrir hendi er. Geti viðtakandi sannað, að hann hafi krafizt álags af fráfaranda að lögum, og eigi fengið það eða

hluta þess, á landsdrottinn að greiða honum það sem á vantar, nema að öðruvísi hafi verið um samið.

34. gr. Ef einhver, sem hlut á að máli, eigi vill hlíta úttekt, sem gjörð er á jörðu, er honum rjett að krefja yfirúttektar. Beiða skal hann sýslumann innan hálfsmánaðar að nefna fjóra menn til yfirúttektar, og skulu þeir haga yfirúttekt svo, sem segir um úttektir. Yfirúttektarmenn eigi sömu laun fyrir starfa sinn, sem úttektarmenn, er krefjandi gjaldi, ef álagsupphæð eigi er breytt, ella fer um gjaldið, sem segir í 30. grein.

35. gr. Enginn má bótalaust láta skepnur sínar ganga á landi annars manns, nema hann leyfi; þetta gildir þó eigi frá vordögum til rjetta um þann pening, er rekinn hefur verið á afrjett; heldur eigi um sauðfjenað þann tíma vor og haust, sem vant er að hann gangi sjálfala í heimalöndum eptir því, sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir nákvæmar til taka. Nú gengur sá peningur, sem hjer er eigi undanskilinn, á landi manns, og á hann þá rjett á að setja hann inn, nema hann sje málnytupeningur granna þess, er boðið hefur að gjalda ágangsbætur eptir 36. gr.

36. gr. Ef maður vill koma í veg fyrir, að granni sinn megi setja inn málnytupening hans, þá getur hann fyrirfram fyrir hvert fardagaár boðið honum að gjalda ágangsbætur eptir mati. Ágangsbæturnar skulu 2 óvilhallir, dómkvaddir menn meta eptir á fyrir hvert fardagaár. Kostnaðinn við matið borgar sá, er áganginum olli.

37. gr. Hvervetna, þá er fjenaður er þannig settur inn, á eigandi eða umráðamaður þann kost, að leysa út aptur, og skal hann þá greiða 3 aura fyrir hverja sauðkind og geitkind en 30 aura fyrir hvern stórgrip, fyrir hvern sólarhring, sem peningurinn er inni. Heimilt er þeim, sem pening hefur inn sett, að halda honum, eða svo miklu af honum, sem útlausnargjaldinu nemur, þar til því er lokið að fullu.

38. gr. Nú hefur maður sett fjenað inn, og skal hann þá svo fljótt, sem unnt er, gjöra eiganda eða umráðamanni aðvart um það. Hann skal ætla fjenaðinum nóg húsrúm, og skal hann ábyrgjast að hvorki falli hús á fje, nje það troðist undir fyrir húsþröng nje hryssur verði klumsa, en eigi varðar honum við lög. þó skepnur stangi hver aðra til bana, eða farist af þeim orsökum, sem honum verður eigi gefin sök á. Sje málnytupeningur settur inn, skal mjalta hann á hverju máli, og eignast sá málnytuna, sem inn setti; einnig skal gefa honum hey, ef með þarf. Hafi eigandi eigi vitjað penings síns á 3 daga fresti, frá því hann fjekk vitneskju um það, er þeim, er inn setti, heimilt að selja hann fram til uppboðs eða svo mikinn hluta hans, að hann fái allan kostnað sinn endurgoldinn, ásamt útlausnargjaldinu. Hinn peninginn, sem eptir er, skal færa eiganda heim, og borgar hann þá endurgjald fyrir heimreksturinn. Nú hefur maður sett fjenað inn, og veit ekki hver eigandi hans eða umráðamaður er, og ber þá að álita hann sem annan óskilapening.

39. gr. Ef maður tekur pening sinn, sem inn hefur verið settur, úr vörzlum annars manns að honum fornspurðum, og án þess að hafa greitt útlausnargjald fyrir, varðar það allt að 50 kr. sektum. Eigi má maður reka annars pening úr sjálfs hans landi, svo til ógreiða verði eða skaða. Gjöri nokkur þetta, varðar það allt að 10 kr. sekt auk skaðabóta.

40. gr. Ef nokkur tekur pening annars manns eða setur hann inn, þegar eigi er heimild til þess, skal hann greiða fullt endurgjald fyrir þann skaða, er af því hlýzt, og að auk allt að 10 kr. sekt.

367.

Frumvarp

til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.
(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi, og dómsvaldið hjá dómendunum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni Íslands eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur á Íslandi.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland ekki hefur fulltrúa á ríkisþinginu, sem komið er undir bæði alþingi og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til hinna almennu þarfa þess. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt í löggjafarvaldinu, að því leyti, er snertir hin almennu málefni ríkisins.

3. gr. Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landshöfðingja, sem hafi aðsetur sitt á Íslandi, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skulu gjörð tvö samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geymast í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus, hann er og heilagur og friðhelgur. Landshöfðinginn hefur ábyrgð á því að stjórnarskránni sje fylgt. Alþingi kemur ábyrgð fram á hendur landshöfðingja eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum.

Undirskript konungs undir ákvarðanir, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim fullt gildi, þá er landshöfðinginn hefur ritað undir með honum, og er þá ákvörðunin á ábyrgð landshöfðingja.

6. gr. Milli konungs og landshöfðingja skal enginn milliliður vera.

Fyrir málefni Íslands skal sjerstakur skrifari skipaður í skrifstofu (Cabinet) konungs.

Embættismaður þessi hefur það starf á hendi að afgreiða hjá konungi öll hin sjerstöku málefni landsins og með nafni sínu merkja alla konungsúrskurði. Skulu konungsúrskurðir skrifaðir í tvennu lagi. Geymist frumritið í skjalasafni Íslands, en eptirritið í skjölum skrifarans.

7. gr. Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til Breytingu má á þessu gjöra með lagaboði. Engan má skipa embættismann á Íslandi, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönn-

ur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í hinum gildandi ákvörðunum um kunnáttu í máli landsins. Sjerhver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefur veitt það. Eptirlaun embættismanna skal ákveða samkvæmt eptirlaunalögunum.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo að þeir missi einkis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættisskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða.

Með lagaboði má undanskilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 48. gr.

8. gr. Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi eiga setu lengur en 8 vikur. Breyta má þessu með lögum.

9. gr. Konungur getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

10. gr. Konungur getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einusinni á ári.

11. gr. Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því það var leyst upp, og skal stefna alþingi saman næsta ár eptir að það var leyst upp.

12. gr. Konungur getur látið leggja fyrir alþingi uppástungur til laga og ályktana.

13. gr. Samþykkis konungs þarf til þess, að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi. Konungur annast um að lögin verði birt, og að þeim verði fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, á undan næsta reglulegu þingi, er það fallið niður.

14. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur getið út bráðabyrgðarlög milli alþinga; þó mega slík lög ekki koma í bága við stjórnarskrána, og skal ávallt leggja þau fyrir næsta alþingi á eptir til samþykktar.

15. gr. Konungur náðar menn, og veitir almenna uppgjöf á sökum.

16. gr. Konungur veitir sumpart beinlínis, sumpart með því, að fela það hlutaðeigandi stjórnarvöldum á hendur, leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til á Íslandi.

17. gr. Á alþingi eiga sæti 30 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismenn, sem konungur kveður til þingsetu. Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna má breyta með lögum. Bæði kosningar hinna þjóðkjörnu alþingismanna og umboð þeirra, sem kvaddir eru til þingsetu af konungi, gilda venjulega fyrir 6 ára tímabil, og umboð þeirra, sem konungur kveður til, eins fyrir það, þótt þingið kynni að verða leyst upp. Deyji nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru, eða kvaddir til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal samt að eins kjósa eða kveðja til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

18. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 12 þingmenn, í neðri deildinni 24. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

19. gr. Hinir konungkjörnu alþingismenn eiga allir sæti í efri þingdeildinni. Hina þingmennina í efri deildinni kýs alþingi í heild sinni, með óbundnum kosningum úr

flokki hinna þjóðkjörnu alþingismanna fyrir allan kjörtímann, í fyrsta sinn, er það kemur saman, eptir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði, á meðan á kjörtímanum stendur, nokkurt sæti laust í efri þingdeildinni, sem þjóðkjörnir alþingismenn sitja í, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess, að velja mann í hið lausa sæti meðal þjóðkjörnu þingmannanna, fyrir þann kjörtíma, sem eptir er.

20. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a, allir búandi menn og húsmenn, borgar og þurrabúðarmenn, eða aðrir húsráðendur, sem greiða að minnsta kosti 10 kr. á ári til almennra þarfa. Þó má breyta þessu með lögum;

b, embættismenn, hvort sem þeir hafa konunglegt veitingarbrjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þessa;

c, þeir sem hafa tekið lærdómspróf við háskólann, eða sams konar próf í Reykjavík, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, sje heimilisfastur í kjördæminu, sje fjár síns ráðandi, og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann.

21. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef hann:

1. er þegn Danakonungs, og eigi er í þjónustu annars ríkis;
2. sje orðinn fullra 30 ára að aldri þegar kosningin fer fram.

Þó má kjósa þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

III.

22. gr. Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki til tekið annan samkomudag sama ár. Þó má breyta þessu með lögum.

23. gr. Samkomustaður alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur ákveðið, að alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

24. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

25. gr. Hvor alþingisdeildin um sig á rjett á að bera upp lagaboð og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi ávörp.

26. gr. Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett nefndir af þingmönnum til þess að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

27. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka, nema með lagaboði; ekki má heldur taka lán er skuldbindi landið, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af jarðeignum landsins, nema slíkt sje með lagaboði ákveðið.

28. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

29. gr. Fyrir hvert reglulegt alþingi, jafnskjótt sem það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands, samkvæmt lögum um hina stjórnlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. jan. 1871, 5. gr. sbr. 6. gr.

Gjöld, sem ákveðin eru með konungsúrskurðum, tilskipunum eða lögum skal þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, bæði í frumvarpinu til fjárlaganna, og í þeim sjálfum, tilfæra með þeim upphæðum, sem einu sinni eru ákveðnar, nema krafizt sje sjerstaklega viðbótar fyrir hið einstaka fjárhagstímabil, eða hún veitt.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

30. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og að ekkert hafi

verið út goldið án heimildar. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum ársreikningum fyrir hvert tveggja ára fjárhagstímabil í einn reikning, og leggja hann fyrir alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði.

31. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeildinni um sig.

32. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal leggja það fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til fyrri þingdeildarinnar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið að nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þurfa þeir þriðjungar þingmanna úr hvorri deildinni um sig að vera á fundi, og eiga þátt í atkvæðagreiðslunni, til þess að fullnaðarályktun verði gjörð á máli; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þurfa aptur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu.

33. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

34. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, jafnskjótt sem viðurkennt hefur verið, að kosning hans sje gild.

35. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þyggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir landssjóðinn, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórninni þykir nægja.

36. gr. Meðan alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða nokkurt mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema sú þingdeild leyfi, sem hlut á að máli.

37. gr. Ef einhver sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, er löglega er kosinn, missir hann rjett þann, sem kosningunni fylgir.

38. gr Landshöfðingjanum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og á hann rjett á að taka þátt í umræðunum svo opt, sem hann vill, en gæta verður hann þingskapa.

Atkvæðisrjett hefur landshöfðinginn því að eins, að hann sje jafnframt alþingismaður.

39. gr. Hvor þingdeildin um sig, og eins hið sameinaða alþingi, kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

40. gr Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

41. gr. Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp í þeirri þingeild, sem hann á sæti í, sjerhvert opinbert málefni, ef hún leyfir það, og leiðast þar um skýrslu.

42. gr. Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

43. gr. Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landshöfðingja.

44. gr. Fundi beggja þingdeildanna og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur hlutaðeigandi forseti, eða svo margir þingmenn, sem tiltekið er í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þing það, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði, eða á leynilegum fundi.

45. gr. Þingsköpin handa hinu sameinaða alþingi og báðum deildum þess skulu sett með lagaboði.

IV.

46 gr. Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lagaboði.

47. gr. Dómendur eiga rjett á að skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboðinu í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

48. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólanna. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

49. gr. Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal hið opinbera að því leyti styðja hana og vernda.

Sambandið milli þjóðkirkjunnar og hins veraldlega valds skal ákveða með lögum.

50. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu þeirra, þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu.

51. gr. Enginn má neins í missa af þegnlegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.

VI.

52. gr. Engan má taka fastan nema fyrir glæpi og með þeim hætti, sem ákveðið er í lögum. Dómari og aðrir, sem hlut eiga að máli, standa til ábyrgðar gagnvart þeim, sem hefur verið tekinn fastur, eður valdið hefur verið tálmunar. Sá sem fastur er tekinn skal undandráttarlaust leiddur fyrir dómara, og megi þá ekki jafnskjótt láta hann lausan, skal dómarinn, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja; og megi láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði þeim, sem dómarinn kveður upp, má sá, sem hlut á að máli, þegar skjóta sjer í lagi til æðra dóms.

Engann mann má setja í gæzluvarðhald fyrir yfirsjón, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

53. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit, nje kyrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eptir dómsúrskurði.

54. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almennings þörf krefji; þarf til þess lagaboð, og komi fullt verð fyrir.

55. gr. Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almennings heillum, skal aftaka með lagaboði.

56. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skylduómagi annars manns, skal eiga rjett á, að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann vera háður takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

57. gr. Geti foreldrar eigi sjeð börnum sínum fyrir fræðslu, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda hins opinbera, að sjá þeim fyrir uppfræðingu.

58. gr. Hver maður á rjett á að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti, þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei innleiða.

59. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi. án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Engu fjelagi má slíta með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelög um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess það megi rjúfa.

60. gr. Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

61. gr. Sjerhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lagaboði.

62. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipa með lagaboði.

63. gr. Skattgjaldamálum skal koma fyrir með lagaboði.

64. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

65. gr. Tillögur, hvort sem þær eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái tillagan um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal leysa alþingi upp þá þegar, og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefur hún gildi sem stjórnarlög.

66. gr. Með þessum stjórnarskipunarlögum er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Islands 5. jan. 1874 úr gildi numin.

Ákvarðanir um stundarsakir:

1. Þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skulu kosningarlögin 14. sept. 1877 framvegis gilda um kosningu til alþingis, að öðru leyti en því, sem leiðir af 20. og 21. gr. þessara endurskoðuðu stjórnarskipunarlaga.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna skal, þangað til öðruvísu verður fyrir mælt með lögum, skipt þannig niður, að þær sýslur, er nú skal greina: 1) Gullbringu- og Kjósar, 2) Árness- 3) Rangárvalla, 4) Skaptafells, 5) Ísafjarðar ásamt Ísafjarðarkaupstað, 6) Húnavatns, 7) Skagafjarðar, 8) Eyjafjarðar ásamt Akureyrarkaupstað, 9) Þingeyjar, 10) Norðurmúla og 11) Suðurmúlasýslur kjósa 2 alþingismenn hver, en hinar aðrar sýslur á Íslandi og Reykjavíkurkaupstaður kjósa 1 alþingismann hver.

2. Þangað til nýju skipulagi verður komið á æðsta dómstól landsins með lögum, sem alþingi og ríkisþing Dana samþykkir, er hæstirjettur í Danmörku æðsti dómstóll landsins, samkvæmt reglum þeim, sem hingað til hefur verið fylgt.

368.

Frumvarp

til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild; óbreytt eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild, sjá bls. 332 hjer að framan).

369.

Frumvarp

til laga um sölu á Sauðafellskirkjujörðinni Hömrum í Laxárdal í Dalaprófastsdæmi (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild; óbreytt eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild, sjá bls. 338 hjer að framan).

370.

Ávarp til konungs.

(Samþykkt í neðri deild alþingis 15. ágúst 1883).

Það ber margt til þess, að neðri deild alþingis óskar, að ávarpa Yðar Hátign.

Frá því að Yðar Hátign kom til ríkis, hafið Þjer ávallt auðsýnt landi þessu staka konunglega mildi, gefið oss sjálfsforræði, stutt atvinnuvegi vora og samgöngur á margan hátt beinlínis og óbeinlínis, bæði með tillögum og fjárframlagi, og nú loksins í neyð vorri og harðindum eigi að eins gjörzt forgöngumaður fyrir hinum miklu og veglyndu gjafasamskotum bræðra vorra í Danmörku, heldur jafnvel fyrir meðalgöngu Yðar Hátignar göfugu dóttur, verið hvatamaður þess, að einnig Bretar hafa rjett oss hjálpfúsa hönd, og hefur Yðar Hátign með þessu konunglega og konunglynda eptirdæmi opnað hjörtu og hendur ýmsra heiðursmanna í öðrum löndum. Ber það og vott um Yðar Hátignar konunglega áhuga á velferð landsins, að þjer viljið láta stjórn Yðar Hátignar sjá landinu fyrir haganlegum verzlunarsamningi við Spán, og treystir þingdeildin því, að þessar tilraunir hafi góðan árangur.

Fyrir alla þessa konunglegu mildi finnur neðri deild alþingis sjer skylt, að tjá Yðar Hátign sitt og allra Íslendinga innilegt þakklæti, og hún innibindur einnig í þessu þakklætisávarpi bræður vora og samþegna í Danmörku, fyrir þeirra miklu og huglátu gjafir, og getur einkis betra beðið, en að hinn Almáttugi í bráð og lengd haldi sinni blessunarhendi yfir Yðar Hátign, Yðar Hátignar húsi og niðjum, bæði í Danmörku og erlendis, og yfir hinni hjálpfúsu og veglyndu dönsku þjóð.

371.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um stofnun landsbanka á Íslandi.

(Frá meiri hluta nefndarinnar).

1. Við 2. gr. 4. Fyrir «200,000 kr.» komi: «250,000 kr.»
2. Við 4. gr. a. Fyrir «100,000 kr. auk þeirra 200,000 kr.» komi: 50,000 kr. til byrjunar auk þeirra 250,000 kr.»
3. Við 5. gr. Orðin: «með samþykki stjórnarinnar« falli burt.

372.

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885.
(Eins og það kom frá neðri deild).
Frá 1. og 2. þingm. Rangæinga.

1. Við 10. gr. A. 3. Í staðinn fyrir: «3000—3000—6000» komi: «2500—2500—5000».
2. Við 12. gr. 1. Í staðinn fyrir: «7000—7000—14000» komi: «6600—6600—13200».
3. Við 13. gr. A. b. bætist nýr tölul. (11.) svo látandi: »Uppbót til Oddaprestakalls í sama prófastsdæmi «300—300», og í staðinn fyrir; «27,745 kr. 19 a. — 27,745 kr. 19 a. — 55,490 kr. 38 a.» komi: «28,045 kr. 19 a. — 28,045 kr. 19 a. — 56,090 kr. 38 a.»
4. Við 16. gr. Í hana bætist nýr tölul. (7) þannig orðaður: «Styrkur til bóks. Kristjáns Ó. Þorgrímssonar fyrir útgáfu Helga biskups postillu 500».
5. 7. töluliður verði hinn 8. og «6000» breytist í «5500».

373.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um stofnun landsbanka á Íslandi.

Á eptir 5. gr. bætist ný grein, er verður 6. gr.

6. gr. Ennfremur er stjórninni heimilt, þegar ástæður leyfa, að samþykkja að bankinn stofni aðra sjerstaka deild til að gefa út seðla, er hún skiptir við ákvæðisverði í gullpeninga, þegar handhafi óskar þess, en sjá skal svo um, að aldrei sjeu í veltu meiri seðlar en svo, að þessi deild bankans hafi fyrirliggjandi í gullpeningum 1 kr. á móti hverjum 2 kr. í seðlum og að hinn helmingur seðlanna sje tryggður með verðbrjefum þannig, að móti hverjum 100 kr. í seðlum sjeu fyrir liggjandi 150 kr. í verðbrjefum og skal að minnsta kosti helmingi þeirra vera svo varið, að þeim verði fljótt varið í peninga. Ennfremur má eigi nema með nýrri laga heimild gefa út seðla, er nemi meiru en 1 millión króna.

Th. Thorsteinson. Þorlákur Guðmundsson. G. E. Briem.
Lárus Blöndal. Magnús Andrjesson. Ólafur Pálsson.

374.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingar á lögum um laun íslenzkra embættismanna, dags. 15. október 1875.

Nefndin getur ekki ráðið hinni háttvirtu neðri deild til að samþykkja frumvarp þetta eins og það kom frá efri deild, og ræður því til eptirfylgjandi breytinga.

1. við 2. gr.: í staðinn fyrir «5500 kr.» komi «5000 kr.» og fyrir «4000 kr.» komi «3500 kr.».
2. ný grein bætist við, er verður 3. gr. svolátandi: «Landfógetanum skal veita í árslaun 3500 kr.» (eptirfylgjandi greinartala breytist samkvæmt þessu).
3. við 4. gr.: Seinni liður greinarinnar til enda «Fyrsta — — fyrir sig» falli burt.

375.

Tillaga

til þingsályktunar.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landshöfðingjann, að hann þakki hæstarjettarassessor, Geheimeetatsráð, A. Fr. Krieger, fyrir þær miklu bókagjafir, er hann hefur gefið landsbókasafninu.

Grímur Thomsen. H. Kr. Friðriksson.

376.

Frumvarp

til laga um linun í skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.

Samþykkt við 3. umræðu í efri deild.

(Óbreytt eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild, sjá bls. 379 hjer að framan).

377.

Breytingaratkvæði

við fjárlögin 1884 og 1885.

(Frá Landshöfðingjanum).

Við 13. gr. A. b. Aptast í þessum staflið bætist við:

11. Bráðabyrgðaruppbót á Dvergasteinsprestakalli í Norðurmúlaprófastsdæmi 300 kr. 300 kr.

Við 13. gr. B. IV. b.

2.	Til eldiviðar og ljósa:	Í staðinn fyrir . .	400 kr.	(innan stryks).
		komi . .	500 —	
4.	Ýmisleg útgjöld:	Í staðinn fyrir . .	300 —	(innan stryks).
		komi . .	400 —	

378.

Frumvarp

til laga um farmgjald skipa.

(Eins og það var samþykktv ið 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Af öllum skipum, sem frá útlöndum koma og ætluð eru til að flytja vörur eða farþegja til landsins eða frá því, þar á meðal fiskiskipum, sem flytja út afla sinn, skal greiða 1 krónu af hverri smálest (Ton) í lestarúmi skipsins. Nú flytur skip póst, og skal þá dregið 1 smálestarrúm frá lestarúmi skipsins, nema sannað sje, að póstsendingar skipti meiru rúmi í skipinu, þá skal það rúm og frá draga.

2. gr. Gjald þetta skal skipstjóri greiða sýslumanni, bæjarfógeta eða umboðsmanni þeirra, þeim er rita skal á skjöl skipsins á höfn þeirri, er skipið kemur fyrst á. Komi skipið á fleiri hafnir í sömu ferð skal enga borgun greiða fyrir áteiknun skipaskjalanna, en bera skulu þau með sjer, að farmgjaldið hafi verið greitt. Gjaldið rennur í landssjóð að frádregnum 2 af hundraði til gjaldheimtumanns.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, er að minnsta kosti nemi fimmföldu gjaldi því, er greiðast átti. Mál, er út af slíkum brotum rísa, skulu rekin sem opinber lögrelumál.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884 og frá sama tíma skulu úr lögum numin þau ákvæði í 62. gr. aukatekjureglugjörðar 10. septbr. 1830, er til slíkra skipa náðu.

379.

Nefndarálit

um frvp. til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða.

Þó nefndin sje enn þeirrar skoðunar, að hagfeldara hefði verið að skrifstofustjórar hefðu verið 2 með lægri launum hvor, þá vill þó nefndin samt sem áður, þar sem frumvarpið hefur að ýmsu leyti tekið bótum, ráða hinni heiðruðu deild til, með því svo mjög er áliðið þingtímans, að samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það kom frá efri deild.

380.

Tillögur

til þingsályktunar viðvíkjandi landsreikningunum.

(Eins og þær voru samþykktar í neðri deild).

1. Að landsreikningurinn sje í smáu og stóru eptir greinum og öllum yfir- og undirliðum innanstryks og utanstryks sniðinn eptir tilsvarandi fjárlögum.
2. Að það athugist við yfirskoðun reikningsins 1882, að hve miklu leyti 39 kr. 79 a. eru vantaldar, sem skattur af ábúð og afnotum jarða og lausafje.
3. Að rjettartekjur yfirdómsins verði framvegis taldar með aukatekjum.
4. Að skil fáist fyrir ógoldnu spítalagjaldi frá árinu 1880.
5. Að grennslast sje eptir, hvar 221 kr. 8 a., eptirstöðvar, eldri en frá 1878, eru niður komnar og þær inn heimtar.
6. Að skorað sje á sóknarprest Þönglabakkaprestakalls að hefja úr jarðabókarsjóði 21 kr. 60 a.
7. Að því sje sleppt að telja útgjaldaeptirstöðvar aptan við landsreikninginn.

381.

Tillaga

til þingsályktunar um fyrirkomulag á gufuskipaferðum umhverfis strendur landsins.

(Eins og hún var samþykkt við síðari umræðu í neðri deild; (Óbreytt frá því, sem hún upphaflega var, sjá bls. 359 hjer að framan).

382.

Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild.)

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögum fyrir 1880 og 1881 veitast 8,787 kr. 70 aurar til að greiða gjöld þau, er hjer fara á eptir í 2.—6. grein.

2. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 10. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, 2. lið (önnur gjöld) veitast 869 kr. 34 a. fyrir 1880.

3. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 12. gr. fjárlaganna til póststjórnarinnar veitast:

undir 1. lið (laun)	31 kr.	25 a.
fyrir 1880.		
undir 2. lið (póstflutningar):		
1880	1,926 —	30 -
1881	2,499 —	04 -
undir 3. lið (önnur gjöld):		
1880	584 —	32 -
1881	115 —	44 -
	5,156 kr.	35 a.

4. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 12. gr. fjárlaganna til kirkju- og kennslumálefna veitast:

1.	undir B. I., b. ýms útgjöld við prestaskólann	1880	101 kr. 62 a.
2.	undir B. III. b. aðstoðarfje við lærða skólann	1880	240 — » -
		1881	240 — » -
3.	undir B. III. c. 3. til skólahússins utan og innnan		31 — 18 -
	og c. 7. ýms útgjöld við hinn lærða skóla	1880	» — 10 -
			612 kr. 90 a.

5. gr. Sem viðbót við óviss útgjöld í 16. gr. fjárlaganna veitast 503 kr. 5 a. fyrir fjárhagstímabilið.

6. gr. Auk þeirrar aukafjárveitingar, er í fjáraukalögum fyrir 1880 og 1881 4. nóv. 1881 var veitt til byggingar á húsi fyrir alþingi og söfn landsins, og til húsbúnaðar í alþingissölunum, veitast enn fremur 1646 kr. 16 a. Þar af til yfirkennara Halldórs Kr. Friðrikssonar sem endurgjald fyrir steinvegg í þarfir alþingishússins 67 kr. 37 a.

383.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um að taka útlend skip á leigu.

(Eins og það var samþykkt í efri deild).

1. Við 2. gr. «eigi má . . . á leigu» falli burt.
2. Við 4. gr. «Álíti lögreglustjóri svo vera» breytist í: «sje svo».
3. 5. gr. falli burt.
4. 6. gr. falli burt.
5. 7. gr. falli burt.

Th. Thorsteinson. Jón Ólafsson.

384.

Breytingartillaga

við frv. um landsbanka á Íslandi, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild.

Í staðinn fyrir frumv. *komi* svo látandi frumvarp:

Lagafrumvarp um landsbanka.

1. gr. Stjórnin gengst fyrir því, að í Reykjavík verði stofnaður banki, er sje seðlabanki, lánbanki og geymslubanki.

2. gr. Til stofnunar bankans skal verja 300,000 kr. af viðlagasjóði landsins. Stofnfje þetta skal afhenda bankanum að helmingi í peningum og konunglegum skuldabrjefum, en að hinum helmingi í gildum iðgjaldabrjefum og veðbrjefum landsmanna og stofnana.

3. gr. Stofnfje bankans má auka með samlagshlutum einstakra manna. Ákvæðisverð hvers einstaks hlutabrjefs skal minnst vera 100 kr. Þá er samlagshlutir náð hafa 150,000 kr. samtals, skal ákveðið með lagaboði um hlutdeild hlutamanna í stjórn bankans.

4. gr. Bankinn má gefa út seðla, er nema einni miljón. Þó með þeirri áskilning, að bankinn hafi fyrir liggjandi í gjaldgengum gullpeningum og silfurpeningum 2 krónur fyrir hverjar 5 kr. seðla, er úti eru, og þar að auki til tryggingar þeim hluta seðlanna, er eigi eru studdir á þessum peningum bankans, skal hann eiga svo mikið í ríkisskuldabrjefum og öðrum auðseldum verðbrjefum, er að upphæð nemi 150 kr. gegn hverjum 100 kr. seðla þessara.

Seðlar bankans skulu vera 2, 5, 10 og 50 kr. virði.

5. gr. Seðlar bankans skulu teknir í öll lögboðin gjöld með fullu ákvæðisverði.

6. gr. Stjórn bankans hefir heimild til að semja svo við hluttakendur, að þeir í veðskuldabrjefum sínum til bankans undir gangist, að stjórn bankans megi láta fógeta veðið lögtaki taka og við almennt uppboð selja, þótt sætt, lögsókn nje dómur eigi á undan fari, ef þeir brjóta gjörninga sína við bankann. En heimilt er skuldunaut að búa mál til á hendur bankanum til skaðabóta.

7. gr. Bankinn lánar fje gegn nægu og tryggu veði. Bankinn tekur og fje til geymslu um stundar sakir eður með uppsagnarfresti.

8. gr. Skyldur er bankinn að leysa seðla sína fyrir fullt ákvæðisverð þeirra með gjaldgengum peningum, hvert sinn er handhafi seðils kemur til bankans og æskir lausnar.

9. gr. Landshöfðinginn semur reglugjörð handa bankanum. Í reglugjörð þessari skal fyrir skipað um stjórn bankans og endurskoðun reikninga hans, um atkvæðisrjett hluteigenda, um verðmæta virðing fasteigna o. s. frv.

10. gr. Gegn tryggum veðskuldabrjefum í fasteign, er bankinn hefur umfram tryggingarbrjef sín, má hann gefa út arðberandi skuldabrjef á sjálfan sig. Þó skulu bankskuldabrjef þessi aldrei meiru nema en veðskuldabrjefin nje heldur lengur ráðin að gjalddaga, enda sje þau eigi með minnum iðgjöldum en 2 af 100.

11. gr. Til þess að koma bankanum á stofn má verja alt að 15000 kr. úr viðlagasjóði. Er fje þetta lán, og skal það endurgoldið að þremur árum liðnum frá lántökudegi með $^1/_{10}$ auk vaxta.

Landshöfðinginn sjer um allt til þess, að landsbankinn komist á fót og geti tekið sem fyrst til starfa.

Arnljótur Ólafsson. Benidikt Sveinsson. Friðrik Stefánsson.
Jakob Guðmundsson. Jón Ólafsson. Þórarinn Böðvarsson.

385.

Tillaga

til þingsályktunar um merkin á alþingishúsinu.

(Samþykkt við eina umræðu í neðri deild).

Alþingi ályktar, að taka skuli niður af framhlið alþingishússins þorskmerkið og ljónamerkið, en að setja skuli þar upp aptur lágmyndir (basrelief) af Danakonungunum Kristjáni 8. vestanmegin, og Kristjáni 9, austanmegin.

386.

Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.

«Manntalsþingum 1884»

breytist í: »manntalsþingum 1884 og 1885«.

Arnljótur Ólafsson. F. S. Stefánsson.

387.

Frumvarp

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1880 og 1881.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

	I. Tekjur.	Fjárveiting. kr.	a.	Reikningur. kr.	a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	100,000.		94,658.	04
2.	Húsaskattur	3,000.		4,072.	26
3.	Tekjuskattur	28,000.		29,707.	84
4.	Aukatekjur	28,000.		34,973.	31
5.	Vitagjald	10,000.		8,688.	35
6.	Metorðaskattur	80.		84.	16
7.	Erfðafjárskattur	5,000.		5,750.	24
8.	Gjöld af fasteignar sölum	1,200.		1,180.	83
9.	Leyfisbrjefagjöld	2,000.		3,124.	73
10.	Spítalagjald	14,000.		39,334.	26
11.	Gjöld af verzlun á Íslandi	74,312.		6,110.	93
12.	Aðflutningsgjald	200,000.		249,698.	83
13.	Tekjur af póstferðum	20,000.		22,705.	60
14.	Óvissar tekjur	1,200.		4,634.	56
15.	Tekjur af fasteignum landssjóðs	71,578.		68,169.	67
16.	Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn . . . . Borgað upp í lán, veiting: 16,762 kr. 67 a., reikningur: 29,419 kr. 82 a.	49,275.	20	59,633.	80
17.	Borguð lán og skyndilán	10,792.		16,979.	32
18.	Tillag úr ríkissjóði	159,388.		171,700.	
19.	Borgað frá brauðum, samkv. lögum 27. febr. 1880, f. l. 18. gr.	. . . .		654.	03
	alls . . .	777,825.	20	821,860.	76

II. Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Til alþingis 1881 og til borgunar fyrir endurskoðun landsreikninganna	36,800.	37,070. 06
2. Til umboðsstjórnar, gjaldheimtu og reikningsmála, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimta og reikningsmál	50,016. 66	51,510. 02
B. Dómgæzla og lögreglumál	156,744. 08	157,259. 90
C. Ýms útgjöld	109,510.	112,247. 65
3. Til læknaskipunarinnar	79,948.	72,336. 42
4. Til póststjórnarinnar	31,820.	36,856. 68
5. Til kirkju- og kennslumálefna:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar . . .	41,490. 38	41,549. 68
B. Til kennslumálefna	108,496.	104,871. 82
C. Ýms útgjöld	19,200.	22,505. 41
6. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabyrgða-lána	10,000.	22,165. 41
7. Eptirlaun og styrktarfje	48,700.	46,019. 81
8. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja .	6,000.	6,574. 25
9. Til óvissra útgjalda	6,000.	8,263. 77
10. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum (l. 7. nóv. 1879 og fjáraukal. 4. nóv. 1881) .	. . . .	11,809. 67
11. Til eptirlauna handa prestum (l. 27. febr. 1880 um eptirlaun presta)	. . . .	1,080. 02
12. Tillag til brauða (l. 27. febr. 1880 um skipun prestakalla)	. . . .	2,108. 33
13. Til byggingar á alþingishúsi og húsbúnaðar í alþingissölunum (fjáraukal. 4. nóv. 1881)	. . . .	25,928. 79
14. Afgangur	73,100. 08	61,703. 07
alls . . .	777,825. 20	821,860. 76

Eigur viðlagasjóðsins voru 31. des. 1881 . 809,570 kr. 50 a.
Peningaforði landssjóðs 31. des. 1881 . . 57,818 — 82 —
Tekjueptirstöðvar landssjóðs . . . . . 52,608 — 48 —

388.

Fyrirspurn til landshöfðingja

(frá 2. þm. Suður-Múlasýslu).

Hvernig stendur á því að uppgjafapresturinn í Skarðsþingaprestakalli hefur eigi getað fengið næga aðstoð landsstjórnarinnar til að geta orðið aðnjótandi lögheimilaðs tekjuhluta síns af brauðinu nú í fleiri ár?

389.

Breytingartillaga

við frv. til. l. um niðurskurð á hákarli.

Í stað frv. komi svo látandi frumv.

1. Vald það, er sýslunefndum er veitt í 1. gr. laga 14. desbr. 1877 til að gjöra samþykktir um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, skal einnig ná til þiljuskipa þeirra, er reka fiskiveiðar hjer við land, á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, er segir í tjeðum lögum.
2. *Fyrirsögnin orðist þannig:* Frumvarp til viðaukalaga við lög $^{14}/_{12}$ 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Arnljótur Ólafsson. F. S. Stefánsson.

390.

Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

l. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1884 og 1885 telst svo til, að tekjur Íslands verði *875,032* kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar *549,932* kr.

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	18,000	18,000	36,000
b) á lausafje	17,000	22,000	39,000
2. húsaskattur	2,400	2,400	4,800
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	19,000	19,000	38,000
5. erfðafjárskattur	2,500	2,500	5,000
6. gjöld af fasteignarsölum	650	650	1,300
7. vitagjald	5,000	5,000	10,000
8. nafnbótaskattur	16	16	32
9. gjöld fyrir leyfisbrjef	1,400	1,400	2,800
10. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	36,000	36,000	72,000
11. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
12. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	18,000	18,000	36,000
13. tekjur af póstferðunum	13,000	14,000	27,000
14. óvissar tekjur	1,000	1,000	2,000
samtals	271,966	277,966	549,932

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðsins og fl. eru taldar 64,600 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landssjóðsins, alls 39,300 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls ..... 9,300 —	30,000	30,000	60,000
2. leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyarsýslu	1,800	1,800	3,600
3. tekjur af kirkjum	500	500	1,000
samtals	32,300	32,300	64,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að 60,000 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins ..... Uppí lán verður borgað: á árinu 1884 11,136 kr. 73 a. - — 1885 10,885 — 72 — 22,022 kr. 45 a.	30,000	30,000	60,000
samtals	30,000	30,000	60,000

Stjórninni veitist heimild til að gefa eptir leigur af lánum þeim, er veitt hafa verið ýmsum sýslum 1882 og 1883 til þess að sporna við hungursneyð, til ársloka 1885, mót því að frá þeim tíma greiðist af þeim 4 % í leigur, og að 1/8 hluti þeirra endurgreiðist síðan á ári hverju.

Stykkishólmskirkju veitist frestur fyrir fjárhagstímabilið á að greiða afborganir af láni því, er hún fjekk árin 1878 og 1879 (2000 + 1000) alls 3000 kr., og sem við árslok 1883 verður 2440 kr.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 17,500 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum, samkvæmt lögum 27. febr. 1880	3,500	4,000	7,500
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	3,000	3,000	6,000
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals	8,500	9,000	17,500

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 183,000 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	32,500	30,500	63,000
samtals	92,500	90,500	183,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1884 og 1885 veitast til útgjalda 875,032 kr. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—18. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1884: 12,400 kr., og árið 1885: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi 1885 veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 359,732 kr. 38 a.

	1884	1885	alls
A.			
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Laun embættismanna	19,300	19,300	38,600
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	3,000	3,000	6,000
B.	26,100	26,100	52,200
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun: *a.* til dómara og sýslumanna	71,736.19	71,736.19	
b. til hreppstjóra	6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,000	1,000	
3. til hegningarhússins og fangelsanna	3,700	3,700	
4. önnur útgjöld	3,100	3,100	
	85,536.19	85,536.19	171,072.38
C.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur	1,800	1,800	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	1,200	1,200	
flyt	3,000	3,000	223,272. 38

	1884	1885	alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar....	3,000	3,000	223,272. 38
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	1,300	1,300	
4. styrkur til eflingar búnaði.....	20,000	20,000	
Landshöfðingi úthlutar helmingi til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda, og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða. Hinum helmingi fjárins úthlutar landshöfðingi eptir tillögum amtsráða.			
5. til vegabóta:			
a. til að bæta fjallvegi, einkanlega póstvegi Hjer af verjist allt að 2,500 kr. hvort árið til að fá vegafróðan mann frá útlöndum.	12,000	12,000	
b. til að styrkja sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum	8,000	8,000	
6. til gufuskipsferða	18,000	18,000	
7. til vitans á Reykjanesi	2,800	2,800	
8. til vörðuvita	1,000	1,000	
9. til ferðakostnaðar samkvæmt lögum 2. nóvbr. 1877, 3. gr.	600	600	
10. til þess að gefa út «Lovsamling for Island»	.....	.....	1,960
11. til að endurbæta Vestmannaeyja-kirkju.....	.....	.....	1,100
	66,700	66,700	133,400
samtals....	.....	.....	359,732. 38

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 84,748 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	37,726	37,726	75,452
2. Styrkur til 3 aukalækna: til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu 900 kr.; til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði 800 kr.; til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu 700 kr. hvort árið	2,400	2,400	4,800
3. önnur útgjöld	2,248	2,248	4,496
samtals....	42,374	42,374	84,748

12. gr. Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 55,800 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	7,000	7,000	14,000
2. póstflutningur	18,600	18,600	37,200
3. önnur útgjöld	2,300	2,300	4,600
samtals .	27,900	27,900	55,800

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 208,618 kr. 38 a.:

	1884	1885	alls
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
a. laun	8,432	8,432	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla, samkv. lög. 27. febr. 1880 1. gr.	6,500	6,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum.	5,000	5,000	
3. til nokkurra brauða í fyrrveranda Hólastipti.	600	600	
4. viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafapresta og prestaekkna, samk. l. 27. febr. 1880, 6. gr.	2,000	2,000	
5. viðbót við eptirlaun 1 uppgjafa-prests, er hefur fengið lausn, eptir að lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta komu út	50	50	
6. til prestaekkna og barna	2,500	2,500	
7. endurgj. handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
8. endurgjald handa prestinum í Vestmannaeyjum fyrir tekjumissi	1,443. 19	1,443. 19	
9. endurgjald handa prestinum að Goðdölum fyrir tekjumissi	20	20	
10. bráðabirgðaruppbót á Stóruvallaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi	200	200	
11. bráðabirgðaruppbót á Dvergasteinsprestakalli í Norðurmúla prófastsdæmi	300	300	
12. uppbót til Odda prestak. í Rangárv. prófastsd.	300	300	
B.	28,345. 19	28,345. 19	56,690. 38
Kennslumálefni:			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	10,316	10,316	
b. önnur útgjöld:			
	1884.	1885.	
1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	960 kr.	960 kr.	
2. 2 ölmusur	400 —	400 —	
3. til tímakennslu	100 —	100 —	
4. til bókakaupa	300 —	300 —	
5. til eldiviðar og ljósa	120 —	120 —	
6. til umsjónar	100 —	100 —	
7. ýmisleg útgjöld	100 —	100 —	
	2,080	2,080	
	12,396	12,396	24,792
II. Til læknaskólans:			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
	1884.	1885.	
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor	400 kr.	400 kr.	
2. eldiviður, ljós og ræsting	100 —	100 —	
3. til bókakaupa og verkfæra	600 —	300 —	
flyt...	1,100 —	800 —	3,200	3,200	81,482. 38

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr. a.
fluttar . . . 1,100 — 800 —	3,200	3,200	81,482. 38
4. ferðastyrkur handa læknaefnum . . 300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 4 lærisveinum . 320 — 320 —			
6. ýmisleg útgjöld . 100 — 100 —	1,820	1,520	
	5,020	4,720	9,740
III. Til hins lærða skóla:			
a. laun	18,200	18,200	
b. aðstoðarfie:			
handa söngkennaranum . . . . 600 kr.			
— fimleikakennarannm . . 700 —			
— dyraverði . . . . . 900 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans . . . . 300 —	2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:			
1. til bókasafns skólans . . . . 600 —			
2. til eldiviðar og ljósa . . . . 1200 —			
3. til skólahússins utan og innan . . . . . 1500 —			
4. til tímakennslu . . . . . 1500 —			
5. ölmusur . . . . . 8000 —			
6. þóknun handa lækni . . . 100 —			
7. ýmisleg útgjöld . . . . . 1200 —			
8. fyrir prestsverk . . . . . 48 —	14,148	14,148	
	34,848	34,848	69,696
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhalda kaupa við kennsluna . . . . . 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa . . . . 500 —			
3. til skólahússins utan og innan . . . . . 300 —			
4. ýmisleg útgjöld . . . . . 400 —	1,600	1,600	
	8,200	8,200	16,400
V. Til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla	3,000	3,000	
b. til barnaskóla	2,000	2,000	
c. til alþýðuskóla (þar af til skólans í Flensborg 1800 kr. fyrra árið, en 1600 kr. síðara árið). Styrkur eptir staflið a., b. og c. veitist með því skilyrði, að skólar þessir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði (þó nær þetta skilyrði eigi til skólans í Flensborg) og að þeir standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna, amtsr. eða sýslunefndar.	3,500	4,000	
flyt . . .	8,500	9,000	177,318, 38

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr. a.
fluttar ...	8,500	9,000	177,318. 38
d. til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000	1,000	
	9,500	10,000	19,500
C.			
1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga	2,800	2,800	
2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi	400	400	
3. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
4. til forngripasafnsins:			
a. til forngripakaupa og áhalda . 500 kr.			
b. til umsjónar . . . . . 200 —			
c. til rannsóknar fornmenja . . 1,000 —			
	1,700	1,700	
	5,900	5,900	11,800
samtals ...	. . . . .	. . . . .	208,618. 38

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 10000 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 50,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Elínar Thorsteinsen 200 kr., til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr. og til ekkjufrúar G. Brynjúlfssonar 150 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast 15,400 kr.

1. Styrkur til kennara Þorvaldar Thoroddsens til jarðfræðisrannsókna hjer á landi 1000 kr. um fjárhagstímabilið, og 1000 kr. í ferðastyrk til útlanda, alls . . . . . 2000 kr.
2. Styrkur til gufubátsferða á Ísafjarðardjúpi, 1500 kr. hvort árið . . 3000 —
3. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600kr. á ári 1200 —
4. Styrkur til Stefáns Jónassonar til að ljúka við sljettunarvjel . . 200 —
5. Styrkur til eflingar laxveiði og laxræktar . . . . . 3000 —
6. Styrkur til bóksala Kr. Ó. Þorgrímssonar fyrir útgáfu Helga biskups postillu 500 —
7. Til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja . . . . . 5500 —

15,400 kr.

17. gr. Til óvissra útgjalda veitast *4000 kr.*

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eður embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embætti hjer á landi.

18. gr. Afganginn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 26,333 kr. 24 aur., skal leggja í viðlagasjóðinn.

19. gr.

Ef frumvarp til laga:
um breyting á skipun prestakalla,
— stofnun landsbanka á Íslandi,
— stofnun landsskóla á Íslandi,
— eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsanna,
— breyting á 2. og 3. gr. í lög. 11. febr. 1876,
— breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna,
— eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra,
— afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841,
ná gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt frumvörpum þessum.

20. gr.

Allar þær fjárveitingar, er eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda einungis fyrir fjárhagstímabilið.

Heimild sú, sem veitt var í fjárlögum 4. nóv. 1881 til að veita lán til stofnunar á búnaðarskólum, endurnýjast fyrir fjárhagstímabil þetta að því leyti hin veitta upphæð eigi er þegar notuð.

391.

Frumvarp

til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Hver sem þiggur styrk af fátækra fje, eptir að hann er orðinn fullra 16 ára að aldri, annaðhvort fyrir sjálfan sig eða skylduómaga sína, er skyldur til að endurgjalda hann, og getur sveitarstjórnin látið skrifa upp fjármuni þurfamannsins og þinglýsa uppskriptargjörðinni á varnarþingi hans til tryggingar fyrir skuldinni. Fyrir þinglýsinguna skal ekkert gjald greiða.

2. gr. Nú er sá, sem þegið hefur styrk af fátækra fje samkvæmt 1. gr., lögsóttur til að endurgjalda hann, eða skuldinni er lýst á skiptum á búi hans, og er eptirrit af sveitarbókinni næg sönnun fyrir skuldinni, sem hefur forgöngurjett fyrir öllum öðrum skuldakröfum.

3. gr. Nú flytur maður af landi burt, en skilur eptir vandamenn, er honum að lögum ber fram að færa, en sem ekki eru sjálfbjarga, og skal hann þá skyldur að setja nægilega tryggingu eptir mati tveggja óvilhallra dómkvaddra utanhreppsmanna fyrir því, að skylduómagar hans verði ekki til sveitarþyngsla, að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eður önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda óheimili sýslumaður utanferð, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

392.

Frumvarp

til laga um stofnun landsbanka á Íslandi.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild alþingis.)

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland skal heimilt að veita banka þeim, sem stofnaður kynni að verða á Íslandi, hlunnindi þau, sem talin eru í 2. og 3. gr. hjer á eptir, ef samþykktir þær, sem hlutareigendur í bankanum fallast á, eru samhljóða því, sem fyrir er mælt í 4. gr.

2. gr. Hlunnindi þau, sem veita má bankanum, eru þessi:

1. að hann megi taka hærri leigur en 4% á ári.
2. að landssjóðurinn ábyrgist, að goldnir verði 4% í vöxtu á ári af skuldabrjefum þeim, sem bankinn gefur út upp á sjálfan sig (bankaskuldabrjefum).
3. að bankanum verði veittur 6000 kr. styrkur úr landssjóði í eitt skipti fyrir öll til þess að stofnsetja hann.
4. að landssjóðurinn gjörist hlutareigandi í bankanum fyrir allt að 250,000 kr.
5. að allir gjaldheimtumenn á Íslandi sjeu skyldir til að taka leigumiða (Coupons) þá, er fylgja bankaskuldabrjefunum, þegar þeir eru komnir í gjalddaga, sem borgun fyrir alla opinbera skatta og gjöld, eptir því verði, sem þeir hljóða uppá.
6. að bankastjórnin geti löglega samið við menn um, að þeir í veðskuldabrjefum sínum til bankans gangist undir, að bankastjórnin megi láta fógetann gjöra aðför í eign þeirri, sem sett er að veði, ásamt með því, sem henni fylgir, ef þeir eigi fullnægja skuldbindingu sinni og þar eptir láta selja eignina við opinbert uppboð án fyrirfarandi sáttatilraunar, lögsóknar eða dóms, og verður þar að auki aðför þeirri, sem bankastjórnin hefur krafizt, eða uppboðinu, sem því næst hefur verið ákveðið, hvorki tálmað nje dæmt ógilt með nokkurri áfrýjan til æðri rjettar, en hlutaðeiganda er aptur á móti frjálst að hefja endurgjaldsmálsókn til fullra bóta af bankans hálfu.

3. gr. Leyfilegt er að verja fje ómyndugra og opinberra stofnana sem og fje viðlagasjóðsins til að kaupa bankaskuldabrjef, en þó eigi við hærra verði en ákvæðisverði þeirra.

4. gr. Til þess að bankinn geti vænzt, að samþykktir hans verði staðfestar og hann þannig orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, sem getið var um í 2. og 3. gr., útheimtist:

a, að menn hafi óskað að verða hlutareigendur í bankanum að minnsta kosti fyrir 50,000 kr. til byrjunar auk þeirra 250,000 kr., sem getið var að framan í 2. gr. 4.

b, að eigi megi nokkurn tíma vera í veltu bankaskuldabrjef, sem nemi meiru en svo, að bankinn eigi $^1/_{10}$ meira í veðskuldabrjefum einstakra manna; skal upphæð hvers slíks veðskuldabrjefs vera tryggð með veði í fasteign á Íslandi svo að veðskuldin sje eigi meiri en $^3/_5$ af gangverði jarða eða helmingur af gangverði húsa, sem veðsett eru, eins og það er ákveðið með virðingargjörð samkvæmt reglum þeim, sem ráðgjafinn fyrir Ísland setur og sem nákvæmar skulu teknar fram í samþykktunum.

Enn fremur skal taka það fram í veðskuldabrjefi hverju, að greiða skuli ár-

lega nokkuð til afborgunar höfuðstólnum svo að henni sje í lengsta lagi lokið á 28 árum sem og árlega vexti nokkru meiri en 4 af hundraði (t. d. 4½ %).

c, að greiða skuli 4% árl. leigur af bankaskuldabrjefunum upp á handhafa og að eigi megi gefa út bankaskuldabrjef upp á minni upphæð en 50 kr.

d, að ákveðið sje í samþykktunum, að hlutareigendur kjósi stjórn bankans alla og annan af endurskoðunarmönnunum, en að oddviti bankastjórnarinnar sje háður staðfestingu ráðgjafans fyrir Ísland, sem einnig kjósi hinn endurskoðunarmanninn; að ráðgjafinn skuli setja reglugjörð fyrir endurskoðuninni og að bankastjórnin sje skyld til að birta almenningi árlega fullkominn reikning yfir tekjur og útgjöld, eign og skuldir bankans, og að senda landshöfðingjanum yfir Íslandi reikningsútdrátt á hverju hálfu missiri til prentunar í stjórnartíðindunum.

e, að bankastjórnin sje skyld til að láta landshöfðingjanum í tje allar þær skýrslur, sem hann heimtar viðvíkjandi högum bankans og að landshöfðinginn megi, hvenær sem vera skal, rannsaka allt það, sem snertir ástand bankans.

f, að engin breyting verði gjörð á samþykktum bankans nema á þann hátt, sem ákveðinn er í þeim sjálfum og með samþykki ráðgjafans fyrir Ísland.

5. gr. Enn fremur er bankanum heimilt að stofna sjerstaka deild til að taka móti fje til geymslu eða ávöxtunar um tíma, að lána fje móti annari tryggingu en um er getið í 4. gr. b, að kaupa víxla og gefa út víxla upp á sjálfan sig. Þó skal bankanum vera skylt að hafa jafnan að minnsta kosti ⅗ hluta geymslufjár fyrirliggjandi í peningum eða verðbrjefum, sem fljótt verður varið í peninga.

6. gr. Enn fremur er stjórninni heimilt, þegar ástæður leyfa, að samþykkja að bankinn stofni aðra sjerstaka deild til að gefa út seðla, er hún skiptir við ákvæðisverði í gullpeninga, þegar handhafi óskar þess, en sjá skal svo um, að aldrei sjeu í veltu meiri seðlar en svo, að þessi deild bankans hafi fyrirliggjandi í gullpeningum 1 kr. á móti hverjum 2 kr. í seðlum og að hinn helmingur seðlanna sje tryggður með verðbrjefum þannig, að móti hverjum 100 kr. í seðlum sjeu fyrirliggjandi 150 kr. í verðbrjefum og skal að minnsta kosti helmingi þeirra vera svo varið, að þeim verði fljótt varið í peninga. Enn fremur má eigi nema með nýrri lagaheimild gefa út seðla er nemi meiru en 1 million króna.

7. gr. Þegar ráðgjafinn fyrir Ísland hefur staðfest samþykktir bankans, skal gefa út um það opinbera auglýsing.

393.

Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um laun íslenzkra embættismanna dags. 15. okt. 1875.

(Eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild).

1. gr. Biskupi skal veita í árslaun 5500 kr.

2. gr. Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árslaun 5000 kr.

Öðrum dómendum í landsyfirrjettinum skal veita í árslaun hvorum fyrir sig 3500 kr.

3. gr. Landfógetanum skal veita í árslaun 3500 kr.

4. gr. Forstöðumanni prestaskólans skal veita í árslaun 4000 kr. Öðrum kennurum við prestaskólann skal veita í árslaun, hinum fyrri 2600 kr., hinum síðari 2200 kr.

5. gr. Forstöðumanni hins lærða skóla skal veita í árslaun 3600 kr. og leigulausan bústað í skólahúsinu.

6. gr. Embættismenn þeir, er fengið hafa veitingu fyrir embættum þessum áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einkis í missa við þau, meðan þeir sitja í sama embætti.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1884.

394.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða o. fl.

(Frá nefndinni).

1. Sex síðustu greinar frumvarpsins, 35.—40. gr., falli burt.
2. Aptan af fyrirsögn frumvarpsins falli: «o. fl.»

395.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum.

Í fyrirsögn frumvarpsins bætist eptir orðið: «hreppsnefnda» «og bæjarstjórna».

Magnús Stephensen. Einar Ásmundsson.
St. Eiríksson.

396.

Breytingaratkvæði

við fumvarp til fjárlaga fyrir 1884 og 1885.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

(Frá nefndinni).

10. gr. C. 4. Í niðurlagi athugasemdarinnar:
«eptir tillögum amtsráða» falli burt.

13. gr. A. b. 11. «bráðabyrgðaruppbót á Dvergasteins prestakalli í Norður-Múlaprófastsdæmi 300—300» falli burt.

— — - - 12. «uppbót til Odda prestakalls í Rangárvallaprófastsdæmi 300—300» falli burt.

16. gr. 6. tölul. «Styrkur til bóksala Kr. Ó. Þorgrímssonar fyrir útgáfu Helga biskups postillu 500 kr.» falli burt.

— — 7. — Í stað: «5500» komi: «6000».

397.

Tillaga

til þingsályktunar.

(Frá fjárlaganefndinni).

Neðri deild alþingis skorar á ráðgjafa Íslands, að hann veiti landshöfðingja heimild til að lána út með venjulegum kjörum og með nægum tryggingum allt að 100000 kr., er takist af innritunarskírteina upphæð viðlagasjóðsins að svo miklu leyti sem þess er þörf. Lánin veitist einkum þeim sveitarbúendum, sem þurfa að auka bústofn sinn.

398.

Frumvarp

til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða.

(Samþykkt við eina umræðu í neðri deild).

1. gr. Heimilt skal íslenzkum mönnum heimilisföstum á Íslandi og innlendum hlutafjelögum að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða hjer við land, ef fullnægt er skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr. Þá er útlent skip er tekið á leigu til fiskiveiða, skal gjöra um það skriflegan samning milli þess, er selur skip á leigu og hins, er tekur skipið á leigu, og sje þar skýrt kveðið á um upphæð skipsleigunnar og annars þess, er sá er skyldur að greiða, er skip tekur á leigu. Skipleigusamninginn skal skipstjóri hafa meðferðis á skipi sínu, meðan samningstíminn stendur yfir.

3. gr. Skipstjóri og háseti hins útlenda skips skulu enn fremur rita undir skuldbindingu að fara í öllu við veiðar sínar eptir íslenzkum lögum, meðan þeir stunda þær hjer við land samkvæmt skipleigusamningnum, og án tillits til þjóðernis þeirra sæta ábyrgð fyrir afbrot í þeim efnum eptir íslenzkum lögum og dómi hjer á landi.

4. gr. Áður en byrjuð er veiði á útlendu skipi, skal sýna skipleigusamninginn lögreglustjóra og afhenda honum skuldbinding skipverja; rannsakar hann, hvort ákvæðum laga þessara er fullnægt í öllum greinum. Sje svo, skrifar hann leyfi sitt á samninginn til þess að skipið megi nota til veiðiskapar hjer við land um ákveðinn tíma frá þeim degi að telja, og má tími sá eigi vera lengri en 12 mánuðir. Lögreglustjóri skal senda landshöfðingja eptirrit af samningnum á kostnað þess, er skipið tekur á leigu.

399.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1880 og 1881.

Við II Gjöld 1, til alþingis 1881 og til borgunar fyrir endurskoðun landsreikninganna:
fyrir 37070 kr. 46 a. komi: 36952 kr. 71 a.

Magnús Stephensen.

400.

Frumvarp

til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.

(Samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

Í skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje samkvæmt lögum 14. desember 1877 skal á manntalsþingum 1884 og 1885 að eins greiða $^1/_5$ álnar á landsvísu af jarðarhundraði hverju og að eins $^1/_2$ alin á landsvísu af lausafjárhundraði hverju.

401.

Tillögur

nefndarinnar í málinu: «frumvarp til laga um stofnun landsbanka á Íslandi.»

Nefndin ræður hinni háttvirtu efri deild frá, að fallast á frumvarp það, er heiðruð neðri deild hefur samþykkt; en sökum þess að komið er að þinglokum, er tilgangslaust að koma fram með breytingartillögur við það.

402.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingar á lögum um laun íslenzkra embættismanna dagsett 15. okt. 1875.

(Eins og það var samþ. við eina umræðu í neðri deild).

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Í staðinn fyrir: «5000» komi: «5500», og í staðinn fyrir: «hvorum fyrir sig» komi: «hinum fyrra 4000 kr. og hinum síðari».
2. 3. grein falli burt.
3. Við 4. gr. Seinni liður hennar falli burt nefnil. «Öðrum — 2200 kr.».

403.

Breytingartillaga

við ferðaáætlun gufuskipanna millum Kaupmannahafnar, Skotlands, Færeyja og Íslands 1884—1885.

11. gufuskipsferð frá Kaupmannahöfn til Íslands sje áætluð þannig:
Frá Kaupmh. 22. sept. — Leith 26. sept. — Þórshöfn 30. sept. — Seyðisf. 3. okt. — Húsavík 5. okt. — Akureyri 6. okt. — Ísaf. 9. okt. — Þingeyri 9. okt. — Stykkishólmi 11. okt. — Komi til Reykjavíkur 13. okt.

Benedikt Kristjánsson. Einar Ásmundsson.

404.

Tillaga

til þingsályktunar.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á ráðgjafa Íslands, og leggur þar til hin beztu meðmæli sín, að hann veiti meistara Eiríki Magnússyni 5400 kr. lán af viðlagasjóði landsins gegn veði í lífsábyrgðarskýrteini, er lántakandi skuldbindur sig til að halda í gildi, eður öðru viðunandi veði.

Arnljótur Ólafsson. Þórarinn Böðvarsson.

405.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða.

(Frá nefndinni í málinu).

1. Við 2. gr. Fyrir aptan orðin: «er skip tekur á leigu» bætist inn í: «Eigi má semja svo um, að skipseigandi eða sá er selur skipið á leigu hafi hlutaveiði móti þeim, er skip tekur á leigu«.
2. Við 3. gr. Fyrir «háseti» komi: «hásetar«.
3. Aptan við frumvarpið bætist 5. grein, svo látandi:
»Nú álítur lögreglustjóri, að skipleigusamningur sje gjörður á annan hátt en hjer er fyrirmælt, og synjar hann um leyfi sitt. Mega þá semjendur bera samning sinn undir úrskurð landshöfðingja, er hefur heimild til að samþykkja hann, ef hann átítur að grundvallarreglum laga þessara sje fullnægt í samningnum. Það er á valdi landshöfðingja að binda samþykki sitt þeim ákvörðunum um eptirlit, er honum þykir henta og heimta fje lagt í geymslu fyrirfram til tryggingar fyrir því að fullnægt sje

ákvæðum þeim, er hann setur, þannig að það falli til landssjóðs án dóms og laga, ef út af er brugðið.

4. Þar eptir komi 6. grein þannig:
Brot móti lögum þessum varða sektum allt að 2000 kr., er renna í landssjóð, og sæta þau meðferð sem opinber lögreglumál.

406.
Nefndarálit

í málinu: Þingsályktun um skipulag hins lærða skóla í Reykjavík.

Nefnd sú, er neðri deild alþingis hefur sett til að íhuga mál þetta, leyfir sjer að skýra frá skoðun sinni og tillögum á þessa leið.

Þess skal fyrirfram getið, að þar sem allmikið hefur verið bæði rætt og ritað í þá átt, að hin síðustu skólaár hafi verið skortur á góðri stjórn og reglusemi í skólanum, þá hefur nefndin ekki getað rannsakað þessa hlið málsins svo ýtarlega, að hún treysti sjer til að koma með nokkrar ákveðnar tillögur því viðvíkjandi, og veldur þessu af annari hálfu naumleiki tímans, af því að svo stutt var eptir þingtímans, er nefndin var sett —, en af annari hálfu það, að nefndinni var ekki fengið það vald í hendur, er getur um í 22. gr. stjórnarskrárinnar, til að heimta af mönnum munnlegar og skriflegar skýrslur. Að því er þessa hlið málsins snertir, þá verður því nefndin að láta það nægja, að lýsa yfir því trausti sínu, að yfirstjórn skólans muni framvegis finna sjerstaklega ástæðu til að hafa vakandi auga á, hvernig fram fer í skólanum, bæði að því er snertir siðferði lærisveina og kennara og kennsluna sjálfa. Hverfum vjer svo að aðalefni skólamálsins.

Það er kunnugt, að alla þá stund, er skólarnir stóðu í Skálholti og á Hólum, og eins meðan skólinn var á Bessastöðum, höfðu lærisveinar kost og svefnherbergi í skólahúsinu. Þetta stafaði eðlilega af því, að lærisveinar gátu hvorugt þetta fengið annarsstaðar. Af þessu leiddi sjálfkrafa, að skólinn var eigi að eins kennsluskóli, heldur og meðfram uppeldisstofnun. Nú sem skólinn var fluttur frá Bessastöðum til Reykjavíkur haustið 1846, var þessu skipulagi haldið eingöngu að því leyti, að lærisveinum voru ætluð 60 hvílurúm í skólanum; en væru skólapiltar fleiri, urðu þeir að sofa úti í bæ. Kost og þjónustu urðu allir lærisveinar að fá í bænum. Skipulag þetta hefur þó breytzt enn meir með tímanum, fyrir þá sök að tala lærisveina hefir aukizt mjög hin síðustu árin í skólanum, en þó einkanlega fyrir því að bekkjum hefir verið fjölgað. Nú eru skólapiltar yfir 120, en hvílurúm í skólahúsinu eigi nema handa 50 lærisveinum, og síðan síðara hluta næstliðins vetrar munu naumast fleiri en 40 lærisveinar hafa notað svefnherbergi skólans, eða tæpur þriðjungur af öllum skólapiltum. Að vísu hafa fleiri piltar en þeir, er sofa í skólanum, fengið leyfi til að lesa þar í undirbúningstímunum; en eigi að síður finnst nefndinni, að skólinn hafi misst mjög svo þann hinn fyrra tilgang sinn eða ætlunarverk, að vera uppeldisstofnun, þar sem hjer um bil þriðjungur lærisveina njóta tilsjónar, en enginn þeirra matast í skólahúsinu. Ef menn athuga grandgæfilega þessa miklu breyting, sem á er orðin skólalífinu, að áður höfðu allir skólapiltar mötuneyti saman í skólanum undir umsjón eins kennaranna, lifðu saman í einu húsi og aðskildir að eins í 2 bekki og loksins sváfu í sama húsi í 2 svefnloptum; en nú matast skólapiltar hing-

að og þangað út um allan bæ, og fjöldinn af þeim er bæjarsveinar: þá munu menn eiga eigi svo óhægt með að skilja, hví tilsjónin með heimasveinum utan kennslustundanna í skólanum hefur eigi getað blessazt svo vel, sem menn annars vildu æskja, einkum ef menn og hafa í huga frelsiskenningar þessa tíma og hið milda og frjálslynda uppeldi barnanna á heimilunum í samanburði við það, er áður var.

Uppeldistilraunir skólans á lærisveinum hans eru því nú orðnar hvorki heilt nje hálft, og virðist því rjettast að sleppa þeim annaðhvort alveg eður taka upp aptur hið fyrra uppeldis skipulag í öllum aðalgreinum þess. Nefndin er samhuga á því, að ógjörlegt sje að hverfa aptur til hins fyrra skipulags, því til þess hefur skólinn, auk annars fleira, ekki húsrúm, og getur nefndin heldur eigi fundið að það sje svo æskilegt, því síður nauðsynlegt, et á allt er litið. Uppeldisskipulag skólans hið fyrra heimtar miklu stærra hús en skólahúsið nú er, og hlyti því að hafa svo mikinn kostnað í för með sjer, að hann yfirgnæfði mjög svo kosti þess, er að ætlun nefndarinnar annars eru öllu fremur ímyndaðir en sannarlegir.

Aðaltilgangur skólans er eflaust sá, að veita góða og næga kennslu í þeim greinum, er samsvara kröfum tímans og þörfum þjóðanna. Er þá og nauðsynlegt að kennslunni sje svo hagað að allir skólapiltar þurfi eigi að læra eitt og hið sama, hvort sem þeir svo ætla sjer að ganga embættisveginn, eður að afla sjer eingöngu almennrar menntunar. Að áliti nefndarinnar er oss alveg nauðsynlegt, að Reykjavíkurskóli sje bæði gagnfræðaskóli og lærður skóli, líkt og margir skólar nú eru í Danmörku og annarstaðar. Svæfi skólapiltar eigi í skólanum, þyrfti heldur enginn tilsjónarmaður og eigi skólastjóri að búa í skólanum, heldur að eins dyravörður, og yrði þá nægilegt húsrúm í skólanum fyrir kennslustofur handa gagnfræðakennslunni. Að þessari endurbót skólans ætlar nefndin að menn ætti að keppa af öllum huga, svo vjer getum náð því menntastigi, sem engin þjóð má þarnast, hversu smá sem er. Þá fyrst gæti og komizt samhljóðun á milli Reykjavíkurskóla sem aðalskóla og Flensborgarskóla sem og annara slíkra gagnfræðaskóla, er komast kynni á fót í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna, með því að piltar úr þessum gagnfræðaskólum gæti gengið þaðan inn í efri gagnfræðadeild skólans. Sama er og að segja um aðgang gagnfræðinga frá Reykjavíkurskóla til ýmissa menntastofnana í Danmörku, svo sem til fjöllistaskólans.

Af þessum fáorðu ástæðum og enn fleiri ótöldum, ræður nefndin deildinni til að samþykkja svolátandi:

Þingsályktun:

Alþingi ályktar að skora á landshöfðingjann, að hann leiti álita rektors hins lærða skóla ásamt áliti kennaranna svo og álita stiftsyfirvaldanna um þær breytingar á skipulagi Reykjavíkurskóla, er að því lúta:

I. að Reykjavíkurskóli verði gjörður að fullkomnum gagnfræðaskóla og lærðum skóla og að skólinn þá hætti að taka framar á móti heimasveinum.

II. 1. Ef hlutaðeigendur ráða til breytinga þessara á skipulagi skólans, að landshöfðingi útvegi nauðsynlega uppdrætti og áætlanir um nýja herbergja- og bekkjaskipun í skólahúsinu, og um nauðsynlega viðgjörð á því, svo og um kostnaðinn til þessa, og

2. að hann leggi síðan málið fyrir stjórnina svo tímanlega, að hún geti haft það undirbúið til alþingis 1885.

Alþingi 22. ágúst 1883.

Magnús Andrjesson, formaður. Arnljótur Olafsson, skrifari og framsm. B. Sveinsson.

407.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.

Orðin «og 1885» falli burt.

Magnús Stephensen. Árni Thorsteinson. Einar Ásmundsson.

408.

Tillaga

til þingsályktunar um fyrirkomulag á gufuskipaferðum umhverfis strendur landsins.

(Eins og hún var samþykkt við fyrri umræðu í efri deild).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina, að hún hlutist til um:

1. Að fá framgengt ferðaáætlun þeirri, er þingið samþykkir.
2. Að landsstjórnin áskilji hentugt skip til ferðanna, og nægilegt og gott rúm sje fyrir farþegja á fyrsta, öðru og þriðja plássi.
3. Að fæði farþegja á skipunum sje selt samkvæmt 3. tölul. í þingsályktuninni 1881 um gufuskipaferðirnar.

409.

Breytingartillaga

við ferðaáætlun gufuskipanna millum Kaupmannahafnar, Skotlands, Færeyja og Íslands, eins og hún var samþykkt við fyrri umræðu í efri deild.

1. Í báða kafla áætlunarinnar bætist nýr komustaður: «Hornafjarðarós» milli Þórshafnar og Vestmanneyja.
2. Við tölul. 8. í fyrri kafla bætist inn í «Hornafjarðarós 27. júlí» og í staðinn fyrir «27. júlí» tvívegis á eptir» komi «28. júlí».
3. Við tölul. 6. í síðari kafla bætist inn í «Hornafjarðarós 3. júlí».
4. Í athugagreinina bætist aptan við orðin »Skipin koma við á»: «Hornafjarðarósi og».
5. Við tölul. 7. í síðara kafla bætist inn í «Húsavík 8. ágúst» og fardagar á eptir færist til um einn dag.
6. Við tölul. 9. «Húsavík 5. sept.» falli burt.
7. Við tölul. 10. bætist inn í «Húsavík 30. sept».

St. Eiríksson. B. Kristjánsson. Sighv. Árnason.

410.

Frumvarp

til laga um friðun hvala (eins og það var samþykkt í neðri deild alþingis 20. ágúst 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá bls. 240 hjer að framan).

411.

Frumvarp

til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra (eins og það var samþykkt í neðri deild alþingis 20. ágúst 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá bls. 397 hjer að framan).

412.

Tillaga

til þingsályktunar um að leigja sjerstaklega Arnarhólslóð í Reykjavík (eins og hún var samþykkt við eina umræðu í neðri deild alþingis 20. ágúst 1883; óbreytt eins og hún er prentuð á bls. 365 hjer að framan).

413.

Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1884 og 1885 telst svo til, að tekjur Íslands verði *875,032* kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar *549,932* kr.

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	18,000	18,000	36,000
b) á lausafje	17,000	22,000	39,000
2. húsaskattur	2,400	2,400	4,800
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	19,000	19,000	38,000
5. erfðafjárskattur	2,500	2,500	5,000
6. gjöld af fasteignarsölum	650	650	1,300
7. vitagjald	5,000	5,000	10,000
8. nafnbótaskattur	16	16	32
9. gjöld fyrir leyfisbrjef	1,400	1,400	2,800
10. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	36,000	36,000	72,000
11. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
12. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	18,000	18,000	36,000
13. tekjur af póstferðunum	13,000	14,000	27,000
14. óvissar tekjur	1,000	1,000	2,000
samtals	271,966	277,966	549,932

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðsins og fl. eru taldar 64,600 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landssjóðsins, alls 39,300 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls ..... 9,300 — —	30,000	30,000	60,000
2. leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyarsýslu	1,800	1,800	3,600
3. tekjur af kirkjum	500	500	1,000
samtals	32,300	32,300	64,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að 60,000 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins ..... Uppí lán verður borgað: á árinu 1884 11,136 kr. 73 a. - — 1885 10,885 — 72 — 22,022 kr. 45 a.	30,000	30,000	60,000
samtals	30,000	30,000	60,000

Stjórninni veitist heimild til að gefa eptir leigur af lánum þeim, er veitt hafa verið ýmsum sýslum 1882 og 1883 til þess að sporna við hungursneyð, til ársloka 1885, mót því að frá þeim tíma greiðist af þeim 4 % í leigur, og að $^1/_8$ hluti þeirra endurgreiðist síðan á ári hverju.

Stykkishólmskirkju veitist frestur fyrir fjárhagstímabilið á að greiða afborganir af láni því, er hún fjekk árin 1878 og 1879 (2000 + 1000) alls 3000 kr., og sem við árslok 1883 verður 2440 kr.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 17,500 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum, samkvæmt lögum 27. febr. 1880	3,500	4,000	7,500
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	3,000	3,000	6,000
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals	8,500	9,000	17,500

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 183,000 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	32,500	30,500	63,000
samtals	92,500	90,500	183,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1884 og 1885 veitast til útgjalda 875,032 kr. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—18. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1884: 12,400 kr., og árið 1885: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi 1885 veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 359,732 kr. 38 a.

	1884	1885	alls
A.			
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Laun embættismanna	19,300	19,300	38,600
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	3,000	3,000	6,000
B.	26,100	26,100	52,200
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun: *a.* til dómara og sýslumanna	71,736.19	71,736.19	
b. til hreppstjóra	6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,000	1,000	
3. til hegningarhússins og fangelsanna	3,700	3,700	
4. önnur útgjöld	3,100	3,100	
	85,536.19	85,536.19	171,072.38
C.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur	1,800	1,800	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	1,200	1,200	
flyt	3,000	3,000	223,272. 38

	1884	1885	alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	3,000	3,000	223,272. 38
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	1,300	1,300	
4. styrkur til eflingar búnaði ..... Landshöfðingi úthlutar helmingi til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda, og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða. Hinum helmingi fjárins úthlutar landshöfðingi.	20,000	20,000	
5. til vegabóta:			
a. til að bæta fjallvegi, einkanlega póstvegi Hjer af verjist allt að 2,500 kr. hvort árið til að fá vegafróðan mann frá útlöndum.	12,000	12,000	
b. til að styrkja sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum	8,000	8,000	
6. til gufuskipsferða	18,000	18,000	
7. til vitans á Reykjanesi	2,800	2,800	
8. til vörðuvita	1,000	1,000	
9. til ferðakostnaðar samkvæmt lögum 2. nóvbr. 1877, 3. gr.	600	600	
10. til þess að gefa út «Lovsamling for Island»	.....	.....	1,960
11. til að endurbæta Vestmannaeyja-kirkju	.....	.....	1,100
	66,700	66,700	133,400
samtals	.....	.....	359,732. 38

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 84,748 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	37,726	37,726	75,452
2. Styrkur til 3 aukalækna: til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu 900 kr.; til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði 800 kr.; til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu 700 kr. hvort árið	2,400	2,400	4,800
3. önnur útgjöld	2,248	2,248	4,496
samtals	42,374	42,374	84,748

12. gr. Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 55,800 kr.:

	1884	1885	alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	7,000	7,000	14,000
2. póstflutningur	18,600	18,600	37,200
3. önnur útgjöld	2,300	2,300	4,600
samtals .	27,900	27,900	55,800

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 207,418 kr. 38 a.:

	1884	1885	alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun	8,432	8,432	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla, samkv. lög. 27. febr. 1880 1. gr.	6,500	6,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum.	5,000	5,000	
3. til nokkurra brauða í fyrrveranda Hólastipti.	600	600	
4. viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafapresta og prestaekkna, samk. l. 27. febr. 1880, 6. gr.	2,000	2,000	
5. viðbót við eptirlaun 1 uppgjafa-prests, er hefur fengið lausn, eptir að lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta komu út	50	50	
6. til prestaekkna og barna	2,500	2,500	
7. endurgj. handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
8. endurgjald handa prestinum í Vestmannaeyjum fyrir tekjumissi	1,443. 19	1,443. 19	
9. endurgjald handa prestinum að Goðdölum fyrir tekjumissi	20	20	
10. bráðabirgðaruppbót á Stóruvallaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi	200	200	
	27,745. 19	27,745. 19	55,490. 38
B.			
Kennslumálefni:			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	10,316	10,316	
b. önnur útgjöld:			
	1884.	1885.	
1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum, 80 kr. handa hverjum . . .	960 kr.	960 kr.	
2. 2 ölmusur . .	400 —	400 —	
3. til tímakennslu .	100 —	100 —	
4. til bókakaupa .	300 —	300 —	
5. til eldiviðar og ljósa	120 —	120 —	
6. til umsjónar . .	100 —	100 —	
7. ýmisleg útgjöld .	100 —	100 —	
	2,080	2,080	
	12,396	12,396	24,792
II. Til læknaskólans:			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
	1884.	1885.	
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor . . .	400 kr.	400 kr.	
2. eldiviður, ljós og ræsting	100 —	100 —	
3. til bókakaupa og verkfæra . . .	600 —	300 —	
flyt . . .	1,100 —	800 —	3,200	3,200	80,282. 38

		1884	1885	alls
		kr.	kr.	kr. a.
fluttar . . . 1,100 —	800 —	3,200	3,200	80,282. 38
4. ferðastyrkur handa læknaefnum . . 300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 4 lærisveinum . 320 —	320 —			
6. ýmisleg útgjöld . 100 —	100 —			
		1,820	1,520	
		5,020	4,720	9,740
III. Til hins lærða skóla:				
a. laun		18,200	18,200	
b. aðstoðarfje:				
handa söngkennaranum	600 kr.			
— fimleikakennaranum . .	700 —			
— dyraverði	900 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	300 —	2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:				
1. til bókasafns skólans	600 —			
2. til eldiviðar og ljósa	1200 —			
3. til skólahússins utan og innan	1500 —			
4. til tímakennslu	1500 —			
5. ölmusur	8000 —			
6. þóknun handa lækni . . .	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	1200 —			
8. fyrir prestsverk	48 —			
		14,148	14,148	
		34,848	34,848	69,696
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun		6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:				
1. til bóka- og áhalda kaupa við kennsluna	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 —			
3. til skólahússins utan og innan	300 —			
4. ýmisleg útgjöld	400 —			
		1,600	1,600	
		8,200	8,200	16,400
V. Til annarar kennslu:				
a. til kvennaskóla		3,000	3,000	
b. til barnaskóla		2,000	2,000	
c. til alþýðuskóla (þar af til skólans í Flensborg 1800 kr. fyrra árið, en 1600 kr. síðara árið). Styrkur eptir staflið a., b. og c. veitist með því skilyrði, að skólar þessir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði (þó nær þetta skilyrði eigi til skólans í Flensborg) og að þeir standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna, amtsr. eða sýslunefndar.		3,500	4,000	
flyt . . .		8,500	9,000	176,118. 38

	1884	1885	alls
	kr	kr.	kr. a.
fluttar . . .	8,500	9,000	176,118. 38
d. til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000	1,000	
	9,500	10,000	19,500
C.			
1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga	2,800	2,800	
2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi	400	400	
3. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
4. til forngripasafnsins:			
a. til forngripakaupa og áhalda . 500 kr.			
b. til umsjónar . . . . . 200 —			
c. til rannsóknar fornmenja . . 1,000 —			
	1,700	1,700	
	5,900	5,900	11,800
samtals . . .	. . . . .	. . . . .	207,418. 38

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 10,000 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 50,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Elínar Thorsteinsen 200 kr., til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr. og til ekkjufrúar G. Brynjúlfssonar 150 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast 15,400 kr.

1. Styrkur til kennara Þorvaldar Thoroddsens til jarðfræðisrannsókna hjer á landi 1000 kr. um fjárhagstímabilið, og 1000 kr. í ferðastyrk til útlanda, alls . . . . . 2000 kr.
2. Styrkur til gufubátsferða á Ísafjarðardjúpi, 1500 kr. hvort árið . . 3000 —
3. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600kr. á ári 1200 —
4. Styrkur til Stefáns Jónassonar til að ljúka við sljettunarvjel . . 200 —
5. Styrkur til eflingar laxveiði og laxræktar . . . . . 3000 —
6. Til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja . . . . . 6000 —

15,400 kr.

17. gr. Til óvissra útgjalda veitast *4000 kr.*

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eður embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embætti hjer á landi.

18. gr. Afganginn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 27,533 kr. 24 aur., skal leggja í viðlagasjóðinn.

19. gr.

Ef frumvarp til laga:
um breyting á skipun prestakalla,
— eptirlaun prestsekkna,
— stofnun landsbanka á Íslandi,
— stofnun landsskóla á Íslandi,
— eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsanna,
— breyting á 2. og 3. gr. í lög. 11. febr. 1876,
— breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna,
— afnám amtmannaembættanna o. s. frv.
— eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra,
— afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841,
ná gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt frumvörpum þessum.

20. gr.

Allar þær fjárveitingar, er eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda einungis fyrir fjárhagstímabilið.

Heimild sú, sem veitt var í fjárlögum 4. nóv. 1881 til að veita lán til stofnunar á búnaðarskólum, endurnýjast fyrir fjárhagstímabil þetta að því leyti hin veitta upphæð eigi er þegar notuð.

414.

Frumvarp

til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins og um stofnun fjórðungsráða (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild; óbreytt eins og það var samþ. við 2. umr. í e. d., sjá bls. 358 hjer að framan).

415.

Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879 (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis 23. ágúst 1883).

Sem viðbót við fjárupphæðir þær, er í fjárlögunum fyrir 1878 og 1879, 15. gr. og fjáraukalögunum 4. nóvember 1881, 7. gr., eru veittar til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, veitast 500 kr. fyrir fjárhagstímabilið.

416.

Frumvarp

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1878 og 1879 (samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis 23. ágúst 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá bls. 362 hjer að framan).

417.

Frumvarp

til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða.

(Samþykkt við eina umræðu í efri deild).

1. gr. Hver maður, sem á jörð og nýtir eigi sjálfur, skal selja hana öðrum á leigu. Nú fær hann eigi byggt jörð sína fyrir sumardag hinn fyrsta, og skal hann innan hálfs mánaðar láta bjóða hana upp til ábúðar eður afnota fardagaár það, sem í hönd fer í þeirri þinghá, sem jörðin liggur í. Vilji þá enginn taka jörðina til leigu fyrir neitt eptirgjald, skal landeigandi banna nágrönnum öll afnot hennar, og verða þau þeim þá óheimil. Nú lætur hann eigi bjóða upp jörðina sem fyr segir, og skal hann sjálfur greiða öll lögboðin gjöld, er á jörð hvíla; en láti hann bjóða jörð sína upp til afnota, þarf hann eigi að halda uppi lögskilum fyrir jörðina það ár, ef hún verður honum arðlaus.

Hjáleigu má leggja niður og undir heimajörðina eða til annarar hjáleigu hennar.

2. gr. Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það brjef gjöra, og er það byggingarbrjef fyrir jörðunni. Í byggingarbrjefi skal skýrt tekið fram, hve langur ábúðartími sje; en sje það eigi gjört, skal svo álíta sem jörð sje byggð æfilangt, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið. Ekkja heldur ábúðarrjetti manns síns; en giptist hún aptur, missir hún hann.

3. gr. Í byggingarbrjefi skal greina landamerki jarða og geta þeirra ítaka, er hún á í annara manna lönd; svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur liggja á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbrjefinu, hverja landskuld greiða skal eptir jörðina og í hverjum aurum. Í því skal og ákveða, hver innstæðukúgildi fylgja jörðu og hvílík, svo og hverja leigu skuli greiða af þeim. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal svo álíta sem jörð hafi byggð verið með leigumála þeim, er leiguliði kannast við að áskilinn hafi verið, nema landsdrottinn sanni að annar hafi verið.

4. gr. Gjöra skal tvö samhljóða frumrit af byggingarbrjefi hverju, og rita landsdrottinn og leiguliði nöfn sín undir þau ásamt 2 vottum. Hefur landsdrottinn annað brjefið en leiguliði hitt.

5. gr. Ef landsdrottinn byggir tveimur mönnum sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa er fyr tók; en landsdrottinn fái hinum jafngott jarðnæði sem hitt var, ella bæti honum allan þann skaða, er hann býður af því að hann komst ekki að jörðu, hvorttveggja eptir mati óvilhallra manna.

6. gr. Fylgja skulu jörðu nauðsynleg hús, þau er henni hafa áður fylgt. Um stærð og tölu húsa, fer eptir jarðarmagni og því sem venja er í hverri sveit, eptir mati úttektarmanna; en jafnan skal afhenda leiguliða hús í gildu og góðu standi eða með fullu álagi.

7. gr. Þá er leiguliðaskipti verða á jörðu má viðtakandi taka til voryrkju, þá er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru þá, er sex vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, nje umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefur gjört ráðstöfun til að hirða og hagnýta hana, há hefur hann fyrirgjört

ábúðarrjetti sínum og lúki landsdrottni eins árs landskuld og leigur, sem áskilið var; en landsdrottinn má nýta sjer jörð sem hann vill, eða byggja hana öðrum.

8. gr. Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörðu hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. Heimil skal honum húsavist með viðtakanda og þar má hann hafa fjenað sinn til síðasta fardags, en hvorki má hann beita tún nje engjar.

Rjett er að fráfarandi skilji eptir, þar sem viðtakanda eigi er mein að, það af búslóð sinni, er hann eigi má burt flytja þegar; en það skal hann hafa burt flutt fyrir næstu veturnætur. Sjeu búsmunir eigi fluttir burt að veturnóttum, skal búandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fje í vanhirðingu.

9. gr. Eigi má fráfarandi af jörð flytja hey, áburð, eldsneyti nje byggingarefni, sem sú jörð gaf af sjer. Ef fráfarandi á fyrningar heys, eldsneytis eður byggingarefnis, þá skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni, ef hann eða umboðsmaður hans er viðstaddur, kaup á því eptir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa má fráfarandi flytja það með sjer eða selja það öðrum, en burt skal hann hafa flutt það af jörðu fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji.

10. gr. Nú á fráfarandi hús á jörðu, og skal hann bjóða landsdrottni að kaupa þau því verði, er úttektarmenn meta. Ef landsdrottinn vill ekki kaupa. skal fráfarandi bjóða þau viðtakanda, og vilji hann heldur ekki kaupa þau með sama verði, þá er fráfaranda rjett að taka þau ofan og flytja af jörðu, eða selja þau hverjum er hann vill til burtflutnings. Skal hús rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu, ef leiguliði vill gjöra hús þar, er hin voru, en flytja burt viði og húsaefni fyrir veturnætur. Hús skal rjúfa svo, að viðtakanda sje sem minnst mein að.

11. gr. Flutt skal fráfarandi hafa áburð allan á tún, áður en hann fer frá jörðu, og skal hann hafa gjört það í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús sem á jörðu eru, heygarða og heytóptir. Vanræki fráfarandi þetta, þá bæti hann viðtakanda það, sem úttektarmenn meta. Ekki má fráfarandi vinna meira á jörðu það vor, er hann flytur sig frá henni, en til búþarfa, og eigi svo að viðtakanda sje mein að. Ef hann vinnur meira, en nú var mælt, eignast viðtakandi það. Nú fylgir eggver jörðu, og á viðtakandi öll afnot þess það vor, er hann flytur sig að jörðu. Fylgi reki leigulandi, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

12. gr. Ábúandi skal hafa öll leiguliðanot af jörðu sinni, nema öðruvísi sje um samið; en það eru leiguliðanot, að hann hafi til notkunar fyrir sjálfan sig hús og mannvirki, innstæðukúgildi og allt, sem því leigulandi fylgir.

Nú er leiguliðarjettur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir eigi, á landsdrottinn sókn þess máls, enda skal leiguliði gjöra landsdrottni aðvart er leiguliðarjettur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir það mál eða ekki.

13. gr. Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, nje húsmenn taka, nema landsdrottinn leyfi. Eigi má hann heldur án leyfis landsdrottins ljá öðrum nokkuð af hlunnindum þeim og landsnytjum, er leigulandi hans fylgja, nema það sje í umskiptum fyrir önnur hlunnindi og landsnytjar, er leigujörð hans þarf. Hann má og eigi selja áburð af jörðu, þann er henni megi að notum verða, nje farga honum á annan hátt. Eigi má hann heldur láta burtu hey, sem hann hefur aflað af jörðunni, nema því að

eins að hann fái aftur jafngildi í heyi eða beit, eða að hann í harðindum hafi látið heyið gegn öðru endurgjaldi eptir áskorun hreppsnefndar. Ef móti þessu er brotið, varðar það útbyggingu, enda bæti hann landsdrottni skemmdir á jörðu.

14. gr. Ef reki fylgir jörðu, og er hann undanskilinn leiguliðanotum, þá skal leiguliði hirða við þann, er rekur, fyrir landsdrottinn, og marka viðarmarki hans. Skal hann gjöra þetta sem sjálfur hann ætti, og draga við úr flæðarmáli, svo eigi taki út aptur. Leiguliði skal eiga af fjöru þeirri álnarlöng kefli og þaðan af smærri, ef eigi er öðruvísi um samið, eða að fornu hefur viðgengizt á þeim reka. Nú rekur hval, og skal leiguliði festa hann þeim festum og að öllu bjarga sem lög ákveða.. Gjöra skal hann og þegar landsdrottni orð eða umboðsmanni hans. Rjett er leiguliða að skera þegar hval, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða.

15. gr. Skyldur er maður að halda uppi húsum þeim öllum, er þá voru, er hann kom til jarðar og jörðu fylgja, og ábyrgjast fyrning þeirra, svo skal hann og við halda öðrum nytsömum mannvirkjum, sem jörðu fylgja, svo sem túngörðum, vörzlugörðum, matjurtagörðum, fjenaðarrjettum, heygörðum, stíflugörðum og hverju öðru, og endurbæta það á ári hverju, svo að nýtilegt sje, og byggja upp af nýju, ef fallið hefur. Ábyrgjast skal leiguliði innstæðukúgildi jarðar sinnar, að ávaltt sjeu til og leigufær. Nú flytur leiguliði sig frá jörðu, eða deyr, og ekkja hans bregður búi, og skal hann eða bú hans skila öllu, er jörðu fylgir, fullgildu, eða með fullu álagi.

16. gr. Ef skriða fellur á hús leigujarðar eða þau verða á annan hátt fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði eða jarðskjálfta, eða þau farast fyrir eldsvoða, sem leiguliða verður eigi sök á gefin, þá skulu landsdrottinn og leiguliði, ef eigi er öðruvísi um samið, gjöra hús aptur í sameiningu. Landsdrottinn leggi við til húsagjörðar og smíðar, en leiguliði veggi alla og þök. Þó skal leiguliði greiða landsdrottni álag á hús þau, er fórust, ef þau voru eigi fullgild eptir áliti úttektarmanna.

17. gr. Ef land jarðar spillist af vatnságangi, skriðum, sandfoki, eða öðru því, er leiguliða verður eigi sök á gefin, þá gjöri hann landsdrottni orð, eða umboðsmanni hans, og er leiguliða heimilt að krefjast skoðunar á skemmdunum. Nú má skemmdir bæta á einu ári, og bætir landsdrottinn og leiguliði þær að helmingi hvor, þó svo að leiguliði kosti eigi meiru til en jafngildi hálfri landskuld hans. Verði jörð fyrir meiri skemmdum, eða þeim skemmdum, að hún rýrni til langframa, skal meta, hve miklum hluta landskuldar það nemi ár hvert um ákveðinn tíma, og á þá leiguliði heimting á, að landskuld sje sett niður um helming þess, er skemmdir eru metnar til ár hvert.

18. gr. Leiguliði skal ár hvert flytja út á tún og í garða allan þann áburð, er fellur til á leigujörð hans og vinna upp tún og engi, svo að hún sje í fullri rækt. Svo skal hann og nota hlunnindi hennar á þann hátt, að sem minnst spjöll verði að. Bregði hann af þessu lengur en eitt ár í senn, missir hann ábúðarrjett sinn.

19. gr. Nú eru kveðnar jarðabætur á leiguliða eða sjerstök hirðing á áburði, og greinir byggingarbrjef hverjar jarðabætur sjeu og hve miklar ár hvert, og hver hirðing áburðar, en leiguliði vinnur eigi slíkt, sem til skilið var, eitt ár í senn, og á landsdrottinn heimtingu á endurgjaldi fyrir jarðarbæturnar, eptir óvilhallra manna mati, ef leigu-

liði vinnur þær eigi þegar. Vinni leiguliði eigi jarðabætur, eða hirði eigi svo áburð, sem til var skilið fleiri ár en eitt í senn, missir hann og ábúðarrjett sinn.

20. gr. Nú vill leiguliði gjöra jarðabót, sem eigi verður talin að eins til þess, að jörðin sje í góðri rækt og yfirhöfuð vel setin, enda sje hún eigi ákveðin í byggingarbrjefi hans, þá skal hann leita um það samkomulags við landsdrottinn, en nái hann eigi samkomulagi við hann, þá er rjett, að hann fái óvilhalla menn á sinn kostnað til að meta, hvort þeir ætla varanleg not muni verða að jarðabótinni og tilvinnandi að gjöra hana, og skulu þeir jafnframt gjöra nákvæma áætlum um kostnaðinn við jarðabótina og hversu mikið eptirgjald eptir jörðina megi hækka fyrir hana til frambúðar. Landsdrottni skal bjóða, að vera við mat þetta. Leiguliði skal þá bjóða, að landsdrottinn láti gjöra jarðabótina og borga jafnframt hálfan kostnaðinn við matið, en að leiguliði skuli svo halda henni við og greiða þá hækkun á eptirgjaldinu, sem metin var. Vilji landsdrottinn það eigi, þá er rjett að leiguliði gjöri jarðabótina á sinn kostnað. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni, skal þá meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eptirgjaldi fyrir jarðabótina, og hvern kostnað hafi þurft til að gjöra hana, enda sje hún í góðu standi eða fullt álag gjört á hana. Kostnaðinn skal fráfarandi þá fá endurgoldinn, en þó eigi með hærri upphæð en þeirri, sem er 12 sinnum hærri en hækkun eptirgjaldsins.

21. gr. Nú vill landsdrottinn gjöra jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða, en nái hann því eigi, þá er rjett, að hann láti gjöra jarðabótina eigi að síður, en bæti honum fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans, og er jarðabótinni er lokið, þá getur hann látið óvilhalla menn skoða hana og meta, hversu mikið jörðin megi hækka að eptirgjaldi fyrir jarðabótina; jarðabótina getur hann því næst afhent leiguliða og ber honum upp frá því að halda henni vel við, og svara henni ásamt jörðunni í góðu standi eða með fullu álagi; enn fremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eptirgjaldinu, sem metin var fyrir jarðabótina.

22. gr. Ef leiguliði situr illa leigujörð sína, svo að tún og engi fara í órækt, eða, hún á annan hátt bíður varanlegar skemmdir af hans völdum, innstæðukúgildi falla og hús hrörna um skör fram, og því um líkt, hefur hann fyrirgjört ábúðarrjetti sínum nema hann lofi að bæta úr því næsta ár, og setji tryggingu fyrir. Rjett er að landsdrottinn láti gjöra skoðun á jörðunni, hvort er leiguliði fer frá henni eða ekki, og meta til verðs skemmdir þær, er á henni hafa orðið fyrir þessar sakir, og bæti leiguliði þær að fullu.

23. gr. Er meta skal skemmdir eptir 17. gr., jarðabætur eða jarðaníðslu, skulu úttektarmenn það gjöra. Landsdrottinn og leiguliði borgi skoðunargjörð að helmingi hvor, nema þegar svo á stendur, er segir í 22. grein; borgar þá leiguliði einn skoðunargjörð, ef hún verður á móti honum, en landsdrottinn ella.

24. gr. Leiguliði skal greiða alla þá skatta og skyldur, sem á leigujörðu hans liggja, og halda uppi öllum lögskilum af henni, landsdrottni kostnaðarlaust að öllu. Eindagi á kúgildaleigum er fyrir Mikaelsmessu ár hvert, en á landskuld fyrir hvers árs fardaga. Nú greiðir eigi leiguliði jarðargjöld á næsta missiri eptir eindaga, og hefur hann fyrirgjört ábúðarrjetti sínum í næstu fardögum, þótt honum sje eigi byggt út af jörðinni.

25. gr. Skyldur er leiguliði, þótt eigi sje til skilið, að færa leigur og landskuld á heimili landsdrottins ókeypis, ef eigi er fjær, en þingmannaleið nemi, ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðargjöldum.

26. gr. Þá er landsdrottinn vill neyta rjettar síns að byggja leiguliða út af jörðu sinni, áður en byggingartíminn er á enda, skal hann það gjört hafa fyrir jól; en leiguliði skal af jörðu fara í næstu fardögum á eptir. Útbygging skal brjefleg vera og við votta, enda sje svo skýrt að kveðið í henni, að leiguliði hafi að vísu að ganga, að hann eigi af jörðu að fara.

27. gr. Nú vill maður flytja sig af leigujörð sinni áður en ábúðartími hans er liðinn, og skal hann hafa sagt jörðu lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála brjeflega og við votta.

28. gr. Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eptir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni leigur næsta ár og landskuld. Má landsdrottinn nýta sjer jörð sem hann vill, eða byggja öðrum. Nú hefur leiguliði sagt jörðu lausri í tækan tíma en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann landsdrottni skaða þann, er jörð bíður af burtför hans, eptir mati óvilhallra manna.

29. gr. Nú hefur landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, svo sem fyr er sagt, eða byggingartíminn er á enda, eður svo er ástatt sem segir í 24. grein, og vill leiguliði eigi flytja sig af jörðu, eða beitir þrásetu, og er landsdrottni rjett að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það eptir almennum rjettarfarsreglum.

30. gr. Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargjörð, og kostar fráfarandi og viðtakandi hana að sínum helmingi hvor. Úttektamenn skulu vera tveir, og fer úttekt fram um fardagaleyti. Skal þá gjöra fráfaranda og viðtakanda aðvart með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti til úttektar komið.

31. gr. Hreppstjórar eru úttektarmenn. Þar sem eigi er nema einn hreppstjóri í hrepp, skal sýslumaður nefna að auki svo marga úttektarmenn, sem hreppsnefnd þurfa þykir. Úttektarmenn þessir skulu eið sverja fyrir sýslumanni. Sjeu úttektarmenn eigi fleiri en tveir í hrepp, skal hinn þriðja tilnefna til vara, er úttekt gjöri í forföllum annarshvors hinna, eða með þeim, ef þá greinir á. Ávallt þar er úttektarmenn greinir á, skal hinn þriðja til kveðja.

Úttektarmenn skulu hafa starfa sinn á hendi eigi skemmri tíma en sex ár.

32. gr. Úttektarmenn skulu bók hafa, er borgist af sveitarsjóði og sýslumaður löggildir; skal rita í hana allar úttektir jarða. Eigi er úttekt lokið fyr, en svo er gjört. Skulu úttektarmenn því næst rita nöfn sín undir hverja úttekt henni til staðfestingar. Þeir, sem við úttekt eru staddir, fráfarandi, viðtakandi og jarðeigandi, eða umboðsmaður hans, ef hann eigi mætir sjálfur, skulu og rita nöfn sín undir úttekt. Nú skorast þeir undan að rita nöfn sín undir úttekt, og skulu úttektarmenn láta þess við getið í úttektabókinni.

Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eptirrit af úttektum, ef þeir eru þess beiddir, og eiga þeir 50 aura fyrir hverja örk eptirrits.

33. gr. Úttektarmenn skulu taka fyrst út hús þau, er jörðu fylgja og lýsa þeim greinilega, sem og göllum þeim, er á þeim eru. Næst á eptir jarðarhúsum skal taka út

önnur mannvirki, þau er jörðu fylgja, svo sem eru túngarðar, vörzlugarðar, matjurtagarðar, fjenaðarrjettir, heygarðar, stíflugarðar og annað þesskonar. Svo skulu og úttektar menn skoða innstæðukúgildi jarða Rjett er, ef landsdrottinn eða viðtakandi krefst þess, að úttektarmenn skoði tún, engi og haga, skóg, eggver og aðrar landsnytjar. Úttektarmenn skulu lýsa öllu þessu nákvæmlega og kveða á hæfilegt álag fyrir þeim göllum, sem á eru hverju fyrir sig.

Ef maður flytur að parti úr jörð, þá er rjett, ef hann eða landsdrottinn óska þess, að úttektarmenn skipti milli aðfaranda og annara, húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, túnum, engjum, skógi og innstæðukúgildum; beitilandi og hlunnindum skal einnig skipta, ef hlutaðeigendur koma sjer saman að óska þess.

Fráfarandi greiði álag til viðtakanda að aflokinni úttektargjörð. En greiði hann eigi þegar álagið, gjöri úttektarmenn lögtak til lúkningar álaginu í munum þeim, sem fráfarandi á á jörðinni, eptir því sem hann vísar á og fyrir hendi er. Geti viðtakandi sannað, að hann hafi krafizt álags af fráfaranda að lögum, og eigi fengið það eða hluta þess, á landsdrottinn að greiða honum það sem á vantar, nema að öðruvísi hafi verið um samið.

34. gr. Ef einhver sem hlut á að máli, eigi vill hlíta úttekt, sem gjörð er á jörðu, er honum rjett að krefja yfirúttektar. Beiða skal hann sýslumann innan hálfsmánaðar að nefna fjóra menn til yfirúttektar, og skulu þeir haga yfirúttekt svo, sem segir um úttektir. Yfirúttektarmenn eigi sömu laun fyrir starfa sinn, sem úttektarmenn, er krefjandi gjaldi, ef álagsupphæð eigi er breytt, ella fer um gjaldið, sem segir í 30. gr.

418.

Frumvarp

til laga um rjett hreppsnefnda og bæjarstjórna í fátækramálum.

(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

1. gr. Hver sem þiggur styrk af fátækra fje, eptir að hann er orðinn fullra 16 ára að aldri, annaðhvort fyrir sjálfan sig eða skylduómaga sína, er skyldur til að endurgjalda hann, og getur sveitarstjórnin látið skrifa upp fjármuni þurfamannsins og þinglýsa uppskriptargjörðinni á varnarþingi hans til tryggingar fyrir skuldinni. Fyrir þinglýsinguna skal ekkert gjald greiða.

2. gr. Nú er sá, sem þegið hefur styrk af fátækra fje samkvæmt 1. gr., lögsóttur til að endurgjalda hann, eða skuldinni er lýst á skiptum á búi hans, og er eptirrit af sveitarbókinni næg sönnum fyrir skuldinni, sem hefur forgöngurjett fyrir öllum öðrum skuldakröfum.

3. gr. Nú flytur maður af landi burt, en skilur eptir vandamenn, er honum að lögum ber fram að færa, en sem ekki eru sjálfbjarga, og skal hann þá skyldur að setja nægilega tryggingu eptir mati tveggja óvilhallra dómkvaddra utanhreppsmanna fyrir því, að skylduómagar hans verði ekki til sveitarþyngsla, að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eður önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda óheimili sýslumaður utanferð, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

419.

Þingsályktun

samþykkt í neðri deild alþingis í neðri deild alþingis 23. ágúst 1883; óbreytt eins og hún er preutuð á bls. 399 hjer að framan).

420.

Breytingartillaga

við fjárlögin fyrir 1884 og 1885 (til einnar umræðu í neðri deild).

Við 10. gr. B 4:

Í stað:	«Önnur útgjöld	3,100	3,100»
komi:	«Önnur útgjöld (þar á meðal 1000 kr. 1884 til erindsreka alþingis, er það kaus 1881, til að fram fylgja þingsályktun í Elliðaármálunum)	4,100	3,100»

Jón Ólafsson. Jakob Guðmundsson. Benidikt Sveinsson.

421.

Breytingartillaga

við fjárlögin fyrir 1884 og 1885 (til einnar umræðu í neðri deild).

1. 13. gr. B III a, orðist svo:	«laun	18,200	16,200»
B III c 4, orðist svo:	»til tímakennslu . . .	1,500	2,200»
	(eða: upphæðin fyrir B III c verði . . .	14,148	14,848).

Jón Ólafsson. Benidikt Sveinsson. Magnús Andrjesson. Jakob Guðmundsson.

422.

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885.

1. 10. gr. C. 4. athsmd. Orðin í enda athugasemdarinnar: «Hinum — landshöfðingi» falli burt.
2. Í 19. gr. næst á eptir «— afnám konungsúrskurðar» o. s. frv. komi: «— um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje».

Grímur Thomsen.

423.

Tillaga

til þingsályktunar um fyrirkomulag á gufuskipsferðum umhverfis strendur landsins.

(Eins og hún var samþykkt við síðari umræðu í efri deild; óbreytt eins og hún var samþykkt við fyrri umræðu í efri deild, sjá bls. 420 hjer að framan).

424.

Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga árin 1884 og 1885.

Við 13. gr. A. b. 2. á eptir: «fátækum brauðum» komi: «þar af til Fells prestakalls í Skagafirði 400 kr. hvort árið.

G. E. Briem.

425.

Breytingartillaga

við frvp. til fjárlaga fyrir árin 1884—85.

(Eins og þau voru samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. Við 10. gr. A. 3.

Í staðinn fyrir:	3000	3000	6000
komi:	2500	2500	5000

2. Við 12. gr. 1.

Í staðinn fyrir:	7000	7000	14000
komi:	6600	6600	13200

Þorkell Bjarnason.

426.

Frumvarp

til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.

(Samþykkt við eina umræðu í efri deild).

Í skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje samkvæmt lögum 14. desember 1877 skal á manntalsþingum 1884 að eins greiða $^1/_5$ álnar á landsvísu af jarðarhundraði hverju og að eins $^1/_2$ alin á landsvísu af lausafjárhundraði hverju.

427.

Þingsályktun.

(Eins og hún var samþykkt við eina umræðu í neðri deild).

Alþingi ályktar að skora á landshöfðingjann, að hann leiti álita rektors hins lærða skóla ásamt áliti kennaranna svo og álita stiptsyfirvaldanna um þær breytingar á skipulagi Reykjavíkurskóla, er að því lúta:

I. að Reykjavíkurskóli verði gjörður að fullkomnum gagnfræðaskóla og lærðum skóla og að skólinn þá hætti að taka framar á móti heimasveinum.

II. 1. Ef hlutaðeigendur ráða til breytinga þessara á skipulagi skólans, að landshöfðingi útvegi nauðsynlega uppdrætti og áætlanir um nýja herbergja- og bekkjaskipun í skólahúsinu, og um nauðsynlega viðgjörð á því, svo og um kostnaðinn til þessa, og

2. að hann leggi síðan málið fyrir stjórnina svo tímanlega, uð hún geti haft það undirbúið til alþingis 1885.

428.

Frumvarp

til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða.

(Samþykkt við eina umræðu í efri deild).

1. gr. Heimilt skal íslenzkum mönnum heimilisföstum á Íslandi og innlendum

hlutafjelögum að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða hjer við land, ef fullnægt er skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr. Þá er útlent skip er tekið á leigu til fiskiveiða, skal gjöra um það skriflegan samning milli þess, er selur skip á leigu og hins, er tekur skipið á leigu, og sje þar skýrt kveðið á um upphæð skipsleigunnar og annars þess, er sá er skyldur að greiða, er skip tekur á leigu. Eigi má semja svo um, að skipseigandi, eða sá, er selur skipið á leigu, hafi hlutaveiði móti þeim, er skip tekur á leigu. Skipleigusamninginn skal skipstjóri hafa meðferðis á skipí sínu, meðan samningstíminn stendur yfir.

3. gr. Skipstjóri og hásetar hins útlenda skips skulu enn fremur rita undir skuldbindingu að fara í öllu við veiðar sínar eptir íslenzkum lögum, meðan þeir stunda þær hjer við land samkvæmt skipleigusamningnum, og án tillits til þjóðernis þeirra sæta ábyrgð fyrir afbrot í þeim efnum eptir íslenzkum lögum og dómi hjer á landi.

4. gr. Áður en byrjuð er veiði á útlendu skipi, skal sýna skipleigusamninginn lögreglustjóra og afhenda honum skuldbinding skipverja; rannsakar hann, hvort ákvæðum laga þessara er fullnægt í öllum greinum. Sje svo, skrifar hann leyfi sitt á samninginn til þess að skipið megi nota til veiðiskapar hjer við land um ákveðinn tíma frá þeim degi að telja, og má tími sá eigi vera lengri en 12 mánuðir. Lögreglustjóri skal senda landshöfðingja eptirrit af samningnum á kostnað þess, er skipið tekur á leigu.

5. gr. Nú álítur lögreglustjóri, að skipleigusamningur sje gjörður á annan hátt en hjer er fyrir mælt, og synjar hann um leyfi sitt. Mega þá semjendur bera samning sinn undir úrskurð landshöfðingja, er hefur heimild til að samþykkja hann, ef hann álítur að grundvallarreglum laga þessara sje fullnægt í samningum. Það er á valdi landshöfðingja að binda samþykki sitt þeim ákvörðunum um eptirlit, er honum þykir henta, og heimta fje lagt í geymslu fyrirfram til tryggingar fyrir því, að fullnægt sje ákvæðum þeim, er hann setur, þannig að það falli til landssjóðs án dóms og laga, ef út af er brugðið.

6. gr. Brot móti lögum þessum varða sektum allt að 2000 kr. er renna í landssjóð, og sæta þau meðferð sem opinber lögreglumál.

429.

Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um laun íslenzkra embættismanna dags. 15. okt 1875.

(Eins og það var samþykkt við eina umræðu í efri deild).

1. gr. Biskupi skal veita í árslaun 5500 kr.

2. gr. Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árslaun 5500 kr.

Öðrum dómendum í landsyfirrjettinum skal veita í árslaun hinum fyrra 4000 kr., hinum síðari 3500 kr.

3. gr. Forstöðumanni prestaskólans skal veita í árslaun 4000 kr.

4. gr. Forstöðumanni hins lærða skóla skal veita í árslaun 3600 kr. og leigulausan bústað í skólahúsinu.

5. gr. Embættismenn þeir, er fengið hafa veitingu fyrir embættum þessum áður en lög þessi öðlazt gildi, skulu einkis í missa við þau, meðan þeir sitja í sama embætti.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1884.

430.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingar á lögum um laun ísl. embættismanna o. s. frv.
(Frá meiri hluta nefndarinnar).

1. Við 2. gr. Í staðinn fyrir «5500 kr.» komi: «5000 kr.» og fyrir «4000 kr» komi: «3500 kr.»
2. Ný gr. bætist við, er verður 3. gr. svo látandi:
»Landfógetanum skal veita í árslaun 3500 kr.«
(Eptirfylgjandi greinatala breytist samkvæmt þessu).

431.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða.

1. Við 1. gr. Orðin »ef fullnægt» og til enda greinarinnar, falli burt.
2. 2., 3., 4., 5. og 6. gr. falli burt.

Th. Thorsteinson.

432.

Frumvarp

til laga um breyting á 7. gr. laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877 (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild; óbreytt eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild, sjá bls. 379 hjer að framan).

433.

Þingsályktun

um lán úr viðlagasjóði (eins og hún var samþykkt bæði í efri og neðri deild alþingis 25. ágúst 1883; óbreitt eins og hún er prentuð á bls. 415 hjer að framan).

434.

Frumvarp

til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins sem og um stofnun fjórðungsráða (eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild alþingis 21. ágúst 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá bls. 428 hjer að framan).

435.

Þingsályktun

viðvíkjandi landsreikningunum (samþykkt í efri deild alþingis 24. ágúst 1883; óbreytt eins og tillögur til þingsályktunar á bls. 400 hjer að framan).

436.

Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885. (Samþykkt við eina umræðu í neðri deild 24. ágúst 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá bls. 421 hjer

að framan. Það athugast einungis, að 19. gr. frumvarpsins hefur breytzt nokkuð þannig, að frv. til laga um stofnun landsbanka á Íslandi og frv. til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna eru fallin úr — með því þessi frumvörp voru felld, en nokkur ný frv. hafa bætzt við).

437.

Frumvarp

til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða (eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild; óbreytt eins og það var samþykkt við eina umr. í efri deild, sjá bls. 429 hjer að framan).

438.

Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881 (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis 27. ágúst 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá bls. 400 hjer að framan).

439.

Frumvarp

til laga um breyting á 7. gr. laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877 (eins og það var samþ. við 3. umr. í efri deild alþ. 27. ág. 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá bls. 438 hjer að framan).

440.

Frumvarp

til laga um sölu á Sauðafellskirkjujörðinni Hömrum í Laxárdal í Dalaprófastsdæmi (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis 25. ág. 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá bls. 397 hjer að framan).

441.

Þingsályktun

samþykkt við eina umræðu í neðri deild alþingis 25. ágúst 1883; óbreytt eins og hún er prentuð á bls. 417 hjer að framan.

442.

Frumvarp

til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje (eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild alþingis 27. ágúst 1883; óbreytt eins og það var samþykkt við eina umræðu í efri deild, sjá bls. 436 hjer að framan).

443.

Þingsályktun

um fyrirkomulag á gufuskipsferðum umhverfis strendur landsins (eins og hún var samþ við eina umræðu í neðri deild alþingis 27. ágúst 1883; óbreytt eins og hún var samþykkt við síðari umræðu í efri deild, sjá bls. 435 hjer að framan).

444.

Frumvarp

til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða (eins og það var samþykkt í sameinuðu þingi 27. ágúst 1883).

Heimilt skal íslenzkum mönnum heimilisföstum á Íslandi og innlendum hlutafjelögum að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða hjer við land.

445.

Ávarp

til konungs samþykkt í efri deild alþingis 24. ág. 1883 (samhljóða ávarpi neðri deildar, sjá bls. 397 hjer að framan).

446.

Frumvarp

til laga um breyting á 1. gr. 2. lið í tilskip. handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní 1869 (samþykkt í efri deild alþingis 31. júlí 1883; óbreytt eins og það er prentað á bls. 38 að framan).

Ferða-áætlun

gufuskipanna millum Kaupmannahafnar, Skotlands, Færeyja og Íslands 1884—1885.

Frá Kaupmannahöfn til Íslands.

Ferðir skipanna.	frá Kpmh.	Skipið fer í fyrsta lagi																													Kemur til Rvíkur
		Leith	Trangisvog	Þórshöfn	Hornafjarðarós	Vestm.-eyjum	Þorlákshöfn	Djúpavog	Eskifirði	Seyðisfirði	Vopnafirði	Húsavík	Akureyri	Siglufirði	Sauðárkrók	Skagaströnd	Borðeyri	Reykjafirði	Ísafirði	Flateyri	Þingeyri	Arnarfirði	Vatneyri	Flatey	Stykkishólmi						
1. ferð	14. jan.	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	22. jan.
2. —	2. marz	6. marz	» «	8. marz	» «	9. marz	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	14. marz
3. —	15. apr.	19. apr.	21. apr.	22. apr.	» «	23. apr.	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	28. apr.
4. —	5. maí	9. maí	11. maí	12. maí	» «	» «	» «	» «	13. maí	**14. maí**	15. maí	» «	17. maí	» «	17. maí	17. maí	» «	18. maí	19. maí	19. maí	20. maí	» «	» «	» «	21. maí	25. maí
5. —	27. maí	31. maí	2. júní	3. júní[1])	» «	4. júní	» «	»	11. júní	**12. júní**	» «	14. júní	16. júní	16. júní	17. júní	17. júní	18. júní	» «	19. júní	» «	19. júní	20. júní	20. júní	21. jún.	22. júní	25. júní
6. —	16. júní	20. júní	» »	22. júní	» «	» «	23. júní	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	27. júní
7. —	1. júlí	5. júlí	7. júlí	8. júlí	» «	» «	» «	10. júlí	10. júlí	**11. júlí**	12. júlí	» «	15. júlí	15. júlí	16. júlí	16. júlí	» «	17. júlí	18. júlí	19. júlí	19. júlí	» «	20. júlí	» «	21. júlí	25. júlí
8. —	20. júlí	24. júlí	» «	26. júlí	27. júlí	28. júlí	28. júlí	» »	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	30. júlí
9. —	31. júlí	4. ág.	» «	7. ág.	» »	» «	» «	» »	9. ág.	**10. ág.**	10. ág.	11. ág.	12. ág.	12. ág.	12. ág.	13. ág.	13. ág.	» «	15. ág.	15. ág.	16. ág.	16. ág.	» «	» «	18. ág.	20. ág.
10. —	26. ág.	1. sept.	» «	3. sept.	» «	7. sept.	» «	5. sept.	» «	**6. sept.**	» «	7. sept.	9. sept.	» «	10. sept.	10. sept.	11. sept.	» «	12. sept.	12. sept.	13. sept.	» «	13. sept.	» «	14. sept.	16. sept.
11. —	22. sept.	26. sept.	» «	30. sept.	» «	» «	» «	» »	» «	**3. okt.**	» «	5. okt.	6. okt.	« «	» «	» «	» «	» «	9. okt.	» «	9. okt.	» «	» «	» «	11. okt.	13. okt.
12. —	9. nóv.	13. nóv.	» «	16. nóv.	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	22. nóv.

Frá Íslandi til Kaupmannahafnar.

Ferðir skipanna.	frá Reykjavík.	Skipið fer í fyrsta lagi																													Kemur til Kpmh.
		Stykkishólmi	Flatey	Patreksfirði	Arnarfirði	Þingeyri	Flateyri	Ísafirði	Reykjafirði	Borðeyri	Skagaströnd	Sauðárkrók	Siglufirði	Akureyri	Húsavík	Vopnafirði	Seyðisfirði	Eskifirði	Djúpavog	Þorl.-höfn	Vestm.-eyjum	Hornafjarðarós	Þórshöfn	Trangisvog	Leith						
1. ferð	30. jan.	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	15. febr.
2. —	24. marz	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	25. marz	» «	27. marz	« «	30. marz	6. apríl
3. —	6. maí	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	« «	« «	« «	» «	» «	7. maí	» «	9. maí	10. maí	12. maí	17. maí
4. —	1. júní	1. júní	1. júní	2. júní	2. júní	3. júní	4. júní	6. júní	7. júní	» «	7. júní	8. júní	8. júní	10. júní	» «	» «	**12. júní**	» «	12. júní	» «	» «	» «	14. júní	15. júní	18. júní	24. júní
5. —	1. júlí	2. júlí	2. júlí	» «	» «	3. júlí	3. júlí	4. júlí	» «	5. júlí	5. júlí	6. júlí	7. júlí	9. júlí	9. júlí	10. júlí	**12. júlí**	12. júlí	13. júlí	» «	» «	» «	15. júlí	» «	19. júlí	24. júlí
6. —	1. júlí	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	1. júlí	2. júlí	3. júlí	5. júlí	» «	9. júlí	13. júlí
7. —	1. ág.	1. ág.	1. ág.	2. ág.	» »	2. ág.	2. ág.	3. ág.	» «	4. ág.	4. ág.	5. ág.	6. ág.	8. ág.	8. ág.	9. ág.	**11. ág.**	11. ág.	12. ág.	» «	» «	» «	14. ág.	14. ág.	17. ág.	22. ág.
8. —	7. ág.	» »	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» »	» »	» «	7. ág.	8. ág.	» «	10. ág.	» «	13. ág.	19. ág.
9. —	29. ág.	29. ág.	» «	» «	30. ág.	30. ág.	» «	1. sept.	1. sept.	2. sept.	3. sept.	3. sept.	4. sept.	5. sept.	» «	» «	**7 sept.**	7. sept.	» «	» «	» «	» «	10. sept.	» «	14. sept.	20. sept.
10. —	24. sept.	24. sept.	» «	» «	» «	25. sept.	26. sept.	27. sept.	» «	» «	» «	28. sept.	28. sept.	30. sept.	30. sept.	» «	**3. okt.**	3. okt.	» «	» «	» «	» «	5. okt.	6. okt.	9. okt.	14. okt.
11. —	19. okt.	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	" "	» «	» «	» «	» «	» «	20. okt.	» «	23. okt.	» «	27. okt.	1. nóv.
12. —	30. nóv.	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	» «	4. des.	» «	7. des.	12. des.

[1]) Þaðan beina leið til Reykjavíkur, kemur þar 5. júní og fer þaðan aptur 9. sunnan um land til Eskifjarðar, svo áfram þaðan norður um land.

Athgr. Skipin koma við á **Hornafjarðarósi** og **Vestmannaeyjum** í fleiri ferðum sem þau fara sunnan um landið, ef veður leyfir. Ákveðið sje, að skipin komi á **Stykkishólm**, **Skagaströnd** og **Djúpavog**, en það eigi látið ráða, hvort «veður eða vindur leyfir» fremur en við aðrar hafnir, sem hjer eru nefndar.